

**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 3/2014**

**Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur**



**11. október 2016**



---

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMÆÐFERÐ</b> .....	<b>5</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	5
2.2	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.....	6
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	6
2.4	Mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur.....	7
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>9</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	9
3.2	Kröfur Borgarbyggðar vegna afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu auk Lambatungna og Helgavatnssellands.....	10
3.3	Kröfur Vilhjálms Diðrikssonar og Hans P. Diðrikssonar vegna Helgavatnssellands.....	11
3.4	Kröfur Ólafs Guðmundssonar vegna Sámsstaðasellands.....	12
3.5	Kröfur Eyjólfssonar vegna Síðumúlasellands.....	12
3.6	Kröfur Egils J. Kristinssonar o.fl. vegna hluta Örnólfsdals.....	13
3.7	Kröfur Sleggjulækjar ehf. vegna Sleggjulækjarsellands.....	13
3.8	Kröfur Ólafs Magnússonar um réttindi innan ágreiningssvæðis vegna Tvídægru ásamt Hellistungum og Lambatungum.....	14
3.9	Kröfur Ólafs Magnússonar vegna Húksafréttar.....	15
<b>4</b>	<b>Gögn og gagnaöflun</b> .....	<b>15</b>
4.1	Inngangur.....	15
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	15
4.3	Vettvangsferð.....	16
4.4	Skýrslutökur.....	17
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>17</b>
5.1	Landnám.....	17
5.2	Afréttir og afréttarnot.....	18
5.3	Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum.....	40
5.3.1	Aðliggjandi og tengd svæði.....	137
5.3.1.1	Gilsbakki.....	137
5.3.1.2	Sámsstaðir.....	145
5.3.1.3	Sámsstaðaselland.....	146
5.3.1.4	Kvíar.....	146
5.3.1.5	Helgavatnsselland.....	147
5.3.1.6	Krókur.....	147
5.3.1.7	Sveinatunga.....	148
5.3.1.8	Hlíðarland.....	148
5.3.1.9	Fornihvammur.....	148
5.3.1.10	Melar.....	149
5.3.1.11	Óspaksstaðir.....	150
5.3.1.12	Húksheiði.....	150
5.3.1.13	Efranúpsheiði.....	150
5.3.1.14	Arnarvatnsheiði.....	150
5.3.1.15	Þorvaldsstaðaland.....	152
5.3.1.16	Stafholtskirkja.....	152
5.3.1.17	Reykholtskirkja.....	154
5.4	Helgavatnsselland.....	156

5.4.1	Aðliggjandi og tengd svæði .....	166
5.4.1.1	Helgavatn.....	166
5.4.1.2	Krókur.....	167
5.4.1.3	Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum .....	168
5.4.1.4	Kvíar .....	168
5.4.1.5	Hermundarstaðir .....	169
5.5	Sámsstaðaselland.....	170
5.5.1	Aðliggjandi og tengd svæði .....	187
5.5.1.1	Sámsstaðir.....	187
5.5.1.2	Austurhluti Tvídægru .....	188
5.5.1.3	Kvíar .....	188
5.5.1.4	Reykholtselland.....	189
5.6	Reykholtselland .....	189
5.6.1	Aðliggjandi og tengd svæði .....	220
5.6.1.1	Reykholt.....	220
5.6.1.2	Sámsstaðaselland .....	222
5.6.1.3	Kvíar .....	223
5.6.1.4	Síðumúlaselland.....	224
5.7	Síðumúlaselland .....	224
5.7.1	Aðliggjandi og tengd svæði .....	244
5.7.1.1	Síðumúli.....	244
5.7.1.2	Sámsstaðir.....	246
5.7.1.3	Háafell .....	248
5.7.1.4	Þorgautsstaðaland .....	248
5.7.1.5	Sleggjulækjarselland.....	249
5.7.1.6	Örnólfsdalur.....	249
5.7.1.7	Reykholtselland.....	249
5.7.1.8	Kvíar .....	249
5.7.1.9	Fróðastaðir .....	250
5.8	Sleggjulækjarselland .....	251
5.8.1	Aðliggjandi og tengd svæði .....	257
5.8.1.1	Sleggjulækur .....	257
5.8.1.2	Selhagi .....	259
5.8.1.3	Ásbjarnarstaðir.....	260
5.8.1.4	Örnólfsdalur.....	261
5.8.1.5	Þorgautsstaðaland .....	261
5.8.1.6	Síðumúlaselland.....	262
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>263</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði .....	263
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	263
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	263
6.2	Landnám.....	264
6.3	Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum .....	264
6.3.1	Inngangur .....	264
6.3.2	Sjónarmið aðila .....	265
6.3.3	Niðurstaða.....	270
6.3.3.1	Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum.....	282
6.3.3.2	Austurhluti Tvídægru .....	297
6.3.3.3	Lambatungur.....	313
6.4	Helgavatnsselland.....	318

---

6.4.1	Inngangur .....	318
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	319
6.4.3	Niðurstaða .....	322
6.5	Sámsstaðaselland .....	335
6.5.1	Inngangur .....	335
6.5.2	Sjónarmið aðila .....	336
6.5.3	Niðurstaða .....	339
6.6	Reykholtsselland .....	355
6.6.1	Inngangur .....	355
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	355
6.6.3	Niðurstaða .....	358
6.7	Síðumúlaselland og Síðumúlaskógur ásamt hluta Örnólfsdals .....	377
6.7.1	Inngangur .....	377
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	377
6.7.3	Niðurstaða .....	380
6.8	Sleggjulækjarselland .....	402
6.8.1	Inngangur .....	402
6.8.2	Sjónarmið aðila .....	403
6.8.3	Niðurstaða .....	405
6.9	Um veiðirétt eiganda Gilsbakka á Húksheiði – mál 3/2013.....	412
6.9.1	Inngangur .....	412
6.9.2	Sjónarmið aðila .....	413
6.9.3	Niðurstaða .....	414
6.10	Um málskostnað .....	416
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>417</b>

## **VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8 norður.

## **FYLGISKJÖL**

I. Kort

II. Aðilaskrá

III. Skjalaskrá



---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 11. október 2016 er tekið fyrir mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar og nefndarmennirnir Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru<sup>1</sup>:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu auk Lambatungna.

Vilhálmur Diðriksson og Hans Pétur Diðriksson vegna Helgavatnssellands.

Ólafur Guðmundsson vegna Sámsstaðasellands.

Eyjólfur Andrésen vegna Síðumúlasellands.

Sleggjulækur ehf. vegna Sleggjulækjarsellands.

Egill J. Kristinsson og db. Kristins Jónmundssonar vegna Örnólfsdals.

Ólafur Magnússon vegna Gilsbakka.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Löggin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendlaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

---

## **2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.**

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8 vestur). Ákveðið var að fyrrum Kolbeinsstaðahreppur skyldi tilheyra svæði 9. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar álits sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 10. október 2008. Norðurhluti hins upprunalega svæðis nefnist Norðvesturland (svæði 8 norður), og voru úrskurðir kveðnir upp á því svæði 19. desember 2014.

Landsvæðið Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli afmarkast svo:

Að norðvestan- og norðanverðu afmarkast svæðið af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi þar til komið er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingafrestur fjármála- og efnahagsráðherra var fyrst framlengdur til 31. júlí 2013, síðar til 15. október sama ár og svo til 1. desember 2013. Að lokum var veittur frestur til 10. desember 2013, og með því orðið við rökstuddum beiðnum íslenska ríkisins um fresti, að teknu tilliti til stöðu gagnaöflunar vegna svæðisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

## **2.3 Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bárust óbyggðanefnd þann 10. desember



---

2013. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 20. mars 2014. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 16. apríl 2014.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og á heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, frá 5. maí til og með 5. júní 2014, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. júní 2014. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 23 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur.**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár; mál nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdalshrepps; mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlið og Norðurárdalur; mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull og mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.

Mál nr. 3/2014 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 5. maí 2014. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 8 vestur og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsingar fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi

---

Þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. Þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendulaga. Farið var yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við aðra fyrirtöku málsins, 5. júní 2014, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 8. júlí 2014, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu málsmeðferðar vegna kynningar heildarkrafna. Gagnaðilum var veittur umbeðinn viðbótarfrestur til að skila greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 14. ágúst 2014, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar og farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að vettvangsferð fór fram 25. ágúst 2014 en um hana vísast nánar til kafla 4.3.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 29. september 2014, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti og gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Farið var yfir sjónarmið lögmanna til gagnöflunar, sáttarfunda og aðalmeðferðar.

Við sjöttu fyrirtöku málsins, 6. október 2014, var reynt að láta reyna á sættir aðila að frumkvæði óbyggðanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Óskað var eftir afstöðu lögmanna aðila til þess hvort grundvöllur væri til að setta málin að einhverju eða öllu leyti. Var lögmönnum boðið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ekki reyndist grundvöllur til sátta að svo stöddu. Farið var yfir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 5. desember 2014, var farið yfir stöðu sáttaumleitana í málinu. Einnig varið yfir fyrirkomulag þess hluta aðalmeðferðar er sneri að skýrslutökum og málflutningi og frekari gögn lögð fram.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að skýrslutökum og málflutningi fór fram 8. desember 2014. Fundað var á Hótel Hamri í Borgarnesi. Vísast nánar um það til kafla 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Málið var endurupptekið 29. ágúst 2016 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi málsins. Afmörkun svæðis 8B var breytt til samræmis við kröfulínu gagnaðila ríkisins um

---

Reipgiljaborg, þ.e. punkt nr. 4 á kröfulínu gagnaðila ríkisins. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins var færð til samræmis þessa. Málið var tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var endurupptekið að nýju 5. október 2016 og lögð voru fram ný gögn. Ákveðið var að lögmenn fengju færi á að kynna sér ný gögn sem komið hefðu fram í málinu áður en afstaða yrði tekin til þess hvort málin yrðu endurflutt.

Loks var málið tekið fyrir föstudaginn, 7. október 2016. Þar kom fram að lögmenn teldu ekki þörf á endurflutningi. Var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

### **3 KRÖFUGERÐ**

#### **3.1 Kröfur íslenska ríkisins**

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í einu lagi án aðgreiningar, til svæðis sem skiptist niður í smærri ágreiningssvæði á grundvelli kröfugerða gagnaðila íslenska ríkisins eins og nánar er lýst hér á eftir. Nánar tiltekið er kröfulínum íslenska ríkisins lýst á eftirfarandi hátt:

Úr upphafspunkti í suðurenda Holtavörðuvatns (1) er Norðurá fylgt þar til Hellisá rennur í hana (2). Hellisá er fylgt að Hellisgili (3), úr Hellisgili í austurenda nyrðri Sýrdalsborga (4), úr Sýrdalsborgum í nyrðri tjörnina á háhálsinum (5), og í þá syðri og úr henni eftir læk sem rennur suður í Litlu Þverá (6). Þá er Litlu Þverá fylgt að Hrólfsvatnaskvísl (7), Hrólfsvatnaskvísl fylgt í Hólsvatn (8) og úr vatninu í Lambadal (9), eftir Lambadal sjónhending í hásandinn fyrir sunnan Olnboga (10) og eftir honum að klapparnefi sem liggur út í ána næst fyrir neðan Snasa, klettanefni einu við ána (11), og úr því í Kjarará (12). Kjarará er svo fylgt þar til komið er til mótis við gil á mörkum Selhagalands og Sleggjulækjarsellands (13), farið yfir ána og eftir gilinu í Byrgisklett (14), úr Byrgiskletti í Flatavörðu sem er torfvarða á flatanum norðaustur af Þorgautsstaðahömrum (15), úr Flatavörðu í Víðihálsavörðu (16), og þaðan beina línu norðanvert við Háafellsvatn eystra í Hryggjastein merktur L.M. (17). Frá Hryggjasteini bein lína í upptök Þverlækjar við Sauðamel (18) og þaðan ræður Þverlækur til Kjararár (19). Kjarará er svo fylgt norður þar til Lambá rennur í hana (20) og henni fylgt þar til Skammá fellur í hana (21). Frá ármótum Skammár og Lambár, er Lambá fylgt norður að Grunnvötnum (22), þaðan í háaustur að Úlfsvatnsárlóni (23) þar sem mætast merki Arnarvatnsheiðar, útskipts lands Þorvaldsstaða og upprekstrarlands Gilsbakka, þaðan norður í vesturenda Úlfsvatns (24) og þaðan að norður í austurenda Urðhæðarvatns (25) sem er hornmark upprekstrarlands Gilsbakka og Arnarvatnsheiðar, þaðan er sýslumörkum sem jafnframt afmarka kröfusvæðið fylgt alla leið vestur að upphafspunkti (1) í suðurenda Holtavörðuvatns.

---

### 3.2 Kröfur Borgarbyggðar vegna afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhlíðar og Hvítársíðu auk Lambatungna og Helgavatnssellands

Þess er krafist aðallega að að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur á afrétti Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhlíðar og Hvítársíðu auk Lambártungna og að land inn eftirtalinna marka verði úrskurðað eignarland þess:

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana (1) og alla leið upp í Holtavörðuvatn (2). Að austanverðu ræður sjónhending úr syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein (3); úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg (4); úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrútafjarðará (5), þar sem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavatn (6); frá Krókavatni sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla (7); þaðan ræður sjónhending í vesturenda Urðhæðavatns (8), þá eftir miðju vatninu austur í austurenda þess (9), þaðan í vesturenda Úlfsvatns (10), þá um Úlfsvatnsá (11) í Grunnvötn (12), úr Grunnvötnum í Lambá (13) og síðan eftir Lambá allt þar til hún rennur í Kjarará (14) Svo ræður Kjarará allt niður að Skjaldmeyjargili (15) við mörk Síðumúlaskógar. Að vestanverðu ræður Skjaldmeyjargil upp að afréttargirðingu á hálsinum við mörk Kvíalands (16). Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa (17) er náð og svo eftir vatnaskilum (18) eftir háсандinum í vestanverðan Vatnshnúk (19), þaðan í Lambadalslæk (20) og eftir honum í syðsta hluta Hólsvatns (Hrólfsvatns) (21). Þá ræður Hrólfsvatnaskvísl niður að Litlu Þverá (22); þá ræður Litla Þverá niður að Háumelum (23), þaðan bein lína í merkjastein austan Fanngils (24), þaðan í austurbrún Fanngils (25) þaðan bein lína í Spenatjarnir (26), þaðan í Urðarstapa (27) og úr honum beint í Sýrdalsborg (28), þaðan ræður sjónhending í Hellisgil (29); þá ræður Hellisgil niður í Hellisá (30) og síðan Hellisá niður í Norðurá (1).

Þá er krafist viðurkenningar á rétti til beitarafnota fyrir búfé á Helgavatnssellandi eins og landið er afmarkað af eiganda Helgavatns fyrir óbyggðanefnd.

Til vara er þess krafist að eignarréttur Upprekstrarfélags Þverárréttar nái til lands innan eftirtalinna marka:

1. Frá Kjarará við Skjaldmeyjargil (15) við mörk Síðumúlaskógar og upp Skjaldmeyjargil að afréttargirðingu á hálsinum við mörk Kvíalands (16). Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa (17) er náð og svo eftir vatnaskilum (18) eftir háсандinum í vestanverðan Vatnshnúk (19), þaðan í Lambadalslæk (20) og eftir honum í syðsta hluta Hólsvatns (Hrólfsvatns) (21). Úr Lambadalslæk við Hrólfsvatn (31) í norður (norðaustur) yfir smátjarnir (32, 33, 34) að Skútakvísl (Skútagilskvísl) við sveitarfélagamörk (35). Þá ræður Skútagil allt austur undir Krókavatn (6); frá Krókavatni ræður sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla (7); þaðan ræður sjónhending í vesturenda Urðhæðavatns (8), þá eftir miðju vatninu austur í austurenda þess (9), þaðan í vesturenda Úlfsvatns (10), þá um Úlfsvatnsá (11) í Grunnvötn (12), úr

---

Grunnuvötnum í Lambá (13) og síðan eftir Lambá allt þar til hún rennur í Kjarará (14) Svo ræður Kjarará allt niður að Skjaldmeyjargili (15) við mörk Síðumúlaskógar.

2. Frá Hellisá þar sem hún fellur í Norðurá (1) og eftir Norðurá að Lambagili (2), þaðan upp Vatnahalla (3) í Gíslalæk (4), eftir honum í Hellisá (5) og eftir henni í Norðurá (1).

Þá er krafist fullrar viðurkenningar á óbeinum eignarréttindum upprekstrarfélagsins á því landi innan kröfusvæðis sem tilgreint er í aðalkröfu, verði það ekki úrskurðað eignarland. Til réttindanna teljast hvers konar réttindi til upprekstrar og beitar, veiði og hvers konar nytja sem að fornu hafa verið, að frátöldum réttindum einstakra jarða. Sama krafa er gerð vegna Helgavatnssellands.

Til þrautavara er krafist fullrar viðurkenningar á óbeinum eignarréttindum upprekstrarfélagsins á því landi innan kröfusvæðis sem tilgreint er í aðalkröfu, auk Helgavatnssellands og lands frá Skjaldmeyjargili að eignarlandi Örnólfsdals, eins og því hefur verið lýst af hálfu eiganda Örnólfsdals. Til réttindanna teljast hvers konar réttindi til upprekstrar og beitar, veiði og hvers konar nytjar sem að fornu hafa verið, að frátöldum réttindum einstakra jarða.

Allar kröfur eru gerðar að geymdum betri rétti eigenda Gilsbakka, Sámsstaða, og Síðumúla til vatna og veiði á ofanefndu kröfusvæði eins og kröfulýsingar þeirra hljóða um.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### **3.3 Kröfur Vilhjalms Diðrikssonar og Hans P. Diðrikssonar vegna Helgavatnssellands**

Þess er krafist aðallega að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur í Helgavatnsseli og að viðurkennt verði að allt land innan eftirtalinna merkja sé eignarland en ekki þjóðlenda:

Að vestanverðu frá Litlu-Þverá (1) ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að þeim punkti (2) sem er í beinni línu á milli vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni yfir í Sýrdalsborg (3), og þaðan í Urðarstapa (4), úr Urðarstapa í Spenatjarnir (5) þaðan eftir austurbrún Fanngils (6) ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum (7), úr þeim steini sjónhending í hásuður á Háu mela við Þverá (8), svo ræður Litla-Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk (1).

Til vara er þess krafist að ef hluti landsins verði úrskurðaður þjóðlenda að eigendur Helgavatns haldi innan þess öllum óbeinum eignarréttindum sínum svo sem veiði og afnotarétti.

---

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### 3.4 Kröfur Ólafs Guðmundssonar vegna Sámsstaðasellands

Þess er krafist aðallega að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um að Sámsstaðaselland skuli vera þjóðlenda og að viðurkennt verði að allt land innan eftirtalinna merkja sé eignarland Sámsstaða en ekki þjóðlenda:

Frá Kjarará (1) um Merkigil (vestasta Rangagil) upp að drögum (2) þaðan á háfjall (3); þá liggur merkjalínan austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk (4), þaðan suður í Vatnshnúkavatn (5) en úr því ræður Fiskilækur (6), suður í Kjarará (7).

Krafa þessi um viðurkenningu eignarréttar innan ofangreindra marka skal víkja fyrir eignarréttarkröfu Upprekstrarfélags Þverárréttar ef hún fæst viðurkennd.

Þá er gerð krafa um að viðurkenndur verði eignarréttur Sámsstaða á landi út í miðja Kjarará sunnan megin frá fyrir heimalandi Sámsstaða.

Til vara er þess krafist að innan þessa landsvæðis eigi Sámsstaðir veiði í Kjarará, fyrir norðurbakkanum frá Merkigili og upp að Fiskilæk og fyrir suðurbakka árinna frá Þverlæk að Silungalæk. Jafnframt er krafist viðurkenningar á óbeinum eignarréttindum svo sem afnotarétti.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### 3.5 Kröfur Eyjólfis Andréssonar vegna Síðumúlasellands

Þess er krafist aðallega að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um að Síðumúlaselland skuli vera þjóðlenda og að viðurkennt verði að allt land innan eftirtalinna merkja sé eignarland er fylgi Síðumúla en ekki þjóðlenda:

Frá Kjarará (1) eftir skarði upp að stórum steini með gati í röndina (2) Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu (3), er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett (4) og þaðan bein lína í Hryggjastein (7) sem er merktur L.M, þaðan bein lína í upptök Þverlækjar (6) við Sauðamel, þaðan ræður Þverlækur til Kjarará (7) og svo miðlína Kjarará að Skjaldmeyjargili (8) þaðan eftir Skjaldmeyjargili upp að drögum (9), þaðan í afréttargirðingu uppi á hálsinum (10), þá niður með afréttargirðingunni á punkt (11) á móts við Myrkhyl, þá í Myrkhyl í Kjarará (12) og svo eftir Kjarará að upphafspunkti (1).

Þá er krafist viðurkenningar á eignarrétti á veiði í Kjarará norðan megin frá Skjaldmeyjargili til neðsta Rangárgils, eða svokallaðrar Reykholtskirkjuveiði.

---

Til vara er þess krafist að ef hluti landsins verði úrskurðaður þjóðlenda að eigandi Síðumúla haldi innan þess öllum óbeinum eignarréttindum sínum svo sem veiði og afnotarétti.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### **3.6 Kröfur Egils J. Kristinssonar o.fl. vegna hluta Örnólfsdals**

Þess er krafist aðallega að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um að hluti Örnólfsdals skuli vera þjóðlenda og að viðurkennt verði að allt land innan eftirtalinna merkja sé eignarland en ekki þjóðlenda:

Örnólfsdalsá ræður merkjum frá neðsta klapparnefi (1) því er liggur út í ána undan endanum á Örnólfsdalsmúla upp að Örnólfsdalsá við Myrkhyl (2) þaðan í afréttargirðingu Þverhlíðinga (3) á móts við Myrkyl, þaðan eftir girðingunni upp að mörkum Kvía á hálsinum (4), þaðan í Þríhyrning (5) og úr honum í Griðungaskörð (6) og þaðan bein lína í norðurenda hamratjarnar (7) og þaðan í suðurenda Hamratjarnar (8), þá bein lína í hyrnuna vestanvert við Hamraskarð (9) og þaðan vestur eftir klettaeggjum þeim, er næst liggja Hömrum, vestur fyrir Æsustíg (10). Þá ráða merkjum klettaeggjarnar (11) og norðurbrún Múlans, allt vestur á Múlaenda (12), og þaðan bein lína á hið fyrstnefnda klapparnef við Örnólfsdalsá (1).

Til vara er þess krafist, ef hluti landsins verður úrskurðaður þjóðlenda, að eigendur Örnólfsdals haldi innan þess öllum óbeinum eignarréttindum sínum svo sem veiði og afnotarétti.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### **3.7 Kröfur Sleggjulækjar ehf. vegna Sleggjulækjarsellands**

Þess er krafist aðallega að hafnað verði öllum kröfum íslenska ríkisins um að Sleggjulækjarsel skuli vera þjóðlenda og að viðurkennt verði að allt land innan eftirtalinna merkja sé eignarland er fylgi Sleggjulæk en ekki þjóðlenda:

Frá Örnólfsdalsá (1) stystu leið í stóran stein með gati í röndina (2), frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu) (3). Þaðan suður í Byrgisklett (4), þá í Flatavörðu (5), þaðan í Sleggjulækjarselsgil (6) og svo niður í miðjan farveg Örnólfsdalsár (7), þá ræður áin merkjum austur á móts við fyrnefndan stein (Gatstein).

Til vara er þess krafist, ef hluti landsins verður úrskurðaður þjóðlenda, að eigendur Sleggjulækjar haldi innan þess öllum óbeinum eignarréttindum sínum svo sem veiði og afnotarétti.

---

Pá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### **3.8 Kröfur Ólafs Magnússonar um réttindi innan ágreiningssvæðis vegna Tvídægru ásamt Hellistungum og Lambatungum**

Af hálfu eiganda Gilsbakka er lýst í einu lagi kröfum um réttindi innan ágreiningssvæða sem fjallað er um í máli þessu og máli nr. 4/2014. Kröfugerðin snertir nánar tiltekið ágreiningssvæði vegna Tvídægru ásamt Hellistungum og Lambatungum, auk tiltekinna ágreiningssvæða sem fjallað er um í máli nr. 4/2014. Þess er nánar tiltekið krafist að eftirtalin réttindi á ágreiningssvæðunum verði viðurkennd:

1. Öll veiði í ám, lækjum og vötnum á svæðinu vestan Lambár, Grunnuvatna, Úlfsvatnsár, Úlfsvatns og Urðhæðarvatns, þ.m.t. öll veiði í vötnum þeim er Kjarará rennur úr, og einnig öll veiði í Lambá, Króksvatnsá, og öðrum lækjum er milli þeirra vatna renna. Undir þessa skilgreiningu falla Króksvatn, Þverárvötn, Breiðavatnslón, Breiðavatn, Skjaldartjörn, Langavatn, Flóavatn, Kvíslavatn nyrðra, og Reyðartjörn (Urðhæðavatn). Einnig Hlandbrekkulækur, Þverárvatnakvísl, Breiðvatnaskvísl, Flóavatnaskvísl, Kvíslvatnaskvísl og Urðhæðavatnslækur; auk smærri tjarna og lækja, sem eru á þessu vatnasvæði og fiskur kann að vera í eða ganga í. Öll fiskveiði í öllum vötnum fyrir sunnan á þá er fellur úr Vesturflóa ofan í Brattagil, frá Brattagili með Hrutafjarðardal til Norðurárdals, með Norðurárdal fyrir sunnan til Dögurðaráreyjar og í Gíslavatni neðst fyrir sunnan Norðurárdal; Undir þessa skilgreiningu falla m.a. auk Gíslavatns og vatna sem áður eru nefnd á vatnasvæði Kjarará; Lónavatn, Krókavatn og aðrar tjarnir á þeim slóðum, vötnin austan vegar en sunnan háheiðar á Holtavörðuheiði, einnig Lambadalstjörn og Hrólfsvatn, auk smærri tjarna þar í Lambadal og víðar, Nautavatn í Vatnaflóa, allar tjarnir í Hellisdal, einnig í Holtavörðuvatni og Reipavatni á Hrutafjarðarheiði. Öll veiði, hlunnindi og önnur réttindi, þ. á m. botnsréttindi, í vötnum og ám í Lambatungum, þ.m.t. í Grunnuvötnum, Skálalæk og Syðra- Kvíslavatni.
2. Öll veiði í Kjarará yfir þvera á, jafnt við bæði lönd, neðan frá Silungalæk til upptaka að meðtöldum Langavatns- og Skjaldartjarnarkvíslum, og samveiði á móti Sámsstöðum frá Fiskilæk til Silungalækjar.
3. Hálf veiði í Úlfsvatni, Úlfsvatnsá, Austurlæk og Flóðlæk (Gilsbakkaá) og hálf veiði í Skammá.
4. Réttur til beitar búfjár og til slægna á fornu landi Gilsbakka norðan Kjarará.



---

Pá er gerð er krafa um viðurkenningu á eignarrétti Gilsbakka út í miðjan farveg Kjararár frá Silungalæk til Lambár og í Lambá frá Kjarará að Skammá og í Skammá að Hólmavatni.

Framangreindar kröfur um veiðiréttindi í Grunnvörnum, Úlfsvatni, Úlfsvatnsá, Austurlæk, Flóðlæk og Skammá varða, ýmist að hluta eða í heild, ágreiningssvæði sem eru til umfjöllunar í máli nr. 4/2014.

Pá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðar verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

### **3.9 Kröfur Ólafs Magnússonar vegna Húksafréttar**

Af hálfu eiganda jarðarinnar Gilsbakka í Hvítársíðu í Borgarbyggð er gerð sú krafa að viðurkennd verði eftirtalin réttindi hans syðst á því svæði sem nefnt er Húksafréttur: Silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja- og fjaðratekja í og við Krókavatn og Flóavatn ásamt tjörn norður af því.

Ennfremur krefst eigandi Gilsbakka að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðarins verði haft mið af gjaldskrá lögmanns landeiganda.

## **4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN**

### **4.1 Inngangur**

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–14 ásamt undirskjöllum eða samtals 469 skjöl, auk 20 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### **4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar**

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitafni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“.

---

Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 25. ágúst og 26. ágúst 2014 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Mánudaginn 25. ágúst var ekið frá Baulu inn að Örnólfsdal og farið var suður yfir Örnólfsdalsá í góðu skyggni og litið til Selgils sem liggur á milli Selhaga og Sleggjulækjar. Farið var að bergganginum Snasa og litið var yfir ágreiningssvæðið vegna Örnólfsdals og landsvæðið sem liggur á milli Skjaldmeyjargils og merkjagirðingar Örnólfsdals. Skoðuð var lega merkja og litið yfir ágreiningssvæði vegna Örnólfsdals, Sleggjulækjar, Síðumúla og Norðtunguselslands. Haldið var áfram til austurs upp með Kjarará. Á leiðinni voru skoðaðar tóftir Síðumúlasels og ágreiningssvæði vegna Síðumúla, lega Þverlækjar sem er austurmörk Síðumúla, lega Rangagils sem er merki milli ágreiningssvæða vegna Norðtunguselslands og Sámstaða og lega Fiskilækjar sem markar ágreiningssvæði vegna Sámstaða að austan. Farið var inn að Gilsbakkaseli og farið yfir þau kennileiti sem sáust þaðan á ágreiningssvæðinu. Ekin var sama leið til baka í Örnólfsdal.

Þriðjudaginn 26. ágúst var ekið frá Bifröst inn Hvítársíðu að Kalmanstungu og upp á Strút, í góðu skyggni, þar sem sá yfir á ágreiningssvæðið vegna Tvídægru. Farið var norður yfir Arnarvatnsheiði norður í Miðfjörð og suður yfir Holtavörðuheiði. Skammt sunnan Holtavörðuvatns var ekinn slóði til austurs upp á hæð þar sem litið

---

var yfir ágreiningssvæðið. Lágskýjað var og skyggni slæmt. Sást til Krókavatns/Tangavatns. Ekið var aftur inn á veg nr. 1 (Hringvegur) niður í Norðurárdal og horft yfir Hellistungur og þar sem Hellisá rennur í Norðurá.

#### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Kristján Axelsson, Bakkakoti í Borgarbyggð, formaður afréttarnefndar Þverárrettar; Eyjólfur Andrésson, Síðumúla Hvítársíðu; Egill J. Kristinsson, Örnólfsdal; Ólafur Guðmundsson, Sámsstöðum Hvítársíðu; Ólafur Magnússon, Gilsbakka Hvítársíðu og Sr. Geir Garðarsson Waage, Reykholti.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

### 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir, önnur landsvæði og stofnanir sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.<sup>2</sup>

#### 5.1 Landnám

Um landnám á Hvítársíðu segir í Landnámu:

Hrosskell fór til Íslands ok kom í Grunnafjörð; hann bjó fyrst á Akranesi; þá ömuðusk þeir Ketill bræðr við hann. Síðan nam hann Hvítársíðu milli Kjarrár ok Fljóta; hann bjó á Hallkelsstöðum ok Hallkell son hans eptir hann, ok átti hann. [...] Børn þeira Hallkels ok Þuríðar vǫru þau Þórarinn ok Finnvarðr, Tindr ok Illugi enn svartir ok Gríma.<sup>3</sup>

Þar segir einnig:

Ásbjorn enn auðgi Harðarson keypti land fyrir sunnan Kjarrá, upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga; hann bjó á Ásbjarnarstöðum.<sup>4</sup>

Gilsbakka á Hvítársíðu er getið í Landnámu. Illugi hinn svartir bjó á Gilsbakka.<sup>5</sup>

---

<sup>2</sup>Þessi kafli er að hluta til byggður á drögum að greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 4.7.2014, sbr. skjal nr. 8. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins. Jafnframt hefur bætt við umfjöllun um gögn sem komið hafa fram eftir að umrædd drög komu fram.

<sup>3</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>4</sup> Skjal nr. 4(97). Hnitbjörg einnig nefnd Hvítbjörg, Nitbjörg og Hvítbjörg, í ýmsum gerðum Landnámu, sbr. nm. gr. Á bls. 84.

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 54; II, bls. 214-215.

---

Um landnám í Örnólfsdal segir í Sturlubók Landnámu:

Ornólfr hét maðr, er nam Örnólfsdal ok Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga. Ketill-blundr keypti land at Ornólfi, allt fyrir neðan Klif ok bjó í Örnólfsdal.<sup>6</sup>

Um landnám í Norðtungu og Örnólfsdal segir í Þórðarbók Landnámu:

Ornólfr hét maðr, er nam Norðtungu alla á milli Kjarrár ok Þverár og bjó í Örnólfsdal. Hans son var Blund-Ketill, faðir Þorkels, er Hænsna-Þórir brenndi inni.<sup>7</sup>

Um landnám í Norðurárdal segir í Landnámu:

Þorbjorn blesi nam land í Norðurárdal fyrir sunnan á upp frá Króki og Hellisdal allan ok bjó á Blesastöðum. Hans son var Gísli at Melum í Hellisdal; við hann eru kennd Gíslavotn.<sup>8</sup>

Um landnám í Þverárdal og Þverárhlíð segir í Landnámu:

Hrómundr kom skipi sínu í Hvítá; hann nam Þverárdal og Þverárhlíð ofan til Hallarmúla ok fram til Þverár; hann bjó á Hrómundarstöðum; þar er nú kallað at Karlsbrekku. Hans son var Gunnlaugr ormstunga, er bjó á Gunnlaugsstöðum fyrir sunnan Þverá. Hogni hét skipverji Hrómundar; hann bjó á Högnastöðum; hans son var Helgi at Helgavatni faðir Arngríms goða, er var at Blund-Ketils brennu.<sup>9</sup>

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Um afréttarlönd í Hvamms- og Norðtungusóknum segir eftirfarandi um Hellistungur, í sóknalýsingu séra Jón Magnússonar í Hvammi, frá árinu 1840:

ad 32. spurn. Tvö eru *afréttarlönd* í sóknunum, það eina er kallað Hamrabotnar, er það dalur í vesturátt út úr Bjarnadal; [...] Hið annað afréttarland eru hálfar Hellirstungur – Hjarðarholtskirkja á hálfar sem að er almenningur. Er lögrétt á Grjóthálsi hjá Fiskivatni samnefnd við vatnið. Er þessi rétt eldri en elstu menn viti grein fyrir að gjöra. Sækja til þessarar réttar bændur að sunnanverðu úr Norðurárdal, úr Þverárhlíð, Hvítársíðu og Stafholtstungum fyri sunnan Norðurá.<sup>10</sup>

Í sóknalýsingu Fredr. Lund á Mýra- og Hnappadalssýslum, frá árinu 1840, segir eftirfarandi um Hvítársíðu í kafla um byggðarlög og hreppa:

---

<sup>6</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>7</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>8</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>9</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>10</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 51.

- 
1. Hvítársíða (Hvítársíðuhreppur). Takmörk hennar að sunnanverðu er fyrrnefnt Deildargil milli Húsafells og Hraunsáss í Hálsasveit og Borgarfjarðarsýslu, allt þar til það kemur saman við Hvítá sem þaðan af er takmark sveitarinnar á þann bóginn. Að vestanverðu nær hreppurinn fyrst til Stafholtstungnahrepps eður að landamerkjum milli Síðumúlaveggja í Hvítársíðu og Brúarreykja, Lunda og Steina í Stafholtst(ungum), samt milli Síðumúla í Hvítársíðu og jarðanna Guðnabakka, Sleggjulækar og Ásbjarnarstaða í Stafholtstungum. Milli sveita þessara er Síðumúlaháls sem hækkar mjög þegar norðureftir dregur og verður að fjöllum og heiðum, hvörra vestursíða tilheyrir einnig Hvítársíðu jörðum frá því að Stafholtstungna land hættir, og er Þverá sem þar fram frá kallast Kjarará, takmörkin þeim megin milli Hvítársíðu og Þverárhliðar landa. Að norðanverðu eru Tvídægru- og Arnarvatnsheiðar og að austanverðu fjöll og jöklar svo sem Eiríksjökull e(t) c(etera).

[...] <sup>11</sup>

Um afréttarlönd í Stafholts- og Hjarðarholtssóknum segir í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti, frá árinu 1853:

32. *Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru austan Norðurár eiga afrétt á *Hellistungum*, *Holtavörðuheidi* og *Tvídægru* og er þar einnig upprekstur úr Þverárhlið, Hvítársíðu og nokkru af Norðurárdal. <sup>12</sup>

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878, er meðal annars fjallað um leitarmörk. Þar segir m.a:

24. gr.

Þessi rjett [Fljótstungurétt] tilheyrir öllum jörðum í Hvítársíðu fyrir framan Gilsbakka, að þessari jörðu meðtaldri, og skal því leita til hennar öll lönd þessara jarða að undanteknum Lambatungum, bæði heimalönd og fjall-lönd [svo] að Kjarará að vestan og að löndum Húnvetninga að norðan og að jöklum og svo sem Hvítá ræður að sunnan;

[...]

26. gr.

Þverárrjett tilheyrir öllum jörðum fyrir sunnan Sanddalsá og Norðurá að Hvítá allt fram að Bjarnastöðum í Hvítársíðu, að þessari jörð meðtaldri, og skal því leita til hennar öll heimalönd og fjall-lönd tjeðra jarða, sem liggur innan nefndra takmarka, svo og Lambatungurnar, svo og hinn sameiginlega afrjett nefndra jarða allt að löndum Dalamanna, Strandasýslumanna og Húnvetninga.

---

<sup>11</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 18.

<sup>12</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 68.

---

[...]<sup>13</sup>

Í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar“ frá 1892 er meðal annars fjallað um skilgreiningu landssvæða og leitarmörk. Þar segir m.a:

4. gr.

Greining lands er þessi:

1. *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni og er hvergi sundur skorið af annari landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aptur skipta i tvennt:

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hjer með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hjer sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fje, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar, en mörgum öðrum. Þetta á að einu við um landmiklar jarðari, er liggja við afrjett.

2. *Kirkjufjalllönd*. Svo nefnast hjer heiðarlönd eða fjalllönd, er kirkjur eiga og eru með ákveðnum ummerkjum, og geta sakir afstöðu eða annars eigi talizt heimalönd..

3. *Fjalllönd*, sem eru einstakra eign, en að öðru leyti eins ástatt með og kirkjufjalllönd.

4. *Fjarlenda* er sá hluti af landareign jarðar, er liggur innan í annara jarða heimalöndum.

6. *Afrjettur* er beitarland á heiðum eða fjöllum, eign eins eða fleiri hreppa.

[...]

52. gr.

*Hvítársíðurjett* (Fljótstungurétt). Til hennar eiga að sækja ábúendur allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum þeim jörðum með töldum, og enn fremur íbúar Reykholtisdalshrepps og Hálsasveitar í Borgarfjarðarsýslu. Ber því að leita til hennar í öllum 3 aðalleitum öll heimalönd nefndar jarða í Hvítársíðu, allt fjallland Gilsbakkakirkju, þar á meðal Lambatungur, afrjett fyrrnefndra hreppa í Borgarfjarðarsýslu, og yfir höfuð öll fjalllönd að Kjarará og Skjaldartjörn, Kvíslavatni og Urðhæðavatni að norðvestan og að löndum Húnvetninga, jöklum og Hvítá að norðan, austan og sunnan. Leita *má* til Hvítársíðurjettar hinn svo nefnda Vatnaflóa allt vestur að Langavatnaskvísl, en þó því að eins, að hreppsnefndunum í Hvítársíðu,

---

<sup>13</sup> Skjal nr. 4(81).

---

Hálsasveit og Reykholtstal komi saman um það. Ella leitast hann til Þverárrjettar.

[...]

53. gr.

*Þverárrjett* (nú hjá Kvíum) til heyrir öllum jörðum fyrir sunnan Sanddalsá og Norðurá að Hvítá allt fram að Bjarnastöðum í Hvítársíðu, að þeirri jörð með talinni og enn fremur Stafholtsey, og skal því leita til hennar í öllum þremur leitum öll heimalönd og fjallönd þeirra jarða (þó eigi heimaland Stafholtseyjar) og sameiginlegan afrjett þeirra, allt að löndum Dalasýslu, Strandasýslu og Húnavatnssýslu, og að löndum þeim er leitast eiga til Hvítársíðurjettar.

[...]

54. gr.

*Norðurárdalsrjett* (nú hjá Brekku) til heyrir öllum jörðum í Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Norðurá og Sanddalsá, og skal því leita til hennar öll heimalönd þeirra jarða, ásamt þeim fjallöndum, sem þar að liggja gegnt löndum Dalamanna og að þeim.

[...] <sup>14</sup>

Með bréfi dags. 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. <sup>15</sup>

Svar hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi, dags. 9. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Með bréfi 9. f m hafið þér herra sýslumaður spurst fyrir um almenninga hér í hreppi og skal yður svarað því að almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg

Jón Sigurðsson <sup>16</sup>

Svar hreppstjórans í Þverárhlíðarhreppi, dags. 20. mars 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Með brjefi 9. jan þ.á. biðjið þjér mig herra sýslumaður um upplýsingar um svæði þau innan Þverárhlíðarhrepps „sem talin eru almenningar, svo og um afréttarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða nú tilheyra nokkru lögbýli.“

---

<sup>14</sup> Skjal nr. 4(96).

<sup>15</sup> Skjal nr. 4(2).

<sup>16</sup> Skjal nr. 4(4).

---

Innan Þverárhlíðarhrepps eru engir almenníngar eða afrjéttarlönd sem ekki tilheyra lögbýlum.

Þorsteinn Davíðsson<sup>17</sup>

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. Fljótstungurétt. Leitarsvæði til hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu að þeim jörðum báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá; svo og afrjettur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afrjettarlöndum Þverárrjettar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

[...]

2. Þverárrjett. Leitarsvæði til hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afrjettarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár; svo og allra jarða í Þverárhlíð og Hvítársíðu alt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárrjettarfelags leyft að Lambatungur sjeu leitaðar til Fljótstungurjettar.<sup>18</sup>

Þann 17. desember 1945 var gerð samþykkt um girðingu milli heimalanda og aðliggjandi afrétta og útlendna á svæðinu frá Norðlingafljóti að Norðurá. Þar segir m.a:

1. gr.

Girðing sú, ser samþykkt þessi nær til og við gildistöku hennar verður gerð að samgirðingu, liggur sem hér segir:

Frá Norðlingafljóti, neðan við Kleppa, bak við heimalönd Fljótstungu og Þorvaldsstaða í Hólmavatn. Úr Hólmavatni um Gilsbakkaland, bak við heimalönd Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms, Haukagils, Sámsstaða, Háafells, Þorgautsstaða, um Síðumúlaland að Örnólfsdalsá við Myrkhyl. Frá Örnólfsdalsá um Örnólfsdalssand og Kvíafjall að Litlu-Þverá. Frá Litlu-Þverá að Norðurá, inn frá Króki í Norðurárdal.<sup>19</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir I*, frá árinu 1948, segir m.a. svo um afréttarlönd Borgfirðinga og Mýramanna:

### Sauðfjarrækt, fjallskil og réttir

[...]

Svo sem kunnugt er, skiptir Hvítá Borgarfjarðarhéraði í tvö næstum jafnstór landsvæði. En þótt flestum, sem yfir héraðið líta, virðist svo, að hér sé ein

---

<sup>17</sup> Skjal nr. 4(5).

<sup>18</sup> Skjal nr. 4(80).

<sup>19</sup> Skjal nr. 4(34).



---

sameiginleg byggðarheild, er þó eigi svo. Er hér um tvær sýslur að ræða, Borgarfjarðarsýsla sunnan megin Hvítár, Mýrasýsla norðan megin.

Heita má, að búnaður hafi haldist í hendur í héraðinu frá ómunatíð. Hafa verið þar í og með gildir bændur báðum megin Hvítár. Eitt var þó, sem máli skipti og gjörðu nokkurn mun hvorum megin Hvítár var búið: Upp af sveitunum sunnan ár voru afréttarlönd mjög takmörkuð, en norðan megin voru bæði kjarngóð og víðáttumikil heiðarlönd, með svo miklu landrými, að engin hætta var á örtröð, þótt aragrúi fjár væri rekinn þangað til sumargöngu. Heiðalönd þessi, sem liggja upp af Norðurárdal, Þverárhlið og Hvítársíðu, sýnast eins og einn óskiptur „bláfjallageimur“, en eru þó með ýmsum nöfnum eftir staðháttum, svo sem Hellistungur, Kjarrardalur, Síðufjall, Lambatungur, Tvídægri og Arnarvatnsheiði. Á öllum þessum afréttarlöndum úir og grúir af örnefnum, lækjum, ám og vötnum, sem bera öll ævagömul heiti. Vera má, að sumir líti svo á, að hér sé dauð og ísköld óbyggð, en við nánari kynni er þetta lifandi land, sem hefir undramargt að segja frá löngu liðnum tímum. Meðan þetta mikla heiðaflemi, sem aðskilur Suður- og Norðurland, er snævi hulið að vetrarlagi, ríkir þar hrollkaldur gustur, sem flestar lifandi verur flýja, nema ef vera skyldi rjúpur og refir. En þegar snjór og klaki hefir með öllu eyðt fyrir varma vorsins, er þar öðruvísi um að litast, því að segja má með sannri, að smjör drjúpi þar af hverju strái. Það var sauðfé Mýrsýslunga og þó einkum Hvítarsíðinga, sem bezt gat vitnað um þann mikla mun á landrými og landgæðum á þessum norðurheiðum miðað við sauðfé úr ýmsum hreppum sunnan Hvítár.<sup>20</sup>

[...]

Afréttir Hvítarsíðinga, Þverhliðinga og Stafholtstungnamanna eru óslitið framhald af Arnarvatnsheiði. Hefjast leitir til Þverárréttar mánudag þann sama og réttað er í Fljótstungu, og taka fimmtíu til sextíu manns þátt í þeim leitum, sem standa yfir í þrjá daga. Er þar með lokið fyrstu leitum á öllu því heiðarflemi, sem aðskilur Borgarfjarðarhérað og Húnavatnssýslu.<sup>21</sup>

Í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. **Fljótstungurétt.** Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða á Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

[...]

2. **Þverárrétt.** Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár

---

<sup>20</sup> Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir* I (1948), bls. 352.

<sup>21</sup> Kristleifur Þorsteinsson, *Göngur og réttir* I (1948), bls. 359.

---

og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlíð og Hvítársíðu allt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.<sup>22</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953, segir svo í kafla um Þverárhlíð:

[...] Örnólfur hét sá, er fyrstur byggði Örnólfsdal, en af honum keypti Blund-Ketill, er áður bjó sunnan Hvítár, jörðina og bjó þar hinu mesta stórbúi, að því er Hænsna-Þóris saga segir, en aðrir telja Blund-Ketil son Örnólfs, og mun það réttara. [...] Býlið fór í auðn og hafði verið í eyði um ómunatíma, þegar þar hófst byggð aftur um 1670. Hafði þar verið sel frá Norðtungu, en fært innar í dalinn, er byggðin hófst aftur í Örnólfsdal, og var þar haft í seli fram á síðasta aldarfjórðung 19. aldar. Hænsna-Þóris saga segir, að margt bæja hafi verið þar „upp í frá“. Getur það ekki staðizt og varla verið þar nema einn bær (bær Örnólfs), en selfarir hafa ýmsir eignast þar snemma, t.d. Reykholt, er enn á þar selland, og Síðumúli, er átti þar fram á dalnum selför og skógarhögg. Var oft deilt um það og síðast fyrir um 50 árum. Handan árinna er selland frá Síðumúla, og var haft þar í seli lengi fram eftir. Eftir 1840 var búið þar árið um kring. Er sagt, að Sigríður, ekkja séra Þorsteins í Reykholti, hafi húsað selið á búskaparárum sínum í Síðumúla. Síðastur mun hafa búið þar Einar Bergþórsson (1882), er síðar bjó í Uppkoti í Norðurárdal. Heiðarvígasaga segir, að allir Síðumenn hafi átt selfarir á Kjarrardal. Jarðabók Árna Magnússonar telur upp sex bæi í Hvítársíðu, er selför eigi á Kjarrardal. Auk áðurnefndra selja fram frá Örnólfsdal þekkjast enn á Kjarrardal Sámsstaðasel, undan Sámsstaðahöfða; Bjarnarstaðasel, undan Bjarnarstaðahöfða, og Gilsbakkasel á Gilsbakkaeyrum, öll norðan Kjarrár.

[...]

Inn frá byggðinni gengur Þverárdalur langt til heiða. Inni á honum norðanmegin er *Helgavatnssel*, 7 til 8 kílómetra frá Hermundarstöðum, næsta bæ. Áttu Helgavatnsmenn þar selför á afrétti Þverhlíðinga. Árið 1861 var þar byggt býli, en bóndi sá dó sama eða næsta ár, og 1863 hófu ung hjón, Jón Brandsson og Kristín, þar búskap og bjuggu þar 20 ár. Hefur það verið mjög einmanalegt, því að þar áttu varla aðrir leið um en fjárleitamenn. Þegar bóndinn fór niður í byggð til aðdráttar eða að öðrum erindum, var konan ein heima með börnum sínum, því að sjaldnast var þar annað heimilisfólk. [...]<sup>23</sup>

Í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975 er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. **Fljótstungurétt.** Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur

---

<sup>22</sup> Skjal nr. 4(32).

<sup>23</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 51 - 52.

---

Reykðæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárrettar og að löndum Húnavetninga að norðan og jöklum að austan.

[...]

2. **Þverárrett.** Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlið og Hvítársíðu allt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnavetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárrettarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.<sup>24</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1984, kemur eftirfarandi fram, umfram það sem ritað er í eldri útgáfu ritraðarinnar, um afréttarlönd Borgfirðinga og Mýramanna:

### **Þverárrettarupprekstur**

„... Eru þær skrásettar 1873-1874 af Daníel Jónssyni hreppstjóra og bónda að Fróðastöðum í Hvítársíðu, og fara þær hér á eftir:

Daníel Jónsson telur, að elsta fólk í sínu ungdæmi hafi borið saman um, að réttarhaldið hafi verið í svokölluðum Hellistungnasporði við Hellisá. Af Hellistungum telur Daníel, að réttarhaldið hafi verið fært í svokallaðan Lambahaga, öðru nafni Fiskivatnstanga, á Þverárhliðarhálsi í landi Hermundarstaða. Tanginn var að mestu afgirtur af náttúrunnar hendi, og í honum var féð geymt. Fagurt hefir verið þar yfir að líta að dómi Daníels. Réttað var fimmtudaginn 20 vikur af sumri. Réttin kallaðist Fiskivatnsrétt. Ómerkinga fékk landeigandi í réttartoll.

Til réttarinnar voru leituð Kjörin, Lambatungur og Norðurfjall til móts við Norðlendinga og Snjófjöll ofan að Hvassá ásamt Hellistungum. Til réttarinnar sótti Hvítársíða, sjaldan lengra en fram að Hallkellsstöðum, Stafholtstungur sunnan Norðurár, Þverárhliðin öll, Norðurárdalur sunnan Norðurár og Stafholtsey sunnan Hvítár. ...<sup>25</sup>

### **Tilhögun leita**

Þverárrettarupprekstur er í aðaldráttum sem hér segir: Að austan móti Borgfirðingum og Krókmönnum, sem leita til Fljótstunguréttar, að norðan og norðaustan móti Húnavetningum, og Strandamönnum og Dalamönnum að vestan. Glögg merkjalína er á leitarmörkum milli Þverárhliðinga og Hrútfirðinga, sem leita til Hrutatunguréttar. Það er vatnsfall nokkurt, sem rennur þvert frá austri til norðvesturs og heitir Skútakvísl eða Skútagil. Fellur það ofan í botn Óspaksstaðadals og beygist til norðurs og nefnist úr því Hrutafjarðará. Önnur kvísl kemur að sunnan og fellur í áður nefnt vatnsfall á

---

<sup>24</sup> Skjal nr. 4(33).

<sup>25</sup> Guðjón Jónsson, *Göngur og réttir* II (1984), bls. 374.

---

beygjunni og myndar þar tungu, sem heittir Skútakrókur. Í honum er sveitarlegt á sumrum, þrátt fyrir há gljúfur og hrikalega fossa gilsins.

Þverárréttarupprekstur er nytjaður af eftirtöldum hreppum: Meiri hluta Hvítársíðu, allri Þverárhlíð, Stafholtsey sunnan Hvítár, Stafholtstungum sunnan Norðurár, Norðurárdal sunnan sömu ár og þremur bæjum ofan Norðurár: Gestsstöðum, Sveinatungu og Fornahvammi. Er því fénaður rekinn til fjalls sem hér segir: Hvítársíðan á Kjarvardal svonefndan, Þverhlíðingar á Þverárdal svokallaðan, Norðdælingar á Hellisdal, sem kallaður er, en Stafholtstungnamenn í þann stað er Hellistungur er nefndur.

Er skipting leita hagað þannig, að þrír flokkar leita uppreksturinn, og jafn viðkomandi sveitarstjórnir fjallskilum niður á hausti hverju og velja foringja, hver fyrir sinn flokk. Þessir hreppar eru Hvítársíða, Þverárhlíð og Stafholtstungur, en þeir Norðdælingar, sem njóta upprekstrar á áðurgreindu svæði, láta eftir þar um gerðum samningi vissa manntölu á hausti hverju, sem sumir leita með Þverhlíðingum, en hinir með Stafholtstungnamönnum.

[...]

Skipting á heiðum til leita er þessi: Hvítarsíðingar leita Kjarvardal, Starir, Vatnaflóa, Hryggi og nokkurn hluta Kvíafjalls, eins og annars staðar er getið hér. Leituðu þeir áður fyrir Lambatungur, en nú um skeið hafa þær verið smalaðar til Fljótstunguréttar. Þverhlíðingar leita Þverárdal og Hryggi ásamt Hvítarsíðingum, Lón, Grísavatnstungu og Hellisdal. Fram um síðustu aldamót leituðu þeir Grákollugil, en þóttu þau betur liggja við smölun fyrir Stafholtstungnamenn, og hafa þeir leitað þau síðan ásamt tveimur mönnum sem Þverhlíðingar lögðu þeim til úr fyrstu leit. Hafa þeir til þess tíma verið 18 að tölu. Stafholtstungnamenn leita Holtavörðuheiði sunnan sýslumarka, Snjófjöll, Grákollugil, sem fyrir getur, og Hellistungur.<sup>26</sup>

[...]

### **Tilhögun gangna nú**

Fyrirkomulag gangna á leitarsvæðum til Þverárréttar er enn með líkum hætti og lýst er í þætti Guðjóns frá Hermundarstöðum, nema hvað leitardagar hafa verið færðir fram.

[...]

Svo sem fyrir segir, er farið í fyrstu leit sunnudaginn í 21. viku sumars. Þann dag ríða Hvítarsíðingar fram Kjarrárdal í leitarmannakofa sinn í Gilsbakkaseli. Daginn eftir fara þeir um Dofinsfjöll, upp með Langavatni og á leitarmót austan Flóavatns. Vestustu menn fara í fyrstu gangandi fyrir neðan Flóavatn og niður með Langavatni vestanverðu. Þar fá þeir hesta sína og fara á Staðarhól á mótum Þverhlíðingum, þaðan smala þeir niður með Nautavötnum, Breiðavatni og Þverárvötnum og að Hrólfsvatnaskvísl. Austustu menn fara

---

<sup>26</sup> Guðjón Jónsson, *Göngur og réttir* II (1984), bls. 378 - 379.

---

hins vegar austur fyrir Skjaldartjarnarhæð, austur að Kvíslarvatni, smala niður Starir og hluta Lambatungna og niður Kjarrárdal í kofa. Miðjumenn smala Skjaldartjarnarhæðina og Dofinsfjöll. Allir gista leitarmenn á ný í leitarmannakofanum í Gilsbakkaseli.

Næsta dag er svo smalað frá Hrólfsvatni, niður um Þverárdal, Lambahraun, Sýrdal og Kvíafjall að hluta. Að austanverðu er smalað niður Gilsbakkaeyrar og Höfðana, Kjarrárdal og Örnólfsdalssand. Safnið er síðan rekið fram hjá bænum í Örnólfsdal og fjárhúsum á Helgavatni til Þverárreittar.

Þverhlíðingar ríða á sunnudag fram (inn) Spenahæðir norður á Hellisdal og í leitarmannakofa sinn í Hellishólum. Daginn eftir fara þeir svo fram svokölluð Lón og á Skiptihól. Þaðan fara austustu menn austur á Staðarhól á móti Hvítsíðingum. Smala síðan niður hjá Nautavötnum og Breiðavatni, niður Hryggi um Tjaldhól hjá Þverárvötnum. Hinir smala Lónin á móti Stafholtstungnamönnum og niður að Gíslavatni. Daginn eftir er svo smalað frá Þverárdal, Helgavatnssel, Spenahæðir og Sýrdal, ennfremur frá Gíslavatni niður Gíslavatnstungu og Hellisdal og rekið niður að Litlu-Þverá með Tungnamönnum.

[...]

Þar hefir sú breyting verið gerð á leitum Tungnamanna, að í fyrstu leit koma 7 menn úr byggð á mánudagsmorgni og smala „heiðina“, þ.e. tunguna milli Norðurár og Hellisár, meðan hinir smala Snjófjöllin. Fara sjömenningar þessir norður að girðingu þeirri, sem liggur frá Hæðarsteini um Krókavatn í Skúta. Smala þeir niður Austurárdal og Grákollugil, Hellistungur niður fyrir Gíslavatn og niður á móts við Fornahvamm. Síðari daginn er riðið fram fyrir Fornahvamsleiti og leit skipt. Fara efstu menn austur að Gíslavatni, niður með Gíslavatnslæk og niður Hellisdal að Hellisá. Þar hittast allir leitarmenn í svokallaðri Kjúkurbrekku. Þaðan er safnið rekið yfir Grjótháls fyrir framan Krók, í samfylgd með Þverhlíðingum, niður að Litlu-Þverá og þaðan til réttar.<sup>27</sup>

Að skipan dómsmálaráðuneytisins sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu svar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13. nóvember 1985, ásamt ljósriti af þeim afréttarskrám, sem embættið hafði undir höndum. Þar kemur eftirfarandi fram:

#### AFRÉTTARLÖND í Mýrasýslu.

-----

Í fjallaskilareglugerð Mýrasýslu útg. 29/8. 1975 33. gr., er gerð grein fyrir þeim leitarsvæðum, sem leituð eru til hinna ýmsu safnrétta í sýslunni. Er þar talað óbeint um afréttarlönd, er leituð séu til réttanna, hverrar um sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessum svæðum, staðsetningu þeirra eða

---

<sup>27</sup> Kristján Axelsson, *Göngur og réttir* II (1984), bls. 398 - 401.

---

kenninöfnum. Skal nú leitast við að bæta nokkuð úr þessu, og verður um leið höfð til hliðsjón af áður nefndri 33. grein reglugerðarinnar um röð leitarsvæða, til að auðvelda samanburð.

1. Fljótstungufrétt. – Afréttarsvæði á Arnarvatnsheiði, eign Hálsa- og Reykholtisdalshreppa í Borgarfjarðarsýslu. Ennfremur svonefndar Lambatungur, er sömu hreppar hafa um sinn á leigu frá Upprekstrarfélagi Þverárréttar, og leita á meðan til Fljótstunguréttar.

Afréttarsvæðið afmarkast: að sunnan af landi Kalmanstungu, að vestan af heimalöndum Fljótstungu og Þorvaldsstaða að Lambá (girðing er á þeim mörkum), þá af Lambá í Kjarará – og ræður Kjarará mörkum allt til upptaka, og síðan vötn og lækir alla leið til Langjökulsenda, og er þá aftur komið að Kalmanstungulandi. Á öllu norður og austur svæðinu er sauðfjárvarnargirðing, sem látin er ráða merkjum milli afrétta.

2. Þverárrétt. – Afréttarsvæðið er mjög víðlent og verður að gera sundurliðaða grein fyrir því:

A. Svæði það á Holtavörðuheiði og Tvídægru, sem til er greint í landamerkjaskrá, gerðri að Síðumúla 8.-10. apríl 1890. Takmarkast þetta land að norðanvestan af Norðurá, neðan frá Hellisá alla leið í Holtavörðuvatn, -- að norðan af sýslumörkum við Strandasýslu úr Holtavörðuvatni um Hæðarstein og Rjúpnagiljaborg í Hrótafjarðará, þar sem Skútagil fellur í hana. Þá munu taka við sýslumörk Húnavatnssýslu, um Skútagil, Krókvötn og Flóavatn hið mikla, allt austur í Urðhæðarvatn á Tvídægru. lengra austur nær þetta svæði ekki og tekur þá við leitarsvæði Fljótstunguréttar. Að suðaustanverðu takmarkast svæðið af Urðhæðarvatnslæk, Kvíslarvatnslæk, Skjaldartjarnarkvísl og Kjarará. Ræður Kjarará niður fyrir Snasa, að klettanefi einu, þar við ána. Taka þá við heimalönd í Þverárhlið og Norðurárdal, að Norðurá – þeim stað, sem nefndur var í upphafi.

B. Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd:

1) Framhluta Fornahvammslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrótafiriði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914.

2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942.

3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.

#### C. Leigulönd á leitarsvæði Þverárréttar:

1) Land frá Dalasýslu, norðvestan við heimaland Fornahvams að sauðfjárvarnargirðingu, og meðfram henni vestur að Hvassá. – Þess má geta að nefnd varnargirðing ræður leitarmörkum, án tillits til sýslumarka, á öllu

---

svæðinu frá Hvassá að vestan, austur til Staðarhóls á Tvídægru eða Krókavatni í Vatnaflóa. Hefur verið þegjandi samkomulag allra aðila um þetta, án skriflegra samninga þar um, að undanskildu um lönd innan Bæjarhrepps í Strandasýslu (ssbr. C.1)

2) Land sunnan Kjararár, frá girðingu milli Gilsbakka- og Sámsstaðalanda, að girðingu milli heimalanda og útlenda, eftir há-fjallinu, vestur að girðingu milli sellanda Síðumúla og Sleggjulækjar, norður Myrkhyl í Kjarará.

E. Önnur eignarlönd Þverárréttar-uppreksturs, til viðbótar þeim, sem áður hafa talin verið, eru svonefndar Lambatungur, milli Lambár og Kjararár, inn að Núpdælagötum á Tvídægru. Þetta land er leigt upprekstrarfélagi Fljótstunguréttar og verður leitað til þeirrar réttar, meðan leigutíminn varir (sbr. umsögn um Fljótstungurétt).

F. Til athugunar. – Talið er að leitarsvæði til Þverárréttar nái allt að Sanddalsá úr Norðurárdalshreppi að vestan. Svæðið milli Hvassár og Sanddalsár er venjulega talið til heimalanda í Norðurárdal, en þó mun nokkur vafi á því leika hvar lögformleg landamörk milli Mýra- og Dalasýslna muni vera á þessum slóðum. En eins og víðar, og áður er að vikið, eru girðingar hér láttnar ráða leitarmörkum.

[...] <sup>28</sup>

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

1. eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt ?
2. hvað nefnist sá afréttur ?
3. Hvar liggja mörk hans ?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt ?
5. hvaða sveitarfélög eru það ?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast ? <sup>29</sup>

Svar oddvita Þverárhliðarhrepps, dagsett 29. mars 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins hljóðar svo:

1. Já
2. Þverárréttarupprekstur
3. Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá, sem Hellisá fellur í hana og alla leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein, úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg, úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þar sem Skútagil fellur í hana.

---

<sup>28</sup> Skjal nr. 4(12).

<sup>29</sup> Skjal nr. 4(6).

---

Þá ræður Skútagil allt austur undir Krókavötn, frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla. Þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðarvatnslækur í Kvíslarvatn, þá Kvíslarvatnslækur í Skjaldartjörn, þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarrá. Svo ræður Kjarrá allt niður að klettsnefi einu svið ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu liggur afréttarfirðing frá áðurnefndu klettsnefi, svo gott sem í beinni línu þángað sem Hellisá og Norðurá mætast. Uppreksturinn keypti lönd Króks og Hermundarstaða, sem voru fyrir framan girðingu, skv. landamerkjaskrá Kvía. Þá keypti Uppreksturinn 1912 af Gilsbakka Lambatungur, sem eru fyrir sunnan Kjarrá og 1914 fremrihluta Fornahvammslands fyrir norðan Norðurá. Afsöl eru til með landamerkjalyfsingu, en skipta ekki máli hér.

4. Já

5. Þetta er sameiginlegt afréttarland, Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi, sem liggja fyrir austan og sunnan Sandalsár og Norðurár.

6. Þessari spurningu verður að svara neitandi. Það er ekki vitað til að hreppamörkum hafi verið þinglýst, þó kemur fram á korti ákveðin lína, sem hreppamörk milli Norðurárdals og Þverárhlíðarhrepps hvort hún er rétt vitum við ekki. Að sunnanverðu eru menn ekki sammála um hreppamörkin, en við teljum þau vera samhljóða upprekstrarmörkum og áfram niður á.

Virðingarfyllt,

f. h. Þverárhlíðarhrepps,

Skúli Hákonarson, oddviti.<sup>30</sup>

Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps, dagsett í október 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins hljóðar svo:

1. spurning: Já. Allar jarðir í sveitinni nema Kalmanstunga 1 og 2 eiga upprekstrarrétt í sameiginlegan afrétt. Kalmanstunga sem þá var eitt lögbýli, afsalaði sér réttinum snemma á þessari öld.

2. spurning: Hvítarsíðingaafréttur

3. spurning: Hvítarsíðingaafréttur afmarkast að sunnan (suðaustan af Urðhæðarvatnslæk, Kvíslavatni nyrðra, Kvíslavatnaskvísl, Skjaldartjörn, Skjaldartjarnarkvísl og Kjarará (neðst Örnólfsdalsá) niður að “Klettanefi einu við ána, hið næsta neðan Snasa, við Örnólfsdalsland“. Þá ráða landamerki Örnólfsdals norður og upp frá ánni “frá áðurnefndu Klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður Sandinn í vörðu þar og þaðan í hnúk norðanvert í Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvía-landamerki (þ.e. jarðarinnar kvía í Þverárhlíð) um Einbúa eftir há-Sandinum fyrir sunnan Olboga og sjónhending í Lambadal“ en síðan eftir Lambadal, með

---

<sup>30</sup> Skjal nr. 4(8).



---

Lambadalsá að Hrólfsvatnaskvísl en þaðan með Hrólfavatnaskvísl að Litlu-Þverá og með henni til Þverárvatna, um Þverárvötn, þá um Merkjavörðu á Hryggjum ofan Breiðavatns, um Nautavatn og Staðarhól í vesturenda Krókavatns. “Frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla. Þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn.“

4. spurning: Já.

5. spurning: Lögbýli í Syðstutungu í Stafholtstungnahreppi reka samkvæmt fornri venju stóðhross í Kjarradal norðan ár.

6. spurning: Nei.

#### Athugasemdir og skýringar:

1. spurning: Lögbýli í Hvítársíðu hafa um alllangan aldur haft upprekstur fyrir fé og hross og séð um haustleitir og refaeyðingu á því svæði, sem til er tekið með merkjalýsingu (sbr. svar við sp. 3.). Ekki hefur þetta þó verið þannig svo mörgum öldum skipti. Þegar Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekin saman 1709, er allur Kjarradalur norðan ár selfararland, m.ö.o. mátti ekki reka þangað geldfénað. Nokkrum jörðum (4.) neðst í Hvítársíðu er þá talinn upprekstrarréttur á Hellistungur upp af Norðurárdal, en flestum enginn. Leitarskylda á haustin hefur þó án efa hvílt á þeim, sem sellöndin áttu og nytjuðu, þar eð vafalaust hefur fénaður leitað inn á sellöndin, þó annarsstaðar væri rekinn upp, og eftir að flutt var úr seljum síðsumars. Því hefur þurft að hreinsa löndin.

Landi því sem hér um ræðir má skipta í þrennt að því er réttarstöðu frá fornu fari varðar.

1.) Landið neðst í Kjarradal, sem markast af neðsta Rangagili, Kjarará, merkjum við Örnólfsdal og merkjum við Kvíar. Á þessu landi hefur verið selstaða frá Síðumúla (líklega), Norðtungu (að því er talið er) og Reykholti, og undir þann stað lá veiðin í ánni fyrir þessu landi. En síðan selfarir lögðust af, sennilega á ofanverðri átjándu öld, og farið var að reka í afrétt á Kjarradal hefur þetta verið upprekstrarsvæði og leitarsvæði Hvítársíðinga. Að tali Landnámsbókar var land þetta numið með Örnólfsdal, þó það hafi fljótt gengið undan þeirri jörð.

2.) Selland Sámsstaða í Hvítársíðu, milli neðsta Rangagils og Vatnshnúkalækjar frá ánni að Kvíalandamerkjum, Til er merkjabréf fyrir því. Sámsstaðir eiga veiði í ánni fyrir því landi. „Selstaða-norður á Kjör, meinast þó í heimalandi“ segir Jarðabók.

3.) Selland Gilsbakka. Fyrir því finnast ekki ákveðin merki en Gilsbakki átti allan veiðirétt og fuglatekju í þeim hluta Hvítársíðingafréttar, sem óatalinn er í 1) og 2) og raunar miklu lengra, eða norður um Holtavörðuheiði til móts við lönd Hrútfirðinga. En takmörk selfararlandsins mun hafa verið þau sem fram koma í merkjalýsingunni og hefur verið talið að Staðarhóll í Vatnaflóa héti svo af því að hann hafi verið merkjapunktur Gilsbakkasellandsins.

---

3. spurning: Merkjalýsing þessi er sumstaðar tekin orðrétt úr Landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi allra jarða í Hvítársíðuhreppi, allra jarða í Þverárhlíðarhreppi og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum, sem liggja fyrir austan og sunnan Sanddalsá og Norðurá og ennfremur jarðarinnar Stafholtseyjar“ að því leyti sem um þau mörk er að ræða, nema þar er ekki talið að merki á móti Kvíum fylgi Lambadalsá, þó svo það hafi almennt verið litið þar á, þar eð Landamerkjaskráin er óljós á því bili. Merki milli Hvítsíðingaafréttar og Þverhlíðingaafréttar eru tilgreind á hefðbundnum leitamótum, eins og þau hafa verið í manna minnum.

4. spurning: Á síðari árum hefur því verið haldið fram af hálfu þeirra sveita og sveitarhluta, sem ásamt Hvítsíðingum mynda upprekstrarfélag Þverárréttar, að afréttarlandið væri eitt og óskipt. Þessu hafa Hvítsíðingar mótmælt, og aðeins viðurkennt hrossaupprekstur Syðstutungumanna. Málið hefur þó fyrst og fremst borið þannig að, að langst hefur verið gegn áformum Hvítsíðinga um að girða milli afrétta, en ekki haldið fram, að öllum í upprekstrarfélaginu sé heimilt að reka í Hvítsíðingaafrétt, né að félagið sem heild geti ákveðið að breyta hefð um upprekstur eða umsjón leita.

Stafholtstungumenn lögðu lengi vel til 5 menn í heiðarleitir Hvítsíðinga (2 í 1.leit, 2 í aðra og 1 í þriðju) vegna stóðupprekstursins. Eftir að verulegum hluta jarða í Hvítársíðu var bannað að nota afréttinn vegna fjárskiptahólfunar á landinu, og síðan þegar bannað var að reka hross í afrétt, óskuðu Hvítsíðingar eftir því að hinri hrepparnir legðu sér til menn í leitir. Bar þar hvorttveggja til að fjallskil urðu óbærileg þeim sem máttu reka sauðfé sitt, ef þeir áttu einir að hreins afréttinn, svo og hitt að fénaðarþungu frá hinum hreppum upprekstrarfélagsins var bersýnilega yfirgnæfandi á Hvítársíðingaafrétti. Var orðið við þessari ósk, og síðan verið lagðir til fleiri eða færri menn.

5. spurning: Þarf ekki skýringar.

6. spurning: Hreppar eru frá fornu fari félagsskapur eða samtök lögbýla og hreppamörk fylgja því útávið landamerkjum þeirra í meginatriðum. Mikið af nuverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar. Eflaust hafa menn litið velt því fyrir sér hvar þau lönd teldust í hreppsfélagi. Það er þó fullvíst að hvað varðar afrétt Hvítsíðinga, þá hafa þeir litið svo á, að hann hlyti að telja til Hvítársíðu, ef hann væri í einhverjum hreppi, þar eð allar nýttjar landsins, a.m.k. Sámsstaða og Gilsbakka sellanda höfðu legið undir jarðir (Kirkjur) í Hvítársíðu, og jafnvel þó svo yrði litið á, sem Hvítsíðingar

---

fallast ekki á, að afrétturinn væri sameiginlegur, þá er sú nýting landsins tiltölulega ný, eins og áður getur.

Það kom því mjög á óvart á sðasta ári, að oddviti Þverárhlíðarhrepps gerði kröfu til þess að hluti fasteignagjalda af Gilsbakka og Sámstöðum yrði greiddur í sveitarsjóð þess hrepps, en því hefur aldrei fyrr verið hreyft. Þetta var engum rökum stutt og var að sjálfsögðu neitað. Oddvitarnir ræddust við um kröfuna ásamt sýslumanni, og var talaða um að leita lögfræðilegs álits um réttarstöðu afréttanna, en því hefur síðan ekki verið hreyft. En af þessu má sjá að samkomulag er ekki fyrir hendi, enda ósýnt að sveitarstjórnir þessar væru í sjálfu sér bærar um að semja þetta einar sín á milli.

Niðurstaða:

Það er eindregin afstaða Hvítársíðinga, að afréttarsvæði það sem þeir sjá um leitir og grenjavinnslu á, megi þeir einir reka sauðfé á, en býli í Syðstutungu megi ásamt þeim reka þangað hross. Væri því skv. upphafsmálgrein bréfs ráðuneytisins við þann hrepp einan að semja.

Yrði hins vegar úrskurðað á þá leið, að líta bæri á alla afrétti upprekstrarfélagsins sem eina heild, teljum við að eigi að síður bæri að líta á landið sem tilheyrandi Hvítársíðuhreppi, þar sem allar nytjar þess fylgdu lögbýlum í Hvítársíðu þar til það breyttist í afrétt fyrir ca tveimur öldum. Þetta er alveg ófrávikjanleg krafa að því er varðar sellönd Sámstöða og Gilsbakka. Helst er vafi á um landið neðan neðsta Rangagils að Örnólfsdalsmerkjum (Reykholtselland) einkum með tilliti til ummæla Landnámsbókar. Á hinn bóginn nær veiðiréttur Gilsbakka mun lengra norður, eða um Holtavörðuheiði móti Hrútfirðingum. Áskiljum við okkur rétt til að skoða betur hvort eðlilegt væri að láta þau lönd tilheyra Hvítársíðuhreppi, en þar eru mörk óljós.

Virðingafyllst,

f. h. Hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps

Eyjólfur Andrésson<sup>31</sup>

Svar oddvita Norðurárdalshrepps, dagsett 25. apríl 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins hljóðar svo:

Svar við fyrirspurn frá 20 febrúar 1989 um upprekstur

1. Hluti ábýla í Norðurárdalshr. eiga upprekstur á afrétt. Hin nýta heimalönd.
2. Hellistungur og Holtavörðuheiði
3. Móti Dala og Húnavatns og Strandasýslum
4. Já
5. Þverárréttar Hvítársíðu og Stafholtstungnahreppar

---

<sup>31</sup> Skjal nr. 4(7).

---

6. Ekki er ágreiningur milli Norðurárdalshr. og hinna sveitarfélaganna um landamerki.<sup>32</sup>

Í 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

1. *Fljótstungurétt*. Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá, svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd, að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

[...]

2. *Þverárrétt*. Leitarsvæði hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár, svo og allra jarða í Þverárhlið og Hvítársíðu allt að girðingum þeim er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.<sup>33</sup>

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993 kemur eftirfarandi fram:

*Hvítársíðuhreppur*

[...]

Heiðinni er í daglegu tali oft skipt í Vesturheiði og Austurheiði. Þar er fyrst og fremst að ræða skiptingu í leitarsvæði, eftir því hvort leitað er til Þverárréttar eða Fljótstunguréttar. Er þá með Vesturheiði átt við Hvítasíðingaafrétt með þeim merkjum, sem lýst er hér að framan. Austurheiðin er þá skilin frá Vesturheiði af Kjarará og kvíslum og lækjum að Urðarhæðavatni. Hins vegar er hér um að ræða hluta Tvídæguru og Arnarvatnsheiðar, en mörk milli þeirra heiðalanda eru önnur og austar og voru talin vera um Núpdælagötur, sem lágu frá Norðlingafljóti, þvert norður við vesturenda Úlfsvatns og til Núpsdals í Miðfirði. Sumir töldu, að Tvídægrunafnið hefði upphaflega átt við þann fjallveg einan en yfirferst síðar á mikið og votlent heiðarflæmi vestan vegar, allt milli byggða í Miðfirði og Síðu.

[...] <sup>34</sup>

---

<sup>32</sup> Skjal nr. 4(11).

<sup>33</sup> Skjal nr. 4(71).

<sup>34</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 11.

---

### *Afréttur Hvítsíðinga*

Afréttur Hvítsíðinga og leitarsvæði (Hvítsíðingaafréttur-Hvítsíðingaleitir) liggur norðan Kjararár, neðan frá heimalöndum jarða í Þverárhlíð norðaustur á sýslumörk við Vestur-Húnavatnssýslu, í Vatnaflóa á Tvídægru. Nær land þetta lengst til austurs að vesturenda Urðhæðavatns. Landið afmarkast sem hér segir: Að suðaustan og sunnan Urðhæðavatnslækur, Nyrðra-Kvíslavatn, Kvíslavatnaskvísl, Skjaldartjörn, Skjaldartjarnarkvísl og Kjarará, og eru þar Lambatungur á móti. Þá ræður Kjarará enn á móti heimalöndum Gilsbakka og Sámsstaða og Síðumúlasellandi. Er þá komið að fjallagirðingu innan við Örnólfsdalssand, og fylgja mörkin henni upp á Örnólfsdalssand, en þar tekur við fjallland Kvía í Þverárhlíð, sem liggur austan fjallagirðingar og hefur lengi verið leitað með Hvítsíðingaafrétti. Liggja merki milli Kvía og Hvítsíðinga austur Sandinn og norðaustur Lambadal að Hrólfsvatni en þaðan með Hrólfsvatnaskvísl þvert fyrir endann á Kvíalandi að mótum hennar við Litlu-Þverá. Þá fylgja mörk milli leitarsvæða Hvítsíðinga og Þverhlíðinga Litlu-Þverá (Nyrðri-Þverárvísl, Þverárvatnarkvísl er hún líka nefnd á því svæði) að Þverárvötnum. Þá um Þverárvötn og merkjavörðu norðvestan Breiðavatns að Nautavatni, um Staðarhól austan Nautavatns í enda Krókavarns (Krókavötn ft. algengara, þó vatnið sé eitt).

[...]

Frá Krókavötnum liggja merki á móti Húnavatningum samkvæmt merkjabréfi í vesturenda Flóavatns og þaðan í vesturenda Urðhæðavatns. Það er þó almenn skoðun, að vatnaskil hafi áður hvarvetna verið talin skipta löndum á heiðinni milli sunnan- og norðanmanna. Væri þá eðlilegt, að miðað hefði verið við austuenda Flóavatns, því þaðan falla vötn suður. Þannig er merkjum lýst í eldra merkjabréfi, og þangað leituðu Hvítsíðingar jafnan, þar til girt var á milli við fjárskiptin fyrir 1950.<sup>35</sup>

### *Þverárhlíðarafréttur*

Upprekstrarland Þverhlíðinga er norðaustur af byggðinni, á Tvídægru. Þverhlíðingaafréttur, svo sem er oftast nefndur, afmarkast að norðvestan af Hellisá, sem fellur í Norðurá, þar sem hún beygir til norðausturs fyrir framan bæinn Krók í Norðurárdal. Er Hellisá á vestur- og norðurmörkum afréttarins, en Litla-Þverá myndar suðurmörk. Þegar komið er inn fyrir upptök ána, verða merkin ógreinilegri. Úr Hellisá eru þau um svonefndan Gíslalæk í Gíslavatn og þaðan í Skútakvísl, en hún er aðalupptakavatn Hrútafjarðarár, og þaðan að girðingu, sem nú markar leitarsvæði norðanmanna og sunnan og vikið er að í lýsingu sveitarmarka.

Eystri leitarmörk móti Hvítsíðingum eru, eftir að upptökum Litlu-:verár sleppi, um Þverárvötn og þaðan í austur um Breiðavatn og Nautavatn, á

---

<sup>35</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls 361.

---

Staðarhól við áðurnefnda sauðfjárveikivarnargirðingu. En Staðarhóll er skammt suðvestan Krókavatns.

Fremri hluti Þverhlíðingafréttar er að mestu votlend flóasvæði með vötnum og kvíslu, sem kölluð eru Lón. Neðar er afrétturinn þurrlandari, á Þverárdal og Hellisdal. Þá á milli eru Spenahæðir, fremur gróðulítill urða- og meladrög.

[...]

Áður áttu bæirnir Stafholtsey í Bæjarsveit og Fornihvammur, Sveinatunga og Gestssstaðir í Norðurárdal afrétt með Þverárréttarupprekstri og gerðu fjallskil til Þverárréttar.

[...] <sup>36</sup>

### *Afréttur Stafholtstungna*

Afrétt eiga Mið- og Syðstatunga á upprekstarsvæði Þverárréttar. Er það sameiginlegt afréttarland með Þverárhlið, Hvítársíðu og Norðurárdal austan Norðurár og Sanddalsár. Skiptist þetta upprekstarland í ákveðin leitarsvæði milli hreppa. Leitarsvæði Stafholtstungna er eftir landslagi skipt í þjá aðalhluta: Hellistungur og (Holtavörðu)Heiðina, sem eru sunnan og austan Norðurár, og Snjófjöllin, norðan og vestan árinna. Leitarmörk að sunnan og suðaustan, móti Þverhlíðingum, eru Hellisá, Gíslavatnslækur og Gíslavatn. Úr vatninu liggja mörk sjónhending norðaustur að Hruáfjarðará, þar sem varnagirðing milli Mýra- og Strandasýslna liggur um lágan melhól norðan ár, rétt ofan við þar, sem Skútakvísl rennur í hana að austan. Þaðan liggur girðingin í vestur um Hólmavatn (Reipavatn) og Krókavatn til þjóðvegur suðvestan í Holtavörðuhæðum. Afréttarmörk eru þó nokkuð norðar eða úr Skútakvísl um Reipgiljaborg og Holtavörðuhæðir til Norðurár, þar sem Sandkvísl kemur í hana að norðan, rétt neðan Holtavörðuvatns. Um þessa Sandkvísl eða Sandgil eru mörkin milli afréttarlands (áður Fornahvammslands) að sunnan og Bæjarhrepps í Strandasýslu að norðan, og, er Kvíslina þrýtur, sjónhending í hátind Tröllakirkju (1001 m y. s.). Þar mætast sýslumörk þriggja sýslna, Mýra-, Dala- og Strandasýslna. Sýslumörk Mýra- og Dalasýslna ráða svo að Hvassá (Hvarfsá), sem er á leitarmörkum ásamt Norðurá, suður til Hellisár, og er þá lokað hringnum um þetta leitar- og afréttarsvæði.

Fornahvammsland er innan þessara leitarmarka, enda jafnan verið smalað samhliða, og hluti þess lands var árið 1914 keyptur til upprekstarfélags Þverárréttar, þ.e. land norðaustan línu úr Austur-Kambshorni í Efra-Búrfell, síðan eftir Stórholti í svonefndan Krók í Norðurá, rétt neðan þar sem Fremri-Búrfellsá fellur í hana. Leitarsvæðið er þó stærra, þar sem varnargirðing móti Dalasýslu er nokkuð norðan marka í Snjófjöllum, og að auki er leiguland frá Bæjarhreppi í Strandasýslu, þ.e. norðurhluti Snjófjalla og Holtavörðuheiðar, eða eins og stendur í leigusamningi: „Afréttarland Bæjarhrepps vestan

---

<sup>36</sup> Byggðir Borgarfjarðar III (1993), bls. 369-371.

---

varnargirðingar á Holtavörðuheidi, ásamt hluta af Grænumýrartungulandi, allt norður að svonefndri Svínadalsá“. Liggur girðingin frá Dalagirðingu um Svínadal og Sléttafell (Sjónarhól) til Þjóðvegur í Dæld og þaðan austur til Hrutafjarðarár. Nokkru eftir 1950 var varnargirðing austan Þjóðvegur færð sunnar á heiðna. Sem fyrr segir liggur hún nú sunnan og suðvestan til í Holtavörðuhæðum, suður um Krókavatn og Hólmavatn til Hrutafjarðarár.

Eins og komið hefur fram skiptist afrétturinn eða leitarsvæðið eftir landslagi í þrjá hluta, og ræður þar mestu Norðurá og Norðurárdalur ásamt Holtavörðuvatni og Grunnvatni. Norðan og vestan ár eru Snjófjöllin, svo nefnd í daglegu tali, en hin eiginlegu Snjófjöll eru aðeins hluti af þessu svæði, eins og síðar verður vikið að. Þetta er Fornahvammisland (að hluta afréttarland) ásamt leigulandi að norðan. Er þetta mikið hálendi norðan til, og gnæfir Tröllakirkja þar hátt yfir með tindum sínum og (kór)hvelfingum á milli. Norður af Tröllakirkju er lágt fell eða rani fram til Svínadals, er nefndist Krikjurani. Í suður frá Tröllakirkju er allmikið landsvæði, hin eiginlegu Snjófjöll, gróðursnauð hálendisauð, stórgrýtisurðir og klapparmelar. Vestan þess hálendis er komið í ofanverðan Hvassárdal, og hlíðin inn með Hvassá nefnist Snjófjallahlíð. Er það nokkuð stórt landsvæði, sem nær inn fyrir sýslumörk Mýra- og Dalasýslna. Er þar víða graslendi og vel gróið. Upp af Snjófjallahlíðinni sunnan til er há fjallsbrún, er heitir Snjófjallakambur, og eru þar, sem hæst ber, Kambshornin, austara og vestara. [...]

Eins og fyrr getur er Heiðin og Hellistungur sunnan og austan Norðurár og Holtavörðuvatns. Mörk á milli þeirra eru um Austurá, en hún á að hluta til upptök sín inni á leitarsvæði Þverhlíðinga, eins og Hellisá, í svonefndum Lónum. Austurá, svo sem nafnið bendir til, kemur úr austri og rennur í Norðurá nokkru fyrir ofan þar, sem Fremri-Búrfellsá fellur í hana úr norðri. Heitir þar Heiðarsporður fyrir ofan þar, sem Austurá og Norðurá koma saman, og er Heiðin þar fyrir framan. Eru það ekki stór leitarsvæði, síðan varnargirðing var færð að vötnunum sunnar á Heiðinni. Þó er þar eftir mjótt landsvæði milli Holtavörðuvatns og Miklagils til eldri Þjóðvegur, sem nær norðan frá Dæld suður á Holtavörðuhæðir. Þar hefst hið eiginlega leitarsvæði á Heiðinni. Er það land vel gróið, hallandi frá vötnunum suður til Austurár, er þar víða nokkurt vallendi. Sunnan í Holtavörðuhæðum, nær Norðuará, er brekka, sem nefnd er Hæðarsteinsbrekka eftir stórum staksteini, er stendur þar ofarlega í brekkunni, og er það vel þekkt örnefni og leiðamerki. Var þar skipt í leitir á fyrri tíð.

[...] <sup>37</sup>

### *Landið og landsnytjar*

Ekki fer mörgum sögum af þessu landsvæði í rás aldanna, enda hafa alfaraleiðir milli landsfjórðunga legið fram hjá því báðum megin. Veldur það því votlendið mikla, Vatnaflóinn, illfær með hesta, meðan jörð er þíð.

---

<sup>37</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 372-374.

---

[...]

Selja og selfarar á Kjarradal er getið í fornsögum og máldögum, og má ætla, að þau hafi snemma verið höfð þar báðum megin ár. Líklegt er, að í upphafi byggðar hafi heimalöndin í Hvítársíðu verið vaxin birkiskógi og því nauðsyn að koma búsmala til fjalls yfir sumarið, en upp á Kjarradal lægri víðikjör og viðráðanlegra að geyma þar málnytupenings. Selfararrétturinn norður ár virðist hafa verið þrískiptur. Neðst er selland Reykhólts. Í því er Reykholtssel og Norðtungusel. Munu ekki finnast heimildir fyrir því, að Norðtungja hafi átt þar selför, en talið, að selið hafi verið haft þar í leyfi Reykhólts. Reykholtskirkja átti einnig veiði í Kjarará fyrir sellandinu, en það nær fram að Neðsta-Rangagili. Þá tekur við Sámstaðaselland að Vatnshnúkalæk og upp á fjallið á móti Kvíalandi. Sámstaðasel er sunnan undir Sámstaðahöfða. Innan vatnshnúkalækjar tekur við selfararland Gilsbakka. Þar er Bjarnarstaðasel („í staðarins landi á Kjarradal“) við Bjarnastaðaselgil austan við Bjarnarstaðahöfða og Gilsbakkasel við Selgil innan við Gilsbakkaeyrar.

Það má því telja víst, að land þetta hafi verið nytjað að grasnytjum því nær frá fyrstu byggð í Hvítársíðu, þó tiltölulega stutt sé, síðan það varð að afrétti, er búhættir breyttust.

Elsta, tiltæka heimild um afréttarnot og upprekstrarétt jarða í Hvítársíðu er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Í henni er engri jörð í Hvítársíðu eignaður afréttur nema um fjórar hinar neðstu er sagt, að upprekstur í Hellistungur brúkist tollfrí. Annars gengur gjeldfé í heimalöndum, en þau voru auðvitað sums staðar geysistór. Þá er núverandi Hvítarsíðingaafréttur sellönd og því friðaður fyrir gjeldfjárrekstri. Án efa hefur þó gjeldfé leitað inn á þetta svæði, þó annars staðar væri rekið upp, svo sem í Hellistungur. Þá hafa Hvítarsíðingar eflaust orðið að smala gjeldfé af þessu landi á haustin, eftir að farið var heim úr seljum.

Talið er, að selfarir hafi lagst af á Kjarradal (og víða um land) seint á 18. öld, ef til vill um eða upp úr Móðurharðindunum. Í Síðumúlaseli, sunnan ár, var aftur haft í seli, eftir nokkurt hlé, þegar kom fram á 19. öld, og var það sel notað fram um 1880, þó með nokkrum hvíldum, enda var þá búið þar í nokkur ár. Svo segir Daníel Jónsson á Fróðastöðum í bændatali sínu um Hvítársíðu.

Ekki er talið líklegt, að selin norðan ár hafi verið notuð svo neinu nemi eftir lok 18. aldar. Hafa menn þá farið að nota sellöndin til upprekstrar, enda þurft að smala þau hvort eð var. Hafa Hvítarsíðingar þá hætt upprekstri á Hellistungur og leitum þar. Þar með hefur upprekstur og leitarskylda færst að mestu í það horf, sem enn gildir, að Hvítarsíðingar reka einir fénað sinn á Kjarradal, nema Syðstutungumenn í Stafholtstungum mega reka þangað stóðhross. [...] <sup>38</sup>

---

<sup>38</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 364-365.



---

Þann 15. nóvember 1996 barst félagsmálaráðuneytinu bréf sem innihélt samkomulag milli sveitarstjórna í Borgarbyggð, Þverárhlíðarhreppi og Hvítársíðuhreppi um mörk sveitarfélaga á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar. Þar segir:

Sveitarstjórnir Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps eru sammála um að sveitarfélagamörk á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar (sbr. 3. gr. laga nr. 8/1986) skuli vera sem hér segir:

Milli Borgarbyggðar og Þverárhlíðarhrepps:

Með Hellisá, frá landamerkjum Króks (Hellisgili) að Gíslavatnslæk og með honum að Gíslavatni. Úr Gíslavatni norðaustast bein lína í hæðarpunkt, sem merktur er á korti með hæðartölunni 372 m., austan við Austurá og aðan bein lína í Hrutafjarðará þar sem hún mætir Skútagili. Mörkin fylgja leitamótum milli leitarflokka Stafholtstungnamanna og Þverhlíðinga.

Milli Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps:

Í *fyrsta lagi* ræður Vestasta-Rangagil (Merkjagil) þaðan sem það fellur í Kjarará upp á háfjall að landamerkjum Kvía í Þverárhlíð. Verður þá sá hluti afréttar í Þverárhlíðarhreppi, sem liggur milli gilsins og fjallgirðingar, þ.e. Reykholtsselland.

Í *öðru lagi* fylgir merkjalína leitamótum milli leitarflokka Þverhlíðinga og Hvítársíðinga. Ræður Litlaþverá frá Hrólfsvatnaskvísl að upptökum sínum í tjörn vestan Þverárvatna, og þaðan lína beint í Þverárvötn; þá lína úr Þverárvötnum austast, um Merkjavörðu á Hryggjum (norð)vestan Breiðavatns, þá norðan við Breiðavatn í suðurenda Nautavatns, þaðan í Staðarhól og þá í vesturenda Krókavatna.

Um ytri mörk þessa landsvæðis gildir „Landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi“ *osfrv.*

Þær *landspildur*, sem upprekstrarfélagið á og hefur keypt undan einstökum jörðum, Fornahvammi og Króki í Borgarbyggð, Hermundarstöðum í Þverárhlíð og Gilsbakka í Hvítársíðu, tilheyra að sjálfsögðu viðkomandi sveitarfélögum. Þær liggja utan fyrrgreinds svæðis, en að því, hver í sínu lagi.

Ákvörðun þessi um mörk milli sveitarfélaga breytir í engu eignar- eða afnotarétti né öðrum réttindum eða skyldum eins né neins, gagnvart umræddu landsvæði.<sup>39</sup>

Bréfið er dagsett 13. nóvember 1996 og er undirritað fyrir hönd Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps.

Þann 6. apríl 1998 var framangreint samkomulag milli sveitarstjórna í Borgarbyggð, Þverárhlíðarhreppi og Hvítársíðuhreppi, um mörk sveitarfélaga á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar, sent Landmælingum Íslands til umsagnar

---

<sup>39</sup> Skjal nr. 4(108).

---

vegna ákvörðunar á stjórnslumörkum. Var þar einkum óskað eftir mati Landmælinga Íslands á því hvort viðkomandi merkjalýsingar væru nægilega skýrar. Í svarbréfi Landmælinga Íslands frá 15. apríl 1998 kemur fram að stofnunin telji merkjalýsingarnar „almennt nægilega skýrar miðað við fyrirliggjandi gögn og vinnuaðferðir nema frá þeim stað þar sem Vestasta-Rangárgil nær upp á háfjall að landamerkjum Kvía í Þverárhlíð og að Hrólfsvatnaskvísl og hæðartölu 372.“<sup>40</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2004 segir um jörðina Gilsbakka:

*Gilsbakki* var mesta höfuðból í Hvítársíðu (líklega 60 hundruð að fornu jarðamati), höfðingjasetur fram á 13. öld og síðan prestssetur („staður“) til 1918 og kirkjustaður og góðbýli enn í dag. Bærinn stendur á hjalla uppi í hlíðinni, í skjóli fyrir norðanáttinni. Þaðan er geysilega mikið og fagurt útsýni, einkum suður um jökla og fjöll, en einnig yfir láglandið og byggðina.

[...]

Gilsbakki á land norður að Kjarará og var þar laxveiði mikil, og er, ádráttarveiði áður fyrr, en nú leiguveiði eins og í flestum öðrum laxám. Svo mikil var veiðin, að vinnuhjú áskildu sér að þurfa ekki að borða lax nema tvisvar í viku og hundar gengu út, þegar þeir heyrðu nefndan lax, eða jafnvel ældu. Sama saga er af vinnufólki og hundum á Hvítárvöllum.

[...] <sup>41</sup>

Gilsbakkakirkja átti ýmis ítök, skógarhögg í Hagaskógi á Húsafelli, veiðiútök upp um allar heiðar (m.a. hálfa veiði í Úlfsvatni), laxveiði í Kjarará og laxveiði undir fossinum Glanna í Norðurá o.fl. <sup>42</sup>

### 5.3 Tvídægja ásamt Hellistungum og Lambatungum

Í Heiðarvíga sögu, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er lýst suðurför norðanmanna yfir Tvídægju með viðkomu í seljum á Kjarardal. Þar segir:

Nú ríði þér annan dag viku frá Njáls [í Gnúpsdal] ok farið tómliga; hafið náttstaði á heiðinni,“ – þá fekk hon þat nafn, at hon var Tvídægja köllud, – „ok skuluð koma til vígis þess hvárstveggja, er á heiðinni er, þá er þér farið suðr, ok séð, hvárt svá sé, sem ek segi yðr. Flói heitir á heiðinni, ok eru þar vötn stór; þat er í norðanverðum Flóanum vatn þat, er nes liggr í ok eigi breiðara at ofanverðu en níu menn megu standa jafnfram, ok deilir norðr vatnföllum til heraða várra ór því vatni; þangat vísa ek yðr til. En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síðr, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð til at taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnföll til heraða þeira ór því vatni.\* En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum

---

<sup>40</sup> Skjal nr. 4(108).

<sup>41</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 206–207.

<sup>42</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (2004), bls. 211.

---

eptir endilöngum Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir þar dvalizk. Nú vættir mik, at þar komi þér nær eykt dags; þá skulu riða tveir menn af liðu yðru ofan í herað þar ok eptir fjalli ok svá til brúar ok koma [eigi] til byggða fyrr en fyrir sunnan ána.<sup>43</sup>

Í máldaga Árni biskups Helgasonar fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1306 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Heimaland allt a kirkia og lambatungur: og skog j husafellshrauHn allann firi nedan hagagard. og allt vpp a millum huijtar og dogurdar ar: allt vpp til gautu þeirrar er liggur fra husafelli og til tungu hinnar litlu vppe hia amote: og skoga alla firi nordan fliot þat er fellur næst tungu og vpp ad hafa hraune gagnvart seliatungu: fiskveide j vlfs vatni ad helminge oc j langa: Skamma vlfs vatza: og j flodlæk oc j austurlæk. Grunnavotn aull og lamba allt ofan til kiararar: Gasatiarnir fyrir hiedan lamba: og aull vötn vestur þadan. kuijsla vatn og Reida tiorn og allar þær tiarner er þangat falla læker wr: Alptveide alla firi vestan Gnupdæla gotu til huannstodz ens myckla: sionhending fra huannstodenu og j floa enn Eysta: Ein tjorn nordur fra austur floa: vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fiskveide: Aull vothn firi sunnan a þa er fellur wr vesturfloa oc ofan j brattagil fra brattaGile med hrutafiardardal til nordurardals: med nordurardal sunnan med daugurdar Eyia og Gijslavathn nedastfiri sunnan nordurardal: Tiarner allar j hellisdal: þuerarvotn og tiarner allar j lambadal laxveide j Glennrar fosse j nordrardal: oc alptveide a breidavatne: holltavaurduvatn og Reipavatn a hrutafiardar heide og alptveide a huoru tueggia: laxveide kiararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækjar: vidarRif j selia lande samstadamanna: hual Reka allan a BordEyre. halfann a kollá: xij vættir j tuijtugum hual oc meira a hrexstodum a midfiardar nese.<sup>44</sup>

Í Vilchins máldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Nicholaskirkia ad Gilsbacka a heimaland allt. Lambatungur og skog j Hvsafellzhraun. [...] kirkiann a skoga alla fyrer nordann fliot þat er fellur næst Tungu oc upp ad Hafa Hrauni gegnt Seliatunngv. Fiskveidi j Wlfsvatni ad Helmingi oc Langá. Skammaa. Vlfvatzaa. oc flodzlæk. austurlæk. Grunnavotn oll oc Lambaa allt ofan til Kiarrar.

Gasatiarner fyrer nedan Lambaa og oll votn þadann vestur. Kvyslavotn oc Reidartiorn oc allar þær tiarner er þangad falla læker vr. Alftveidi alla firir vestann Gnvpdalagotu til Hvannstodz hinns micla. Sionhending fra stodinu oc i floa hinn eýstra. ein tiorn nordur fra Austurfloa. Westurfloe nordast. [...]

oll votn firir sunnann a þa sem fellur vr Vesturfloa oc ofan j brattagil. fra brattagili med Hrutafiardardal til Nordurardals. med Nordurardal firir

---

<sup>43</sup> *Íslenzk fornrit* III, Borgfirðinga sögur, (1938), bls. 283-284.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(68).

---

sunnann til Dogurðarár eyar oc Gysla vatn nedast firir sunnan Nordurardal. tiarner allar i Hellisdal. Þverarvotn oc tiarner allar j Lambadal. laxveidur j Glennunar fosse j Norduræ. oc alfttveide aa Breidavattni. Holltavorduvatn oc Reipavatn a Hrutafiardarheidi oc aa hvorutveggju alfttveidi. Laxveidi j Kiarrá ofann ad grof þeirre er vt er fra seli Haukagilsmanna vt fra Merkgroff oc til fiskilækjar. Vidarrif j selialandi Samstadamanna. Hualreka allan a Bordeyri oc halfann ad Kolla. [...]

Kirkiann a oc jord er heiter aa Biarnarstodum j kirkiu reikning.<sup>45</sup>

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju, frá því um 1570, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kirkian ad Gilzbacka á heimaland alltt og Lambatungur og skög i Husafellzhraun. allann Hagagard og alltt vppá mille Huijtár og Kalldár. Alltt vpp til gautu theirrar er liggur fra Husafelle. og til Tungu hinnar litlu vppe hia amöte. og sköga alla fyrer nordann fliot thad er fellur næst Tungu og vpp ad Háffahrauni gagnvart Seliatungu. veidi j vlfsvatne ad helmingi og i Langa. Skammá. Vlfsvatzá. og i Flodlæk og i Austurlæk. aull Grunnvøtn og Lambá alltt offann til Kialarar. Gæsatiarner fyrer hiedann Lamhlá og øll vøtn vestur thadann. Kuiu Slavotn. og Vrridatiorn og allar thær tiarner er thangad falla lækier vr. alfttveidi alla fyrer vestann Gnupdala gautu til Huannstödz hins mikla. siönhending fra Huannstödinu og i flöa hinn eystra. ein tiorn nordur fra austurfloa. vesturfloa nordast Alftta floa hvorutueggja og fiskveide. aull vøtn fyrer sunnann á tha sem fellur vr vesturfloa. og offann i Brattagil. fra Brattagile med Hrutafiardardal til Nordurárdal [svo] med Nordurárdal fyrer sunnann til Daugerðarár eyre og Gijslavøtn nedast fyrer sunnann nordurardal. tiarner allar i Hellisdal. Thuerárvøtn og Tiarner allar i Lambadal. Laxveidi i Glenarar fossi i Nordurardal og alfttveidi á Breidavatne. Holltavørduvøtn og Reypavøtn. Hrulafiardarveidi og alfttveidur a huoru tueggju. Laxveijdi i Kiarará offann ad Grøff theirri er vt er fra sele Haukagilsmanna. vt fra Markagrøff og til fiskelækjar. vidarriff i Selialandi Samstadamanna. Hualreka allann á Bordeyri. halfann ad Kollá. xij. vætter i tuijtugum hval og meira a Heggstodum á Midfiardarnese.<sup>46</sup>

Þann 4. október 1592, í Hjarðarholti, féll eftirfarandi dómur um fjallskil í Norðurárdalshreppi, Þverárhlið og Stafholtstungum:

J fyrstu dæmdu þeir ad aller þeir menn. sem þa saude eiga sem skylt er til fiallz ad reka og bua á mille Nordurar og Huijtár á Huijtársijdu skulu til fiallz reka oc þeir sem ecki eiga sialfir adra afriett. oc suo lijka sie huer sem rekur skylduger til ad fara eitt sinn á haust oc reca sitt fie til riettar j þan tijma sem hreppstiornarmenn gera rad fyrer ellegar sekur vj aurum halft konge enn halft

---

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(71).

---

þeim er afriett á. So og dæmdum vier ad aungver menn vr audrum hreppum skule meiga reka án leyfis j þessara adur skrifadra hreppa afriett.<sup>47</sup>

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 1. ágúst 1643 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Þann 1 Augusti Visiterud Niculas Kirckia aa Gilzbacka a heimland allt, Lambatungur og Skög I husafellzhraun (Seiger kirckiu Skraen allann fyrernedan hagagard og allt vpp a millum huiitär og Dógurdarär allt Vpp til gótu þeirrar er liggur fra husafelle og til tungu hinnar litlu Vpp hiä ämöte) og Skoga alla fyrer nordan fliöt það er fellur næst tungu og vpp ad haffa hraune gagnvart Seliatungu. Fiskveide I Vlfsvatne ad helmijnge og I Langä, Skammä, Vlfsvatzä, og I Flödlæk og I austurlæk, Grunnavótn óll og lamb ä allt offan til Kiararär, Gäsatiarner fyrer hiedan Lambä og óll vótn vestur þaðan. Kuislavatn og Reidatiörn og allar þær tiarner er þängad falla læker ur. Alfftveide alla fyrer Vestan Gnupdälagótu til huannstöds ens mikla. Sionhendijng fra huannstödenu og I Floa enn eystra. Ein tiorn nordur frá austur flöa. Vestur Flöe nordast. Alfftveide ä flöa huortueggia og ei fiskveide. Óll Vótn fyrer Sunnan Aa þä er fellur ur Vestur Flöa og offan I Brattagil, fra Brattagile med hluta Fiardardal til Nordurärdalz. Med Nordurärdal Sunnan til Dógurdareya og Gijsla Vatn nedast fyrer Sunnan Nordurärdal tiarner allar I hellers dal Þuerärvótn og tiarner allar I Lambadal, laxveide I Glenrarfosse I nordurärdal og alfftveide ä Breidavatne, holltavórdu vatn og Reipavatn ä hrutafiardarheide, og alfftveide ä huortueggia, laxveide Kiararär offan ad gröff þeirre er ut er frá sele Haukagilzmannna Vt frá mercke gröf og til fiskelækjar. Vidarriff I selialande Samstadamanna, hualreka allann a Bordeyre, halfann ä Kollä, tölffvætt er I tuitugum hual og meira ä hegstóðum ä midfiardarnese. Pette effter ut Skriffadre skra kirckjunnar er S. Gunnar Byrte. Stendur preste til ad bijvijsa eff sa liffer er utskriffad heffur. Enn effter Vilchins Mäldaga suofellt. Kirckian ä Sköga alla fyrer nordan fliöt það er fellur næst tungu og vpp ad haffahraune giegnt seliatungu. Fiskeveide I Vlfsvatne ad helmijnge og Längä Skammä, Vlfsvatzä og Flödlæk, austurlæk, Grunnavótn óll og lambä allt offan til Kiarrär, Gusatiarner fyrer nedann Lambä og óll vótn þaðann vestur Kujsla vótn og Reidartiörn og allar þær tiarner er þängad falla læker ur, Alfftveide alla fyrer vestan Gnupdalagótu til huannstöds hins mikla. Sionhendijng frá Stodenu og Flöa hins eystra, ein tíörn nordur frá austur flöa, Vestur floe Nordast. Alfftveidur ä Flöa huorum tueggia og fiskveide, óll vótn fyrer sunnan ä þä sem fellur ur vestur flöa og offan I brattagil, fra brattagile med hrutafiardardal til Nordurärdals, med nordurärdal fyrer sunnan til Dógurdarär eyar og gijslavatn nedast fyrer sunnan Nordurärdal. Tiarnarer allar, tiarner allar I hellisdal, Þuerärvótn og tiarner allar I Lambadal. Laxveidur I Glennunarfosse I nordurä og allftveide ä breidavatne, holltavórdu vatn og reipavatn a hrutafiardarheide og huore tueggiu alfftveide. Laxveide I Kiarrä offan ad groff þeirre er ut er frá sele haukagilzmannna vt fra mercke gröp og til fiskelækjar, Vidarriff I Selialande

---

<sup>47</sup> Skjal nr. 2(53).

---

Samstada Manna, hualreka allan ä bordeyre og halffann ad Kollä. 12 vætter ä tuitugum hual og meira ä hegstódum ä midfiardarnese.<sup>48</sup>

Árið 1666 las Helgi Grímsson upp í lögrétu fimm vitnisburði um Haukagilssel. Frá því er sagt svo:

Num 29.

Um Haukagils Sel

Sr. Helge Grýms son upplas í lögriettu tvennslags vitnisburde, sem voru

1). [...]

2). J odru lagi las sr. Helge fimm manna vitnesburde um kongs Jarðarennar Haukagils Sel að það være réttelega og að fornu fare fyrer norðan Kiarraa, hvöriu sr. Helge vænest að samhljóðe Gilsbacka kyrckiu maldaga. Og enn gamalt Insiglað sama staðar landamerkia bref. Svöruðu lögmenn og lögriettan so hier til, að ef S. Helge Grýmsson og S. Paall Gunnarson Gilsbacka staðar halldare vilja ey samþyckelega syn á mille hier um forlýkast þá skule þetta i hierade framar skoðast efter lögum.

Að þetta sje rjett eptirrit úr lögbingsibók 1666 bls. 206-7 N° 29, vottast hjermeð notarialites eptir nákvæman samanburð.

Notaríalskrifstofu Reykjavíkur 1. júní 1886.

Jón Jónsson

settur.<sup>49</sup>

Varðveittar eru eftirfarandi afskriftir af vitnisburðum frá árunum 1666–1669 um selstöðu Haukagils í Kjarardal:

[a].

8. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Vitnisburdur Sveins Jonssonar [um] Haukagilz sel, land a Kiör.

Það vitne ber eg Sveirn Jonsson [skemmd í frumriti] ad þa jeg var 18 vetra kom eg [...] Kiarra. En firir nordan Kiarra [...] [r]eikia hollts sel. Þa Samstada sel þa [...] firir framan fiskilæk, nockud nedar enn gagnvart Biarna[stadasele]. ~~firir framan fiskilæk~~ þa Gilsbackasel fram leingst. oll þesse 4 sel samhlydis [vid] ána. Þa hiellt sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson Gilzbackastad. Sijdan eru nu 57 ar. Og það heyrde eg sera Torfa heitin seigia vid Helga fusason og Biarna h(eitinn) Jonsson þar i stofunne a [Gilzba]cka [ad] Gilsb[acka] kirkia ætte veide alla i Kjarrá ofan ad fiskelæk, enn land [...] epter þui sem eg heyrde a þeim dogum af mier elldre mönnum þa a Haukagil þar fiöggra hundrada land i Kjör. Þessum mijnum vitnisburdi vil eg giora þa stadfestu ef

---

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(184) a-b.

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(26) a-b).

---

þörf krefur [og e]g verð lögskyldur til: og underskrifa hier þui mitt nafn með eigen [hende] á Husafelle í Hvitarsíðu Anno 1666 þann 8 Augusti.

Sveirn Jonsson m.e.h.

[b].

9. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu og skemdu frumriti og samtíða maukfúnu transskripti Sigurðar á Haukagili 1893.

Vitnisburður Guðrunar Aradóttur.

Það vitne ber eg Guðrun Aradóttir [ad] eg var 33 ár á Biarnastodum, 9 og 20 af þeim var síra Torfe Þorsteinsson að Gilsbacka. enn síðan hann andaðist eru nú 44 ár. og eptir þui sem um þann aðurskrifadan tíma minnar veru á Biarnastodum var haft og hallded. þa eiga Biarnastader selför fyrir sunnan Kjarra. Enn Haukagil fyrir norðan [átölulaust] millum Samstada sels og gamla Gilzbackasels. Þessum mínum vitnisburde til staðfestu underskrifa eg mitt nafn með eiginhende að husafelle Anno 1666. 9 Augusti.

Guðrun Aradóttir

m.e.h.

[c].

10. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893, og maukfúnu transskripti.

Vitnisburður Sveins Jonssonar

Það sama sem Guðrun Aradóttir vitnað hefur hier næst fyrir ofan skrifad votta eg Sveirn Jonsson eirnin að eptir þui sem um daga sera Torfa h(eitins) Þorsteinssonar meðan hann var á Gilzbacka var haft og halldit atolulaust. þa á Haukagil með riettu selför fyrir norðan Kjarra millum Samstadasels og gamla Gilzbackasels. Þessum mínum vitnisburde til staðfestu underskrifa eg hier mitt nafn með eigin hende á Husafelle þann 10 Augusti Anno 1666.

[Sveirn] Jonsson e.h.

[d].

27. August 1666 á Húsafelli

Eptir frumriti Sigurðar á Haukagili 1893 og transskripti frá sama ári gerðu í Kalmanstunga af Jóni Vigfússyni, Helga Eyjólfssyni og Sveini Eileifssyni, í eigu Sigurðar.

Það vitne ber eg Svanhilldur Loptsdóttir að Haukagil á með riettu selför og fíögra hundrada land á Kiör. fyrir norðan Kjarrá næst fyrir framan Samstada Selland og í þui íij hundrada lande á Haukagilz Sel með riettu að standa: Þui að su selför og fíögra hundrada land var átölulaus eign Haukagilz höfd og halldin beitt og brukud fram under .xxx. ár þa amma míjn Sigridur

---

Stephansdotter bio a nefndu Haukagile: Enn Eiríkur prestur Grímsson á Gilzbacka: Þa var bænhus á Haukagile og messaði þar nefndur sera Eiríkur nokkrum sinnum sem eg bæde sa og heyrde. Þennann minn vitnisburd vil eg með eide sanna þo mjer það dæmt verde: Og þui handsala eg sera Helga Grímssyne þennann minn vitnisburd: og mitt nafn hier under ad skrifa a Husafelle Anno 1666 þann 27 Augusti. ad vitne þeirra manna er og suo skrifa sijn nöfn hier under.

Svanhilldur Loptsdotter handsalade

Gisle Björnsson E.H.                      Ólafur Vigfusson eh.

Snorre Þíðríkzson meh.                  Jon Vichffusson

Sumarlíde Jonsson meh.                Eh.

[e].

[1666]

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Það votta og auglyse eg Þíðrík Arason ad sa vitnisburdur sem [eg] hefe utgefíd um Haukagilz sel Anno 1665 ad Galmanstungu þann 23 Julij: hliodar um þann tíjma sem sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson hieilt gilzbackastad um huors daga ad það seled sem stod firir nordan Kjará millum Samstadasels og gamla Gilzbacka sels var [átölu]laust haft og halldid Haukagilz sel. Og ei voru þar þa [nein] önnur sel i millum. En löngu seirna einkum 17 árum þá eg [eyða/skemmd í skjali] var sera Gunnar h(eitinn) a gilzbacka: og þa leigde hann mjer þar selför [firir nodan Kjarra sem adur var Haukagilz sel en huorn veg hann [...]

[f-g].

3. júlí 1667 á Húsafelli

Vitnisburðr Dags Jónssonar um Haukagils sel í Hvítársíðu.

Eptir fúnu og rifnu frumriti Sigurðar sýslunefndarmanns Jónssonar á Haukagili 1893.

Dags Jónssonar vitnisburdur um Haukagilssel.

So felldann vitnisburd gef eg Dagur Jonsson um Haukagils sel ad það er ad riettu og fornu firir nordan Kjará [svo] næst firir framan Samstada sels land epter þui sem átölulaust var haft og halldid um þann tíjma sem sijra Torfe h(eitenn) Þorsteinsson hieilt Gilzbackastad.<sup>50</sup> Var eg i Sijðumula um nokkur ár og kom eg ad neffndu sele optlega og alldre heyrde eg þar tuimæle á leika eda nokkurn mann þui a mote mæla ad Haukagil ætti það sel og selför með riettu og almennelega var það kallad Haukagilzsel, en alldreí Biarnastadasel

---

<sup>50</sup> „Sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson kom til Gilzbacka Anno 1588 epter sera Gudmund Einarsson, enn andadz Anno 1622. Þui hefur sera Torfe halldit Gilzbackastad 34 ár,“ ritað á lausan miða með frumritum Sigurðar á Haukagili með hendi séra Helga Grímssonar.



---

suo jeg heyrde af nockrum manni. Og ecke veit eg annad sannara um þetta sel en þad hafe Haukagile filgt um alldur og æfe sem menn seigia. Og suo var þad brukad af Biarna h(eitnum) Jonssyne þa hann bio á Haukagile frialst og atölulaust af öllum mönnum. Enn Biarnastadasel var þa haft og halldid firir sunnan Kiará nockud framar en gegnt þrattnefndu Haukagilssele en alldrei firir nordan Kiara; kallad hafft nie halldit af nockrum manne so jeg heyrde nie visse. hefur mier þo hier um kunnugt verid mikinn hlut æfe minnar fra mijnum ungdoms árum og er eg nu 70 madur. er þesse minn vitnisburdur utgefinn jatadur og handsaladur sera Helga Grijmssyne á Husafelle Anno 1667 þann 3 dag Julij og mitt nafn under skrifad ad vitne þeirra manna er og suo skriffa sijn nöfn hier under i sama stad og dag.

Dagur Jonsson

handsalade

Biorn Jonsson E.H.

Porkiell Jonsson m.E.H.

Stephan Grimsson

[h].

15. Júlí 1667 á Víðilæk

Vitnisburður Helga Bergþórssonar um Haukagilssel

Eptir fúnu og rifnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Helga Berþorssonar vitnisburdur

Þad giori eg helgi berþorsson godum monnum kunnugt [med þessum] mijnum vitnisburdi ad eg var til vistarveru i fimm [ár á Hau]kagili hia biarna Jonsine og eru nu sijdan vel fiort[iu ár] og geimda eg pening j haukagilzseli firir nordann ána j [millum] samstadasels og gilsbacka sels og heirda eg þar alldri tuim[æli á] leika annat helldur enn þad væri tuillaus jardarinnar hau[kagils] eign og vil meiri sannindi hier a giora ef þörf krefur. Og til stadfestu þessum mijnum vitnisburdi handsala og leifi [eg] mitt nafn hier firir nedann ad skrifa þann 15 Julij 1667 a widilæk i þuerárhlijd.

Helgi berþorsson

Þennann hier firir ofan skrifadann vitnisburd hejrdum og saum vier Helga berþorsson vtgefa og handsaladi sitt nafn vndir ad skrifa og til merkis skrifum vor nöfn og audkenni hier firir nedann.

Jon gislason      Olafur Þordarson [Þetta er Ólafur að Svartagili].

m.e.h.

Dagur Jo[nss]on handsalade

[i-j].

13. September 1667 á Húsafelli

---

Eptir maukfúnu og skemdu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Epter þuij ad eg Gisle Jonsson er bedin a[f] sera Helga Grijmssyne sanninda vitnisburðar um Haukagilz sel þa er þar um sa m[inn s]annur vitnisburður ad epter þui sem um tijma sera Torfa h(eitins) Þorsteinssonar medan [hann var] a Gilzbacka, og um þau .x. ar sem fader m[inn] bio a haukagile, var motmælis[laust h]aft og halldit beitt og brukad, þa a Haukagil med riettu sel og selland firir nord[an] Kjarrá i millum Samstada selz og gamla Gilzbacka sels: og var það halldid fiöggra hu[ndrada] land. og köllud eign bænhuss þess a haukagile hafde verid. enn lagst sijdan til [jardar]innar. og það vissa eg firir vijst ad fader minn leigde alldre það sel ad sera Torfa, helld[ur hafde] hann það frialzlega og atölulaust i alla stade einz og sialft haukagilz heima [land til] ummerkia bygde hann það sel og selland hilldebrande heitnum sem b[io] a kirkiubole um nockur ár sem hans sonur Þorhalle hefur vottad. Og alldrei heyrde eg men [e]ign[a] það [öd]rum en Haukagile og Haukagilzmönnum og nein tuimæle a þuij leika [eyða/skemmd í skjali] monnum. Og firir satt var það halldid ad þar hefde verid bænhus a[f] mier elldre monnum. og ad madur nockur sonur konu þeirrar er þar [bio hafde] kosid sier þar legstad og verid þar grafinn. Þennann minn ofannskrifadan [vitnisburd vil] eg med eide sanna ef eg verd þar löglega skylldur til og handsala þuij [mitt nafn hier] under ad skrifa á Husafelle Anno 1667 þann 13 Septembris [m]jitt nafn.

Gisle Jonsson handsalade.

Þennan firir ofannskrifadan vitnisburd heyrðum og saum vier underskrifader Gisla Jonsson játa og handsala sera Helga Grijmssyne i sama stad ar og dag sem adur seiger.

Gudmundur Arnason

Vigffus Þordarson

E.H.

E.h.

Jon Vigffusson

E.h.

[k].

11. Júlí 1668 á Haukagili

Eptir rifnu og fúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893

Þorleifs Einarsonar vitnisburður um Haukagilz sel.

Epter þuij ad eg Þ[or]leifur Einarsson er bedin[n sannenda] vitnisburðar um þeirrar [k]ongsjardar Haukagilz sel þa [ber] eg það þar um sem veit rieltast og sannast og eg heyrde fyr meir af mier elldre mönnum, ad Haukagil a selför fyrer nordan Kjará a millum Samstada sels og gamla Gilzbackasels, og alldrej heyrda eg það sel ödrum mönnum nie jörðum eignad enn Haukagile. Þessum mijnum vitnisburde til stadfestu underskrifa eg mitt naffn med eignhende a Haukagile Anno 1668 þann 11 Julij.

---

Pollefur einarson med eigenhende.<sup>51</sup>

Þann 20. maí 1667 lögfesti séra Helgi Grímsson Haukagil og Haukagilssel.  
Lögfestan hljóðar svo:

20. maí 1667 á Sámsstaðþingi.

Eptir fúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893

Sera Helge logfester Haukagil og Haukagilz sel.

Epter þuij sera Paall Gunnarsson hefur uppleseð Lögfestu að þuij lande og eigum er hann skjirer Gilzbacka kirkju eign vera nu að Samstaðþinge Anno 1667, 20 Maij, þa orsakast eg til að lögfesta mijna liensjörd Haukagil (að eg helld) og það sem epter filger.

Eg Helge Grijmsson lögfeste hier að Samstada Mantalz samkomudeigje mijna liensjörd Haukagil með öllum þeim gögnum og giædum sem þeirre jördu filgia eigu með riettu að nyu sem fornu. Suo og allt land Haukagilz með Haukagilz sele fyrer nordan Kjarrá. epter Gilzbacka kirkiu máldaga. Samstada landamerki[a] brefe. Galmanstunguskiölum og annara [godra] manna vitnesburdum. Þangad til neffnt Haukagils sel er riettelega dæmt fra Haukagile. edur skickad af þuij yffervallde sem andlegra jarda riettelegur og fullkomnir forsuarsmenn eru epter kongl. Majestatis ordinantiu edur af þuij riettelega tilneffndum domsmonnnum. að vitne Ehrlegs mans Torfa Þorsteinssonar er hier þingar af kongvalldsins alfu asamt og Hannesar arnasonar logriettumans, Einars Stephanssonar og Þidrikz Arasonar og allra þeirra er ord mijn heyra.

Þessa hier hinumegin skriffada lögfestu upplas heidurlegur kiennemandur sera Helge Grimsson á Samstada manntalz samkomudeigje mier og öðrum þijnmonnum nálægum og aheirande: huar umm til merkis vorar handskriffter Anno 1667 20 Maij.

Thorffe Þorsteinsson m. E. h.

Hannes Arnason                      Einar Stephansson E.H.

med E. hende                      Þidrich Arason Eh.<sup>52</sup>

Á Alþingi, þann 3. júlí 1667, var upplesin fimmtarstefnudómur við Bjarnastaðasel:

Item var svo skrifað upp á fimmtarstefnudóm við Bjarnastaðarsel: Anno 1667, þann 3. Julii, var þessi dómur upp lesinn í lögrétu á Öxarárþingi, lögmönnum og lögrétu á heyrandi. Og var hér til svarað, að dómurinn standi, þar til sira Helgi leiðir frekari skjöl en í þennan dóm innfærð eru eður aðrar löglegar bevísingar eftirtekta verðar. Þar skrifuðu lögmenn undir.<sup>53</sup>

---

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(24) a-b.

<sup>52</sup> Skjal nr. 2(25) a-b.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(54).

---

Í frásögninni er líklega verið að vísa til séra Helga Grímssonar sem var umráðamaður Haukagils á þessum tíma. Dómurinn hefur hins vegar ekki fundist og því ekki hægt að segja með vissu um hvað var dæmt.

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 7. september 1684 er ekki getið um Hellistungur.<sup>54</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 19. ágúst 1694 er getið um land á Hellistungum:

Anno 1694 þann 19 august sem Innfiell 11 Dominicä Effter trinitates ad Hiardarholtz kirkiu I stafholtstüngum,

[...]

sama dag Visiterud kirkian ad Hiardarholte i stafholtstüngum Hün ä Lækiarkot sem nü Er bigt fätækum manne og sveitenn gielldur firer 40 alna landskuld. Kirkiunnar Itók þaug sem ad fornu vered hafa ef brieff og mäldagar kunna umm ad Finnast Eru nü Ecke i Eignarmanna hóndum og ei helldur kiemur firer ad Heidurlegur Ser Jön Olafsson Sälugrar minnyngar hafe þau adleitt umm Sýna daga enn nü Fram kiemur Vitnisburdur af nockrum handsaladur og einum Underskrifadur ad kirkiann ad Hiardarholte Eyge land ä Hellerstüngum til þeirra um merkia Sem það Vitnisburdar skial utvysar Vtgiefed Anno 1685 d. 15 Martj Vid Huamms kirkiu. Item Annar Vitnisburdur ad nefnd kirkia ad Hiardarholte Eyge 10 Hundrada Land millum Hallar og spöamyrar og nü er kallad Lækiarkot sem adur greiner. Item er i sama Vitnisburde kirkiunne Eygnad ad hefd og brükun til kola og Rafftvidar það Landzplätz er Leifs Hagie kallast og liggur nálægt Hreda Vatne firer utann Nordur Ä og vid Lax foss landar Eýgn, I sama Vitnissburde, gietur og um greindrar kirkiu Eygnar land ä Hellerstüngumm, Sem og Þorunnarholt I Arnbiargarlækiarlande, og Heyshola i gudnabackalande. So sem það brief Sier lykast hermer med underskriftum frömra manna Anno 1693 d. 15 Aprylis, kirkiann a 10 mälnitu kugillde og eirn hest Effter Visitatiu Meistara Brynjolfs Sveinssonar Anno 1643.

[...] <sup>55</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 31. ágúst 1702 er getið um land á Hellistungum:

Item effter vitnisburde nockrumm sem vmmgietur i visitatiu profastssens Sal. Palz Gunnarssonar er henne eignad land ä Hellers Tungu.<sup>56</sup>

---

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(165) a-b.

<sup>55</sup> Skjal nr. 2(174) a-b.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(144) a-b.

---

Í fylgiskjali með *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, dags. 1. júlí árið 1703, kemur eftirfarandi fram um Hjarðarholtskirkju:

1703, 1. júlí.

*Kirkjan að Hjarðarholti.*

Kirkjan að *Hjarðarholti* í Stafholtstungum, hún á [...] land á Hellirstungum, sem nú er afrétt. [...] Þetta samhljóða að vera við sinn originál vottum við undirskrifaðir á Norðurtungu dag 1. Juli anno 1703.

Árni Hannesson e(ldri) m. e. h., Árni Pétursson m. e. h.<sup>57</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir svo um afrétt Staðar í Hrutafirði:

Afrjett eigna menn staðnum í vestanverðu Sljettafelli, á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan [...].<sup>58</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1708 segir eftirfarandi í kafla um Krók:

Blesastader er fornt eyðiból í Krókslandi. Enginn minnst að þar hafi byggð verið, en munnmæli eru eftir gamallri kellíngu, að faðir hennar hafi þar búið 3 ár. Hún var á dögum foreldra þeirra, sem nú eru fimtugir; ætla menn sögn hennar sanna. Ekki vita menn hvörjir kostir voru, nema sögn, að leiga væri xx álnir og i kúgildi, hverutveggja frá ábúandanum í Króki. Túnstæði alt er að mestu í hrjóstur og mosa komið, og ekki má hjer aftur byggja fyrir slægnaleysi og fjallpeníngs yfirgáangi; það mundi þó annars mögulegt að rækta, ef afstíað yrði átroðnings nauðinni.

Kirkjuból, forn eyðijörð á Hellistúngum, í því plátsi, sem nú er fjárupprekstur brúkaður af sveitinni sem áður segir. Sýnileg eru hjer bygðamerki og garðaleifar; en einginn minnst hjer hafi bygt verið, og ómögulegt er hjer aftur að byggja.<sup>59</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 kemur fram að eftirfarandi jarðir í Þverárhlíð hafi átt tollalausan fjárrekstur á Hellistungur: Norðtunga, Örnólfsdalur, Helgavatn, Hamrar, Hermundarstaðir, Lundur, Sigmundarstaðir, Karlsbrekka, Höfði, Hamar, Arnbjargarlækur, Spóamýri, Lækjarkot og Víðilækur.<sup>60</sup>

---

<sup>57</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 150.

<sup>58</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 10.

<sup>59</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 299–300.

<sup>60</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 277–291.

---

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um kirkjustaðinn Hjarðarholt í Stafholtstungum:

Selstöðu á kirkjan [í Hjarðarholti] á Hellistúngum fram frá Norðurárdal, þar sem heitir Hjarðarholtssel; hefur um lánga tíð ekki brúkast, því selstaðan er nú í almennings upprekstri og þar með í fjarska.<sup>61</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Ásbjarnarstaði í Stafholtstungum:

Afrjett brúkar jörðin frí á Hellirstúngum á fjallinu fram frá Norðurárdal so sem öll þessi sveit, og so hefur verið um langan aldur.<sup>62</sup>

Eftirtaldar jarðir í Stafholtstungum eru sagðar eiga frían afrétt á Hellistungur líkt og Ásbjarnarstaðir: Sleggjulækur, Guðnabakki, Brúarreykir, Steinar, Lundar, Kaðalstaðir, Efranes, Neðranes, Hjarðarholt, Bakkakot, Einifell, Stafholtsveggir, Arnarholt, Hamraendar, Stafholtsey, Hofstaðir, Stafholt, Melkot, Bjargarsteinn og Sólheimatunga.<sup>63</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hvítársíðu í Mýrasýslu frá árinu 1709 eru eftirtaldar jarðir í hreppnum sagðar eiga tollfrjálsa afrétt á Hellistungur: Síðumúli, Síðumúlaveggir, Fróðastaðir og Tóptahringir.<sup>64</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir í kafla um Gilsbakka:

Afrjett engin, og gengur peningur oftast í heimalöndum, þetta ár hafa hjeðan verið rekin lömb á Hellistúngur.

[...]

Laxveiðivon í Kjarará og silúngsveiði í Hvítá og Hrauná hefur áður mikil og góð verið, en nú gagnlítill í nokkur ár, og so í mörgum stöðuvötnum á Tvídægri.

Eggver af álft gagnvænt og álftatekju alla á staðurinn á Tvídægri fyrir vestan Gnúpdælagötu, og er þetta kallað heimaland staðarins, brúkast nú lítt í nokkur ár.

[...]

Silúngsveiði á staðurinn í Úlfsvatni að helmíngi, í Lángá, Skammá, Úlfsvatnsá; í Flóðlæk og Austurlæk, öllum Grunnvötnum og Lambá ofan til Kjarará; Gásatjörnum fyrir heiman Lambá og í öllum vötnum vestur þaðan; Í Kvíslavötnum og Urriðatjörn og í öllum þeim tjörnum, er þángað falla lækir

---

<sup>61</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 326.

<sup>62</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 315-316.

<sup>63</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 315-338.

<sup>64</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 271-275.

---

úr. Ítem í Flóa hverutveggja, so og í öllum vötnum fyrir sunnan á þá, sem fellur úr Vesturflóa og ofan í Brattagil, og í Gíslavötnum neðst fyrir sunnan Norðurárdal. Í tjörnum öllum á Hellisdal, Þverárvötnum og tjörnum öllum í Lambadal. Þessar veiðar hafa ekki brúkast frá staðnum um nokkur ár heldur en öðrum jörðum. Ítem á staðurinn silúngsveiði í Holtavörðuvatni og Reipavatni á Hrutafjarðarheiði

Laxveiði í Glennrarfossi í Norðurá, hefur ekki brúkast í manna minni.

Álftaveiði fyrir vestan Gnúpdælagötu til hvannstóðsins mikla, sjónhending úr hvannstóðinu og í Flóa hinn eystra. Á einni tjörn norður frá Austurflóa, á Vesturflóa norðast og á Flóa hverutveggja. Ítem á Breiðavatni, so og Holtavörðuvatni og Reipavatni. Ekki hefur staðurinn haft gagn af þessari fuglveiði svo menn muuni.

[...]

Selför löng og erfið yfir fjallið á Kjörárdal.<sup>65</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir í kafla um Bjarnastaði:

Eigandi beneficium Gilsbakki.

[...]

Selstöðu brúkar jörðin frí í staðarins landi á Kjarardal, og er þó erfið til að sækja, vide supra Gilsbakka.<sup>66</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir í kafla um Haukagil á Hvítársíðu:

Þessi [Hjer er fyrst ritað: „Eigandinn biskupsstóllinn Skálholt, og er“, en síðan strikað kringum það, og „er“ bætt við á eftir „þessi jörð“] jörð er lögð prestinum að Húsafelli til uppheldis, og því uppber hann alt eftirgjald jarðarinnar, landskuld og leigur, og hefur öll umráð yfir jörðunni.

[...]

Fjögra hundraða land eignar presturinn að Húsafelli þessari jörðu [Haukagili] norður á Kjör, og hefur lögfest það ásamt jarðarinnar landi á Manntalsþínginu vorið 1708, en ekki ánefnt í sinni lögfestu sjerdeilislega hvar þetta landspláts lægi á áðurnefndri Kjör (sem er eitt dalland). En það þykjast menn heyrt hafa af sjer eldri, að þar sem Bjarnastaðasel stendur skuli áður hafa kallað verið Haukagilssel, og það landspláts hefur presturinn að Gilsbakka lögfest undir staðinn Gilsbakka með hans landi á vormanntalsþíngi 1709. Ekki er til greina

---

<sup>65</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 264-265.

<sup>66</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 266.

---

komið hverjir hjer hafa rjettara, en landið brúka Bjarnastaðir árlega fyrir selstöðu, og so hefur verið í 30 ár eða lengur.<sup>67</sup>

Í vísitasíu fyrir Hjarðarholt frá 10. september 1716 segir svo um Hellistungur:

Annar Vitnisburdur dateradur vid Hvamskyrkiu 1685 15. Martii Utgefenn af [af, ofan línu] Berge Andressyni, Andresi Þordarsyni, Äsmunde Jonssyne, Benedickt Þorsteinssyni, og Sigmunde Einarssyni, sem visar til þessara landamerkia, ad kyrkiann i Hiardarholte eige land ä Hellerstungum til þessara ummerkia, ad til landnordurs råde frá sinum upptókum Lambagil allt i Nordurä, rædur þä Nordurä allt ad Hellirsä, og Hellirsä upp ad Gislalæk, sidan Gislalækur ad upptókum þad epter því sem Vótnum hallar uppa brunena ä millum fyrirtiedra lækia, og nidur i tunguspordenum, eru topter fornar, sem kallad hefur vered Hiardarholts Sel.

[...]<sup>68</sup>

Sumarið 1719 var héraðsdómur sýslumannsins í Þverárþingi, frá 16. júní 1719, lagður til ályktunar lögmanna og lögréttu. Þar staðfesti lögrétta dóm sýslumanns um fjárupprekstur og fjallskil á Hellistungum:

Item var í lögréttu upplesinn héraðsprocess sýslumannsins í Þverár þingi vestan Hvítá, genginn að Hjarðarholti í Stafholts-tungum 1719, d. 16. Junij, viðvíkjandi fjárupprekstri á Hellirs-tungur og réttarskilum að Fiskivatns rétt, hvar um dómendur í héraði hafa ályktað, að hér eftir sé til fjallskila riðið á Hellirs tungur mánudag nærstan fyrir Krossmessu og síðan sé Fiskivatns rétt haldin fimmtudaginn nærstan þar eftir. Setja so dómendur í héraði þennan sinn dóm til lögmanna og lögréttunnar atkvæða á þessu lög-þingi.

Hér uppá er lögmanna og lögréttunnar ályktun, að dómur sýslumannsins Sigurðar Sigurðssonar standi í fullu gildi og bændur skyldugir hönum að gegna, og gjörist um geld-fjár rekstur á vorin og fjall-göngur á haustin eftir því, sem hreppstjórnar menn gjöra ráð fyrir og hverju byggðarlagi hæfir. En réttir skulu þar vera, sem að fornu verið hafa.

Er þessi dómur byggður á Landsleigub. 46. og 49. cap.<sup>69</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 11. júní 1721, er vísað til vísitasíu frá árinu 1716, og m.a. getið um Hellistungur með nánar tilteknum landamerkjum:

Anno 1721, dag 11 Junii var kyrkiann Ad Hiardarholte Visiterud af Hierads Präfastenum Sr Jone Halldörssyne, kyrkiann helldur enn þeim eignum og ítókum sem ummgietur i sydustu Visitatiu Hr Býskupsins Sal. Mag. Jons Thorkielssonar Widalin Anno 1716 Sem eru nefnelega, effter brefum og vitnisburdum sem liggia ä kyrkiunne 10 hndr. Land mille Hallar og Spöamýrar, kallað Lækiarkot Skog i Leifshaga er liggur nálægt Hredavatne

---

<sup>67</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 268-269.

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(167) a-b.

<sup>69</sup> Skjal nr. 2(55).



---

fýrir utan Nordurä. Land ä Hellerstüngum [...]. Enn Landamerke Hiardarholtskyrkiu eignar ä Hellerstüngu eru þesse tiltekenn, ad til Landnordurs ræde frá sinum upptókum Lambagil allt i Nordurä rædur þä Nordurä allt ad Hellers ä, og svo Hellersä upp ad Gislalæk, Sydann Gislalækur ad upptókum þad effter þvi sem vótum hallar uppa brünaena ä millum fyrrtiedra lækia og nidur i tunguspordinum eru toffter fornar, sem kalladar hafa vered Hiardarholtz Sel.

[...] <sup>70</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 21. júní 1725, er vísað til vísitasíu frá árinu 1716, og m.a. getið um Hellistungur með nánar tilteknum landamerkjum:

Kirkiann ad Hiardarholte i Stafholtstungum ä Lækiarkot, Land ä Hellerstungum, til þessara umm merkia, effter þvi sem sa vitnisburdur ummgetur, sem Innfærdur er i visitatiu Biskupssens Sal: Widalin Anno 1716, ad til Landnordurs ræde frá sinum upptókum Lambagil allt i Nordurä, rædur þä Nordura allt ad Hellers ä og so Hellersä upp ad Gislalæk, sidann Gislalækur ad upptókum, Þad effter þvi sem Vótum hallar uppä brunena, ä millum fyrtyiedra lækia og nidur i tunguspordenum eru toffter fornar sem kallad hefur vered Hiardarholtz Sel. Fleyra um Itók kyrkiunnar ad Hiardarholte einkum umm dyrleika og ummmerke lækiarkotz, mä lesa i Strax nefndre visitasiu, sem hefur tillit til vitnizburdarbrefa, er þä hafa ä kirkiunne leiged, og Eigande Jardarennar, Æruverdug Gudrydur Jönsdötter, hefur þvi lyst i þad sinn, ad kirkiann hiellde Itókunum, og þau være brukud effter þvi sem yrde vidkomed.<sup>71</sup>

Í úttekt fyrir Hjarðarholtskirkju frá sama degi, þ.e. 21. júní 1725, er getið um Hellistungur með sama hætti og í vísitasíunni.<sup>72</sup>

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 24. september 1725 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir:

Gils Backe

Nicholai kyrkia ad Gilsbacka, ä heimaland allt og Lambatungur, og Skög i Husafells Hraun, allann Hagagard, og allt upp ä mille Hvytär og Kalldär, allt upp til götu þeirrar er liggur frá Husafelle, og til tungu hjnnar Litlu, upp hiä ä möte, og sköga alla fyrer Nordann fliöt þad er fellur næst tungu, og upp ad Häfa Hraune, gagnvart Seliatungu, veide I Ülfs Vatne ad helminge, og I Längä, skammä, Ulfsvatnsä og i flödlæk, og i Austurlæk, óll grunnavótn, og Lambä, allt ofann til Kialarär, gäsartiarnar, fyrer hiedann Lambä, og óll vótn Vestur þadann, Kvyslavótn, og veide tíörn, og allar þær tiarnar er þängad falla læker ür; alfftaveide alla fyrer vestann gnupdæla götu, til Hvannstöds hins mikla, Siönhending frá Hvannstodenu, og i flöa þann Eystra, Eina tíörn

---

<sup>70</sup> Skjal nr. 2(292) a-b.

<sup>71</sup> Skjal nr. 2(148) a-b.

<sup>72</sup> Skjal nr. 2(236) a-b.

---

nordur frá austurflöa i vesturflöa nordast, alfftaflöa hvorutveggja og ei fiskeveide, óll vótn fyrer Sunnann ä þä sem fellur ur Vesturflöa, og ofann i brattagil, fra brattagile med Hrutafiardardal til Nordurärdals, med nordurärdal fyrer Sunnan til daugurdar Eyre, og gislavótn nedst, fyrer sunnann nordurärdal, tiarner allar I Hellersdal, Þverar Vótn og tiarner allar I Lambadal Laxveide i glennerärfosse i Nordurdal, og alffttveidur a Breidavatne, HolltavorduVótn, og Reipavótn, Hrutafiardarheide, og älfvttveidur ä hvoru tveggju Laxveide I Kiararä, ofann ad gröf þeirre, er ut er fra Sele Haukagilsmanna, ut frá Merkegróf, og til fiskelækjar, vidar rif i Selialande Samstada manna, Hvalreka allann ä BordEyre, halfann ad Kollä, 12 vætter i tvitugum Hval, og meyra ä Hegstodum ä Midfiardarnese; Þetta Effter Visitatiubök Hr. Gísla Jonssonar, conferat. Wilchins bök og mäldaga skräenn sem liggur ä kyrkiunne ad Gilsbacka; Þessar Jarðer ä kyrkiann Biarnastade, leigd fyrer 1 hndr. Kollstade, leigda 10 aurum, Kirkiuböl, leigda 10 aurum;

[...]

Þessu til merkis eru Nófn þeirra, sem kyrkiuna ad Gilsbacka med hennar ornamentis og Instrumentis grandt skodudu fyrer þremur dógum, hier underskrifud i Skalhollte d. 24 Septembris Anno 1725.

[...] <sup>73</sup>

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 10. október 1737 er getið um eignir kirkjunnar.

Þar segir:

Anno 1737 Dag 10 Octobris var Visiterud af hieradz präfastenum Sr Jöne Jönssyne Nicolai kyrkia ad Gilsbacka, Hun a Heimaland allt, Lambatungur og Skög i Husafellshraun med ódrumm ítókum Sem mäldagar og visitatiur Gilsbacka kyrkiu utvösa, þar ad auke þessar Jarðer, Biarnastade leigda firer Hundrad, Kollstade leigda tiju aurum Kyrkiuböll leigda tiju aurum.

[...] <sup>74</sup>

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 18. júlí 1744 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir:

Gilsbacke

Anno 1744 d. 18 Julii Var kyrkiann ad Gilsbacka Visiterud af Hierads Präfastenum Sr Wigfuse Jonssyne og a Hun Heimaland allt. Lambatungur og Skög i Husafellshraune med ódrum Itókum, sem mäldagar og Visitatiur Gilsbacka kyrkiu utvösa, þar ad auke þessar Jarðer Biarnastade, Kyrkiuböl og Kollstade [og Kollstade, ofan línu].

[...] <sup>75</sup>

---

<sup>73</sup> Skjal nr. 2(195) a-b.

<sup>74</sup> Skjal nr. 2(180) a-b.

<sup>75</sup> Skjöl nr. 2(218) a-b og 2(220) a-b.

---

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 18. júlí 1746 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir:

GilsBacke

Anno 1746 Dag 18 July Var Kyrkiann ad Gilsbacka visiterud af Hieradz Präfastenumm Sra Wigfusa Jönssyne [Jönssyne, ofan línu] Og ä Hun Heimaland allt, Lambatungur og Skög I Husafells Hraune med ódrum Itókumm sem Mäldagarnir og visitatiur utvysa.

[...] <sup>76</sup>

Í máldaga Gilsbakkakirkju frá 12. júní 1748 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir:

Nicholai Kyrkia ad Gilsbacka ä Heimaland allt Lambatungur og Skög I Husafells hraune, Sköga alla fyrer Nordan Fliöt það er fellur næst Tungu, og upp ad Häfahraune gegnt Seliatungu, fiskveide i UlfsVatne ad helminge og Längä, Skammä, UlfsVatnsä og Flödzlæk, Austur læk, Grunnuvótn óll og Lambä allt ofann til Kiarrär, Gasatiarner fyrer nedann Lambä og óll Vótn þaðann vestur, Kvýslavótn og Reidartiörn, og allar þær Tiarner er þangad falla læker ür, Älftveide alla fyrer Vestan Gnupdala götu til Hvannstöds hins mikla, Siönhending frä Stödenu og I Flöa hinn Eýstra, Ein Tiörn Nordur frä Austur flöa, vestur flöe nordast, Älftveide ä Flöa Hverumtveggia og fiskveide, Óll vótn fyrer Sunnann ä þä sem fellur ur Vesturflöa og ofann i Brattagil, frä brattagile med Hrutafiardardal til Nordurärdals, med Nordurärdal fyrer sunnan til Dógverdarär Eyrar, og GýslaVatn nedast, fyrer sunnann Nordurärdal tiarner allar [tiarner allar, tvítekið] I Hellisdal, ÞverärVótn og tiarner allar I Lambadal, Laxveide I Glennunar fosse I Nordur ä og Älftveyde ä Breidavatne, Holltavórdu Vatn og Reipavatn ä Hrutafiardarheide, og hverstveggju Alftveide, Laxveyde I Kiarrä ofann ad gröf þeirre er ut er frä Sele Haukagils manna, ut frä Merkegröf og til F[iski]lækjar, Vidrrif i Selialande Samstada manna H[val]reka allann ä Bordeyre og hälfann ä Kollä xii v[ætt]er ä tvýtugum Hval og meira ä Hekstódum a [Mid]fiardarnese. [...] <sup>77</sup>

Í vísitasíu Gilsbakkakirkju frá 12. júní 1748 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir:

Gilsbacke

Nicholai kyrkia ad Gilsbacka ä heima land allt Lamba tungur og skög i Husafells Hraune, Sköga alla fyrer Nordann fliöt það Er fellur Næst tungu og upp ad häfa Hraune gengt Selia tungu, fisk Veide i Ulfs Vatne ad helminge og lang ä Skammä UlfsVatnsä og flods læk austurlæk Grunnu Vótn óll og Lambä allt ofann til Kiarrär, Gusutiarner firer Nedann Lambä og óll Vótn

---

<sup>76</sup> Skjal nr. 2(238) a-b.

<sup>77</sup> Skjal nr. 2(92) a-b.

---

þaðann Vestur. Kvýsla Vótn og Reidartiörn og allar þær tíarner Er þängad falla læker ur. Alft Veide alla fyrrer Vestann Gnüpdala Gótu til Hvannstöds hins minsta, siön hending frá Stöðenu og i flöa hinn Eistra, Ein Tiörn Nordur frá austur flöa, Vestur flöe Nordast, älf Veide ä flöa Hverumtveggiumm og fisk Veide j, óll Vótn firer sunnann ä þä sem fellur ur Vestur flöa og ofann I Bratta gil, frá Bratta gile med hrütafiardardal til Nordurärdals med Nordur ärdal fyrer Sunnann til dög Verdar är Eirar, og Gisla Vatn Nedast fyrer sunnann Nordurardal – Tiarner allar i hellersdal, Þverärvótn og Tiarner allar I Lambadal, Laxveide i Glennunnarfosse i Nordurä og Älf Veide ä Breida Vatne Hollta Vordu Vatn og Reipa Vatn ä hrütafiardarheide og hvort tveggia [strikað yfir Stv] Älf Veide i Kiarrä ofann ad Gröf þeirre Er ut Er frá Sele Haukagils manna ütfrä Merke Gröf og til fiske lækiar; Vidar rif i Selia lande Sämstada manna, Hval reka allann ä bord-Eire og hälfann ä Kollä, 12 vætter ä Tvitugumm hval [hval, ofan línu] og meira ä Heksstöðum ä midfiardar Nese, Item ä Kirkiann þessar Jarðer Biarnastade 20 hndr. Kollstade 12 hndr. Kirkiuböl 10 hndr.

[...]

Þessu til Merkes Eru underskrifud Nöfn ä GilsBacka d. 12ta Junii 1748.

[...] <sup>78</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 15. júní 1748 kemur fram að kirkjan eigi land á Hellistungum og landamerkjja getið:

Extract af visitatiu Hiardarholts Kyrkiu af 15da Junii 1748, sama ár og dag, sem hennar, nú fráskrifada Kyrkiu Bók var authoriserud, vidvíkiande Eignum og Itökum nefndrar Kyrkiu. Hún á, eptir fyrirfarande Visitatium, Brefum og Vitnisburdum, sem liggia á Kyrkiunne, 10 hndr. land, millum Hallar og Spöamýrar, kallad Lækiar-kot – Skóg í Leifshaga, er liggur nálægt Hredavatne fyrer utan Nordur-á – Land á Hellerstúngum – Þórunnar Hollt í Arnbiargarlækiar landi – Item, Hryshola i Gudnabacka Landi. Enn Landa merki Hiardarholts Kyrkiu Eignar á Hellerstúngum þessi tiltekinn; ad til Land-nordurs rádi frá sinum Upptökum Lambagil, allt í Nordurá; rædur þá Nordurá, allt ad Hellersá, og so [so, ofan línu] Hellersá, uppad Gísla-læk, Sidan Gíslalækur ad upptökum, það eptir því sem Vótnum hallar uppá Brúnina á millum fyrriedra Lækia, og nidur í Túngu Spordinum eru Toptir fornar, sem kalladar hafa verid Hiardarholts Sel. <sup>79</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 17. júní 1759 kemur fram að kirkjan eigi land á Hellistungum:

Hiardarholt

Dag 17 Junii Visiterud Kyrkiann ad Hiardarholte i Stafholts Tungum, Hun ä 10 hndr. Land millum Hallar og Spöamýrar kallad Lækiarkot. Skog i

---

<sup>78</sup> Skjal nr. 2(222) a-b.

<sup>79</sup> Skjal nr. 2(109) a-b.

---

Leifshaga er liggur nálægt Hredavatne, fyrer utan Nordur ä, Land ä Hellers Tungum, Þorunnar Holt i Arnbiargarlækjar Lande Item Hryshöla I Gudnabacka Lande, Enn um [um, ofan línu] Landamerke Hiardarholts kyrkiu Eignar a Hellers Tungum ma lesa Kyrkiubökarennar Pag; 1um.

[...].<sup>80</sup>

Í vísitasú Hjarðarholtskirkju frá 18. ágúst 1783 kemur fram að kirkjan eigi land á Hellistungum:

Hiardarholt

Anno 1783 dag 18 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Hiardarholte i Stafholtstúngum. Hún á 10 Hundrada Land, millumm Hallar og Spóamýrar, kallad Lækiarkot, Skóg í Leifshaga er liggur nálægt Hredavatne fyrer utan Nordurá, Land á Hellirstúngum, Þorunnarholt i Arnbiargarlækjar Lande, item Hrishóla i Gudnabacka Lande.

[...]<sup>81</sup>

Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 9. maí 1808 var upplesin lögfesta Hjartar Jónssonar prests fyrir jörðinni Gilsbakka frá 8. maí sama árs. Þar segir:

Afskrift

Af seinustu Logfestu fyrir Gilsbakka dat. 8<sup>da</sup> Maii 1808.

Til ad fyrirbyggja ad ekkert af Gilsbakka Kyrkju eda stadar E[i]gnum edur Rettugheitum undanfalli, eda af Vidkomandi án míns Leyfis kynni brúkad ad verda, þá Lögfesti eg Hjörtur Jónsson Prestur til nefnds Beneficium hermed Gilsbakka og þess stadar Kyrkju E[i]gnir, Hús og Toftir, garda og gyrdíngar, Tún og Eyngjar, Jök og skóga, holt og haga, Alft-, Laxa- og Silungsveidar, Reka og Eggver, og allar Landsnytjar, er fynnast kunna innan þessara Ummerkja:

Ad vestanverdu ráda siónehdingum Sléttubakkar móti Hraunárósi vid Hvítá í grástein – grásteinn í Tvívörður – Tvívörður í Vídilæk, Vídilækur uppa Brún og í Hvammsvatn. Sídan sá lækur er rennur úr Hvammsvatni ofan í Kjarrá. – Ad nordanverdu vid Kjarrá rædur sjónehdingum Fiskilækur beint yfir Sandinn – Dalverpi sem gánga frammeftir bak vid Sandinn, í Hítulækjartjarnir, úr Hítutjörnum nordureftir Smatjörnum, sjónehding fyrir nordan Langavatn austur í Hvannstöð hid mikla, úr Hvannstödi mikla sudur eftir Urdhædum í Urdarvatn, og þaðann ad Ulfsvatni, sídann rædur Ulfsvatnsá í Grunnuvötn, úr Grunnuvötnum í Lambá og Skammá, sem rennur úr Holmavatni. Eg logfesti allann Holmavatnsdal ad Heidarstapa, frá Heidarstapa í Kaplastapa, þaðann rædur lækur sem rennur í Stórlág, liggjandi í Kollsstadafljót, so í Fóttafljótid, sem þá rædur merkium framm ad móti vid Háahraun gegnt Smidjudal vid Sudurfljót, sem rennur næst Túngu.

---

<sup>80</sup> Skjal nr. 2(154) a-b.

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(156) a-b.

---

Frá Háahrauni lögfesti eg allann skóg og land nordan Sudurfljót ad Ós, og med Hvítá ofan á Sléttubakka, it(em) silúngsveidi í midjann Hvítár farveg innann þessara merkja. – Allann skóg í Húsafellshrauni, ad götu sem liggur ad Húsafelli ad Litlu Túngu vid amót. Hérhiá Laxveidi i glennunnarfossi í Nordurá, alla alftveidi vestann Gnúpdalagötu umm austur og vestur Móa, rædur merkjum ein Tjörn norðr frá austurflóa, vestur Móa norðast í Brattagil, frá Brattagili med Hrutafjardardal til Nordurárdals, fyrir sunnann Nordurárdal til Dögurdareyri. – Umm Holtavörduvötn, Reipavötn, Gíslavötn og Breidavötn og Þverárvötn bædi alft og silúngsveidi. – Veidi ad helmíngi í Ulfsvatni, Austurlæk, Flóalæk, Ulfsvatnsá, Lambá og Skamma.

Fyrirbíd eg allar Lands og vatnsnytjar hverjum manni, sem eg frekast má ad Lögum innann tédra ummerkja, nema mitt sé leifi til, vonandi svo gods til allra ad þeir gégni vel þessari minni Lögfestu.

Til frekari stadfestu er mitt nafn og Signet.

Gilsbakka þann 8<sup>da</sup> Maii 1808.

Hjörtur Jónsson pr: til Gilsb: og Síðumúla

(L.S.)

Birt á Sámstada manntalsþíngi þann 9<sup>da</sup> Maii 1808.

Testr

P: Ottesen

p:t: Constit.<sup>82</sup>

Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 23. júlí 1831 kemur fram að kirkjan eigi land á Hellistungum:

Hjardarholt

Anno 1831 d. 23 Julii visiterade biskupinn yfir Islande Steingrímur Jónsson R:D: kirkjuna ad Hjardarhollte í Stafholtstúngum. – Hún á 10 Hundrada Land millum Hallar og Spóamýrar, kallad Lækjarkot – Skóg í Leifshaga, er Liggur nálægt Hredavatni fyrir utan Nordurá, Land á Hellistúngum, Þórunarholt í Arnbjargarlækjar Lande, item Hríshóla í Gudnabakka Lande,

[...] <sup>83</sup>

---

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(33) a-b.

<sup>83</sup> Skjal nr. 2(159) a-b.

---

Þann 1. júní 1839 lögfesti Vigfús Ólafsson meðal annars Hellistungur. Lögfestan var upplestin á manntalsþingi að Sólheimatungu sama dag og einnig að Hjarðarholti þann 23. maí 1873:

Eg Vigfús Ólafsson lögfesti alla jörðina Hjarðarholt 40 hndr. að dýrleika, liggjandi í Stafholtstungum með öllum þeim gögnum og gæðum vötnum og veiðistöðum, hynnindum til lands

[...]

Sömuleiðis lögfesti jeg og Hjarðarholtskirkjuland á Hellirstungum frá Hellirsá sem Norðurá ræður að Melalandi að norðan, en Gilsbakkakirkjueign að austan og sunnan, sem Hellirsá ræður;<sup>84</sup>

Í sóknalýsingu séra Jóns Magnússonar í Hvammi, frá árinu 1840, segir eftirfarandi um afréttarlönd í Hvamms- og Norðtungusóknum:

ad 32. spurn. Tvö eru *afréttarlönd* í sóknunum, það eina er kallað Hamrabotnar, er það dalur í vesturátt út úr Bjarnadal; [...] Hið annað afréttarland eru hálfar Hellirstungur – Hjarðarholtskirkja á hálfar sem að er almenningur. Er lögrétt á Grjóthálsi hjá Fiskivatni samnefnd við vatnið. Er þessi rétt eldri en elstu menn viti grein fyri að gjöra. Sækja til þessarar réttar bændur að sunnanverðu úr Norðurárdal, úr Þverárhlið, Hvítársíðu og Stafholtstungum fyri sunnan Norðurá.<sup>85</sup>

Í sóknalýsingu Fredr. Lund á Mýra- og Hnappadalssýslum, frá árinu 1840, segir eftirfarandi um Hvítársíðu í kafla um byggðarlög og hreppa:

2. Hvítársíða (Hvítársíðuhreppur). Takmörk hennar að sunnanverðu er fyrrnefnt Deildargil milli Húsafells og Hraunsáss í Hálsasveit og Borgarfjarðarsýslu, allt þar til það kemur saman við Hvítá sem þaðan af er takmark sveitarinnar á þann bóginn. Að vestanverðu nær hreppurinn fyrst til Stafholtstungnahrepps eður að landamerkjum milli Síðumúlaveggja í Hvítársíðu og Brúarreykja, Lunda og Steina í Stafholtst(ungum), samt milli Síðumúla í Hvítársíðu og jarðanna Guðnabakka, Sleggjulækar og Ásbjarnarstaða í Stafholtstungum. Milli sveita þessara er Síðumúlaháls sem hækkar mjög þegar norðureftir dregur og verður að fjöllum og heiðum, hvörra vestursíða tilheyrir einnig Hvítársíðu jörðum frá því að Stafholtstungna land hættir, og er Þverá sem þar fram frá kallast Kjarará, takmörkin þeim megin milli Hvítársíðu og Þverárhliðar landa. Að norðanverðu eru Tvídægur- og Arnarvatnsheiðar og að austanverðu fjöll og jöklar svo sem Eiríksjökull e(t) c(etera).

[...]<sup>86</sup>

---

<sup>84</sup> Skjal nr. 2(129) a-b.

<sup>85</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 51.

<sup>86</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 18.

---

Um hlunnindi Gilsbakka segir í *Jarðatali Johnsens* frá 1847:

Meðal hlynninda er talin silúngsveiði til forna, á haustum, í Hvítá, [...] laxveiði í Kjarará, sem er mjög erfið [...]. Álptafjaðra tekja er nokkur í Tvídægri um hásumarið. Skógar ítök eru: Haga skógur í Húsafells hrauni, og í Kálfhólum sunnan við Norðlingafljót [...].<sup>87</sup>

Þann 16. maí 1848 lögfesti séra Magnús Sigurðsson allt Gilsbakkakirkjuland, eignir og ítök. Í lögfestunni segir:

Til að koma í veg firi: að nokkuð af Gilsbakka Kirkju- eða Staðar landi, eignum eða Rjettindum sje brúkað af óviðkomandi mónnum án míns leifis; þá Lögfesti jeg hjermeð undirskrifaður Magnús Sigurðarson prestur til nefnds prestakalls, Gilsbakka Kirkju og Staðarland, Eignir og Itók, Hús og Toptir, Garða og Girðingar; Tún og Eingjar; Skóga, haga, og hollt; Alptar-, Lagsa- og Selúngs veiðar, Reka og Eggver, og allar lands [strikað yfir: nitjar] og vatnsnitjar [og vatnsnitjar, úti á spássíu] til fjalls og fjöru, er finnast innann þessara ummerkja. –

Að vestanverðu ráða sjónhendíngum Sljettubakkar hjá Hröinárós við Hvítá í Grástein – Grásteinn í Tvívörður – Tvívörður í Víðirlæk – Víðirlækur uppá Brún og á Hvammsvatn – síðan lækur sá, er rennur úr Hvammsvatni ofan í Kjarará. – Firi norðan Kjarará ræður sjónhendíngum Fiskilækur beint ifir Sandin – Dalverpi, sem gánga fram eptir bak við Sandin í Hvítulækjartjarnir, úr Hvítutjörnum norður eptir Smátjörnum sjónhendíng firi norðan Lángavatn öístur í Hvannstóð hið mikla, úr Hva[nn]stóði mikla suður eptir Urðhæðum í Urðarvatn og það[an] að Úlfsvatni; síðan ræður Úlfsvatnsá í Grunnvötn, úr Grunnvötnum, Lambá og Skammá, sem rennur úr Hólmavatni.

Jeg lögfesti allan Hólmavatnsdal að Heiðarstapa, frá Heiðarstapa í Kaplastapa – sem nú mun vera nefndur Kúastapi – Þaðan ræður lækur, sem rennur í Stórlág; liggjandi í Kollstaða Fljót, so í Fótafljótið, sem þá ræður merkjum fram að móts við Háahröin gengt Smiðjudal við Suður Fljót, sem rennur næst Túngu. – Frá Háahröini Lögfesti jeg alla Sk[óg]a og land, norðan Suðurfljóts að Ós – Það er: Fljótsósinn – og með Hvítá ofan á Sljettubakka. – Sömuleiðis Selúng[s]veiði í miðjan Hvítárfarveg innan þessara Takmarka.

Einig lögfesti jeg allan Skóg á Húsafellshróin; allan firi neðan Hagagarð, og allt upp á millum Hvítár og Dögurðarár sem jeg meina; að nú sje nefnd Kaldá – allt upptil götu þeirrar, er liggur frá Húsafelli til Túngu hinnar Litlu uppí hjá ármóti. – Hjermeð Lagsveiði í Glennunarfossi í Nordurárdal og í Kjarará, ofan að Gröf þeirri, er út er frá Seli Höikagilsmanna – út frá merki gróf og til Fiskilækjar. – Veiði að helfingi í Úlfsvatni; og í Lángá, Skammá: í Úlfsvatná, Austurlæk, og Flóðlæk – sem nú kallast Gilsbakka á – öll Grunnvötn og í Lambá, allt ofan til Kjarar á; Gásatjarnir firi hjeðan Lambá,

---

<sup>87</sup> Skjal nr. 2(52).



---

og öll vötn vestur þaðan; Qvíslovötn og Reiðartjörn, og allar þær Tjarnir, er þángað falla lækir úr. – Alptveiði alla firi vestan Gnúpdæla götu um austur og vestur Flóa, ræður merkjum ein tjör[n] norður frá Austurflóa; vesturflói norðast í Brattagil (sem nú mun kallast Skúta Kvísl) frá Brattagili með Hrutafjarðardal til Norðurárdals; firi sunnan Norðurárdal til Dögurðareirar. – Um Gisla vötn, nedst firi sunnan Norðurárdal; Tjarnir allar í Hellirsdal; [strikað yfir: og] Þverárvötn, og Tjarnir allar í Lambadal; Breiðavötn; Holtavörðuvötn og Reipavötn á Hrutafjarðarheiði bæði Álpt og Selúngsveiði. – Allan hvalreka á Borðeiri; hálfan á Kollá, og 12 vættir af tvítugum hval og meira á Heggstöðum á Miðfjarðarnesi. – Einig eigna máldagar kirkjunnar og kirkjuskrár kirk<j>unni á Gilsbakka „viðarrif á Seljalandi Sámstaða manna“.

Firibíð ég hjer með hverjum manni allar Lands og vatnsnitjar, sem frekast má að lögum og undir laga ákjæru innamn tjeðra takmarka [innanntakmarka] nema mitt sje lof og leifi til; vonandi so gott til allra, að þeir vilji ekki verða fundnir að að vilja brúka annarra einsog sitt – heldur gegni þessari minni lögfestu, sem bigd er á Rje[tt]indum kirk<j>unnar eptir Máldögum hennar og skrám.

Þessu til frekari staðfestingar er mitt undirskrifað nafn og Signeti.

Gilsbakka í Hvítársíðu 16da d. Maí m. 1848 Magnús Sigurðarson

Þessi Lögfesta er upplesin og bókuð fyrir manntals þings rjetti ad Sámstóðum, 18 Maí 1848 og var henni af eingum manni móti mælt. Vitnar M.Gíslason constit.

Borgað 36 þrjátíu og sex skildíngum

silfurs MG<sup>88</sup>

Þann 16. maí 1849 bannaði Magnús Sigurðsson upprekstur á fé og hrossum á „Gilsbakkakirkjuland á Tvidægri“:

Samkvæmt Máldögum, Lögfestum og fleiri skrám á Kirkjan á Gilsbakka mikið land norður á tvidægri, hvar hún á líka Selúngs veiði í vötnum; Lagsveiði í ám, og alta-eggja og fjaðratekju, einsog mönnum mun vera alkunnugt í öllum nærliggandi sveitum.

Þetta land brúkuðu nokkrir af Hreppsbum í Hvítársíðuhrepp frá því jeg kom að Gilsbakka, allt að næstliðnu ári, að nokkru leiti án minnar vitundar, og ekki með fullkomnu leifi mínu, firi upprekstrarland handa gjeldfje sínu á sumrum, og trippi; og grasaland. – Í firra vor tóku flestir eða allir firrnefndir hreppsbum leifi hjá mjer firi gjeldfjár upprekstri í firrnefndt kirkjuland – en

---

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(93) a-b.

---

öíngu að síður varð jeg þess var; að menn úr þessum hrepp, einsog líka menn úr öðrum hreppum og sveitum, gjörðu fólk út til að liggja við grös í Gilsbakka Kirkjulandi í verulegu leifisleisi. – Þessvegna neiðist jeg hjermeð til, vegna kirkunnar á Gilsbakka, að gjöra opinberlega heirum kunnugt; að jeg firibíð öllum, einum og sjerhvurjum inan og utan hreppsmönnum, innan Síslu og utan að fara sjálfir til grasa, eða gjöra út fólk sitt til grasa á Gilsbakka kirkjuland á tvídægri, án þess mitt sje fullkomið leifi til og lof. - eins og jeg líka firibíð hinum sömu, sem frekast má að lögum, og undir laga ákjæru, öllum innan og utan hreppsmönnum, allan trippa og gjeldfjár upprekstur í Gilsbakka Kirkjuland, án míns fullkomins leifis; Líka allar Lands og vatnsnitjar ifir höfuð, hvar sem er í Gilsbakkalandi.

Og vona jeg: að allir gegni þessu forboði góðfúslega, sem jeg bið viðkomandi Síslumann að gjöra heirum kunnugt, þar jeg vona að eingi vilji vera fundin að rángsleitni og ifirgáangi.

Þessu til staðfestíngar er mitt undirskrifað nafn og Signeti.

Gilsbakka í Hvítársíðu þann 26ta Maí 1849

M.Sigurðsson.

Lesið fyrir manntalsþingisretti á Samstöðum, dag 29 Maí 1849 og síðan bókað í Mýra og Hnappadals syslu kaupbrefa og veðsetningabók bl. 89 og 90. Jón Pétursson. Borgun: fyrir þinglestur 36 s.

Borgun fyrir bókun 12 s = 48 fjörítú og átta skildingar reiðu silfur Jón Pétursson.<sup>89</sup>

Hreppstjórar Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa sendu Magnúsi Sigurðssyni, presti á Gilsbakka, bréf dags. 29. desember 1849, þar sem þeir mótmæltu lögfestu hans frá 16. maí 1848 og banni hans við upprekstri frá 16. maí 1849. Í bréfinu segir:

Í fyrra sumar létuð þér lögfesta kirkjulandið á Gilsbakka, og í sumar er var fyrirbuðuð þér öllum sovel innan sem utan sveitar mönnum land þetta til uppreksturs og allrar annarar notkunar án yðar leifis. En eptir lögfestu yðar þessari ætti kirkjan á Gilsbakka að eiga mestallan hluta land það, er Hvítarsíðingar, Þverhlíðingar, megin hluti Norðdæla og Stafholtstúngnamanna hínagað til hafa haft fyrir frjálstan og óátalin afrétt handa öllum sínum peníngi, og það án þess að biðja nokkurn einstakan mann um leifi til þess, eða greiða nokkrum þóknun þar fyrir. – Vér álítum að Gilsbakkakirkja eigi ekkert land fyrir norðan Kjarará og að menn því úr nefndum byggðarlögum héreptir sem hínagað til, megi brúka fjallandið allt fyrir norðan Kjarará, fyrir afrétt sinn án þess að sækja leifi til þess, til nokkurs einstaks manns, eða greiða nokkra þóknun fyrir það nokkrum einstökum manni hverki Gilsbakkapresti né öðrum.

---

<sup>89</sup> Skjal nr. 2(94) a-b.

---

En fremur hafið þér tekið trippi og geldfé á Lambatúngurnar af mönnum sunnan yfir Hvítá er ekkert tilkall eiga til afréttar vors, en þetta hefir verið slíkur fjöldi, að hann hefir mestallur gengið þaðan á afrétt vörn, oss er afréttin eigum til stórs skaða. Að vísu viljum vér engan vegin neita því að svo stöddu nema Gilsbakkakirkja eigi fyrr nefndar Lambatúngur en vér meinum þó að presturinn á Gilsbakka engin réttur beri til þess, að ljá það öðrum utansveitarmönnum, og það sínum kannské í hvört skiptið til uppreksturs. Skylduð þér nú vilja halda lögfestu og forboði yðar fram, sjáum vér ekki annað fyrir en af slíku hljóti að rýsa ósamlindi, óánægja og ef til vill málastapp; en til þess að afstýra slíku og meðfram til af því, að margir af þeim er tilkall hafa til afréttarins og í þessu þrasi lendtu, eru sóknarbörn yðar sem hafa í svo mörgu öðru tilliti, svo margt saman við yður að sælda, þá er það að vér undirskrifaðir hreppstjórar lofum yður að vér viljum reyna til þess að fá því framgeingt hjá hlutaðeigendum að þér framvegis árlega yðar tíð megið taka af 3 eða 4 búendum sunnan yfir Hvítá skepnur þeirra bæði hross og geldfé til uppreksturs á Lambatúngurnar, og meira géta þær valla borið. – En hvörjir þeir bæir skulu vera, verðið þér fyrirfram að ákveða og mætti það síðan ekki raskast, hverki af yðar hálfu né vorri; en móti þessu áskiljum vér oss skýlaust loforð yðar um það, að þér skulið láta oss og sveitunga vora í friði með afrétt vörn, og að þér eins ekki skulið taka af fleirum mönnum en nú var tilgreint skepnur til uppreksturs í Lambatúngurnar, sunnan yfir Hvítá. Og viljið þér þettað og oss verði hitt framgeingt væri best að vér gjörðum um þetta breflegan gjörning okkar á millum. –

Svar yðart uppá þetta bréf vort óskum vér að meiga verða búnir að fá fyrir þorrakomu nú í vetur, en verðum ver þá ekki búnir að fá það, stendur þetta boð vort ekki leingur en þángað til.

Hjarðarholt dag 29. December 1849

S.Jónsson, J.Helgason, B.Guðmundsson, Daniel Jónsson

Velæruverðugum Prestinum Síra Magnúsi Sigurðssyni<sup>90</sup>

Séra Magnús Sigurðsson á Gilsbakka sendi svarbréf, dags. 19. janúar 1850, til hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa vegna ágreinings um landsvæði norðan Kjararár. Þar segir:

Jafnvel þó jeg viti ekki betur en brjefið ikkar hreppstjóra af 29<sup>da</sup> December f. á. meðtekið rjett nilega, sje so lagað og þess eðlis, að jeg þurfi ekki að svara því, síðst strags; þá samt til að fullnægja ósk ikkar, að þið fáið svar frá mjer firi þorrakomu í vetur, læt jeg þetta þjena til svars uppá það í þetta sinn: Að þó jeg gjeti valla ímindað mjer, að þið hafið haldið, jafnvel þó sá þánki sínist liggja í brjefi ikkar, að jeg hafi öldungis sama rjett ifir Gilsbakka í Hvítársíðu, ifir kirkunni þar og Rjettindum hennar, eins og jeg væri eigandi þessa og mætti upp á eigið orð kasta í hvern sem jeg vildi Rjettindum kirkunar, þá vil

---

<sup>90</sup> Skjal nr. 2(265) a-b.

---

jeg láta ikkur vita, að þessu er ekki þannig varið heldur að jeg hefi fullkomna ábirgð á hendi, að vermda Rjettindi staðar og kirkju firi ágeingni annara manna, ifir því sem kirkjunni hefir filgt og ber að filgja að fornu og nýu.

Þess vegna seigji jeg í þetta sinn, hvorki já til þess, nje nei til þess, hvert jeg geing að þeim kostum, sem þið látist setja mjer í brjefi ikkar, og sem jeg veit ekki til, að þið hafið nokkurn rjett til að setja. Jeg verð first að ráðfæra mig við forsvarsmenn kirkunar hjerna á Gilsbakka, en hvenær svar þeirra kemur, eða hvurt þið, þó þið sjeuð hreppstjórar gjetið sett þeim háttvirtu herrum vissan tíma til þess, og hvort þeir finna þá skildu sína í, að hlíða ikkur í því, það veit jeg nú ekki. Jeg veit ekki heldur nema það heiri til að þrír af ikkur sem það gjörðuð þurfið að sanna áður, því það liggur í eðli hlutarins, að þið hafið brúkað löglega og forsvaranlega meðferð í haust eð var á gjeldfje því, sem með fullkomnu leifi var rekið í Gilsbakka kirkjuland; það kann og so að skjje, að jeg og við fleiri hlutaðeigendur afgangurum áður aðra sök við hreppstjóran í Hjarðarholti, eða hann við oss, en jeg svara honum greinilegar í áðurnefndu efni, þó mjer þikir ærið ólíklegt að þetta verði allt komið í kring firi þorrakomu. – Þið hefðuð þurft að flíta betur brjefinu ikkar til þess að láta það ekki mæta hrakningi, einkum þar tveir af ikkur voruð hjer á ferðini ekki firi löngu. Því lúið var orðið umslagið frá hreppstjóranum í Hvítársíðu. Af þessu sjáið þið að það stendur í ikkar valdi hvurt boðið ikkar – ef þið hafið nokkurn rjett til að gjöra nokkurt boð í þessu falli – stendur leingur en þángað til, eða ekki. – Því ekki veit jeg til, að þjer hreppstjóri í Hvítársíðu, nje þjer hreppstjóri í Stafholtstúngum, ekki heldur þið hreppstjóri í Þverárhlíð og hreppstjóri í Norðurárdal, hafið nokkurn rjett ifir því landi firir norðan Kjarará, sem frá gamallri tíð alls til þessa dags hefir filgt kirkuni hjerna á Gilsbakka. – Því þó gjeldfje ikkar hafi geingið útifir landamerki ikkar í það, þá eruð þið langt frá ekki búnir að sanna, að þið eigið landið firir það. – Jeg hefi heldur aldrei talað um það, þó gjeldfje gáangi ifir landamerki þar sem afrjettarlönd liggja saman. – En ef þið skrifið um frekari brúkun ikkar á firrnefndu Gilsbakkakirkjulandi, þá veit jeg ekki nema það gjeti álitist. – Jeg seigji það ekki í þetta sinn uppá víst – einsog ef einhver segði sem hefði illa feingin hlut undir höndum, við rjettan eiganda þegar han kjæmi, og sannaði hlutin eign sína, þú átt hann ekki af því jeg hefi brúkað hann um tíma án vilja þíns og vitundar. – Því óvist er, þó þið seigist álíta, að Gilsbakkakirkja eigi ekkert land firir norðan Kjarará, að þetta álit ikkar verði gjört að gildandi lögum hvað Gilsbakkakirkju áhrærir. – Því ekki veit jeg til, að gjefi sje í vald hreppstjóra að skapa landamerki á kirknaeignum. –

Annars er hægt að gjöra ikkur öllum að skildu að sanna: hvort að jeg, eða nokkur af formönnum mínum hjer á Gilsbakka, höfum lögfest nokkuð ránglega og ástæðulöist frá Norðurárdal; Þverárhlíð; Stafholtstúngum eða frá hreppstjóranum í Hvítársíðu; eins líka, að forboð mitt um brúkun kirkjulandsins hjerna án míns leifis hafi verið ólöglegt og rangt. – En ef so skildi nú fara, að þið ættuð torveldt með að sanna: að Gilsbakkaprestar hafi

---

lögfest nokkuð nema það, sem þeim bar, og kirkjan hefir átt, frá gamallri tíð, hvað er þá brjefið ikkar? – Þið seigist álíta: að Gilsbakkakirkja eigi ekkert land firi norðan Kjarará – en ef hún á það ekki innan þeirra ummerkja, sem bæði eldri og ingri skjöl eigna henni, hvur á það þá? – Þetta er spurníng, sem jeg skora á ikkur að svara firir Góu komu í vetur. – Jeg gjef ekki um að skira ikkur frá hvursvegna jeg tók gjeldfje sunnar ifir Hvítá í vor eð var, en það skal jeg seigja ikkur, að jeg vissi ekki til, að jeg þirfti að sækja leifi til nokkurs af ikkur af hvurjum jeg tækji í kirkjulandið hjerna, en að jeg hafi tekið fleira gjeldfje í það, en það er fært um að bera, það má með fleiru gjöra ikkur að skildu að sanna.

En fremur, hvað því viðvíkur, sem þið skrifið: að óánægja, og ef til vill málastapp rísi af því ef jeg held lögfestu minni og forboði fram – og margir af þeim sem í þessu þrasi lendtu sjeu sóknarbörn mín – þá hefi jeg ekki beðið þá að lenda í „þessu þrasi“ – þeir vilja það víst sjálfir, ef þeir láta aðra leigja sig í það, og njóta þá orða sinna og verka. – Annars gjetur mjer ekki betur skilist, en þetta meigji álítast, eins og þið vilduð segja : að faðirinn eigji að líða barni sínu að brjóta og skemma firi sjer og líða því allar ódigitir, en hirta það aldrei, af því barnið fer þá að gráta – að sýslumaðurinn meigji óíngan dæma, nje straffa af sýslubörnum sínum, af því þeir sem firi því verða, verða óánægðir máksje ifir því, og að prestar meigji ekki verja Rjett sinn og þess sem þeim er trúað firir með almennilegum Rjettargáangi, ef sóknarbörn þeirra eiga hlut að máli, af því þeim, sem rángindin gjöra, líkar það ekki. – Þetta er rjett hreppstjóra kjenníng, einsog orðin ikkar sína sem bera ljóst vitni um að þau eru sprottin af ikkar eigin hjartans sjóð.

Loksins vil jeg geta þess: að hreppstjórinn í Hvítársíðu hefir eitthvað með þekktanlegri skrifhönd sinni skrifað á eptir nafni sínu undir brjefið, en það er óglögt aflestrar af því, því hefir leigið við að klessast, en ef það er það: eptir því, sem jeg kjemst næst: „að fáeinir Búendur hafi feingið leifi að reka í Sámstaða Selland“ – þá verður honum gjört að skildu sem hjer uppöldum og kunnugum sveitarmanni að leggja fram áreiðanleg skilríki firi því; að bændaeygnin Sámstaðir eigji selland sitt, eða upprekstrarland firi norðan Kjarará, en Gilsbakki í Hvítársíðu, sem heirir til helgrar stiptunar eigji þar ekki Selland sitt, og ábúandinn þar gjeti ekki krafist leifis af þeim sem í það reka; því ekki mun honum þikja mikið firir að gjöra prestin sinn sáluga, ef han gjetur – jeg tala ekki um mig – að ósannindamanni í gröfini að því, sem han hefir skrifað og talað, það sannar brjefið ikkar. – Og fer jeg so ekki leingra úti þetta að sinni: en vil gjeta þess: að það þótti hræðilega ljótt í firndini að ræna Goðahof – en því ljótara ætti það að þikja nú, að ásælast kirkjueignir.

Gilsbakka d. 19<sup>da</sup> Jan. 1850. M. Sigurðarson

---

Til S.T. hreppstjóranna í Hvítársíðu; Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstúngum<sup>91</sup>

Í jarðamati Mýrasýslu frá árunum 1849-50, kemur fram að landspartur á Hellistungum liggir undir Hjarðarholtskirkju. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessum landsparti en svo að hann sé metinn á 20 ríkisbankadali.<sup>92</sup>

Varðveittir eru sex vitnisburðir frá árinu 1850 sem vitna um heidarland Gilsbakkakirkju fyrir norðan Kjarará:

Hvad Gilsbacka kyrkju heidarland snertir, þá hefi ég heirt bæði Sr Hjört Sal Jonsson Seigia, og adra fra því eg var barn (en aungvan maldaga hef eg sied) ad kyrkjan ætti land nordur á móti Stadarbacka og Núpsskyrkjum, en hvad langt vestur veit eg ei, En austur vid móti Kalmanstúngulandi. En hvórt upprekstur hefur verid byrjadur á Kerárdalin [Kerárdalinn, úti á spássíu] á dogum Prestanna Sira Eggerts eda Sr Hjörts meiga þeir vita sem, eldri eru því þegar móðir mín var únglínur á Þorvaldstöðum heirdi eg hana tala laungu sídar, ad rekid hefði verid frá Háafelli í Kalmanstúngu land og þar fyrir austan í sínu úngdæmi. Líka hef ég heirt ad rekid hafi verid firer nedan Haafell á Hellirstúngur. En sídan ég man til hefur verid rekid á Kerárdalin úr Hvítársíðu, því það bauð Sr Hjörtur Sál, en ekki tók han upprekstur úr öðrum Sveitum, það eg til veit, og ecki upprekstrar toll, en Stóðhross tók hann á Sumrum Sunnan yfir Hvítá í Heidarlandid, enn hér uppfrá hef ég aldrei heirt nefndan Almenning.

Kollstodum 19 Januar 1850 Hjálmar Þorsteinsson.

Það sem Jeg, sem undir skrifa þennan Vitnisburd veit, hefi heirt og giet vitnad áhrærandi Gilsbakka kirkju land firir nordann Kjarará innan þeirra ummmerkja sem kirkjunni er Eignad; þá veit jeg ekki annad, og hefi Ekki annad heirt, enn það væri Gilsbakka kirkju land, og það heirde jeg Sira Hjört sáluga Jónsson seigia, ad kirkjann ætti það land og það optar enn Eitt sinn; Enn aldrej hefi jeg heirt ad undannfornu ad adur umm talad Land væri almenningur, - Hvad upprekstur þeirra nidur sydumanna vid víkur, þá hefi jeg heirt talad, ad þeir ættu skildu upp Rekstur á Hellerstúngumm, enn man ekki hvad Lángt frammeptir Sjdunni. Þad vissa jeg og so til; ad Síra Hjörtur sálugi tók stóð á heidina árlega sunnann ifir Hvjtá og tók toll undir, Enn af innan sveitar mönnumm vissa jeg ekki til ad hann tæki toll.

Þorvaldstöðum 17 Jan. 1850 Bergþor Biarnarson

Það sem jeg undir skrifadur giet upplist áhrærandi Gilsbakka kirkju landi firir nordann Kjarará, þá vil jeg það eitt seigia, sem jeg get vitnad; ad jeg hefi Ekki annad heirt Enn kirkjann á Gilsbakka ætti þar mikid fiall Land; enn ekki veit

---

<sup>91</sup> Skjal nr. 2(264) a-b.

<sup>92</sup> Skjal nr. 2(89).

---

jeg hvad Stórt; það heirde jeg sr. [sr., ofan línu] Hjört sál. Jónsson Eigna kirkjunni, og í það land víska jeg að hann tók árlega Stód Sunnan yfir Hvítá, Enn ekki veit jeg hvort hann tók toll undir það, og aldrei hefi jeg heirt það land kalladann almenning.

Hallkielsstöðum 16 Jan. 1850. Nikulás Bjarnarson

Eptir tilmælum Prestsins Séra Magnúsar Sigurðarsonar á Gilsbakka, Áhrærandi heidarland Gilsbakka kyrkju fyrir norðann Kjarará, þá er minn framburður sá, að jeg hefi aldrey annað að undanfögnu heirt en að ofannskrifað Heiðarland væri Gilsbakka kyrkju eign, sem jeg Kynni að géta géfið frekari upplýsingu um ef á þyrfti að halda.

Bjarnastöðum 20ta Jan. 1850 M.Einarsson

Eptir tilmælum Prestsins Sr Magnúsar Sigurðsonar á Gilsbakka, áhrærandi Heydina fyrir nordan Kjarará, er það minn Vitnisburður: að eg hefi ekki annað heirt - þangad til núna fyrir rúmum tveimur árum enn að Gilsbakkakirkja ætti ofan nefnda Heydi, eptir gömlum máldögum; og eg vissi til að Sr Hjörtur sal. Jónss. tók trippi sunnan yfir Hvítá, á hana. Þórður Arnason Bjarnastodum 20 Januar 1850.

Það sem ég undirskrifadur veit, og gét vitnad viðvíkandi Gilsbakka kirkjulandi fyrir nordan Kjarará, er það; að öll þaug ár, sem ég var á Gilsbakka, heirdi ég aldrei annað en kirkjan ætti það land fyrir Nordan Kjarará, sem Skjöl hennar seigia, og það heirdi ég Siera Hjört sáluga Jónsson eigna Kirkjuni, og brúka sem eign hennar, - I það land tók hann Stód á sumrum sunnan yfir Hvítá og tók borgun fyrir. – Sóknarmenn ráku að sönnu geldfje sitt i það land, enn ekki vissi ég annað, en þeir gjördu það með leifi Prestsins; því ég heirdi hann Seigja optar en eitt sinn; að Sóknarmenn ættu þar aungan skildu upprekstur, heldur að Nidur Síðumenn ættu hann á Hellistúngum, enda þó þeir rækju þá á Kjörina, sem ég heirdi aldrei kalladan almenning.

Giljum þann 18 Januar 1850 Sveirn Gudmundsson<sup>93</sup>

Hreppstjórar Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa sendu sýslumanninum Jóni Péturssyni bréf, dags. 6. febrúar 1850, þar sem þeir mótmæltu því að Gilsbakkakirkja ætti nokkuð land eða landsnytjar norðan Kjararár að fráteknun þeim ítökum er getið væri um í máldögum Vilkins og Gísla. Bréfið hljóðar svo:

Það er yður velborni herra kunnugt, að frá fyrri tíðum og allt til þessa hefir verið og er afréttarland búenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, margra úr

---

<sup>93</sup> Skjal nr. 2(97) a-b.

---

Stafholtstungum og Norðurárdal svo kallaðar Hellistúngur og Tvídægur allt suður að Kjarará; hefir þetta land af téðra sveitainnbúum átölulaust og tollfrý brúkað verið víst um enar nærstliðnu 2 aldir, eptir eldri og ýngri manna sögusögn, og engin einstakur maður leyft sér þar neitt móti að hafa það nokkur maður tilveit eður hefir tilspurt. Jafnvel þó þetta afréttar eða heiðarland virðist nú heldur lítið fyrir þann fjárfjölda er þángað er rekin úr þeim bygðarlögum er þángað eiga upprekstur er sú bót í máli, að fénaðurinn má að ósekju gánga norður á Holtavörðuheiði og víðar um norðurfjöll í afréttarlönd Hrutfyrðinga og Miðfyrðinga og eru þeir okkar félagsmenn í afréttarleitum og réttarhöldum hvört ár, og hvörjir eru öðrum hjálplegir í störfum þeim, þeir okkur í þeirra réttum þar nyrðra eins við þeim við okkar svo nefndu Fiskivatnsrétt, er eins leingi hefir brúkuð verið og afréttur vor; hún stendur í heimalandi Hermundastaða í Þverárhlið.

Í fyrra eður árið 1848 fór presturinn síra Magnús Sigurðsson á Gilsbakka að láta á sér heyra að Gilsbakkakyrkja ætti það fyrir umgétna afréttar eður heiðland fyrir norðan Kjarará og vildi því stifta nýan upprekstur þángað með fénaði bænda úr Borgarfjarðarsýslu sunnan Hvítár, fór líka fram á það við sóknarmenn sína að byggja ný fjárrétt á Kjarardal, hvartil hreppstjórinn ásamt nokkrum bændum voru ófúsir, en mót því prestur lofaði þeim að taka þá ekki fé til uppreksturs sunnan yfir Hvítá ef þeir bygðu þá nýu rétt, gjörðu þeir það með því líka þeir sáu þar nokkurn hagnað við, að geta dreigið þar töluverdt af fé sínu en þurfa ekki að reka það eptir gamallri venju allt til Fiskivatnsréttar, hvar ærið fjármegn er og óhægur fjárdráttur.

Strax að réttar bygginguni fyrir sig geingini mundi presturinn ekki vel loforð sitt og leyfði nokkrum fjárríkum mönnum úr Borgarfjarðarsýslu upprekstur. Leitaði þá hreppstjórinn í Hvítársíðu állits hreppstjóranna í Stafholtstungum og Þverárhlið um hina nýbygðu rétt á Kjarardal, og svo þeir allir ásamt állits hreppstjóranna í Hrutafyrði, urðu allir þessir heldur mót því en með að réttin yrði brúkuð framvegis, þó sýndist nokkrum af þeim meiga brúka hana með því skilyrði að Hvítársíðingar einir mættu drag þar fé sitt, en engir aðrir; þessir skírskotuðu þessu málefni til yðar úrskurðar er þannig féll: að engir mættu í þessari nýbygðu Kjarardalsrétt fjárdrátt brúka utan einungis Hvítársíðu menn. Nú aptur á nærstliðnu sumri, leyfði presturinn fleirum mönnum úr Borgarfjarðarsýslu upprekstur og lét þá reka á lítið landpláts sem Gilsbakkakyrkja mun eiga, það lyggur á milli Kjarará og Lambár og nefnist Lambatúngur en flest allt lenti þó í afrétt vorum. Þessir drógu fé sitt í haust í Kjarardalsrétt þrátt fyrir yðar bann. Daginn eptir komu þeir til Fiskivatnsréttar þar heimtuðu þeir óhindraðan fjárdrátt, en af því sú regla er brúkuð í þessari rétt að utanhéraðsmenn, sem þar eiga fé, draga það ekki fyrir en héraðsmenn fara að losa dilka sína, þá var Borgfyrðsku mönnum varnað að draga, en þeim ætlað að bíða líkt og hinum, utanhéraðsmönnum en sú bið leiddist þeim, kusu heldur hinn kostin sem þeim var boðin að draga fé sitt í Hallarrétt tveim dögum síðar. Þess er líka að géta að optnefndur Gilsbakkaprestur tekur árlega



---

fjölda mikin af hrossum úr Borgarfjarðarsýslu er geingur í afrétt vorn til stórskaða, auk þess sem engin veit ef hann má leika frýtt kann að leyfa fleirum úr Borgarfjarðarsýslu upprekstur, eignar hann kirkju sinni mestallan afrétt vorn fyrir norðan Kjarará og hefur heimtað uppreksturstoll af sveitúngum sínum.

Nú þó við undirskrifaðir neytum þverlega Gilsbakkakyrkju um það hún eigi stein eður strá eður nokkrar landsnytjar fyrir norðan Kjarará að frá tekini eggja og fjaðratekju og öðrum ítökum sem nefnd eru í máldögum Vilkins og Gísla, þá skrifuðum við þrír undirskrifaðir hreppstjórar ásamt með hreppstjóranum í Hvítársíðu síra Magnúsi til þann 29<sup>da</sup> December f.a. og buðum honum af ástæðum þeim er bref það sýnir, af hvörju við sendum hermeð gjenpart, að hann þó skyldi mega taka af 3 bændum geldfé fyrir sunnan Hvítá; en þessu brefi svaraði hann svo, sem hjálegt bréf hans sýnir. Þareð vér nú ekki gjörla vitum hvört presturinn ætlar sér að senda þetta bréf sitt stiftinni eður hvenær hann fær svar frá því, eður hvenær við fáum að vita það svar, en okkur ríður mjög mikið á að fá þessu afstýrt sem fyrst, og ef mögulegt er fyrir vordaga nú, áður menn fara að reka geldfé sitt á fjall, þá leitum lvið til yðar með mótefni þetta, því við erum í mesta máta neyddir til að bera hönd fyrir höfuð vor, og það sem fyrst, með að líða ekki þann ójöfnuð sem okkur er sýndur af prestsins hálfu. Auk þess fyrrtalda flýtur af þessu ef presturinn eður nokkur annar sveitarbóndi hér, skyldi leyfa sér að taka í afrétt vorn, geldfé af öðrum, utanhéraðs mönnum kannské sínum hvört árið og það úr sveitum langt héðan burt, hinn mesti ruglínur og óregla í fjárdrætti og réttarhöldum, vegna markafjölda víða yrði námerkt og sammerkt með margri annari ótalinni fyrirhöfn og óþægilegheitum sem af þessu getur risið. Af öllum fyrrtéðum ástæðum þá klögum við undirskrifaðir fyrrgreindan óþolandi ójöfnuð og yfirgang prestsins síra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka, og óskum auðmjúkast að yðar velborinheitum vildi þóknast að rétta okkur hjálparhönd, og ljá yðar liðsinni með því að unna okkur yðar kröptuga fylgis í því að hin hærri yfirvöld vildu sterklega banna nefndum presti að taka eður bæta nokkru í afrétt vorn af neinum fénaði sunnan yfir Hvítá. Og að opt nefnd Kjarardalsrétt verði með öllu afmáð, utan dyggilega sé hlídt yðar bréfi af 9<sup>da</sup> September 1848

Kvíum dag 6<sup>ta</sup> Febrúar 1850

Björn Guðmundsson, Jón Helgason, S. Jónsson

S.T. Sýslumanns Herra Jóns Péturssonar<sup>94</sup>

Í vitnisburði séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka, dags. 7. febrúar 1850, kemur fram að afskriftir af lögfestum séra Hjartar Jónssonar, dags. 8. maí 1808 og séra Magnúsar Sigurðssonar, dags. 16. maí 1848 séu rétt skrifaðar eftir frumritinu.<sup>95</sup>

---

<sup>94</sup> Skjal nr. 2(261) a-b.

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(95) a-b.

---

Þann 8. febrúar 1850 sendi Jón Pétursson sýslumaður bréf til amtmanns, að beiðni hreppstjóra Stafholtstungna- Norðurárdals- og Þverárhlíðarhreppa, vegna ágreinings þeirra við Gilsbakkaprest. Þar fjallar hann um mótmælabréf þeirra frá 6. febrúar sama árs og greinir frá skoðun sinni á málinu. Þar segir:

Í dag hefi jeg fengið bréf frá hreppstjórunum í Stafholtstúngum, Norðurárdal og Þverárhlíð, hverju að þeir fyrst skyra frá því, að presturinn á Gilsbakka sjera M. Sigurðarson hafi í sumar er var, tekið gélðfé af nokkrum mönnum sunnanyfir Hvíta til upprekstrar á fjalllendi það hér í sýslu, er liggur millum Lambár og Kjararár og Lambatúngur nefnast, halda þeir að Gilsbakkakirkja kunni að eiga land það, en peningur þess hafi þó verið slíkur fjöldi, að hann hafi gengið þaðan norður yfir áminnsta Kjarará í afréttarlönd Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdæla, þeim er þar upprekstur eiga til stórs skaða.

Að vísu segja þeir, að presturinn eigi Gilsbakkakirkju afrétt þennan, fyrir norðan Kjarará, en þeir álíta, að Gilsbakkakirkja eigi þó engar grasnytjar þar, og ekki nema hlunnindi þau, er máldagar Vilkins og Gísla biskupa eigna henni, eins og þeir og álíta, að presturinn engann rétt hafi til, að taka upp nýann upprekstur á áminnstar Lambatúngur af utansveitarmönnum, þó Gilsbakkakirkja kynni að eiga þær; þaræð slíkt yrði fyrrtjedum afrétti þeirra til stórs skaða. – Auk þess sem þeir nú álíta að presturinn engann rétt hafi til að taka upp þennan upprekstur, álíta þeir einnig að ef honum liðist það, mundi af því rísa mikil óregla, og margt annað íllt. – Fleiri kynnu þá að leyfa sér að taka lönd sín til uppreksturs, geldfé eður hross, af utansveitarmönnum, er gengi þaðan í afréttinn. Hinn mesti ruglingur og óregla yrði á öllum fjádrætti og réttarhöldum því markagrúinn yrði svo mikill og svo víða yrði námerkt og sammerkt, hafa því að lokunum áminnstir hreppstjórar beiðið mig að stuðla til þess að hin hærri yfirvöld, vildu sterklega banna nefndum presti, að taka eður bæta nokkru í áminnstann afrétt, fyrir norðan Kjarará, af neinum fénaði sunnanyfir Hvíta. –

Um leið og ég þá fullnægi vild tjeðra hreppstjóra, með að senda yðar Hávelborinheitum fyrrgreint bréf þeirra til mín, og þau 2 fylgiskjöl er því fylgdu, skal ég auðmjúklega leyfa mér að segja í fáum orðum meiningu mína um þetta málefni. –

Ég á að sönnu enga áreiðanlega afskrift af máldögum Vilkins og Gísla biskupa, en þó hefi eg handa á millum eina skræðu af þeim, og er í henni Gilsbakkakirkju ekkert land eignað á Tvídæguru, fyrir norðan Kjarará, heldur einúngis ýmis ítök þar, svo sem veiðar, í ýmsum vötnum. – Það er mér ekki heldur kunnugt að nokkur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Norðurárdal eða Stafholtstúngum, er afréttinn nota, hafi fengið upprekstrarleyfi hjá prestunum á Gilsbakka eða goldið upprekstartoll. Ég gét því að svostöddu ekki álitid að Gilsbakkakirkja eigi nokkur heiðarlönd fyrir norðan Kjarará. – Og þó nú Gilsbakkakirkja ætti allt það land fyrir norðan Kjarará, er notað hefur verið

---

fyrir afrétt úr fyrrnefndum 4 sveitum, þá held jeg samt að prestarnir á Gilsbakka ekki gæti haft rétt til að taka af utanhéraðsmönnum, hvaðan land þetta aldrei hefur verið notað fyrr, fyrir upprekstrarland, pening þeirra í það, einkum meðan ósannað er, að afrétturinn þoli meiri skepnugrúa enn nú gengur í honum árlega. – Ég veit ekki betur, enn að það sem stendur í Jónsb:Llb: Caput 49. „Þar skulu réttir vera, sem að fornu hafa verið, og svo langt og víða tilreka“ hafi í ýmsum gömlum dómum verið skilið svo, að land það, er lengi hefur verið notað til uppreksturs af einni sveit, megi eigandinn ekki ljá utansveitarmönnum, og aptur á hinn bóginn, að innsveitarmenn séu skyldir að reka þángað pening sinn, eður þó einhver þeirra eitt skipti reki pening sinn annað, sé hann jafnskyldur eins fyrir því, til að borga eiganda landsins, uppreksturstoll, sem hann hefði rekið peninginn í landið, og þó þetta kannské ekki með ánægjanlegum rökum megi leiða út af áminnstum orðum lögbókarinnar, þá vyrðist mér sem það þó hljóti af eðli viðskipta þeirra, er landeigandinn hefur haft við upprekstrarmennina og þeir við hann, ef þau eru orðin langvinn. – Auk þessa er það auðsjáanlegt, að Gilsbakkaprestar gætu hæglega gjört afréttinn ónýttann fyrir þeim er nú nota hann, ef þeir mættu eptir vild sinni taka pening í hann af utansveitarmönnum. Mættu þeir nú og taka af sínum í hvert skiptið t.a.m. eitt árið af Reykdælum, annað af Andkílingum, þriðja af mönnum á Hvalfjarðarströnd, og fjórða af mönnum sunnanúr Kjós, o.s.fr. þá yrði fjallapeningi bænda hér í sveit við það hin mesta hætta búinn, því margir af þessum utanhéraðsmönnum gætu átt mjög námerkt og sammerkt við þá, og væri ómögulegt að fyrirbyggja það, hvað mikla alúð sem menn hér legðu á það. – Það sýnist því óþolandi fyrir bændur hér, að mega eiga pening sinn þannig í hættu, og verða að líða vanhöld á honum, ef þeir ekki eru skyldir til að þola það. – Lögbókarinnar reglur fyrir því hver skuli bregða útaf marki, þegar sammerkt sé, gæta hér engann stað haft í því þó einhver utansveitarmanna, er presturinn í ár hefði tekið pening af, ætti sammerkt við einhvern hér, væri það til einskis, þó annarhver þeirra brygði út af, þar óvíst væri að presturinn að ári tæki af honum pening hans aptur. – Þetta, og fleiri staðir í lögbókinni vyrðast mér að lýsi því sem löggjafinn ekki hafi ætlast til að slík óregla þurfi að koma uppá. –

Hvað þarámóti Lambatúngurnar snertir, þá vyrðist mér sem hér sje allt öðru máli að gégna. – Þær hafa án efa einlægt verið álitnar Gilsbakkakirkju eign, og aldrei verið notaðar fyrir upprekstrarland af neinum nema hvað Gilsbakkaprestar stundum kvað hafa tekið stóð á þær handan yfir Hvítá. – Mér getur því ekkert fundist móti því þó Gilsbakkaprestar stofnuðu þar upprekstur, með því að taka pening þangað af mönnum sunnanyfir Hvítá, því enginn hefur unnið neitt þvílíkt tilkall til landsparts þessa, að hallað væri á hluta hans af Gilsbakkaprestum með upprekstrinum. – En vegna þess þó að af Lambatúngunum er samgánga og í afréttinn, mætti þó peningur þessi ekki vera meiri enn svo, að álitid yrði við reglulega áreið að þær væru færar til að bera, eins og presturinn og ekki mætti taka í þær, af sínum í hvert skiptið, þaræð slíkt hlyti að olla hinni mestu óreglu í afréttinum; heldur yrði fastlega

---

að ákveða, af hvaða bæum það mætti vera, er þó í fyrstu mætti vera komið undir samkomulagi prestsins við þá jarðeigendur eður ábúendur er vildu fá þar upprekstur, en síðan vera óraskanlegt. –

Að vísu vyrðist mér sem málefni þetta gæti gengið til dómstólanna en mér sýnist það þó snerta svo almenningshag hér í sveitum, að yfirvaldið gjarnarn gæti skorist í, að meina prestinum að taka af mönnum sunnanyfir Hvítá pening til uppreksturs, öðruvísi, enn hann gétur sannað að Lambatúngunnar fái borið. –

Að endingu leyfi ég mér að gæta þess, að vegna boðs þess er hreppstjórnarnir hafa gjört prestinum, og sem ráða er af andsvari hans að hann ætlar að bera undir Stiptsyfirvöldinn, þá sýnist mér sem málefni þetta kunni að vera borið nokkuð fljótt upp fyrir yðar Hávelborinheit, þar ekki er að vita, nema Stiptsyfirvöldinn gangi inná boðið. – En þareð þó nokkuð mun verða að bíða þess, að svar komi frá þeim, er líklega fyrst leita prófastsins erkleringar um málefnið, hefi ég þó álitnið réttast, að skrifa yður eptir beiðini hreppstjóranna, strax til um það, þareð presturinn þó víst mun haga sér eptir álitni Stiptsyfirvaldanna, er ég ekki efast um að mjög mundi falla út eptir meiningu þeirri, er yðar Hávelbornheit mættu hafa um þetta málefni, ef þau annars fengu að vita hana, áður enn þau ansa prestinum aptur.

Norðtúngu, dag 8. Febrúar 1850

Jón Pjetursson

Hávelbornum Herra amtmanni P. Melsted Riddara af Dannebrogen<sup>96</sup>

Þann 9. febrúar 1850 sendi hreppsstjórinn í Hvítársíðuhreppi og fimm aðrir bændur bréf til sýslumannsins Jóns Péturssonar, vegna ágreinings þeirra við Gilsbakkaprest. Í bréfinu segir:

Þareð við vitum til, að frá öðrum sveitum hér í kring sé til yðar send klögun viðvíkjandi upprekstur vorum, hljótum við einnig hér undirskrifaðir Hvítsýðingar, að gefa yðar velborinheitum til kinna, þann að oss þreingjandi yfirgáng, prestsins ockar, Magnúsar Sigurðarsonar, á Gilsbacka, þar hann á vorþingi á Sámstöðum 1848, lét birdta lögfestu, og hann firirbauð öllum nockurn brúkunarrett, á heiði þeirri sem hlunnindi Gilsbackakirkju liggja á, enn vorið eptir 1849 á sama stað, lét hann birdta uppá nýtt, strángasta forboð, á nockrum landsnitjum innan nefndrar kirkjuhlunninda landamerkja, nefnilega allan upprekstur á sagða heiði og grasatekju án síns leifis, enn hefur þar hjá þverneitað oss um, að sína ockur nockra heimild eða eldri skírteini, sosem máldaga, sem kirkjan máske kinni eiga, héráofan hefur nefndur prestur, boðið oss heiðin móti tolli, sem við gátum því síður þeigið, sem að við Hvítsýðingar, ásamt Stafholtstúngnabændum, allt að Norðurá, og

---

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(263) a-b.

---

Þverhlíðingar allir og Norðdælíngir að nockru leiti, hafa brúkað frá aldaöldi, þar þessar sveitir hafa rekið í íms lönd, í þessum afrétti, hvar féð og Hrossin hafa geingið í sameining, á Hellirstúngum, og Tvídæguru, allt suður að Kjarará, og líka á Lambatúngum, austur, að Arnarvatnsheiði, Norður á mótis við afréttir Norðlínga, og frí til grasatekju, – enn það sem yfirtekur, og skaðlegast er af öllu, er: að nefndur prestur hefur tekið, nú í tvö undanfarinn ár, mikin fjölda af fé, og hrossum, úr suðurumdæminu, sunnan yfir Hvítá, hér á afréttarlönd vor, eigendur fjár þessa, hafa dreigið það, í Rétt þeirri, sem við bigðum, á Kjör, firir ofan Kjarará, enn með sýslumans úrskurði, af 9. Sept. 1848 höfum við feingið leifi til að draga einúngis ockar Hvítársýðumannafje, enn Rétt þessi var þó bigð, firir sterka áeggjun, og filgi nefnds prests, og sagðist hann þá ecki mundi taka upprekstur, úr Suðurumdæminu, sem hann þó gjörði, þegar búið var að biggja réttina, og í haust heimtaði hann með mikilli frekju, uppreksturstoll af ockur, í nefndri rétt, og hótaði lögsókn ef hann væri ecki greiddur, meigum við so líkast tapa að géta notað Réttina, firir fjárdrátt þessara manna í þessari rétt. Þessi prestsins upptekin háttur er einn skaðlegur firir upprekstur vorn, og lítt mögulegt, að koma góðri reglu við, við Réttarhöld vor, líka skaðlegur misdráttur, ná- og sammerkíngar, og það suður yfir Hvítá, sem yfirtekur. –

Nú með því að eingin maður, það við höfum tilspurdt, veit eitt einasta dæmi uppá, að feingið hafi verið leifi hjá Gilsbackaprestum, allt að þessum Magnúsi presti Sigurðarsyni, af framangreindum sveitabúendum, að reka á nefndan afrétt, allar sínar sképnur, eptir þörfum, á sumrum, og taka grös, og öll líkindi eru til, að so hafi verið síðan landið bigðist, því bevísanlegt er, að alldrei hafi staðið bigð á heiðinni neinstaðar, og menn standa, og hafa staðið í þeirri meiníngu, að hollt og hagi, og grasatekja á heiðinni hafi alldrei verið neirnar kirkju, eður nockurs einstaks mans eign, heldur sameiginlegur afréttur nefndra sveita þótt kirkjan á Gilsbacka eigi silungsveiði í tilteknum vötnum, og lagsveiði, og alftahlunnindi, á Afréttinum.

Af framan töldum ástæðum, óskum við auðmjúkast, að yður vildi þóknast að ljá ockur yðar kröptugt filgi, að framfæra firir hinum æðri yfirvöldum, að þeim mætti þóknast að sjá um, ásamt yður, að við mættum njóta framveigis fornra og ingri réttinda ockar forfeðra, með frían upprekstur, og grasatekju á nefnda heiði, og prestinum ásamt öllum öðrum sé bannað, að taka nockurn uppreksturpeníng sunnan yfir Hvítá, hér á vorn afrétt.

Þó undanskiljum við þá sonefnda Arnarvatnsheiði, sem liggur austast nærst jöklum, og (maské) er Kalmanstúnguland, og kémur oss að minstum skaða, þó þángað væri nockur uppreksturpeníngur rekinn, enn sé leituð til Fljótstúnguréttar hér í sveit, sem firir fáum árum er bigð, í leifisleisi frá yfirvaldi, enn sé nú hér eptir leifð af yfirvaldi með því móti hún standi undir umsjón hreppstjórans í Hvítársýðu, til allra leita og Réttarhalds.

Fróðastöðum í Hvítársýðu 9<sup>da</sup> Febrúar 1850

---

[... undirskriftum sleppt]

S.T. Herra Sýsslumanni Jóni Pjeturssyni.<sup>97</sup>

Með bréfi sama dag, þ.e. 9. febrúar 1850, áframsendi Jón Pétursson sýslumaður bréf hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi og fimm annarra bænda til amtmanns að beiðni þeirra. Í bréfinu óskar hann fyrir þeirra hönd að þeir megi framvegis njóta frjáls uppreksturs og grasatekju á Tvídægru. Í bréfinu segir:

Í dag hefi og fengið hjálagt bréf, undirskrifað af hreppstjóranum í Hvítársíðu, og 5 öðrum bændum þar; biðja þeir mig þar í að framfæra fyrir hinum æðri yfirvöldum að þeim mætti þóknast að sjá um, að þeir og sveitúngar sínir mættu framvegis njóta frjáls uppreksturs og grasatekju á Tvídægru, og að prestinum Sjera Magnúsi Sigurðarsyni á Gilsbakka og öllum öðrum sje meinað að taka nokkurn uppreksturspening sunnan yfir Hvítá á afrétt þeirra. – Bréf þetta vyrðist mér votta hversu megn óánægja ríki hér í sveitum yfir því að nokkur einstakur maður skuli leyfa sér að taka fénað sunnan yfir Hvítá, er gangi í afréttarlöndum manna hér, en þar og í gjær hefi skrifað yðar Hávelborinheitum útaf bréfi hreppstjóranna í Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstúngum til mín, nákvæmlega meiningu mína um þetta málefni, vil ég ekki ónáða yður með, að ítreka hana hér aptur, heldur verð ég að halda mér til þess bréfs míns í alla staði hvað þá grein snertir. En er fyrirtjeðir bændur beiðast þess, að yfirvöldin sjái um það, að þeir megi njóta frjáls uppreksturs, og grasatekju á nefndri heiði, þá hlyt eg að álíta, að slíkt eigi að vera laust við yfirvöldin, því álíti þeir það, að þeir ekki eigi að borga prestinum toll fyrir upprekstur og grasatekju á heiðinni, géta þeir neitað honum um það, og lofað honum að leita réttar þess, er hann í því efni þykist hafa, við dómstólana.

Norðtúngu dag 9. Febrúar 1850

Jón Pjetursson

Hávelbornum Herra amtmanni P. Melsted, riddara af Dannebrogen<sup>98</sup>

Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 8. maí 1850 var: „lýst friðhelgi, eptir beiðni prestsins á Gilsbakka, yfir álftaeggvarpi á þeim parti Tvídægru, er Gilsbakkakirkja á eftir máldögum hennar og öðrum skilríkjum.“<sup>99</sup>

Í bréfi Ólafs Pálssonar prests í Stafholti til Th. E. Hjálmarsens prófasts, dags. 7. júní 1851, segir eftirfarandi:

[...]

Þar að auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénað á Hellistúngum.

[...] <sup>100</sup>

---

<sup>97</sup> Skjal nr. 2(262) a-b.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2(26) a-b.

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(240).

---

Þann 15. júní 1859 skrifuðu stiftýfirvöld bréf til amtmanns vegna ágreinings hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa við Gilsbakkaprest. Þar tilkynntu þau amtmanni að þau hefðu tjáð séra Magnúsi Sigurðssyni að hann mætti ekki, án dóms og laga, sleppa neinu því landsvæði sem hann teldi eftir sinni bestu sannfæringu að kirkjan ætti. Í bréfinu segir:

Þér hafið, hávelborni herra! í bréfi 18<sup>da</sup> apríl þ. á. tilkynnt oss ágreining þann sem risin er milli hreppstjóranna í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstúngum og Norðurárdal og prestsins á Gilsbakka, útaf heiðarlandi því sem liggur fyrir norðan Kjarará, er hinir fyrrnefndu segja að sé afréttur þeirra nefndu fjöggra hreppa, en prestur telur að heyri undir heimaland Gilsbakkakyrkju og sé eign hennar.

Hvað nú snertir eignarréttindi Gilsbakkakyrkju til þess umþrætta heiðarlands, þá höfum vér ekki í máldöggunum greinileg skilríki fyrir landamerkjum heimalandsins, enda er það sjaldgæft að máldagar tilgreini þau, þótt þeir að öðru leiti lýsi því, hver hlynnindi fylgi, en hitt er víst að sú lögfesta, sem nú er móti mælt, og samin er og auglýst af sra Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka, tiltekur ei önnur landamerki enn formaður hans lýsir í lögfestu ár 1808, sem lesin var á Sámstaða manntalsþingi 9<sup>da</sup> Maí f. á. so hann fer ekki fram neinum nýngum í þessu efni, líka hefir hann sendt oss nokkra vitnisburði, sem bera, að land þetta hafi verið eignað kyrkjunni og aldrei verið kallað almenníngur.

Af því hér er þannig um eignarréttindi að gjöra, höfum vér í dag svarað prestinum, að hann megi ekki án dóms og laga sleppa neinu því sem hann eptir bestu sannfæringu ætli að kyrkjan egi, og vonum vér að herra amtmaðurinn viðurkenni að vér gátum hér ekki annan úrskurð álagt.

Prestinum rituðum vér einnig, að ef málið yrði lagt undir dómstólana, yrði hann að snúa sér til yðar með bæn um ókeypis málsfærslu, og eru það tilmæli vor – sem kyrkjunnar forsvarsmanna, – að þér þá þóknanlega vilduð verða við þeirri bæn hans.

Hvað nú enfremur snertir þá óreglu sem kann að ega sér stað útaf fjárupprekstri á áminnst heiðarland eður fjársafnaði á haustum, m. fl., þá virðist oss þetta vera sveitarmálefni, sem ekki heyri undir vorar aðgjörðir.

Þau skjöl sem fylgdu bréfi yðar hávelborinheita fylgja hérmeð tilbaka.

Isl. Stiptamtshúsi og Laugarnesi, 15<sup>da</sup> Júní 1850

[... undirskriftum sleppt]

Hávelbornum herra amtmanni P. Melstd, R. af Dbr.<sup>101</sup>

---

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(281) a-b.

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(267) a-b.

---

Þann 6. júlí 1850 skrifaði séra Magnús Sigurðsson bréf til amtmanns vegna ágreinings hans við hreppstjóra Hvítársíðu- Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa og óskar meðal annars eftir því að útnefnd sé sáttanefnd til að gera út um málið. Þar segir:

Í brjefi sínu til mín dagsettu 6<sup>ta</sup> Maí þ. á. kjemst þá verandi sýslumaður í Mírasíslu herra Jón Pjetursson þanig að orði: „að amtið hafi skrifað sjer að það vegna klögu hreppstjóranna í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstúngum og Norðurárdal, áhrærandi uppreksturin á afréttin fyrir norðan Kjarará, hafi skrifað Stiptsyfirvöldunum, og beðið þau að sjá til þess að jeg gjörði ekki þau ingrip í réttindi sveitarmanna, sem hreppstjórnir hafa borið sig upp um. – Sömuleiðis að iðar Hávelborinheit hafi beðið sig, að leiða mjer fyrri sjónir, ef Stiptsyfirvöldin móti von iðar, ekki skyldu finna næga ástæðu til að uppfylla þessa ósk iðar, að það sje rángur framgangs-máti af mjer, að taka mjer, uppá eigið eindæmi, og án heimildar meiri ráð yfir þeim umþrætta afrétt, heldur en formenn mínir í prestakallinu hafa gjört –“

Í ofanskriðu brjefi gjetur mjer ekki betur fundist en að það sje dróttað að mjer sem jeg er ekki valdur að og mjer hefir aldrei dottið í hug að gjöra; nefnilega það, að jeg hafi gjört „ingrip“ í réttindi sveitarmanna, eða brúkað rángan framgángsmáta, jeg held í því „að taka mjer án heimildar meiri ráð ifir landi kirkunar hjerna á Gilsbakka en formenn mínir hafa gjört“ og ef þetta er innihald í klögu áður nefndra hreppstjóra, þá gjet jeg ómögulega betur vitað eptir því sem mjer er kunnugt um land kirkunar hjerna á Gilsbakka og um brúkun mína á því, en að orð þeirra, í því efni, sjeu öldungis ósannindi. –

Árið 1848 lögfesti jeg land, eignir og ítök Gilsbakkakirkju sem skjöl hennar og máldagar helga henni og þá sjálfsagt heimaland hennar með firir norðan Kjarrá, einsog annarstaðar bæði firir sunnan og norðan, östan og vestan bæin, og var þeirri lögfestu af öingum manni móti mælt, því jeg filgdi líka næstum orðrjett, allra helst hvað landamerkin snerti, lögfestu formanns míns hjer sra Hjörts sál. Jónssonar frá 8<sup>da</sup> Maí 1808, sem jeg veit ekki betur, en samin sje eptir eldri lögfestum formanna hans hjer á Gilsbakka, og ber lögfesta hans það með sjer að henni er af öingum manni móti mælt. – Sama ár, nefnil. 1840, tóku líka hreppsændur, einkum þeir, sem búa í grend við mig, leifi hjá mjer að reka lömb sín í kirkjulandið firir norðan Kjarrá; og leifði jeg það öllum góðfúslega, sem um það báðu, en sumir ráku þá einsog þeir hafa gjört á nokkur undanfarin ár í Selland, sem bóndin á Sámsstöðum eignar sjer eða ábilisjörðu sinni, og sem jeg í eingan máta efa, að han á, firir norðan Kjarrá, og liggur það land áfast við Gilsbakkakirkjuland firir norðan ána að vestanverðu; og munu þeir hafa feingið leifi til þess. – Í ár hafa nábúar mínir ogso feingið leifi hjá mjer að reka í kirkjulandið firir norðan Kjarrána; því so er firir þakkandi að margir bændur eru so skinsamir og velsinnaðir, að þeir alíta það óviðurkvæmilega ágeingni, og jafnvel ránglæti, að fara að einsog mjer finnst, og máské fleirum, að ofannefndir hreppstjórar gjöri, að eigna sjer það, sem menn hafa eingin rök firir, að þeir eigji, og vilja brúka það án leifis



---

þeirra sem með eiga. – Í firra vor lét jeg lömb af fáum bændum sunnan ifir Hvítá í landspláts, sem liggur firir sunnan Kjarrá, og sem jeg held óefanlega eign Gilsbakkakirkju – og þá tók bóndin á Þorvaldsstöðum, sem bír í grend við mig, lömb af einum manni á Reikholtaldal í sitt litla fjallland, sem liggur östan til við kirkjulandið hjerna og Ekkjan sem bír í Kalmanstúngu tekur árlega í fjallandið sitt af so mörgum bændum í Reikholtaldal, sem til þess mælast, og landið er stórt til. – Og þetta gjörði jeg af því að jeg hvorki gat, nje þurfti að brúka það land til annara nota í það sinn, því eingin af hreppmönnum bað um það til uppreksturs; en tilbærileg not meinti jeg – eins og jeg held en, að jeg meigji hafa, eins og aðrir sem fjallland eiga, ekki síður af landi kirkjunar hjerna, en öðrum eignum hennar og ítökum; því jeg sje ekki annað af veitingarbrjefi mínu firir Gilsbakka, en að þau háu stiptsyfirvöld hafi veitt mjer prestarkallið með gögnum og gæðum og öllum lands- og vatns nitjum, sem því filgja til löglegrar brúkunar; Líka vildi jeg láta þetta vera litla þægð við þá góðu menn firir sunnan Hvítá, sem eru í afrjettarhraki, en taka árlega hross til hagagöngu á vetrum frá höstnóttum og fram á vor bæði af mjer, og flestum sóknabændum mínum í Hvítársíðuhrepp, og kom mjer ekki til hugar, að nokkur, sem nítur þessara hagsmuna, mundi, af eintómri meinbægni sinni vilja spilla þessum ómissandi hlunnindum firir sjálfum sjer; og síðst datt mjer það í huga um hreppstjóran í Hvítársíðu, sem ekki á heldur nokkurn rjett, og aldrei hefir átt, til afrjettar í því landi sem Gilsbakkakirkju tilheyrir, nema ef hann vill fá hann hjereptir keiptan ellegar með samkomulagji við prestin á Gilsbakka, hver sem han er, eða verður. – Því frá Fróðastöðum, sem er ábílisjörð hreppstjórans og frá fleiri bæum í neðri parti Hvítársíðu, var rekið til forna, eins og nóg eru vitni til, vestur á sokallaðar Hellirstúngur; og er það land löist við Gilsbakkakirkjuland, og er jeg saklaus maður af, að hafa gjört þar nokkur „inngrip“ í afrjett hans, nje þeirra, sem þangað ráku, eða brúkuðu þann afrjett, þangað til firir fáum árum, að han, hreppstjórin, og fleiri sem á Hellirstúngur ráku, hafa feingið afrjett uppi nokkur ár, annaðhvert keiptan, eða gjefins hjá bóndanum á Sámsstöðum, eins og brjef hreppstjórans til mín í vetur sínir og lifandi vitni vita; og er þetta ljósastur vottur til þess að þeir bændur sem hingað hafa leifi til að reka gjeldfje sitt í Sámsstaðaland, sem þó liggur áfast við Gilsbakkakirkjuland, þikist ekki hafa átt, eins og þeir eiga ekki heldur, frjan og frjálstan afrjett í stragsnefndu Gilsbakkalandi.

Jeg hefi en fremur síðan jeg kom hingað tekið trippi af fáum bændum á sumrin sunnan ifir Hvítá í landið firir norðan Kjarrá, og eru nóg vitni til, að formaður minn í prestakallinu sra Hjörtur sál. Jónsson gjörði slíkt hið sama; því han mun ekki hafa vitað betur eptir þeim ástæðum sem han hefir haft, en að kirkjan hjerna á Gilsbakka setti landið þar, og líklega meint; að hann mætti brúka það, sem eign kirkunar, til leifilegra nota; því han brúkaði þar ekki í seli, eins og formenn hans gjörðu; því þar standa glöggar seltoptir, sem heitir Gilsbakkasel, og var brúkað þangað til skömmu áður en sra Hjörtur sál. kom hingað, og var þá gjeldfje aldrei rekið í Gilsbakkaland norður ifir Kjarrána

---

heldur var rekið þá úr neðra parti Hvítársíðu á Hellirstúngur, eins og áður er sagt; en menn í fremra parti Síðunar, sem ekki eiga fjallland sjálfir, feingu þá afrjett í Kalmannstúngulandi. En eftir það að sra Hjörtur sál. kom hingað, seigja nágrannar hans, sem voru, að hann hafi boðið þeim að reka ásamt sjer lömb sín norður ifir Kjarrána í Sellandið sitt og hefi jeg líka leift nágrönnum mínum það, einsog mönnum ifir höfuð í hreppnum, sem til þess hafa mælst. –

Samkvæmt því, sem jeg hefi sagt hjer á undan, og seinast mun tala, gjet jeg ekki kannast við að so stöddu, hver sem það seigir, firri en jeg sje betur upplísinu frá laganna síðu, að jeg með áður sagðri aðferð minni hafi gjört nokkur inngríp í rjettindi sveitarmanna, ekki heldur haft rangan framgángsmáta í frammi með brúkun kirkjulandsins hjerna á Gilsbakka, nje tekið mjer án heimildar meiri ráð ifir því en mjer ber, og mjer er leifilegt að gjöra. Því án heimildar, eða sem mjer finst sama heimildarlöist, mun eingin maður, sem sannsíni gætir, og veit, hvað heimildarrjettur er, kalla að mjer sje það land, hver skjöl kirkunar hjerna helga henni, og ekki einungis nágrannar mínir hvað meira er sjálfur hreppstjórín í Hvítársíðu, heldur allir lifandi menn, sem uppaldir eru í Hvítársíðu, ellegar hafa dvalið hjer eða í grend við, hafa sagt mjer, að kirkjan hjerna á Gilsbakka ætti, ellegar að þeir hafi aldrei annað heirt, en hún ætti það. –

Þess vegna gjet jeg ekki að því gjördt, þó mjer þikji það undarlegt, og jeg veit ekki af hvaða sökum sprottið, ef mjer er ekki kallað það land heimildt, sem jeg hefi áður nefnd skilríki firir, munu þó aðrir ekki hafa meiri vissu eða heimild firir löndum jarða sinna, sem þeir brúka eftir eigin vild, og ekki betur en jeg. – Ellegar, ef það er kallaður rángur framgáns máti af mjer að leifa nágrönnum mínum og sóknarmönnum að reka gjeldfje sitt á kirkjulandið firir norðan Kjarrá, sem enginn, sem sönnum orðum vill tala, veit annað en verið hafi eign kirkunar frá eldgamallri tíð, en bóndin á Sámstöðum, sem á land til hliðar við mitt land tekur máskje af eins mörgum nágrönnum sínum og jeg og þar að öiki stóð sunnan ifir Hvítá. Eða ef það er kallað rángt af mjer, að jeg taki gjeldfje af fáum bændum sunnan ifir Hvítá, en bóndin á Þorvaldstöðum tekur þó af einum þaðan, og Ekkjan í Kalmarnstúngu af so mörgum sem henni og þeim semur um, en þar talar þó eingin um. – Og þetta þikir mjer því undarlegra, sem jeg veit ekki til, að sú skildukvöð liggji á Gilsbakka, að ábúandin hjer, hvert jeg er, eða annar, meigji ekki brúka það fjalland, sem kirkjan á til leifilegra nota, eins og aðrir, sem fjalllönd eiga, og allstaðar viðgeingst í öllum fjórðungum landsins, einast kinni það að vera umtalsefni ef að jeg tækji fleira gjeldfje í kirkjulandið en það er fært um að bera, so að tiltölu geingji fleira úr mínu landi í annara lönd, en úr annara löndum geingju í mitt land. – En það mun hreppstjóranum verða torvelt að sanna, að jeg setji fleira í fjalland kirkjunar hjerna, en þeir setja í afrjettarlönd sveita sinna, sem liggja firir vestan Gilsbakkakirkjuland og Norðdalínga máskje firir norðvestan það; og hefi jeg ekki heldur gjört þar nokkur inngríp í afrjett þeirra, nema hvað jeg lögfesti – og held jeg að það hafi ekki verið ólöglegt – samkvæmt

---

máldögum kirkunar og lögfestum selúngsveiði í vötnum og altatekju á og við vötn og flóa, sem sum annað hvort liggja í, eða í grend við afrjettarlönd þeirra. –

Að öðru leiti hefi jeg hvurgi fundið í skjölum kirkunar hjerna, og eingin kunnugur maður hefir híngað til gjetað frædt mig á því, að hreppstjórnir í Þverárhlið, Stafholtstúngum og Norðurárdal, nje hreppar þeirra – um afrjett hreppstjórnans í Hvítársíðu og hreppsþúa hans hefi jeg gjetið hjer að framan – eigji nokkurn tilkallsrjett til afrjettar í Gilsbakkakirkjulandi, og vist er um það, að þeir hafa ekki fremur brúkað þar afrjett, en menn í norðlendingafjórðungi, og ekki öðru, en so að gjeldfje þeirra hefir geingið ifir landamerki úr afrjettarlöndum þeirra í Gilsbakkakirkjuland, eins og jeg tel líka allvíst, að fje þaðan gangi á sumrum ifir landamerki á lönd þeirra. – Og gjetur mjer ekki þar firir dottið sú heimska og illgirmi í hug, að eigna mjer eignarlönd þeirra og neita eignarrjetti þeirra ifir þeim, þó máskje 10 eða 20 lömb sem jeg hefi átt, eða fleiri eða færri, hafi slángrað á sumrum úr mínu landi og í lönd þeirra. – Virðist mjer þó að hreppstjórnir biggji orð sín á líkum grundvelli, hvurt þeir hafa gjört það í áðurnefndri klögu sinni til háifirvaldsins, það veit jeg ekki, því hana hefi jeg ekki sjeð og gjet þar firir öingu í henni svarað, en víst í brjefi þeirra til mín í vetur, í hvorju þeir neita nærri með berum orðum, að kirkjan á Gilsbakka eigji nokkurt land firir norðan Kjarrá, sem eingin veit þó annað en hún hafi átt uppí nokkrar aldir. – Þessvegna sendi jeg þeim háu stiptsifirvöldum brjef hreppstjórnana in originale, af því um slíkt málefni var að gjöra, sem ogso skrifuðu mjer aptur þan 15<sup>da</sup> þ. m. á þá leið, að það sje sjálfsögð skilda mín að láta ekkert ganga undan kirkuni, sem henni hefir filgt og ber að filgja eptir fornum rjetti og njum, og ef aðrir veita ifirgang eignum hennar þá verði jeg að skjóta því máli til dóms og laga. Og undireins bjóða þeir háttvirtu herrar mjer, að biðja Vesturamtíð um ókeipis málsfærslu í þessu máli, ef opt nefndir hreppstjórar falla ekki frá því álitu sínu, eða neitun sinni, að kirkjan hjerna á Gilsbakka eigji það land, sem hún hefir átt og á firir norðan Kjarrá, og málið gjeti ekki útkljáðst án dómstólanna úrskurðar.

Þess vegna bið jeg þá hjermeð iðar hávelborinheit að veita mjer vegna kirkunar hjerna á Gilsbakka ókeipis málsfærslu í þessu máli ef jeg gjet ekki verndað eignarrjett hennar ifir landi hennar firir norðan Kjarrá firir ifirgáangi hreppstjórnanna í Hvítársíðu, Stafholtstúngum, Þverárhlið og Norðurárdal, nema að leggja málið undir dómstólana, og vona jeg þess heldur eptir að fá þessa bænheirslu, sem málstaður Gilsbakkakirkju mun reinast eptir skjölum hennar, og vitnisburður lifandi manna, á betri ástæðum bigður en hreppstjórnanna. –

En þareð það mun vera lögformlegra, og gjetur, ef til vill, komið í veg firir meira málaprás, að sáttatílróin gáangi á undan, áður en málinu er vísað til dóms og laga – og máskje að áreið á landið væri ogso nöiðsinleg – þá bið jeg undireins iðar hávelborinheit hjermeð að útnefna nja sáttanefnd af kunnugum

---

óviðkomandi og óvilhöllum mönnum, sem komi saman hjer á Gilsbakka, sem það umtalaða land heirir til, firir hvorja nefnd að opt nefndir hreppstjórara í Hvítársíðu, Stafholtstúngum, Þverárhlið og Norðurárdal, gjeti kallast til að reina til, hvert þetta mál gjetur ekki útkljáðst með hægra máta en úrskurði dómstólanna.

#### Öíðmjukast

Gilsbakka í Hvítársíðu d. 6<sup>ta</sup> Júlim. 1850

M. Sigurðarson

Hávelbornum amtmanni herra P. Melsted Riddara af dannebrog<sup>102</sup>

Pann 12. nóvember 1850 var gerð sátt milli séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka og hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa um upprekstrarland norðan Kjararár. Sáttin hljóðar svo:

Ár 1850 þriðjudginn 12ta Novemberm. voru presturinn Sra G. Vigfússon á Borg og hreppstjórinn í Borgarhrepp, Sgr. Jón Sigurðarson á Tandraseli, staddir að Hamri í Þverárhlið til þess, eptir skipun ens háa vesturamts, dagsettri 26ta d. Septemberm. – sem þeir framlögdu til sönnunar í frumriti – að reyna að semja sætt í þrætumáli ut af heidar – eða uppreksturs landi fyrir nordan Kjarará milli Prestsins til Gilsbakka og Síðumúla safnada Sra Magnúsar Sigurðarsonar er telur nefnt land Gilsbakkakirkju eign og Hreppstjóranna í Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstúngum, sem vilja eigna tédum sveitum hið sama heidarland til ókeypiss uppreksturs. Þess vegna hafði hin fyrrnefndi skipaði sættanefndar maður gefið út fyrirkall í málinu dagsett 23ja f.m. hvar med hlutadegandi málspartar voru kalladir fyrir sættanefnd á greindum stad og deigi; enda voru þeir nú allir mættir í ákvedin mund, og fyrirkallið framlagt med tilhlydilegum galla litlum áteiknunum áhærandi byrtínguna.

Þegar nefndin og malspartarnir höfdu velt málefni þessu fyrir sjer á ymsar hliðar vard það ad lyktum samningur hlutadegénda á millum, í von um nadugt samþykki enna háu Stiptsyfirvalda og amtmannsins í Vesturamtinu: ad Hreppstjórarnir í adurgreindum 4um gjöra sig ánægda med, ad hid um þrætta, lögfesta heidarland fyrir nordan Kjarará, sé eptirleidis talid eign Gilsbakka kirkju einsog verid hefir med því skilyrði, ad ádurnefndar 4ar sveitir, Hvítársíða, Þverárhlið, Norðurárdalur og Stafholtstúngur megi frammvegis eins og hingad til átalnalaust og ókeypiss reka geldfénad sinn, lömb og stódhross á þær sömu uppreksturs stöðvar og þeir hafa ádur rekid. Þó áskilur presturinn Sra Magnús, 1<sup>o</sup> ad þeir af Sóknarbændum hans, sem það hafa upprekstursleyfi hjá hönum ad undanförmu haldi sömu venju eptirleidis og með somu kostum, 2<sup>o</sup> ad han á sumrum megji halda búsmala sínum í seli fyrir

---

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(268) a-b.

---

nordan Kjarará í Gilsbakka forna sellandi og 3° ad han (Presturin) megi taka trippi til sumarbeitar í hid margnefnda land, ad likri tiltölu og verið hefir. – En fremur var það tekid fram milli kjæranda og hina málspartana, ad Presturin til Gilsbakka megi framvegis leyfa nokkrum mönnum utan Herrads að reka geldfenad sinn og lömb til sumar beitar a svonefndar Lambatúngur nl. þann fénadar fjölda, sem skinsamir, óvilhallir menn álíta, ad þær geti borið að skaðlausu, og njóti þeir sömu réttinda vid réttarhald á haustum, sem Hvítsíðingar, med því móti, ad þeir gjöri sömu fjallskil og hinir (Hvítsíðingar) og hlidnist Hreppstjóranum í Hvítársíðu í þeim efnun.

ð þessum sammings skilmálum gaungum vid undir skrifaðir í von um æðra samþykki.

M. Sigurðarson uppá samþykki Stiptysfirvaldana leyfir þetta og samþykkir fyri sig.

B. Guðmundson, S. Jónsson, Danjel Jonsson, Jón Helgason

Ad þannig hafi samist fyrir sættanefndinni vitna G.Vigfússon J. Sigurðarson

Rjett skrifað eptir eptirriti af framangreindri sættargjörð frá Sra G. Vigfussine vitnar M.Sigurðarson.<sup>103</sup>

Þann 30. nóvember 1850 sendu bændur í Þverárhlið og Norðurárdal bréf til sýslumanns vegna sáttarinnar og óskuðu eftir því að sáttin yrði ógilt. Þar segir:

Klögun, úr Þverárhlið og Norðurárdal.

Eptir það að hið háa Vesturamt hafði útnefndt þá prestinn séra Guðmund Vigfússon á Borg og Hreppstjóra Jón Sigurðsson á Tandraseli til að kalla prestinn síra Magnús Sigurðarson á Gilsbakka og mótparta hans Hreppstjórana í Hvítársýðu – Stafholtstúngum – Þverárhlyð – og Norðurárdal – firir sig til sáttaumleitunar útaf umþrættu heiðarlandi, er nefndur prestur gjörir tilkall til sem eignar kirkjunnar á Gilsbakka – enn sem mótpartar hans hreppstjórnir í téðum sveitum höfðu í firra yfirklagað og nú eins og þá vildu neita að væri eign nefndrar kirkju enn þar á móti uppástanda að sie og hafi verið frá ómuna eður aðalstýð, firjals og átölulaus afréttur firgreindra sveita sem þeir eru Hreppstjórar ifir – áttu 3, af Hreppstjórum þessum nefnilega Sigurður Jónsson, Daníel Jónsson og Björn Guðmundsson fund með sér að Hjarðarholti þann 9<sup>da</sup> þ. m. og boðuðu á þann fund úr Stafholtstúngum, prestinn síra Ólaf Pállsson á Stafholti og bændurnar Melkjör Eggertsson á Efranesi og Helga Jónsson á Neðranesi – úr Þverárhlyð Jón Sæmundsson á Hamri og Pétur Jónsson á Norðtúngu – úr Hvítársíðu Illuga Ketilsson á Síðumúla – til ásamt með þeim sjálfum að yfirvega þetta málefni í þeim tilgangi að brúka sýðar þegar firir sáttanefndina kjæmi það ráðið er

---

<sup>103</sup> Skjal nr. 2(96) a-b.

---

fundarmönnum þætti tiltækilegast í tilliti til [eiginn –(blekið er máð)] hagsmuna og réttinda firtéðra sveita til afréttarins. – Vildi þá so vel til á fundi þessum að fundarmönnum bárust frá einhvers góðs manns hendi – af núverandi Biskupi og prófasti staðfestar afskriftir af máldögum Biskupanna Vilkhins og Gísla áhrærandi eignir og ítök Gilsbakkakirkju. – Eptir að fundarmenn höfðu nú ifirfarið Máldagana urðu þeir fljótir til adkvæðagreiðslu og allir á eitt sáttir að nefndir hreppstjórar skildu aungva þá sátt eða samning við prestinn síra Magnús inngánga firir vora hönd er í nokkurn máta skerdti vorn meinta rétt til heiðlendis þessa sem er afréttur vor alt suður að Kjarará, hvað jeg Pétur Jónsson heldur tvisvar enn einu sinni bríndi firir hreppstjóronum öllum áheirandi á fundinum áður en honum sleit og tók fram að þetta væri nú afgjördt og okkar allra vilji – og þeir játuðu því, svona fóru nú hreppstjórarinnr útbúnir frá okkar hendi til sáttafundarins þann 12<sup>ta</sup> þessa mánaðar – hvar þeim tókst svo mjög óheppilega til að þeir aldeilis þvert á móti því sem ráðið og gjördt var á optnefndum fundi að Hjarðarholti, og eins þvert á móti okkar allra undirskrifaðra vilja og okkur öllum til ómetannlegs skaða geingu inn á þá sætt og gjörðu þann samning við firrnefndann prest Magnús Sigurðsson að þeir ekki einungis tilstöðu honum Selför og trippaupprekstur í þráttnefnt heiðarland heldur þar á ofan viðurkendu það að vera Gilsbakkakirkjueign, eptir því sem við skiljum forlíkunargjörninginn so eptir honum sjáum við nú ekki betur enn þeir algjörlega hafi svipt okkur þessum vorum ágjæta afrétti og við næstu prestaskipti sem verða á Gilsbakka hrein óvissa að við fáum einusinni að reka pening vorn í hann (firir borgun).

Þannig hafa þá hreppstjórar þessir allir beinlínis vísvitandi þvert á móti skildu sinni og okkar vilja heimildarlaust traðkað réttindum vorum með því að géfa og fleigja í burtu úr okkar eign kjörgrip þessum sem er afrétturinn, hvors við aldir og líka óbornir aldrey bætur býðum að þeirra tilstilli – og þar á ofan haft nokkra af okkur að gabbi einu með því að látast vilja filgja ráðum og forsvara réttindi okkar eins og fóttróðið sýðan hvorutveggja.

Eptir öllu hér að framanskriufuðu finnum við okkur í hærsta máta orðsakaða til að innflýa til yðar velbirðigheita, og óskum undirgéfnaast að yður mætti þóknast að hjálpa okkur með því að ógilda og óníta þrátt nefndann sáttaamning hreppstjóraranna í öllum hans orðum og atriðum með virkilegum Dómi – að opt nefndum hreppstjórum sem höfundum gjörningsins til andsvara löglega firir Rétt ynnstefndum.

Skrifað að Arnbjargarlæk í Þverárhlíð þann 30<sup>ta</sup> Nóvember 1850

[... 21 undirskrift sleppt hér]<sup>104</sup>

---

<sup>104</sup> Skjal nr. 2(269) a-b.

---

Þann 2. desember 1850 sendu bændur í Stafholtstungnahreppi svo bréf til sýslumanns vegna sáttarinnar. Í bréfinu biðja þeir sýslumann að gangast fyrir því að sáttin verði ekki samþykkt af amtmanni. Þar segir:

Vér undirskrifaðir bændur í Stafholtstúngnahrepp, leifum oss hér með að leita til yðar velbyrðugi herra, beiðast yðar góðu ráðlegginga og aðstoðar í málefni því, sem hér greinir og sem vér álítum mikilsvarðandi fyrir alda og óborna í sveitarfélagi voru:

Eins og yður mun að nokkruleiti vera kunnugt, hefir presturinn á Gilsbakka hér í sýslunni sra Magnús Sigurðarson fyrir nokkrum tíma síðan eignað kirkunni á Gilsbakka, og lögfest á Sámstaðþingi afrjettarland mikið sem liggur fyrir norðan Kjarará, er rennur á fjöllum uppi á bakvið alla Hvítársíðu, og fellur að lyktum í Þverá, sem rennur að hér niður um Stafholtstungur í Hvítá í Borgarfirði. Bætti velnefndur prestur því við, að hann tók geldfé til uppreksturs í land þetta af mörgum mönnum sunnan Hvítár, eður úr suðuramtinu. Þetta virtist hlutaðeigandi hreppstjórum í Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstúngum gjöra bæði þreingsli í afrjett þeirri, sem sveitir þessar höfðu lengi notað átölulaust, sem og þreingsli og óreglu í rjettum, og tóku þeir því það úrræði í fyrravetur að rita um þetta til sýslumanns vors er aptur ljet málefni þetta ganga til úrræða amtmannsins í vesturamtinu. Var það að ráða af svari amtmannsins að sveitir þessar mundu ekki ástæðulaust eigna sér afrjettarland þetta, og enda var það gefið í skin, að þær kynnu að geta fengið ókeipis málsfærslu ef á þessu þyrfti að halda til lanslaga og rettar á móti Gilsbakkakirkju. Hlutaðeigandi prestur mun og að sínu leiti hafa ritað um málefni þetta til stiptsyfirvaldanna, og svo mikið er víst, að eptir bón hans skipaði amtmaðurinn í vesturamtinu sættamenn sem þann 12 f. m. kölluðu þá fjóra áður um–getnu hreppstjóra fyrir sættafund á Hamri í Þverárhlið til þess að reint irði að koma hér sættum á, á milli velnefnds prests og hreppstjóra vorra.

Áður en við getum þess hvernig sættafundur þessi liktaði, leyfum vér oss að fara nokkrum orðum um þetta tilkall Gilsbakkakirkju til afrjettarlandsins fyrir norðan Kjarará og að hinu leitinu tilkall sveita þeirra er áður voru nefndar til hins sama. Það er oss kunnugt að sveitir þessar hafa, svo lengi sem elstu menn muna eða hafa heirt um talað átölulaust og án eptirgjalds til nokkurs manns notað afrjettarland þetta, en hins höfum vér ekki heirt getið, að nokkurt skilríki sé til sem eignar Gilsbakkakirkju hið sama land – einungis hefir prestur sá sem nú er þar og eins formaður hans í embættinu fyrir mörgum árum tekið fyrir að eigna kirkjunni land þetta og láta í því skini bera upp lögfestu á manntalsþingi í Hvítársíðu. Sumir af oss hafa haft í höndum og lesið máldaga biskupanna Vilkins og Gísla Jónssonar sem í þessu efni eru einka merkastir og getum vér ekki fundið að þeir með einu orði eignu Gilsbakkakirkju land þetta, en hitt er víst að þeir eignu henni hlunnindi í landinu, en þó ekki önnur en álpaveiði og silúngsveiði, og er því að þessu leiti engin ástæða fyrir að eignu Gilsbakkakirkju land þetta þar landsnytjar. Á

---

hinn bóginn hagar því svo til, að máldagar þessir ákvarða að vísu ekki takmörk fyrir heimalandi Gilsbakkakirkju, en þar er aðeins kveðið svo að orði „að hún eigi heimaland allt“ en vér ætlum þó, að líkur meigi færa til þess, að Kjarará sé það rjetta takmark fyrir heimalandinu. Það stendur svo á, að máldagar eigna kirkjunni sjerflagi land nokkurt er Lambatungur kallast, en land þetta er austarlega heimanmeiginn Kjararár, og mundi það annars vera talið með heimalandi, væri það ekki álitid sem fjall-land, og væri þannig heimalandið á þessu svæði ekki einusinni að Kjarará. Vestar liggja fleiri sellönd, sem fornmen hafa notað, fram með Kjarará norðanvert, og er ennú með þessu bent á, að við Kjarará þrjóti heimalandið. Að þessu öllu íhuguðu, og þar sveitirnar höfðu svo lengi notað afrjettarland þetta átölulaust, virðist öllum brýn nauðsin bera til þess, að verja rjettindi sveitanna á móti þessu tilkalli Gilsbakkakirkju. Hreppstjórnir í Hvítársíðu, Þverárhlið og Stafholtstúngum, áttu því fund með sjer, að tilteknum 6 mönnum úr sveitum þessum, til þess að íhuga málefni þetta áður en til sættafundar kom, kom mönnum þar saman um, að synja að öllu leiti fyrir það að Gilsbakkakirkja ætti nokkrar nytjar í landi þessu, að fráteknum hlunnindum þeim sem áður er getið.

En þegar til sættafundarins kom, urðu allir fjórir hreppstjórnar ásáttir við prestinn frá Gilsbakka, að land þetta væri eignað Gilsbakkakirkju, en þó með tvíræðum orðatiltökum, „eins og að undanförmu“, er hér að vissu leiti viðurkjend eign kirkjunnar á landinu, en þó, svo sem á huldu, farið yfir það sem helst reið á að væri skírt ákveðið, nefnilega hvert hún hefði átt landið eður ekki. Þar næst á prestur eptir sættinni, að hafa rjett á að taka stóðhross til upprekstrar í land þetta, eptir sömu tiltölu, „sem áður“ hafi tíðkast, enfremur má hann hafa þar selstöðu, og að líktum meiga þeir úr Hvítársíðu, sem að undanförmu hafa (að oss virðist ástæðulaust) beðið hann leifis fyrir upprekstri, gjöra það eptirleiðis. Á móti þessu hafa sveitir þær sem um er getið átölulausan og frían upprekstur í landinu. Þessa skilmála undirskrifar presturinn einungis „fyrir sig“ og virðist oss ekki betur, enn að hér sé með öllu búið að staðfesta eignarrjett Gilsbakkakirkju á landi því, sem máldagar hafa ekki eignað henni og ef þetta væri staðfest, sé eptirleiðis opnaður vegur til þess að svipta sveitirnar öllum rjetti í þessu efni, ef svo ber undir – en hér er þó um mikilvæg rjettindi að gjöra.

Vér þikjumst nú ekki vera að öllu leiti vissir um hvert hreppstjórnar hafa haft rjett til þess, að sættast þannig með því móti.

Það væri eptirgefið, sem vér eptir öllum skilríkjum getum ekki annað en ætlað að séu fullkomin rjettindi sveita þeirra og það þvert á móti áður gjörðu samkomulagi og vilja þeirra sveitar bænda sem þetta var borið undir. Vér höfum því ekki önnur úrræði en að leita nú yðar góðu aðstoðar og biðja yður gjöra svo vel og líta á hag sveitar vorrar og sérílagi það hvert hún með sættagjörð þessari hafi ekki mist rjett þann, sem henni ber að njóta. Og virðist yður svo vera, þá að gangast fyrir því, að sættagjörð þessi ekki yrði samþíkt af



---

amtmanni vorum, samt en fremur að vaka yfir rjettindum vorum og leiðbeina oss í því, sem hér við kynni framvegis vera að gjöra.

Bréf þetta höfum vér orðið að rita án þess að hafa í höndum skjöl þau, sem að þessu málefni lúta, en höfum gjört oss far um, að ekkert það væri framborið sem vér ekki erum vissir um, að muni reinast þeim að öllu leiti samhljóða.

Stafholtstúngnahrepp 2. Desember 1850

[... 25 undirskriftir, sleppt hér]

S.T. Herra Sýslumanni M. Gíslasyni<sup>105</sup>

Þann 3. desember 1850 sendu bændur í Hvítársíðu bréf til sýslumanns vegna umræddrar sáttar. Í bréfinu óska þeir eftir því sáttin verði ógilt. Í bréfinu segir:

Hérmeð innsendum við undirskrifaðir, til yðar herra Sýsslumaður, Málefni, sem oss þikur mikið áriðandi til að leita yðar úrskurðar hér um til, dóms, og laga, eptir því sem yður þóknast í ~~Réttvísinar nafni~~, að meðhöndla þetta vordt málefni, so það gæti náð sínu eptir óskaða augnamiði sem er: Að forlíkunargjörningurinn, sem samin var á Hamri þann 12<sup>ta</sup> November þ. ár, af 4<sup>um</sup> hreppstjórum, (að nafninu firir vora hönd) sameiginlega úr, Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal, og Stafholtstúngum, sé gjörður ógildur, og marklaus, þeim afréttarheiðlöndum viðvíkjandi eður uppreksturs, er þar eru nefndar, og viljum við færa framm ástæður firir þessari vorri ~~Réttarkröfu~~ klögun.

Það var nú í firravetur, að þessir hreppstjórar voru að leitast við, að halda framm þessu málefni viðvíkjandi Afréttinum ockar, og sendu klögun voru háa Vesturamti, honum áhrærandi, og með hreppstjóranum úr Hvítársíðu skrifuðu undir nockrir bændur, hér, og hann vissi einlægann, vilja flestra annara hér í sveit, þó ecki skrifuðu undir klöguna, filgjandi því sama. – Hérá ofan skrifuðu þessir 4<sup>ir</sup> hreppstjórar prestinum á Gilsbacka bréf í firravetur, í sama anda, áhrærandi afréttin vorn, þó þeir birjuðu þá first, að bregða út af vilja vorum, með það boð er þeir buðu prestinum, heimildarlaust af vorri álfi.

Af þessu bréfi fljóttandi var það, að presturinn á Gilsbakka Magnús Sigurðarson, óskaði af hinu háa Vesturamti settir forlíkunnefnd í málinu, hvor nefnd kallaði prestin og þessa 4<sup>a</sup> hreppstjóra, eptir ósk prestsins, firir þennan forlíkunarnefndarrétt, sem nefndin tiltók að skildi ské að Hamri í Þverárhlið, eins og forlíkunargjörð þessi ber með sér. – Það var nú víst að hreppstjórinn ockar herna á Hvítársýðu, hafði haft munnlegt tal af oss flestum, sem hér undirskrifum, áðurenn forlíkuninn frammfór, hvar að var vor vilji og uppástand, þessum afrétti viðvíkjandi, enn skriflega fullmakt forsómaði hann að taka hjá oss, nú fór þessi ockar hreppstjóri, til sona á fundin, fullmaktarlaus, sem var þó þverdt á móti lögum tilskipunarinnar, af 20 Janúar 1797. gr. 25<sup>ta</sup> (sem skipar að sá sem mælir firir aðra skuli hafa skriflega

---

<sup>105</sup> Skjal nr. 2(270) a-b.

---

fullmakt meðferðis, sem gefi fullan rétt til sættagjörðar, með tilteknum sættaskilmálum), að vísu vissi sættanefndinn að þetta voru hreppstjórar, aðra fullmakt hafa þeir ei haft, því ecki gétur um í forlíkunargjörðinni, að þeir hafi vísað eða framlagt neina skriflega fullmakt, og höldum við að nefndin hafi gjörðt máské rángt; að antaka til sætta þessa hreppstjóra, þó þeir bæru hreppstjóra nafnið, sama hefur hreppstjórurum þótt vera, first þeir væru hreppstjórar, væri þeim óhætt að mæta fullmaktarlausum, og láta ræna oss Réttindum (ef so vildi verða) á þessum fundi.

Hafa álitid oss bændurnar óminduga, ockar Réttur væri allur undir þeirra ummsjón, og samþicki, enn við álitum þetta öðruvísi, við viljum hafa Lög og Réttindi óskérðt, hvað sem sem þessir hreppstjórar seigja, þeir hafa líka svarið eið uppá það, að stirkja hag, og viðhalda Réttindum sveitanna, hver í sínu umdæmi, á því sem er samqvæmt kongsins, og yfirvaldanaskipunum. – Við gétum því ómögulega gjörðt oss ánægða með þennan hreppstjóranna heimildarlausu samning fyrir vora hönd, því þeir hafa samið um sættir eins og nú er orðið þverdt á móti vilja vorum, og bestu sannfæring sjálfra sín, látni í ljósi, við oss munnlega, og skriflega fyrir oss, sem áður er ávikið. – Og kastað öllum þeim Réttindum, er við þikustum eiga, og hafa átt afréttinum ockar viðvíkjandi, fyrir norðan Kjarará, og ítarlega er framfærðt í Klögum þeim er áður eru nefndar, og undirskrifaðar eru af sjálfum hreppstjórurum, já! þeir hafa eptirlátið þau, þessi ockar Réttindi Gilsbakkakirkju, og prestinum þar, so við sjáum að sveitin ockar (það af henni sem á hlut að máli) hefur tínt og tapað, sínu gamla frelsi og eignarréttindum, á ofanefndum afrétti, og hafa þeir, annað hvurdt af huxunarleisi eða ásettu ráði, yfirtroðið skildu sína í því, að taka hjá oss skriflega fullmakt, og sættasamningsskilmála, so þeir hefðu betri ástæðu til að auka Réttindi kirkjunnar á Gilsbacka, og prestsins þar (enn svíkja oss í tiltrúðu málefni) hvur af þeim kirkjuni og prestinum eptirlátin Réttindi, ecki munu finnast í Máldögum Gilsbakkakirkju, fyrir því umþrætta heiðlandi, og þó að hinar sveitirnar hafi um sárðt að binda, sem líka munu innsenda Klögur til yðar, sama efnis, þá erum við Hvítársíðubúar þó langvest haldnir, af þraungvun þessa samnings, og jafnvel skérðt frelsi nockra vor, með þraungvaðri leifistöku, af þeim sem eiga hlut að því máli, og er það dæmalaust, að hreppstjórarnir skildu taka sér þennann mindugleika til ansvars, sem þeir þó máttu búast við, því vita máttu þeir að einginn hlutaðeigandi mundi géta orðið rólegur yfir sættasamningum, þegar á allt væri litið, ef annars volgt blóð rinni í æðum manna.

Vér ötlum ecki að þessu sinni í Klögur þessari taka framm eitt eður annað, atriði í sættasamningi þessum, enn til frekari sönnunar frammfærðum ástæðum vorum, var á frjálsum fundi, þó fámennur væri, (af dáðleisi hreppstjóranna) hvar 3<sup>ir</sup> af þessum hreppstjórurum voru við sjálfir, 3<sup>ur</sup> dögum fyrir samkomudagin á Hamri, skýlaust framtekið hvað þessir hreppstjórar skildu gjöra fyrir oss, og hvurjum sættum taka, og er það vottfast uppá þá, hvurju þeir lofuðu oss, og munu fundarmenn bera það hiklaust, sem og allir

---

þeir sem rita hér nöfn sín undir, að þessir hreppstjórar, eða hreppstjórinn okkar hérna í Hvítársíðu, hafa ecki haft neina, hvurki skriflega, né munnlega fullmakt, eða heimild, til að sætta málið eins og nú er orðið.

Því óskum við hér með, að hreppstjórnum verði stefnt til að forsvara gjörðir sínar, ef yður þikir þess þurfa, og yðar dómsúrskurður falli í málefni þessu, sem gjöri sættagjörningin í allastaði ónítan, og ógildan, eftir ofangreindum ástæðum sem við vonum, að ecki séu bigðar á ástæðu litlum grundvelli. –

Samqvæmt ofanskriðu ritum við hér undir nöfn vor, í sannri undirgefni.

Skrifað á Háafelli á frjálsum fundi

þann 3<sup>ja</sup> December 1850, af Hvítársíðubændum

[... 8 undirskriftir, sleppt hér]

Hér við leggjum við, afskrift af Sættasamningum er við óskuðum að hreppstjórinn okkar meðdeildi okkur, felandi yður á hendur málefnisins meðferð, til vísustu og bestu meðferðar, so vordt háa Vesturamt, og Stiptsyfirvöldin samþicki ecki Sættasamning þennan, sömuleiðis biðjum við yður, leiðbeina oss það sem kinni vera áfátt í meðferð málefnisins hér að framan.<sup>106</sup>

Þann 10. desember 1850 sendi sýslumaður bréf til amtmanns vegna mótmæla bænda í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlíð og Norðurárdal við sáttinni frá 12. nóvember sama árs. Í bréfinu segir:

Með mikilli lotníngu leyfi jeg mjer hávelborni herra hjermeð að senda yður 3 mjer í fyrradag tilhandakomin brjef frá ekki færri enn 53 bændum í Hvítársíðu, Stafholtstúngum, Þverárhlíð og Norðurárdal, öll hnígandi að því sama efni nefnilega: að sætt sú, sem þann 12 f. m. var samin af tveimur, af yðar hávelborni herra! útnefndum mönnum, sra G. Vigfússyni og hreppstjóra J. Sigurðssyni, (og fylgir afrit af sáttargjörð þeirri hjermeð) milli Magnúsar Sigurðssonar prests að Gilsbakka og fjöggra hreppstjóra fyrir hinum tilnefndu hreppum, verði ónýtt og ógild gjör, annað tveggja með dómsatkvæði eða með þeim hætti að þjer neitið um samþykki yðar til fullgildíngar; einnig leggst hjermeð varnarbrjef hreppstjóra S. Jónssonar í Þverárhlíð – þess hreppstjóra, er að mörgu og eigi síst í slíkum efnem, er best að hjer gjöri af þeim fjórum – og má af því sjá með hvílíkum ástæðum hreppstjórarnir fá varið aðferð sína.

Af því mjer er allljóst af sýsluskjölum hjer, að þetta málefni er yður hávelborni herra eigi lítið kunnugt þykist jeg ekki þurfa að fara mörgum orðum um aðalmálefnið, en leyfi mjer auðmjúkast að drepa aðeins lítið eitt á hina núverandi stöðu máls þessa með slíkum hætti:

---

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(271) a-b.

---

Eins og mælt var þekki jeg svo mikið af sýsluskjölum hjer, meðfram líka af nokkrum kunnugleika og af þeim skilríkjum sem frá Gilsbakkapresti, þeim manni, er að öllu þessu er prima causa, eru framkomin, sem og máldögum Vilkins og Gísla biskupa, er jeg í höndum hef, að jeg ómögulega að svo stöddu gæti sleppt því upphaflega tilkalli hreppanna til afrjettarlands fyrir norðan Kjarará, heldur neitað prestinum um allar landsnyttjar þar, og má jeg í því tilliti halda mjer til brjefsins frá Stafholtstúngum, sem jeg ætla að í því og fleiru sje hönduglegast samið. Jeg fæ og ekki betur sjeð við lestur nefndrar sáttargjörðar, enn að þessu tilkalli sje mjög ljúlega fylgt af hreppstjórunum og nær því yfirgefið, sem þeir þó eptir ástæðum og vitanlegri meiníngu sveitunga sinna valla hafa haft nokkurn rjett til. En hvað sem um vald hreppstjóra þessara, til þess af eigin ramleik einum að sættast þannig, snertir, er mjög svo til greina takandi að alþýða öll er óánægð þar með og, sem mælt er, að ekki litlum líkindum.

Að dómur skeri úr um gildi sáttarinnar, ætla jeg af fleiru ástæðum ekki umtalsmál, en þar á móti hlýt jeg í auðmýkt að leggja mín bestu ummæli á til þess að þjer vilduð með neitun samþykkis yðar, hreppanna vegna, ógilda optnefnda sáttargjörð, og þarf jeg eingin fjölyrði hjer um að hafa eða geta þess trausts sem alþýða hjer ber til álits yðar og umdæmis á þjóðvarðandi efnum, því jeg er þess fullöruggur að þjer ráðið úr þessu þannig sem hagkvæmast verður viðkomandi alþýðu og forðið öðrum óheillassamari vandræðum í efni þessu.

Mýra og Hnappadalssýslum Hýtardal 10. December 1850

M. Gíslason

Hávelborni herra amtmaður P. Melsteð Riddari af danabrog.<sup>107</sup>

Amtmaðurinn í Vesturamti sendi stiftamtmani bréf, dags. 20. janúar 1851. Meðfylgjandi bréfinu var afskrift af bréfi hans til sýslumanns Mýra- og Hnappadalssýslu vegna sáttarinnar frá 12. nóvember 1850. Í bréfinu segir:

Hvörnig eg i dag hefi skrifad til sýslumanninum i Myra- og Hnappadals-sýslu áhrærandi sattargjörð þá, sem samin er þann 12. Nov. f. á., af þeim af mér þartil eptir beidni prestsins til Gilsbakka þann 26. Sept. f.á. skipuðu sættagjörðarmönnum, i þrætu þeirri, sem risin er milli téds prests og bændanna i Hvítársíðu, Þverárlýd, Nordurárdal og Stafholtstúngum um afréttarlandid fyrir nordan Kjarará, samt útaf umkvörtun þeirri yfir nefndri sáttargjörð, sem gjörd er af 53 bændum í nýnefndum 4 sveitum, undanfelli eg ekki æruskyldugast með hérmedfylgjandi eptirriti af brefi mínu til ofanefnds sýslumanns að tilkynna enum heidrudu Stiptsyfirvöldum.

Islands vesturamti, Stykkishólmi, þann 20. Jan 1851.

---

<sup>107</sup> Skjal nr. 2(272) a-b.

---

Pmelsted<sup>108</sup>

Í afskrift af bréfi amtmanns til sýslumanns kemur fram að amtmaður hafi úrskurðað sáttina frá 12. nóvember 1850 ógilda og ónýta. Þar segir:

Afskrift af bréfi Amtmanns Melsteds til sýslumannsins í Myra- og Hnappadals-sýslu, M. Gislasonar, dagsettu 20. Jan. 1851.

Med bréfi dagsettu 10. f.m. hafid þér, herra sýslumadur! sendt mér eptirrit af sættargjörd þeirri, sem samin var milli prestsins til Gilsbakka og hreppstjóranna í Hvítársíðu, Þverárhlyd, Nordurárdal og Stafholtstúngum þann 12. Nov. f.á., af þeim af amtinu þann 26. Sept s.á. settu sættagjördarmönnum, prestinum Síra Gudmundi Vigfússyni á Borg og hreppstjóra Jóni Sigurdssyni á Tandraseli, í þrætu þeirri, sem risin er milli nefnds prests og bændanna í þeim ofanumgétu 4 sveitum útaf eignar- og brúkunar-rétti til afréttarlands þess, er liggur fyrir nordan Kjarará; þarhá hafid þér einnig sendt amtinu 3 bréf til Ydar, undirskrifud af 53 bændum í nefndum sveitum, hvari þeir hardlega mæla móti gyldi tédrar sættargjördar, med hverri þeir meina ad hreppstjórnir í sveitum þessum, er mættu á sættafundinum, hafi heimildarlaust sleppt vid Gilsbakka prestin rétti þeim til ens umþrætta afréttarlands, er þeir ætla sveitunum med réttu bera, og krefjast því, ad sáttargjörd þessi verdi ónýt og ógild gjör, annadhvört med dóms atkvædi, eda med því, að amtid neiti um samþykki sitt henni til fullgildingar, hverri kröfu þeirra þér, herra sýslumadur! í ofanefndu bréfi Ydar hafid veitt medmæli.

Af slíku tilefni undanfelli eg ekki hérmed ad tilkynna Ydur til auglýsingar fyrir hlutadendum í Ydar umdæmi: Ad þared hin aminnsta sáttargjörd, sem samin er uppá væntanlegt samþykki stiptyfirvaldanna og vesturamtsins, ekki er, hvað þó tilskipan frá 20. Jan. 1797. §.31. krefur, fullkomin edur afgjörandi, í því hún ekki skér úr því, sem þó var málsins adalefni, nefnilega hverjum bæri eignarréttur til ens umþrætta afréttarlands, heldur lætur alt í því tilliti standa í sömu óvissunni, einsog hínagad til; en sérílagi þared hreppstjórnir, sem sættina inngengu frá þeirri annari hálfu, einga skriflega eda greinilega fullmakt höfdu til sáttargjördarinnar frá sveitungum sinum, hvad þó var öldungis naudsynlegt, ef sættin átti nokkurn skuldbindandi krapt ad hafa eptir áminstrar tilskipunar §.25., þar hreppstjórnir, sem því líkir, edur sem embættismenn, eingan myndugleika höfdu til þess, med sitt eindæmi ad semja um svo mikilvæg eignarréttindi sveitanna; Og loksins þared tédir hreppstjórar, eptir því sem þær til amtsins innkomnu umkvartanir med sér bera, þaradauki hafa í sáttasamningnum gengid út yfir þau takmörk, sem þeir bædi vissu vera samkvæm vilja og áliti sveitarmanna, og einskordud voru á fundi, er nokkrir þeirra í þessu tilliti fyrirfram áttu med sér: svo finnur amtid, frá sinni hálfu, einga gilda ástædu til ad samþykkja þá herumhöndludu sáttargjörd, en álítur hana, vegna ofantédra galla, sem í sjálfu sér ónýta og

---

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(279) a-b.

---

ógilda, og ekki vera til minstu hindrunar fyrir því, að þær ofanefndu sveitir, uppá sama máta noti og telji sér tilkall til ens umþrætta afréttarlands, einsog hínagad til, þánagad til presturinn til Gilsbakka uppá löggildan hátt, hefur framfylgt lögfestu sinni fyrir afréttarlandinu, eda banni því, sem þar með er lagt fyrir brúkun þess frá sveitanna hálfu.

Rétt afskrifað vitnar Pmelsted<sup>109</sup>

Bændur í Bæjarhreppi í Strandasýslu skrifuðu amtmanni bréf, dags. 25. mars 1851, vegna sáttarinnar við Gilsbakkaprests frá 12. nóvember 1850. Í bréfinu kemur fram að þeir telji fyrrnefnda sátt vera til skaða fyrir heiðarlönd norðan fjalls þar sem Gilsbakkaprestur leyfi bændum úr Borgarfjarðarsýslu að reka fé og hross á Tvídægru. Með bréfinu fara þeir þess á leit að sáttin verð ógilt. Þar segir:

Vér undirskrifaðir innbúar Bæjarhrepps í Strandasýslu, sem upprekstur brúkom á Meladal og Holtavörðuheiði, leifum ockur hér með undirgéfnað að leita yðar hávelborinheita liðsinnis og aðstoðar í fylgjandi málefni:

Svo er mál með vexti, að fyrir nokkrum árum eða hérum 1843 og – 44 fóru bændur úr Borgarfjarðarsýslu að reka lömb sín og geldfé norður á heiðarlönd þau, er liggja milli Mýrasýslu og Hrútafjarðar og Miðfjarðar, í leifi Gilsbakkaprests, og máske fleiri kirknaeigenda og umráðamanna er eigna þeim landsparta á heiðum þessum, að sunnanverðu, en með óvilja alls almennings í Mýrasýslu millum Hvítár og Norðurár, og hér norðan fjalls, hvörs vegna hreppstjórar hér í Hrútafirði og Miðfirði sendu árið 1845 bannskrá gegn upprekstri þessum, hvörr þínglýst var á þíngstöðum þeirra hreppa í Borgarfjarðarsýslu, hvaðan upprekstrarins einkum var von; Annað forboðsbref var byrt á Norðtunguþíngi, sama ár, gegn upprekstrarfjár inntöku úr Borgarfjarðarsýslu á áðurnefnd heiðarlönd, þó það ecki væri undirskrifað nema af einum þeirra er rituðu undir hitt bréfið. Við þetta linaði upprekstri þessum 1<sup>s</sup> eða 2<sup>ja</sup> ára tíma, en síðan hefur hann aptur margfaldast, einkum þess vegna, að núverandi prestur á Gilsbacka Magnús Sigurðsson hefur, að sögn leift hann hvörjum sem óskað hefur. Að vísu höfum vér heyrt, að Mýrasýsluinnbúar millum Hvítár og Norðurár hafi risið mót þessum upprekstri, og hans inntöku af enum nýnefnda presti, en þar hjá að sök sú hafi nú í vetur, feingið, við sáttasamning, það útfall, er boðar oss miklu meiri og stórgérðari ágang, ecki einungis af fjár, heldur og líka stóðhrossaupprekstri, en nokkurn tíma hínagð til. Vér vonum samt og fulltreistum því að vér Bæhreppingar aldrei verðum álitnir skyldugir til að búa undir sjáanlegum afleiðingum téðrar sáttargjörðar, þar þessi upprekstur úr Borgarfjarðarsýslu, sem frá aldaöðli aldrei hefur tíðkast fyrri en áður er sagt gétur ei annað en álitist oss og öllum þeim sveitum er hlut eiga og upprekstur í heiðarlöndin að norðanverðu framúrskarandi skaðvænn og ollandandi ókljúfandi fjárríngis fyrirhafnar og hættu af fylgjandi orsökum.

---

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(280) a-b.

---

Að þetta Borgarfjarðarsýslufje geingur án allrar fyrirstöðu ei síður en fé það sem rekið er úr Mýrasýslu hér norður á heiðar í ockar upprekstrarlönd, og sumt hér ofan í bygð margfalt fleira að tölu, heldur en það af norðanfje, sem á ári hvörju heimtist úr fiskivatns og öðrum réttum syðra, hvar við heiðarnar verða mikilstil ofsettar af svo geisilegum fjárgrúa, er geingur í örtröð og þessvegna verður sárrír til skurðar á hausti hvörju og lömb valla ásetjandi.

Þessi fjárfjöldi, sem hér safnast á norðanverða heiðina gjörir réttahöld hér mjög torveld og seinunnin, orsakar misdrátt og þarafleiðandi tortryggni og máské illdeilur, þar ýmsir í Borgarfjarðarsýslu eiga sammerkt, en fleiri námerkt mönnum hér og í næstu sveitum, lánгур tími geingur til að kanna úrtúníngin, sem þó verður svo mikill að lokum að stökustu vandræði verða að fá honum ráðstafað til hyrðíngar og óhultrar geymslu.

Vér erum uggandi um, að sá bráðdaudi á sauðfénaði, sem undanfarin ár geingið hefur um Borgarfjarðarsýslu og fleiri héröð í Sunnlendingafjórðungi, gėti verið pestnæmur, og útbreiðst við samgaungu fjárins á heiðarlöndunum hingað í sveitir, sem hingað til hafa verið fríar fyrir því stórkostlega tjóni, er slíkum missir fylgir.

Þar vér nú höfum heyrt að Gilsbackakirkja, eptir máldögum hennar, ecki eigi eina þúfu í heiðarlöndunum, og prestur þar hafi einga aðra heimild, til að leifa fjárupprekstur eða hrossagaungu á þeim, en ofanefndan sáttasamning innfellur hérmeð sú vor auðmjúk og innileg beiðni, að yðar hávelborinheitum mætti þóknast að veita oss yðar mikilsmegnandi ráð og liðsinni til að fyrirbyggja þennan upprekstur úr Borgarfjarðarsýslu, uppá þann máta, og með þeim meðölum, er yður vyrðast mættu hentugust og fljótast verkandi, til að fá fyrrnefndan sáttasamning millum prestsins á Gilsbacka, og hreppstjóranna í Þverárhlið, Stafholtstúngum, Hvítársíðu og Norðurárdal ónýttan og viljum ver ecki tilspara það í ockar valdi stendur, til að breita eptir yðar ávísan og ráðum til þess að fá hann settan úr gyldi, en á meðan á því stendur, vildum vér óska að téður prestur feingi bann frá viðkomandi yfirvöldum að taka hvörki hrossa né sauðfjárpening til hagagaungu á heiðarlöndin.

Skrifað í Bæarhrepp í Strandasýslu þann 25<sup>ta</sup> Marti 1851

[... 12 undirskriftir, sleppt hér]

Þótt við undirskrifaðir sveitarforstjórar í Bæarhrepp ekki brúkum nú Melafjall til fjáruppreksturs, erum við sannfærðir um: að umkvörtun þessi er á rökum bygð, og að það er alldeilis nauðsynlegt vegna þeirra sem bruka Holtavörðuheiði og Tvídægri fyrir afréttir hér að norðan að allur óheimill fjár- og hrossa upprekstur á þessi fjallönd að sunnan úr Borgarfirði sé gjörsamlega fyrirboðinn og hindraður að tilhlutan yfirvaldanna.

[...]<sup>110</sup>

---

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(273) a-b.

---

Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 15 maí 1851 var upplesið amtsbréf frá 20. janúar 1851, þar sem sátt frá 12. nóvember 1850 um afréttarland sem Gilsbakkaprestur eignar kirkjunni þar „er ógild gjör.“<sup>111</sup>

Þá voru lesin upp tvö forboð frá bændum í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal, alls 44 bændum, þar sem séra Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka var bannað að leyfa nokkrum manni upprekstur á „afréttarlönd milli Kjararár og Hrutafjarðarlanda. Þá var honum bannað að taka nokkurn upprekstur „utansýslumanna“ á Lambatungur. Þar segir:

Þareð sáttargjörð sú sem samin var af hreppstjóronum í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstúngum og Norðurárdal, við prestin til Gilsbakka sr. Magnús Sigurðsson, þann 12<sup>ta</sup> November nærst liðins árs er af því háa vesturamti með brjefi af 20<sup>ta</sup> Januar þ. á. álitin marklaus og ógild, firirbjóðum vjer undirskrifaðir bændur í ofan nefndum sveitum fir nefndum presti síra Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka að leifa nokkrum manni upprekstur fjár eður hrossa á okkar gömlu afriettarlönd á milli Kjararár og Hrutafjarðarlanda – þangað til hann uppá löggildan hátt hefur framfilgt lögfestu sinni firir tieðu afriettarlandi og því banni sem hann hefur lagt firir brúkun þess af oss sem það höfum híngað til hagnítt til uppreksturs.

Sömuleiðis bönnnum vier honum að taka nokkurn upprekstur fjár eður hrossa af utansýslumönnum á þær so kölluðu Lambatúngur þar þeir aldrei hafa átt tilkall til uppreksturs uppifir Hvítá enn þó hann leifi hann sveitungum sínum og sóknarmönnum sem hann vilja nýta, munum vier ekki giefa honum sök á.

Skrifað í Þverárhlið dag 26. Apríl 1851

[... 19 undirskriftir, sleppt hér]<sup>112</sup>

Þar sáttargjörð sú sem samin var af hreppstjóronum í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstúngum og Norðurárdal, við prestin síra Magnús Sigurðsson á Gilsbakka þann 12<sup>ta</sup> Nov. næstl. árs er af því háa vesturamti með bréfi af 20<sup>ta</sup> Januar þettað ár álitinn marklaus og ógyld.

Fyriirbjóðum vér undirskrifaðir bændur í ofannefndum sveitum fyrrnefndum presti síra Magnúsi, að leifa nokkrum manni upprekstur eða hrossagaungu á okkar gömlu afréttarlönd, millum Hrutfyrdínga afréttarlands og Kjararár, þangað til hann uppá löggylldari hátt hefur frammfylgt lögfestu sinni fyrir teðu afréttarlandi, og því banni sem hann lagt hefur fyrir brúkun þess af oss sem það híngað til hagnýtt höfum til uppreksturs.

Sömuleiðis bönnnum vjer honum að taka nokkurn upprekstur af utansýslumönnum á þær svokölluðu Lambatúngur, þar þeir aldrei hafa átt tilkall til uppreksturs upp yfir Hvítá; enn þó hann leifi hann sveitúngum sínum

---

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(228) a-b.

<sup>112</sup> Skjal nr. 2(274) a-b.



---

og sóknarbörnum sem hann vilja nýta, munum vér ei aðfinna nje géfa honum sök á.

Stafholtstúngahrepp 3<sup>ja</sup> Maj 1851 og Hvítársíðu

[... 25 undirskriftir, sleppt hér]<sup>113</sup>

Séra Magnús Sigurðsson lýsti því hins vegar yfir á sama manntalsþingi að hann yrði að halda sig við áðurgerða sátt þangað til hann hefði ráðfært sig við stiftsfirvöld:

7. Amtsbrjef frá 20. Janúar 1851, hvarmed sátt af 12. Nov. f. á. um afrjettarland er Gilsbakkaprestur eignar kirkjunni þar, er ógild gjör sem og 2 (tvö) forboð frá 44 bændum í Stafholtstungum, Hvítársýðu og Þverárhlið, til Gilsbakka prests um notkun þessa afrjettarlands, en tjádur prestur Síra Magnús Sigurðsson lýsti því yfir, að hann framvegis yrði að halda sjer til áður nefndrar sáttargjörðar sem hann tjáir stadfesta af Stiftyfirvöldonum, þangad til hann hefir rádfært sig við þau.

[...]<sup>114</sup>

Þann 24. mars 1852 sendi sýslumaður Mýrasýslu amtmanni afrit af bréfi frá bændum í Þverárhlið, Hvítársíðu, Norðurárdal og Stafholtstungum. Með bréfinu leituðu þeir aðstoðar amtsins í deilumálinu þar sem Gilsbakkaprestur neitaði að una ógildingu sáttarinnar. Þar segir:

Eptir bón bændanna Illuga Ketilssonar í Síðumúla, Péturs Jónssonar í Norðtúngu og Guðna Jónssonar á Sleggjulæk, leyfi jeg mjer hjer með þjenustusamlegast að senda herra amtmanninum til þóknanlegrar ráðstöfunar:

Afskript af brjefi til herra amtmannsins dagsettu 3<sup>ja</sup> Febr. 1852 frá nokkrum bændum í Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstungum, hvar í leitað er athvarfs hjá amtinu í afrjettarmáli þessara sveita við prestinn síra M. Sigurðsson á Gilsbakka um afrjettarland það sem liggur fyrir norðan og ofan Kjarará, með viðlögðum fylgiskjölum, útskript af þingbók þessara sýslna og forboði 44 bænda á 2 skjölum ásamt afskript af athugagrein nokkura bænda í Stafholtstungum.

Þareð sætt sú sem gjörð var á milli þessara sveita og prestsins á Gilsbakka um nefnt afrjettarland þann 12. Novbr. 1850 er ógildt með amtsbrjefi frá 20. Janúar 1851, en presturinn hefir samkvæmt áðurnefndri útskript af þingbókinni tjáð sig ætla að halda sjer við sættina unns hann hefði rádfært sig við stipsyfirvöldin, þá hefi jeg grennslast eptir hvort hann hafi fengið nokkurt skirteini frá þeim sættinni viðvíkjandi og fengið tilsva hjer meðlagt brjef dags. 12. þ. m. í hverju aðeins er sagt að sættin sje staðfest af Stiptsyfirvöldunum fyrir þeirra leiti þann 20. Desbr. 1850.

---

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(275) a-b

<sup>114</sup> Skjal nr. 2(228) a-b.

---

Og leyfi jeg mjer um leið að geta þess að Gilsbakkakirkja samkvæmt þeirri skýrslu, sem jeg hefi getað fengið eptir máldögnum á einungis fugla og fiskveiði í nefndu afrjettarlandi.

Mýra og Hnappadalssýslna skrifstofu Lundum 24<sup>da</sup> Marz 1852

[...]

#### Afskrift

Í tilefni af innlagðri útskrift innihaldandi svar prestsins til Gilsbakka Magnúsar Sigurðarsonar, áhrærandi úrskurð ens háa vesturamts af 20. Janúar 1851 og á honum byggt forboð 44 bænda leifum vjer undirskrifaðir oss – undirgefnast að leita aðstoðar og hjálpar hins háa vesturamts í þessu málefni.

Að vísu finnst oss firnefndur prestur engan rjettan eða löglegan veg í þessu ganga þareð hann einungis með því að sýna sig mótþróanlegan á móti háttnefnds vesturamtsins úrskurði fram heldur sömu kjergju með því að gjöra tilkall til afrjettarlanda vorra í Gilsbakkakirkjunafni, og það eptir sáttasamninginum af 12. Novembr 1850 þvert á móti fyrgreindum úrskurði hins háa amts er gjörir hann þó með öllu ógildan og maktarlausan, en það sem presturinn seigir nefndan sáttasamning staðfestan af Stiptsyfirvöldunum hefur hann enn nú hvorki sýnt eða sannað. Vjer treistum því að hið heiðraða og háa vesturamt forsvari gildi úrskurðarins af 20. Janúar 1851 og fullvissum oss um það, að firnefndur prestur muni í engu geta veikt það; en óskum og biðjum undirgefnast að prestinum Magnúsi Sigurðarsyni á Gilsbakka gjörist að skyldu að framhalda máli sínu á móti oss eins og hann upphaflega byrjaði til að sýna og sanna eignar eignarrjettindi Gilsbakkakirkju til þeirra umþrættu afrjettarlanda fyrir norðan og ofan Kjarará ef hann getur; en að öðrum kosti falli hann opinberlega hreint með öllu frá sínu uppástandi og gjöri ekki frammar tilkall til þeirra hvorki í Gilsbakkakirkju nje sínu eigin nafni, utan hvað nefndri kirkju eptir máldögum ber sem er fugl og fiskveiði í tilteknum vötnum og plátsum.

Vjer felum oss á hendur voru heiðraða og elskaða háa vesturamti til bestu leiðbeiningar og hjálpar í framan og ofantéðu málefni.

Skrifað í Þverárhlið þann 3<sup>ja</sup> Febrúar 1852

[...]<sup>115</sup>

Um afréttarlönd í Stafholts- og Hjarðarholtssóknum segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti, frá árinu 1853:

32. *Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru austan Norðurár eiga afrétt á *Hellistungum*, *Holtavörðuheiði* og *Tvídægri* og er þar einnig upprekstur úr Þverárhlið, Hvítársíðu og nokkru af Norðurárdal.<sup>116</sup>

---

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(276) a-b.

<sup>116</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 68.

---

Í bréfi sýslumanns Mýrasýslu til amtmanns, dags. 10. ágúst 1854, upplýsir hann um stöðuna á deilum milli bænda þar og prestsins á Gilsbakka. Í bréfinu segir að deilan liggi nú í þagnargildi:

Herra amtmanninum hefur þóknast í tilsendu bréfi frá 22. Apr. þ. á. að fela mér á hendur að grenslast eptir hvernig afréttar mál það nú stæði, sem Gilsbakkaprestur öðrumeginn og 4 suðursveitir Mýrasýslu hinumeginn hafa saman átt, og hvert nokkur líkindi séu til að það mál verði að nýu fyrirtekið.

Eptir að eg hefði, bæði í vor á mínum þingaferðum þar suðri Mýrasýslu, svo og nú fyrir skemstu, átt tal þar að lútandi bæði við prestinn til Gilsbakka, samt sveitarforstjóra og helstu bændur þeirra fjöggra sveita, sem um er að ræða, veit eg ekki annað sannara og réttara en að það mál liggi nú alveg í þagnargildi og að helst líti út fyrir að svo muni verða nú fyrst um sinn, meðan þeir menn lifa, sem þar búa nú, og verið hafi við þetta afréttar mál nokkuð riðnir.

Mýra og Hnappadalssýslu skrifstofu 10. Aug. 1854

P. Melsted<sup>117</sup>

Í bréfi til amtmanns, dags. 14. nóvember 1857, sem er undirritað af 55 bændum í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlið og Norðurárdal, er þess óskað að deilumál um upprekstur norðan og vestan Kjararár verði tekið til löglegrar meðferðar:

Árið 1849, þegar presturinn til Gilsbakka í Hvítársíðu, sjera Magnús Sigurðarson, hafði nýbyrjað, að taka hross og gjeldfjenað Borgfyrðinga fyrir sunnan Hvítá, til uppreksturs hér í uppreksturslönd vor Mýrasýsluinnbúa, sem liggja hér fyrir norðan og vestan Kjarará – án þess að vér, Vesturamtsbúar, sem hlut eigum að máli, vissum til, að presturinn hefði til þessa nokkurn rétt eða heimild, þó hann munnlega bæri fyrir, að kirkjan á Gilsbakka ætti þessi vor uppreksturslönd, er hann kvaðst nota og brúka í hennar nafni – þá samt klöguðu hreppstjórnarnir í Stafholtstungum og Þverárhlið þetta tiltæki prestsins fyrir þáverandi sýslumanni hér Jóni Péturssyni sem þó færði lítinn góðann ávöxt, og sýndist þá málefni þetta vera liðið undir lok um tíma, þar til nefndur prestur reisti málið við aptur, og fékk af viðkomandi amti útnefnda 2 sættasemjara, til þess að hann gjæti kallað hreppstjórana í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlið og Norðurárdal til sættatilaunar, og var fundur í því skyni haldinn að Hamri í Þverárhlið þann 12<sup>ta</sup> Nov. 1850, hvar þá þessir fjórir hreppstjórar fjellust á málefni prestsins og viðurkjenndu, að þessi vor uppreksturslönd, eður almenníngur – hvert sem heldur er – væru eign Gilsbakkakirkju, eins og þau hefðu verið, hvar með presturinn náði sínu augnamiði, og sættist við hreppstjórana uppá þessa þeirra viðurkjenningu m.fl. En þegar innbúar fyrrnefndra sveita, vissu og sáu þessi málalok, gramdist þeim mjög þessi ráðsmennska hreppstjóranna; því menn sáu, að ef sáttasamningur þessi hefði fullann krapt og óraskanlegt lagagyldi, þá væru oss töpuð uppreksturslönd vor undir Gilsbakkakirkju, hversvegna vér og aðrir

---

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(277) a-b.

---

bændur í þessum ofarnefndum sveitum, rituðum þá settum sýslumanni vorum Magnúsi Gíslasyni alvarlegar umkvartanir, 1. úr Þverárhlíð og Norðurárdal, 2<sup>ur</sup> úr Hvítársíðu og 3<sup>ju</sup> fyrirspurn úr Stafholtstúngum, ásamt 2<sup>ur</sup> fylgiskjölum, er lýstu meðferð hreppstjóranna á þessu málefni, hvar af það kom, að vér með tilskyrk sýslumanns vors fengum forlíkunargjörninginn af 12<sup>ta</sup> Nov. 1850 ónýttann með amtsúrskurði af 20<sup>da</sup> Janúar 1851, hver amtsúrskurður prestinum sjera Magnúsi Sigurðarsyni á Gilsbakka, eins og öðrum viðkomendum byrtur var, hvar á móti optnefndur prestur lýsti því opinberlega yfir fyrir manntalsþingsrétti að Sámsstöðum s.á. að hann héldi sér beinlínis til forlíkunargjörningins af 12<sup>ta</sup> Nov. 1850, eins og hann óveiktur væri, og þrátt fyrir úrskurð ens háa vesturamts, sem vér bændur höfum með bréfi í bænarformi af 3<sup>ja</sup> Febr. 1852, með 43 nöfnum undirskrifuðum, tilkynt amtmanni vorum í því skyni, að málefni það, sem hér um ræðir, bærisk ekki með öllu fyrir borð.

Nú þar eð presturinn sjera Magnús – jafnvel þó hann ekki nú nokkur undanfarin ár hafi tekið geldfjænað Borgfyrðinga til uppreksturs hingað í lönd vor – þá samt frammheldur hann sinni gömlu venju með því að taka af Borgfyrðingum sunnan Hvítá, stóðhross í þau, eptir hverju einstakir menn hér, sem tilkall eiga til uppreksturs, apa og apað hafa, með því, að taka bæði geldfjænað og hross af Borgfyrðingum, og bera þeir fyrir sig ýmsar hégiljur t.a.m. að þeir hafi so stór heimalönd; að býlum sínum tilheiri selför í almenníngnum og s.frv. hvað alt orðsakar hina mestu óreglu, yfirgáng og skaðræði fyrir þessar uppsveitir Mýrasýslu, og jafnvel alt Vesturamtið, er oss, sem ritum nöfn vor undir þetta bréf, ekki þykir ólíklegt, að fleirum Vesturamtsbúum þyki tilfinnanlegt enn okkur einum, og það þó ekki sé litið til annars enn vörslunnar við Hvítá næstl. sumar, og þess kostnaðar, sem af henni leiðir með öðru fleira, og fyrir hvers enda er enn ekki sjeð, hvað alt er ávöxtur af upprekstri Borgfyrðinga hingað norður og vestur yfir Hvítá, og því ránga og heimildarlausa leifi, sem einstakir menn hér í vorum bygðarlögum hafa géfið þeim til þess, hvað aldrei ætti að eiga sér stað.

Framan og ofanskrifaðra orsaka vegna leyfum vér oss undirgéfnað að biðja og óska að Hans Hávelborinheitum Herra amtamanni vorum mætti þóknast, að láta nú þegar hið allra fyrsta taka heiðar- og uppreksturs málefni þetta fyrir frá rótum til allra þeirrar löglegrar meðferðar, og í því formi sem hans vísdómi haga þykir, til þess að sveitir þessar fjórar: Hvítársíða, Þverárhlíð, Stafholtstúngur og Norðurárdalur, megi héreptir eins og að fornu njóta í friði þeirra réttinda, sem þær frá aldaöldli haft hafa í notkun þeirra nú umþrættu uppreksturslanda.

Skrifað í Þverárhlíð þann 14. Noember 1857.

[Undirskriftir 55 manna undir skjalinu, sleppt hér]<sup>118</sup>

---

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(278) a-b.

---

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár, samtök til verndar afrjettarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nöfn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afrjettarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlíð, og Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfirráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilk eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhlíðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30. (þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>119</sup>

---

<sup>119</sup> Skjal nr. 4(94).

---

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu, dags. 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Útskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkjki Hjarðarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjarðarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitu mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburðum nje venju, og hefur inni að halda rángar setningar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjarðarholts kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjarðarholtskyrkja eigi „Laufshaga“, „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjarðarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur i hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkjilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjerads sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjarðarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjarðarholts hafa alt til þessa sjálfir álituð það ómerkt eða Ránglattu.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi Hjarðarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþingi að Hjarðarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inni afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþínginu.

Þá er það sjerflægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjarðarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að

---

mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerlægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjarðarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísuþm vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrri sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýringar yfirlísuþm vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvjaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvamsland að löndum Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndum Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstungulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísuþm fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarða sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarða grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrri, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettuþm 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vituþm til að gjörð hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísuþm vjer hinuþm sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjarrjett þeyrri sem tilheyriþm tjéðum afrjetti. – Bönuþm við því hjer með, first öllum mönuþm utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknuþm þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vituþm ekkji til og könuþmst ekkji við að önuþm sjeu hvað landsnyþmjar snertiþm en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönuþm innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðruþm að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver ein hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörð. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörð sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknuþm Sýðumuþla skógji) skoruþm vjer á hvern þann að auglísu þann rjett á Löglegan

---

hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærist í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplesist á næstkomandi Mantalsþingum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. oktober 1873.

[Undirskriftum sleppt hér, alls 52 sem skrifa undir].

Rjett afskrift af fundargjördinni vottar

Svarfhóli 8. Desember 1873

Björn Asmundsson.<sup>120</sup>

Bókunin var þinglesin á manntalsþingum fyrir Þverárhliðarhrepp 18. maí 1874, fyrir Stafholtstungnahrepp 19. maí sama ár, fyrir Hvítarsíðuhrepp 20. maí sama ár og fyrir Norðurárdalshrepp 15. júní 1874.<sup>121</sup>

Á manntalsþingi fyrir Norðurárdalshrepp 15. júní 1874 var bókun ábúenda í Stafholtstungum, Þverárhlið og Hvítarsíðu, dags. 17. október fyrra ár, mótmælt af E. Th. Jonassen að því leyti sem lögfesta bókunarinnar eignaði Hjarðarholtskirkju einungis rétt til selfarar á Hellistungu.

Ár 1874 h(inn) 15. júní setti og helt sýslumaður E. Th. Jonassen manntalsþing fyrir Norðurárdalshrepp með þingvottum [...]

3. Þinglesið hið sama skjal frá búendum í Stafholtstungum, Þverárhlið og Hvítarsíðu, dags. 17. Octob. f. á. áhrærandi lögfestu fyrir Hjarðarholts m. fl. og mótmælti sýslumaður E. Th. Jónassen þessu skjali að því leyti það vill einungis láta Hjarðarholts kirkju eiga rétt til selfarar á Hellistungu og áskildi kirkjunni rétt til alls þess lands á Hellistungu, sem kirkjunnar máldagar tileinka því, til allra nota.<sup>122</sup>

Þann 5. maí 1880 lögfesti Cristján J. Matthíasson landsvæði Hellistungna undir Hjarðarholtskirkju:

Til landnorðurs ræður frá sínum upptökum Lambagil allt í norður; ræður þá Norðurá allt í Hellersá, og svo Hellersá allt í Gíslalæk. Síðan Gíslalækur að upptökum. Þaðan eptir því sem vötnum hallar uppá brúnina millum fyrteðra lækja, og þaðan rjett – lína ofaní fornar tóptir í tungu-sporðinum, áður kallað Hjarðarholtssel. Land kirkjunnar lögfesti eg hjer fyrir rjetti að ofangreindum ummerkjum, og banna eg hverjum og einum að yrkja eða nota landið innan þeirra. Skyldi nokkur brjóta gegn þessu banni, mun eg lögsækja hann til sekta og skaðabóta eptir kringum stæðum.<sup>123</sup>

---

<sup>120</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>121</sup> Skjöl nr. 2(250) a-b, (257), 2(258) og 2(259).

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(250) a-b.

<sup>123</sup> Skjal nr. 2(128) a-b.



---

Í vísastú fyrir Hjarðarholtskirkju frá 12. júní 1884 segir m.a.:

Árið 1884, föstudaginn 12. júní visiteraði prófasturinn í Mýraprófastsdæmi Hjarðarholtskirkju.

[...]

Kirkjan heldur öllum sínum fyrri áhöldum, eignum og ítökum. Þar á meðal er skógur í Leifshaga, er liggur nálægt Hreðavatni fyrir utan Norðurá. Land á Hellistungum, Þórunnarholt í Arnbjargarlækjar landi [landi, ofan línu]; enn fremur hríshólar í Guðnabakkalandi [bakkalandi, ofan línu]. Kirkjujörð er aðeins Lækjarkot í Þverárhlíðarhreppi.

[...] <sup>124</sup>

Þann 1. ágúst 1885 var haldinn fundur að Steinum í Stafholtstungu með fulltrúum allra hreppa að hinu sameiginlega afréttarlandi (Hvítársíðu, Stafholtstungna, Þverárhlíðar og Norðurárdals) til að ræða landamerki þess. Á fundinum var lagt fram landamerkjabréf fyrir landi Mela í Bæjarhreppi í Strandasýslu til undirskriftar. Fundurinn vildi ekki skrifa undir bréfið sökum ónákvæmra orðatiltækja. Einnig var rætt um landsvæði það sem liggur á milli Hrossagils og Sandkvíslar í Snjófjöllum og var meining fundarmanna að svæðið tilheyrði hinu sameiginlega afréttarlandi hreppanna. <sup>125</sup>

Þann 21. desember 1885 sendi séra Magnús Andrésson, sem þá var tekinn við Gilsbakka, bréf til stiftsyfirvalda vegna þess ágreinings sem staðið hafði um afréttarland á austurhluta Tvídægru. Þar segir:

Afréttarland Hvítasíðinga, Stafholtstungnamanna, Þverárhlíðinga og Norðdælinga, sem allir eru í einu upprekstrarfjælgi, liggur að Gilsbakkalandi. Um landamerkin er ágreiningur. Hinn 12. þ.m. átti jeg fund með hreppsnefnaroddvitum allra þessara hreppa í þeim tilgangi að reyna til að ná samkomulagi um landamerkin. Fundinum lauk svo, að hvorki vildu oddvitarnir skrifa undir þá landamerkjaskrá, er jeg hafði samið fyrir Gilsbakka, nje heldur vildi jeg skrifa undir landamerkjaskrá þeirra og þóttist ekki hafa heimild til þess upp á mitt eindæmi.

Kjarará – sem niður í byggð heitir Örnúlfsdalsá og neðst Þverá og fellur út í Hvítá – myndast af tveim aðalkvíslum; önnur rennur úr Langavatni, en hin eystri úr Skjaldartjörn. Þau vötn eru nálægt miðri Tvídægru, nokkuð sunnar. Fyrst rennur áin um stund til útsuðurs, en svo er aðalstefna hennar til vesturs, allt vestur í byggð. Nokkuð austar á heiðinni, en vötn þau, er Kjarará kemur úr, er Úlfsvatn, mikið vatn. Suður úr því rennur Úlfsvatnsá í útsuður og gegnum tvö vötn, er heita Grunnuvötn. Eptir að hún er fallin úr syðra og vestara Grunnavatni, heitir hún Lambá. Rennur hún lengi í vestur útsuður, seinast í útnorður og fellur þar sunnan í Kjarará. Tungan milli Kjarará og

---

<sup>124</sup> Skjal nr. 2(223) a-b.

<sup>125</sup> Skjal nr. 4(75).

---

Lambár nefnist Lambatungur; er það mikið og grösugt land og ágætt beitiland.

Oddvitar hreppa þeirra, er fyr eru nefndir, eigna hreppum sínum allt land á Tvídægru frá landamerkjum Norðlinga alveg suður að Kjarará og Lambá og austur að Úlfsvatni og Grunnvötnum og kannast einungis við, að Gilsbakki eigi ítök á þessu svæði til álptaveiði og silungsveiði eptir því, sem segir í Vilchins máldaga. Aptur hafa Gilsbakkaprestar svo lengi sem vitað verður eignað Gilsbakkakirkju afar mikið land með öllum saman fyrir norðan Kjarará og Lambá og vestur frá Úlfsvatni og Grunnvötnum, þar á meðal Lambatungur. Þeir hafa hvað eptir annað lögfest kirkjunni land þetta þannig t.d. sjera Hjörtur Jónsson árið 1808 og sjera Magnús Sigurðsson árið 1848. Þessi síðarnefndi prestur gekk og að sættaboði viðvíkjandi þrætulandi þessu 12. nóv. 1850; en sætt sú var ekki samþykkt af yfirvöldunum.

Þrætuland það, sem hjer ræðir um, er bæði mikið og gott land og meiri hluti þess afrjettarlands, er fje Hvítsíðinga, Stafholtstungnamanna, Þverárhliðinga og sumra Norðdælinga gengur á um sumur. Fyrir Gilsbakkaprestakall hefur það mikla þýðing, hvort það á eða á ekki land þetta; því að prestakallið mundi að líkindum, ef það næði fullum eignarrjetti yfir landinu, geta fengið af því töluvert upprekstrargjald.

Það sem mælir móti því að Gilsbakkakirkja eigi þrætulandið, er að minni ætlun helzt þetta:

1. Í Vilchins og Gísla máldögum er ekki með berum orðum sagt, að Gilsbakkakirkja eigi neitt land fyrir norðan Kjarará, heldur aðeins álptveiði, silungsveiði og fjölda vatna og tjarna. Lambatungur segir Gíslamáldagi skýlaust að kirkjan eigi.

2. Um mörg hin síðari ár, jeg veit ekki hversu mörg, hefur þrætulandið verið notað sem upprekstrarland af fyrnefndu upprekstrarfjelagi, án þess Gilsbakkaprestar hafi fengið nokkurt upprekstrargjald fyrir það, eða leyfis þeirra hafi verið leitað til upprekstrarins.

Aptur eru helstu ástæður með því að kirkjan eigi þrætulandið þessar:

1. Svo lengi sem menn vita til hafa Gilsbakkaprestar haldið því fram, að kirkjan ætti land þetta og hvað eptir annað lögfest það, án þess að mjer sje kunnugt að lögfestunni hafi verið mótmælt. Við þetta er þó athugandi, að lögfesturnar munu hvergi hafa verið þinglesnar, nema á manntalsþingi í Hvítársíðuhreppi, og má því ef til vill segja, að öllum hlutaðeigendum hafi ekki verið kunnugt um lögfesturnar, og því hafi þeim ekki verið unnt að mótmæla.

2. Vitnisburðir gamalla manna eru til skrifaðir fyrir því, að Gilsbakkaprestar hafi ekki einungis eignað kirkjunni landið heldur einnig sjerstaklega sjera Hjörtur Jónsson, tekið á það fjenað til sumargöngu, einkum stóðhross og tekið borgun fyrir. Við vitnisburði þessa er þó athugandi, að þeir eru ekki eiðfestir,

---

að vitnin sjálf eru öll dán nema tvö, og að vitnisburðir þeirra eru nokkuð óákveðnir.

3. Það er lítt skiljanlegt, hvernig kirkjan hefur eignast allan þann grúa af vötnum á Tvídægri og allskonar veiðirjettindi, sem máldagarnir telja upp, ef landið hefði ekki í rauninni upphaflega verið með. Þegar máldagarnir voru skrásettir, hafa hlunnindin (veiðin) á heiðinni ef til vill verið metin sem hið eina, er kirkjan hefði nokkur not af þar, með því hún átti ærið land annars staðar; en þetta gat leitt til þess, að hlunnindin ein væru nefnd, ekki landið sjálft.

4. Gilsbakkakirkja hefur frá aldaöldi haft ótalið alla laxveiði í Kjarará fyrir sínu landi. Ef annar hefði átt landið að norðanverðu við ána, hefði sá hinn sami líklega átt út í miðjan árfarveg og þá einnig laxveiði þeim megin í ánni, og er ekki líklegt, að hann hefði gefið í burtu veiðirjett þann.

5. Eins og áður er sagt, er það með berum orðum sagt í Gíslamáldaga, að Gilsbakkakirkja eigi Lambatungur. Þetta er og almennt viðurkennt af Hvítisíðingum, þótt oddvitarnir vilji nú einnig ná í Lambatungur.

Jeg treysti mjer nú ekki til að meta með vissu hvorar ástæðurnar eru sterkari, þær, sem eru móti því að Gilsbakkakirkja eigi þrætuland þetta, eða hinar, sem eru með því. Þess vegna leyfi jeg mjer virðingarfyllost að beiðast fyrirskipunar hinna háu stiptsyfirvalda um, hvað jeg sem umboðsmaður Gilsbakkaprestakalls á að gjöra til að fá landaþrætu þessa til lykta leidda: hvort jeg á að sleppa allri kröfu til lands fyrir norðan Kjarará og til Lambatungna, annars hvors eða hvors tveggja, eða þá láta málið ganga til gjörðardóms eftir landamerkjalögunum. Ef mjer yrði lagt fyrir þetta síðara, leyfi jeg mjer jafnframt að beiðast upplýsingar um hvort mjer sje ekki óhætt að láta dragast að höfða málið og bíða þess, að hinn málsparturinn gjöri það, svo að jeg verði verjandi, en ekki sækjandi, og að öðru leyti, hverjum jeg ætti að stefna, hvert ætti að stefna og hverjir ættu að vera forlíkunarmenn. Loksins vil jeg óska vitneskju um, hvort jeg muni ekki mega vænta gjafsóknar í máli þessu vegna kirkjunnar.

Ef lögsókn verður út af landaþrætu þessari, vil jeg geta þess með tilliti til forlíkunarmanna og gjörðadómenda, að jeg álít engan mann í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlið og Norðurárdal óvilhallan í þessu máli, þar eð allir íbúar hreppa þessara hafa bein eða óbein not af landi því, er ágreiningurinn er um.

Þar eð Vilchins og Gíslamáldagar eru geymdir við skjöl annars stiptsyfirvaldsins, biskupsins, sendi jeg ekki rytjur þær af eptirriti af þeim, er liggja hjer við prestakallið. Þar á mót læt jeg hjer með fylgja:

1. Afskript af tveim lögfestum Gilsbakkakirkju.
2. Skjal með vitnisburðum 6 manna, frá 1850, sem flestir voru þá orðnir gamlir menn. 4 þessara manna eru dánir, en hinn fyrsti þeirra, Hjálmar

---

Þorsteinsson, er enn lifandi, um átrætt. Magnús Einarsson mun og enn vera lifandi.

3. Afskript af sættum frá 1850, sem að framan er nefnd.

Skjöl þessi óska jeg mjer endursend.

Eptir að jeg hafði skrifað hið framansagða, hef jeg fengið vitneskju um, að oddvitarnir ætli ekki að gjöra kröfu til Lambatungna, og fellur því af sjálfu sjer burtu fyrirspurn mín að því er þær snertir.

Gilsbakka í Hvítársíðu 21. dag desembermán. 1885.

Magnús Andrjesson.

Til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi.<sup>126</sup>

Í vísítasíu Hjarðarholtskirkju frá 4. september 1888 segir að kirkjan haldi öllum sínum eignum og ítökum, þ. á m. landi á Hellistungum:

Hjarðarholt

Árið 1888, þriðjudaginn 4. sept., vísiteraði prófasturinn í Mýrprófastsdæmi, Magnús Andrjesson, Hjarðarholtskirkju. Hún var seinast byggð árið 1849, og er með torfveggjum og timburþaki, án lopts og hvelvingar, og ekki veglegt hús, en vel hirt og í allgóðu standi. Kirkjan heldur öllum sínum fyrri áhöldum eignum og ítökum. Þar á meðal er skógur í Leifshaga, er liggur nálægt Hreðavatni fyrir utan Norðurá, land á Hellsitungum, Þórunnarholt í Arnbjargarlækjarlandi, enn fremur hrishólar í Guðnabakkalandi. Kirkjuförð er að eins Lækjarkot í Þverárhlíðarhreppi.

[...]<sup>127</sup>

Í málinu liggja fyrir tvö bréf úr bréfasafni Hvítársíðuhrepps sem skrifuð eru af Hjálmarí Péturssyni hreppsstjóra, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalyðingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki kemur fram í bréfunum hver sé móttakandi þeirra en samkvæmt öðrum gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur það verið Magnús Andrésón á Gilsbakka, samanber bréf Magnúsar til oddvita Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna, dags. 15. nóvember sama ár. Í bréfunum segir:

Hvammi 26. marz 1889

Háttvirtí kjæri vin!

Nú hefi jeg klárað uppkast að landamerkja lýðingu afrjettarlandsins, og sendi yður það hjer með eptir umtali okkar, jeg vildi ekki draga það, þó mig vantaði

---

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(260)

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(225) a-b.

---

nákvæma lýsingu á örnefnum við Hermundarst. og Krókslönd, og er eigi víst að þau örnefni sjeu öll tilgreind, eða alveg hin sömu sem í landamerkjabrjefum jarðanna, en aðal merkin, og stefnunar munu vera rjett.

Jeg hefi samið lýsinguna eptir minni egin hugsun og þekkingu, og eptir því sem jeg held að minstum ágreiningi valdi, jeg hefi eigi haft við hendina merkjalýsing oddvitanna, en eptir því sem mig mynnir, hef jeg vikið frá henni nokkuð, mest í því að jeg hefi slept landamerki í Snjófjöllum í milli Fornahvams og Melalanda, sem Hvamms prestur mun vilja eigna Fornahv. er jeg efast um að náist undir afrjettar landið.

Einnig hef jeg bætt inní algjörlega Helgavatns ítakinu selför með slæjum, Helgavatns eigendur, munu að vísu eigi hafa nein brjef eða skrif fyrir selför eða neinum eignarrjetti, en hin langa notkun – margra ára óátalið býli, með eptir gjaldi – mun gefa talsverðan rjett, máskje meiri rjett en þetta, eða fullkominn eignarrjett. En jeg íminda mjer samt að þessi viðurkenning, kunni verða nægileg til að koma í veg fyrir ágreining eða gjörðardóm, þó jeg eigi viti það.

Skylríki fyrir Sámsstaða eigninni eru mjer ekki vel kunn, getur verið að rjettara sje að nefna landeign en þó svo væri, kann jeg betur við að telja það með ítökum, og sje ekkert á móti því, heldur en rekja landamerki í kringum landið, sem eikur mikla mála lengingu.

Um Síðumúla ítakið get jeg til, að Daníel þyki of naumt til orða tekið, hann mun vilja eiga landið, en jeg efast um að svo sje.

Hjarðarholts eigandi mun og vilja eiga land á Hellistungum, en fyrir því munu engin skylríki fynast.

Jeg skal geta þess, að sumir munu nefna Kvíslavatnslækinn Skálalæk.

Með virðingu yðar vin

Hjálmar Pjetursson

Hvammi 1. apríl 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Jeg flýtti mjer of mikið að senda yður landamerkja uppkastið, og gaf mjer ekki tíma til að skoða gömul brjef er jeg þó vissi að væru til hjá Eggert í Kvíum, jeg þóttist muna landamerkin, en nú hefi jeg sjeð af brjefum þessum að jeg hefi ekki munað rjett, og vil jeg biðja yður að leiðrjetta það sem rangt er í uppkastinu eptir því sem jeg nú vil greina.

[...]

En nú getur verið að á brjefi mínu þurfi verða önnur og meiri breiting.

Ef Sámsstaða landið – ofan ána – er fullkomin eign þeirrar jarðar, og ef það nær norður í lambadal, sem mun vera talið, þá liggur það að Kvía landi, og

---

þau lönd liggja þá saman eptir öllum lambadalnum. sje nú þetta svona, þá á merkjalýsing á þessu svæði ekki að standa í uppkasti mínu. En hjer er annar hængur úti, Reykholts sellandið liggur líka á móti Kvíalandi á sandinum, og verður það þá fráskiðið afrjettar landinu – en jeg held að Reykh. eigi ekki landið – væri nú þetta ekki til fyrirstöðu og ef Sámst. eiga landið, þá væri einnatt að merki afrjettarlandsins ættu að takmarkast við Sámst. og Kvía lönd að austanverðu.

Einnig er athugandi, viðvíkjandi Helgavatns seli. Eigendur Helgavatns meina sig eiga sellandið – sem töluverðar ástæður eru til – Hreppsnefnd Stafholtstungna vill ekki hafa landið með afrjettar landinu – sjá aths. við dýratollsreikningana – og líklegt er að hreppsnefnd þverárh. láti sig þetta litlu skipta.

Að öllu þessu yfirveguðu, og ef Sámst. eiga landið, liggur mjer við að leggja til að merki afrjettarlandsins verði ákveðin þannig: Kjarará að Sámst. landi – sem líkl. er við læk þann sem, fellur í milli sámsst. höfða og Bjarnast. höfða í ána – eptir læknum norður á Vatnshnúkavatn, þá beint norður yfir vatnshnúka, og yfir hæðirnar norður í lambadalin, eða í syðri enda ... [Hér endar blaðsíðan en næsta blaðsíða skjalsins hefur ekki fundist].<sup>128</sup>

Landamerkjabréf prestsetursins Gilsbakka var undirritað 20. ágúst 1889 og því þinglýst 18. maí 1904:

Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland alt og Lambatungur. En það tvent skilur Lambá. Fyrir því er heimaland og Lambatungur tekið saman í eitt og eru þá ummerki Gilsbakkalands þau, er nú skal greina. Að vestanverðu ræður sjónhending úr Hvítá upp í Grástein og er klappað á hann l.m. þaðan hjer umbil sama stefna upp í Þrívörður á hlíðarbrún hinn neðri. Stefna landamerkjalinunnar frá Hvítá um Grástein upp í Þrívörður er sú, að neðsta rót vestri ok axlar á Okfjallinu, Grásteinn og Þrívörður liggja alt í hjer um bil sömu línu og liggur því merkjalínan frá Þrívörðu niður í Hvíta til suðurs og nokkuð til austurs. Frá Þrívörðum beygist stefnan nokkuð austur á við í Einstökuvörðu eða öðru nafni Skaptavörðu. Hún stendur hjer um bil efst á Kotbrún. Frá Einstökuvörðu ræður sjónhending í Náttmálagil efst, þar sem það hefur upptök sín og þaðan í suðvesturenda Hvammsvatns. Þá ræður Hvammsvatn. Úr því fellur Silungalækur og ræður hann til Kjarará. Að norðanverðu ræður Kjarará frá Silungalæk fram í Skjaldartjarnarkvísl og eftir þeirri kvísl í Skjaldartjörn. Frá henni ræður Kvíslavatnslækur í Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatn. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn. Frá Grunnuvötnum ræður Lambá ofan til Skammár, þá Skammá þangað sem hún fellur úr Hólmavatni. Frá Skammárósi við Hólmavatn ræður sjónhending í Heiðarstapa; þaðan sjónhending í Kaplastapa öðru nafni Kúastapa. Frá Skammárósi í Kaplastapa er aðalstefnan í suðvestur. Frá Kaplastapa liggur

---

<sup>128</sup> Skjal nr. 4(109).

---

landamerkjalinan hjer um bil vestur í merkjavörðu sunnan til á Sleggjuás nokkuð austar en miðjum. Í stein í vörðunni er klappað lm. Þaðan beygist merkjalínan til suðurs og lítið eitt til vesturs, og liggur fyrst í stóran stein vestarlega á Selhól, hjer um bil 76 faðma í útnorður frá klettabeltinu þar sem Selhóll er hæstur, og þaðan í sömu stefnu í upptök Mýrarlækjar fyrir sunnan hólinn, þar sem Selkelda bráðlækkar og dregst saman í einn læk. Sá lækur skiftist, er norðureftir (suður eftir) dregur í tvær kvíslir og liggur merkjalínan eftir vestri læknum niður í langa lág og niður eftir henni í suðlæga átt í Kolsstaðakvísl og yfir kvíslina Þverá og ræður sama stefna áfram í Litlafljót, sem eldra nafni heitir á því svæði Fótafljót. Því næst ræður sama fljót uppeftir fram á móts við Háahraun. Þá ræður sjónhending eftir háhrauninu í Norðlingafljót (Suðurfljót) gegnt Smiðjugili (eða Smiðjuásgili). Þaðan ræður Norðlingafljót eftir miðjum farvegi ofan til Hvítár, síðan Hvítá eftir miðjum farvegi allt ofan að Hraunárósi<sup>129</sup>, eða þangað sem landamerkjalinna liggur frá Hvítá upp í Grástein og Þrívörður, sem fyr segir. Nú sem stendur er það um eða nálægt Hraunárós, en hann er ekki ætíð á sama stað. Að Gilsbakkalandi liggja: Bjarnastaðaland frá Hraunárósi, eða Hvítá upp í Hvammsvatn Sámstaðaland frá Hvammsvatni að Kjarará Afrjettarland Hvítsíðinga o.fl. norðan megin Kjarará og alt fram til austurenda Urðhæðavatns. Austanvegin tekur þá við afrjettarland Borgfirðinga til Arnarsteins að sunnan-verðu við Grunnuvötn. Ekki nær Gilsbakkaland alveg að steini þeim. Frá Arnarsteini liggur að Gilsbakkalandi Þorvaldstaðaland að Skammá og alt vestur að Hallkelsstaðalandamerkjum; þá Hallkelsstaðaland að Heiðarstapa, þá Kolsstaðaland að Kaplastapa, Merkjavörðu Selhól og Litlafljóti. Þá Fljótstunguland frá Litlafljóti að Norðlingafljóti; þá Kalmannstunguland suðaustanmegin. Norðlingafljóts, þá Húsafellsland sunnan Hvítár og sömuleiðis Hraunsásand og Stóraásland. Kalmannstunga á annaðhvort ár beitir ítak í Kálfhólum frá Norðlingafljóti og Hvítá vestur að laut þeirri eða farvegi, er liggur frá Háahrauni gegnt Smiðjugili niður eftir Kálfhólum og Kálfhólarófu og keur út í Hvítá nokkrum (eitthvað nálægt 100 – 200) föðmum neðar, en móts við útfall Kaldár í Hvítá. Kalmannstunga, á beit þessa árið 1890, Gilsbakki 1891 og svo þannig áfram til skiftis. Engan skóg á Kalmannstunga á beitarsvæði þessu. Engir aðrir eiga ítak í Gilsbakkaland. Auk lands þess, er liggur innan framanskráðra landamerkja á Gilsbakkakirkja:

1. Gjörvalla laxveiði og silungaveiði í Kjarará yfir Þverá á, jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem við þarf til þess, að nota laxveiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakki samveiði við Sámstaði niður að gróf einni nokkur hundruð faðma fyrir neðan lækinn (Silungalæk), en skammt fyrir framan Háumela.

2. Selfararrjett fyrir norðan Kjarará á svæði því, er heitir Gilsbakkasel.

---

<sup>129</sup> Leiðrétt hér sbr. leiðréttingu í frumriti.

- 
3. Alla veiði í vötnum þeim, er Kjarará rennur úr og einnig í Lambá, Króksvatnsá Gunnuvötnum, Gásatjörnum og öllum vötnum vestur þaðan, Kvíslavötnum, Reyðartjörn og öllum þeim tjörnum, er þangað falla lækir úr.
  4. Laxveiði alla í Glennunarfossi (Glanna) í Norðurá.
  5. Hálfveiði í Úlfsvatni, Langá, Skammá, Úlfvatnsá, Flóðlæk og Austurlæk.
  6. Skóg í Húsafellshrauni milli Hvítár og Kaldár upp til hagagarðs: En skógi þeim, er Gilsbakkakirkja samkvæmt máldögum á fyrir ofan Hagagarð, er sleppt gegn því, að frá Húsafellshálfa, er aftur sleppt allri kröfu til hlutdeildar í Gilsbakkaveiðum.
  7. Hvalreka allan á Borðeyri, hálfan hvalreka að Kollá í Strandasýslu, og tólf vættir í tvítugum hval eða meira á Heggstöðum á Miðfjarðarnesi.
  8. Silungsveiði og Álftaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja víðsvegar um heiðar innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í máldögum. Um það segir Vilchins máldagi svo: (Gilsbakkakirkja á) „ Alptveiði alla fyrir vestan Gnúpdækgötu til Hvannstöðs hins mikla, sjónhending frá stóðinu og flóa hins eystra ein tjörn nroður frá austur flóa vesturflói nostast [svo] [norðast] álptveiði á flóa hvorumtveggja og fiskveiði. Öll vötn fyrir sunnan á þá, er fellur úr vesturflóa og ofan í brattagil, frá brattagili með hrútafjarðardal til norðurárdals með norðurárdal fyrir sunnan til dögurðaráreyjar og Gíslavatn neðast fyrir sunnan norðurárdal tjarnir allar í hellisdal þverárvötn og tjarnir allar í lambadal laxveiði í Glennunarfossi í Norðurá og álptaveiði á breiðavatni, holtavörðuvatn og reipavatn á hrútafjarðarheiði og hvorirtveggju álptveiði – Gíslamáldagi telur Gíslavötn. Að öðru leyti er hann samhljóða Vilchinsmáldaga.<sup>130</sup>

Magnús Andrjesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Tómassyni oddvita Stafholtstungnahrepps og Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhlíðarhrepps vegna Þverárréttarafréttarlands, Nikulás Gíslasyni fyrir Hálsahrepp og Reykholtaldshrepp, Guðmundi Guðmundssyni vegna Sámstaða, Stefáni Ólafssyni vegna Kalmanstungu, Þorbirni Sveinbjarnarsyni og Einari Magnússyni oddvita Reykholtaldshrepps vegna afréttarlands Borgfirðinga, Jóni Pálssyni vegna Fljótstungu, Benjamín Jónssyni vegna Hallkelsstaða, Jóhannesi Benjamínssyni, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti vegna Hraunsáss og Jóni Magnússyni vegna Stóraáss og Þorvaldsstaðalanda.

Magnús Andrésón á Gilsbakka sendi oddvitum Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa bréf, dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdu bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins:

---

<sup>130</sup> Skjal nr. 2(86).



---

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Pverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

Bæði hann og jeg erum í vafa um sum atriði. Það er fyrst og fremst vafasamt, hvort Sámsstaðir eiga nokkurt land fyrir norðan Kjarará. Eigandi Sámsstaða álitur sig eiga þar land allt frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) og niður til vestasta Rangagils og upp svo langt sem vatnsföll deila. Hann byggir þetta á makaskiptabrjefi frá 1398, sem jeg læt fylgja hjer með í eptirriti. Ekki hefur hann frumrit þess merkjabrjefs, heldur eptirrit frá 1664. Auk þessa brjefs byggir eigandi Sámsstaða kröfu sína á því, að ábúandi Sámsstaða hafi um langan tíma við og við rekið upprekstur í umrætt land.

Móti því að Sámsstaðir eigi landið mælir aptur:

1. Hvítisíðingar úr Miðsíðu og Niðursíðu hafa frá ómunatíð, að því er mjer er ljáð, rekið fráfering sinn í þetta land fyrir norðan Kjarará, og aldrei verið að því fundið. Sje þetta satt, þá er það eitt nóg til þess samkvæmt Jónsb. landsleigub. 26 að helga upprekstrarfjelaginu landið, nema því aðeins að eigandi Sámsstaða hafi lögleg vitni til, að hann eigi það, en slík vitni hefur hann enn trauðlega komið með í áðurnefndu makaskiptabrjefi meðal annars af því það er óþinglesið.

2. Notkun sjálfs eiganda Sámsstaðanna á landinu hefur verið harðlega mótmælt á seinustu 20 árum því á fundi í Norðtungu 17. okt. 1873 hafa flestir helstu bændur í hlutaðeigandi hreppum, 52 að tölu, yfirlýst fullkomnum óhnektum eignar og óðalsrjetti sínum og eptirkomenda sinna á afrjettarlandi innan tiltekinna takmarka, og þar er Kjarará látin ráða merkjum að sunnan allt niður að Örnúlfstaðalandi. Þessi yfirlýsing, sem je glæt fylgja hjer með í eptirriti, var þinglýst 1874, hinn 18. maí í Norðtungu, hinn 19. maí í Hjarðarholti, hinn 20. maí á Sámstöðum og hinn 15. júní á Dýrastöðum, og mótmælti því enginn nema á Dýrastaðþingi E. TH. Jónassen vegna Hjarðarholtskirkju. Með öðru skjali dags. s.d. og á sama stað (í Norðtungu 17. okt. 1873) hafa flestir hinir sömu bændur, og þó líka enn aðrir, svarist í eins konar fóstbræðralag, til þess með sameinuðum kröftum að verja þetta tiltekna afrjettarland sem sína eign gegn yfirgangi annarra.

Þessi tvö skjöl, sem eins og fyr er sagt, eru undirskrifuð af flestum eða öllum merkustu bændum í hlutaðeigandi hreppum, mönnum, sem voru gagnkunnugir öllum venjum hjer síðan um næstliðin aldamót, eða lengra aptur í liðna tímann, eru ekki þýðingarlítill vottur, bæði um venjuna og almenningsálitið að því er takmörk afrjettarlandsins snertir. Og þeir hafa allir verið á einu máli um það, að kannast ekki við, að Sámsstaðir ættu neitt land fyrir norðan Kjarará.

Sje nú þessi skoðun þeirra rjett, þá álit jeg, að Sámsstaðir hafi heldur ekki neinn selfararrjett fyrir norðan Kjarará. En af því að eigandi Sámsstaðanna hefur þó nokkuð til síns máls, hef jeg farið þann meðalveg í

---

landamerkjaskránni, að neita eignarjetti, en kannast við selfararrjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará og einnig kannast við fullkomin veiðirjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará fyrir sínu landi því sá rjettur er vafalaus vegna venjunnar, að minni öllum. Ekki hef jeg enn fengið von um, að eigandi Sámsstaða skrifi undir svona lagaða landamerkjaskrá, og kemur þá seinna til skoðunar, hvort upprekstrarfjelagið vill lögsækja hann til lúkningar þrætunni.

Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft.

1. Reykholtskirkja á eptir máldögunum selför á tilteknu svæði og áveiði. Minna en þetta er ekki auðið að viðurkenna, þar sem máldagarnir, hinir löggiltu, eru annars vegar, en meira en þeir til tiltaka, álit jeg ekki koma til mála, að kannast við, og þótt notkunin hafi stundum frá Reykholtshálfa verið meiri, þá hefur henni á seinustu 20 árum verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873.

2. Síðumúlakirkja. Um hennar rjett er allt hið sama að segja sem um Reykholtskirkju.

3. Hjarðarholtskirkja. Mjer er ekki kunnugt um, að Wilchins eða Gísla máldagar eign henni selfararrjett, eða land á Hellistungum. En eptir útdrætti, sem jeg hef í höndum úr Jb. Á. M. 51 fol. J.S. 98 á kirkja þessi selför á Hellistungum, sem þó lengi hefur ekki verið brúkuð, en annað en selför á hún eptir því skjali ekki, og er þá ekki heldur hægt að kannast við meira.

4. Helgavatn hefur, að því er jeg ætla, enginn skrifleg skýrteini fyrir selfararrjetti sínum. En sá rjettur mun um langan tíma hafa verið viðurkenndur. Þetta selland hefur verið brúkað um langan tíma til annar en selfarar, þar sem þar hefur verið byggt býli, og hafðar þar einhverjar skepnur allt árið. Jeg lít nú svo þá, sem einnig slíkri aðferð hafi verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873 og því geti ekki, að minnsta kosti á hinum síðustu 20 árum, verið komin löghefð á landið undir Helgavatn samkvæmt tilvitnuðum stað í Jónsbók. En hvort það hefur áður verið, veit jeg ekki, og því kannaðist jeg í landamerkjaskránni ekki einungis við selfararrjett Helgavatns, heldur og að honum fylgdu slægjur.

Óneitanlega má færa töluverð rök fyrir því, að Gilsbakkakirkja eigi í rauninni afar mikið land fyrir norðan Kjarará. En jef hef þó með samþykki stiptsyfirvaldanna sleppt kröfu, er Gilsbakkaprestar hafa á undan mjer gjört til þess lands, að minnsta kosti, meðan jeg ekki sje, að aðrir, er ekki hafa meira til síns máls, ná ekki undir sig sneiðum af afrjettarlandinu.

Að öðru leyti er það ekki heppilegt, að jeg eigi mikið við að gjöra út um landamerki afrjettarlandsins, þar sem jeg er allsendis ókunnugur, öllum örnefnum og landamerkjum á heiðinni. Landamerkjaskrá þessa hef jeg því skrifað meir til þess að hrinda málinu dálítið áleiðis, heldur en að jeg búist við, að hún geti gilt óbreytt, og jeg geng fúslega að sjerhverri breytingu á

---

henni sem jeg fæ góð rök fyrir. jeg hef talsvert hugsað um málið, leitað upplýsinga, og haft við það ekki svo litlar skriptir. Þykist jeg því sem hreppsnefndarmaður hafa að svo stöddu lagt minn skerf til þess að ráða landamerkjamáli þessu til lykta, og fel yður nú, herra oddvitar, framhaldið. Vonast jeg til, að þjer reynið að ná samkomulagi við sem flesta, er hlut eiga að máli, t.d. eigendur Örnólfsdals, Helgavatns, Kvía o.s.frv. , umbætið landamerkjaskrána eptir því sem þjer hafið best vit á, undirskifið hana svo, og sendið hingað til undirskriptar. – Þyki yður þörf á að kveðja til fundar um málið, skal að forfallalausum ekki á mjer standa til að mæta, eða láta mæta fyrir hönd hreppsnefndarinnar hjer. Málið þarf úr þessu að hafa hraðan framgang. Auk þess sem það er eptir landamerkjalogunum bein skylda hreppsnefndanna, að gjöra landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandinu, þá er það einnig hin mesta fjelags nauðsyn, að það mál sje útkljáð, sem hægt er að sýna fram á, en jeg álít ekki þurfa á þessum stað.

Mjer virðist ýmislegt mæla með því, að oddvitinn í þverárhlið gerðist forgöngumaður að áframhaldi landamerkjamálsins, og honum er líka hægast, að bera sig saman um það við þann mann, herra hreppstjóra Hjálm Pjetursson, sem af öllum hreppsnefndum hefur verið kosinn, til að semja landamerkjaskrá heiðarlandsins, og sem einnig, eins og áður er sagt, hefur lagt grundvöllin til hinnar hjálögðu. Brjef þetta ætlast ég til að fylgi henni milli yðar.<sup>131</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar er frá 10. apríl 1890 og það var þinglesið 8. júní 1915:

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr<sup>132</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerkji frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>133</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíslalund. Þá ráða Kvíslalundamerki uns Einbúa eftir háсандinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnkvísl (eldra nafn Syðri Þverárvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður

---

<sup>131</sup> Skjal nr. 4(76).

<sup>132</sup> Leiðrétt hér.

<sup>133</sup> Leiðrétting ofan línu.

---

Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í]<sup>134</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir þvera á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámstaði niður að gróf einni rjett fyrir (~~neðan~~) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>135</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Króksvatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er fyr er nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlið á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~upprá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>136</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>137</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

---

<sup>134</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>135</sup> Innskot ofan línu.

<sup>136</sup> Leiðrétt hér.

<sup>137</sup> Innskot ofan línu.

---

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkjja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámsstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhlíðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>138</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni, oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann var einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi samþykkur landamerkjabréfinu hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið samþykkt af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálftrar Síðumúlarjarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámsstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar.

Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju með eftirfarandi athugasemd:

Með þeirri athugasemd að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará, samþykkir stjórnarráðið fyrir sitt leiti landamerkjaskrá þessa.<sup>139</sup>

---

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>139</sup> Skjal nr. 2(7).

---

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 25. maí 1891 var lesin upp landamerkjaskrá Hjarðarholts og komu fram mótmæli við því að Hjarðarholtskirkja eignaði sér land í Hellistungum:

Ár 1891, þann 25. maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Stafholtstungnahrepp sett á þingstaðnum Hjarðarholti og haldið [...]

8. Var lesin landamerkjaskrá Hjarðarholts. Þorbjörn Ólafsson á Steinum mótmælti merkjalýsingu þessari að því er snertir ~~Steina~~ merki gagnvart Steinum og Bakkakoti. Guðmundur Ólafsson á Lundum, hreppsnefndarmaður í Stafholtstungnahreppi, mótmælti því að Hjarðarholtskirkja eigi land í Hellistungum.

[...] <sup>140</sup>

Þann 21. júlí 1891 leigði Magnús Andrésón prestur á Gilsbakka, Hálsasveit og Reykholtaldshreppi, heiðarland Gilsbakkakirkju Lambatungur. Í leigusamningnum er getið um merki hins leigða lands ásamt skilmálum samningsins:

Magnús Andrjesson prófastur, sóknarprestur að Gilsbakka í Hvítársíður gjöri kunnugt, að jeg upp á vonanlegt samþykki stipsyfirvaldanna leigi hreppsþjelögum Hálsasveitar og Reykholtaldshrepps í Borgarfjarðarsýslu heiðarland Gilsbakkakirkju, það er Lambatungur nefnist, liggur í Mýrasýslu, og hefur þessi ummerki: að norðanverðu ræður merkjum Kjarará, Skjaldtjarnarkvísl, Skjaldtjarnartjörn, Kvíslavatnslækur, Kvíslavatn, Urðhæðavatnslækur og Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur suður í vesturenda Úlfsvatns og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður merkjum: Frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, þá Grunnuvötn til Lambár og síðan Lambá, þar til hún fellur saman við Kjarará. – Land þetta leigi jeg með skilmálum þeim, er nú skal greina:

1.

Landið er leigt aðeins til beitar fyrir sauðfjenað á sumrum. Öll önnur afnot af því, sem sem veiði í vötnum, ám eða lækjum, fuglatekju og fjaðra, fjallagrasatekju o.sv. frv. hefur landsdrottinn óskert, eins eptir þennan leigusamning sem áður og má nota eða láta nota á hvern hátt sem hann best getur. Haga fyrir hesta þá, er til þess þurfa hefur hann ókeypis í leigulandinu. Reka má hann og allan gjeldfjenað af sínu eigin heimili í leigulandið ókeypis, þá með takmörkum þeim, sem getið er um í 3. gr. Aptur er hann skuldbundinn til að leyfa engum öðrum – en framangreindum leigulendingum – að reka fje eða hross í landið til sumargöngu. Ekki má hann nota það til fjallagrastekju nema fyrir sitt eigið heimili, ekki láta heyja þar, nje leyfa það öðrum, og ekki setja þar nýbýli. En enga ábyrgð hefur landsdrottinn á því, þótt fjenaður án hans vilja eða vitundar gangi í landið – eigns og að undaförnu-, eða þótt

---

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(248) a-b.

---

einhverjir án hans vilja eða vitundar fari þangað til að taka fjallagrös eða annað, eins og einnig hefur komið fyrir að undanfögnu.

2.

Í leigu fyrir landið skulu leigulendingar (leiguliðar) greiða árlega 30 (þrjátíu) krónur í peningum á heimili þess manns er leiguna á að taka. leiga þessi skal greidd fyrir lok septembermánaðar ár hvert, í fyrsta sinn árið 1891.

3.

Leigulendingar mega reka á leigulandið allt að 1000 (eitt þúsund) sauðfjár, en ekki þar yfir, og alls engin hross. Þessi fjárstaða er tekin eptir álitni kunnugra manna um hvað landið beri, en án reglulegrar ítölu. Ef einhverjir þeir, er lönd eiga í nánd við Lambatungur, hvort heldur leigulendingar sjálfir eða aðrir skyldu krefjast ítölu í þær, eða löglegrar ákvörðunar um, hve margt fje megi reka á þær, mega leigulendingar ekki reka þangað fleira fje, en þannig verður ákveðið, þótt það verði færri en 1000 (eitt þúsund). En leigan (30 kr.) lækkar þá um 3 (þrjá) aura fyrir hverja kind, sem vantar upp á 1000, enda hækkar hún líka um jafn mikið fyrir hverja kind, sem fram yfir er 1000, ef niðurstaðan af ítölnni verður sú, að landið beri meira en 1000m og er þá frjálst að reka svo margt sem ítalan til leiðir allt upp að 1200; en yfir 1200 (tólf hundruð) fjár má má aldrei reka í leigulandið, hver sem ítalan verður. Ekki hækkar leigan upp úr 30 kr. þótt ítalan heimili að reka yfir 1000 fjár á landið, nema heimild sú sje notuð. Svo lengi sem regluleg ítala er eigi gjör mega leigulendingar alls eigi reka yfir 1000 (eitt þúsund) fjár á leigulandið. Verði ítala gjör í leigulandið, má landsdrottinn sjálfur eigi reka á það fleira fje, en það sem ítalan til tekur yfir 1000 (eitt þúsund).

4.

Ef ítala verður gjör, og hún hefur nokkurn kostnað í för með sjer fyrir umráðanda leigulandi, borga leigulendingar þann kostnað.

5.

Leigulendingar eru skuldbundnir til að gjöra ekkert það í fjárrekstrum eða öðru, er aukið geti á nokkurn hátt átroðning eða ágang á afrjett eða heimalönd Hvítisíðinga af öðrum fjenaði leigulendingar en þeim, er leyfilegt er að reka á leigulandið. Þeir 8leigulendingar) mega því t.d. ekki skilja aðra fjárrekstra sína en þá, er í leigulandið eiga að fara, eptir nær leigulandinu eða heimalöndum Hvítisíðinga en þeim var heimilt áður, heldur verða að reka þá í miðjan afrjett Borgfirðinga.

6.

Til þess að landsdrottinn geti haft aptirlit með að fullnægt sje ákvörðunum hinnar 3. og 5. greinar hjer á undan, skulu leigulendingar á vori hverju tiltaka búendur, er reka skulu það sumar á Lambatungur og láta landsdrottinn skriflega vita, hverjir þeir eru að minnsta kosti tveim vikum áður en þeir búendur reka þangað. Þeir búendur skulu og, um leið og þeir reka, gjöra

---

landsdrottinn (umráðamanni Gilsbakka) viðvart og leyfa honum að telja eða láta telja allt fje í rekstrum þeirra. Reka skulu þeir þannig í gegnum heimalönd Hvítsíðinga, að þeir gjöri sjer far um, að ekkert tjón hljótist af, t.d. að málnytupeningur Hvítsíðinga komist ekki saman við reksturinn, að ekki sje skilið eptir af honum í heimalöndum o.s.v. frv. Reka skulu þeir fjeð allt að miðju leigulandi.

7.

Leiglendingar skulu á sinn eigin kostnað annast um grenjaleitir, grenjavinnslu og eitrun fyrir refi á leigulandinu.

8.

Leiglendingar eru að því er rjettir, fjallskil og aðrar fjárleitir og fjárskil snertir, háðir á hverjum tíma sem er þeim gildandi lagareglum, er við eiga, sömuleiðis ráðstöfunum þeim, er kunna að verða gjörðar tila ð varna útbreiðslu fjársýki. Ef þeim af þess konar orsökum verður hamlað frá að reka nokkurn fjenað í leigulandið, fellur leigan burtu fyrir það eða þau ár án þess að leigusamningur falli þó fyrir þá sök úr gildi. En þótt þeir af einhverjum öðrum orsökum noti ekki leigulandið, skulu þeir eins fyrir það gjalda hina ákveðnu leigu.

9.

Ef leiglendingar láta eitthvað á vanta til að uppfylla að sínu leyti framanskriafaða skilmála hafa þeir fyrirgjört rjetti sínum til leigulandsins. Þó skal brot á máli 5. grein eigi hafa þau áhrif, heldur gefur það aðeins rjett til skaðabóta.

[...]

12.

Leiglendingum er heimilt upp á sína eigin ábyrgð, að því er uppfylling framanskriafaðra skilmála snertir að leigja öðrum leigulandið.

[...]

Gilsbakka í Hvítársíðu 21. júlí 1891

Magnús Andrésón

Framanskriafaða skilmála undirgangast upp á væntanlegt samþykki sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýlu hreppsnefndirnar í Hálsahreppi og Reykholtaldshreppi

Jón Magnússon

Einar Magnússon

Þorsteinn Magnússon

Guðmundur Helgason



Í vísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 1. september 1892 segir að kirkjan haldi öllu hinu sama og í vísitasíu dags. 4. september 1844. Þar er einnig getið um mótmæli hreppsnefnda við að kirkjan eigi annað en selfararrétt á Hellistungum og málsókn ályktuð gegn kirkjunni:

Árið 1892, 1. sept., visiteraði prófasturinn í Mýraprófastsdæmi, Magnús Andrjesson, Hjarðarholtskirkju. Um aldur hennar og [og, ofan línu] eignir [strikað yfir: og ástand] er allt hið sama að segja sem við visitatiu 4. sept. 1888. Þó skal þess getið, að frá hreppsnefndunum í hreppum þeim, er liggja í Þverárrjettar upprekstrarfjelagi hafa verið hafin mótmæli gegn því að kirkjan eigi annað en selfararrjett á Hellistungum, og málsókn ályktuð út frá því gegn kirkjunni.

[...]<sup>142</sup>

Í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þann 23. maí 1893 var lagt fram bréf umboðsmanns hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga, til sáttanefndarinnar í Stafholtssáttaumdæmi vegna selfarar Hjarðarholtskirkju á Hellistungum, ásamt afriti af sáttatilraun dagsettri 22. febrúar 1893. Bréfið til sáttanefndarinnar í Stafholtssáttaumdæmi hljóðaði svo:

Það er kunnugra en frá þurfi að segja að á hinum sameiginlega afrjetti Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga austan Sanddals og Norðurár, liggur land það er Hellistungur heita. Umráðamaður Hjarðarholtskirkju, Jón bóndi Tómasson í Hjarðarholti, telur landshluta nokkurn á nefndum Hellistungum eign Hjarðarholtskirkju og neitar að undirskrifa landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega upprekstrarlandi nefndra sveita nema þar sje tekið fram eignarítak það sem hann telur Hjarðarholtskirkju eiga á Hellistungum; en hlutaðeigandi hreppsnefndir viðurkenna eigi að Hjarðarholtskirkja eigi neitt land á Hellistungum, en neita því ekki með öllu að Hjarðarholtsbóndi hafi rjett til selfarar fyrir sjálfann sig kringum hið svokallaða Hjarðarholtsssel. Og að öðru leiti álíta hreppsnefndirnar að rjettur til selfarar sje annað en eignarrjettur yfir landi eða landshlut.

Sem umráðamenn afrjettarlandsins vilja hlutaðeigandi hreppsnefndir fá ágreining þann, sem hjer af er risinn, útkljáðan með dómi og hafa falið mjer að framhalda málinu með lögsókn.

Fyrir þessar sakir skora jeg hjer með á sáttanefndina í Stafholtssáttaumdæmi að kveðja mig og nefndan Jón Tómasson á sáttafund til að reyna sættir í málinu; mun jeg krefjast þess á sáttafundinum að Jón Tómasson sem umráðamaður Hjarðarholtskirkju undirskrifi landamerkjaskrá

<sup>141</sup> Skjal nr. 4(61).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(229) a-b.

---

upprekstrarlandsins óbreitta, en gjöri hann það eigi mun jeg krefjast þess, að málinu verði vísað til landslaga og rjettar.

Lundum 14. febr. 1893. Guðm. Ólafsson.<sup>143</sup>

Í sama réttarhaldi var lagt fram bréf sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 14. apríl 1893, þar sem hann tilkynnti um að umboðsmaður hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga hafi höfðað mál gegn ábúanda jarðarinnar Hjarðarholts, vegna ágreinings um eignarrétt að landshluta á Hellistungum. Ummerkja er getið. Bréfið hljóðar svo:

Sigurður Þórðarson sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kunngjörir: mjer hefur tjáð Guðmundur Ólafsson, bóndi á Lundum, að hann sem umboðsmaður hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga austan Sanddalsár og Norðurár sjái sig knúðan til, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, að höfða mál gegn ábúanda jarðarinnar Hjarðarholts í Stafholtstungum, Jóni Tómassyni, sem rjettum umboðsmanni eiganda jarðarinnar, Halldórs bókbindara Þórðarsonar í Reykjavík, til þess að fá útkljáðan með dómi ágreining milli tjeðs upprekstrarfélags og eiganda nefndrar jarðar um eignarrjett að landshluta á Hellistungum, en svo er nefndur partur af sameiginlegu afrjettarlandi tjeðra sveita. Telur upprekstrarfélagið sig eiga Hellistungur allar, og viðurkennir aðeins rjett Hjarðarholtsbóndans til selfarar kringum svokallað Hjarðarholtssel. Hjarðarholtsmaður vill aptur á móti ekki láta sjer nægja selfararrjettinn, en telur sig eiga land á tungunum innan þessara ummerkja: Lambagils að norðan, Norðurár að vestan, Hellisár, Gíslalækjar og vatnahalla að sunnan og austan.

Fyrir dómi ætlar stefnandi að krefjast þess að upprekstrarfélaginu verði dæmt land það, sem liggur innan nefndra ummerkja, þó svo að Hjarðarholti sje áskilinn rjettur til selfarar í Hjarðarholtsseli og kringum það, eptir því sem stefnandi ætlar nákvæmar til að taka fyrir merkjadómi. [...] <sup>144</sup>

Landamerkjadómur við Hellisá í Norðurárdal var settur þann 20. júlí 1893. Tekið var fyrir landamerkjamála nr. 1/1893: Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni:

Var þá tekið fyrir landamerkjamálið N. 1/1893:

Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna  
og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár

gegn

umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni.

---

<sup>143</sup> Skjal nr. 2(123) a-b.

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(122) a-b.

---

Af hendi sóknaraðila mætti Guðmundur bóndi Ólafsson á Lundum samkvæmt áður framlagðri fullmakt. Varnaraðili er mættur sjálfur.

Riðu dómendur og málsparatar og áðurnefndur réttarvottur eptir merkjum þeim, sem varnaraðili heldur fram að eigi að vera fyrir landi því, er hann kallar til á Hellistungum, þ.e. upp með Hellisá þar til er Gíslalækur fellur í hana, síðan með Gíslalæk upp að Gíslavatni, en þaðan beina stefnu að Lambagili. Þar eptir var réttarhaldinu framhaldið á Dýrastöðum í Norðurárdal og voru þá viðstaddir réttarvottarnir Jóhannes Elíasson og Þorsteinn Gíslason.

Mætti þá fyrir réttinum góðfúslega óstefndur Bjarni Einarsson, bóndi hér á bæ, 76 ára gamall. Sóknaraðili óskaði að lagðar yrðu fyrir vitnið svohljóðandi spurningar: 1° Hvar hann hafi alið mestan aldur sinn? Svar: Hér í Norðurárdal, ég ólst upp í Hjarðarholti í Stafholtstungum og var þar til þess er ég var 16 ára, þá var ég 1 ár fyrir norðan, síðan hef ég átt heima fyrir norðan í 3 ár, en að öðru leyti hef ég ætíð dvalið hér í Norðurárdal. 2° Hvort honum sé ekki kunnugt um að upprekstrarfélagið hafi að fornu og nýju notað hið umþráttada land til uppreksturs fyrir geldfé? Svar: Jú, svo langt lengi sem ég man til hefur landið verið notað til uppreksturs af upprekstrarfélaginu. 3° Hefur það verið átalið af Hjarðarholtsmanni? Svar: Til forna var það ekki átalið, svo að ég vissi, sérstaklega varð ég þess aldrei var þegar ég var í Hjarðarholti hjá föður mínum Einari Þórðarsyni, sem átti jörðina, að hann eignaði jörðina sér frekara en rétt til selfarar í landi því, sem hér er um að ræða; en selfararrétt eig taldi hann sig eiga þar. Þar á móti hef ég heyrt þess getið, að Hjarðarholtsmaður hafi í seinni tíð gert frekari tilkall en að mega hafa þar j seli, og ætla ég að Vigfús Ólafsson hafi hreyft því fyrstur. – Varnaraðili óskaði að vitnið yrði spurður um: 1° Veit vitnið ekki til að Björn Guðmundsson í Hjarðarholti hreifði frekara tilkalli til landsins en selfararrétti? Svar: Ég man til þess að þegar ég bjó var vinnumaður í Sveinatungu þá risti ég torf í þrætulandinu eptir skipun húsbónda míns, og heyrði ég á Björn í Hjarðarholti láta í ljósi við húsbónda minn að honum þótti eg hann hafa átt að leita til þess leyfis hjá sér, en hvort hann byggði það á selfararréttinum eða öðrum fyllra rétti, veit ég ekki. 2° Veit vitnið til að Hjarðarholtsmenn hafi í seinni tíð, sérstaklega sýslumaður E. Th. Jónassen eða Gísli Tómasson, notað landið? Svar: nei, ég veit ekkert til þess, nema hvað ég heyrði Jón Jónsson, sem bjó í Sveinatungu í Jónassens tíð, geta þess að hann hefði leyfi til að heyja á í þrætulandinu, en hvaðan hann þóttist hafa það leyfi, veit ég ekki. –

[...] <sup>145</sup>

---

<sup>145</sup> Skjal nr. 2(251) a-b.

---

Þann 6. nóvember 1894 var aukaréttur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu settur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti. Fram fóru vitnaleiðslur í landamerkjamáli vegna lands á Hellistungum:

Réttarhald þetta fer fram eptir beiðni Jóns bónda Tómassonar í Hjarðarholti sem varnaraðila í landamerkjamáli út af landi á Hellistungum. Sóknaraðili í því máli, Guðmundur bóndi Ólafsson á Lundum sem umboðsmaður upprekstrarfélagsins er mættur óstefndur. Sömuleiðis er mættur sem vitni Jónas Jónsson, bóndi í Sólheimatungu, 43 ára gamall. Upp á spurningu dómarans þar að lútandi tjáist hann hafa verið vinnumaður hjá Theodór sýslumanni Jónassen í Hjarðarholti 3 árin síðustu sem hann bjó þar. Að gefnu tilefni ber hann það enn fremur, að hann hafi vitað til að Jónassen teldi sig eiganda að Hellistungum, og að hann hafi ávítt Jón Jónsson, sem þá bjó í Sveinatungum í Norðurárdal, fyrir það að hann hafði leigið heyjað á Hellistungum j óleyfi Jónassens; sömuleiðis sem hafi hann þá jafnframt leyft Jóni að heyja þar framvegis. Að öðru leyti veit vitnið ekki til að Jónassen hafi léð Hellistungur né heldur notað þær í sínar þarfir. Enn fremur getur vitnið þess að sér sé kunnugt að Jón í Hjarðarholti hafi leigt öðrum land á tungunum, til upprekstrar. Spurningar þær, sem gáfu tilefni ofangreindrar skýrslu vitnisins, voru lagðar fyrir hann eptir beiðni vitnastefnanda. Eptir beiðni vitnastefnda var vitnið spurður um hvort hann vissi til að tilkalli Jónassens til Hellistungna hefði verið mótmælt, og kveðst hann hafa heyrt að því hafi verið mótmælt af bændum í upprekstrarfélaginu. – Upplesið, staðfest. [...]<sup>146</sup>

Í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 10. desember 1894, var tekið fyrir mál Upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár, gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni, og lögðu málsaðilar fram ýmis skjöl.<sup>147</sup>

Í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 5. júní 1895 voru lögð fram nokkur skjöl.<sup>148</sup> Þá var framlögð vörn Jóns Tómassonar í málinu sem hljóðaði svo:

Vörn í málinu: Upprekstrarfjelag Hvítsíðinga, Þverárhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga gegn Jóni Tómassyni.

[...]

Þegar amtmaður E. Th. Jónassen bjó í Hjarðarholti gjörði hann tilkall til þrætulands þess, er hjer liggur er um að ræða, og ræður að líkindum að eins sanngjarn maður hafi ekki farið að gjöra þetta úti bláinn, heldur studdist hann við gömul og góð skjöl í þessu efni, en bændur risu öndverðir upp á móti

---

<sup>146</sup> Skjal nr. 2(252) a-b.

<sup>147</sup> Skjöl nr. 2(253) a-b, 2(124) a-b, 2(125) a-b, 2(126) a-b, 2(127) a-b, 2(128) a-b, 2(129) a-b og 2(130) a-b.

<sup>148</sup> Skjöl nr. 2(131) a-b og 2(132) a-b.

---

Þessu og rituðu yfirlýsingu þá, er fram hefur verið lögð og dagsett er að Norðtungu 17. okt. 1873; mótmæltu þeir eignartilkalli Hjarðarholtskirkju til landsins, en viðurkenndu aðeins selfararrjett í svokallað Hjarðarholtsssel og landið þar umhverfis. Þrátt fyrir þetta fasthjelt Jónassen eignartilkalli sínu og sama gjörði hinn síðari eigandi, tengdafaðir minn Kristján Mattiesen. Hefur svo mál þetta legið niðri þartil upprekstrarfjelaði nú hefur hafið málssókn þessa gegn ~~landseti mínum~~ mér með stefnu dags. 14. apríl 1893, en jeg ætla að málshöfðendur hafi ekki kynnt sjer nægilega alla málavöxtu, er mál þetta var stofnað.

~~Landseti minn~~ Ég hefur þegar lagt fram fyrir rjettinn 4 vísitatúr, sem allar sanna að þrætulandið hafi verið eign Hjarðarholtskirkju.

Hin fyrsta er vísitatía Páls prófasts Gunnarssonar frá 1694, hun segir að kirkjan að Hjarðarholti eigi land á Hellistungum og skýrskotar til tveggja vitnisburðarbrjefa frá 15. marz 1685 og 15. apríl 1693 sem heimildar. Þarnæst er vísitatía Jóns biskups Vídalins 10. sept. 1716. Biskup vottar að brjef þau, er getur um í prófastsvísitatíunni liggi á kirkjunni, tekur fram hverjir undir brjefum þessum standi og segir frá innihaldi þeirra, og sjerstaklega tekur vitnisburðurinn frá 1685 nákvæmlega fram merkin og eru þau öll hin sömu sem fyrirrennarar mínir hafa haldið föstum nl. ~~Lambagil~~ að Hjarðarholtskirkja eigi land á Hellistungum innan þessara ummerkja: að til landnorðurs ráði frá sínum upptökum Lambagil allt í norðurá, ræður þá Norðurá allt að Hellirsá og so Hellirsá upp að Gíslalæk, síðan Gíslalækur að upptökum, það eptir því sem vötnum hallar uppá brunina á millum fyrkjeðra lækia og lýsti hinn þáverandi eigandi Hjarðarholts því yfir að landið brúki hún enn í dag eptir því sem hún fær viðkomið. Þarnæst er vísitatía Jóns biskups Árnasonar frá 1725 er tekur allt hið sama fram og vitnar í biskupsvísitatíuna frá 1716, og að endingu hefur verið lögð fram útskript úr kirkjubók Hjarðarholtskirkju og er það extract úr biskupsvísitatíu 15. júní 1748 og ber alveg heim við hinar eldri vísitatúr að því er snertir eign kirkjunnar á Hellistungum, og vitnar hjeraðsprófasturinn, Kristján Jóhannsson, til Vilchinsmáldaga sem heimild fyrir þessu, og getur hjerðaðsprófasturinn þess ennfremur að í biskupsvísitatíu frá 19. ág. 1751 sje það tekið fram að sýslumaður Þorgr. Sigurðsson hafi sjálfur krafist að þessar eignir og ítök væru færðar inn í kirkjubókina og jafnframt vottað að kirkjan hjeldi þeim enn, og vottar prófastur ennfremur að allar síðari vísitatúr staðfesti að kirkjan (~~allt fram á þennan dag~~) haldi öllum eignum sínum þar á meðal Hellistungum óátalið allt fram á þennan dag. Af ofangreindum skjölum er því ljóst að þrætuland það er hjer ræðir um, hefur verið óátalin og ómótmælt eign Hjarðarholtskirkju fram að 1805, og enda lengur, þannig er þess getið í vísitatíu Steingríms biskups Jónssonar 23. júli 1831 að Hjarðarholtskirkja eigi land á Hellistungum og hafa undir þetta skrifað meðal annara Ólafur Þorbjörnsson, sem mun vera faðir Þorbjarnar á Steinum en afi sækjanda.

---

Gegn öllum þessum gögnum hefur stefnandi að mjer virðist aðeins tvent fram að færa nl. vitnaleiðslu, er fram hefur farið og útdrátt úr jarðabók Árna Magnússonar.

Hvað fyrst snertir framburð hinna leiddu vitna, (~~snertir~~) þá verð jeg að halda því fram að þau sjeu svo viðriðin mál þetta að jeg verð að mótmæla að framburður þeirra verði tekin til greina. Þau eru í raun og veru virkilegir málsparar sem meðlimir af upprekstrarfjelaginu og held jeg því föstum mótmælum þeim, sem landseti minn ég hef~~ur~~ komið fram með, en svo jeg snúi mjer að framburði þeirra, þá gegnir furðu að þau hafi getað borið, að þau hafi ekki heyrnt Hjarðarholtskirkju nefnda sem eiganda að þrætulandinu, en vitanlega er þessi framburður alveg þýðingarlaus gagnvart skjölum þeim og skilríkjum, sem fram hafa verið lögð frá minni hálfu. Þar sem vitnin þar næst bera að ~~er~~ svo langt sem þau muni hafi upprekstrarfjelaði notað þrætulandið til uppreksturs, þá sannar þetta aðeins, að umráðamenn og eigendur Hjarðarholts hafa ekki haft kraft til að verja þessa eign sína. Það er sjálfssagt að fje þeirra hefur gengið inná þrætuland þetta, sem liggur í afrjett, þar sem því ekki var viðkomið að verja landið, og í öðru en þessu liggur ekki notkun upprekstrarfjelagsins; þeir hafa hingað til ekki leyft sjer að reka fje sitt á sjálf þrætulandið. Jeg verð því að halda því fram að í mesta lagi hafi sannast brúkunarleysi á þrætulandinu frá Hjarðarholts hálfu, en engin notkun frá upprekstrarfjelagsins hlið í þeim skilningi sem Jónsbókar landsleigubálfur 26. kap. krefur. En þótt nú hinn heiðraði landamerkjadómur aldrei nema álitni að sækjandi hafði sannað langvarandi brukun þrætulandsins frá umbjóðanda sinna hlið, þá er þetta ekki einhlýtt. Jónbók segir um þetta, að hafi maður haft skóg, eng o.s.frv. í 20 vetur eða lengur átölulaust, þá á sá land nema hinn hafi lögleg vitni til þess at hann á, ef hann skal óræntur vera; en eins og áður er sýnt fram á hef jeg lagt fram ótvíræðar og fullar heimildir fyrir því að þrætulandið er eign Hjarðarholtskirkju. Þessum gögnum getur ekki útdráttur sá, er mótp. hefur lagt fram, úr jarðabók Árna Magnússonar (~~ekki~~) hnekkt. Jarðabókin segir að kirkjan eigi selstöðurjett á Hellistungum, en þetta er samkvæmt hinum eldgömlu vitnisburðarbrjefum og samhljóða vitnisburðum í vísitatíubókunum gegnum margar aldir algjörlega rangt, enda sýnir hinn framlagði vitnisburður þeirra Árna Hannessonar og Árna Pjeturssonar frá 1703, að þeir Árni Magnússon og Páll Vidalín hafa hjer gjört sig seka í misskilningi eða athugaleysi. Hið framlagða brjef var hið eina skilríki, sem fannst í skjölum jarðabókarnefndarinnar áhrærandi Hjarðarholtskirkju, en vottorð þetta kemur rjett skilið alveg heim við framlagðar vísitatíur. Þar segir skýrt að kirkjan eigi land á Hellistungum, en bætir svo við þessum orðum „sem nú er afrjett.“ Það eru þessi orð sem valdið hafa misskilningnum. Meiningin getur aðeins verið sú að Hjarðarholtsmaður hafi þá ekki notað landið öðru vísi en sem afrjett. Þeir Árni og Páll hafa misskilið þetta svo að hjer væri að tala um almennings afrjett, en allir sjá strax, að það var meiningarlaust og ástæðulaust í máldaga fyrir Hjarðarholti að fara að tala um

---

rjettindi annara. Slíkt er með öllu dæmalaust í fornum skjölum, sem eru miklu nákvæmari og skýrar og skarpar hugsuð en nú gjörist.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á að útdrátturinn úr jarðabók Á. M. getur ekki rýrt gildi eignarheimilda minna, enda væri það algjörlega ólöglegt að láta jarðabókina gilda gegn eldri heimildum.

Auk þess leyfi jeg mjer að benda á að í öllum heimildarritum Hjarðarholtskirkju er hvergi getið um að jörðin (~~eigi~~) eða kirkjan eigi selstöðurjett á Hellistungum, annað hvort á hún landið eða þá engan rjett til þess, og þar sem nú mótp. kannast við og viðurkennir selstöðurjettinn, þá liggur í þessu einnig viðurkenning fyrir eignarjettinum. Auk þess viðurkennir mótp. rjett Hjarðarholtskirkju til allra annara eigna og ítak, sem tekin eru fram í vísitatíunum, en mótmæla aðeins þessu eina atriði, en þetta getur á engan hátt verið rjett, því eitt verður yfir öll ákvæði visitatianna að ganga.

[...]

Jeg mótmæli svo öllum kröfum og sóknargögnum mótp. en leyfi mjer, með skyrskotun til skjala þeirra er jeg hefi lagt fram, að gjöra þá rjettarkröfu:

Að hið umpráttaða land á Hellistungum innan þessara takmarka: að landnorðan Lambagils allt í Norðurá, þá Norðurá allt að Hellisá, svo Hellisá uppað Gíslalæk, síðan Gíslalækur að upptökum og þaðan eptir því sem vötnum hallar uppá brúnina milli fyrkjeðra lækja, verði dæmt mjer ~~þ~~ sem eiganda Hjarðarholts til fullrar eignar og umráða

[...]

Legg jeg svo málið í dóm, fullviss um að rjettur minn verður ekki fyrir borð borinn hjá merkjadóminum.

Hjarðarholti Reykjavík 23. maí 1895.

Jón Tómasson ~~Hallur Þórðarson~~.

Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 5. júní 1895.

Sigurður Þórðarson.<sup>149</sup>

Þá var lögð fyrir málsútlistun sækjanda í málinu og var hún eftirfarandi:

Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. júní 1895.  
Sigurður Þórðarson.

Málsútlistun sækjanda í málinu: Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverárhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga gegn eiganda Hjarðarholtskirkju, Jóni Tómassyni.

---

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(133) a-b.

---

Um leið og ég skila aptur málsskjölunum Nr. 1–16, skal ég taka fram það sem hér fer á eftir:

Eigandi Hjarðarholtskirkju heldr því fram, að kirkjan hafi ótakmarkaðan eignarrétt yfir landi með tilteknum ummerkjum á Hellistungum. Upprekstrarfélagið kannast ekki við þennan ótakmarkaða eignarrétt, heldr það, að kirkjan eigi land þetta aðeins til selfarar, en ekki frekar; að öðru leyti eigi upprekstrarfélagið landið.

Rök upprekstrarfélagsins eru:

1. Þrætulandið hefir frá ómunatíð verið notað til upprekstrar (þ.e. sumarbeitar fyrir geldfénað) af upprekstrarfélaginu og því á félagið landið til slíkrar beitar, nema annar komi með „lögleg vitni, at hann á, ef hann skal órænt vera“, samkvæmt Jónsb. landsl.b. 26. En slík vitni hefir hann að minni ætlun eigi komið með.

Að þetta sé rétt hermt um notkun þrætulandsins er svo alkunnugt hér um sveitir og engum kunnugra en hinum núveranda eiganda Hjarðarholtskirkju, að það getr varla komið frá sjálfs hans brjósti, að mótmæla því. Fyrst og fremst hafa samkvæmt framlögðu málsskjali N<sup>o</sup> 5 vitnað um þetta um 50 bændr, þar á meðal slíkir menn sem [...] og í stuttu máli sagt: flestir málsmetandi menn í 4 sveitum hafa á fundi að Norðtungu 17. okt. 1873 hátíðlega vitnað það skriflega að þrætuland það, er hér ræðir um, ásamt öðru svæði hafi verið frá ómunatíð notað af upprekstrarfélaginu og lýsa það fullkomna eign þess, að undanteknum selfararréttinum. Þetta eru alkunnir dánumenn, sumir enn á lífi og sýnist það vera aðgengilegra fyrir mótpartinn, að taka til greina vitnisburði þeirra, heldr en fyrir oss, að taka til greina vitnisburðarskjal einhverra tveggja Árna, er lifðu fyrir 200 árum, og enginn maðr veit um, hvort þeir hafa í raun og veru undirskrifað skjal það, er lagt hefir verið fram með þeirra nafni, því síðr af hvaða hvötum þeir hafi gjört það, eða hvað meint með því.

En vitnisburðr þessara 50 bænda hefir eins og vitnisburðr hinna 2 Árna þann galla, að hann er ekki gefinn fyrir rétti, og hefir því ekki gagnvart mótmælum mótpartsins fult sönnunargildi. Þar á móti hafa þeir Þorbjörn Ólafsson á Steinum, Björn hreppstjóri Ásmundsson á Svarfhóli, Jóhannes Elíasson í Efranesi og Bjarni Einarsson á Dýrastöðum, alt valinkunnir heiðrsmenn, nákunnugir og greindir, allir borið fyrir rétti þetta sama um notkun þrætulandsins. Mótpartrinn vill nú samt hnekkja vitnisburði 3 hinna fyrstnefndu, af því að þeir sé bændr í upprekstrarfélaginu. [...] Ég krefst því þess, að hinir eiðfestu vitnisburðir fyrnefndra 3 manna verði, ásamt vitnisburði Bjarna á Dýrastöðum, fullkomlega til greina teknir.

Mótpartr minn heldr því fram í vörn sinni, að notkun þrætulandsins frá hálfu upprekstrarfélagsins sé ekki fólgin í öðru en því, að fé þeirra (=: upprekstrarfélagsins) hafi gengið inn á þrætuland þetta, og þeir hafi hingað til ekki leyft sér að reka fé sitt í sjálft þrætulandið. Þetta er svo skakt sem framast



---

má verða. Sannleikinn er sá, eins og Jón Tómasson veit vel sjálf, að flestir bændr í Syðstu- og Miðtungu Stafholtstungnahrepps og í Norðrárdal sunnan Norðrár hafa um langan aldr jafnan rekið geldfénað sinn einmitt á þrætulandið, enda er það auðvitað þetta, sem átt er við í vitnisburðum fyrnefndra 4 manna, þar sem þeir bera, að „upprekstrarfélagið hafi notað landið til upprekstrar“, og er það fjarstæða, sem kemr í bága við alla málsvenju, að segja, að þetta þýði ekki annað en það, að fénaðr slangri yfir á þrætulandið. [...]

Það er þannig bæði alkunnugt, og líka sannað með greinilegum vitnisburðum margra kunnugra, greindra og valinkunnra manna, að þrætulandið hefir eigi að eins um 20 ár, heldr frá ómunatíð verið notað til upprekstrar af upprekstrarfélaginu.

Notkunin um 20 ár, og þó meir, er þannig vafalaus. En hver eru nú þau lögleg vitni, er eigandi Hjarðarholtskirkju hefir fram að færa á móti? eru það löggiltir kirkna máldagar (Vilchins og Gísla)? Nei, þeir vita ekkert um þessa landeign kirkjunnar á Hellistungum. eru það kaupbréf eða afsalsbréf? Nei. eru það gjafabréf? Nei. Ekkert af þessu hefir orðið grafið upp, hvorki erlendis né hér á landi. Engir máldagar, ekkert bréf eða vitnisburðir, er sýni, hvort, hvenær eða hvernig kirkjan hafi eignast land þetta. Lögfestur þrjár, biskupsvisitazíur fjórar og skjal undirskrifað af 2 mönnum árið 1703 eru aðallega vitni þau, er mótpartrinn ætlast til, að ráði meiru í máli þessu, en notkun frá ómunatíð.

Lögfestunum var ekki haldið fram til dóms, og eru þær því ónýt vitni, samkvæmt landsyfirréttardómi 28. jan. 1888.

Biskupavisitazíur eru ekkert annað en einhliða yfirlýsing um, hvað kirkjueigandi og með honum biskup vilja eigna kirkjunni. [...] Orðin í þessum 4 fyrnefndu biskupavisitazíum um landeign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum sýnast hafa legið sem dauðr, ókunnr bókstafr alt þangað til þeir Vigfús Ólafsson og E. Th. Jónassen ætluðu 1839 og 1872 að gefa þeim krapt með lögfestum, þinglesnum á manntalsþingum sumra, en ekki allra hreppa þeirra, er hlut áttu að máli. En þá risu bændr í sveitum þessum svo öfluglega á móti, að kirkjueigendr létu þar við staðar nema, og var hvorttveggja skiljanlegt og eðlilegt; að þeir (kirkjueigendr) vildu vita, hvort biskupavisitaziurnar um þetta mál hefði við nokkur rök að styðjast, og hitt, að þeir hættu við það mál, er þeir sáu, að málstaðr þeirra var ekki góðr. Hvorttveggja er vel samboðið eins vönduðum manni og E. Th. Jónassen var. En svo kom nýr eigandi, Kristján á Hliði, sem 1880 fitjaði upp nýja lögfestu, er var mótmælt á manntalsþingum. [...]

Annars vil eg að endingu taka það fram um þessi skilríki mótparts míns, að með allri viðurkenningu fyrir nákvæmni og skarpleika fyrri tíðar manna í orðfæri, þá efast eg mjög um, að þar sem í þessum 4 biskupavisitazíum og vitnisburði hinna 2 Árna er tekið svo til orða: „Kirkjan á land á

---

Hellistungum“ að þá sé hér meintr nokkur annar eða meiri eignarréttir kirkjunnar en sá, sem vér könnumst við, sem sé: land til selfarar. Því það er óneitanlega eins konar eign, þótt hún sé takmörkuð, og örnefnið „Hjarðarholtssel“ á Hellistungum bendir á, að Hjarðarholtskirkja eigi þar land til selfarar, eins og menn fyr og síðar hafa álitnið og kannast við.

2. Útdráttur úr jarðabók Árna Magnússonar (málsskjal N°6) er hið annað, sem upprekstrarfélagið styður rétt sinn við. Þar stendur með berum orðum, að Hjarðarholtskirkja eigi selstöðu á Hellistungum, þar sem heitir Hjarðarholtssel, og að hún sé í almennings upprekstri. [...]

Eg hefi nú með sem fæstum orðum reynt til að sýna fram á, að það er fullsannað, að Þverárrettar-upprekstrarfélag hefir frá ómunatíð notað þrætulandið á Hellistungum til upprekstrar, að þá er bændr í félagi þessu vissu um það, að eigandi Hjarðarholts ætlaði að eigna sér meira, en selfararrétt á landi þessu, hófu þeir öflug mótmæli gegn því og heptu þá tilraun, að gögn og vitnisburðir kirkjueigandans eru þess eðlis, að þeir geta ekki álitist þau lögleg vitni, er eptir Jónsbókar landsleigub. 26. eiga að gilda meir en notkun í 20 ár, og að fyrir utan notkunina hefir upprekstrarfélagið skriflegt skilríki, jarðabók Árna Magnússonar sem jafnvel eitt út af fyrir sig ætti eptir hlutarins eðli að takast fremr til greina, en öll enn framkomin skilríki mótpartsins.

Jeg mótmæli svo í einu orði öllum gögnum og röksemdaleiðslum mótpartsins skírskota til skjala þeirra og vitnisburða er jeg hef lagt fram í málinu, og leyfi mjer að gjöra þá rjettarkröfu:

1. að eignarrjettur upprekstrarfélagsins til lands þess, sem tilgreint er í sáttakærinni og stefnunni, verði viðurkendur með dómi og

[...]

Legg jeg svo málið í dóm ~~og skila málsskjölum 1–16.~~

Lundum 25. júní 1895.

Guðmundur Ólafsson.

Til landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.<sup>150</sup>

Mál Upprekstrarfélags Hvítvíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni, var tekið fyrir á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti þann 26. júní 1895 og málið tekið til dóms.<sup>151</sup>

---

<sup>150</sup> Skjal nr. 2(134) a-b.

<sup>151</sup> Skjal nr. 2(255) a-b.

---

Í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 13. júlí 1895, var kveðinn upp dómur í eftirfarandi máli: Upprekstrarfélag Hvítvíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni. Land á Hellistungum var dæmt sækjanda málsins, þó svo að jörðinni Hjarðarholti bæri réttur til selstöðu í landinu:

Ár 1895, þann 13. júlí, var landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu settur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti og haldinn [...]. Var þá tekið fyrir landamerkjamálið N. 1/1893:

Upprekstrarfélag Hvítársíðu, Þverárhlíðar og Stafholtstungnahreppa og Norðurárdalshrepps austan Norðurár og Sanddalsár

gegn

Jóni Tómassyni

og í því kveðinn upp svofelldur dómur:

Í máli þessu, sem höfðað er af ofanefndu upprekstrarfélagi á hendur umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts í Stafholtstungum, bóndanum þar Jóni Tómassyni, sem undir rekstri málsins er orðinn eigandi téðrar jarðar, gera báðir málspartar eignartilkall til nokkurs hluta af svonefndum Hellistungum, sem er fjallland upp af byggð í Norðuráral austan Norðurár, og takmarkast þrætulandið af Norðurá, Hellisá, Gíslalæk, vatnahalla og Lambagili. Hefur hvortveggji málspartur gert þá réttarkröfu fyrir merkjadómi, að land það, sem liggur innan greindra takmarka, verði dæmt hans eign, en af sækjanda hálfu er þeirri kröfu þó samfara viðurkenning þess, að varnaraðili eigi rétt til selstöðu í landinu.

[...]

Báðir partar hafa til stuðnings eignartilkalli sínu lagt í dóm nokkur skjálleg skilríki. Þannig hefur varnaraðili lagt fram meðal annars nokkur eptirrit af vísitazíum Hjarðarholtskirkju og 2 lögfestur, frá 1839 og 1880, og er talið í skjölum þessum að Hjarðarholt eigi land á Hellistungum, og í sumum þeirra tilgreind takmörk þess lands, á sama hátt og áður er gert. Á skjölum þessum, sem innihalda ekki annað en einhliða skýrslur og yfirlýsingar eiganda Hjarðarholts um það hvað þeir hafa þóttst eiga, verður þó ekki byggð sönnun fyrir eignarrétti þeirrar jarðar til þrætulandsins. Aptur á móti hefur sækjandi lagt fram útdrátt úr jarðabók Árna Magnússonar, að því er snertir Hjarðarholt, og er þar skýrt svo frá að kirkjan í Hjarðarholti eigi selstöðu á Hellistungum, þar sem heitir Hjarðarholtssel, en því bætt við, að selstaðan hefi ekki brúkuð verið um langa tíð, því hún sé nú í almennings upprekstri og þar með í fjarska. Eins og þessi skýrsla jarðabókarinnar ber með sér að þrætulandið hafi þegar um langan aldur fyrir ár 1700 verið notað til almennings upprekstrar, eins hefur sækjandi útvegað eiðfesta vitnisburði fjöggra núlifandi manna um það að upprekstrarfélagið hafi í ómuna tíð notað landið til upprekstrar, og skal það

---

tekið fram að ekki er ástæða til að hrinda vitnisburðum þriggja af mönnum þessum fyrir þá sök, að þeir eru bændur í upprekstrarfélaginu, eins og varnaraðili hefur farið fram á. Það verður því að álitast sannað að þrætulandið hafi um hálangan aldur verið notað af upprekstrarfélaginu, og hvílir þá á varnaraðila, samkvæmt niðurlaginu í Jónsbókar landsleigubálks 26. kapítula, að sanna að Hjarðarholt eigi landið samt sem áður, en það hefur honum ekki tekizt, eins og áður er tekið fram, ~~eins~~ og ekki hefur hann heldur getað sannað neina verulega né langvinna notkun landsins af hálfu Hjarðarholts. Merkjadómurinn hlýtur því, samkvæmt hinum tilvitnaða lagastað, að komast að þeirri niðurstöðu, að hið umþráttada land, sem liggur áfast við annað afréttarland upprekstrarfélagsins, tilheyri því, þó svo að jörðin Hjarðarholt eigi rétt til selstöðu í landinu, og er selfararrétturinn ekki einskorðaður við neinn sérstakan part af landinu, þótt sækjandi hafi haldið því fram í sáttakærun og stefnu, með því að hann hefur í málsútlitun sinni viðurkennt að Hjarðarholt „eigi“ landið „til selfarar“ og þannig horfið frá að takmarka réttinn við einhvern vissan part landsins.

[...]

Því dæmist rétt að vera:

Land það á fjalllandinu Hellistungum, sem takmarkast af Norðurá, Hellisá, Gíslalæk, vatnahalla og Lambagili, tilheyrir sækjanda máls þessa, þó svo, að jörðinni Hjarðarholti ber réttur til selstöðu í landinu.

[...] <sup>152</sup>

Í prófastsvísitasíu Hjarðarholtskirkju frá 5. ágúst 1896 kemur fram að mál kirkjunnar vegna landeignar á Hellistungum sé fyrir landsyfírrétti og enn óútkljáð. <sup>153</sup>

Í landsyfírrétti í máli nr. 11/1896 var niðurstaða dómsins sú að dómur Landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 13. júlí 1895 skyldi vera óraskaður:

D ó m u r:

Mál þetta var í hjerði höfðað af hinu stefnda upprekstrarfélagi gegn áfrýjandanum sem umráðamanni og síðan eiganda Hjarðarholts í Stafholtstungum eða kirkjunnar þar, er í því skyni fjekk gjafvörn fyrir undirjettinn að landshluta nokkrum í svonefndum Hellistungum, sem takmarkast af Norðurá, Hellisá, Gíslalæk, vatnahalla og Lambagili. Töldu báðir málspartar sig eigendur að nefndu landsstykki, en þó með þeim mismun, að upprekstrarfélagið viðurkenndi að Hjarðarholtsbóndinn ætti rjett til selfarar í landinu kringum svo kallað Hjarðarholtssel. Málið var dæmt í landamerkjadými Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júlí f. á. þannig, að hið umþrtætta land skyldi tilheyra upprekstrarfélaginu, en jörðinni

---

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(257) a-b.

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(231) a-b.

---

Hjarðarholti bera rjettur til selstöðu í Landinu. Dagpeningar dómsmanna, 150 kr., skyldu að helmingi greiðast af almannafje, en að helmingi skyldi upprekstrarfjelagið greiða. Að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur af áfrýjandanum verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. febr. þ. á., að fenginni gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni, og hefur þess verið krafizt af hans hálfu, að dómurinn verði ómerkur dæmdur og upprekstrarfjelagið dæmt til að greiða allan málskostnað eptir rjettarins mati, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu upprekstrarfjelsins hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eptir rjettarins mati.

Áfrýjandi hefur viljað sanna eignarrjett sinn að þrætulandinu með tilvísun til nokkurra eptirrita af vísitátum Hjarðarholtskirkju og tveggja lögfestna frá 1839 og 1880, og segir þar, að kirkjan í Hjarðarholti eigi land í Hellistungum með þeim ummerkjum, sem áfrýjandi hefur haldið fram, en þar sem skjöl þessi eru eigi annað en skrásetning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja eign hennar, verða þau eigi álitin innihalda lögmæta sönnun fyrir eignarrjetti kirkjunnar að hinu umrædda landi. Af upprekstrarfjelsins hálfu hefur aptur á móti verið skírskotað til jarðabókar Árna Magnússonar, og þar segir svo: >selstöðu á kirkjan (í Hjarðarholti) í Hellistungum fram frá Norðurárdal, þar sem heitir Hjarðarholtssel, hefur um langa tíð ekki brúkazt, því selstaðan er nú í almenningsupprekstri og þar með í fjarska<. Fleiri skjallæg skilríki eru eigi komin í málinu, en eins og þessi tilvitnun úr jarðabók Árna Magnússonar, sem að vísu eigi heldur er lögmæt sönnun að því er þrætulandið snertir, bendir til þess, að rjettur Hjarðarholtskirkju til þrætulandsins hafi eigi á þeim tíma, er jarðabókin var samin, verið talinn víðtækari en stefndu vilja vera láta og notkun landsins þaðan verið þó enn minni þá og um langa tíð áður, eins hefur það verið upplýst með vitnisburðum 4 manna fyrir merkjadóminum, að landið hafi nú um ómuna tíð verið notað af upprekstrarfjelaginu til uppreksturs, en frá kirkjunnar hálfu eða Hjarðarholtseigandans virðist aptur á móti engin notkun landsins, er teljandi sje, hafa átt sjer stað svo langt er skýrslur ná. Að svo vöxnu máli og með skírskotun til Jb. Llb. 26. kap. in f. verður það eigitalin lögleysa, að merkjadómurinn hefur dæmt landið eign upprekstrarfjelsins að áskildum rjetti til selfarar í landið frá Hjarðarholti, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og verða hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málfærslan af hans hendi og hins skipaða talsmanns kirkjunnar í hjeraði hefur verið lögmæt.

---

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður.  
Málkostnaður fyrir yfirdómi falli niður.<sup>154</sup>

Með leigusamningi, dags. 18. maí 1896, gengu jarðirnar Bær, Bakkakot og Þingnes inn í samning þann er gerður var 21. júlí 1891 vegna Lambatungna.

Rétt þann allan, sem hreppsfélög Reykholtisdalshrepps og Hálsasveitar hafa öðlast með leigusamningi dags. 21. júlí 1891 við prestinn á Gilsbakka um afreitarlandið lambatungur framselja undirritaðar hreppsnefndir ábúendum jarðanna Bæjar, Bakkakots og Þingness í andakílhreppi, gegn því að þeir uppfylli allar þær skyldur sem leiglendingum eru á herðar lagðar með nefndum samningi, þó með þeim viðauka, að regla sú, er tekin er fram í 6. gr. sammingsins um rekstur gegnum heimalönd Hvítisíðinga, á einnig við um rekstur gegnum heimalönd Reykdæla og Hálssveitunga.

[...]<sup>155</sup>

Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 17. maí 1901 var þinglýst leigusamningi, dags. 9. janúar 1900, þar sem M. Smedley er leigður einkaréttur til stangveiði í Kjarará og Lambá fyrir Gilsbakkalandi til þriggja ára. Einnig leigusamningur þar sem bændurnir á Sámstöðum og í Síðumúla leigja sama manni einkarétt til stangveiði í Örnólfsdalsá og Kjarará fyrir löndum téðra jarða til þriggja ára.<sup>156</sup>

Með samningi, dags. 28. ágúst 1901, leigði Magnús Andrésón prestur á Gilsbakka einkarétt til stangveiði í Kjarará og Lambá fyrir Gilsbakkalandi í um 3 ár, eða árin 1903-1905, til M. Smedley. Leigusamningurinn kveður á um tiltekna skilmála. Einnig er leigjanda leyft án sérstaks endurgjalds að skjóta fugla sem ekki eru friðlýstir á landi jarðarinnar. Samningurinn er staðfestur af Stiftisyfirvöldum sama ár.<sup>157</sup>

Í jarðalýsingu á Gilsbakka frá 18. nóvember 1908, sem gerð var í tilefni af sölu jarðarinnar úr eigu ríkisins það ár, segir m.a.:

Hinn 13 dag nóvember mán árið 1908 vorum við undirritaðir Ingólfur hreppstjóri Guðmundsson á Breiðabólstað og Jón Pálsson bóndi í Fljótatungu staddir á Gilsbakka í Hvítasíðuhreppi í Mýrasýslu, til þess að lýsa jörð þeirri og meta hana til peningaverðs samkvæmt lögum 16 nóv 1907 um sölu kirkju jarða. Til þess verks vorum við dómkvaddir með bréfi sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu 7. þ.m.

[...]

---

<sup>154</sup> Skjal nr. 1(13).

<sup>155</sup> Skjal nr. 4(74).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>157</sup> Skjöl nr. 2(245) og 6(5).

---

Í skýrslu, sem merkispresturinn síra Hjörtur Jónsson á Gilsbakka sendi biskupi 4 júní 1839. yfir tekjur prestakallsins, segir svo: „Jörðin með sínum ínytjum er mikið erfið, og fólksfrek túnin fjarska stór, en snögg og harðlend. Útheyskapur sárlítil, erfiður og reitingssamur ...“ Og í samskonar skýrslu dags. 20. marz 1878 kemst sonur hans sra Jón Hjörtsson, sem ólst upp á Gilsbakka og dvaldi þar mestan hluta æfinnar og var því allar manna kunnugastur þar, svo að orði, „Prestsetrið er erfitt og fólksfrekt, tún mjög stór og þýfð, liggja hátt og harðlent; Útheyskapur erfiður og reitingssamur og snöggur. Fjárbeit er góð í sumrum og eins á vetrum, þegar hagar eru og má í hverju meðalári hafi, á jörðinni 240 fjár fullorðins og 50 lömb; túnið fórðra í meðalári 4 kýr og svo sem 2 geldneyti ... Mótak er ekkert og torfrista mjög slæm ...“ Þessi lýsing hann er að okkar áliti rjett, þótt áhöfn á jörðinni hafi um nokkur ár verið til muna meiri með þeim hætti er að framangreindir, þá er það af svo sjer staklegum atvikum, að það verður að teljast undantekning frá reglunni.

[...]

Þá er hún fjórði galli, að landaveigir er, eins og fyrr er drepíð á, háð gífurlegum ágangi af skepnum annara manna, einkum hrossum og sauðfje, svo að mikið af hennar er eins og nokkurs konar afrjettur, er búandi á Gilsbakka hefir lítið eða ekki meira not af, en fjölda margir aðrir menn, en hann einn verður þó að sjá um smölun á henni að miklu leiti. Ágangur þessi stafar meðfram af því að jörðin liggur við afrjett, og verður honum ekki hrundið af sjer, nema með meiri kostnaði en svo að tilvinnandi sje.

[...]

Hlunnindi, sem jörðinni fylgja, eru

a, laxveiði í Kjarará (Örnofsdalsá, Þverá) sem greinir landamerki að norðan. Um hana segir svo í áður nefndri skýrslu sra Jóns Hjörtssonar: „Lax og silungsveiði er að mestu þrotin og hefur ekki svarað kostnaði nú í mörg ár, og getur því ekki að mínu áliti reiknast til inntektar, einkum þareð auðsjáanlegt er, að þetta veiðileysi muni framvegis viðhaldast.“ Og í fyr nefndri skýrslu srs Hjartar Jónssonar stendur um hlunnindi prestakallsins „Laxveiði heyrir hjer til í svo kallaðri Kjarará; er þangað mikið erfitt að sækja yfir langan og slæman veg. Þessi laxveiði fellur optas inn um hásláttinn, og þegar skemst er farið, fer til þess allur dagurinn með 2 mönnum og 3 hestum, en þegar lengra er farið, þarf til þess 2 daga með 3-4 mönnum duglegum. Þessi laxveiði sýndist vera lögst hjer frá, bæði vegna þaess að allir bæir, sem liggja með ánni hjer fyrir neðan allt þar til hún fellur í Hvítá (þá hún nefnist Þverá), gjöra ýtrustu tilraunir með veiðina og taka hvern lax þá áin er lítil“ Þannig lýsir hann veiðinni þegar 1839. Nú á tímum er þó viðleinin ekki minni á búendum niður með ánni allt til sjávar til að ná í laxin, En þekking á því og veiði áhöld miklu betri, En Gilsbakki á efsta hluta árinna. Veiði von þar uppfrá er því ekki meiri en svo, að okkur þykir ósennilegt að arður af því að

---

stunda veiðina hrykki fyrir öllum kostnaði við það, hvað þá hedlur meira, ekki sýst þegar litið er á, hve vinnu afl er dýrt, en laxi í lágu verði, er langt með hann frá Gilsbakka í kaupstað. Að þessu leiti getum við ekki talið hlunnindi þessi mikilsverð.

En núna um nokkur undanfarin ár hefur heppnast að leigja Englending alla Kjarará fyrir allmikið fje, og hefur Gilsbakki fengið því í sinn hlut 300 kr. á ári. Þau ár er veiðirjetturinn dýrmætur. Leigutímin við Englendingin er bráðum útrunn inn og ekki endurnýjaður samningur við hana, En samningur gjörðu við norskan mann fyrir 25 ár, Sá maður hefir samið um fleiri ár hjer í sýslu, borgað leiguna 1 ár og síðan sagt samningnum upp. En talið líklegt hann gjöri hið sama um Kjarará. Auk þess geta utanríkismenn rofið samninga og svikist um borgun ef þeir vilja hafa sig til þess, án þess að bændum hjer sje auðið á ná rjetti sínum gagnvart þeim vegna kostnaðar ofl.

Það er þannig komið undir atvikum og hepnri það og það árið, hvort búandi á Gilsbakka, eins og aðrir sem eins stendur á með, getur gjört sjer veiðirjettindi í Kjarará arðbenandi með þessum hætti : að leigja Útlendingum ána

Það er ekki vonlaust um það. En sú von er völt, ekki óhugsandi að það tekist við og bið, en nálega víst að þau árin verða mörg, líklega fleiri, en það hapnast ekki. Það er eptir þessari von nálega ein göngu sem meta verður hlunnindindi þessi laxveiðina, til peninga, og þykir okkur það vandasamsta atriðið í verki því, er okkur hefur hjer verið á hendur falið.

[...]

d, Einn hluti af Gilsbakkalandi svo nefndar Lambatungur hafa um nokkur ár verið leigðar fyrir 30 kr á ári. Samningi um það geta leiglendingar sagt upp 1910 og gjöra það að líkindum, af því að þeir hafa nýlega keypt annað heiðarland til viðbóta afrjetti sínum, þau hlunnindi falla þá burt.

[...]

Samkvæmt því sem að framan er ritað, er það álit okkar, að opt nefnd jörð Gilsbakki í Hvítársíðuhreppi, sje að meðtöldum óskertum veiðirjetti í Kjarará, eíns og hann er ákveðin í landamerkja skrá jarðarinanr frá 20 ágúst 1889, og með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns, öðrum en námum og öllu því er henni fylgir og fylgja ber, rjett metin til peninga verðs á.

5500 – fimm þúsund og fimm hunruð – kr.

Við höfum haft fyrir okkur landamerkjaskár Gilsbakka dags 20 ágúst 1889, þinglesna, og miðast mati okkar við landaeign þá sem liggur innan þeirra landamerkja, er skráð eru í fyrri hluta hennar, með veiðirjetti í Kjarará einsog hann er þar ákveðin.

[...] <sup>158</sup>

---

<sup>158</sup> Skjal nr. 2(50).



---

Þann 6. ágúst 1911 afsöluðu eigendur og ábúendur jarðanna Fljótstungu, Þorvaldsstaða, Hallkelsstaða og Kolsstaða sínum og eftirkomenda sinna, öllum rétti jarðanna í sameiginlegu afréttarlandi Þverárréttar upprekstrarfélags.<sup>159</sup>

Þann 15. apríl 1912 seldi Magnús Andrésson á Gilsbakka fjallandið Lambatungur. Kaupendur voru hreppsfélög Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa fyrir upprekstrarfélag Þverárréttar. Afsal var gefið út 15. maí 1913. Í kaupsamningnum koma fram merki hins selda lands ásamt skilmálum:

Að norðanverðu ræður merkjum Kjarará, Skjaldtjarnarkvísl, Skjaldtjarnartjörn, Kvíslavatnslækur, Urðhæðavatnslækur og Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur í vesturenda Úlfsvatns, og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnvötn, þá Grunnvötn til Lambár, og síðan Lambá þar til, er hún fellur saman við Kjarará. – Fjallland þetta sel jeg með þessum skilmálum:

1. Það er landið eitt, sem selt er að því leyti sem það verður notað til beitar eða heyskapar. En engar ár, lækir eða vötn, er að því liggja og enginn veiðirjettur eða hlunnindi er með í kaupunum. Öllu því heldur eigandi Gilsbakka óskertu jafnt eptir kaup þessi sem áður, og einnig rjetti til að nota landið svo mikið sem þarf á hvern hátt sem vera skal, til þess að geta hagnýtt sjer í fyllsta máta vötn þau, ár eða lækir er að landinu liggja, eða á því, veiði og önnur hlunnindi.
2. Með samningi dags. 21. júlí 1891 er fjallland þetta leigt til 100 ára hreppsfjelögum Reykholtshrepps og Hálsahrepps gegn 30 kr. leigu ár hvert, og verður þeim samningi ekki sagt upp af hálfu landsdrottins. Samningur sá stendur í fullu gildi þótt eigendaskipti verði og eignast kaupendur öll rjettindi, er hann veitir eiganda, enda leggjast á þá allar skyldur, er hann leggur eiganda á herðar gagnvart leiglendingum.

[...]

Gjört að Sámsstöðum 15. apríl 1912

Magnús Andrésson

Ólafur Erlendsson

Brandur Daníelsson<sup>160</sup>

Á manntalsþingi að Sámsstöðum þann 16. maí 1913 var lesið kaup- og afsalsbréf Magnúsar Andréssonar til upprekstrarfélags Þverárréttar, dags. 15. apríl og 15. maí 1913, fyrir afréttarlandinu Lambatungum:

Ár 1913, 16. maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Hvítársíðuhrepp sett og haldið á þingstaðnum Sámsstöðum [...]

---

<sup>159</sup> Skjal nr. 4(58).

<sup>160</sup> Skjöl nr. 4(57) og 4(101).

---

1. Var lesið kaup- og afsalsbréf Magnúsar prófasts Andréssonar, dags. 15. f. m. og 15. þ. m., fyrir afréttarlandinu Lambatungum til Þverárréttarupprekstrarfélags, kaupverð 800 kr.

[...]<sup>161</sup>

Í júní 1932 var gefið út afsal til Upprekstrarfélags Þverárréttar fyrir sölu þess hluta Hermundarstaða, sem liggur afréttarmegin við afréttargirðingu.<sup>162</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 segir meðal annars í kafla um hérað og heimalönd Mýrasýslu:

[...] Vatnaskil er varla hægt að greina sums staðar á Tvídægru og því ekki greinileg sýslumörk þar. Vart er sjáanlegt í hvora átt vatnstokkar eða kvíslar milli sumra vatnanna falla, svo er jafnlendið mikið. Frá Arnarvatnsheiði falla vötn til Miðfjarðar og Hvítársíðu, en frá Tvídægru til Miðfjarðar, Hrutafjarðar og Þverárhliðar, og vestast á heiðinni rennur Hellisá í Norðurá. Kvíslavötn eru á Tvídægru í hávestur frá Úlfsvatni, en spölur á milli. Fellur afrennsli þeirra í Kjarrá. [...] Holtavörðuheiði er þurrlandi, þótt blautlend sé á köflum. Á heiðinni ráða ekki vatnaskil sýslumörkum. [...]

Þótt heiðarnar borgfirzku séu grösugar, hefur verið lítið um að nýbýli væru þar reist, nú í mannaminnum, nema í selstöðum frá Síðumúla og Helgavatni. [...]<sup>163</sup>

Í sama riti segir í kafla um hlunnindi:

## 2. Veidivötn

Í Mýrasýslu eru veidivötn mörg. Heita má, að silungur sé í hverju vatni á Arnarvatnsheiði og Tvídægru, en þar er fjöldi vatna, eins og kunnugt er, þótt ekki séu hinar smærri tjarnir meðtaldar. Átti Gilsbakkakirkja að heita mátti alla silungsveiði á Tvídægru og Holtavörðuheiði allt vestur til Snjófjalla.<sup>164</sup>

[...]

Þá segir í sama riti í kafla um Hvítársíðu:

[...] Gilsbakki er mikil flutningsjörð, og er enn mjög víðlend, þótt allmikið heiðarland, Lambatungur, væru leigðar undan henni fyrir rúmri hálfri öld. Gilsbakkakirkja taldi sér silungsveiði í nær öllum vötnum Tvídægru, er til Borgarfjarðar teljast, og allt vestur um Holtavörðuheiði til Holtavörðuvatns, og fjaðra- og fuglatekju á þeim.<sup>165</sup>

[...]

---

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(243) a-b.

<sup>162</sup> Skjal nr. 4(59).

<sup>163</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 16-17.

<sup>164</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 35.

<sup>165</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 44.

---

Selfarir höfðu Síðumúlamenn og ýmsir fleiri Hvítsíðingar á Kjarrardal, og verður þess síðar getið. Skammt er úr Síðunni yfir Síðufjallið, en það gengur fram úr Lambatungum og er hæst um Eggjar upp frá Gilsbakka (428 m).

[...] <sup>166</sup>

Í sama riti í kafla um Þverárhlið:

[...] Heiðarvígasaga segir, að allir Síðumenn hafi átt selfarir á Kjarrardal. Jarðabók Árna Magnússonar telur upp sex bæi í Hvítársíðu, er selför eigi á Kjarrardal. Auk áðurnefndra selja fram frá Örnólfsdal þekkjast enn á Kjarrardal Sámsstaðasel, undan Sámsstaðahöfða; Bjarnarstaðasel, undan Bjarnarstaðahöfða, og Gilsbakkasel á Gilsbakkaeyrum, öll norðan Kjarrár. <sup>167</sup>

Þann 1. ágúst 1963 gerðu Magnús Kristjánsson oddviti í Norðtungu, fyrir hönd Upprekstrarfélags Þverárreittar, og Ólafur Eggertsson bóndi í Kvíum með sér leigusamning um beit fyrir búfé Upprekstrarfélags Þverárreittar á öllu því landi sem Kvíar eiga ofan afréttargirðingar. <sup>168</sup>

### 5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.3.1.1 Gilsbakki

Gilsbakkakirkju, er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200. <sup>169</sup>

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Gilsbakki sé prestssetur og að bújörðin sé metin á 1600 ríkisdali. <sup>170</sup>

Landamerkjabréf prestsetursins Gilsbakka var útbúið 20. ágúst 1889 og því var þinglýst 18. maí 1904:

Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland alt og Lambatungur. En það tvent skilur Lambá. Fyrir því er heimaland og Lambatungur tekið saman í eitt og eru þá ummerki Gilsbakkalands þau, er nú skal greina. Að vestanverðu ræður sjónhending úr Hvítá upp í Grástein og er klappað á hann l.m. þaðan hjer umbil sama stefna upp í Þrívörður á hliðarbrún hinni neðri. Stefna landamerkjalinunnar frá Hvítá um Grástein upp í Þrívörður er sú, að neðsta rót vestri ok axlar á Okfjallinu, Grásteinn og Þrívörður liggja alt í hjer um bil sömu línu og liggur því merkjalínan frá Þrívörðu niður í Hvítá til suðurs og nokkuð til austurs. Frá Þrívörðum beygist stefnan nokkuð austur á við í Einstökuvörðu eða öðru nafni Skaptavörðu. Hún stendur hjer um bil efst á Kotbrún. Frá Einstökuvörðu ræður sjónhending í Náttmálagil efst, þar sem það hefur upptök sín og þaðan í suðvesturenda Hvammsvatns. Þá ræður Hvammsvatn. Úr því fellur Silungalækur og ræður hann til Kjararár. Að

---

<sup>166</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 47.

<sup>167</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 51.

<sup>168</sup> Skjal nr. 4(63).

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(287).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2(89).

---

norðanverðu ræður Kjarará frá Silungalæk fram í Skjaldartjarnarkvísl og eftir þeirri kvísl í Skjaldartjörn. Frá henni ræður Kvíslavatnslækur í Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatn. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnvötn. Frá Grunnvötnum ræður Lambá ofan til Skammár, þá Skammá þangað sem hún fellur úr Hólmavatni. Frá Skammárósi við Hólmavatn ræður sjónhending í Heiðarstapa; þaðan sjónhending í Kaplastapa öðru nafni Kúastapa. Frá Skammárósi í Kaplastapa er aðalstefnan í suðvestur. Frá Kaplastapa liggur landamerkjalinan hjer um bil vestur í merkjavörðu sunnan til á Sleggjuás nokkuð austar en miðjum. Í stein í vörðunni er klappað 1m. Þaðan beygist merkjalínan til suðurs og lítið eitt til vesturs, og liggur fyrst í stóran stein vestarlega á Selhól, hjer um bil 76 faðma í útnorður frá klettabeltinu þar sem Selhóll er hæstur, og þaðan í sömu stefnu í upptök Mýrarlækjar fyrir sunnan hólinn, þar sem Selkelda bráðlækkar og dregst saman í einn læk. Sá lækur skiftist, er norðureftir (suður eftir) dregur í tvær kvíslir og liggur merkjalínan eftir vestri læknum niður í langa lág og niður eftir henni í suðlæga átt í Kolsstaðakvísl og yfir kvíslina Þverá og ræður sama stefna áfram í Litlafljót, sem eldra nafni heitir á því svæði Fótafljót. Því næst ræður sama fljót uppeftir fram á móts við Háahraun. Þá ræður sjónhending eftir háhrauninu í Norðlingafljót (Suðurfljót) gegnt Smiðjugili (eða Smiðjuásgili). Þaðan ræður Norðlingafljót eftir miðjum farvegi ofan til Hvítár, síðan Hvítá eftir miðjum farvegi allt ofan að Hraunárósi<sup>171</sup>, eða þangað sem landamerkjalinna liggur frá Hvítá upp í Grástein og Þrívörður, sem fyr segir. Nú sem stendur er það um eða nálægt Hraunárós, en hann er ekki ætíð á sama stað. Að Gilsbakkalandi liggja: Bjarnastaðaland frá Hraunárósi, eða Hvítá upp í Hvammsvatn Sámstaðaland frá Hvammsvatni að Kjarará Afrjettarland Hvítisíðinga o.fl. norðan megin Kjarrará og alt fram til austurenda Urðhæðavatns. Austanvegin tekur þá við afrjettarland Borgfirðinga til Arnarsteins að sunnan-verðu við Grunnvötn. Ekki nær Gilsbakkaland alveg að steini þeim. Frá Arnarsteini liggur að Gilsbakkalandi Þorvaldstaðaland að Skammá og alt vestur að Hallkelsstaðalandamerkjum; þá Hallkelsstaðaland að Heiðarstapa, þá Kolsstaðaland að Kaplastapa, Merkjavörðu Selhól og Litlafljóti. Þá Fljótstunguland frá Litlafljóti að Norðlingafljóti; þá Kalmannstunguland suðaustanmegin. Norðlingafljóts, þá Húsafellsland sunnan Hvítár og sömuleiðis Hraunsásand og Stóraásland. Kalmannstunga á annaðhvort ár beitir ítak í Kálfhólum frá Norðlingafljóti og Hvítá vestur að laut þeirri eða farvegi, er liggur frá Háahrauni gegnt Smiðjugili niður eftir Kálfhólum og Kálfhólarófu og keur út í Hvítá nokkrum (eitthvað nálægt 100 – 200) föðmum neðar, en móts við útfall Kaldár í Hvítá. Kalmannstunga, á beit þessa árið 1890, Gilsbakki 1891 og svo þannig áfram til skiftis. Engan skóg á Kalmannstunga á beitarsvæði þessu. Engir aðrir eiga ítak í Gilsbakkaland. Auk lands þess, er liggur innan framanskráðra landamerkja á Gilsbakkakirkja:

---

<sup>171</sup> Leiðrétt hér sbr. leiðréttingu í frumriti.

- 
1. Gjörvalla laxveiði og silungaveiði í Kjarará yfir Þverá á, jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem við þarf til þess, að nota laxveiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakki samveiði við Sámstaði niður að gróf einni nokkur hundruð faðma fyrir neðan lækinn (Silungalæk), en skammt fyrir framan Háumela.
  2. Selfarrjett fyrir norðan Kjarará á svæði því, er heitir Gilsbakkasel.
  3. Alla veiði í vötnum þeim, er Kjarará rennur úr og einni í Lambá, Króksvatnsá Gunnuvötnum, Gásatjörnum og öllum vötnum vestur þaðan, Kvíslavötnum, Reyðartjörn og öllum þeim tjörnum, er þangað falla lækir úr.
  4. Laxveiði alla í Glennunarfossi (Glanna) í Norðurá.
  5. Hálf veiði í Úlfsvatni, Langá, Skammá, Úlfvatnsá, Flóðlæk og Austurlæk.
  6. Skóg í Húsafellshrauni milli Hvítár og Kaldár upp til hagagarðs: En skógi þeim, er Gilsbakkakirkja samkvæmt máldögum á fyrir ofan Hagagarð, er sleppt gegn því, að frá Húsafellshálfa, er aftur sleppt allri kröfu til hlutdeildar í Gilsbakkaveiðum.
  7. Hvalreka allan á Borðeyri, hálfan hvalreka að Kollá í Strandasýslu, og tólf vættir í tvítugum hval eða meira á Heggstöðum á Miðfjarðarnesi.
  8. Silungsveiði og Álftaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja víðsvegar um heiðar innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í máldögum. Um það segir Vilchins máldagi svo: (Gilsbakkakirkja á) „ Álptveiði alla fyrir vestan Gnúpdækagötu til Hvannstöðs hins mikla, sjónhending frá stóðinu og flóa hins eystra ein tjörn nroður frá austur flóa vesturflói nostast [svo] [norðast] álptveiði á flóa hvorumtveggja og fiskveiði. Öll vötn fyrir sunnan á þá, er fellur úr vesturflóa og ofan í brattagil, frá brattagili með hrútafjarðardal til norðurárdals með norðurárdal fyrir sunnan til dögurðaráreyjar og Gíslavatn neðast fyrir sunnan norðurárdal tjarnir allar í hellisdal þverárvötn og tjarnir allar í lambadal laxveiði í Glennunarfossi í Norðurá og álptaveiði á breiðavatni, holtavörðuvatn og reipavatn á hrútafjarðarheiði og hvorirtveggju álptveiði – Gíslamáldagi telur Gíslavötn. Að öðru leyti er hann samhljóða Vilchinsmáldaga.<sup>172</sup>

Magnús Andrjesson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Tómassyni oddvita Stafholtstungnahrepps og Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhlíðarhrepps vegna Þverárréttarafréttarlands, Nikulás Gíslasyni fyrir Hálsahrepp og Reykholtdalshrepp, Guðmundi Guðmundssyni vegna Sámstaða, Stefáni Ólafssyni vegna Kalmannstungu, Þorbirni Sveinbjarnarsyni og Einari Magnússyni oddvita Reykholtdalshrepps vegna afréttarlands Borgfirðinga, Jóni Pálssyni vegna Fljótstungu, Benjamín Jónssyni vegna Hallkelsstaði, Jóhannesi

---

<sup>172</sup> Skjal nr. 2(86).

---

Benjamínssyni, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti vegna Hraunáss og Jóni Magnússyni vegna Stóraáss og Þorvaldsstaðalanda.

Í jarðalýsingu á Gilsbakka frá 18. nóvember 1908, sem gerð var í tilefni af sölu ríkisins á jörðinni, segir eftirfarandi:

Hinn 13 dag nóvember mán árið 1908 vorum við undirritaðir Ingólfur hreppstjóri Guðmundsson á Breiðabólstað og Jón Pálsson bóndi í Fljótatungu staddir á Gilsbakka í Hvítasíðuhreppi í Mýrasýslu, til þess að lýsa jörð þeirri og meta hana til peningaverðs samkvæmt lögum 16 nóv 1907 um sölu kirkju jarða. Til þess verks vorum við dómkvaddir með bréfi sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu 7. þ.m.

Lýsing.

Tún jarðarinnar Gilsbakki liggur hátt og er harðlent; Síðan núverandi ábúandi, sra Magnús Andrejesson, kom þangað, hefir allmikið verið sljetttað í því; En þó er nál. helmingur þess enn þýfður. Í góðri rækt er það. Árin 1905-1908 insl. hefur það gefið af sjer að meðaltali nál 250 hesta ár hver, eða um 10 hesta af dagsláttu, því að stærð þess er hjerumbil 25 vallardagsláttur. Það er ógirt.

Landajörðin utantúns afar mikið; sumt af því er skógi vaxið hraun eða annað skóglendi, sumt mýrlendi og grösugir fjallaflóar illir yfirferðar, sumt gróðurlítið hraun eða grjótholt, sumt vallendiskendar eyrar. Yfir höfuð er það víðast ágæti beutiland í sjálfu sér, en er háð stórkostalegum skepnum ágangi af afrjettarfjenaði og úr öllum áttum og nýtað sín því ekki til falls. Að vísu leggur mikin hluta þess undir snjó á haustin, en á dálitlum parti þess er hagasamt á veturnum og fyrir hæfilega margan fjenað má vetrar beit teljast góð.

Eiginlegt engi á jörðin ekki, og áður en núverandi ábúandi kom að henni, var talin frágangsök að heyja þar utantúns nema lítið eitt. En með ákeflega miklum og góðum fólks afla hefur á seinni árum tekist að ná þar upp yfir 900 hestum af útheysi með því að slá hingað og þangað innan um beiti landið, þar á meðal á blautum fjalla flóum og er vegur þangað mjög langur, ógreiður og erfiður, og ekki hent þangað að sækja nema völdu fólki og með fjölda hesta, hefur því víst lengst af þótt ógjörningur og varla svara kostnaði. Með því að leita uppi svo að segja hvern blett, sem nokkur tiltök/eru að slá á hina viðáttu mikla landi jarðarinnar, hversu langt á á hann er, og hverja veglegin sem yfir er að fara, mundu jafnvel 7-8 karlmenn og jafn margir kvennmenn geta gengið þar að heyvinnu í 8 vikur á sumri áður en allt væri uppunnið, og með því móti mætti í hverju meðalári framfleyta miklum fjenaði: 4 kúm 1 veturg 1 kálfi allt að 30 hrossum 400-500 sauðfjár. En þar sem mikið af slíkum bithey skap verður að reiða votaband afar langan og vandra veg og útheimtir auk fólks fjöldans fjölda hest og mikin útbúnað annan, mun þar vera í meiralagi vafa samt, hvert hann svarar kostnaði, enda ekki gjörandi ráð fyrir þeim ábúanda jafnaðarlega, er ekki slíkur. Matjurtagarðinn 200 ½ faðma hefir síra Magnús Andrejesson gjört fyrir fáum árum síðan.

---

Í skýrslu, sem merkispresturinn síra Hjörtur Jónsson á Gilsbakka sendi biskupi 4 júní 1839. yfir tekjur prestakallsins, segir svo: „Jörðin með sínum ínytjum er mikið erfið, og fólksfrek túnin fjarska stór, en snögg og harðlend. Útheyskapur sárlítill, erfiður og reitingssamur ...“ Og í samskonar skýrslu dags. 20. marz 1878 kemst sonur hans sra Jón Hjörtsson, sem ólst upp á Gilsbakka og dvaldi þar mestan hluta æfinnar og var því allar manna kunnugastur þar, svo að orði, „Prestsetrið er erfitt og fólksfrekt, tún mjög stór og þýfð, liggja hátt og harðlent; Útheyskapur erfiður og reitingssamur og snöggur. Fjárbeit er góð í sumrum og eins á vetrum, þegar hagar eru og má í hverju meðalári hafi, á jörðinni 240 fjár fullorðins og 50 lömb; túnið fórðra í meðalári 4 kýr og svo sem 2 geldneyti ... Mótak er ekkert og torfrista mjög slæm ...“ Þessi lýsing hann er að okkar áliti rjett, þótt áhöfn á jörðinni hafi um nokkur ár verið til muna meiri með þeim hætti er að framangreindir, þá er það af svo sjer staklegum atvikum, að það verður að teljast undantekning frá reglunni.

Helztu gallar eða ókostir við jörð þessa eru: í fyrsta lagi erfiðleiki við smölun og fjárgeymsla. Landareignin er eigi aðeins geysistór, heldur og þannig löguð með lautum, gjám, hraunskorpum, skórarunnum o s frv., að allt sem að smölun lýtur, er þeim ördugleikum bundið að ókunnugir geta treglega gjört sjer ljósa hugmund um, Annar galli er sá, að hættur eru þar miklar fyrir fje, að það fenni eða fari í hraungjár eða jarðföll, eða ár. Á hverju ári verður meira eða minna tjón af því. Í nóvember 1900 fórust t.d. 30 kindur í fönn og í okt. 1907 líklega um 60 kindur á sama hátt. Jafnvel hross hafa farist í hraunsprungum og jarðföllum. Niður með túninu að vestan gengu gljúfur og annað litla vestar samhliða hinu. Í þeim báðum renna smá ár, er falla saman og síðan suður í Hvítá. Yfir „gil“ þessu verður að sækja hversdagslega. En þau verða þráfaldlega á vetrum ill og hættuleg, yfir ferðar. Og í annað þeirra fór sauðasmalinn 26 marz f.á. á leið til beitarhúsa. Gil þessi eru illa anmarki og eru þau hina þriðji galli við jörðina. Þá er hún fjórði galli, að landaveigir er, eins og fyrr er drepíð á, háð gifurlegum ágangi af skepnum annara manna, einkum hrossum og sauðfje, svo að mikið af hennar er eins og nokkurs konar afrjettur, er búandi á Gilsbakka hefir lítið eða ekki meira not af, en fjölda margir aðrir menn, en hann einn verður þó að sjá um smölun á henni að miklu leiti. Ágangur þessi stafar meðfram af því að jörðin liggur við afrjett, og verður honum ekki hrundið af sjer, nema með meiri kostnaði en svo að tilvinnandi sje. Mótak hefur jörðin ekki. Hitt er þó eptir atvikum bagalegra, að sama má næstum segja torfrista. Hún hefur alltaf slæm verið, en er nútalin svo að segja þrotin. Fremur er erfitt til aðdrátta. Lestaferð til næsta kaupsins (Borgarnes) tekur um sumar fulla 3 daga, auk undirbúnings. Enn verður það og að teljast til annmarka, að saufje týni árlega svo mjög ull í skóginum, að það er til mikils tjóns.

Hlunnindi, sem jörðinni fylgja, eru

---

a, laxveiði í Kjarará (Örnofsdalsá, Þverá) sem greinir landamerki að norðan. Um hana segir svo í áður nefndri skýrslu sra Jóns Hjörtssonar: „Lax og silungsveiði er að mestu þrotin og hefur ekki svarað kostnaði nú í mörg ár, og getur því ekki að mínu áliti reiknast til inntektar, einkum þaræð auðsjáanlegt er, að þetta veiðileysi muni framvegis viðhaldast.“ Og í fyr nefndri skýrslu sr. Hjartar Jónssonar stendur um hlunnindi prestakallsins „Laxveiði heyrir hjer til í svo kallaðri Kjarará; er þangað mikið erfitt að sækja yfir langan og slæman veg. Þessi laxveiði fellur optas inn um hásláttinn, og þegar skemst er farið, fer til þess allur dagurinn með 2 mönnum og 3 hestum, en þegar lengra er farið, þarf til þess 2 daga með 3-4 mönnum duglegum. Þessi laxveiði sýndist vera lögst hjer frá, bæði vegna þaess að allir bæir, sem liggja með ánni hjer fyrir neðan allt þar til hún fellur í Hvítá (þá hún nefnist Þverá), gjöra ýtrustu tilraunir með veiðina og taka hvern lax þá áin er lítil“ Þannig lýsir hann veiðinni þegar 1839. Nú á tímum er þó viðleinin ekki minni á búendum niður með ánni allt til sjávar til að ná í laxin, En þekking á því og veiði áhöld miklu betri, En Gilsbakki á efsta hluta árinna. Veiði von þar uppfrá er því ekki meiri en svo, að okkur þykir ósennilegt að arður af því að stunda veiðina hrykki fyrir öllum kostnaði við það, hvað þá hedlur meira, ekki sýst þegar lítið er á, hve vinnu afl er dýrt, en laxi í lágu verði, er langt með hann frá Gilsbakka í kaupstað. Að þessu leiti getum við ekki talið hlunnindi þessi mikilsverð.

En núna um nokkur undanfarin ár hefur heppnast að leigja Englending alla Kjarará fyrir allmikið fje, og hefur Gilsbakki fengið því í sinn hlut 300 kr. á ári. Þau ár er veiðirjetturinn dýrmætur. Leigutímin við Englendingin er bráðum útrunn inn og ekki endurnýjaður samningur við hana, En samningur gjörðu við norskan mann fyrir 25 ár, Sá maður hefir samið um fleiri ár hjer í sýslu, borgað leiguna 1 ár og síðan sagt samningnum upp. En talið líklegt hann gjöri hið sama um Kjarará. Auk þess geta utanríkismenn rofið samninga og svikist um borgun ef þeir vilja hafa sig til þess, án þess að bændum hjer sje auðið á ná rjetti sínum gagnvart þeim vegna kostnaðar ofl.

Það er þannig komið undir atvikum og hepni það og það árið, hvort búandi á Gilsbakka, eins og aðrir sem eins stendur á með, getur gjört sjer veiðirjettindi í Kjarará arðbenandi með þessum hætti : að leigja Útlendingum ána

Það er ekki vonlaust um það. En sú von er völt, ekki óhugsandi að það tekist við og bið, en nálega víst að þau árin verða mörg, líklega fleiri, en það hapnast ekki. Það er eptir þessari von nálega ein göngu sem meta verður hlunnindi þessi laxveiðina, til peninga, og þykir okkur það vandasamsta atriðið í verki því, er okkur hefur hjer verið á hendur falið.

b, Silungsveiði á haustum í Hvítá og lækjum er í hana renna nálægt 1 tíma gang frá bænum, fengist mest í yfir 20 ár eitthvað um 400 silungar eitthvert, varla 1 að hver, en til jafnar á ári ekki yfir 200 silungar, alls nálægt 20 kr viðir brútt og borgar varla net og fyrirhöfn, ítak þess á Gilsbakka silungsveiði í vötnum uppá heiðum sem ábúandi hfur aldrei þótt til vinnandi að nota.



---

c, Skógur er mikill og í vexti aðal gang af honum er – auk fegurðar og þrýð – að í honum er trygging fyrir nægu eldsneiti og að sauðatað má því nota til áburðar að miklum mun, sum ár hefur viður úr skóginum verið seldur fyrir eitthvað lítilræði: Aptur veldur hana miklu uallartjóni og erfiðleikum við smölun, sem fyr er sagt.

d, Einn hluti af Gilsbakkalandi svo nefndar Lambatungur hafa um nokkur ár verið leigðar fyrir 30 kr á ári. Samningi um það geta leiglendingar sagt upp 1910 og gjöra það að líkindum, af því að þeir hafa nýlega keypt annað heiðarland til viðbóta aftrjetti sínum, þau hlunnindi falla þá burt.

Kúgildi eru 2 kýr og 18 ær, alls 5 kúgildi (sbr. stiptsyfirvalda bréf dag 16 maí 1883)

Samkvæmt brefi stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi dags 25 feb. 1884 eru jarðarhús á Gilsbakka nú þessi: baðstofa 13 ¾ al x 6 1/8 al, eldhús 5 al 17" x 5 1/6 al. Kjallari 7 aln 9" x 4 ¾ í göng, bæjardyr 8 2/3 al x 5 1/6 al: tvær litlar skemmur (torfhús) smíðja; fjós með 6 básum, hesthús yfir 10 hross; fjár hús yfir 24 sauðkimdur, heygarður – tvö mjó hey stæði; brumhús

Jörðin Gilsbakka er að dýrleika 48,1 hundruð n.m. þar eð hún hefur verið prestsetur um margar aldir, hefur hún ekki beinlínis borið bygð með tilteknum leigumála. En við hvert nýtt brauðamat hefur hún af þar til kvöddum mönnum verið metin til leygumála, seinast 1898, samkvæmt því mati er leigu málinn:

a, Leigur eptir 5 kúgildi 100 að smjörs, eptir síðustu 10 ára verðlagskrár verði á gjalddaga leigna árin 1898/99-1907/1908 á 58,3 a 58,30

b, Landskuldir „með hæfilegu tilliti laxveiðinnar“

200 alin, er borgist þannig:

aa, í fríðu 100 áln á 68,7 aura eptir

seinustu 10 ára meðalverði á gjalddaga landskulda (1899/00.1908/09) 70,20]

bb, 100 aln eptir meðalverði allra meðalverða seinastu sömu 10 árin 1899/00-1980/1909 á 57,6 aur 57,60 127,80

Eptir síðustu 10 ára verðlagskrónu er allt eptir gjaldið kr. 186,10

ár hvert. Ef sú upphæð er samkvæmt fyrnefndum lögum um sölu kirkju jarða skoðuð sem 4% renta af höfuð stól, þá er hann 4652 kr 50 aur, sem þá ætti að vera söluverð jarðarinnar, ítekið 1867 var leigumálin metin 88 <sup>rd</sup> 72 kr.= kr 177,50

Að vísu segja matsmennirnir 1898 - og einn þeirri hafði sjálfur verið búið á Gilsbakka – að þeir meti eptirgjaldið „með hæfilegu tilliti til laxaveiðinnar“ En þótt vonin um að geta leigt hana sje, eins og að framan er sagt, mjög völt og óviss, þá finnst okkur heldur of lítið tilliti haft til hennar ef leigumálin er ekki talin hærri en nú var sagt. Óneitanlega er og miklum vankvæðum bundið að búa á þessum tímum á mjög stórri og erfviðri jörð, eins og Gilsbakkin er

---

Þæg nú þegar vinnuafli er svo dýrt og torfengið, En þrátt fyrir þetta hvortveggja álitum við að eptir gjaldið eptir jörðina mætti vera nokkuð hærra en það sem nú að framan er talið, Að ætlun okkar er hún hæfilega leigð fyrir alls 220 kr á ári, sem með 4% svarar til 5500 – kr höfuðstóls. Ef jörðin verður privateign, missir hún tíundarfrelsi til prests og kirkju og menn það árlega 28,86 ál eða nálægt 17-18 kr.

Samkvæmt því sem að framan er ritað, er það álit okkar, að opt nefnd jörð Gilsbakki í Hvítársíðuhreppi, sje að meðtöldum óskertum veiðirjetti í Kjarará, eíns og hann er ákveðin í landamerkja skrá jarðarinanr frá 20 ágúst 1889, og með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns, öðrum en námum og öllu því er henni fylgir og fylgja ber, rjett metin til peninga verðs á.

5500 – fimm þúsund og fimm hunruð – kr.

Við höfum haft fyrir okkur landamerkjaskár Gilsbakka dags 20 ágúst 1889, þinglesna, og miðast mati okkar við landaéign þá sem liggur innan þeirra landamerkja, er skráð eru í fyrri hluta hennar, með veiðirjetti í Kjarará einsog hann er þar ákveðin, Allssem seinna er talið í landmerkjaskránni, er, að svo miklu leiti sem það liggur utan þeirra ummerkja, ítök er Gilsbakka kirkja á í annara manna lönd, svo sem hvalreki á Kollá og Borðeyri í Strandasýslu ofl. og teljum við okkur óviðkomandi að meta þau, enda er ekki beiðst kaups á þeim. Landamerkjaskráin fylgir í staðfestu eptirriti.

Á Gilsbakka er kirkja (nú ný bygð upp frá grunni) umsjón og viðhald hennar hvílir á hlutaðeigandi sóknarpresti. Sú kvöð hvílir á jörðinni, að hafa kirkjuna og átroðning, er af því leiðir. Að sjálfsögðu verður hún ekk með í kaupinu þótt jörðin verði seld, og er því ekki talin með í þessari matsgjörð.

Pt Gilsbakka 13. nóvembr 1908,

Ingólfur Guðmundsson Jón Pálsson<sup>173</sup>

Ráðherra Íslands seldi og afsalaði séra Magnúsi Andréssyni ábýlisjörð hans, Gilsbakka, þann 18. maí 1909. Ekki er getið um merki í bréfinu en segir að í kaupunum sé einnig falin kirkjan á staðnum ásamt öllum eignum og skyldum án nokkurs álags. Var skjalið lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 19. maí 1910.<sup>174</sup>

Á manntalsþingi að Sámsstöðum þann 19. maí 1910 var upplesið: „d. Afsalsbréf útgefið 18. maí f. á. af ráðherra Íslands til séra Magnúsar Andréssonar fyrir jörðinni Gilsbakka, kaupverð 5.500kr.“ Inntaks bréfs var ekki getið.<sup>175</sup>

---

<sup>173</sup> Skjal nr. 2(50).

<sup>174</sup> Skjal nr. 6(4).

<sup>175</sup> Skjal nr. 2(244).

---

## Sámsstaðir

Landamerkjabréf Sámsstaða á Hvítársíðu var útbúið 1. maí 1890 og því var þinglýst 24. maí 1897:

Að vestanverðu ræður Teigsá frá Hvítá upp í vestara Háafellsvatn. Þaðan liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará; svo ræður [Kjarará] <sup>176</sup>upp að Silungalæk, svo Silungalækur suður í Hvammsvatn. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan í vestur, og liggur vestur há Draga, sem vatnsföll deila, vestur í stóran stein, vestan til á Selsandinum. Steinninn er merktur LM. Frá steini þessum liggja merkin í há suður, ofan í miðjan Merkjahvamm við Hvítá. Svo ræður Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Teigsá. Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámsstöðum frá 1398, er talið, að Sámsstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámsstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará. Selland þetta er með þessum merkjum. Að vestanverðu ræður Merkgil (vestasta Rangagil) upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará. Auk lands þess sem liggur innan þessara merkja, eiga Sámsstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkgili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá Þverlæk niður að Merkgili. Svo eiga Sámsstaðir líka samkv. fyrnefndu kaupbrjefi Torfskurð yfir í Signýjarstaða-nesi og tveggja torfhrossa beit. Þessar jarðir eiga lönd að, Sámsstaðalandi [Háafell að vestanverðu, frá Hvítá upp í] Háafellsvatn, og norðan að því, austur fyrir fremra Háafellsvatni. Þá Síðumúlaland, frá Háafellslandi austur að Kjarará, þar sem Þverlækur fellur í hana. Þá liggur norðan að Sámsstaðalandi afrjettarlandi (þar í Sámsstaðaselland), austur á móti Silungalæk. Þá tekur við fyrir sunnan Kjarrará Gilsbakkaland, og liggur austan að Sámsstaðalandi suður í Hvammsvatn, og sunnan að því, vestur fyrir vestri endann á Hvammsvatni. Og svo Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms og Haukagilslönd, sem öll liggja sunnan að Sámsstaðalandi, á svæðinu frá Hvammsvatni vestur að fyrnefndum merkjasteini vestan til á Selsandinum. Þá er Haukagilsland austan að því, niður í Hvítá. En fyrir sunnan Hvítá liggja Refsstaða, Hofstaða og Signýjarstaðalönd, sunnað að Sámsstaðalandi.<sup>177</sup>

Guðmundur Guðmundsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Andrjessyni sóknarpresti á Gilsbakka, vegna prestsetursins Gilsbakka og

---

<sup>176</sup> Innskot ofan línu.

<sup>177</sup> Skjal nr. 2(18).

---

kirkjujarðanna Bjarnastaða og Kirkjubóls, og sem hreppsnefndaroddviti samþykkti hann einnig fyrir hið sameiginlega Þverárrettarupprekstrarland og gildi undirskrift hans einnig fyrir oddvita hinna þriggja hreppanna í uppreksrarfélaginu samkvæmt ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890. Bréfið var einnig samþykkt af Eyjólfvi Jóhannssyni ábúanda að Hvammi, J. Jónssyni eiganda Haukagils, Þiðriki Þorsteinssyni eiganda og ábúanda Háafells, Brandi Daníelssyni, Runólfi Þórðarsyni ábúanda á hálfum Síðumúla en hann samþykkti einnig fyrir hönd Bjarna Jónssonar sem átti hálfu jörðina, Guðmundi Helgasyni fyrir hönd Reykholtskirkju og Guðna Ísleifssyni ábúanda Signýjarstaða.

### 5.3.1.2 Sámsstaðaselland

Sjá kafla 5.5.

### 5.3.1.3 Kvíar

Landamerkjabréf Kvía í Þverárhlíðarhreppi var útbúið 5. maí 1890 og því var þinglýst tólf dögum síðar:

Landamerkjaskrá fyrir Kvíum [og Kvíakoti (sic)] í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu.

Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnsstekk) frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina. -

Gagnvart Örnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir háсандinum fyrir [sunnan]<sup>178</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótslandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.<sup>179</sup>

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía og Eggert Sigurðsson samkvæmt umboði eiganda Kvíakots skrifuðu undir landamerkjabréfið. Eftirfarandi aðilar samþykktu landamerkin vegna afréttarlands Þverárrettar: Gísli Einarsson oddviti Norðurárdalshrepps, Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Magnús

---

<sup>178</sup> Innskot ofan línu.

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(16).

---

Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi og Jón Tómasson oddviti í Stafholtstunguhreppi. Bréfið var einnig samþykkt af Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Þorsteini Hjálmsyni í umboði eiganda Norðurtungu, Jóhannesi Elíassyni eiganda hálfis Lundar, Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra og Sigmundarstaða, Sigurði Þorbjörnssyni eiganda hálfis Helgavatns, Þórunni Þorbjörnsdóttur eiganda hins helmings jarðarinnar og hálfis Lundar og Þorsteini Davíðssyni umboðsmanni Odds Þórleifssonar í Dagverðarnesi eiganda Grjóts. Þorsteinn skráði:

jeg [er] undirskrifaður samþykkur framanskriðuðum landamerkjum, og hlýtur þá samkvæmt því að breytast landamerkjalyking fyrir Grjóti, dags. 24. okt. 1884 og þinglesin 18. maí 1885, að því leyti sem hinn forni árfarvegurþar er látinn ráða merkjum kringum hólmann gagnvart Helgavatnsnesi.

#### **5.3.1.4 Helgavatnsselland**

Sjá nánar kafla 5.4

#### **5.3.1.5 Krókur**

Landamerkjabréf Króks í Norðurárdal var útbúið 10. júlí 1923 og því var þinglýst 2. júlí 1924:

Milli Króks og Sveinatungu eftir Norðurá, frá Snagafit að Hellisá; milli Króks og Þverárrjettarfrjettar, eftir Hellisás að Hellisgili, og síðan eftir Hellisgili og sjónhending úr Hellisgildragi í háapúfu á Sýrdalsborg. Milli Hermundarstaða og Króks, sjónhending úr háu þúfu á Sýrdalsborg og vestur yfir norðurenda Sýrdalsvatna og þaðan sjónhending vestur á vörðu á einum af svo kölluðum Gíslaklettum og þaðan sjónhending í vörðu á holtinu austur af Fiskivatni, og þaðan sjónhending yfir nyrðsta krikan á Fiskivatni í skarðið sem er norðaustur af Básabrekku. Milli Króks og Háreksstaða úr norðvesturkrika Fiskivatns (eða úr Lómavík) og sjónhending norðvestur í vörðu á Merkjaborg (Háreksstaðaborg) síðan úr vörðunni á merkjaborg sjónhending í stóra stein á Snagafit við Norðurá. Fyrir Króksengi á Desey ræður merkjum Norðurá að sunnanverðu, svo á milli Hólsengis og Króksengis ræður garðlag með gaddavírgirðingu, og milli Hvammsengis eftir miðri Krókskeldu sem vírgirðing ræður og milli Deseyjarengis suður í Norðurá eftir garðlagi með vírgirðingu.<sup>180</sup>

Brynjólfur Bjarnason eigandi Króks skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðjóni Jónssyni fyrir Hermundarstaði, Guðl. Hindrikssyni fyrir Sveinatungu, Helga Þórðarsyni eiganda Háreksstaða fyrir þá jörð og Davíð Þorsteinssyni oddvita Þverárhliðarhreypps fyrir Þverárafrétt. Eftirfarandi aðilar samþykktu merkin fyrir Króksengi á Desey: Gestur Halldórsson á Hóli samþykkti

---

<sup>180</sup> Skjal nr. 2(15).

---

fyrir Hólsengi, Sverrir Gíslason á Hvammi samþykkti fyrir Hvammsengi og Hákon Jónson í Deseý samþykkti fyrir Deseýjarengi.

### 5.3.1.6 Sveinatunga

Landamerkjabréf Sveinatungu var útbúið 28. desember 1886 og því þinglýst 18. maí 1887:

Eins sem Sanddalsá ræður frá Norðurá að Stekkjargili; Stekkjargil ræður í Stakkatjörn. Við Stakkatjörn hefst bein merkjalína (samkæmt uppsettum merkjum) er liggurvestan til við Selveituvatn í Lambagilstjörn og þaðan beint í vörðu, sem stendur norðvestan til við Lambagilsbotna. Þá byrjar önnur merkjalína hjerumbil hornrjett við hina fyrnefndu sem liggur norðantil við miðja Jötnagarða eða eftir beinni sjónhendu í Hvassá, svo ræður Hvassá merkjum að Norðurá en Norðurá þar til í hana fellur Sanddalsá. Jörðin Sveinatunga á frítt upprekstrarland á Stafholtstungnamanna afrjetti.<sup>181</sup>

Jón Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jakobi Guðmundssyni eiganda Sauðafellsafréttar og D. Bjarnasyni fyrir hönd Gestsstaða.

### 5.3.1.7 Hlíðarland

Hlíðarland var áður hluti jarðarinnar Sveinatungu og er merkjum þess lýst sem hluta af Sveinatungu í landamerkjabréfi Sveinatungu frá 28. desember 1886.

Sjá nánar kafla 5.3.1.7 um Sveinatungu.

### 5.3.1.8 Fornihvammur

Landamerkjabréf Fornahvamms er dagsett 21. janúar 1889 og var því þinglýst þann 20. maí 1890. Þar segir:

Landamerkjaskrá fyrir Fornahvammi í Norðurárdalshreppi innan Mýrasýslu.

Frá Norðurá ræður Hvassá landamærum norður í vestara Kambshorn; úr vestara Kambshorni norður háfjallakamb í Sandkvísl. Svo ræður Sandkvísl ofan í Holtavörðuvatnsós. Þaðan Norðurá þangað til Hvassá fellur í hana.<sup>182</sup>

Landamerkjabréfið er samþykkt af vegna Hvammskirkju, Mela í Borgarhreppi í Strandasýlu, Sauðafells í Miðdölum í Dalasýslu, Sauðafellsafréttar, Sanddalstungu og Sveinatungu. Einnig rituðu undir bréfið oddvitar Norðurárdalshrepps og Þverárhlíðarhrepps vegna Þverárréttar afréttarlanda og oddvitar Hvítársíðuhrepps og Stafholtstungnahrepps vegna Þverárréttarupprekstrarlands.

Landamerkjabréf Fornahvamms var samþykkt 12. júlí 1923 og því þinglýst 2. júlí 1924:

Landamerki fyrir Fornahvammi í Norðurárdal eru að vestanverðu, milli Fornahvamms og Sveinatungu; ræður Hvassá frá Norðurá og upp Hvassárdal á Innraleyti, svo á milli Fornahvamms og Þverárrjettar upprekstur,

---

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(22).

<sup>182</sup> Skjal nr. 2(51).

---

sjónhending úr Hvassá hjá innraleyti í Fellskamb í Snjófjöllum og síðan sem snjófjöll ráða austur á austur Kambshorn og þaðan í efra Búrfell, eftir svokölluðu Stórholti suður í svo kallaðan Krók á Norðurá skamt fyrir neðan efri Búrfellsá og síðan sem Norðurá ræður ofan að Hvassá

Samþykkir ofanskráðu erum við undirritaðir.

Fornahvammi 12. júlí 1923

fyrir Fornahvamm Guðmundur Gíslason ábúandi og eigandi

fyrir Sveinatungu Guðl. Hindriksson

fyrir Þverárrjettarafrjett Davíð Þorsteinsson oddviti Þverárhlíðarhrepps.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 2/7 1924.<sup>183</sup>

### 5.3.1.9 Melar

Landamerkjabréf Mela í Bæjarhreppi var útbúið 4. mars 1890 og þinglesið 19. júní sama ár:

Að austan verðu [verðu ofan línu] ræður merkjum sjónhend Ur vörðu, sem stendur á móabardi í Langhólma, suður í Hrútafjarðará. Þaðan ræður Hrútafjarðará alla leið þar til Skútagilskvísl rennur í hana.

Að sunnanverðu. Sjónhending úr Skútagili vestur í Reipagilsborg og svo vestur eftir hæðunum í Hæðastein. Þaðan yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni, svo ræður það gil upp undir fjöll og efst úr því í Snjófjallakamb hinn eystri og þaðan sömu sjónhending upp á hinn hæsta Snjófjallahrygg.

Að Vestanverðu. norður eftir fyrrnefndum hrygg norður yfir Tröllakirkju og svo norður yfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum hallar til þeirra beggja. Þaðan yfir Klambrafell þvert í Haukadalsskarð, þar sem holt eru hæst milli Ormsár að austan [að austan ofan línu] en Rjettargils að vestanverðu, þaðan beint uppá hæst Geldingafell og svo ræður hæsti [hæsti ofan línu] hryggur þess norður á Rjúpnafell, þaðan sjónhending á hæst Lambafell.

Að norðanverðu: af Lambafelli sjónhending æi Selá, þar sem byrja melhryggir, sem að henni liggja fyrir norðan Seláreyrar, þaðan ræður Selá ofan á móts við Arnarstapa og þaðan sjónhending í fyrstnefnda vörðu.<sup>184</sup>

Landamerkjabréfið er samþykkt af hálfu Fornahvamms, Mela, Þverárhlíðarhrepps, Norðurárdalshrepps, Stafholtstungna, Hvítársíðuhrepps, Fjarðarhorns og Fögrubrekku.

---

<sup>183</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>184</sup> Skjal nr. 2(6).

---

### 5.3.1.10 Óspaksstaðir

Landamerkjabréf Óspaksstaða var útbúið 5. júní 1890 og þinglesið degi síðar. Í því segir um suðurmörk jarðarinnar:

„ ... beina sjónhending vestanvert í svo nefnt Tangavatn, þar sem Skútakvísl rennur úr fyr nefndu vatni. 3) Að sunnanverðu ræður Skútakvísl og Skútagil vestur í Hrútafjarðará ... “<sup>185</sup>

### 5.3.1.11 Húksheiði

Ekki er til landamerkjabréf fyrir Húksheiði en í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013 kemur eftirfarandi fram um suðurmörk hennar:

Svo sem rakið er hér að framan er suðurmerkjum Húksheiðar ekki lýst í eldri heimildum að öðru leyti en því að vestur og austurmerkjum er þar lýst suður í miðjan flóa. Er það mat óbyggðanefndar að ráða megi að yngri heimildir hafi stuðning af þeim eldri um að suðurmerki Húksheiðar liggi á milli Krókavats og Flóavats.

### 5.3.1.12 Efranúpsheiði

Landamerkjabréf Efranúpsheiðar var útbúið 16. febrúar 1891 og þinglesið 7. júní 1892. Um suðurmörk heiðarinnar segir:

„ ... yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn, frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða, úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í Flóavatn hið stóra, og er það hornmerki Efranúpsheiðar að sunnan og vestan, frá Flóavatni ræður bein lína norður Flóakvísl ... “<sup>186</sup>

### 5.3.1.13 Arnarvatnsheiði

Landamerkjabréf fyrir heiðarlandið Arnarvatnsheiði var útbúið þann 26. janúar 1886 og var það lesið upp á manntalsþingi að Sámstöðum þann 20. maí 1889:

242

Samkvæmt landamerkjalogum 17. marz 1884 skrifast hjer upp af undirskrifuðum hreppsnefndum í Reykholtsdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reykholtsdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitafjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara merkja: Að neðan ræður Svínalækur sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eftir sjónhending í Arnar- steini úr Arnarsteini

---

<sup>185</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(101).



---

beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norðurí austurhorn Urðhæðavatns, þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur L M), úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarsonavatns (sic) uppí Svörtuhæð (Vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettarvatnstanga við Rjettarvatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim er gjörður var um landamerki hinn 24.–25. júní fyrra árs, jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðan mönnum úr nefndum Rjettarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög uppí Lyklafell (krók á sandi) úr Lyklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót, síðan ræður Norðlingafljót þartil áðurnefndur Svínalækur fellur í það. Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga íland eigninni eru þessi:

1. samkvæmt áður ~~um gre~~ áminstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir Stefán Ólafsson bóndi í Kalmannstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína

2. Gilsbakka kirkja á samkvæmt máldaga gömlum, hálfa veiði í Úlfsvatni.

Að landamerkjalýsing þessi sje samkvæmt gömlum máldaga fyrir Kalmannstungulandeign og svonefndu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 med tilliti til fyrrgreinds samnings 24.-25. júní f.á.

Vitna

Hreppsnefndirnar í Reyholtsdals og Hálsahreppum hinn 26. janúarm. 1886.

Þorsteinn Árnason (hreppsnefndarmaður í Hálsahreppi), Jón Magnússon (hreppsnefndarm. Hálsahr.), Þorsteinn Magnússon (hreppsnefndaroddv. Hálsahr.), Magnús Jónsson (eigandi Þorvaldsstaða), Stephán Ólafsson (eigandi Kalmannstungu), Einar Magnússon (oddviti Reykholtaldshrepps), Bjarni Þorsteinsson, Þórður Sigurðsson (hreppsnefndarmenn í Reykholtaldshreppi), Hjörtur Líndal eigandi Efranúps, Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls, Kristján Jónsson, Páll Pálsson (umráðendur Víðidalstungueignarinnar), Sigurður Jónsson eigandi Haukagilsheiðar, Magnús Andrjesson Gilsbakkastaðarhaldari, Jón Pálsson umráðamaður Fljótstungu.

Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 20. maí 1889.

[...].<sup>187</sup>

---

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(100).

---

#### 5.3.1.14 Þorvaldsstaðaland

Landamerkjabréf Þorvaldsstaða í Hvítársíðu var útbúið 1. febrúar 1923 og því þinglýst 28. júní sama ár:

Að vestanverðu ræður Merkjagil í Þrætutungusporð þaðan sjónhending upp Tunguna í stein á heiðarbrúninni, frá steininum í vörðu þá er stendur á Sveinstíg. Þaðan ræður bein lína í Skammárós þá ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, Þaðan er svo bein lína í suður í Árneshól, sem svo ræður þar til það fellur í Litlafljót að sunnanverðu ræður svo Litlafljót á móts við áðurnefnt Merkjagil. Lönd þessara jarða liggja að Þorvaldsstaðalandi. Að sunnan Fljótstunguland að vestan Hallkelsstaða að norðan Gilsbakkaland að austan afrjettarland Borgfirðinga.<sup>188</sup>

Kolbeinn Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigríði og Guðrúnu Magnúsdætrum fyrir Gilsbakka, Jóhannesi Benjamínssyni og Níkhildi Erlingsdóttur fyrir Hallkelsstaði, Jóni Pálssyni og Bergþóri Jónssyni fyrir Fljótstungu og Þorsteini Þorsteinssyni oddvita Hálsahrepps og Jóni Hannessyni oddvita Reykholtshrepps vegna afréttar Hálssveitunga og Reykdælinga.

#### 5.3.1.15 Stafholtskirkja

Í máldaga Stafholtskirkju, er Steini prestur Þorvarðsson setti um 1140, segir að kirkjan eigi selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>189</sup>

Í máldaga Stafholtskirkju, er Gyrðir biskup Ívarsson setti árið 1354, segir að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>190</sup>

Í Vilchinsmáldaga Stafholtskirkju frá árinu 1397, kemur fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>191</sup>

Í máldaga Stafholtskirkju frá því um 1480, kemur fram að kirkjan eigi selför á Þverárdal uppfrá Kvíum.<sup>192</sup>

Í máldaga Stafholtskirkju, sem talinn er frá árabílinu 1491-1518, kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal uppfrá Kvíum.<sup>193</sup>

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Stafholtskirkju, frá því um 1570, kemur fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>194</sup>

Í vísítasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1639 kemur fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>195</sup>

Í lögfestu séra Sigurðar Oddssonar fyrir eignum og ítökum Stafholtskirkju frá 19. maí 1663 er m.a. lögfest selför í Þverárdal.<sup>196</sup>

---

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(282).

<sup>189</sup> Skjal nr. 2(56).

<sup>190</sup> Skjal nr. 2(57).

<sup>191</sup> Skjal nr. 2(58).

<sup>192</sup> Skjal nr. 2(59).

<sup>193</sup> Skjal nr. 2(60).

<sup>194</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>195</sup> Skjal nr. 2(137) a-b.

<sup>196</sup> Skjal nr. 2(108) a-b.

---

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1681 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>197</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1694 segir kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>198</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholti frá árinu 1702 er getið um selför í Þverárdal.<sup>199</sup>

Í lögfestu fyrir eignum og ítökum Stafholtskirkju frá árinu 1707 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>200</sup>

Í lögfestu séra Jóns Jónssonar fyrir eignum og ítökum Stafholtskirkju frá 31. júlí 1707 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>201</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Stafholt, um sel þeirrar jarðar á Þverárdal:

Selstöðu á staðurinn á Þverárdal uppfrá Kvíum í Þverárhlið. Það hefur ekki brúkast í manna minni.<sup>202</sup>

Í lögfestu séra Jóns Jónssonar fyrir eignum og ítökum Stafholtskirkju frá 14. maí 1714 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>203</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1725 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>204</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1744 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>205</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1749 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>206</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1751 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>207</sup>

Í lögfestu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1754 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>208</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1759 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>209</sup>

Í lögfestu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1766 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>210</sup>

---

<sup>197</sup> Skjal nr. 2(140) a-b.

<sup>198</sup> Skjal nr. 2(179) a-b.

<sup>199</sup> Skjal nr. 2(143) a-b.

<sup>200</sup> Skjöl nr. 2(118) a-b og 2(107) a-b.

<sup>201</sup> Skjöl nr. 2(119) a-b og 2(105) a-b.

<sup>202</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 333-334.

<sup>203</sup> Skjal nr. 2(106) a-b.

<sup>204</sup> Skjal nr. 2(147) a-b.

<sup>205</sup> Skjal nr. 2(219) a-b.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(103) a-b.

<sup>207</sup> Skjöl nr. 2(104) a-b og 2(151) a-b.

<sup>208</sup> Skjal nr. 2(117) a-b.

<sup>209</sup> Skjal nr. 2(153) a-b.

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(116) a-b.

---

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1783 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>211</sup>

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 11. júní 1794 var upplesin lögfesta fyrir laxveiði í Þverá tilheyrandi Stafholtskirkju en inntaks lögfestunnar ekki getið.<sup>212</sup>

Í vísitasíu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1831 kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í Þverárdal.<sup>213</sup>

Í lögfestu fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1831 er m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum.<sup>214</sup>

Í úttekt og vísitasíu fyrir Stafholt frá 6. júní 1887 segir m.a. um fasteignir, ítök og hlunnindi Stafholts prestakalls:

18. Selför í Þverárdal ofan Kvía.<sup>215</sup>

Í landamerkjabréfi Stafholts, sem útbúið var í maí 1890 og þinglýst þann 23. maí árið 1892, kemur eftirfarandi fram um Selför í Þverárdal:

10. Selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía.

[...].<sup>216</sup>

Á manntalsþingi að Norðtungu 17. maí 1911 var, eftir beiðni prófastsins í Mýrprófastsdæmi, „boðin upp til sölu selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía, sem hann telur eign Stafholtskirkju.“ Ein króna var boðin af Þorbirni frá Kvíum:

Ár 1911, 17. maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Þverárhliðarhrepp sett og haldið á þingstaðnum Norðtungu

[...]

2. Var eftir beiðni prófastsins í Mýrprófastsdæmi í bréfi dags. 20. dec. f. á. boðin upp til sölu selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía, sem hann telur eign Stafholtskirkju; ~~Ekkert boð var gert.~~ 1 króna var boðin af Þorbirni frá Kvíum.

[...].<sup>217</sup>

### 5.3.1.16 Reykholtskirkja

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti (Reykjaholti), er Þorlákur biskup Þórhallsson setti um 1185, kemur m.a. fram að kirkjan eigi selför í kjör og afrétt á Hrútafjarðarheiði. Þar segir orðrétt:

þar huerfr oc til selfor i kior með óveþe þeirre es þar fylger at | helf inge oc afretr a hrutafjarþar heþe.<sup>218</sup>

---

<sup>211</sup> Skjal nr. 2(157) a-b.

<sup>212</sup> Skjal nr. 2(239).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2(160) a-b.

<sup>214</sup> Skjal nr. 2(115) a-b.

<sup>215</sup> Skjal nr. 2(110) a-b.

<sup>216</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>217</sup> Skjal nr. 2(227) a-b.

<sup>218</sup> Skjal nr. 2(62).

---

Í máldaga Reykjaholtskirkju (Reykholtskirkju) sem ársettur er árið 1224, kemur fram að kirkjan eigi selför í kjör og afrétt á Hrútafjarðarheiði.<sup>219</sup>

Í máldaga kirkjunnar í Reykholti, er Gyrðir biskup Ívarsson setti árið 1358, kemur fram að kirkjan eigi afrétt á Hrútafjarðarheiði.<sup>220</sup>

Í Vilchinsmáldaga fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1397, kemur fram að kirkjan eigi afrétt á Hrútafjarðarheiði.<sup>221</sup>

Í máldaga kirkjunnar í Reykjaholti (Reykholti), er Magnús biskup Eyjólfsson setti henni árið 1478, kemur fram að kirkjan eigi afrétt á Hrútafjarðarheiði.<sup>222</sup>

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju, frá því um 1570, kemur fram að kirkjan eigi afrétt í Hrútafjarðarheiði.<sup>223</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1708 segir svo um afrétt Reykholtis á Hrútafjarðarheiði:

Geldfjárupprekstur og afrjett á staðurinn á Geitlandi; staðurinn á og afrjett á Hrútafjarðarheiði, og fær hann afrjettartoll af Geitlandi, eitt lamb af rekstri, hvort sem eru fleiri eður færri.<sup>224</sup>

Úttekt kirkjunnar og staðarins í Reykholti frá 9. júní 1732 getur um að kirkjan eigi m.a. afrétt í Hrútafjarðarheiði.<sup>225</sup>

Í vísitasíu fyrir Reykholti frá 12. ágúst 1751 er m.a. getið um afrétt kirkjunnar á Hrútafjarðarheiði.<sup>226</sup>

Í vísitasíu fyrir Reykholti frá 31. júlí 1827 er m.a. getið um afrétt kirkjunnar á Hrútafjarðarheiði.<sup>227</sup>

Um Hrútafjarðarheiði (Holtavörðuheiði) og önnur ítök Reykholtskirkju segir eftirfarandi í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti, frá árinu 1842:

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök: Geitland allt með skógi sem er land allt milli Hvítár og Geitár, Pétursskóg í Sanddali í Norðurárdal milli Slakkagils og Klofa, selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlamenn, einkum í Hnitbjörg, afrétt á Hrútafjarðarheiði, torfskurð í Steindórstaðajörðu, tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlið.<sup>228</sup>

---

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(63).

<sup>220</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>221</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>222</sup> Skjal nr. 2(66).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(67).

<sup>224</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 231.

<sup>225</sup> Skjal nr. 2(196) a-b.

<sup>226</sup> Skjal nr. 2(197) a-b.

<sup>227</sup> Skjal nr. 2(204) a-b.

<sup>228</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 294.

---

## 5.4 Helgavatnsselland

Í kafla um Helgavatn í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 segir eftirfarandi í um sel jarðarinnar í Þverárdal:

Selstöðu á jörðin [Helgavatn] þar sem heitir Þverárdalur, og er þangað ærið langt til að sækja.<sup>229</sup>

Þann 31. maí árið 1760 lögfesti Ólafur Jónsson jörðina Helgavatn ásamt Helgavatnssellandi. Landamerkja er getið. Lögfestunni var þinglýst 4. júní sama ár og er hún svohljóðandi:

Eg Ólafur Jónsson lögfesti hier i dag eignar og Umm Ráda Jörd mina alla Jördena Helgavatn liggande j Þverárhlið og nordurtungu kirkiu sokn til þessara um merkia. First Rædur frá litlu þuerá framann Helgavatns steck landbroted sem þar skier sig nidur upp ad tungunne þar sem Helgavatns og Hamrlandbrot koma samann. So þaðann ur tungu spordenumm siónhending i huitann klett sem stendur á midiu laugarholtenu, þaðann siónhending sudur i Eggiarnar nálægt æsu stig Ráda so Eggiarnar ofann eftter allt ad Örnólfsdalsaa, so rædur áenn allt ofann ad móabreckunni, sidann rada breckurnar ad griótsgötu og griótsgata allt i litlu þueraa. Enn áenn Rædur sidann allt ad adur sögdu landbrote. Eirnenn lögfeste Eg under sömu grein Helgavatns Selland á þuerardal frá læknumm i midiumm Syrdal nirdre og til steinsens sem stendur vid fanngil og á háls upp eftter þui sem vötnumm hallar. Lögfeste Eg ynann þessara huöru tuegga tiltekena merkia akra og tödur, Eingiar og skóga, vötn og veidestade og allar landsnitjar þær er þui lande Eiga ad filgia til ystu Ummmerckia þeirra er adrer menn eiga [i m]óte mier. Firer bid Eg [...] Þessare minne lögfestu til fullkomens krafttar er mitt vnder skrifad nafn og hiáþrikt signet.

Munadarnese

d. 31<sup>ta</sup> Mai      Ólafur Jónsson

Anno 1[7]60    L.S.

Upplesed fyrer manntalsþingsretti á Nordurtungu 4<sup>da</sup> Junii 1760

Test<sup>r</sup> Þ.Sigurðsson.<sup>230</sup>

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár, samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nofn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afrjettarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlið, og

---

<sup>229</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 268-281.

<sup>230</sup> Skjal nr. 2(23) a-b.

---

Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfirráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilk eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhlíðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30. (þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>231</sup>

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu, dags. 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

---

<sup>231</sup> Skjal nr. 4(94).

---

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Útskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkjji Hjardarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjardarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjardarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitu mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburdum nje venju, og hefur inni að halda rángar setníngar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjardarholts kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjardarholtskyrkja eigi „Laufshaga,“ „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjardarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur í hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkjilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjerads sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjardarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjardarholts hafa alt til þessa sjálfir álituð það ómerkt eða Ránglátt.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi Hjardarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþingi að Hjardarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inni afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþinginu.

Þá er það sjerílægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjardarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerílægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjardarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísum vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrra sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega



---

ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýringar yfirlísuðum vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvijaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvammssland að löndumm Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndumm Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstungulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísuðum fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettuðum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörð haf verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísuðum vjer hinum sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjárjett þeyrri sem tilheyrir tjéðum afrjetti. – Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeráðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnuðumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeráðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísu þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Lögild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærast í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplesist á næstkomandi Mantalsþíngum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

---

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. október 1873.<sup>232</sup>

Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna, þ.á m. Sigurður Þorbjörnsson eigandi Helgavatns.

Bókunin var þinglesin á manntalsþingum fyrir Þverárhliðarhrepp 18. maí 1874, fyrir Stafholtstungnahrepp 19. maí sama ár, fyrir Hvítársíðuhrepp 20. maí sama ár og fyrir Norðurárdalshrepp 15. júní 1874.<sup>233</sup>

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Helgavatnssel í byggð árin 1870 og 1880.<sup>234</sup>

Í málinu liggja fyrir tvö bréf úr bréfasafni Hvítársíðuhrepps sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki kemur fram í bréfunum hver sé móttakandi þeirra en samkvæmt öðrum gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur það verið Magnús Andrésson á Gilsbakka. Í bréfunum segir m.a.:

Hvammi 26. marz 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Nú hefi jeg klárað uppkast að landamerkja lýsingu afréttarlandsins, og sendi yður það hjer með eptir umtali okkar, jeg vildi ekki draga það, þó mig vantaði nákvæma lýsingu á örnefnum við Hermundarst. og Krókslönd, og er eigi víst að þau örnefni sjeu öll tilgreind, eða alveg hin sömu sem í landamerkjabrjefum jarðanna, en aðal merkin, og stefnunar munu vera rjett.

Jeg hefi samið lýsinguna eptir minni egin hugsun og þekkingu, og eptir því sem jeg held að minstum ágreiningi valdi, jeg hefi eigi haft við hendina merkjalýsing oddvitanna, en eptir því sem mig mynnir, hef jeg vikið frá henni nokkuð, mest í því að jeg hefi slept landamerki í Snjófjöllum í milli Fornahvamms og Melalanda, sem Hvamms prestur mun vilja eigna Fornahv. er jeg efast um að náist undir afréttar landið.

Einnig hef jeg bætt inní algjörlega Helgavatns ítakinu selför með slæjum, Helgavatns eigendur, munu að vísu eigi hafa nein brjef eða skrif fyrir selför eða neinum eignarrjetti, en hin langa notkun – margra ára óátalið býli, með eptir gjaldi – mun gefa talsverðan rjett, máskje meiri rjett en þetta, eða fullkominn eignarrjett. En jeg íminda mjer samt að þessi viðurkenning, kunnri verða nægileg til að koma í veg fyrir ágreining eða gjörðardóm, þó jeg eigi viti það.

[...]

---

<sup>232</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>233</sup> Skjöl nr. 2(250) a-b, (257), 2(258) og 2(259).

<sup>234</sup> ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Leitarforsendur: „Helgavatnssel“. Sjá manntal.is

---

Með virðingu yðar vin

Hjálmar Pjetursson

Hvammi 1. apríl 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Jeg flýtti mjer of mikið að senda yður landamerkja uppkastið, og gaf mjer ekki tíma til að skoða gömul brjef er jeg þó vissi að væru til hjá Eggert í Kvíum, jeg þóttist muna landamerkin, en nú hefi jeg sjeð af brjefum þessum að jeg hefi ekki munað rjett, og vil jeg biðja yður að leiðrjetta það sem rangt er í uppkastinu eptir því sem jeg nú vil greina.

[...]

Einnig er athugandi, viðvíkjandi Helgavatns seli. Eigendur Helgavatns meina sig eiga sellandið – sem töluverðar ástæður eru til – Hreppsnefnd Stafholtstungna vill ekki hafa landið með afrjettar landinu – sjá aths. við dýratollsreikningana – og líklegt er að hreppsnefnd þverárh. láti sig þetta litlu skipta.

[...].<sup>235</sup>

Landamerkjabréf Helgavatns var útbúið 1. maí 1889 og því var þinglýst 22. maí sama ár:

1. Gagnvart Kvíalandi ræður landbrotið eftir forna farveg er næst liggur Helgavatns-  
stekk, frá Litlu Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamra landbrot koma saman.
2. Gagnvart Hamralandi: úr tungusporðinum, á milli Helgavatns og Hamralandbrots, þaðan sjónhending í vörðu á Laugarásnum, þaðan í vörðu á miðás í Leinir, þaðan í vörðu á Hábrúnfyrir utan Ásustíg.
3. Gagnvart Örnólfsdalslandi, ráða e[gg]<sup>236</sup>jarnar fyrir utan Ásustíg, alt ofan að Örnólfsdalsá, svo ræður árin alt ofan að Móabrekkum.
4. Gagnvart Norðtungulandi, ráða Móabrekkur allt að Grjótsgötu, svo Grjótsgata yfir skóginnallt að Litluþverá. Síðan ræður Litla-Þverá allt að áðursögðu landbroti.

Einnig fylgir Helgavatni land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland, og eru landamerki þar þannig: Að vestanverðu frá Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að tjörn, sem er upp á háhálsinum, og að norðanverðu úr tjörninni í urðarstapa, úr urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir Fanngili ofan

---

<sup>235</sup> Skjal nr. 4(109).

<sup>236</sup> Leiðrétt ofan línu.

---

að steini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í Hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.<sup>237</sup>

Sigurður Þorbjarnarson eigandi að hálfu Helgavatni og Þórunn Þorbjarnardóttir eigandi að hálfri jörðinni og Kvíum skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðmundi Guðmundssyni eiganda Hermundarstaða og Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra. Auk þeirra handsalaði Jón Þórðarson eigandi Norðurtungu samþykki sitt.

Magnús Andrésón á Gilsbakka sendi oddvitum Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstunga bréf, dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fer þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdu bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins. Þar segir m.a.:

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Þverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

[...]

Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft.

[...]

4. Helgavatn hefur, að því er jeg ætla, enginn skrifleg skýrteini fyrir selfararrjetti sínum. En sá rjettur mun um langan tíma hafa verið viðurkenndur. Þetta selland hefur verið brúkað um langan tíma til annar en selfarar, þar sem þar hefur verið byggt býli, og hafðar þar einhverjar skepnur allt árið. Jeg lít nú svo þá, sem einnig slíkri aðferð hafi verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873 og því geti ekki, að minnsta kosti á hinum síðustu 20 árum, verið komin löghefð á landið undir Helgavatn samkvæmt tilvitnuðum stað í Jónsbók. En hvort það hefur áður verið, veit jeg ekki, og því kannaðist jeg í landamerkjaskránni ekki einungis við selafararjett Helgavatns, heldur og að honum fylgdu slægjur.

[...]

Að öðru leyti er það ekki heppilegt, að jeg eigi mikið við að gjöra út um landamerki afrjettarlandsins, þar sem jeg er allsendis ókunnugur, öllum örnefnum og landamerkjum á heiðinni. Landamerkjaskrá þessa hef jeg því skrifað meir til þess að hrinda málinu dálítið áleiðis, heldur en að jeg búist við, að hún geti gilt óbreytt, og jeg geng fúslega að sjerhverri breytingu á henni sem jeg fæ góð rök fyrir. jeg hef talsvert hugsað um málið, leitað upplýsinga, og haft við það ekki svo litlar skriptir. Þykist jeg því sem

---

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(12).

---

hreppsnefndarmaður hafa að svo stöddu lagt minn skerf til þess að ráða landamerkjamáli þessu til lykta, og fel yður nú, herra oddvitar, framhaldið. Vonast jeg til, að þjer reynið að ná samkomulagi við sem flesta, er hlut eiga að máli, t.d. eigendur Örnólfsdals, Helgavatns, Kvía o.s.frv. , umbætið landamerkjaskrána eptir því sem þjer hafið best vit á, undirskifið hana svo, og sendið hingað til undirskriptar. – Þyki yður þörf á að kveðja til fundar um málið, skal að forfallalausum ekki á mjer standa til að mæta, eða láta mæta fyrir hönd hreppsnefndarinnar hjer. Málið þarf úr þessu að hafa hraðan framgang. Auk þess sem það er eptir landamerkjälögunum bein skylda hreppsnefndanna, að gjöra landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandinu, þá er það einnig hin mesta fjelags nauðsyn, að það mál sje útkljáð, sem hægt er að sýna fram á, en jeg álit ekki þurfa á þessum stað.

[...] <sup>238</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar er dagsett 10. apríl 1890 og var þinglesið 8. júní 1915:

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr <sup>239</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerkji frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk] <sup>240</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnkvísl (eldra nafn Syðri Þverárvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerkji eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í] <sup>241</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

---

<sup>238</sup> Skjal nr. 4(76).

<sup>239</sup> Leiðrétt hér.

<sup>240</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>241</sup> Leiðrétting ofan línu.

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir Þverá á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámstaði niður að gróf einni rjett fyrir (~~neðan~~) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>242</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Krókswatsná og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefts þess er fyrir nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlið á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~uppfrá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>243</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>244</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelogið á enga veiði í Kjarará.

<sup>242</sup> Innskot ofan línu.

<sup>243</sup> Leiðrétt hér.

<sup>244</sup> Innskot ofan línu.

---

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhlíðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>245</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann samþykkti það einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið undirritað af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálftrar Síðumúla jarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámsstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar. Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 segir eftirfarandi í kafla um hérað og heimalönd Mýrasýslu:

Þótt heiðarnar borgfirzku séu grösugar, hefur verið lítið um að nýbýli væru þar reist, nú í mannaminum, nema í selstöðum frá Síðumúla og Helgavatni. [...]<sup>246</sup>

Í sama riti segir í kafla um Þverárhlíð:

Inn frá byggðinni gengur Þverárdalur langt til heiða. Inni á honum norðanmegin er *Helgavatnssel*, 7 til 8 kílómetra frá Hermundarstöðum, næsta bæ. Áttu Helgavatnsmenn þar selför á afrétti Þverhlíðinga. Árið 1861 var þar byggt býli, en bóndi sá dó sama eða næsta ár, og 1863 hófu ung hjón, Jón Brandsson og Kristín, þar búskap og bjuggu þar 20 ár. Hefur það verið mjög einmanalegt, því að þar áttu varla aðrir leið um en fjárleitamenn. Þegar bóndinn fór niður í byggð til aðdrátta eða að öðrum erindum, var konan ein heima með börnum sínum, því að sjaldnast var þar annað heimilisfólk. [...]<sup>247</sup>

---

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>246</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 16-17.

<sup>247</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 52.

---

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993 kemur eftirfarandi fram í kafla um Hvítársíðu:

*Landið og landsnytjar*

[...]

Selja og selfarar á Kjarradal er getið í fornsögum og máldögum, og má ætla, að þau hafi snemma verið höfð þar báðum megin ár. Líklegt er, að í upphafi byggðar hafi heimalöndin í Hvítársíðu verið vaxin birkiskógi og því nauðsyn að koma búsmala til fjalls yfir sumarið, en upp á Kjarradal lægri víðikjör og viðráðanlegra að geyma þar málnytupenings. Selfararrétturinn norður ár virðist hafa verið þrískiptur. Neðst er selland Reykhólts. Í því er Reykholtssel og Norðtungusel. Munu ekki finnast heimildir fyrir því, að Norðtunga hafi átt þar selför, en talið, að selið hafi verið haft þar í leyfi Reykhólts. Reykholtskirkja átti einnig veiði í Kjarará fyrir sellandinu, en það nær fram að Neðsta-Rangagili. Þá tekur við Sámsstaðaselland að Vatnshnúkalæk og upp á fjallið á móti Kvíalandi. Sámsstaðasel er sunnan undir Sámsstaðahöfða. Innan vatnshnúkalækjar tekur við selfararland Gilsbakka. Þar er Bjarnarstaðasel („í staðarins landi á Kjarradal“) við Bjarnastaðaselgil austan við Bjarnarstaðahöfða og Gilsbkkasel við Selgil innan við Gilsbakkaeyrar.

[...]

Talið er, að selfarir hafi lagst af á Kjarradal (og víða um land) seint á 18. öld, ef til vill um eða upp úr Móðurharðindunum. Í Síðumúlaseli, sunnan ár, var aftur haft í seli, eftir nokkurt hlé, þegar kom fram á 19. öld, og var það sel notað fram um 1880, þó með nokkrum hvíldum, enda var þá búið þar í nokkur ár. Svo segir Daníel Jónsson á Fróðastöðum í bændatali sínu um Hvítársíðu.

Ekki er talið líklegt, að selin norðan ár hafi verið notuð svo neinu nemi eftir lok 18. aldar. Hafa menn þá farið að nota sellöndin til upprekstrar, enda þurft að smala þau hvort eð var. Hafa Hvítsíðingar þá hætt upprekstri á Hellistungur og leitum þar. Þar með hefur upprekstur og leitarskylda færst að mestu í það horf, sem enn gildir, að Hvítsíðingar reka einir fénað sinn á Kjarradal, nema Syðstutungumenn í Stafholtstungum mega reka þangað stóðhross. [...] <sup>248</sup>

#### 5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

##### 5.4.1.1 Helgavatn

Landamerkjabréf Helgavatns var útbúið 1. maí 1889 og því var þinglýst 22. maí sama ár:

1. Gagnvart Kvíalandi ræður landbrotið eftir forna farveg er næst liggur Helgavatns-

---

<sup>248</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 364-365.



---

stekk, frá Litlu Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamra landbrot koma saman.

2. Gagnvart Hamralandi: úr tungusporðinum, á milli Helgavatns og Hamralandbrots, þaðan sjónhending í vörðu á Laugarásnum, þaðan í vörðu á miðás í Leinir, þaðan í vörðu á Hábrúnfyfir utan Ásustíg.

3. Gagnvart Örnólfsdalslandi, ráða e[gg]<sup>249</sup>jarnar fyrir utan Ásustíg, alt ofan að Örnólfsdalsá, svo ræður árin alt ofan að Móabrekkum.

4. Gagnvart Norðtungulandi, ráða Móabrekkur allt að Grjótsgötu, svo Grjótsgata yfir skóginnallt að Litluþverá. Síðan ræður Litla-Þverá allt að áðursögðu landbroti.

Einnig fylgir Helgavatni land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland, og eru landamerki þar þannig: Að vestanverðu frá Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að tjörn, sem er upp á háhálsinum, og að norðanverðu úr tjörninni í urðarstapa, úr urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir Fanngili ofan að steini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í Hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.<sup>250</sup>

Sigurður Þorbjarnarson eigandi að hálfu Helgavatni og Þórunn Þorbjarnardóttir eigandi að hálfri jörðinni og Kvíum skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðmundi Guðmundssyni eiganda Hermundarstaða og Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra. Auk þeirra handsalaði Jón Þórðarson eigandi Norðurtungu samþykki sitt.

#### 5.4.1.2 Krókur

Landamerkjabréf Króks í Norðurárdal er dagsett 10. júlí 1923 og því þinglýst 2. júlí 1924:

Milli Króks og Sveinatungu eftir Norðurá, frá Snagafit að Hellisá; milli Króks og Þverárrjettarafrjettar, eftir Hellisás að Hellisgili, og síðan eftir Hellisgili og sjónhending úr Hellisgildragi í háapúfu á Sýrdalsborg. Milli Hermundarstaða og Króks, sjónhending úr háu þúfu á Sýrdalsborg og vestur yfir norðurenda Sýrdalsvatna og þaðan sjónhending vestur á vörðu á einum af svo kölluðum Gíslaklettum og þaðan sjónhending í vörðu á holtinu austur af Fiskivatni, og þaðan sjónhending yfir nyrðsta krikan á Fiskivatni í skarðið sem er norðaustur af Básabrekku. Milli Króks og Háreksstaða úr norðvesturkrika Fiskivatns (eða úr Lómavík) og sjónhending norðvestur í vörðu á Merkjaborg (Háreksstaðaborg) síðan úr vörðunni á merkjaborg sjónhending í stóra stein á Snagafit við Norðurá. Fyrir Króksengi á Deseý ræður merkjum Norðurá að sunnanverðu, svo á milli Hólsengis og Króksengis ræður garðlag með gaddavírsgirðingu, og milli Hvammsengis eftir miðri Krókskeldu sem

---

<sup>249</sup> Leiðrétt ofan línu.

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(12).

---

vírgirðing ræður og milli Desejarengis suður í Norðurá eftir garðlagi með vírgirðingu.<sup>251</sup>

Brynjólfur Bjarnason eigandi Króks skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðjóni Jónssyni fyrir Hermundarstaði, Guðl. Hindrikssyni fyrir Sveinatungu, Helga Þórðarsyni eiganda Háreksstaða fyrir þá jörð og Davíð Þorsteinssyni oddvita Þverárhliðarhrepps fyrir Þverárafrétt. Eftirfarandi aðilar samþykktu merkin fyrir Króksengi á Desej: Gestur Halldórsson á Hóli samþykkti fyrir Hólsengi, Sverrir Gíslason á Hvammi samþykkti fyrir Hvammsengi og Hákon Jónson í Desej samþykkti fyrir Desejarengi.

#### 5.4.1.3 Tvidægra ásamt Hellistungum og Lambatungum

Sjá nánar kafla 5.3.

#### 5.4.1.4 Kvíar

Landamerkjabréf Kvía í Þverárhliðarhreppi er dagsett 5. maí 1890 og því var þinglýst 17. maí sama ár:

Landamerkjaskrá fyrir Kvíum [og Kvíakoti (sic)] í Þverárhliðarhreppi í Mýrasýslu.

Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnssteki frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina.-

Gagnvart Örnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þverárafrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir [sunnan]<sup>252</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótlandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.<sup>253</sup>

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía og Eggert Sigurðsson samkvæmt umboði eiganda Kvíakots skrifuðu undir landamerkjabréfið. Eftirfarandi aðilar samþykktu landamerkin vegna afréttarlands Þverárréttar: Gísli Einarsson oddviti

---

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(15).

<sup>252</sup> Innskot ofan línu.

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(16).

---

Norðurárdalshrepps, Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Magnús Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi og Jón Tómasson oddviti í Stafholtstunguhreppi. Bréfið var líka samþykkt af Eggert Sigurðssyni vegna Hermundarstaða, Þorsteini Hjálmsyni vegna Norðurtungu, Jóhannesi Elíassyni vegna hálfis Lundar, Halldóri Þorbjarnarsyni vegna Hamra og Sigmundarstaða, Sigurði Þorbjörnssyni vegna hálfis Helgavatns og Þórunni Þorbjörnsdóttur vegna hins helmings jarðarinnar og hálfis Lundar, og Þorsteini Davíðssyni vegna Grjóts.

#### 5.4.1.5 Hermundarstaðir

Landamerkjabréf Hermundarstaða í Þverárhlíðarhreppi var útbúið 5. maí 1890 og því var þinglýst 22. maí 1891:

Að austanverðu gagnvart Þverárrjettaraf- rjettarlandi ræður merkjum Sýrdalslækur frá Þverá alt upp í Sýrdalsvatn. Þaðan eru merkin milli Króks og Hermundarstaða úr nyrðri enda Sýrdalsvatns í litla vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni, þaðan í aðra vörðu á einum af svo kölluðum Gíslaklettum, þaðan sjónhending í vörðu á holtinu austur af Fiskivatni, þaðan í austasta krikan á Fiskivatni. Þaðan sjónhending yfir nyrsta krikan á Fiskivatni í skarðið, sem er í norðaustur, af Básabrekku (Bósabrekku) og eftir skarðinu á Básabrekku. Landamerkin eru milli Hermundarstaða og Lunds: Úr Básabrekku suður eftir Fiskivatns- hæðum í Tóulág, þaðan á Pjeturshöfða, þaðan í hæstu klettana á Stóra-Skógarhól, þá sjónhending í vörðuna á Kusaholti, þaðan sjónhending í Þverá móts við Brúnkolluklett. Þaðan ræður Þverá að Sýrdalslæk hinum nyrðri.<sup>254</sup>

Eggert Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eigandans. Það var samþykkt af Gísla Einarssyni presti í Hvammi og oddvita í Norðurárdalshreppi vegna Króks og Háreksstaða og hann skrifaði líka undir vegna Þverárréttararéttarlands ásamt Eggert Sigurðssyni oddvita Þverárhlíðarhrepps og Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi. Landamerkjabréfið var líka samþykkt af Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvía og hálfis Lundar, Jóhannesi Elíassyni eiganda hins helmings Lundar og Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda hálfis Helgavatns og ábúanda á jörðinni en hann staðfesti þau landamerki er lágu gagnvart Helgavatnssellandi.

Í júní 1932 var seldur og afsalaður sá hluti Hermundarstaða sem liggur afréttarmegin við afréttargirðingu til Upprekstrarfélags Þverárréttar.<sup>255</sup>

---

<sup>254</sup> Skjal nr. 2(13).

<sup>255</sup> Skjal nr. 4(59).

---

## 5.5 Sámsstaðaselland

Í Heiðarvíga sögu, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er lýst suðurför norðanmanna yfir Tvídægri með viðkomu í seljum á Kjarardal. Þar segir:

Nú ríði þér annan dag viku frá Njáls [í Gnúpsdal] ok farið tómliga; hafið náttstaði á heiðinni,“ – þá fekk hon þat nafn, at hon var Tvídægri köllud, – „ok skuluð koma til vígis þess hvárstveggja, er á heiðinni er, þá er þér farið suðr, ok séð, hvárt svá sé, sem ek segi yðr. Flói heitir á heiðinni, ok eru þar vötn stór; þat er í norðanverðum Flóanum vatn þat, er nes liggir í ok eigi breiðara at ofanverðu en níu menn megu standa jafnfram, ok deilir norðr vatnföllum til heraða várra ór því vatni; þangat vísa ek yðr til. En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síðr, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð til at taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnföll til heraða þeira ór því vatni.\* En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilöngum Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir þar dvalizk. Nú vættir mik, at þar komi þér nær eykt dags; þá skulu ríða tveir menn af liðu yðru ofan í herað þar ok eptir fjalli ok svá til brúar ok koma [eigi] til byggða fyrr en fyrir sunnan ána.<sup>256</sup>

Þann 28. febrúar 1398 seldi Hallr Svarthöfðason Jóni Gilssyni jörðina Kalmanstungu í Borgarfirði. Jón lét meðal annars á móti jörðina Sámstaði með tilgreindum ummerkjum. Í kaupbréfinu segir m.a.:

In nomine domini amen.

uar þetta kaup þeirra hallz suarthofdasonar af annari halfv enn jons gilssonar af annarri. ath hallr selr nefndum joni jordina j kalmanztunghu j borgarfirde med ollum gognum oc gædum sem þeirri jord eighr ath fylgia ath fornu oc nýiu oc [ei] er med loghum fra komit oc hallr vard fremst eigandi ath med þessum vmmerkium.

[...]

Her j mot gefr fyrr nefndr jon <sup>a</sup>dr greindum halle jordina s<sup>a</sup>msstade j huit<sup>ar</sup> síðu. jordina skardzhamra oc jordina kleppstiu j nordur<sup>ar</sup>dal med ollum þeim gaughnum oc gædum sem þeim jordvm eighu ath fōlgia ath fornu oc nōiu oc jon vard fremst eighande ath. Eru fōrr nefndir s<sup>a</sup>msstadir med þessum vmmerkium. rædr teigs[gil]<sup>257</sup>) framm j huit<sup>a</sup>. oc vpp j hæfua fellz vatn hit Ōtra. þadan norðr ath gautu þeirri er liggir til Reykiaholltzsels af s<sup>a</sup>msstada selia gautu. þ<sup>a</sup> rædr þuerlækr fram j kiar<sup>a</sup>. fyrir nordan kiar<sup>a</sup>. ofan ath. merkigili oc vpp ath grof þeirri er næst er fyrir nedan haukagils sel. oc suo langt norðr <sup>a</sup> sem vatnfauill deila. fyrir sunnan <sup>a</sup>na vpp ath miofua vatnzlæk suo sudr yfir fiall ofuan ath merkigrof.

---

<sup>256</sup> *Íslenzk fornrit III*, Borgfirðinga sögur, (1938), bls. 283-284.

<sup>257</sup> gil, seinna viðbætt; hefir upphaflega gleymzt úr frbr. „Arni segir að það muni eiga að standa gil.

---

[...] <sup>258</sup>

Varðveittir eru eftirfarandi vitnisburðir frá árunum 1666–1669 um selstöðu Haukagils í Kjarardal.

[a].

8. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Vitnisburdur Sveins Jonssonar [um] Haukagilz sel, land a Kiör.

Það vitne ber eg Sveirn Jonsson [skemmd í frumriti] að þa jeg var 18 vetra kom eg [...] Kiarra. En firir nordan Kiarra [...] hollts sel. Þa Samstada sel þa [...] firir framan fiskilæk, nockud nedar enn gagnvart Biarna[stadasele]. ~~firir framan fiskilæk~~ þa Gilsbackasel fram leingst. oll þesse 4 sel samhlydis [vid] ána. Þa hiellt sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson Gilzbackastad. Sijdan eru nu 57 ar. Og það heyrde eg sera Torfa heitin seigia vid Helga fusason og Biarna h(eitinn) Jonsson þar i stofunne a [Gilzba]cka [ad] Gilsb[acka] kirkia ætte veide alla i Kjarrá ofan ad fiskelæk, enn land [...] epter þui sem eg heyrde a þeim dogum af mier elldre mönnum þa a Haukagil þar fiöggra hundrada land i Kjör. Þessum mijnum vitnisburdi vil eg giora þa stadfestu ef þörf krefur [og e]g verd lögskylldur til: og underskrifa hier þui mitt nafn med eigen [hende] á Husafelle i Hvitarsidu Anno 1666 þann 8 Augusti.

Sveirn Jonsson m.e.h.

[b].

9. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu og skemdu frumriti og samtíða maukfúnu transskripti Sigurðar á Haukagili 1893.

Vitnisburdur Gudrunar Aradottur.

Það vitne ber eg Gudrun Aradotter [ad] eg var 33 ar á Biarnastodum, 9 og 20 af þeim var sira Torfe Þorsteinsson ad Gilsbacka. enn sijdann hann andadist eru nu 44 ar. og epter þui sem um þann adurskrifadan tijma minnar veru a Biarnastodum var haft og hallded. þa eiga Biarnastader selför fyrer sunnan Kjarra. Enn Haukagil firir nordan [atölulaust] millum Samstada sels og gamla Gilzbackasels. Þessum mijnum vitnisburde til stadfestu underskrifa eg mitt nafn med eiginhende ad husafelle Anno 1666. 9 Augusti.

Gudrun Aradotter

m.e.h.

[c].

10. August 1666 á Húsafelli

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893, og maukfúnu transskripti.

---

<sup>258</sup> Skjal nr. 4(95).

---

Vitnisburdur Sveins Jonssonar

Það sama sem Gudrun Aradotter vitnad hefur hier næst fyrir ofan skrifad votta eg Sveirn Jonsson eirnin ad epter þui sem um daga sera Torfa h(eitins) Þorsteinssonar medan hann var a Gilzbacka var haft og halldit atolulaust. þa a Haukagil med riettu selför fyrer nordan Kjarrá millum Samstadasels og gamla Gilsbackasels. Þessum mijnum vitnisburde til stadfestu underskrifa eg hier mitt nafn med eigin hende a Husafelle þann 10 Augusti Anno 1666.

[Sveirn] Jonsson e.h.

[d].

27. August 1666 á Húsafelli

Eptir frumriti Sigurðar á Haukagili 1893 og transkripti frá sama ári gerðu í Kalmanstunga af Jóni Vigfússyni, Helga Eyjólfssyni og Sveini Eileifssyni, í eigu Sigurðar.

Það vitne ber eg Svanhilldur Loptsdotter ad Haukagil a med riettu selför og fiögura hundrada land á Kiör. firir nordan Kjarrá næst firir framan Samstada Selland og i þui iij hundrada lande á Haukagilz Sel med riettu ad standa: Þui ad su selför og fiögura hundrada land var átölulaus eign Haukagilz höfd og halldin beitt og brukud fram under .xxx. ár þa amma mijn Sigridur Stephansdotter bio a nefndu Haukagile: Enn Eirikur prestur Grimsson á Gilzbacka: Þa var bænhus á Haukagile og messadi þar nefndur sera Eirikur nockrum sinnum sem eg bæde sa og heyrde. Þennann minn vitnisburd vil eg med eide sanna þo mier það dæmt verde: Og þui handsala eg sera Helga Grimssyne þennann minn vitnisburd: og mitt nafn hier under ad skrifa a Husafelle Anno 1666 þann 27 Augusti. ad vitne þeirra manna er og suo skrifa sijn nöfn hier under.

Svanhilldur Loptsdotter handsalade

Gisle Björnsson E.H.                      Olafur Vigfusson eh.

Snorre Þidrikzson meh.                      Jon Vichffusson

Sumarlíde Jonsson meh.                      Eh.

[e].

[1666]

Eptir maukfúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Það votta og auglyse eg Þidrik Arason ad sa vitnisburdur sem [eg] hefe utgefíd um Haukagilz sel Anno 1665 ad Galmanstungu þann 23 Julij: hliodar um þann tíjma sem sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson hiellt gilzbackastad um huors daga ad það seled sem stod firir nordan Kiará millum Samstadasels og gamla Gilzbacka sels var [atölu]laust haft og halldid Haukagilz sel. Og ei voru þar þa [nein] önnur sel i millum. En löngu seirna einkum 17 árum þá eg [eyða/skemmd í skjali] var sera Gunnar h(eitinn) a gilzbacka: og þa leigde

---

hann mætur þar selför [firir nodan Kiarra sem adur var Haukagilz sel en huorn veg hann [...]

[f-g].

3. júlí 1667 á Húsafelli

Vitnisburður Dags Jónssonar um Haukagils sel í Hvítársíðu.

Eptir fúnu og rifnu frumriti Sigurðar sýslunefndarmanns Jónssonar á Haukagili 1893.

Dags Jónssonar vitnisburdur um Haukagilssel.

So felldann vitnisburd gef eg Dagur Jonsson um Haukagils sel ad það er ad riettu og fornu firir nordan Kjará [svo] næst firir framan Samstada sels land epter þui sem átölulaust var haft og halldid um þann tijma sem sijra Torfe h(eitenn) Þorsteinsson hiellt Gilzbackastad.<sup>259</sup> Var eg i Sijdumula um nockur ár og kom eg ad neffndu sele optlega og alldre heyrde eg þar tuimæle á leika eda nockurn mann þui a mote mæla ad Haukagil ætti það sel og selför med riettu og almennelega var það kallad Haukagilzsel, en alldre Biarnastadasel suo jeg heyrde af nockrum manni. Og ecke veit eg annad sannara um þetta sel en það hafe Haukagile filgt um alldur og æfe sem menn seigia. Og suo var það brukad af Biarna h(eitnum) Jonssyne þa hann bio á Haukagile frialst og átölulaust af öllum mönnum. Enn Biarnastadasel var þa haft og halldid firir sunnan Kiará nockud framar en gegnt þrattnefndu Haukagilssele en alldre firir nordan Kiara; kallad hafft nie halldit af nockrum manne so jeg heyrde nie visse. hefur mætur þo hier um kunnugt verid mikinn hlut æfe minnar fra mijnum ungdoms árum og er eg nu 70 madur. er þesse minn vitnisburdur utgefinn jatadur og handsaladur sera Helga Grijmssyne á Husafelle Anno 1667 þann 3 dag Julij og mitt naffn under skrifad ad vitne þeirra manna er og suo skriffa sijn nöfn hier under i sama stad og dag.

Dagur Jonsson

handsalade

Biorn Jonsson E.H.

Þorkiell Jonsson m.E.H.

Stephan Grimsson

[h].

15. Júlí 1667 á Víðilæk

Vitnisburður Helga Bergþórssonar um Haukagilssel

Eptir fúnu og rifnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Helga Berþórssonar vitnisburdur

---

<sup>259</sup> „Sera Torfe h(eitinn) Þorsteinsson kom til Gilzbacka Anno 1588 epter sera Gudmund Einarsson, enn andadz Anno 1622. Þui hefur sera Torfe halldit Gilzbackastad 34 ár,“ ritað á lausan miða með frumritum Sigurðar á Haukagili með hendi séra Helga Grímssonar.

---

Það giori eg helgi berþorsson godum monnum kunnugt [med þessum] mijnum vitnisburdi að eg var til vistarveru í fimm [ár á Hau]kagili hía biarna Jonsine og eru nu síðan vel fiort[íu ár] og geimda eg pening j haukagilzseli fyrir nordann ána j [millum] samstadasels og gilsbacka sels og heirda eg þar alldri tuim[æli á] leika annat helldur enn það væri tuillaus jardarinnar hau[kagils] eign og vil meiri sannindi hía a giora ef þörf krefur. Og til stadfestu þessum mijnum vitnisburdi handsala og leifi [eg] mitt nafn hía fyrir nedann að skrifa þann 15 Julij 1667 a widilæk i þuerárhlijd.

Helgi berþorsson

Pennann hía fyrir ofan skrifadann vitnisburd hejrdum og saum vier Helga berþorsson vtgefa og handsaladi sitt nafn vndir að skrifa og til merkis skrifum vor nöfn og audkenni hía fyrir nedann.

Jon gislason      Olafur Þordarson [Þetta er Ólafur að Svartagili].

m.e.h.

Dagur Jo[nss]on handsalade

[i-j].

13. September 1667 á Húsafelli

Eptir maukfúnu og skemdu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893.

Epter þuij að eg Gisle Jonsson er bedin a[f] sera Helga Grijmssyne sanninda vitnizburdar um Haukagilz sel þa er þar um sa m[inn s]annur vitnisburdur að epter þui sem um tíjma sera Torfa h(eitins) Þorsteinssonar meðan [hann var] a Gilzbacka, og um þau .x. ar sem fader m[inn] bio a haukagile, var motmælis[laust h]aft og halldit beitt og brukad, þa a Haukagil með riettu sel og selland fyrir nord[an] Kjarrá i millum Samstada selz og gamla Gilzbacka sels: og var það halldid fiögra hu[ndrada] land. og köllud eign bænhuss þess a haukagile hafde verid. enn lagst síðan til [jardar]innar. og það vissa eg fyrir vijst að fader minn leigde alldre það sel að sera Torfa, helld[ur hafde] hann það frialzlega og atölulaust i alla stade einz og sialft haukagilz heima [land til] ummerkia bygde hann það sel og selland hilldebrande heitnum sem b[io] a kirkiubole um nockur ár sem hans sonur Þorhalle hefur vottad. Og alldrei heyrde eg men [e]ign[a] það [öd]rum en Haukagile og Haukagilzmönnum og nein tuimæle a þuij leika [eyða/skemmd í skjali] monnum. Og fyrir satt var það halldid að þar hefde verid bænhus a[f] mier elldre monnum. og að madur nockur sonur konu þeirrar er þar [bio hafde] kosid sier þar legstad og verid þar grafinn. Pennann minn ofannskrifadan [vitnisburd vil] eg með eide sanna ef eg verd þar löglega skylldur til og handsala þuij [mitt nafn hía] under að skrifa á Husafelle Anno 1667 þann 13 Septembris [m]itt nafn.

Gisle Jonsson handsalade.



---

Pennan firir ofanskrifadan vitnisburd heyrðum og saum vier underskrifader Gísla Jonsson játa og handsala sera Helga Grijmssyne í sama stad ar og dag sem adur seiger.

Gudmundur Arnason

Vigffus Þordarson

E.H.

E.h.

Jon Vigffusson

E.h.

[k].

11. Júlí 1668 á Haukagili

Eptir rifnu og fúnu frumriti Sigurðar á Haukagili 1893

Þorleifs Einarsonar vitnisburður um Haukagilz sel.

Epter þuij ad eg Þ[or]leifur Einarsson er bedin[n sannenda] vitnisburdar um þeirrar [k]ongsjardar Haukagilz sel þa [ber] eg það þar um sem veit riittast og sannast og eg heyrdde fyr meir af mier elldre mönnum, ad Haukagil a selför fyrer nordan Kjará a millum Samstada sels og gamla Gilzbackasels, og alldrej heyrdde eg það sel öðrum mönnum nie jörðum eignad enn Haukagile. Þessum mijnum vitnisburde til stadfestu underskrifa eg mitt naffn med eignhende a Haukagile Anno 1668 þann 11 Julij.

Þollefur einarson med eignhende.<sup>260</sup>

Í kafla um Sámstaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir m.a.:

Afrjett 0, og gengur peníngur oftast í búfjárhögum.

[...]

Laxveiðivon í Kjarrá gagnvænleg brúkast enn, og þó erfið mjög til að sækja.

[...]

Selstaða löng og erfið yfir fjall eitt norður á Kjör, meinast þó í heimalandi.<sup>261</sup>

Í kafla um Signýjarstaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 er getið um ítak í Sámstaðalandi, en þar segir:

Eldiviðartak höfðu Sámstaðamenn úr Hvítársíðu hjer í landi, og er hún yfir 20 ár aldrei brúkuð. Þar í mót eigna menn jörðunni Signýjarstöðum hrossabeit í Sámstaðalandi á sumardag, fyrir xii hross segja sumir. Ekki hefur beitin brúkast í næstu 40 ár.<sup>262</sup>

---

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(24) a-b.

<sup>261</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 269-270.

<sup>262</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 242.

---

Á manntalsþingi að Sámsstöðum 27. maí 1873 var þinglesin lögfesta fyrir Sámsstaðalandi, dags. 20. maí 1873. Inntaks lögfestunnar var ekki getið.<sup>263</sup>

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár, samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nofn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afréttarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlíð, og Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfirráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilk eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhlíðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30. (þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>264</sup>

---

<sup>263</sup> Skjal nr. 2(241).

---

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu, dags. 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Utskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkjum Hjarðarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjarðarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitu mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburðum nje venju, og hefur inni að halda rángar setningar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjarðarhlots kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjarðarholtskyrkja eigi „Laufshaga“, „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjarðarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur i hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjerads sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjarðarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjarðarholts hafa alt til þessa sjálfir álituð það ómerkt eða Ránglátt.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi Hjarðarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþingi að Hjarðarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inni afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþínginu.

---

<sup>264</sup> Skjal nr. 4(94).

---

Þá er það sjerílægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjardarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerílægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjardarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísu vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrri sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýringar yfirlísu vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvijaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvamsland að löndum Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndum Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstungulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeradinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrri, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettu 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd haf verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísu vjer hinum sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjarrjett þeyrri sem tilheyrir tjéðum afrjetti. – Bönnu við því hjer með, first öllum mönnum utann hjerads, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnu ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjerads eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annan hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum

---

Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Lögild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærast í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplest á næstkomandi Mantalsþingum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. oktober 1873.

[Undirskriftum sleppt hér, alls 52 sem skrifa undir].

Rjett afskrift af fundargjördinni vottar

Svarfhóli 8. Desember 1873

Björn Asmundsson.<sup>265</sup>

Bókunin var þinglesin á manntalsþingum fyrir Þverárhliðarhrepp 18. maí 1874, fyrir Stafholtstungnahrepp 19. maí sama ár, fyrir Hvítarsíðuhrepp 20. maí sama ár og fyrir Norðurárdalshrepp 15. júní 1874.<sup>266</sup>

Í málinu liggja fyrir tvö bréf úr bréfasafni Hvítarsíðuhrepps sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítarsíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki kemur fram í bréfunum hver sé móttakandi þeirra en samkvæmt öðrum gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur það verið Magnús Andrésón á Gilsbakka, samanber bréf hans til oddvita Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna dags. 15. nóvember 1889. Í bréfunum segir m.a.:

Hvammi 26. marz 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Nú hefi jeg klárað uppkast að landamerkja lýtingu afrjettarlandsins, og sendi yður það hjer með eptir umtali okkar, jeg vildi ekki draga það, þó mig vantaði nákvæma lýtingu á örnefnum við Hermundarst. og Krókslönd, og er eigi víst að þau örnefni sjeu öll tilgreind, eða alveg hin sömu sem í landamerkjabrjefum jarðanna, en aðal merkin, og stefnunar munu vera rjett.

Jeg hefi samið lýsinguna eptir minni egin hugsun og þekkingu, og eptir því sem jeg held að minstum ágreiningi valdi, jeg hefi eigi haft við hendina merkjalýsing oddvitanna, en eptir því sem mig mynnir, hef jeg vikið frá henni nokkuð, mest í því að jeg hefi slept landamerki í Snjófjöllum í milli Fornahvamms og Melalanda, sem Hvamms prestur mun vilja eigna Fornahv. er jeg efast um að náist undir afrjettar landið.

[...]

---

<sup>265</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>266</sup> Skjöl nr. 2(250) a-b, (257), 2(258) og 2(259).

---

Skylríki fyrir Sámsstaða eigninni eru mjer ekki vel kunn, getur verið að rjettara sje að nefna landeign en þó svo væri, kann jeg betur við að telja það með ítökum, og sje ekkert á móti því, heldur en rekja landamerki í kringum landið, sem eikur mikla mála lengingu.

[...]

Hvammi 1. apríl 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Jeg flýtti mjer of mikið að senda yður landamerkja uppkastið, og gaf mjer ekki tíma til að skoða gömul brjef er jeg þó vissi að væru til hjá Eggert í Kvíum, jeg þóttist muna landamerkin, en nú hefi jeg sjeð af brjefum þessum að jeg hefi ekki munað rjett, og vil jeg biðja yður að leiðrjetta það sem rangt er í uppkastinu eptir því sem jeg nú vil greina.

[...]

En nú getur verið að á brjefi mínu þurfi verða önnur og meiri breiting.

Ef Sámsstaða landið – ofan ána – er fullkomin eign þeirrar jarðar, og ef það nær norður í lambadal, sem mun vera talið, þá liggur það að Kvía landi, og þau lönd liggja þá saman eptir öllum lambadalnum. sje nú þetta svona, þá á merkjalýsing á þessu svæði ekki að standa í uppkasti mínu. En hjer er annar hængur úti, Reykholts sellandið liggur líka á móti Kvíalandi á sandinum, og verður það þá fráskilið afrjettar landinu – en jeg held að Reykh. eigi ekki landið – væri nú þetta ekki ekki til fyrirstöðu og ef Sámst. eiga landið, þá væri einnatt að merki afrjettarlandsins ættu að takmarkast við Sámst. og Kvía lönd að austanverðu.

[...]

Að öllu þessu yfirveguðu, og ef Sámst. eiga landið, liggur mjer við að leggja til að merki afrjettarlandsins verði ákveðin þannig: Kjarará að Sámst. landi – sem líkl. er við læk þann sem, fellur í milli sámsst. höfða og Bjarnast. höfða í ána – eptir læknum norður á Vatnshnúkavatn, þá beint norður yfir vatnshnúka, og yfir hæðirnar norður í lambadalin, eða í syðri enda ... [Hér endar blaðsíðan en næsta blaðsíða skjalsins hefur ekki fundist].<sup>267</sup>

Magnús Andrésón á Gilsbakka sendi oddvitum Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstunga bréf, dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdu bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins. Þar segir m.a.:

---

<sup>267</sup> Skjal nr. 4(109).

---

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Pverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingu frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

Bæði hann og jeg erum í vafa um sum atriði. Það er fyrst og fremst vafasamt, hvort Sámsstaðir eiga nokkurt land fyrir norðan Kjarará. Eigandi Sámsstaða álitur sig eiga þar land allt frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) og niður til vestasta Rangagils og upp svo langt sem vatnsföll dei,a. Hann byggir þetta á makaskiptabrjefi frá 1398, sem je glæt fylgja hjer með í eptirriti. Ekki hefur hann frumrit þess merkjabrjefs, heldur eptirrit frá 1664. Auk þessa brjefs byggir eigandi Sámsstaða kröfu sína á því, að ábúandi Sámsstaða hafi um langan tíma við og við rekið upprekstur í umrætt land.

Móti því að Sámsstaðir eigi landið mælir aptur:

1. Hvítisíðingar úr Miðsíðu og Niðursíðu hafa frá ómunatíð, að því er mjer er ljáð, rekið fráfering sinn í þetta land fyrir norðan Kjarará, og aldrei verið að því fundið. Sje þetta satt, þá er það eitt nóg til þess samkvæmt Jónsb. landsleigub. 26 að helga upprekstrarfjelaginu landið, nema því aðeins að eigandi Sámsstaða hafi lögleg vitni til, að hann eigi það, en slík vitni hefur hann enn trauðlega komið með í áðurnefndu makaskiptabrjefi meðal annars af því það er óþinglesið.

2. Notkun sjálfs eiganda Sámsstaðanna á landinu hefur verið harðlega mótmælt á seinustu 20 árum því á fundi í Norðtungu 17. okt. 1873 hafa flestir helstu bændur í hlutaðeigandi hreppum, 52 að tölu, yfirlýst fullkomnum óhnektum eignar og óðalsrjetti sínum og eptirkomenda sinna á afrjettarlandi innan tiltekinna takmarka, og þar er Kjarará látin ráða merkjum að sunnan allt niður að Örnúlfstaðalandi. Þessi yfirlýsing, sem je glæt fylgja hjer með í eptirriti, var þinglýst 1874, hinn 18. maí í Norðtungu, hinn 19. maí í Hjarðarholti, hinn 20. maí á Sámsstöðum og hinn 15. júní á Dýrastöðum, og mótmælti því enginn nema á Dýrastaðþingi E. TH. Jónassen vegna Hjarðarholtskirkju. Með öðru skjali dags. s.d. og á sama stað (í Norðtungu 17. okt. 1873) hafa flestir hinir sömu bændur, og þó líka enn aðrir, svarist í eins konar fóstbræðralag, til þess með sameinuðum kröftum að verja þetta tiltekna afrjettarland sem sína eign gegn yfirgangi annarra.

Þessi tvö skjöl, sem eins og fyr er sagt, eru undirskrifuð af flestum eða öllum merkustu bændum í hlutaðeigandi hreppum, mönnum, sem voru gagnkunnugir öllum venjum hjer síðan um næstliðin aldamót, eða lengra aptur í liðna tímann, eru ekki þýðingarlítill vottur, bæði um venjuna og almenningsálitið að því er takmörk afrjettarlandsins snertir. Og þeir hafa allir verið á einu máli um það, að kannast ekki við, að Sámsstaðir ættu neitt land fyrir norðan Kjarará.

Sje nú þessi skoðun þeirra rjett, þá álit jeg, að Sámsstaðir hafi heldur ekki neinn selfararrjett fyrir norðan Kjarará. En af því að eigandi Sámsstaðanna hefur þó nokkuð til síns máls, hef jeg farið þann meðalveg í

---

landamerkjaskránni, að neita eignarjetti, en kannast við selfararjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará og einnig kannast við fullkomin veiðirjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará fyrir sínu landi því sá rjettur er vafalaus vegna venjunnar, að minni öllum. Ekki hef jeg enn fengið von um, að eigandi Sámsstaða skrifi undir svona lagaða landamerkjaskrá, og kemur þá seinna til skoðunar, hvort upprekstrarfjlagið vill lögsækja hann til lúkningar þrætunni.

[...]

Að öðru leyti er það ekki heppilegt, að jeg eigi mikið við að gjöra út um landamerki afrjettarlandsins, þar sem jeg er allsendis ókunnugur, öllum örnefnum og landamerkjum á heiðinni. Landamerkjaskrá þessa hef jeg því skrifað meir til þess að hrinda málinu dálítið áleiðis, heldur en að jeg búist við, að hún geti gilt óbreytt, og jeg geng fúslega að sjerhverri breytingu á henni sem jeg fæ góð rök fyrir. jeg hef talsvert hugsað um málið, leitað upplýsinga, og haft við það ekki svo litlar skriptir. Þykist jeg því sem hreppsnefndarmaður hafa að svo stöddu lagt minn skerf til þess að ráða landamerkjamáli þessu til lykta, og fel yður nú, herra oddvitar, framhaldið. Vonast jeg til, að þjer reynið að ná samkomulagi við sem flesta, er hlut eiga að máli, t.d. eigendur Örnúlfsdals, Helgavatns, Kvía o.s.frv. , umbætið landamerkjaskrána eptir því sem þjer hafið best vit á, undirskifið hana svo, og sendið hingað til undirskriptar. – Þyki yður þörf á að kveðja til fundar um málið, skal að forfallalaus ekki á mjer standa til að mæta, eða láta mæta fyrir hönd hreppsnefndarinnar hjer. Málið þarf úr þessu að hafa hraðan framgang. Auk þess sem það er eptir landamerkjalogunum bein skylda hreppsnefndanna, að gjöra landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandinu, þá er það einnig hin mesta fjelags nauðsyn, að það mál sje útkljáð, sem hægt er að sýna fram á, en jeg álit ekki þurfa á þessum stað.

[...] <sup>268</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar var undirritað 10. apríl 1890 og það var þinglesið 8. júní 1915:

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr<sup>269</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að

---

<sup>268</sup> Skjal nr. 4(76).

<sup>269</sup> Leiðrétt hér.



---

vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerki frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>270</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnkvísl (eldra nafn Syðri Þverárkvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í]<sup>271</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir Þverá á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámsstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarijett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámsstaði niður að gróf einni rjett fyrir (~~neðan~~) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>272</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Króksvatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er fyr er nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þveráhlíð á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~upprá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>273</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~)

---

<sup>270</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>271</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>272</sup> Innskot ofan línu.

<sup>273</sup> Leiðrétt hér.

---

niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>274</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðin Sámstaðir á:

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framanefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Siðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhlíðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>275</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann samþykkti það einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið undirritað af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálftrar Síðumúlarjarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar. Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju.

---

<sup>274</sup> Innskot ofan línu.

<sup>275</sup> Skjal nr. 2(7).

---

Á manntalsþingi að Sámstöðum 16. maí 1890 komu fram eigendur og ábúendur jarðanna Haukagils, Sámstaða og Gilsbakka og sýndu merkjalýsingar fyrir jörðum sínum og gátu þess jafnframt að þeim hefði ekki tekist að fá undirskriftir allra hlutaðeigenda undir þær:

Ár 1890, þann 16. maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Hvítársíðuhrepp sett að þingstaðnum Sámstöðum og haldið [...]

5. Var lesin merkjalýsing Þorgautsstaða.

[...]

7. Var lesin merkjalýsing Fljótstungu.

[...]

10. Eigendur og ábúendur jarðanna Haukagils og Sámstaða og presturinn að Gilsbakka sýndu merkjalýsingar fyrir jörðum þeim sem þeim ber að skrásetja merkjalýsingar fyrir, og gátu þess jafnframt að þeim hefði ekki tekist að fá samþykki undirskriptir allra hlutaðeigenda undir þær.

[...] <sup>276</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 segir í kafla um Þverárhlið:

Örnólfur hét sá, er fyrstur byggði Örnólfsdal, en af honum keypti Blund-Ketill, er áður bjó sunnan Hvítár, jörðina og bjó þar hinu mesta stórbúi, að því er Hænsna-Þóris saga segir, en aðrir telja Blund-Ketil son Örnólfs, og mun það réttara. [...] Býlið fór í auðn og hafði verið í eyði um ómunatíma, þegar þar hófst byggð aftur um 1670. Hafði þar verið sel frá Norðtungu, en fært innar í dalinn, er byggðin hófst aftur í Örnólfsdal, og var þar haft í seli fram á síðasta aldarfjórðung 19. aldar. Hænsna-Þóris saga segir, að margt bæja hafi verið þar „upp í frá“. Getur það ekki staðizt og varla verið þar nema einn bær (bær Örnólfs), en selfarir hafa ýmsir eignast þar snemma, t.d. Reykholt, er enn á þar selland, og Síðumúli, er átti þar fram á dalnum selför og skógarhögg. Var oft deilt um það og síðast fyrir um 50 árum. Handan árinna er selland frá Síðumúla, og var haft þar í seli lengi fram eftir. Eftir 1840 var búið þar árið um kring. Er sagt, að Sigríður, ekkja séra Þorsteins í Reykholti, hafi húsað selið á búskaparárum sínum í Síðumúla. Síðastur mun hafa búið þar Einar Bergþórsson (1882), er síðar bjó í Uppkoti í Norðurárdal. Heiðarvígasaga segir, að allir Síðumenn hafi átt selfarir á Kjarrardal. Jarðabók Árna Magnússonar telur upp sex bæi í Hvítársíðu, er selför eigi á Kjarrardal. Auk áður nefndra selja fram frá Örnólfsdal þekkjast enn á Kjarrardal Sámstaðasel, undan Sámstaðahöfða; Bjarnarstaðasel, undan Bjarnarstaðahöfða, og Gilsbakkasel á Gilsbakkaeyrum, öll norðan Kjarrár. <sup>277</sup>

---

<sup>276</sup> Skjal nr. 2(293) a-b.

<sup>277</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 51.

---

Þann 31. janúar 1960 gerðu eigendur Gilsbakka, Sámsstaða og Síðumúla leigusamning við upprekstrarfélag Þverárréttar um leigu þeirra á eignarlöndum sínum á Síðufjalli norðanverðu:

Við undirritaðir, Magnús Kristjánsson fyrir hönd upprekstrarfélags Þverárréttar, sem leigutaki, Sigurður Snorrason og Magnús Sigurðsson, eigendur Gilsbakka, Guðmundur Ólafsson, eigandi Sámsstaða og Andrés Eyjólfsson, eigandi Síðumúla, sem leigusalar, gerum með okkur svofelldan

#### L E I G U S A M N I N G :

1. Leigusalar leigja Upprekstrarfélagi Þverárréttar eignarlönd sín á Síðufjalli norðanverðu, sem takmarkast nú að vestan og sunnan af afréttargirðingu og nær austur að Skammá. Landið er eingöngu leigt til beitar, sem viðbót við núverandi afrétt.
2. Ársleiga fyrri landið er kr. 3000.00 –þrjú þúsund krónur-, er greiðist í gjalddaga 1. júní ár hvert.
3. Leigutaki og leigusalar, hver fyrir sig, hafa rétt til að segja samningi þessum upp með árs fyrirvara. Nú segir einn leigusali, eða fleiri, samningi þessum upp að sínum hluta og getur þá samningur þessi gilt fyrir þann hluta landsins, sem ekki hefur verið sagt upp og lækkar þá ársleigan samkvæmt þeirri skiptingu, sem á henni hefur verið gerð, nema um annað verði samið.

Gert að Gilsbakka, 31. janúar 1960.

Magnús Kristjánsson

Sig. Snorrason Magnús Sigurðsson

Andrés Eyjólfsson<sup>278</sup>

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993 kemur eftirfarandi fram í kafla um Hvítársíðu:

#### *Landið og landsnytjar*

[...]

Selja og selfarar á Kjarradal er getið í fornsögum og máldögum, og má ætla, að þau hafi snemma verið höfð þar báðum megin ár. Líklegt er, að í upphafi byggðar hafi heimalöndin í Hvítársíðu verið vaxin birkiskógi og því nauðsyn að koma búsmala til fjalls yfir sumarið, en upp á Kjarradal lægri víðikjör og viðráðanlegra að geyma þar málnytupenings. Selfararrétturinn norður ár virðist hafa verið þrískiptur. Neðst er selland Reykhólts. Í því er Reykholtssel og Norðtungusel. Munu ekki finnast heimildir fyrir því, að Norðtungu hafi átt þar selför, en talið, að selið hafi verið haft þar í leyfi Reykhólts. Reykholtskirkja átti einnig veiði í Kjarará fyrir sellandinu, en það nær fram að Neðsta-Rangagili. Þá tekur við Sámsstaðaselland að Vatnshnúkalæk og upp á fjallið á móti Kvíalandi. Sámsstaðasel er sunnan undir Sámsstaðahöfða. Innan

---

<sup>278</sup> Skjal nr. 4(56).

---

vatnshnúkalækjar tekur við selfararland Gilsbakka. Þar er Bjarnarstaðasel („í staðarins landi á Kjarradal“) við Bjarnastaðaselgil austan við Bjarnarstaðahöfða og Gilsbkkasel við Selgil innan við Gilsbakkaeyrar.

[...]

Talið er, að selfarir hafi lagst af á Kjarradal (og víða um land) seint á 18. öld, ef til vill um eða upp úr Móðurharðindunum. Í Síðumúlaseli, sunnan ár, var aftur haft í seli, eftir nokkurt hlé, þegar kom fram á 19. öld, og var það sel notað fram um 1880, þó með nokkrum hvíldum, enda var þá búið þar í nokkur ár. Svo segir Daníel Jónsson á Fróðastöðum í bændatali sínu um Hvítársíðu.

Ekki er talið líklegt, að selin norðan ár hafi verið notuð svo neinu nemi eftir lok 18. aldar. Hafa menn þá farið að nota sellöndin til upprekstrar, enda þurft að smala þau hvort eð var. Hafa Hvítsíðingar þá hætt upprekstri á Hellistungur og leitum þar. Þar með hefur upprekstur og leitarskylda færst að mestu í það horf, sem enn gildir, að Hvítsíðingar reka einir fénað sinn á Kjarradal, nema Syðstutungumenn í Stafholtstungum mega reka þangað stóðhross. [...]<sup>279</sup>

## 5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.5.1.1 Sámsstaðir

Landamerkjabréf Sámsstaða í Hvítársíðu er dagsett 1. maí 1890 og var þinglýst 24. maí 1897:

Að vestanverðu ræður Teigsá frá Hvítá upp í vestara Háafellsvatn. Þaðan liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará; svo ræður [Kjarará]<sup>280</sup> upp að Silungalæk, svo Silungalækur suður í Hvammsvatn. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan í vestur, og liggur vestur há Draga, sem vatnsföll deila, vestur í stóran stein, vestan til á Selsandinum. Steinninn er merktur LM. Frá steini þessum liggja merkin í há suður, ofan í miðjan Merkjahvamm við Hvítá. Svo ræður Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Teigsá. Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámsstöðum frá 1398, er talið, að Sámsstaðir eigi land fyrir ofan Kjarará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámsstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarará. Selland þetta er með þessum merkjum. Að vestanverðu ræður Merkigil (vestasta Rangagil) upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará. Auk lands þess sem liggur innan þessara

---

<sup>279</sup> Byggðir *Borgarfjarðar* III (1993), bls. 364-365.

<sup>280</sup> Innskot ofan línu.

---

merkja, eiga Sámstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkgili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá Þverlæk niður að Merkgili. Svo eiga Sámstaðir líka samkv. fyrnefndu kaupbrjefi Torfskurð yfir í Signýjarstaða-nesi og tveggja torfhrossa beit. Þessar jarðir eiga lönd að, Sámstaðalandi [Háafell að vestanverðu, frá Hvítá upp í] Háafellsvatn, og norðan að því, austur fyrir fremra Háafellsvatni. Þá Síðumúlaland, frá Háafellslandi austur að Kjarará, þar sem Þverlækur fellur í hana. Þá liggur norðan að Sámstaðalandi afrjettarlandi (þar í Sámstaðaselland), austur á móti Silungalæk. Þá tekur við fyrir sunnan Kjarrará Gilsbakkaland, og liggur austan að Sámstaðalandi suður í Hvammsvatn, og sunnan að því, vestur fyrir vestri endann á Hvammsvatni. Og svo Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms og Haukagilslönd, sem öll liggja sunnan að Sámstaðalandi, á svæðinu frá Hvammsvatni vestur að fyrnefndum merkjasteini vestan til á Selsandinum. Þá er Haukagilsland austan að því, niður í Hvítá. En fyrir sunnan Hvítá liggja Refsstaða, Hofstaða og Signýjarstaðalönd, sunnað að Sámstaðalandi.<sup>281</sup>

Guðmundur Guðmundsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Andrjessyni sóknarpresti á Gilsbakka vegna prestsetursins Gilsbakka og kirkjujarðanna Bjarnastaða og Kirkjubóls. Sem hreppsnefndaroddviti samþykkti hann einnig fyrir hið sameiginlega Þverárrettarupprekstrarland og gildi undirskrift hans einnig fyrir oddvita hinna þriggja hreppanna í uppreksrarfélaginu samkvæmt ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890. Bréfið var einnig samþykkt af Eyjólfvi Jóhannssyni ábúanda að Hvammi, J. Jónssyni eiganda Haukagils, Þiðriki Þorsteinssyni eiganda og ábúanda Háafells, Brandi Daníelssyni, Runólfi Þórðarsyni ábúanda á hálfum Síðumúla, en hann samþykkti einnig fyrir hönd Bjarna Jónssonar sem átti hálfu jörðina, Guðmundi Helgasyni fyrir hönd Reykholtskirkju og Guðna Ísleifssyni ábúanda Signýjarstaða.

### 5.5.1.2 Austurhluti Tvídægru

Sjá kafla 5.3.

### 5.5.1.3 Kvíar

Landamerkjabréf Kvía í Þverárhliðarhreppi er dagsett 5. maí 1890 og því var þinglýst tólf dögum síðar:

Landamerkjaskrá fyrir Kvíum [og Kvíakoti (sic)] í Þverárhliðarhreppi í Mýrasýslu.

Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnssteki frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot

---

<sup>281</sup> Skjal nr. 2(18).

---

í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina.-

Gagnvart Örnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir [sunnan]<sup>282</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárkvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótlandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.<sup>283</sup>

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía og Eggert Sigurðsson samkvæmt umboði eiganda Kvíakots skrifuðu undir landamerkjabréfið. Eftirfarandi aðilar samþykktu landamerkin vegna afréttarlands Þverárréttar: Gísli Einarsson oddviti Norðurárdalshrepps, Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Magnús Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi og Jón Tómasson oddviti í Stafholtstunguhreppi. Bréfið var einnig samþykkt af Eggert Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Þorsteini Hjálmssyni í umboði eiganda Norðurtungu, Jóhannesi Elíassyni eiganda hálfis Lundar, Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra og Sigmundarstaða, Sigurði Þorbjörnssyni eiganda hálfis Helgavatns, Þórunni Þorbjörnsdóttur eiganda hins helmings jarðarinnar og hálfis Lundar og Þorsteini Davíðssyni, umboðsmanni Odds Þórleifssonar í Dagverðarnesi og eiganda Grjóts. Þorsteinn skráði:

jeg [er] undirskrifaður samþykkur framanskriðuðum landamerkjum, og hlýtur þá samkvæmt því að breytast landamerkjalyking fyrir Grjóti, dags. 24. okt. 1884 og þinglesin 18. maí 1885, að því leyti sem hinn forni árfarvegurþar er látinn ráða merkjum kringum hólmann gagnvart Helgavatnsnesi.

#### 5.5.1.4 Reykholtsselland

Sjá kafla 5.6 Reykholtsselland.

### 5.6 Reykholtsselland

Í máldaga Þorlákur biskup Þórhallssonar fyrir Reykholtskirkju, frá því um 1185, er fjallað um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

---

<sup>282</sup> Innskot ofan línu.

<sup>283</sup> Skjal nr. 2(16).

---

[...] þar ligr til fim hluter. Grimsar alrar en þrir huerfa undan. nema | þat es [ec] mun nu telia. þat es hlaupa garþr alr. oc þrir hluter arenar fyr | norþan miþberg. en fiorgongren huerfr fra. þar fylger oc | fiorþongr haorgs hylar siþan es settungr es af teken oc ostemma | at rauða vats ose. þar fylgia hestar þrir enge verre an XIII anrar. | þar huerfr oc til selfor i kior meþ óveþe þeirre es þar fylger at | helfninge oc afretr a hrutafiarþar heþe. oc itoc þau es hun a. i faxa | dal. oc geitland meþ scoge. Scogr i sandale niþr fra selakkagile umb | scala tofst. gengr mark fyr neþan or steinom þeim es heita kloffningar | þeir standa við sandals o. ok þar up a fialsbrun. þar fulger oc scogr | i þuerarliþ at við þa til sels. torfscurþr i steinþors stapa land. Salds | sæþe niþr fort.<sup>284</sup>

Í Heiðarvíga sögu, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er lýst suðurför norðanmanna yfir Tvídægru með viðkomu í seljum á Kjarardal. Þar segir:

Nú ríði þér annan dag viku frá Njáls [í Gnúpsdal] ok farið tómliga; hafið náttstaði á heiðinni,“ – þá fekk hon þat nafn, at hon var Tvídægra köllud, – „ok skuluð koma til vígis þess hvárstveggja, er á heiðinni er, þá er þér farið suðr, ok séð, hvárt svá sé, sem ek segi yðr. Flói heitir á heiðinni, ok eru þar vötn stór; þat er í norðanverðum Flóanum vatn þat, er nes liggir í ok eigi breiðara at ofanverðu en níu menn megu standa jafnfram, ok deilir norðr vatnföllum til heraða várra ór því vatni; þangat vísa ek yðr til. En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síðr, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð til at taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnföll til heraða þeira ór því vatni.\* En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilöngum Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir þar dvalizk. Nú vættir mik, at þar komi þér nær eykt dags; þá skulu ríða tveir menn af liðu yðru ofan í herað þar ok eptir fjalli ok svá til brúar ok koma [eigi] til byggða fyrr en fyrir sunnan ána.<sup>285</sup>

Í máldaga Reykholtskirkju frá 1224 er fjallað um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

[...] þar liggir til fumm lutir grimsar allrar. en þrir huerfa vndan. nema þat er nu man ek telia. þat er hlupa garðr allr. oc þrir hlutir arinnar fyrir norðan miðberg. en fiordungrinn hverfr fra. þar fylgir oc fiordvngur haurks hylar. siðan er settungr er af tekinn. oc stæmma at rauða vatns ose. þar fylgia hestar. iij. oc ænge verre en fjorgtan aurar. þar hverfr oc til sel for j kior með a væiði er þar fylgir at helmingi og | afreit at rutafiarðar heiði. oc itok þau er hun a j faxadal. oc geitland með skogi. Skogr j sand dale niðr fra skalca gile vm skala toft gengr mark fyrir neðan vr steinum þeim er heita kloffningar. þeir standa við sand dals a oc þar vpp a fialls brun. þar fylgir oc skogr j þverar lið at við þa til sels. torf skurðr j steindors staða land. Salds sæði niðr foert.

---

<sup>284</sup> Skjal nr. 2(62).

<sup>285</sup> *Íslensk fornrit III*, Borgfirðinga sögur, (1938), bls. 283-284.



---

[...]

þa[u] ligia lönd til kirkiu. breiðabolsstaðr oc reykia land oc hoginde.<sup>286</sup>

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1358 segir m.a.:

[...] ad hun ä heimalannd allt. breidabolzstadi bäda. nordurreyki. häf. hæginnði. kiolvararstadi. hrijs hälf. gejtland allt. med skogi. peturz skog j nordärdal millum stackagils oc klofasteina. selfor j kjorr med skogi. afreit a rutafiardarheidi. torfskurd j steinþorsstada lande. tueggia mänada beit j faxadal. vndir ytra felli a stronndum halfann vidreka oc þridiung hualreka oc halft landid vr jnnra felli fiordunng hualreka og slijkt j ägoda sem vndir ytra felli. þridiung huortt. A munnadarnesi fiordung hualreka. ad kambi fiordung j hualreka. j byrgis vijk fiordung i hualreka.<sup>287</sup>

Í Vilchinsmáldaga fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1397 segir m.a.:

Pieturskirkia j Reykiahollti a Heimaland allt. Breidabolstade bäda.

Nordur reyki. Häf. Hæginde. Kiolvararstadi. Hrijs half. Geitland alltt med skogi. Pietursskog j Nordurardal millum Slakkagils oc Klofa. Selför i Kiör med skoge. Afriett æ Hrutafiardarheidi. torfskurd j Steinþorsstada jord. tueggia manada beit i Faxadal. [ ... ]<sup>288</sup>

Í máldaga Magnúsar biskups Eyjólfssonar fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1478 segir m.a.:

Peturskirkia j reykiahollte a heimalannd allt. hofstade. grijmstade nordurreyke. Breidamolstade báda. kopareyke. hraunsás. häf. hægennde. kioluararstade. hrijs half. Geittlannd allt med skoge. peturs skog j nordrardal j millum slackagilz oc klofa. selfor j kior med skogie. afrett a hrutafiardarheide. torfskurd j steinþorsstada jord. ij manada beit j faxadal. [ ... ]<sup>289</sup>

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Reykholtskirkju frá því um 1570 segir m.a.:

Kirkian i Reijkiahollte ä heimaland alltt. Jtem Breijdabolstad.

Nordur Reijke. Kialvarastade. Kopareijker. Grijmstade. Hofstade. Hraunzäs.

Gejttland alltt med skoge. Pieturzskög i Nordurärdal. millum Slackagils og Klofa.

Selfaur i Kiaur med skoge.

afriett i Hrutafiardar Heide.

torfskurd. i Steindorsstada Jaurdu.

---

<sup>286</sup> Skjal nr. 2(63).

<sup>287</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>288</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>289</sup> Skjal nr. 2(66).

---

tueggja mánadabeit i Faxadal.<sup>290</sup>

Varðveittir eru tveir vitnisburðir frá árinu 1596 um selstöðu Reykholts á Kjör þar sem getið er um landamerki:

Medkienne eg Gudne Þormods son med þessu mijnu opnu Briefe það eg hefe bued J Borgarfyrde sijdan eg kom nordan vr lande viij ar og xx á þessum jordumm, Sleggiulæk, Hiardarholte Sijdumula og minne eignar jordu Sámstöðum. Hefe eg vmm suo langann tijma alldre heyrte nein tuimæle áleika ad Reikhollt ætte ecke Selst[ödu] med lande og veide J Kiör. Jafnvel Reikholltz sel hid forna eda nedra sem hid fremra. Og eingin áklogun hefur á þui lande leiged huo[rke] af eignarmönnum Sijdumula nie leigulidumm medan jeg hefe tilvitad allt til þessa. nedan fra Skialldmeyar gile ad kallad er og framm ad Rángár gile. Suo og hefe eg ecke annars huxad eda hallded ad minnar [jar]dar land á Sámstodumm er liggur j kiör fyrer nordann framm læge samfast vid Reikholltz Selja land ad nedan ad rangár gile mótz vid mijna Jord. Bygde Sera Jón heitinn Einars son þessa selför þa [...] <sup>291</sup> hafde þar ecke sialfur ár j kring Jóna Jonssyne er bió á Þorgautzstöðum J morg ár. Og vandade þar eingin vmm. Og ecke [...] eg þar vmm neitt ad áklaga á medan eg bió J Sijdumula [...] hafda eg ecke annarstadar elldevidartak til sijdumula Sels hel[dur] enn suo sem adrer þeir sem fyrer mig voru fyrer nedan skia[lmeyer]ar gil. Jtem og ad Reikhollt ætte veide ad eins J Hnitbiorg. Og til sanninda hier vmm set eg mitt Innsigle fyrer þetta vitnisburdar Brief huört ad giefed og skrifad var J Reikhollte manudaginn fyrer hui[ta]sunu á áre eptir Gudz sonar hingad fæding m.d.xcvj.

Medkiennist eg Jón Jons son med þessu opnu Briefe það eg olst vpp hia mijnum födur J Gude sofnudumm á þorgautz stodumm J sijdumula sókn. ad hann hafde Reikholltz Sel á kiör til leigu ár [...] fyrer alla sijna peninga þa hann villde mótmælislaust og átölu[laust] af öllum mönnum suo vel þeim Sijdumula attu og þar biuggu [...] öllum ödrum vtifrá. af sera Jóna heitnumm Einars syne J xij ár og hans syne sera Bödvare Jons syne J iij ár. Suo hefe eg þar giorla til vitad xxxij ár. Og hefe þar alldre heyrte tuimæle ad það være annars enn eign kirkiunnar J Reikhollte med lande og skogie ofan ad skialldmeyar gile framm á mótz vid Sámstade fyrr enn nu fyrer tueimur arumm. Suo heyrda eg J mijnu vngdæme ad saa madur hefde bued á þorgautz stöðum sem heitid hefde magnus kalladur sterke mange. meina menn það mune vered hafa sijdan ein hundrad ár sá leigde Reikholltz sel hid forna med lande og veide. heyrda eg marga menn seigia J mijnu barndæme epter hans ordumm það hefde öllum þótt ad þetta Reikholltz sel stæde á skiæfle landz sijns. Og til sanninda hier vmm feste eg mitt Innsigli fyrer nedan þetta Brief

---

<sup>290</sup> Skjal nr. 2(67).

<sup>291</sup> Eyða, blað er aðeins skemmt á jaðri.

---

huört giefed og skrifad var J Reikhollte þann siötta sunnudag epter paska á áre epter Gudz sonar hingad fæding m.d.xc.vj.<sup>292</sup>

Bréf Árna Gíslasonar um að hann hafi fengið til árlegrar leigu selför þá, sem Reykholtskirkjumáldagi tekur til og eignar henni á Kjörinni, er dagsett 10. júní 1640 og hljóðar svo:

Kionnunst Eg arne gijslason. þad Eg hefe falad og feinged til aarligrar leigu af þeim fráma heidurzmanni sera Jone Baudvarssyne þad land edur selfor sem Reykholtz kyrkiu maaldagie til tekur og eignar henni aa Kiaurenne. svo hann presturinn og eg höfum vinsamliga og vel forlijkttz [og skulu öll] naaungleg skipte halldast. so hann sie ovijttur og hanz epterkomendur þar fyrer skadlauser ad medferd og Brukun mijn edur minna landseta. aa þeirri Reykholtzkyrkiu eign edur selför sie honum og hanz kirkiu hindrunarlaus og skadlaus j frammtijdenne. og ad kirkiunnar eign edur selfaur (huortt helldur er) sie ecki eignud þar fyrer til minna jarda edur þeirra þad brwka j minne heimilld. huar um vid kunnum betur og traustligar bwa sijdar ad betra tome. Til sannenda skrifast mitt nafn med eigenn hende hier under á ytra Holme þann 10 Junij Anno 1640.

arne gijslason

med Eh.

Þenna zedel skrifa eg þui (ex tempore) minn frome Sera Jon ad þar so fast um skrifed. enn eg kiemst þo ecki til so snart ad leita upp maaldagana þui verdur þetta nægiast til funda. Denuo valeat vir humanissimus.<sup>293</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 30. júlí 1643 er eigna kirkjunnar getið. Þar kemur m.a. fram að biskup óski þess af Jóni Bøðvarssyni að hann afli „skjallegra vitnisburða um landamerke stadarens og Jardanna...“. Þar segir:

30 Julij [1643] visiterud Soknen I Reykhollte effter ordinantionne. Reyndest I hæffelegann mäta Sijdan amint til Christelegs lærdoms og liffnadar etc. Þar næst þad I firre Visitatiu gleimdist nu Innteiknad so mikid sem ä vard minst ä þennann hätt.

Peturs kirckia I Reykhollte ä heimaland allt. Oskar Biskupenn aff S. Jöne Boduarssyne Skiallegra Vitnessburda um landamerke stadarens og Jardanna effter eignar eda heffdarvitnum ad til Skalholltz sendast mættu Innann 12 Manada sijdan Innfærast I Mäldaga. Jarder a kirckian þær er vppteiknadar voru allar ätölulausar Jaffnvel hraunsäs er þä var skriffadur [yffirstrikað: ad fornu fare So hun ä hann lijka ad fornu og nyu, enn] vmm Fell Skal effter Mäldógum Wilchins og herra Gijsla Jönssonar so skriffa, Vnder Ytra Felle ä stróndum halfann vidreka (og Þridiung hualreka Vilchin) og halfft Landed vnder Innra Felle. Fiördung hualreka og slijkt agöda sem Vnder ytra Felle

---

<sup>292</sup> Skjal nr. 2(45) a-b.

<sup>293</sup> Skjal nr. 2(47) a-b.

---

Pridiung huort. I Byrgiss vijk fiördung I hualreka. A Munadar nese Fiördung hualreka, ad Kambe fiördung I hualreka. Framar effter neffndum Mäldógum ä hun Geitland allt med sköge, Pietursskög i Norduraardal millum Slackagilz og Kloffa. Selför i Kiör med Sköge. Afrett I hrutafiardar heide. Torffskurd I Steinþorstada Jórdu tueggia Mánada beit I Faxadal.<sup>294</sup>

Í vitnisburði Guðrúnar Guðnadóttur um selstöðu Reykholtskirkju á Kjör frá 3. desember 1663 segir:

Anno 1633 þann 3 Dag decembris manadar votta e[g] og vidurkiennj Gudrun Gudnadotter med frijviliug og god samuitsku vmm Reykhollts selför og landareign j kiör ad eg hefi þar til vitad upp j xl og xvij ár betur og hef eg ei vitad adra menn þad bruka edur sier eignna enn Reykhollts stad halldara og þeir sem þar hafa þessa selstöðu liid. Fyrst vissa eg syra Jon s(áluga) Einar s[on] þessa selstöðu siálfur hafa og þar næst hans so[n] saluga syra Böduar Jonsson og salugi syra Böduar Jonsson bygdj hana mijnum Eignar manni Tumma Magnussyni og syra Jon Böduarsson epter hann. So vid haufdu[m] þessa selstöðu meir enn j xxx ár og golldit leigu epter þeim fedgum syra Böduare og syra Jonj hanz synj og hefe ei vitad nie heyrtt adra menn sier eigna átölu veita þessu landj á mille skialldmeyar gils og Rangárgils med landj og skoge og half aveidj mots vid sijdumula og til sanninda hier vmm handsala eg syra Jonj Böduarssyni þennann minn vitnis burd ad med fara og meirj skyrslu á giaura ef þörf krefur vottum áheyrandj.

Medkienum vid Þorbiörn Einarsson og Brinjulfur Jonsson ad Gudrun Gudnadotter gaf wt so latandj vitnisburd vmm Reykhollts selför og landamerke med halfri áveidj á kiör sem hier fyrer ofan skrifadur stendur ockur badum áheyrandj til merkis skrifum vid ockar nöfn hier vnder á sama árij og deigi sem vpphaflega greiner.

Þorbiörn Einarsson Briniulf[ur Jonsson]<sup>295</sup>

Halldór Jónsson prestur lögfesti „Reykholtskirkjueign, land eða selför“ á Kjör, þann 16. maí 1685:

Eg Halldor p(restur) Jonsson Logfeste her j dag Reikhollts kyrckju eign land edur selfaur, sem nefnd kyrckia á á kiorene, giörvallt land a midlum skialldmeyargyls og Rangargyls jtakalaust j allan mata med landi sköge og halfre aveide mots vid Sydumula.

Logfesti eg nynefndt Reikhollts k(ir)kju kiararland med þeim husum högum holltum skoge og veide og ollum landznytjum sem þessu lande fylgt hefur fylger, fylgia á og ma med riettu til ydstu ummerkia sem eru Skialldmeyargyl og Rangárgyl. Þessa Eign og land Reikhollts k(ir)kju logfeste eg ad ordfullu og logmale riettu fyrerbyd eg einum og sierhuorjum ser ad bruka yrckia edur nyta nema mitt sie lof edur leyfe til. Enn sieu þeir nockrer sem bera sig vid

---

<sup>294</sup> Skjöl nr. 2(162) a-b og 2(183) a-b.

<sup>295</sup> Skjal nr. 2(46) a-b.

---

her i mote ad mæla edur vilia sier eigna mitt edur minna i strax nefndu k(ir)kjunnar Reikholtz lande Logbyd eg þeim logmættar og riettar adgiorder er greindu male tilheyra i framme ad hafa og það i þann tyme sem log maled utvysar og akuedur ad vitne vir duglegs valldzmans j þuerarþynge jons Sigurdssonar og Erligra þyngmana er logfestu myna heyra.

Anno 1685 þann 16. majj ad settu manntalzþynge a Samstodum i Huytarsydu uplas göfugur profasturinn sr. Halldor Jonsson framanskrifud Lögfestu ord þyngsoknar mönnum aheirandi til merkes og stadfestu vnderskrifadra nofn sama stad ar og dag sem fyr seiger.

Jón Sigurdsson mpp.

Gudmundur Sigurdsson m.e.h. Are Þidrikzson med Eigin hende<sup>296</sup>

Í kafla um Reykholt í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708* segir m.a.:

Geldfjárupprekstur og afrjett á staðurinn á Geitlandi; staðurinn á og afrjett á Hrutafjarðarheiði, og fær hann afrjettartoll af Geitlandi, eitt lamb af rekstri, hvort sem eru fleiri eður færri.

[...]

Þessi ítök á staðurinn og hefur átölulaus:

Reka á Ströndum, í Trjekyllisvík, sem máldagarnir útvísa.

Veiði í Grímsá eftir máldögunum.

Selstöðu og land með skógi í Kjarradal og veiði fyrir landinu.

Afrjett á Hrutafjarðarheiði ut supra.

Tveggja mánaða beit í Faxadal og brúkast það fyrir selstöðu. Hann liggur fram af Flókadal í Hrísalandi, vide supra Hrísa.

Skóg á staðurinn á sinni jörðu Hraunsási, og brúkar staðurinn hann til kolgjörðar og eldiviðar. Raftviður má hjer heita þrotinn.

Enn eigna máldagar staðnum skóg í Sanddal til vissra ummerkja.

[...]

Selstaðan á Kjarradal er örðug yfir máta og langt yfir Hvítá að sækja.<sup>297</sup>

Þann 3. maí 1709 lögfesti Hannes Halldórsson Reykholt „med kyrkjunnar Heimalondum Jordum eignum og Itókum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 9 töluliðum og svo segir:

Logfeste eg ädurnefndt Beneficium Reikholt med Heimalande og ollum nefndum Jórdum, þeirra allra hus, Haga, Holt, lónd, löder, tódur, eingiar, Sköga, vótn, veidestade og allar eigner og landsnýtiar Sem þeim filger, filgt

---

<sup>296</sup> Skjal nr. 2(41) a-b.

<sup>297</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 230-231.

---

hefur og filgia ä med riettu til ydstu ummmerkia. Hier med og lika yferllyse eg þessum effter filgiande eignum ytókum Reikhollts kyrkiu og med liku skilyrde logfeste Geitland allt med lande og skoge midlum Geitär og Huýtär, Peters skög i Nordur är dal i Sanddale, midlum Sclakkagils og Klofa Steina er Standa vid Sanddalsä. Afriett a Hrutafiardar heide, Torfskurd i Steinþorstada Jord. Selfor i Kiör med sköge, lande og äveide midlum Skialldmeyar gils og Rängargils. Item logfeste eg fimm hlute lasveidar allrar [allrar ofan línu] i laxfosse i Gryms ä, þria hlute ärennar fyr nordan Midberg og fiordung Huors hiliar, Ös Stemmu ad Raudavatnsöse.

[...].<sup>298</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Reykholtskirkju frá árinu 1720 er getið um jarðir og ítök kirkjunnar. Þar segir m.a.:

[...]

Reikhollt Beneficium

Kyrkian ad Reikhollte a epter maldógunum þessar Jarðer og Itók, Hofstade, Brejdabölstade, Grijmstade, Kopareiki, Kialvarastade, Nordurreiki Hraunsäs, Hrys half og Bolastade halfa. Tveggia manada beit i Faxadal, selfor i Kiör med Skogie og äveidi, Fimm hluti Grymsär [strikað yfir orð] i Laxfosse, þria hluti ärennar fyrer nordan Midberg, fiordung Haurgs hiliar, Össtemu ad Raudavatnsöse, Geitland allt, afriett a Hrutafiardarheidi, Pietursskö i Sanddal Torskurd i Steinþorstodum Litlafell i Eyde, fiordung hvalreka, a Munadarnese, Kambe og Byrgesvyk.

[...]<sup>299</sup>

Hannes Halldórsson lögfesti „Reykholtskirkjueign, land eða selför“ á Kjör, þann 4. júní 1721:

Eg hannes halldorsson lögfeste her i dag [Reykhollts]<sup>300</sup> kyrkiu eign Land edur Selför sem hun á a Kiörenne [allt] land midlum skialldmeyar gils og Rangargils [jtaka]laust i allann mata. med lande skoge og [hal]fre [veide mots] vid Sydumula. Lögfeste eg nyneft Reykhollts [kirkjuland] med högum, holltum, skógie og veyde og öllum [lands]nytjum sem þessu lande fylgt hefur, fylger og fylgia á med riettu til ydstu umm merkia, sem eru Skialldmeyargil og Rängárgil. Fyrerbyd eg einum og sierhvorjum ser nefnda Reykhollts kyrkiu eign ad yrkia bruka edur ad nytia nema mitt sie lof edur leife til ad vitne allra þeirra er þessa mijna Logfestu heyra.

Bid eg vnderskrifadur Vyrdulegann kongl. Majestatis syslumann i Myra syslu Mons<sup>r</sup> Sigurd Sigurdsson þessa mijna Lögfestu a manntalsþyngi ad Sámstöðum ad upplesa þyngsoknar monnum áheyrande sokum minna [...]

---

<sup>298</sup> Skjal nr. 2(207) a-b.

<sup>299</sup> Skjal nr. 2(164) a-b.

<sup>300</sup> Texti víða mjög daufur í handriti.

---

hvar til eg gef honum mitt fullkomlegt umbod til merkis mitt underskrifad nafn og aþrückt venjulegt [signed].

Reikhollte þann 4. Junij. Hannes Halldorsson. L.S. Anno 1721.

Fyrer Riettenum upplest á Sámstödum d. 4. Junij 1721. Tester. S.Sigurdsson.<sup>301</sup>

Þann 29. október 1722 veitti Hannes Halldórsson prestur í Reykholti Brynjólfi Brandssyni umboð til þess að hafa eftirlit með landi kirkjunnar á Kjör. Í umboðinu segir:

Umbod Sem eg gefed hefe Bryniolfe Brandssyne yfer Kiarar Skögie

Epter því eg Sannreint hefe ed Skögur Sä Sem Reykhollts Kyrkia a Synu eiginn landi ä Kiórinni midlum Rängargils og SkialldMeyargils med riettu ä effter hennar mäldógum og myner forveriar Reikhollts stadar Halldarar langvarandi angurslaust brukad hafa, skule af nockrum ohlutvondum monnum än myns leyfis og vitundar hafa yrktur og brukadur verid. Enn eg minnar fiarlægðar vegna get ecki So til hans Sied sem þirffte. Þa bid eg Erligann mann Brynjolf Brandsson ad Þorgautstodum nefndan Reikholltskyrkiu skög, allann midlum Rängargils og Skialldmeyar gils minna vegna ad vakta sem kann fyrer annra manna yrke og äsælna, og mier til vitundar gefa nær vid það var verdur ad nockrer það giore än myns skriflegs leifis. Skal velnefndur Brynjolfur fyrer þetta Sitt ömak og voktun mitt fullkomlegt leifi hafa greindan Reikhollts Kyrkju skög sier til Kolgiórdar ad bruka, þo effter því sem i skogienum er skada minst helldur fornvidi enn ungvídi er i vexti vera kann, Lyka fauska sem vill Sier til elde vidar, So og skal honum Laxveidi sem kyrkian ad Helminge a vid Sydumula kyrkju i fyrrtiedu takmarke hier med heimil vera. Og skal þetta So leingi standa Sem ockur bädum hier um vel semur. Hvorju til frekari stadfestu eg mitt nafn hier underskrifa ad Reihollt þann 29 octobris Anno 1722 Hannes Halldorsson<sup>302</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 22. júní 1725 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Peters kirkia ad Reykhollte, ä epter mäldógum heimaland allt, þessar Jarðer, Hofstade Landskulld 1 hndr., Breidabolsstad Landskulld 1 hndr., Grymstade, Landskulld 1 hndr., Kialvararstade, Landskulld 90 äl., Köpareike, Landskulld 90 äl. Nordurreike, Landskulld 60 al., Hraunsäs, Landskulld 1 hndr., Litlafell i Trekillersvyk, nu i Eide, hálfa Bolastade, Landsk. 20 al., Hälfr Hrys, mötz vid Bæar kirkiu, Landsk. 20 äl. Effter Wilchins, Gysla Biskups Jönssonar Mäldógum, og enn þa effter enn vigtugre mäldaga ærid gömlum, sem liggur ä kirkiunne i Reykhollte, skrifadur ä membrana, (hvorn Veledla Assessor Arne Magnusson hefur läted ä Pappyr, accurate utcopera, og Stadfest, med sinu eigenn underskrifudu nafne, og annara Forstandugra manna, hvort

---

<sup>301</sup> Skjal nr. 2(42) a-b.

<sup>302</sup> Skjal nr. 2(209) a-b.

---

Apographum og so liggur ä kirkiunne) ä Hun (kyrkiann i Reikhollte) Geitland allt med Sköge, Petursskög i Nordurárdal, millum Sklachagils og Kolfa, Selfór i Kiór, med Sköge, afrett i Hrutafiardarheide, torfskurd i Steindorstada Jórdu, tveggia Mánadabeit i Faxadal, Item under ytrafelle ä Stróndum hálfann vidreka, og hálfitt land under Innrafelle, fiördung i Hvalreka, og slikt i ägöda sem under ytra Felle, þridiung hvórt, ä Munadar Nese fiördung i Hvalreka i byrgesvyk, fiördung i Hvalreka, ad Kambe fiördung i hvalreka, fimm hlute grymzär, enn þeir hverfa undann.

[...] <sup>303</sup>

Þann 9. júní 1732 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

Uttekt Kyrkiunnar og Stadarens i Reikhollte

Anno 1732 d. 9 Junij afhentu Profastarner Velehruverduger Sr Jon Halldorsson Elldre og Sr Torfe Halldorsson kyrkiuna og Stadenn i Reikhollte fyrir Hónd Erfingia Sins Sal. Brödurs Profastsens Sr Hannesar Halldorssonar nu hiä Gude hvýlanda; Enn Profasturenn velehuonsdigur Sr Finnur Jonsson Vidtök effter Sýnu Collationisbrefe, fanst hvórttveggia So ä sig komed sem effterfilger.

1° Kyrkiann ad Reikhollte ä effter mäldógumm, Heimaland allt; Þessar jarder: Hofstade, Breidaboolsstad, Grymstade, Kialvararstade, Köpareike, NordurReike, Hraunsaas, Litlafell i Trekillersvük, Halfa Bolastade, Half Hrýs motz vid Baiarkyrkiu; Hun ä Geitland allt med Sköge, Petursskög i Norduraárdal, millumm Sklachagils og Klofa, Selfór i Kiór med Sköge, afRett i Hrutafiardarheide, Torfskurd i Steindorsstada Jórdu, tveggia manada beit i faxadal, item under Itra felle ä Stróndum halfann VidReka og halft Land under innra Felle, fiordung i Hvalreka og Slikt i Agöda Sem under Itra Felle, þridiung hvórt, ä Munadarnese fiordung i hvalreka, i Birgesvyk fiordung i Hvalreka, ad Kambe fiördung i Hvalreka, fimm hluta Grymsaar, enn þrýr hverfa undann:

[...] <sup>304</sup>

Þann 20. maí 1739 lögfesti Finnur Jónsson staðinn Reykholt með eftirskrifuðum Reykholtskirkju „heimalóndúm, utlondúm, eýgnum og ítökum“. Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum og svo segir:

8. Logfeste eg þessar eigner og ítök Reikholltskirkju. Tveggia mänada beit ollum peninge i faxadal, þöreyartungur og Saudatungur, selfór i kiór med lande ollu og skögie mille Skialldmeyargils og rängärgils med halfre á veide a mots vid Sydumula. Petursskög i Sanddal mille Slackagils og klofa. Afriett a hrutafiardarheyde, torfskurd i Steinþorsstadaiórdu, fim hlute veydar i allre Gymsaa en þrýr hverfa frá hlaupagard og þriä hlute arenar fyrir nordan

---

<sup>303</sup> Skjal nr. 2(169) a-b.

<sup>304</sup> Skjal nr. 2(171) a-b.



---

midberg en fiördunguren hverfurf frá, fiördung hörhyliar og össtemu ä Reyðavatnsöse.

[...] <sup>305</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 12. ágúst 1751 er getið um eignir kirkjunnar.

Þar segir m.a.:

kyrkiann ad Reykhollte [ ... ] ä heimaland allt, Item þessar Jarðer, Hofstade, Breidabolstade, Grimsstade, Kialvararstade, Köpareyke, Nordurreyke, Hraunsäs, Bolastade hálfa, halft Hris möts vid Bæarkyrkiu, Effter Vilchins, Gisla Biskups Jonssonar mäldógum, og enn þä effter æred gömlum Maldaga sem liggur ä Kyrkiunne, Skrifadur ä membrana og af Sal. Assessor Arna Magnussyne accuraté ut coperudum ä pappir, ä Geitland allt med Sköge, Peturs-Skög i Nordurárdal, millum Sclackagils og Klofa, Selfór i Kiór med Sköge, og äreide, Afrett i Hrutafiardarheide, Torfskurd i Steindorsstada Jórdu, sem Stadarhalldarinn, Velæruverdugur Pröfasturinn Sr Finnur Jonsson, seiger nu sie því nær urgeingenn og litt brukande; Kyrkiann ä tveggia mänada beit i Faxadal, Item under Ytrafelle ä Stróndum hálfann vidreka, og halft land under Innra Felle, fiördung i Hvalreka og slikt i ägöda, sem under Ytra Felle Þridiung hvört; Þvi henne er eignad og so Litla Fell i Trekillersvijk bæde effter gömlum og nýum Visitatium. Hun ä Fiördung i Hvalreka ä Munadarnese, i Birgesvijk Fiördung i Hvalreka, ad Kambe Fiördung i Hvalrekam Fimm Hlute Grimsär, Enn þrir hverfa undan.

[...] <sup>306</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 7. september 1759 er getið um eignir kirkjunnar.

Þar segir m.a.:

Anno 1759 þann 7 Septembris Visiterud Kyrkian at Reikahollte. Hun a Heimaland allt. Item Þessar Jarðer, Hofstade, Breidabolstade, Grimsstade, Kialvararstade, KöpaReike, NordurReike, Hraunsäs, Bolastade hálfa, Hálf Hrys möts vid Bæar Kyrkiu; Effter Vilchins, Gisla Biskups Jonssonar Mäldógum, og enn þä effter æred gömlum Maldaga sem liggur ä Kyrkiunne skrifudum ä Membrana og af Säl. Assessor Arna Magnussyne accurate utcoperudum a Kyrkian Geitland allt med Skoge Peturs Skog I Nordurárdal millum Slackagils og Klofa Selfor I Kior med Skoge, og äveide. Afriett i Hruta Fiardar Heide, Torfskurd i Steindorsstada Jórdu, tveggia Manada beit i Faxadal. Item under Itrafelle a Strondum Halfan VidReka, og hálf Land under Innrafelli. Fiördung i HvalReka, og Slikt i Ägoda sem under Itrafelle. So og liggur Amptmanns og Biskups asamt bestu Manna Domur ä Kyrkiunne, Geingenn ad Þingvella þann 15 Julii 1757, sem seiger ad Kyrkiann skule eiga 2 hndr. I Minnafelle, og Rekann fyrer bädum Jórdunum. Nefnelega Stærra og Minnafelli, sovidt Vilchins Maldage uppa hliödar. Hun a fiördung HvalReka

---

<sup>305</sup> Skjal nr. 2(120) a-b.

<sup>306</sup> Skjal nr. 2(172) a-b.

---

a MundadarNese; I Byrgisvyk. Fiordung I HvalReka, ad Kambe Fiordung i HvalReka. 5 Hlute Grimsär, En 3 hverfa undann.

[...] <sup>307</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 12. júní 1781 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Anno 1781 d. 12 Junii visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Reikhollte, hun á Heimaland allt, item þessar Jarde Hoffstade, Breidabolstade, Grimsstade, Kialvararstade, Kópareike, Nordurreike, Hraunssás, Bolastade halfa, hálf Hrýs móts vid Bæar Kyrkiu; Effter Vichins Gisla Biskups Jonssonar Máldögum, og enn þá effter æred gömlum Máldaga sem liggur á Kyrkiunne skrifudum á membrana og Sal. Assessor Arna Magnussyne accurate utcooperadum, á Kyrkiann Geitland allt med Skógie, Peturs Skóg i Nordurárdal millum Slackagils og Klofa, Selför i Kiör med Skógie og Áveide. Afrett i Hrutafiardar Heide, Torfskurd i Steindórsstada Jórdu, tveggia Mánada beit i Faxadal, item under ytra Felle á Ströndum hálfann Vidreka, og halft Land under innra Felle. Fiórdung i Hvalreka og slikt i Ágóða sem under ytra Felle. So og liggur Amtm: og Biskups ásamt bestu manna Dómur á Kyrkiunne geingenn ad Þingvella þann 15 Julii 1757 sem seger ad Kyrkiann skule eiga 2 hndr. i Minnafelle og Reka fyrer báðum Jördunum nefnel. Stærra og Minnafelle sovidt Vilchins Máldage uppáhlióðar, hun á Fiórdung Hvalreka á Mundadarnese, I Birgersvik Fiórdung i Hvalreka, ad Kambe Fiórdung i Hvalreka, 5 Hlute Grimsár enn 3 hverfa undann.

[...] <sup>308</sup>

Þann 6. júní 1783 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

3. beheldur kyrkian ollu sinu Jardargodse eignum og itokum sem ritad finast i hennar maldogum nefnelega Jordunum, Hofstodum med 4 kugildum 12 hndr. Ls. Breidabolstodum 1 hndr. Lsk: og þremur kugildum Grimsstodum 1 hndr. Lsk: 3 kugyldum Kialvararstodum 100 al Lansk: a ad vera 1 hndr. kugylde 3 Kopareykium Lskuld 100 al, á ad vera Hundrad kugilde 3 Hraunssás Lskuld 1 hndr. kugylde 3 Bolastader halfer Lskuld 20 al. [al. ,ofan línu] kug: 2 Hrisar halfer Landskuld 28 al. kug: 2 Hægende bygt af heima lande L:sk. 60 al. kugylde 3 er þa allra Jardanna enn sem stendur Landskulda Upphædenn 29 Rxd Specie og 8 al: enn kugyldenn a Jordunum eru 29 Vantar þá 7 af þeim 36 sem kyrkiu Jordunum eiga ad fylgia og mr Jon Olavsson hefur ute ad Láta. Item á Kyrkian Geitland Petursskog i Nordurárdal millum Slackagils og Klofa, selför i Kiör med Skoge og Arreide, Afrette i Hrutafiardaheyde, Torfskurd i Steindorsstadalande, Under Itrafelle á Ströndum hálfann Vidreka og halft Land under Innrafelle so og liggur Amtmans og Biskups ásamt bestu manna dome a kyrkiunne geingenn ad Þingvella þann 15 Julii 1757 er seiger

---

<sup>307</sup> Skjal nr. 2(175) a-b.

<sup>308</sup> Skjal nr. 2(177) a-b.

---

ad kyrkiann skule eiga 2 hndr. i mina Felle og Rekan fyrer badum Jordunum neml. Stæra og mina Felle so vidt Vilchins máldage uppahlíodar, Hun a Fiórdung i Hvalreka a Munadarnesi, i Birke nesi Fiórdung i Hvalreka ad Kambe Fiordung i Hvalreka 5 Hlute veidar Grímsár nu 3 hverfa, item tveggia mánada beit i Faxadal,

[...] <sup>309</sup>

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 31. júlí 1827 er getið um eignir kirkjunnar. Þar segir m.a.:

#### Reykiaholts Kyrkja

Anno 1827, þann 31ta Julii, visiteradi Biskupinn yfir Islandi, Steingrímur Jónsson Kyrkiuna ad Reijkjahollte i Reykjaholtsdal. – Hún á Heimaland alt, item þessar Jarðir: Hofstadi, Breidabolsstadi, Grímsstadi, Kjalvararstadi, Kóparyki, Nordur Reiki, Hraunsás, Bolastadi hálf, hálf Hríis, móts vid Bæjar kyrkiu, efter Wilchins – Gísla Biskups Jónssonar máldögum, og ennþá, eptir ærid gömlum Máldaga, sem liggur á kyrkiunni, skrifadur á Membrana, og Sál: Assessor Árna Magnússyni accurate útcoperudum, á kyrkian Geitland alt med Skógi, Petursskóg i Nordurardal i millum Slakkagils og Klofa. Selför i Kjör, med Skógi og áveidi. Afrétt i Hrutafiardarheidi Torfskurd i Steindórsstada Jördu, 2ia Mánada beit i Faxadal; item undir Ytrafelli á Ströndum hálfan Reka vidar og hálf land undir Innrafelli; Fjórdung i Hvalreka og slíkt i agóda sem undir Ytrafelli, svo og liggur amtmanns og Biskups ásamt bestu manna Dómur á kyrkiunni genginn ad Þingvelli, þann 15da Julii 1757, sem segir, ad kyrkian skuli eiga 2 hndr. i Minnafelli, og Reka fyreir báðum Jördunum, nl: Stærra- og Minna-felli, sovidt Wilchins máldagi uppáhliódar. Hún a Fiórdung Hvalreka á Munadarnesi; I Byrgisvík Fjórdung i Hvalreka, ad Kambi Fjórdung i Hvalreka; 5 Hluta Grímsár, enn 3 hverfa undan.

[...]

Þessi eru Landmerki milli Reykholtskyrkiu-Eigna og annara Landa er á móti þeim liggia [...] 8<sup>o</sup> Landa merkia Itaksins á Kjörinni eru: Rángárgil, og Skjaldmeyárgil. – Þetta eru Landa merkin, er skrifad eptir Lögfestu biskups Dr. Finns Jónssonar af 20 Maji 1739, fyrir Stadnum Reykholti og Reykholtskyrkiu Heimalöndum og Utlöndum.

[...] <sup>310</sup>

---

<sup>309</sup> Skjal nr. 2(111) a-b.

<sup>310</sup> Skjal nr. 2(290) a-b.

---

Þann 27. apríl 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti allar eignir og ítök Reykholtskirkju innan Mýrasýslu. Þar segir:

Eg Þorsteinn Helgason Sóknarprestur að Reykholti og Stóra Ási í Borgarfirði og Beneficiátus Reykholtstaðar og Kalls – Lögfesti hérmeð í dag téds kalls jarðir, eignir og ítök liggjandi innan Mýrasýslu:

1. Húsafellsstað innan Stóraásssóknar, en Hvítarsíðuhrepps og Mýrasýslu, sem til kalls er lagdur í Reykholti með kóngsbréfi af 21. Aug. 1812 með þessum Landamerkjum Hvítá rædur að nordan allt að Ámóti, þá Geitá að austan og til Landsudurs, svo Lángt sem hagar taka, síðan vestur með Oki allt í Deildargil.
2. Geitland innan sama bygðarlags, sem er Land allt millum Geitár og Hvítár.
3. Selför í Kjör, með Landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rángargils, og áveidi að hálfu móts við Síðumúla í Kjarará fyrir því Landi og einkum í Hnitbjörg.
4. Pétursskóg í Norðurárdal í Sa[nd]dali millum Slakkagils og Klofa [gengr] mark fyrir nedan úr steinum þeim, er heita Klofníngur; þeir standa við Sanddalsá, og þar uppá Fjallsbrún, og þar með Skóg í Þverárlíð að víða til Sels.
5. Loksins Lögfesti eg einnig Húsafellsstaðar veidi ítök, nefnilega: Ceceliuvík í Arnarvatni stóra norðr á Arnarvatnsheiði og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka veiðar, svoframt Reykholt og Gilsbakkastaða-höldurum kemur saman um sá fyrri njóti þessa fyrir Húsafellsjörð móti því að inn [inn, ofan línu] síðari hafi þar fyrir Skógarhögg í Hagaskógnum á Húsafelli eins og lengi verið hefir. –

Lögfesti eg ofanefndur Reykholt Prestakalls jarðir, eignir og ítök innan Mýrasýslu, sem og hús og haga er þar til heyra, land og lódir, tödur og engjar, hrís og Skóga, vötn og veidistadi og allar Landsnytjar, hvörju nafni sem heita kunna, eptir því sem Framtalid er að fylgja og fylgt hefir og með réttu fylgja ber; lögfesti eg að ordfullu og lögmáli réttu, og byggji þessa mína lögfestu á eldgömlum máldögum kyrkjunnar, gömlum og nýum vitnisburdabréfum, Lögfestum Formanna minna í kallinu og vanalegri brúkun, fyrirbyð eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nýta nokkud af þessu, nema þess hafi lof og leyfi til, er stad heldur í Reykholti, leggjandi við allar þær sektir, er lög framast leyfa ef móti er giört, en tilbýð þeim laga atgjördir í frammi að hafa, er af þessari minni lögfestu vanhaldin þykist. Framanskrifadri lögfestu til stadfestu er mitt undirsett Nafn og Signet.

Reykholti dag 27 [strikað yfir: 8, og ofan línu skrifað: 7] 1837. Th. Helgason

Upplesid og protocollerad fyrir Manntals Þingsrétti að Nordtungu þann 27da apríl 1837: - og framkomu eingin motmæli. Testerar E.Sverrisson

---

gratis<sup>311</sup>

Þann 18. maí 1837 lögfesti Þorsteinn Helgason sóknarprestur að Reykholti staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum.“ Þar lögfestir hann jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum og svo segir m.a.:

9. Loksins lögfesti eptirfylgjandi útlönd eignir og ítök kyrkunnar í Reikholti. Tveggja mánaðabeit öllum peningi í faxadal er kyrkjan á í sínu Og Bæjarkyrkju landi að Hrísum, þá Saudatungur og Þóreyartungur allar; en það eru Þóreyartungur, er liggja millum Sandfellskvísla, framum Sandfell, og framí Saudabrekku fyrir vestan Fantófell og að Flókadalsá á norðurhlid; en milli Saudatúngu og Hrísalands, er kvísl sú er áður var getid. Þá lögfesti eg og einnig land við Reidarvatn austan frá drángshlíð og útundir Fossárflóa. Þarnaerst lögfesti eg selför í kjör með landi öllu og skógi millum Skjaldmeyargils og Rángargils og veidi að hálfu mótsvið Síðumúla í Kjarará fyrir því landi og einkum í Hnitb[jörg] og þar með skóg í Þverárlíð að vidi til sels. Þá Petursskóg j Sanddal [í Norður]árdal millum Slakkagils og Klofa; gengur mark fyrir nedan úr steinum þeim er heita Klofníngar; þeir standa við Sanddalsá, og það uppá fjallsbrún. afrétt á Hrutafjardarheidi. [afrétt á Hrutafjardarheidi ofan línu] þá torfskurd í Steinþórsstadalandi og sáldssæði nidur fært.

[...]

Að síðustu lögfesti eg og einnig Húsafellsjardar veidiítök: nefnilega: Cecilíuvík á Arnarvatnsheidi á Arnarvatni stóra og tveggja manna ífar í allar Gilsbakka veidar, svoframt Reykhólts og Gilsbakka stadahöldurum kemur saman herum; njóti sá enn fyrri þessa móti því, að enn sídari hafi þar fyrir skógarhögg í hagaskógum að Húsafelli, eins og áður var.

Lögfesti eg fyrrgreindan stad Reykholt með hérað framantöldum löndum, heimalöndum, kyrkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum, ásamt allri eigninni fylgjandi 6 kír og 19 ásaudarkúgyldi, sem og allra þeirra jarda hús og haga, lönd og lódir, tödur og eingjar, hrís og skóga, vötn og veidistadi, reka og allan ágóða, hverju nafni sem heita kann, eptir því sem framtalid er að fylgi, fylgt hefur og með réttu fylgja ber, og byggi sérhvört ord og grein þessarar lögfestu minnar á eldgömlum máldögum kyrkunnar, gömlum og nýum vitnisburdabréfum og lögfestum formanna minna í kallinu. Lögfesti eg að ordfullu og lögmáli réttu; fyrirbýd eg einum og sérhverjum að brúka eða sér að nota nokkud af þessu, nema þess hafi lof eða leyfi, er stad heldur í Reykholti; og einkum tilnefni eg hér fjall-land Reykhóltsstadar, Þóreyar- og Saudatúngur, og það land, sem þar er á fjalli uppi. Fyrirbýd eg nálægra sveita bændum og innbúum, að reka þángad hross sin eða fé, nema mitt sé leyfi til, leggjandi við allar þær sektir, er lög framast leyfa, ef hér á

---

<sup>311</sup> Skjal nr. 2(121) a-b og (249).

---

móti er gjört, en tilbýd þeim lagaatgjördir í frammi að hafa á lögligum stad og tíma, er af þessari minni lögfestu þykist vanhaldinn sé sá nokku.<sup>312</sup>

Lögfestan var upplesin í manntalsþingsrétti að Heggstöðum þann 19. maí 1837, að Lundi þann 20., Sturlureykjum 22. og að Hofstöðum 23. sama mánaðar. Henni var mótmælt á Lundarþingi af prestinum séra B. E. Guðmundssyni að því er varðaði Þóreyjartungur.

Svarbréf Steingríms biskups Jónssonar til Thorsteins E. Hjálmarsen, prófests í Mýrprófastsdæmi, dags. 4. apríl 1842, um Kjör, Örnólfsdal, Kjarardal ofl. hljóðar svo:

Í tilskrifti af 4. janúar þ.á. með þrem fylgiskjölum nl: copium af bréfi yðar til propriatarius P. Jónssonar í Norðtungu, dat. 2. sept. 1840, hans svari til yðar þann 24. des. f.á. og bréfi prestsekkjunnar Mad(a)me S.P. Helgesen í Síðumúla til yðar, dat. 13. ágúst f.á., hafa yðar velæruverðugheit beðið mig um upplýsingar, sem hér kynnu að finnast við biskupsarkívið áhrærandi Örnólfsdal, sem Norðtungu- og Síðumúlakirkjur eftir máldögum eigna sér sinn hálfan hvör.

Áður þann 22. nóv. f.á. hefi ég sendt yður Extract að Vilchins- og Gíslamálsdögum yfir Norðtungukirkju og nú legg ég hér við Extract af sömu máldögum eftir Síðumúlakirkju. Biskupavísitasíur fylgja orðrétt máldögum, en hér við vil ég gjöra fáeinar athugasemdir.

1. Hvortveggi máldagar Vilchins og Gísla tileinka ótakmarkað Norðtungukirkju hálfan Örnólfsdal í Kjör. Hvað þetta í Kjör takmarkar eða þýðir veit ég ekki. En leiði mér í grun, hvort það sé ekki áin Kjör = Kjarrá eða Kjarará í hvörri Síðumúlakirkja á veiði að helmingi við staðinn í Reykholti. Og þá þýddi máske þetta Kjör = til Kjarará, eða að ánni Kjör. Ellegar og að Kjör sé plátz eða dalur svo nefndur í gamla daga innan vissra takmarka, relatir<sup>313</sup> minna en allur Örnólfsdalur, en af því ég er allsókunnugur Kjarardal og Örnólfsdal og allri þeirri innbyrðis-afstöðu, þori ég hér ekkert um að segja, en vil vísa yður ef leið ættuð, eða aðrir til að skoða þessa dali, að nákvæmlega væri samborið það sem skrifað var í landnámu Kh. útg. 1774, 4<sup>to</sup>, p. 53-6 sérílagi p. 55 hvar báðir þessir dalir eru nefndir undireins, og líka hrískjör og smáskógar millum Kjarrár og Þverár.

2. Í Árna Magnússonar jarðabók er Örnólfsdalur talinn Norðtungukirkjújörð. Dyrheð uvis. Landsk. 80 al. för 60 al. Qvigildi 4 för 5. Skov til ildebrand og kulsviar. Flugumýri, hjáleiga [í] öðe.

Annó 1754, Dyrheð 10 hdr, Landsk. 80 al. qvilder 4.

---

<sup>312</sup> Skjal nr. 2(288).

<sup>313</sup> Latína. Hér virðist þetta orð *relatir* eiga að vera *relata/relatia*, miðað við samhengi textans, og því misritað í skjalinu. Í þessu samhengi á *relata/relatia* að þýða tíltölulega smærri eða hlutfallslega smærri, að minni hyggju.

---

Annó 1759, Dyrheð 10 hdr, Landsk. 80 al. qvilder 4.

Hér í móti er þess ekki getið að Síðumúlakirkja eigi hið minnsta í þessum Örnólfsdal, heldur er henni því einasta eignuð kirkjujörðin Fróðastaðir 20 hdr, með 1 hdr. Landskuld og 6 qvilder, [Fróðastaðir] 1753 20 hdr, með 1 hdr. Landskuld og 6 qvilder, [Fróðastaðir] 1759 20 hdr, með 1 hdr. Landskuld og 6 qvilder.

3. Þetta um byggingu Örnólfsdals, sem Norðtungukirkjujarðar, kemur heim við það sem stendur í einni vísitasíu Mag. Jóns Árnasonar 8. ág. 1725. Kirkjan í Norðtungu á hálfan Örnólfsdal, og svo *intra parenthis*<sup>314</sup> (jörðin þar byggist nú með 80 al. Landsskuld).

Í Síðumúlavísitasíu 20. sept. s. ár hefir kirkjan þetta hið vanalega kirkjan á item: hálfan Örnólfsdal í Kjör.

4. Að jörðinni Sleggjulæk í Á. Magnússonar jarðabók er eignuð selstaða á Örnólfsdal, mun hér ekkert þéna til upplýsinga.

Af þessu sjá yðar velæruverðugheit hvílfkt vandhæfi það mundi vera fyrir yður eða mig að svo komnu að skera úr þessu Síðumúlakirkju-tilkalli til þess hálfá byggða bæjar Örnólfsdal sem Norðtungukirkja hefur haldið svo lengi átölulaust og á meðan ekki er heldur fundinn sá rétti skilningur á hálfan Örnólfsdal í Kjör.

Laugarnesi, þann 4. Apríl 1842,

Steingrímur Jónsson

Til

prófasts síra Th. E. Hjálmarsen<sup>315</sup>

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá árinu 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar segir m.a.:

Eign Reykholtskirkju er heimastaðurinn með Háfkotslandi, Breiðabólstaðir, Grímstaðir, Kjalvararstaðir, Kópareykir og Hægindi sem er staðarins heimaland, ½ jörðin Hrísv(ersus) Hrísar í Flókadal, ½ Bolastaðir sem nú eru í eyði, Hofstaðir, Norðurreykir, Hraunsás og Húsafell síðan það með kóngsbrefi af 21<sup>ta</sup> august 1812 var lagt undir Reykholt sem kirkjujörð.

Þar segir einnig:

---

<sup>314</sup> Latína. Hér er *intra parenthis* misritað. Ætti að skrifast *intra parenthesis*, sem þýðir bókstaflega „innan sviga“.

<sup>315</sup> Skjal nr. 2(102) a-b.

---

Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana (nm.: hér átt við Reykholtsmáldaga) á Reykholtskirkja þessi ítök: Geitland allt með skógi sem er land allt milli Hvítár og Geitár, Pétursskóg í Sanddali í Norðurárdal milli Slakkagils og Klofa, selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlamenn, einkum í Hnitbjörg, afrétt á Hrutafjarðarheiði, torfskurð í Steindórstaðajörðu, tveggja mánaða beit í Faxadal, Þóreyjartungur allar milli Sandfellskvísla og Flókadalsár á norðurhlíð.<sup>316</sup>

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholts, þar segir m.a.:

Meðal margra hlynninda er talin 5/8 partar laxveiðar í Grímsá; þó telur prestur í bréfi til sýslumanns 15. Septembr 1844 þar að auki, eptir máldögum og óátöldum lögfestum: tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; Sauðatungur og Þóreyjartungur allar; land við Reyðarvatn, austan frá Drángshlíð og út undir Fossárflóa; selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rángárgils, og þar með skóg í Þverárhlíð; Pétursskóg í Sanddal; afrétt á Hrutafjarðar heiði; [...] Geitland allt með skógi; hálfá veiði móti Síðumúla í Kjarará »fyrir sellandinu á Kjörinni og einkum í Hnitbjörg« [...]»<sup>317</sup>

Þórarinn Kristjánsson prófastur að Reykholti endurnýjaði lögfestur prófastanna Halldórs Jónssonar og Hannesar Halldórssonar fyrir ítaki Reykholtskirkju í Kjör þann 7. maí 1868:

Eg Þórarinn prófastur Kristjánsson prestur að Reykholti í Borgarfirði

kunngjöri hérmeð og endurnýja framanritaðar, ómótmæltar lögfestur prófastanna Halldórs Jónssonar og Hannesar Halldórssonar fyrir ítaki Reykholts kirkju í Kjörinni, og er þeim samhljóða í því atriði lögfesta Biskups Dr. Finns Jónssonar frá 20. Maí 1739. Lögfesti eg nú einnig með bréfi þessu samkvæmt máldögunum og biskupavísitatum, seinast vísitatu Steingríms biskups Jónssonar frá 31. Júlí 1827, selför Reykholts kirkju í Kiörinni, sem er land allt milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils með tilheyrandi gögnum og gæðum sem fylgt hafa og fylgia eiga með réttu, ítakalaust í allan máta, með skógi og áveiði að helmingi mótsvið Síðumúla; fyrirbyð eg öllum mönnum að brúka, yrkja eða hagnýta sér á nokkurn hátt áminnst land og réttindi Reykholts kirkju, nema mitt sé lof og leyfi til, eða sannar heimildir framkomi frá réttum umráðendum téðrar kirkju á undan mér, undir fullkomna ábyrgð, skaðabætur og sektir, eptir ákæru og málssókn að lögum.

Til staðfestu er eginhandar nafn mitt og innsigli.

Reykholti, 7. Maí 1868.

P.Kristjánsson

---

<sup>316</sup> Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 294.

<sup>317</sup> Skjal nr. 4(62).



---

L.S.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu hinn 18<sup>da</sup> Mai 1868, og hreifdu allir nálægir sveitarbændur mótmælum gegn gildi þessarar lögfestu, og þeirra framanskrifudu, að svo miklu leyti þær tileinki Reykholtts kirkju annann edur frekari rétt í nefndu landi, en tiltekid er í máldögum biskupanna Þorláks Þórhallasonar, Wilchins og Gísla Jonssonar.

[...] <sup>318</sup>

Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti lagði fram kæru fyrir sáttanefnd Hvamms- og Norðtungusókna þann 4. júlí 1868. Kæran sneri að því að leigjandi sellands Reykholtskirkju á Kjör, óðalsbóndinn að Norðtungu Hjálmur Pétursson, greiddi ekki leigu:

Óðalsbóndinn að Norðtungu, herra hreppstjóri og alþingismaður Hjálmur Pétursson hafði á næstliðnu sumri 1867, eins og að undanfögnu selstöðu í Kjör milli Skjaldmeyargils og Rangárgils, sem er það selfararland er máldagarnir eigna Reykholtskirkju og vissi eg ei betur en að hann gerði þetta eptir áður fengnu leyfi formanna minna, og gildi árlega 20 álna leigu eptir. En þá eð hann ekki virtist að ætla að gera mér nein skil í þessu tilliti hreifði eg við hann þessu máli við samfundi í vor, og vildi hann ekki gjalda neitt, en mótmælti þaráofan heimild Reykholtts kirkju fyrir landinu án þess að hann þó eignaði sér það sjálfum; og hefur hann svo aptur í sumar flutt í selið, og brúkar landið og nytjar þess og skógarleifar, einsog áður, í óleyfi mínu og fullu forboði, auglýstu með lögfestu minni fyrir áminnstri selför, með landi, skógi og hálfri áveiði móts við Síðumúla, dagsettri 7. Mai mán. þ. á. og upplesinni fyrir manntalsþingsrétti að Norðtungu 18. s. m.

Eg leyfi mér því hérmeð þénustusamlega að biðja hina heiðruðu Sáttanefnd, sem hlut á að máli, að kalla nefndan herra Hjálm Pétursson fyrir sig á hentugum stað og tíma, ásamt sjálfum mér til þess að reynt verði að koma á sættum milli okkar, þannig að hann borgi mér hæfilegt eptirgjald fyrir brúkan sellandsins næstliðið ár, og taki hjá mér lagaheimild fyrir því eptirleiðis [...]

Reykholti, 4. Júlí mán. 1868

Þ.Kristjánsson <sup>319</sup>

Gerð var sátt vegna sellands Reykholtskirkju þann 23. júlí 1868 sem var eftirfarandi:

[...]

Ár 1868 fimmtudaginn þann 23. Júlí mættu fyrir sættanefndina í Hvamms og Norðtungusókna sáttaumdæmi samkvæmt framanskrifaðri ákæru prófastur hr. Þ. Kristjánsson í Reykholti og alþingismaður Hjálmur Pjetursson í Norðtungu og varð í milli þeirra svo látandi sætt: að herra Hjálmur Pjetursson tekur til

---

<sup>318</sup> Skjal nr. 2(43) a-b.

<sup>319</sup> Skjal nr. 2(48) a-b.

---

umráða rjettindi Reykholtskirkju: selför í Kjör samkvæmt máldögnum sem prófastur Þ. Kristjánsson meinar að sje land allt milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils með skógi og hálfri áveiði móts við Síðumúla fyrir árlega þóknun, frá fardögum 1868 að telja, 10 (tíu) álnir í landaurum, eptir hvers ár verðlagsskrár meðalverði meðan umráð þessi haldast.

Sættargjörðin sem var bókuð í sættamálabókinni var undirskrifuð af kæranda og ákærða. Samkvæmt sáttabók Norðurárdals og Þverárhlíðar sáttaumdæmis vitnum við undirskrifaðir forlíkunarmenn.

Þ.Stefánsson                      Þorbiörn Sigurdsson<sup>320</sup>

Þórarinn Kristjánsson, prestur að Reykholti og héraðsprófastur Borgarfjarðarsýslu, tilkynnti þann 1. ágúst 1868 að hann hefði samkvæmt sátt frá 23. júlí eftirlátið og byggt Hjálmi Péturssyni, óðalsbónda og hreppstjóra á Norðtungu, ítak Reykholtskirkju selför í Kjör með tilteknum skilmálum. Byggingarbréfið hljóðaði svo:

Þórarinn Kristjánsson prestur að Reykholti og héraðsprófastur í Borgarfjarðar sýslu

Kunngjörir: að eg samkvæmt sáttargjörð frá 23. Júlí þ.á hefi eptirlátið og byggt, einsog eg með bréfi þessu eptirlæt og byggi herra Alþingismanni, óðalsbónda og hreppstjóra Hjálmi Péturssyni á Norðtungu ítak Reykholtskirkju: Selför í Kjör, er eg meina – og er fús til að sanna að lögum – að sé land allt milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils, ítakalaust í allan máta, með skógi og áveiði að helmingi móts við Síðumúla, til allrar venjulegrar og réttar leiguliða brúkonar og afnota, frá fardögum 1868 með epterfylgjandi skilmálum:

1. að hann hreinsi og verji land þetta, með því fylgjandi réttindum, gögnum og gæðum, eins og þörf er, og geri lögskil af því, ef nokkur eru, endurgjaldslaust, samt haldi því til ystu ummerkja dyggilega undir hefð og umráðum sínum og Reykholtskirkju, og líði egnum leyfislaust að nota það á nokkurn hátt eða áseilast, og því síður helga sér það án vitundar beneficiarii nefndrar kirkju.
2. að hann brúki skógarló þá sem eptir er í landinu, með sem mestri hlífð og hagsýni fyrir seinni tíð, og gæti einnig nauðsynlegs hófs, og vareygðar viðvíkjandi veiðinni í ánni þegar hann reynir að nota hana, einsog trú og ráðvundur umboðsmaður.
3. að hann, einsog áskilið er, greiði mér, eða prestinum að Reykholti, í árlegt eptirgjald 10, tíu álnir, er lúkast að liðnum fardögum, í peningum eptir gildandi verðlagsskrá í Mýra sýslu.

Þannig er Selför Reykholtskirkju í Kjör, með skógi og áveiði heimil velnefndum herra Hjálmi Péturssyni fardaga árið 1868–69, og eptirleiðis

---

<sup>320</sup> Skjal nr. 2(48) a-b.

---

meðan hann og umráðamaður Reykholts kirkju verða þarum ásáttir, og meðan hann heldur vandlega alla ofangreinda byggingarskilmála, þó ber honum að taka sellandið árlega heima fyrir sumarmál, eða segja því lausu á sömu tíð, og þá jafnframt hætta að brúka það, og flytja sel sitt burtu. Verði skilmálar þessir vanhaldnir, eða ef meðferð hans á ítakinu reynist í einhverju tilliti vítaverð, missir hann umráðarétt sinn yfir því.

Til staðfestu er eginhandar nafn mitt og innsigli

Reykholti, 1. August 1868

P.Kristjánsson

L.S.

Framanskrifað undirgengst og samþykkir

Hjálmur Pjetursson

L.S.

Samkvæmt framanrituðu byggingarbréfi hefur herra alþingismaður H. Petursson árlega borgað uppsett eptirgjald 10 alnir eptir gildandi verðlagsskrá í Mýra sýslu og tekið selförina í Kjörinni milli Skjaldmeyargils og Rangárgils, og nú hefur hann síðast borgað tédar 10 alnir fyrir fardaga árið 1871–72 með 2<sup>rdl.</sup> 63s. og tekið selförina heima til fardaga 1873.

Reykholti, 16. Júní 1872.

P.Kristjánsson<sup>321</sup>

Í lýsingu á Reykholtskirkju frá 27. nóvember 1868 segir eftirfarandi um selför á kjör:

Beneficiarius hefur uppgötvað og innheimt, aptur flest áriðandi eignarskjöl kirkjunnar, sem vontuðu við síðustu úttekt 1. Juli 1867, en sum þeirra eru geymd við skjalasafn Biskupsins, þar á meðal máldagabókin á skinni (bréf Biskups dagsett [eyða] sem fylgir embættisskjölunum. Selförin í Kjörinni, sem í 13. ár hefur ekkert verið galdið eptir, þótt hún hafi brúkuð verið alla þá tíð af Norðtungumönnum leyfislaust, er lögfest undir staðinn (lögfestan dags. 7. Mai 1868, þinglýst að Norðtungu 18. s.m.), og síðan er hún byggð alþingismanni Hjálmi Péturssyni á Norðtungu fyrir 10. tíu álna árlegt eptirgjald með reglulegu byggingarbréfi dagsettu 1. Aug: 1868, samkvæmt löglegri sáttargjörð frá 23. Júlí s.á. Hin önnur ítök kirkjunnar eru og notuð, og leigð og yfirhöfuð í góðri hefð haldin, þótt arðlítill séu.

Reykholti, 27. Nov: 1868 P. Kristjánsson.<sup>322</sup>

Þann 20. júlí 1872 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a:

C. Fasteignir kirkjunnar eru:

---

<sup>321</sup> Skjal nr. 2(44) a-b.

<sup>322</sup> Skjal nr. 2(166) a-b.

- 
1. Hofstadir med 3 og ½ kúgilldi hvar af ½ er eign afhendanda. Landskuld 4 saudir gamlir. Byggingarbrjef dagsett 31 Janúar 1871.
  2. Breidabólstadir med 4 kúgildum. Landskuld 4 saudir gamlir. Byggingarbrjef 14. des 1861.
  3. Grímstadir med 3 kúgildum landskuld 4 saudir gamlir. Byggingarbréf stadfest 15 Nov. 1870.
  4. Kjalvararstadir med 3 kúgildum landskuld 3 saudir gamlir og 1 specia. Byggingarbréf stadfest 14. Júní 1872.
  5. Kópareykir med 3 kúgildum. Landskuld 2 saudir gamlir og 2 ditto vetur gamlir. Byggingarbréf 28. Maí 1868.
  6. Hægindi med 2 kúgildum. Landskuld 2 saudir gamlir. – Byggingarbrjef 31 Jan 1871.
  7. Nordurreykir med 2 kúgildum. Landskuld 2 saudir 2 vetrir og 1 ditto veturgamall. Bygg. bréf 28 Mai 1868.
  8. Hraunsás med 3 kúgildum. Landskuld 4 saudir gamlir. Byggingarbrjef 28 Mai 1868.
  9. Húsafell med 4 kúgildum. Landskuld 4 saudir gamlir ad haustlægi. Byggingarbrjef 8 Mai 1845.
  10. Hrísar ½ med 1 kúgildi. Landskuld 1 saudur gamall.
  11. Bolastadir ½ í eydi eru byggdir med Nr. 1 eptirgjald 1 saudur veturgamall og 2 rd 48 s.

[...]

Itök kirkjunnar eru:

1. Selför í Kjör milli Skjaldmeyargils og Rangárgils, eptirgjald 10 al. Byggingarbr. 1 Agust 1868.
2. Fjallland. Þóreyartungur og Sandatúngur eptirgjald 3 Rdl. byggingarbréf 2. juni 1870.
3. Hálf land undir Innrafelli á Ströndum með tilheirandi trjá og Hvalreka einnig undir Ytrafelli eptirgjald 3 rdl. byggingarbr. 28 apr. 1868.
4. Land vid Reidarvatn, austan [í forriti stendur: ustan] frá Drángthlíð og útum Fossárflóa eptirgjald 4 rdl. byggingarbréf 3. júní 1868.
5. Geitland, það er land allt milli Hvítár og Geitar eptirgjald 1 kind veturgömul, byggingarbr. 30. jún[í] 1868.
6. Fimm hlutir allrar veidi í Grímsá enn 3ir hverfa frá og árstemma að Reidarvatnsósi brúkað og hefðað undir stadin af fráfarandi beneficiario med Lögfestu 11 Mai 1869.<sup>323</sup>

---

<sup>323</sup> Skjöl nr. 2(113) a-b og 2(170) a-b.

---

Árið 1876 lögfesti Þórður Þórðarson Jónassen staðinn Reykholt með eftirnefndum kirkjunnar „heimalöndum, kirkjujörðum, útlöndum, eignum, ítökum og landsnytjum“. Þar er ekki minnst á selför í Kjör.<sup>324</sup>

Í bréfi Þórðar Þ. Jónassonar til Hjálms Péturssonar í Norðtungu, dags. 27. maí 1878, fjallar hann um byggingu Hjálms í sellandi Reykholtskirkju og fyrirbýður það:

Til Hjálms Péturssonar í Norðtungu.

Reykholti 27. maí 1878.

Pareð eg hefi heyrt, að þér ætlið, eða séuð þegar búinn, að gjöra býli úr sellandi Reykjaholts kirkju á Kjörinni sem eg hefi leigt yður fyrir Selstöðu undanfarin ár, hlýt eg ef þetta er satt, að leggja mitt blátt bann gegn slikum afnotum Sellandsins og ef þér viljið ekki hætta við að byggja það eða þér hafið þar aðra menn en Selmenn yðar um sumar tíman eða Seltíman að slíta leigumála okkrum nú þegar frá næstu fardögum. Svar yðar verð eg vera búinn að fá fyrir Hvítasunnu, því ella byggi eg sellandið öðrum.

Vinsamlega

Þórður Þ. Jónasson<sup>325</sup>

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu, dags. 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Útskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkji Hjarðarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjarðarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitu mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburðum nje venju, og hefur inni að halda rángar setningar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjarðarhlots kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjarðarholtskyrkja eigi

---

<sup>324</sup> Skjal nr. 2(289) a-b.

<sup>325</sup> Skjal nr. 2(49) a-b.

---

„Laufshaga,“ „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjardarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur i hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkjilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjeraðs sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjardarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjardarholts hafa alt til þessa sjálfir álitíð það ómerkt eða Rángleátt.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi Hjardarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþíngi að Hjardarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inní afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþínginu.

Þá er það sjerílægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjardarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerílægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjardarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísu vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausu Eignarrjetti vorum og allra þeyrra sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýríngar yfirlísu vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvijaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvammisland að löndumm Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndumm Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstúngulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og

---

Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettu 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd haf verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísuðum vjer hinum sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjarrjett þeyrra sem tilheyir tjeðum afrjetti. – Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjeðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnyttjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjeðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annan hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skóggi) skorum vjer á hvern þann að auglisa þann rjett á Löglegann hátt og opinberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærast í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplesist á næstkomandi Mantalsþingum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. oktober 1873.

[Undirskriftum sleppt hér, alls 52 sem skrifa undir].

Rjett afskrift af fundargjördinni vottar

Svarfhóli 8. Desember 1873

Björn Asmundsson.<sup>326</sup>

Bókunin var þinglesin á manntalsþingum fyrir Þverárhliðarhrepp 18. maí 1874, fyrir Stafholtstungnahrepp 19. maí sama ár, fyrir Hvítarsíðuhrepp 20. maí sama ár og fyrir Norðurárdalshrepp 15. júní 1874.<sup>327</sup>

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu abúendur í Hvítarsíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár, samtök til verndar afrjettarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nofn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afrjettarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt

---

<sup>326</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>327</sup> Skjöl nr. 2(250) a-b, (257), 2(258) og 2(259).

---

hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlíð, og Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfirráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilka eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhlíðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30. (þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>328</sup>

Magnús Andrésson á Gilsbakka sendi oddvitum Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf, dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdu bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinnna hluta upprekstrarlandsins. Þar segir m.a.:

---

<sup>328</sup> Skjal nr. 4(94).



---

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Pverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

[...]

Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft.

1. Reykholtskirkja á eptir máldögunum selför á tilteknu svæði og áveiði. Minna en þetta er ekki auðið að viðurkenna, þar sem máldagarnir, hinir löggiltu, eru annars vegar, en meira en þeir til tiltaka, álit jeg ekki koma til mála, að kannast við, og þótt notkunin hafi stundum frá Reykholtis hálfu verið meiri, þá hefur henni á seinustu 20 árum verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873.

[...]

Að öðru leyti er það ekki heppilegt, að jeg eigi mikið við að gjöra út um landamerki afrjettarlandsins, þar sem jeg er allsendis ókunnugur, öllum örnefnum og landamerkjum á heiðinni. Landamerkjaskrá þessa hef jeg því skrifað meir til þess að hrinda málinu dálítið áleiðis, heldur en að jeg búist við, að hún geti gilt óbreytt, og jeg geng fúslega að sjerhverri breytingu á henni sem jeg fæ góð rök fyrir. jeg hef talsvert hugsað um málið, leitað upplýsinga, og haft við það ekki svo litlar skriptir. Þykist jeg því sem hreppsnefndarmaður hafa að svo stöddu lagt minn skerf til þess að ráða landamerkjamáli þessu til lykta, og fel yður nú, herra oddvitar, framhaldið. Vonast jeg til, að þjer reynið að ná samkomulagi við sem flesta, er hlut eiga að máli, t.d. eigendur Örnúlfsdals, Helgavatns, Kvía o.s.frv. , umbætið landamerkjaskrána eptir því sem þjer hafið best vit á, undirskifið hana svo, og sendið hingað til undirskriptar. – Þyki yður þörf á að kveðja til fundar um málið, skal að forfallalausum ekki á mjer standa til að mæta, eða láta mæta fyrir hönd hreppsnefndarinnar hjer. Málið þarf úr þessu að hafa hraðan framgang. Auk þess sem það er eptir landamerkjälögunum bein skylda hreppsnefndanna, að gjöra landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandinu, þá er það einnig hin mesta fjelags nauðsyn, að það mál sje útkljáð, sem hægt er að sýna fram á, en jeg álit ekki þurfa á þessum stað.

[...] <sup>329</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Pverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar, er dagsett 10. apríl 1890 og því var þinglýst 8. júní 1915:

---

<sup>329</sup> Skjal nr. 4(76).

---

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr<sup>330</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerki frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>331</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki um Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnskvísl (eldra nafn Syðri Þverárkvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í]<sup>332</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir Þverá á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámsstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámsstaði niður að gróf einni rjett fyrir (~~neðan~~) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>333</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Krókswatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

---

<sup>330</sup> Leiðrétt hér.

<sup>331</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>332</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>333</sup> Innskot ofan línu.

---

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er fyrir nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlíð á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~uppfrá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>334</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>335</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfarrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelogið á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhlíðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>336</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann samþykkti það einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið undirritað af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni

---

<sup>334</sup> Leiðrétt hér.

<sup>335</sup> Innskot ofan línu.

<sup>336</sup> Skjal nr. 2(7).

---

vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálfrar Síðumúlajarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámsstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar.

Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju með eftirfarandi athugasemd:

Með þeirri athugasemd að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará, samþykkir stjórnarráðið fyrir sitt leiti landamerkjaskrá þessa.<sup>337</sup>

Þann 22. desember 1941 seldi og afsalaði kirkjumálaráðherra veiðiítaki því sem prestssetursjörðin Reykholt átti í Þverá (Örnólfsdalsá) til bóndans í Síðumúla:

Kirkjumálaráðherrann gerir með bréfi þessu kunnugt:

Að hann selur hérmeð og afsalar til Andrésar bónda Eyjólfssonar frá Síðumúla veiðiítak því, er prestssetursjörðin Reykholt í Borgarfjarðarsýslu á í Þverá (Örnólfsdalsá) í Mýrasýslu fyrir kr. 400.000- fjögur hundruð krónur -, er kaupandi hefir greitt að fullu.

Lýsi ég hann því réttan og löglegan eiganda að nefndu veiðiítaki.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1941.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson (sign)<sup>338</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 segir í kafla um Þverárhlið:

Örnólfur hét sá, er fyrstur byggði Örnólfsdal, en af honum keypti Blund-Ketill, er áður bjó sunnan Hvítár, jörðina og bjó þar hinu mesta stórbúi, að því er Hænsna-Þóris saga segir, en aðrir telja Blund-Ketil son Örnólfs, og mun það réttara. [...] Býlið fór í auðn og hafði verið í eyði um ómunatíma, þegar þar hófst byggð aftur um 1670. Hafði þar verið sel frá Norðtungu, en fært innar í dalinn, er byggðin hófst aftur í Örnólfsdal, og var þar haft í seli fram á síðasta aldarfjórðung 19. aldar. Hænsna-Þóris saga segir, að margt bæja hafi verið þar „upp í frá“. Getur það ekki staðizt og varla verið þar nema einn bær (bær Örnólfs), en selfarir hafa ýmsir eignazt þar snemma, t.d. Reykholt, er enn á þar selland, og Síðumúli, er átti þar fram á dalnum selför og skógarhögg. Var oft deilt um það og síðast fyrir um 50 árum. Handan árinna er selland frá Síðumúla, og var haft þar í seli lengi fram eftir. Eftir 1840 var búið þar árið um kring. Er sagt, að Sigríður, ekkja séra Þorsteins í Reykholti, hafi húsað selið á búskaparárum sínum í Síðumúla. Síðastur mun hafa búið þar Einar Bergþórsson (1882), er síðar bjó í Uppkoti í Norðurárdal.

---

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>338</sup> Skjal nr. 9(3).

---

Heiðarvígasaga segir, að allir Síðumenn hafi átt selfarir á Kjarradal. Jarðabók Árna Magnússonar telur upp sex bæi í Hvítársíðu, er selför eigi á Kjarradal. Auk áðurnefndra selja fram frá Örnólfsdal þekkjast enn á Kjarradal Sámsstaðasel, undan Sámsstaðahöfða; Bjarnarstaðasel, undan Bjarnarstaðahöfða, og Gilsbakkasel á Gilsbakkaeyrum, öll norðan Kjarrár.<sup>339</sup>

Þann 25. júní 1979 seldi og afsalaði Andrés Eyjólfsson í Síðumúla veiðiítaki í Þverá (Örnólfsdalsá) til Eyjólfssonar bónda í Síðumúla:

Ég undirritaður, Andrés Eyjólfsson, Síðumúla í Hvítársíðuhreppi, í Mýrasýslu, sel hér með og afsala til Eyjólfssonar bónda í Síðumúla, veiðiítaki því, sem prestsetursjörðin í Reykholti í Borgarfjarðarsýslu átti í Þverá (Örnólfsdalsá) í Mýrasýslu, og ég keypti 22. desember 1941, er ég fékk afsalsbréf Kirkjumálaráðuneytisins.

Kaupverðið er kr. 1.45.000.- og er að fullu greitt.

Því lýsi ég Eyjólf Andrésson réttan og löglegan eiganda að nefndu veiðiítaki.

Borgarnesi, 25. júní 1979.

Vottar:

Ásgeir Magnússon

Andrés Eyjólfsson (sign)

Eva Eðvarsdóttir<sup>340</sup>

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993 kemur eftirfarandi fram í kafla um Hvítársíðu:

#### *Landið og landsnytjar*

[...]

Selja og selfarar á Kjarradal er getið í fornsögum og máldögum, og má ætla, að þau hafi snemma verið höfð þar báðum megin ár. Líklegt er, að í upphafi byggðar hafi heimalöndin í Hvítársíðu verið vaxin birkiskógi og því nauðsyn að koma búsmala til fjalls yfir sumarið, en upp á Kjarradal lægri víðikjör og víðráðanlegra að geyma þar málnytupenings. Selfararrétturinn norður ár virðist hafa verið þrískiptur. Neðst er selland Reykholtis. Í því er Reykholtssel og Norðtungusel. Munu ekki finnast heimildir fyrir því, að Norðtungu hafi átt þar selför, en talið, að selið hafi verið haft þar í leyfi Reykholtis. Reykholtskirkja átti einnig veiði í Kjarará fyrir sellandinu, en það nær fram að Neðsta-Rangagili. Þá tekur við Sámsstaðaselland að Vatnshnúkalæk og upp á fjallið á móti Kvíalandi. Sámsstaðasel er sunnan undir Sámsstaðahöfða. Innan vatnshnúkalækjar tekur við selfararland Gilsbakka. Þar er Bjarnarstaðasel („í

---

<sup>339</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 51.

<sup>340</sup> Skjal nr. 9(4).

---

staðarins landi á Kjarradal“) við Bjarnastaðaselgil austan við Bjarnarstaðahöfða og Gilsbkkasel við Selgil innan við Gilsbakkaeyrar.

[...]

Talið er, að selfarir hafi lagst af á Kjarradal (og víða um land) seint á 18. öld, ef til vill um eða upp úr Móðurharðindunum. Í Síðumúlaseli, sunnan ár, var aftur haft í seli, eftir nokkurt hlé, þegar kom fram á 19. öld, og var það sel notað fram um 1880, þó með nokkrum hvíldum, enda var þá búið þar í nokkur ár. Svo segir Daníel Jónsson á Fróðastöðum í bændatali sínu um Hvítársíðu.

Ekki er talið líklegt, að selin norðan ár hafi verið notuð svo neinu nemi eftir lok 18. aldar. Hafa menn þá farið að nota sellöndin til upprekstrar, enda þurft að smala þau hvort eð var. Hafa Hvítarsíðingar þá hætt upprekstri á Hellistungur og leitum þar. Þar með hefur upprekstur og leitarskylda færst að mestu í það horf, sem enn gildir, að Hvítarsíðingar reka einir fénað sinn á Kjarradal, nema Syðstutungumenn í Stafholtstungum mega reka þangað stóðhross. [...]<sup>341</sup>

### 5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.6.1.1 Reykholt

Landamerkjabréf Reykhólts var útbúið 12. mars 1898 og það var þinglesið 8. júní sama ár. Þar er merkjum Reykhólts með Háfslandi, Breiðabólsstað, Grímsstað og Norður-Reykjum, lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Svo segir:

Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

1. Veiði í Grímsá. Það eru fimm áttundu hlutar veiðarinnar í ánni allri með þessum undantekningum. Reykhollt á allan Hlaupagarð (þar er nú heita Strengir), þrjá fjórðunga árið fyrir norðan Miðberg (þar er nú heitir Myrkhylur), fimm tuttugustu og fjórðu hluta af Hörgshyl og enn ós stemmu að Reyðarvatnsósi að öllu.
2. Selför á Kjör, með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.
3. Geitland allt. Það er land milli Geitár og Hvítár.
4. Skóg í Þverárhlið, að síðu til sels.
5. Afrétt á Hrutafjarðarheiði.
6. Skóg á Sanddal á Norðurárdal (Pétursskóg), milli Slakkagils og Klofninga. Skógr sá er nú gjöreyddur.
7. Torfskurð (mótak) í Steindórsstaðalandi.

---

<sup>341</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 364-365.

- 
8. Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal. Mun vera hið sama og það, er síður hefir opptast verið kallað selför á Hælsheiði.

[ ... ]<sup>342</sup>

Þann 23. maí 1908 fór fram úttekt á stað og kirkju í Reykholti. Þar segir m.a.:

Ár 1908, 23. maí, var prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi, Jón Sveinsson, staddur að Reykholti til þess samkvæmt boði biskups með bréfum 9. október f.á og 8. þ.m., að taka út prestakallið úr hendi prófasts Guðmundar Helgasonar, sem fengið hefir lausn frá embætti, í hendur síra Einars Pálssonar, sem 2. þ.m. er veitt Reykholtsprestakall.

[...]

C. Ítök o.fl. og kirkjujarðir.

1. Eftir máldögum kirkjunnar og öðrum heimildarskjölum fylgja kirkjunni eða prestakallinu þessi ítök:

Hvalrekar á Ströndum: Undir Innra og Ytrafelli þriðjungur hvalreka, á Munaðarnesi, Kambi og í Byrgisvík fjórðungur hvalreka. Af hvalrekum þessum er enginn arður.

Laxveiði í Grímsá.

Selför í Kjör með skógi og áveiði, [strikað yfir: og Slægjur í]

Viðarreki undir Innra og Ytra Felli og hálf land undir Innra Felli.

Afrétt á Hrutafjarðarheiði, ónotuð vegna fjarlægðar.

Geitland alt með skógi. Skógurinn eyddur.

Skógur í Þverárhlið að viðá til sels.

Selför í Hálsheiði (í Faxadal í Hrísalandi).

Torfskurður í Steindórsstaðajörð.

Pétursskógur í Sanddal; gjöreyddur.

Öll þessi ítök eru talin í máldögum kirkjunnar, en eigi öll viðurkend og þar á meðal [talin-meðal, ofan línu; strikað yfir: óatalin, nema] torfskurðurinn í Steindórsstaðajörð, sem eigi er viðurkendur af eiganda þeirrar jarðar. Ítökin eru flest ónotuð vegna fjarlægðar og gefa eigi af sér arð, nema þessi sem öðrum eru leigð þannig:

Laxveiðin í Grímsá árl. kr. 200.00

Veiði í Kjarrá árl. kr. 20.00

Viðarreki undir Innri og Ytri Felli árl. kr. 6.00

Gjalddagi leigunnar fyrir Grímsá er í [strikað yfir: 2.] maí ár hvert. Hefir fráfarandi veitt leigunni móttöku í ár.

---

<sup>342</sup> Skjal nr. 2(286).

---

[...] <sup>343</sup>

### 5.6.1.2 Sámstaðaselland

Landamerkjabréf Sámstaða í Hvítársíðu er dagsett 1. maí 1890 og því var þinglýst 24. maí 1897:

Að vestanverðu ræður Teigsá frá Hvítá upp í vestara Háafellsvatn. Þaðan liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará; svo ræður [Kjarará] <sup>344</sup>upp að Silungalæk, svo Silungalækur suður í Hvammsvatn. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan í vestur, og liggur vestur há Draga, sem vatnsföll deila, vestur í stóran stein, vestan til á Selsandinum. Steinninn er merktur LM. Frá steini þessum liggja merkin í há suður, ofan í miðjan Merkjahvamm við Hvítá. Svo ræður Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Teigsá. Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámstöðum frá 1398, er talið, að Sámstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará. Selland þetta er með þessum merkjum. Að vestanverðu ræður Merkigil (vestasta Rangagil) upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará. Auk lands þess sem liggur innan þessara merkja, eiga Sámstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkigili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá Þverlæk niður að Merkigili. Svo eiga Sámstaðir líka samkv. fyrnefndu kaupbrjefi Torfskurð yfir í Signýjarstaða-nesi og tveggja torfhrossa beit. Þessar jarðir eiga lönd að, Sámstaðalandi [Háafell að vestanverðu, frá Hvítá upp í] Háafellsvatn, og norðan að því, austur fyrir fremra Háafellsvatni. Þá Síðumúlaland, frá Háafellslandi austur að Kjarará, þar sem Þverlækur fellur í hana. Þá liggur norðan að Sámstaðalandi afrjettarlandi (þar í Sámstaðaselland), austur á móti Silungalæk. Þá tekur við fyrir sunnan Kjarrará Gilsbakkaland, og liggur austan að Sámstaðalandi suður í Hvammsvatn, og sunnan að því, vestur fyrir vestri endann á Hvammsvatni. Og svo Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms og Haukagilslönd, sem öll liggja sunnan að Sámstaðalandi, á svæðinu frá Hvammsvatni vestur að fyrnefndum merkjasteini vestan til á Selsandinum. Þá er Haukagilsland austan að því, niður í Hvítá. En fyrir sunnan Hvítá liggja Refsstaða, Hofstaða og Signýjarstaðalönd, sunnað að Sámstaðalandi. <sup>345</sup>

---

<sup>343</sup> Skjal nr. 2(173) a-b.

<sup>344</sup> Innskot ofan línu.

<sup>345</sup> Skjal nr. 2(18).



---

Guðmundur Guðmundsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Andrjessyni sóknarpresti á Gilsbakka vegna prestsetursins Gilsbakka og kirkjujarðanna Bjarnastaða og Kirkjubóls. Sem hreppsnefndaroddviti samþykkti hann einnig fyrir hið sameiginlega Þverárréttarupprekstrarland og gildi undirskrift hans einnig fyrir oddvita hinna þriggja hreppanna í upprekstrarfélaginu samkvæmt ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890. Bréfið var einnig samþykkt af Eyjólfvi Jóhannssyni ábúanda að Hvammi, J. Jónssyni eiganda Haukagils, Þiðriki Þorsteinssyni eiganda og ábúanda Háafells, Brandi Daníelssyni, Runólfi Þórðarsyni ábúanda á hálfum Síðumúla, en hann samþykkti einnig fyrir hönd Bjarna Jónssonar sem átti hálfu jörðina, Guðmundi Helgasyni fyrir hönd Reykholtskirkju og Guðna Ísleifssyni ábúanda Signýjarstaða.

### 5.6.1.3 Kvíar

Landamerkjabréf Kvía er dagsett 5. maí 1890 og því var þinglýst tólf dögum síðar:

Landamerkjaskrá fyrir Kvíum [og Kvíakoti (sic)] í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu.

Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnssteki frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina.-

Gagnvart Örnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þverárafjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir [sunnan]<sup>346</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárkvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mættast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótlandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.<sup>347</sup>

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía og Eggert Sigurðsson samkvæmt umboði eiganda Kvíakots skrifuðu undir landamerkjabréfið. Eftirfarandi aðilar samþykktu landamerkin vegna afréttarlands Þverárréttar: Gísli Einarsson oddviti Norðurárdalshrepps, Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Magnús Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi og Jón Tómasson oddviti í

---

<sup>346</sup> Innskot ofan línu.

<sup>347</sup> Skjal nr. 2(16).

---

Stafholtstunguhreppi. Bréfið var líka samþykkt af Eggert Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Þorsteini Hjálmsyni í umboði eiganda Norðurtungu, Jóhannesi Elíassyni eiganda hálfis Lundar, Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra og Sigmundarstaða, Sigurði Þorbjörnssyni eiganda hálfis Helgavatns, Þórunni Þorbjörnsdóttur eiganda hins helmings jarðarinnar og hálfis Lundar og Þorsteini Davíðssyni umboðsmanni Odds Þórleifssonar í Dagverðarnesi eiganda Grjóts. Þorsteinn skráði:

jeg [er] undirskrifaður samþykkur framanskriðuðum landamerkjum, og hlýtur þá samkvæmt því að breytast landamerkjalyking fyrir Grjóti, dags. 24. okt. 1884 og þinglesin 18. maí 1885, að því leyti sem hinn forni árfarvegur þar er látinn ráða merkjum kringum hólmann gagnvart Helgavatnsnesi.

#### 5.6.1.4 Síðumúlaselland

Sjá kafla 5.7 Síðumúlaselland.

### 5.7 Síðumúlaselland

Síðumúlakirkju, er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.<sup>348</sup>

Í Heiðarvíga sögu, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er lýst suðurför norðanmanna yfir Tvídægru með viðkomu í seljum á Kjarardal. Þar segir:

Nú ríði þér annan dag viku frá Njáls [í Gnúpsdal] ok farið tómliga; hafið náttstaði á heiðinni,“ – þá fekk hon þat nafn, at hon var Tvídægra köllud, – „ok skuluð koma til vígis þess hvárstveggja, er á heiðinni er, þá er þér farið suðr, ok séð, hvárt svá sé, sem ek segi yðr. Flói heitir á heiðinni, ok eru þar vötn stór; þat er í norðanverðum Flóanum vatn þat, er nes liggir í ok eigi breiðara at ofanverðu en níu menn megu standa jafnfram, ok deilir norðr vatnföllum til heraða várra ór því vatni; þangat vísa ek yðr til. En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síðr, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð til at taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnföll til heraða þeira ór því vatni.\* En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilöngum Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir þar dvalizk. Nú vættir mik, at þar komi þér nær eykt dags; þá skulu ríða tveir menn af liðu yðru ofan í herað þar ok eptir fjalli ok svá til brúar ok koma [eigi] til byggða fyrr en fyrir sunnan ána.<sup>349</sup>

Í Vilchinsmáldaga fyrir Síðumúlakirkju frá árinu 1397 segir m.a. um eignir hennar:

Mariukirkia i Sydumvla a land [að] frodastodumm. leiga ccc.

---

<sup>348</sup> Skjal nr. 2(287).

<sup>349</sup> *Íslensk fornrit III*, Borgfirðinga sögur, (1938), bls. 283-284.

---

xvij kyr oc vj ær oc hest.

veidi j Kiarra ad helmingi vid stadinn j Reykiahollti millumm þverlækjar og Skialldmeyargils.

[...]

kirkiann a lakeik. altaraklædi v. messuklædi tvenn, smelltann kross. Mariuskript. mvnnlaugar ij. bokakista. glodarkier. elldberi. tiolld vmm kirkiu. kiertistikur ij oc kluckur v. þielahogg oc messingarkietill oc veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækiar þess er næstur fellur Brv.<sup>350</sup>

Í máldaga Síðumúlakirkju frá árinu 1472 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kirkian i Sidumula [...] a allt land a frodastodum.<sup>351</sup>

Í máldaga fyrir Síðumúlakirkju frá árinu 1478 segir ekkert um eignir kirkjunnar.<sup>352</sup>

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Síðumúlakirkju frá því um 1570 segir m.a. um eignir hennar:

kirkiann i Sijdumula ä Frodastada land. veijde i Kiararaä ad helminge vid stadenn i Reykiahollte millum Thuerlækjar og Skialldmeyjiargilz og veijde vnder Bru Sijdumula meiginn til lækiar thess er næstur fellur Bru.

Item halfann Aurnolffsdal i Kior.<sup>353</sup>

Í vísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 2. ágúst 1643 segir m.a. um eignir hennar:

2. Augusti [1643] Mariukirckia ad Sijdu Mula ä Land ad Frodastódum Veide I Kiararä ad helmijnge vid stadenn I Reykhollte millum Þuerär lækiar og Skialldmeyar gilz, veide vnder bru Sijdu mula meigen til Lækjar þess er næstur fellur bru. Þetta fyrskriffad effter Maldógum baadum Vilchins og herra Gijsla Jönssonar. Framar helldur visitatiu Bok herra Gijsla. Item halfann Órnolffsdal I Kiór.<sup>354</sup>

Í vísitasíu Síðumúlakirkju frá 4. ágúst 1675 segir um eignir hennar:

Anno ut supra [1675] þann 4 Augusti Visiterud Mariæ kyrkia ad Sydumula. Hun ä effter Visitatiubok Virduligs H. Biskupsins M. Brynjolfs SS land ad Frodastodum; Veidi i Kiarar ä ad helmingi Vid Stadinn i Reikhollti, Millum Þuerärlækjar og SkialldMeyargils. Veidi Vnder Brü Sijdumula meginn til lækiar þess er Næstur fellur brü. Item halfann Ørnölffsdal i Kiór. Þessu ollu helldur kyrkian atolulaust epter Medkenningu abüandans Sigurdar Jonssonar Vtan huad Vidvijkur halfum Ørnölffsdal, tilseigist eignarmonnum ad hallda því vnder kyrkiuna sem hun ä med rettu, epter skiólum og maldógum so eckert vndangangi fyrer Nocra forsomun.

---

<sup>350</sup> Skjal nr. 2(72).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>352</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>353</sup> Skjal nr. 275).

<sup>354</sup> Skjal nr. 2(185) a-b.

---

[...] <sup>355</sup>

Í vísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 1. september 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Dag 1sta Septembris [1702] visiterud Mariukirkia ad Sijdumüla Hün ä effter vísitasíu bo M. Briniolfs Sveinssonar land ad Frödärstödum veidi i Kiarará ad helmijnge vid Stadenn i Reikhollte millum Þverarlækjar og skialldmeijargils, veide under brü Sijdumüla meigenn til lækjar þess er nærstur fellur brü item Halfann Ornolfsdal i Kiór.

[...] <sup>356</sup>

Í kafla um Högnastaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708, segir eftirfarandi um Skógarsel á lausum miða sem Árni Magnússon bætti við 2 árum síðar:

Skógarsel heitir selstaða frá Síðumúla á Kjaradal fram frá Norðtúngu fyrir framan ána. Þar setti Ólafur Hallgrímsson bygð fyrir ongefer 20 árum (frá 1710 að reikna). [...] Hefur nú (1710) legið í eyði í x eða xi ár. Brúkast þó ekki selstaðan þar nú frá Síðumúla. Þras hefur annars verið um landið hjá þessari selstöðu milli Norðtúngumanna og Síðumúlamanna, en máldagi Síðumúla er pro Síðumúla. <sup>357</sup>

Í kafla um Síðumúla í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a.:

Leigukúgildi 0, en kirkjukúgildi iiii hjer heima og vi á Fróðastöðum, [...]

Afrjett fyrir lömb og geldfje á Hellirstúngum, tollfrí ut supra.

Skógur hefur lítill verið áður til eldiviðarstyrks, en nú að kalla gjöreyddur og í fauska fallinn.

Torfrista og stunga næg.

Laxveiðivon í Kjarará fyrir Síðumúla sellandi, hefur gagnvæn verið og brúkast enn nú.

Selstöðu á jörðin með tilliggjandi hagbeit fyrir norðan Kjarará, þar selstaða heitir Skógarsel <sup>358</sup>), og hefur [Síðumúli] haldið þetta og brúkað átölulaust um lángan aldur.

Skóg á jörðin nokkurn í áðursögðu sellandi fyrir norðan <sup>359</sup>) Kjarará, sem brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu <sup>360</sup>). <sup>361</sup>

---

<sup>355</sup> Skjal nr. 2(188) a-b.

<sup>356</sup> Skjal nr. 2(192) a-b.

<sup>357</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 279-280.

<sup>358</sup> „fyrir norðan–Skógarsel“ ritað af Á.M. sem leiðrjetting í staðinn fyrir „fram frá Sleggjulækjar sellandi, en heim frá Þverlæk“, sem hefur verið ritað fyrst; er strikað undir það.

<sup>359</sup> Hjer ritað fyrst „vestan“ en leiðrjett af Á.M.

<sup>360</sup> Hjer hefur Á. M ritað á rönd: „NB Skógarsel“.

---

Í kafla um Fróðastaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a.:

Eigandinn Síðumúlakirkja og proprietarii þar til.

[...]

Afrjett brúkar jörðin tollfrí á Hellstúngur framfrá Norðurárdal um lánan aldur.<sup>362</sup>

Þann 29. október 1722 veitti Hannes Halldórsson, prestur í Reykholti, Brynjólfi Brandssyni umboð til þess að hafa eftirlit með landi kirkjunnar á Kjör. Samkvæmt umboðinu var honum m.a. heimil laxveiði sem kirkjan ætti að helmingi við Síðumúlakirkju:

Umbod Sem eg gefed hefe Bryniolfe Brandssyne yfer Kiarar Skögie

Epter því eg Sannreint hefe ed Skögur Sä Sem Reykhollts Kyrkia a Synu eiginn landi ä Kiórinni midlum Rängargils og SkialldMeyargils med riettu ä effter hennar mäldógum og myner forveriar Reikhollts stadar Halldarar langvarandi angurslaust brukad hafa, skule af nockrum ohlutvondum monnum än myns leyfis og vitundar hafa yrktur og brukadur verid. Enn eg minnar fiarlægðar vegna get ecki So til hans Sied sem þirffte. Þa bid eg Erligann mann Brynjolf Brandsson ad Þorgautstodum nefndan Reikholltskyrkiu skög, allann midlum Rängargils og Skialldmeyar gils minna vegna ad vakta sem kann fyrer annra manna yrke og äsælna, og mier til vitundar gefa nær vid það var verdur ad nockrer það giore än myns skriflegs leifis. Skal velnefndur Brynjolfur fyrer þetta Sitt ömak og voktun mitt fullkomlegt leifi hafa greindan Reikhollts Kyrkju skög sier til Kolgiórdar ad bruka, þo effter því sem i skogienum er skada minst helldur fornvidi enn ungvídi er i vexti vera kann, Lyka fauska sem vill Sier til elde vidar, So og skal honum Laxveidi sem kyrkian ad Helminge a vid Sydumula kyrkju i fyrrtiedu takmarke hier med heimil vera. Og skal þetta So leingi standa Sem ockur bädum hier um vel semur. Hvorju til frekari stadfestu eg mitt nafn hier underskrifa ad Reihollt þann 29 octobris Anno 1722 Hannes Halldorsson<sup>363</sup>

Í vísitasíu Síðumúlakirkju frá 20. september 1725 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Mariæ kirkia ad Sydumula, ä epter Mäldógum, Frödastade, veyde I Kiararä, ad Helminge vid Kyrkjuna I Reykhollte, millum Þverlækjar og Skialldmeyargils, veide under Bru Sydumula meigenn, til Lækjar þessar Nærstur fellur Bru, Item [eyða] Hálfann Ornölfs Dal I Kiór.

---

<sup>361</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 273-4.

<sup>362</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 273.

<sup>363</sup> Skjal nr. 2(209) a-b.

---

[...] <sup>364</sup>

Í prófastsvísitasíu Síðumúlakirkju frá 11. október 1737 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Sydumule

Anno 1737 dag 11 Octobris visiterud Mariukyrkia ad Sydumula, Hun a effter maldógumm land ad Frödastódum, veide i Kiarara ad helminge vid Stadenn i Reikhollte millum Þverlækiar og Skialldmeyargils, veide under Brü Sydumula meigenn, til Lækiar þess er næstur fellur Brü, item hálfann Örnölfssdal i Kiór.

[...] <sup>365</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 7. júní 1744 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Sydumule

Anno 1744. d. 7 Junii var Mariækyrkia ad Sydumula visiterud af Hieradz Profastenum Sr Wigfuse Jonssyne, og ä hun effter Maldógum Frödastade Veide I Kiararaa., ad Helminge vid kyrkiuna I Reykhollte, millum Þverlækiar og Skialldmeyargils, veide under Bru Sydumula megen til lækiar þess er næstur fellur Bru. Item hálfann Örnölfssdal I Kiór.

[...] <sup>366</sup>

Í prófastsvísitasíu Síðumúlakirkju frá 16. ágúst 1751 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

[An]no 1751. Pann 16 Augusti Visiterud k[yrkiann ad] Sydumula, Hun ä efftir Maldógumm og, [Visitatium] Frodastade Kóllud 20 hndr. Jórd, Veide i Kia[rara] ad Helminge vid Kyrkiuna i Reykhollte milllum Þverlækiar og Skialldmeyargils Veide under bru Sijdumula meigenn, sem Nu er urgeingenn og kallast Snase, til lækiar þess er Næstur rennur bru. Item Halfann Örnölfssdal i Kiór. <sup>367</sup>

Í vísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 11. september 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Dag 11 Septembris [1759] Visiterud Kyrkian ad Sydumula. Hun a effter Maldogum og Visitatium Frodastade 20 hndr. Jord kollud Veide i Kiarara ad Helminge vid Kyrkiuna i Reikhollte millum Þverlækiar og Skialldmeyar gils, Veide under bru Sydumula meigenn til lækiar Þess er Næstur fellur Bru. Item halfan Örnölfssdal I Kiór.

---

<sup>364</sup> Skjal nr. 2(194) a-b.

<sup>365</sup> Skjal nr. 2(215) a-b.

<sup>366</sup> Skjal nr. 2(217) a-b.

<sup>367</sup> Skjöl nr. 2(112) a-b og 2(198) a-b.

---

[...] <sup>368</sup>

Í vísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 16. ágúst 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno 1783 dag 16 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Síðumúla. Hún á effter Máldögum og Visitatium Frodastade 20 hndr., Veide i Kjarará ad Helmíngi vid Kyrkiuna i Reykhollte millum Þverlækjar, og Skjaldmeyargils, Veide under Brú Sydumúla megenn, til Lækjar þess er næstur fellur Brú, item hálfann Örnólfsdal i Kiör.

[...] <sup>369</sup>

Í vísitasíu fyrir Síðumúlakirkju frá 2. ágúst 1827 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno 1827, þann 2 Augusti, visiteradi biskupinn yfir Islandi Steingrímur Jónsson, kyrkiuna ad Síðumúla i Hvítársíðu. Hún á, eptir máldögum og visitatium Fródstadi 20 hndr., Veidi í Kjarará ad Helmíngi [ad Helmíngi, ofan línu] vid kyrkiuna i Reykholti, millum Þverlækjar og Skjaldmeyargils, veidi undir Brú, Síðumúla megin til Lækjar þess, er næstur fellur Brú, item hálfann Örnólfsdal í Kjör.

[...] <sup>370</sup>

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár, samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nofn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afrjettarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlið, og Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfírráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilk eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn

---

<sup>368</sup> Skjal nr. 2(200) a-b.

<sup>369</sup> Skjal nr. 2(202) a-b.

<sup>370</sup> Skjal nr. 2(205) a-b.

---

innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhliðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30. (þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>371</sup>

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu þann 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Útskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkjji Hjarðarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjarðarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitu mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburdum nje venju, og hefur inni að halda rángar setníngar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjarðarhlots

---

<sup>371</sup> Skjal nr. 4(94).



---

kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjardarholtskyrkja eigi „Laufshaga,“ „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjardarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur i hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkjilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjerads sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjardarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjardarholts hafa alt til þessa sjálfir álitid það ómerkt eða Ránglátt.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi Hjardarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþingi að Hjardarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inni afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþínginu.

Þá er það sjerflægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjardarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerflægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjardarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísuð vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrra sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýringar yfirlísuð vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvijaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvammsland að löndumm Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndumm Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstungulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka,

---

„lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjédra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd haf verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísu hinum sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjarrjett þeyrra sem tilheyrir tjedum afrjetti. – Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjerads, eður utan tjédra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjerads eður innann tjédra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlissjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlissjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglisa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Lögild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærast í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplesist á næstkomandi Mantalsþingum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. oktober 1873.

Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna, þ.á m. Brandur Daníelsson eigandi Síðumúla.<sup>372</sup>

Bókunin var þinglesin á manntalsþingum fyrir Þverárhliðarhrepp 18. maí 1874, fyrir Stafholtstungnahrepp 19. maí sama ár, fyrir Hvítarsíðuhrepp 20. maí sama ár og fyrir Nordurárdalshrepp 15. júní 1874.<sup>373</sup>

Haustið 1875, húsvitjaði Gilsbakkaprestur Síðumúlasel, sem þá er sagt vera nýbýli hjónanna Indriða Hallgrímssonar og Ingveldar Guðmundsdóttur og þriggja barna.<sup>374</sup>

---

<sup>372</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>373</sup> Skjöl nr. 2(250) a-b, (257), 2(258) og 2(259).

<sup>374</sup> Skjal nr. 2(285)

---

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Síðumúlasel í byggð árið 1880, en þá bjuggu þar hjónin Einar Bergþórsson og Guðrún Árnadóttir.<sup>375</sup>

Í málinu liggja fyrir tvö bréf úr bréfasafni Hvítársíðuhrepps sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki kemur fram í bréfunum hver sé móttakandi þeirra en samkvæmt öðrum gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur það verið Magnús Andrésón á Gilsbakka. Í bréfinu frá 26. mars segir m.a.:

Hvammi 26. mars 1889

Háttvirtu kjæri vin!

Nú hefi jeg klárað uppkast að landamerkja lýsingu afréttarlandsins, og sendi yður það hjer með eptir umtali okkar, jeg vildi ekki draga það, þó mig vantaði nákvæma lýsingu á örnefnum við Hermundarst. og Krókslönd, og er eigi víst að þau örnefni sjeu öll tilgreind, eða alveg hin sömu sem í landamerkjabrjefum jarðanna, en aðal merkin, og stefnunar munu vera rjett.

Jeg hefi samið lýsinguna eptir minni egin hugsun og þekkingu, og eptir því sem jeg held að minstum ágreiningi valdi, jeg hefi eigi haft við hendina merkjalýsing oddvitanna, en eptir því sem mig mynnir, hef jeg vikið frá henni nokkuð, mest í því að jeg hefi slept landamerki í Snjófjöllum í milli Fornahvamms og Melalanda, sem Hvamms prestur mun vilja eigna Fornahv. er jeg efast um að náist undir afréttar landið.

[...]

Um Síðumúla ítakið get jeg til, að Daníel þyki of naumt til orða tekið, hann mun vilja eiga landið, en jeg efast um að svo sje.

[...]

Með virðingu yðar vin

Hjálmar Pjetursson<sup>376</sup>

Magnús Andrésón á Gilsbakka sendi oddvitum Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf, dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdu bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins. Þar segir m.a.:

---

<sup>375</sup> ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Leitarforsendur: „Síðumúlasel“. Sjá manntal.is

<sup>376</sup> Skjal nr. 4(109).

---

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Pverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

[...]

Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft.

1. Reykholtskirkja á eptir máldögunum selför á tilteknu svæði og áveiði. Minna en þetta er ekki auðið að viðurkenna, þar sem máldagarnir, hinir löggiltu, eru annars vegar, en meira en þeir til tiltaka, álit jeg ekki koma til mála, að kannast við, og þótt notkunin hafi stundum frá Reykholtis hálfu verið meiri, þá hefur henni á seinustu 20 árum verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873.

2. Síðumúlakirkja. Um hennar rjett er allt hið sama að segja sem um Reykholtskirkju.

[...]

Að öðru leyti er það ekki heppilegt, að jeg eigi mikið við að gjöra út um landamerki afrjettarlandsins, þar sem jeg er allsendis ókunnugur, öllum örnefnum og landamerkjum á heiðinni. Landamerkjaskrá þessa hef jeg því skrifað meir til þess að hrinda málinu dálítið áleiðis, heldur en að jeg búist við, að hún geti gilt óbreytt, og jeg geng fúslega að sjerhverri breytingu á henni sem jeg fæ góð rök fyrir. jeg hef talsvert hugsað um málið, leitað upplýsinga, og haft við það ekki svo litlar skriptir. Þykist jeg því sem hreppsnefndarmaður hafa að svo stöddu lagt minn skerf til þess að ráða landamerkjamáli þessu til lykta, og fel yður nú, herra oddvitar, framhaldið. Vonast jeg til, að þjer reynið að ná samkomulagi við sem flesta, er hlut eiga að máli, t.d. eigendur Örnúlfsdals, Helgavatns, Kvía o.s.frv. , umbætið landamerkjaskrána eptir því sem þjer hafið best vit á, undirskifið hana svo, og sendið hingað til undirskriptar. – Þyki yður þörf á að kveðja til fundar um málið, skal að forfallalausú ekki á mjer standa til að mæta, eða láta mæta fyrir hönd hreppsnefndarinnar hjer. Málið þarf úr þessu að hafa hraðan framgang. Auk þess sem það er eptir landamerkjalogunum bein skylda hreppsnefndanna, að gjöra landamerkjaskrá fyrir afrjettarlandinu, þá er það einnig hin mesta fjelags nauðsyn, að það mál sje útkljáð, sem hægt er að sýna fram á, en jeg álit ekki þurfa á þessum stað.<sup>377</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Pverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar er dagsett 10. apríl 1890 og það var þinglesið 8. júní 1915:

---

<sup>377</sup> Skjal nr. 4(76).

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr<sup>378</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerki frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>379</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnsvísl (eldra nafn Syðri Þverárkvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í]<sup>380</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir Þverá á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámsstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámsstaði niður að gróf einni rjett fyrir (neðan) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>381</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Krókswatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

<sup>378</sup> Leiðrétt hér.

<sup>379</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>380</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>381</sup> Innskot ofan línu.

---

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefts þess er fyrir nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlíð á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~uppfrá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>382</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>383</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelogið á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhlíðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>384</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann samþykkti það einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið undirritað af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni

---

<sup>382</sup> Leiðrétt hér.

<sup>383</sup> Innskot ofan línu.

<sup>384</sup> Skjal nr. 2(7).

---

vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálfrar Síðumúlajarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámsstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar. Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju.

Í bréfi Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka til oddvita Hvítársíðuhrepps, dags. 27. apríl árið 1915, telur Magnús ýmislegt því til fyrirstöðu að sett verði upp þurrabúð í Síðumúlaseli. Hann getur þess að komið hafi til orða að reynt yrði að hagnýta Síðumúlaselland. Bréfið hljóðar svo:

Staðf. afrit úr bréfabók Hvítársíðuhrepps 1909-22.

[...]

Útaf málaleitun yðar, herra oddvit, við mig í fyrrakvöld viðvíkandi Sigurð Jónsson á Signýjarstöðum, vil jeg hjer með láta yður vita, að þar eð öll jörðin Síðumúli er byggð bændunum þar næsta fardagaár, get jeg ekki byggt Sigurði neinn part eða sneið af henni, enda mundi vanta þar öll jarðarhús til þess.

Ef Guðmundur Kr. Hallgrímsson skyldi flytja burt í vor frá Síðumúla, eins og stundum hefur flogið fyrir, má vera, að samningar gætu komizt á við mig og aðra, er hlut eiga að máli, um að Sigurður fengi að flytja í þá þurrabúð Guðmundar.

Aptur er ýmislegt því til fyrirstöðu að setja nú upp þurrabúð í Síðumúlaseli. Um miðjan næstliðinn mánuð var svo nefndur Síðumúlasakógur fyrir norðan Kjarará, þar sem helzt mundi vera heyskaparvon fyrir mann í Síðumúlaseli, falaður af mjer til afnota fyrir fjelag, sem margir Hvítasíðingar eru í, og munu undirtektir mínar um það hafa verið skildar sem ádráttur, þótt samningar um það sjeu ekki gjörðir. Sigurður mundi því ekki geta fengið þar neinar slægjur. Auk þessa hefur komið til orða, að reyna til að hagnýta sjer Síðumúlaselland á þann hátt, er ekki gæti samrýmzt því, að hafa þar fjölskyldu í búsetu.

Gilsbakka 27. apríl 1915.

Virðingarfullt

Magnús Andriesson.

Til

Oddvitans í Hvítársíðuhreppi.<sup>385</sup>

---

<sup>385</sup> Skjal nr. 9(2).

---

Í kafla um Síðumúla í Fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 – 1918 kemur fram að eigandi jarðarinnar sé Magnús Andrésson á Gilsbakka en ábúendur séu Andrés Eyjólfsson og Jónas Björnsson sem hafi sinn helming hvor. Þá kemur eftirfarandi fram:

Jarðnytjar eru; [...] beutiland gott og mikið fyrir allar skepnur [...] jörðinni fylgir mikið og gott beutiland utan girðingar sem afstöðu vegna, verður ekki notað til heimanbeitar, svo á jörðin sameiginlegan afrétt með hreppnum.<sup>386</sup>

Landamerkjabréf Síðumúla í Hvítársíðuhreppi er dagsett 28. janúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár:

A. Heimaland:

Eftirtaldar jarðir eiga land að heimalandi Síðumúla: Síðumúlaveggir, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Fróðastaðir og Hurðarbak. Þessi eru landamerki milli ofangreindra jarða og Síðumúla:

a) Gagnvart Síðumúlaveggjum: Fossgróf við Hvítá, neðanvert við Kálffoss, ræður landamerkjum til torfvörðu þeirrar, er stendur vestanvert við Fossgrófarbotn. Þaðan sjónhending milli Kringlumelanna, á torfvörðu á Veggjahálsi sunnanvert við götuna, en ofarlega í Merkjageira. Þaðan sjónhending í grjótvörðu fyrir ofan götuna; þaðan sjónhending í Klettsnös, austanvert við Lækjarskarð. (Eftir þessum landamerkjum frá Fossgróf til Lækjarskarðs liggur nú girðing). Frá klettsnösinni sjónhending í torfvörðu í Löngumýri, skamt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu.

b) Gagnvart Gunnlaugsstaðalandi: Frá síðastnefndri torfvörðu sjónhending yfir ytri Sandhrygg á grjótvörðu á klettabrún uppundan Illukeldu, skamt fyrir austan ytri Sandhrygg. Þaðan sjónhending,

c) Gagnvart Guðnabakkalandi, í grjótvörðu á ásnum vestanvert við kleifagötuna. Þaðan sjónhending í þriðju grjótvörðuna á ásnum, rjett fyrir austan kleifagötuna. (Frá grjótvörðunni á ásnum fyrir vestan Kleifaveginn. sjást báðar fyrrnefndar grjótvörður og torfvarðan í Löngumýri). Frá vörðunni á ásnum fyrir austan Kleifaveginn, eftir nefndum ás þar sem hann er hæstuur, austur á móts við Gunnlaugsbrekku, á Sandhrygg.

d) Gagnvart Sleggjulækjarlandi: Sjónhending frá Sandhrygg um Gunnlaugsbrekku og vestanvert við Búrfellstjörn milli Búrfells og Kirkjufells. Þaðan yfir Brúarsundið í neðsta hluta Vindlágur. Þaðan ræður Vindlág upp í efstu botna hennar.

e) Gagnvart Fróðastaðalandi: Úr Vindlágurbotnum sjónhending í grjótvörðu á Vörðuhnaus, vestanvert við Bollabrekku. Þaðan sjónhending í stóran stein sunnanhalt í hlíðarbrúninni. Á þann stein er klappað L.M. – Þegar staðir [svo] [staðið] er upp á þeim steini sjest grjótvörðan á Vörðuhnausnum. Sjónhending úr steininum í torfvörðu á móanum, vestanvert við Merkjaskurð. Sjónhending

---

<sup>386</sup> Skjal nr. 2(31).



---

þaðan í vörðu á barði í miðjum flóanum. Þaðan sjónhending í þriðju torfvörðuna skamt fyrir ofan Merkjálæk. Þaðan sjónhending í botn Merkjálækjar. Þaðan eftir Merkjálæk í Hvítá.

f) Gagnvart Hurðarbakslandi: Hvítá ræður og á Síðumúli hálfvatn og veiði frá Merkjálæk og niður að Fossgrófarlækur móti Hurðarbaki.

#### B. Síðumúla-Selland

Síðumúla-Selland liggur sunnan Kjarará og eiga þessar jarðir lönd að því: Sleggjulækur (Selland), Þorgautsstaðir, Háafell og Sámsstaðir. Kjarará rennur að norðan. Landamerkin eru þessi:

a) Gagnvart Sleggjulækur-Sellandi: Skarð við Kjarará, sem smálækur rennur eftir, skamt fyrir neðan Myrkhyl, ræður landamerkum upp að stórum steini með gati í röndina (ekki ólíkt mannaverki). Steinn þessi er rjett fyrir neðan götu þá er liggur sunnan Kjarará. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu, er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett.

b) Gagnvart Þorgautsstaðalandi: Frá Byrgiskletti sjónhending í Flatavörðu sem er torfvarða á flatanum norðaustur af Þorgautsstaðahömrum.

c) Gagnvart Háafellslandi: úr Flatavörðu í Víðirhálsvörðu. Sú varða er á hæðinni útnorður frá Háafellsvatni eystra. Frá Víðirhálsvörðu bein lína norðanvert við Háafellsvatn eystra í Hryggjastein merktur L.M.

d) Gagnvart Sámstaðalandi: Úr Hryggjasteini bein lína í upptök Þverlækjar við Sauðamel. Þaðan ræður Þverlækur til Kjarará. Ábúandi eða eigandi hefur eigi rjett til að taka upprekstrarfje í landið, á meðan það er ógirt frá upprekstrarlandinu.

#### C. Síðumúlaskógur.

Síðumúlaskógur liggur norðanvert við Kjarará og ræður hún landamerkjum að sunnan. Að vestan, norðan og austan eru merkin þessi:

a) Gagnvart Örnólfsdalslandi: Klettsnef við Kjarará, næsta fyrir neðan Snasa. Frá nefndu klapparnefi bein lína um austanverðar Stóruhágar upp í vörðu á Sandinum. Þaðan í hnúk, neðanvert á sandinum (Þríhyrningur). Þaðan eftir háсандinum að afrjettargirðingu Þverhlíðinga. Þá ræður girðingin, þar sem hún nú stendur, suður að Kjarará við Myrkhyl.

#### D. Veiðirjettur í Kjarará.

Síðumúli á veiði í Kjarará, sem hjer segir: Móti Sámstaðalandi frá Þverlæk að neðsta Rangagili hálfveiði. Móti Reykholtssellandi frá neðsta Rangagili að Skjaldmeyjargili hálfveiði. Frá Skjaldmeyjargili að Sleggjulækjarsellandi alla veiði. Og frá þeim og að Klapparnefi fyrir neðan Snasa hálfveiði móti Sleggjulæk. Síðumúli á upprekstur fyrir fje og stóði Þverárrjettarfrjetti.<sup>387</sup>

---

<sup>387</sup> Skjal nr. 2(19).

---

Andrjes Eyjólfsson ábúandi og eigandi Síðumúla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jósef Björnssyni oddvita Stafholtstungnahrepps, Ólafi Guðmundssyni ábúanda og eiganda Sámstaða og oddvita Hvítársíðuhrepps, Þorsteini Bjarnasyni ábúanda og eiganda Hurðarbaks, Hjálvari Guðmundssyni ábúanda og eiganda Háafells, Guðmundi Jónssyni ábúanda og eiganda Þorgrautsstaða, Brandi Daníelssyni ábúanda og eiganda Fróðastaða, Margrjeti Ólafsdóttur eiganda Kvía, Magnúsi Halldórssyni ábúanda og eiganda að hálfum Síðumúlaveggjum, Davíð Þorsteinssyni eiganda Guðnabakka og oddvita Þverárhliðarhrepps, Jóni. Þ. Jónssyni eiganda og ábúanda á Gunnlaugsstöðum, R. Runólfssyni eiganda Örnólfsdals og Guðmundi Kristjánssyni eiganda og ábúanda Sleggjulækjar.

Þann 29. janúar 1923 var gerður samningur um uppskiptingu Síðumúlaskógar í tvo hluta og var honum þinglýst 28. júní sama ár. Samningurinn er svohljóðandi:

Vjer undirritaðir oddvitar hreppanna Hvítársíðu, Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna, fyrir hönd nefndra hreppa, og ég Andrjés Eyjólfsson, bóndi í Síðumúla og eigandi þeirra jarðar, gerum svofeldan samning:

Vjer oddvitar hreppanna látum af hendi við Síðumúla beitarrjett þann, er Þverárrjettar upprekstur á í Síðumúlaskóg þeim hluta hans, er liggur fyrir neðan afrjettargirðinguna, sem nú er þar, og liggur upp frá Myrkhyl. Ég, Andrjes Eyjólfsson, læt af hendi skógarítak það og slægnarjett, er Síðumúli á í nefndum skógi ofan girðingar þeirrar, sem fyr er nefnd, Þverárrjettarupprekstri til fullar eignar. Ennfremur skuldbind jeg mig til, að taka eigi upprekstrarfjenað í Síðumúlaselland, meðan það er ógirt frá afrjettarlandinu.<sup>388</sup>

Undir samninginn skrifuðu Ólafur Guðmundsson oddviti Hvítársíðuhrepps, Sverrir Gíslason oddviti Norðurárdalshrepps, Jósef Björnsson oddviti Stafholtstungnahrepps og Davíð Þorsteinsson oddviti Þverárhliðarhrepps.

Þann 3. júní 1943 fór fram sala og afsal á vesturhluta Síðumúlaskógar. Í afsalinu segir:

Ég undirritaður Andrés Eyjólfsson bóndi í Síðumúla afsala hér með hr. Jónmundi Einarssyni bónda í Örnólfsdal landeign minni Síðumúlaskógi, sem liggur norðan Örnólfsdalsár og inn af Örnólfsdalslandi, samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi, með þessum skilmálum:

1. Veiðiréttur sá er landinu fylgir skal vera 100 – eitt hundrað – einingar, þar til nýtt mat fer fram, sem eigi sé þó síðar en eftir 5 ár. Ber seljandi enga ábyrgð á því mati hvort sem það leiðir til lækkunar eða hækkunar.
2. Kaupandi lætur fara fram mat (millimat) á hinu selda landi, og dregst það frá fasteignamati Síðumúla.

---

<sup>388</sup> Skjöl nr. 2(20) og 4(64).

---

3. Kaupverðið er kr. 7000.00 – sjö þúsund krónur -, sem greiðast við útgáfu afsals þessa.

Kaupandi heldur kaup sínu til laga, en seljandi svarar til vanheimildar. Þar sem kaupandi hefur gengið að ofangreindum skilyrðum og fullnægt 3. lið, þá lýsi ég hann réttan eiganda að ofannefndri landspildu, Síðumúlaskógi.

Undir afsalið ritar Andrés Eyjólfsson.<sup>389</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1953 segir eftirfarandi í kafla um hérað og heimalönd Mýrasýslu:

Þótt heiðarnar borgfirzku séu grösugar, hefur verið lítið um að nýbýli væru þar reist, nú í mannaminum, nema í selstöðum frá Síðumúla og Helgavatni. [...] <sup>390</sup>

Í sama riti segir í kafla um Þverárhlið:

Örnólfur hét sá, er fyrstur byggði Örnólfsdal, en af honum keypti Blund-Ketill, er áður bjó sunnan Hvítár, jörðina og bjó þar hinu mesta stórbúi, að því er Hænsna-Þóris saga segir, en aðrir telja Blund-Ketil son Örnólfs, og mun það réttara. [...] Býlið fór í auðn og hafði verið í eyði um ómunatíma, þegar þar hófst byggð aftur um 1670. Hafði þar verið sel frá Norðtungu, en fært innar í dalinn, er byggðin hófst aftur í Örnólfsdal, og var þar haft í seli fram á síðasta aldarfjórðung 19. aldar. Hænsna-Þóris saga segir, að margt bæja hafi verið þar „upp í frá“. Getur það ekki staðizt og varla verið þar nema einn bær (bær Örnólfs), en selfarir hafa ýmsir eignast þar snemma, t.d. Reykholt, er enn á þar selland, og Síðumúli, er átti þar fram á dalnum selför og skógarhögg. Var oft deilt um það og síðast fyrir um 50 árum. Handan árinna er selland frá Síðumúla, og var haft þar í seli lengi fram eftir. Eftir 1840 var búið þar árið um kring. Er sagt, að Sigríður, ekkja séra Þorsteins í Reykholti, hafi húsað selið á búskaparárum sínum í Síðumúla. Síðastur mun hafa búið þar Einar Bergþórsson (1882), er síðar bjó í Uppkoti í Norðurárdal. Heiðarvígasaga segir, að allir Síðumenn hafi átt selfarir á Kjarrardal. Jarðabók Árna Magnússonar telur upp sex bæi í Hvítársíðu, er selför eigi á Kjarrardal. Auk áður nefndra selja fram frá Örnólfsdal þekkjast enn á Kjarrardal Sámsstaðasel, undan Sámsstaðahöfða; Bjarnarstaðasel, undan Bjarnarstaðahöfða, og Gilsbakkasel á Gilsbakkaeyrum, öll norðan Kjarrár. <sup>391</sup>

Þann 31. janúar 1960 gerðu eigendur Gilsbakka, Sámsstaða og Síðumúla leigusamning við upprekstrarfélag Þverárréttar um leigu þeirra á eignarlöndum sínum á Síðufjalli norðanverðu:

Við undirritaðir, Magnús Kristjánsson fyrir hönd upprekstrarfélags Þverárréttar, sem leigutaki, Sigurður Snorrason og Magnús Sigurðsson,

---

<sup>389</sup> Skjöl nr. 11(2) og 4(103).

<sup>390</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 16-17.

<sup>391</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 51.

---

eigendur Gilsbakka, Guðmundur Ólafsson, eigandi Sámsstaða og Andrés Eyjólfsson, eigandi Síðumúla, sem leigusalar, gerum með okkur svofelldan

L E I G U S A M N I N G :

1. Leigusalar leigja Upprekstrarfélagi Þverárréttar eignarlönd sín á Síðufjalli norðanverðu, sem takmarkast nú að vestan og sunnan af afréttargirðingu og nær austur að Skammá. Landið er eingöngu leigt til beitar, sem viðbót við núverandi afrétt.

2. Ársleiga fyrri landið er kr. 3000.00 –þrjú þúsund krónur-, er greiðist í gjalddaga 1. júní ár hvert.

3. Leigutaki og leigusalar, hver fyrir sig, hafa rétt til að segja samningi þessum upp með árs fyrirvara. Nú segir einn leigusali, eða fleiri, samningi þessum upp að sínum hluta og getur þá samningur þessi gilt fyrir þann hluta landsins, sem ekki hefur verið sagt upp og lækkar þá ársleigan samkvæmt þeirri skiptingu, sem á henni hefur verið gerð, nema um annað verði samið.

Gert að Gilsbakka, 31. janúar 1960.

Magnús Kristjánsson

Sig. Snorrason Magnús Sigurðsson

Andrés Eyjólfsson<sup>392</sup>

Í bréfi hreppsnefndar Hvítársíðu til Skipulags ríkisins um skipun afrétta í sveitarfélög, dags. 5. ágúst 1990, kemur eftirfarandi fram:

Hreppsnefnd hvítársíðuhrepps í Mýrasýslu hefur falið undirrituðum að svara bréfi þínu frá því í maí s.l., um skipun afrétta í sveitarfélög.

Í bréfi þínu kemur fram, að embætti þitt hefur aðgang að gögnum þeim, sem félagsmálaráðuneytið hefur nýverið safnað um þetta efni. Má því vísa til þess, sem hreppsnefndin hér lét frá sér fara.

Kortið, sem þú sendir og tillaga þín er dregin á, er að sjálfsögðu í of smáum mælikvarða til þess að merkjapunktur verði þar greindir með nákvæmni. En ljóst er, að tillagan er í aðalatriðum í samræmi við þá skoðun, sem við höldum fram við ráðuneytið að því er afréttinn varðar. Ber að fagna því.

Á kortinu má hins vegar greina tvær villur sem ekki varða afrétti, en vegna þess að síðar kynni að verða litið á kortið sem heimild um öll hreppamörk, viljum við gera athugasemdir við þetta, þó það varði ekki aðalmálsefnið.

- 1.) Tekin er upp sú villa, sem er a.m.k. á sumum herforingjaráðskortum, að mörk milli hvítársíðuhrepps og Stafholtstungnahrepps er dregin við Þverlæk á Kjarradal og Síðumúlaselland, sem er óvéfengt eignarland Síðumúla í Hvítársíðu, þar með lagt til Stafholtstungna. Þetta teljum við ástæðu til að leiðrétta.

---

<sup>392</sup> Skjal nr. 4(56).

---

2.) Samkvæmt merkjabréfum kalmanstungu um merki þeirrar jarðar á móti geitlandi við Hafragil suðvestan [ólæsilegt]. Mætti því draga hin nýju hreppamörk á Langjökli vestar á kortinu.

Á Arnarvatnsheiði eru merkin dregin allhandahófslega á kortið. Á því svæði sem [ólæsilegt] landa að norðan og sunnan að glöggva sig á merkjunum um þessar mundir og verður það ekki rætt hér frekar.

Á þeim tveimur stöðum, sem hér er gerð bein athugasemd við, merki ég með rauðu á kortið, svo nærri réttum merkjum sem greint verður í þessum mælikvarða.

Að öðru leyti vísast, eins og áður segir, í svar okkar til ráðuneytisins.

Með vinsemd og virðingu

f.h. hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps

Gilsbakka, 5. ágúst 1990

Magnús Sigurðsson<sup>393</sup>

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993 kemur eftirfarandi fram í kafla um Hvítársíðu:

#### *Landið og landsnytjar*

[...]

Selja og selfarar á Kjarradal er getið í fornsögum og máldögum, og má ætla, að þau hafi snemma verið höfð þar báðum megin ár. Líklegt er, að í upphafi byggðar hafi heimalöndin í Hvítársíðu verið vaxin birkiskógi og því nauðsyn að koma búsmala til fjalls yfir sumarið, en upp á Kjarradal lægri víðikjör og viðráðanlegra að geyma þar málnytupenings. Selfararrétturinn norðan ár virðist hafa verið þrískiptur. Neðst er selland Reykholts. Í því er Reykholtssel og Norðtungusel. Munu ekki finnast heimildir fyrir því, að Norðtunga hafi átt þar selför, en talið, að selið hafi verið haft þar í leyfi Reykholts. Reykholtskirkja átti einnig veiði í Kjarará fyrir sellandinu, en það nær fram að Neðsta-Rangagili. Þá tekur við Sámstaðaselland að Vatnshnúkalæk og upp á fjallið á móti Kvíalandi. Sámstaðasel er sunnan undir Sámstaðahöfða. Innan vatnshnúkalækjar tekur við selfararland Gilsbakka. Þar er Bjarnarstaðasel („í staðarins landi á Kjarradal“) við Bjarnarstaðaselgil austan við Bjarnarstaðahöfða og Gilsbkkasel við Selgil innan við Gilsbakkaeyrar.

[...]

Talið er, að selfarir hafi lagst af á Kjarradal (og víða um land) seint á 18. öld, ef til vill um eða upp úr Móðurharðindunum. Í Síðumúlaseli, sunnan ár, var aftur haft í seli, eftir nokkurt hlé, þegar kom fram á 19. öld, og var það sel notað fram um 1880, þó með nokkrum hvíldum, enda var þá búið þar í nokkur ár. Svo segir Daníel Jónsson á Fróðastöðum í bændatali sínu um Hvítársíðu.

---

<sup>393</sup> Skjal nr. 4(9).

---

Ekki er talið líklegt, að selin norðan ár hafi verið notuð svo neinu nemi eftir lok 18. aldar. Hafa menn þá farið að nota sellöndin til upprekstrar, enda þurft að smala þau hvort eð var. Hafa Hvítsíðingar þá hætt upprekstri á Hellistungur og leitum þar. Þar með hefur upprekstur og leitarskylda færst að mestu í það horf, sem enn gildir, að Hvítsíðingar reka einir fénað sinn á Kjarradal, nema Syðstutungumenn í Stafholtstungum mega reka þangað stóðhross. [...]<sup>394</sup>

Þann 14. febrúar 2014 var undirritaður samningur milli Eyjólfssonar eiganda Síðumúla og Borgarbyggðar um leigu þess síðarnefnda á Síðumúlasellandi. Samkvæmt samningnum skal hann gilda frá 1. janúar 2013 og samhliða undirritun hans fellur úr gildi samningur milli Upprekstrarfélags þverárréttar og eiganda Gilsbakka, Sámstaða og Síðumúla frá árinu 1960. Í samningnum segir að leigusali leigi leigutaka svonefnt Síðumúlaselland á Kjarradal sem liggja milli Sleggjulækjarsellands og Sámstaða. Landið sem samningurinn nái til sé leigt til sumarbeitar fyrir sauðfé.<sup>395</sup>

## 5.7.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.7.1.1 Síðumúli

Landamerkjabréf Síðumúla í Hvítársíðuhreppi er dagsett 28. janúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár:

#### A. Heimaland:

Eftirtaldar jarðir eiga land að heimalandi Síðumúla: Síðumúlaveggir, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Fróðastaðir og Hurðarbak. Þessi eru landamerki milli ofangreindra jarða og Síðumúla:

a) Gagnvart Síðumúlaveggjum: Fossgróf við Hvítá, neðanvert við Kálffoss, ræður landamerkjum til torfvörðu þeirrar, er stendur vestanvert við Fossgrófarbotn. Þaðan sjónhending milli Kringlumelanna, á torfvörðu á Veggjahálsi sunnanvert við götuna, en ofarlega í Merkjageira. Þaðan sjónhending í grjótvörðu fyrir ofan götuna; þaðan sjónhending í Klettsnös, austanvert við Lækjarskarð. (Eftir þessum landamerkjum frá Fossgróf til Lækjarskarðs liggur nú girðing). Frá klettsnösinni sjónhending í torfvörðu í Löngumýri, skamt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu.

b) Gagnvart Gunnlaugsstaðalandi: Frá síðastnefndri torfvörðu sjónhending yfir ytri Sandhrygg á grjótvörðu á klettabrún uppundan Illukeldu, skamt fyrir austan ytri Sandhrygg. Þaðan sjónhending,

c) Gagnvart Guðnabakkalandi, í grjótvörðu á ásnum vestanvert við kleifagötuna. Þaðan sjónhending í þriðju grjótvörðuna á ásnum, rjett fyrir austan kleifagötuna. (Frá grjótvörðunni á ásnum fyrir vestan Kleifavegin.

---

<sup>394</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 364-365.

<sup>395</sup> Skjal nr. 9(8).

---

sjást báðar fyrrnefndar grjótvörður og torfvarðan í Löngumýri). Frá vörðunni á ásnum fyrir austan Kleifavegin, eftir nefndum ás þar sem hann er hæstur, austur á móts við Gunnlaugsbrekku, á Sandhrygg.

d) Gagnvart Sleggjulækjarlandi: Sjónhending frá Sandhrygg um Gunnlaugsbrekku og vestanvert við Búrfellstjörn milli Búrfells og Kirkjufells. Þaðan yfir Brúarsundið í neðsta hluta Vindlágur. Þaðan ræður Vindlág upp í efstu botna hennar.

e) Gagnvart Fróðastaðalandi: Úr Vindlágurbotnum sjónhending í grjótvörðu á Vörðuhnaus, vestanvert við Bollabrekku. Þaðan sjónhending í stóran stein sunnanhalt í hlíðarbrúninni. Á þann stein er klappað L.M. – Þegar staðir [svo] [staðið] er upp á þeim steini sjest grjótvörðan á Vörðuhnausnum. Sjónhending úr steininum í torfvörðu á móanum, vestanvert við Merkjaskurð. Sjónhending þaðan í vörðu á barði í miðjum flóanum. Þaðan sjónhending í þriðju torfvörðuna skamt fyrir ofan Merkjalæk. Þaðan sjónhending í botn Merkjalækjar. Þaðan eftir Merkjalæk í Hvítá.

f) Gagnvart Hurðarbakslandi: Hvítá ræður og á Síðumúli hálfvatn og veiði frá Merkjalæk og niður að Fossgrófarlækur móti Hurðarbaki.

#### B. Síðumúla-Selland

Síðumúla-Selland liggur sunnan Kjararár og eiga þessar jarðir lönd að því: Sleggjulækur (Selland), Þorgautsstaðir, Háafell og Sámstaðir. Kjarará rennur að norðan. Landamerkin eru þessi:

a) Gagnvart Sleggjulækjar-Sellandi: Skarð við Kjarará, sem smálækur rennur eftir, skamt fyrir neðan Myrkhyl, ræður landamerkum uppað stórum steini með gati í röndina (ekki ólíkt mannaverki). Steinn þessi er rjett fyrir neðan götu þá er liggur sunnan Kjararár. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu, er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett.

b) Gagnvart Þorgautsstaðalandi: Frá Byrgiskletti sjónhending í Flatavörðu sem er torfvarða á flatanum norðaustur af Þorgautsstaðahörmum.

c) Gagnvart Háafellslandi: úr Flatavörðu í Víðirhalsavörðu. Sú varða er á hæðinni útnorður frá Háafellsvatni eystra. Frá Víðirhalsavörðu bein lína norðanvert við Háafellsvatn eystra í Hryggjastein merktur L.M.

d) Gagnvart Sámstaðalandi: Úr Hryggjasteini bein lína í upptök Þverlækjar við Sauðamel. Þaðan ræður Þverlækur til Kjararár. Ábúandi eða eigandi hefur eigi rjett til að taka upprekstrarfje í landið, á meðan það er ógirt frá upprekstrarlandinu.

#### C. Síðumúlaskógur.

Síðumúlaskógur liggur norðanvert við Kjarará og ræður hún landamerkjum að sunnan. Að vestan, norðan og austan eru merkin þessi:

---

a) Gagnvart Örnólfsdalslandi: Klettsnef við Kjarará, næsta fyrir neðan Snasa. Frá nefndu klapparnefi bein lína um austanverðar Stóruhágar upp í vörðu á Sandinum. Þaðan í hnúk, neðanvert á sandinum (Þríhyrningur). Þaðan eftir hásandinum að afrjettargirðingu Þverhlíðinga. Þá ræður girðingin, þar sem hún nú stendur, suður að Kjarará við Myrkhyl.

D. Veidirjettur í Kjarará.

Síðumúli á veiði í Kjarará, sem hjer segir: Móti Sámsstaðalandi frá Þverlæk að neðsta Rangagili hálfra veiði. Móti Reykholtssellandi frá neðsta Rangagili að Skjaldmeyjargili hálfra veiði. Frá Skjaldmeyjargili að Sleggjulækjarsellandi alla veiði. Og frá þeim og að Klapparnefi fyrir neðan Snasa hálfra veiði móti Sleggjulæk. Síðumúli á upprekstur fyrir fje og stóðí Þverárrjettarfrjetti.<sup>396</sup>

Andrjes Eyjólfsson ábúandi og eigandi Síðumúla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jósef Björnssyni oddvita Stafholtstungnahrepps, Ólafi Guðmundssyni ábúanda og eiganda Sámsstaða og oddvita Hvítársíðuhrepps, Þorsteini Bjarnasyni ábúanda og eiganda Hurðarbaks, Hjálvari Guðmundssyni ábúanda og eiganda Háafells, Guðmundi Jónssyni ábúanda og eiganda Þorgrautsstaða, Brandi Daníelssyni ábúanda og eiganda Fróðastaða, Margrjeti Ólafsdóttur eiganda Kvía, Magnúsi Halldórssyni ábúanda og eiganda að hálfum Síðumúlaveggjum, Davíð Þorsteinssyni eiganda Guðnabakka og oddvita Þverárhliðarhrepps, Jóni. Þ. Jónssyni eiganda og ábúanda á Gunnlaugsstöðum, R. Runólfssyni eiganda Örnólfsdals og Guðmundi Kristjánssyni eiganda og ábúanda Sleggjulækjar.

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Síðumúli sé bændaegn, metin á 1440 ríkisbankadali. Þar segir nánar af kvöð jarðarinnar:

Nb: jörðin er hér metin, sem hún væri frí og frjáls, með herlegheitum þeim er kirkjunni þar fylgja, en á henni hvílir sú kvöð, að þaðan eru goldnir til prestsins á Gilsbakka, hálf leiga eptir 10 kúgildi, eður 10 fjórðungar smjörs, jörðin með kvöðinni metst á 1040<sup>rd</sup>.<sup>397</sup>

### 5.7.1.2 Sámsstaðir

Landamerkjabréf Sámsstaða á Hvítársíðu er dagsett 1. maí 1890 og því var þinglýst 24. maí 1897:

Að vestanverðu ræður Teigsá frá Hvítá upp í vestara Háafellsvatn. Þaðan liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará; svo ræður [Kjarará]<sup>398</sup> upp að Silungalæk, svo Silungalækur suður í Hvammsvatn. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan í vestur, og liggur vestur há Draga, sem vatnsföll deila, vestur í stóran stein, vestan til á Selsandinum. Steinninn er

---

<sup>396</sup> Skjal nr. 2(19).

<sup>397</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>398</sup> Innskot ofan línu.



---

merktur LM. Frá steini þessum liggja merkin í há suður, ofan í miðjan Merkjahvamm við Hvítá. Svo ræður Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Teigsá. Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámstöðum frá 1398, er talið, að Sámstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará. Selland þetta er með þessum merkjum. Að vestanverðu ræður Merkgil (vestasta Rangagil) upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará. Auk lands þess sem liggur innan þessara merkja, eiga Sámstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkgili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá þverlæk niður að Merkgili. Svo eiga Sámstaðir líka samkv. fyrnefndu kaupbrjefi Torfskurð yfir í Signýjarstaða-nesi og tveggja torfhrossa beit. Þessar jarðir eiga lönd að, Sámstaðalandi [Háafell að vestanverðu, frá Hvítá upp í] Háafellsvatn, og norðan að því, austur fyrir fremra Háafellsvatni. Þá Síðumúllaland, frá Háafellslandi austur að Kjarará, þar sem Þverlækur fellur í hana. Þá liggur norðan að Sámstaðalandi afrjettarlandi (þar í Sámstaðaselland), austur á móti Silungalæk. Þá tekur við fyrir sunnan Kjarrará Gilsbakkaland, og liggur austan að Sámstaðalandi suður í Hvammsvatn, og sunnan að því, vestur fyrir vestri endann á Hvammsvatni. Og svo Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms og Haukagilslönd, sem öll liggja sunnan að Sámstaðalandi, á svæðinu frá Hvammsvatni vestur að fyrnefndum merkjasteini vestan til á Selsandinum. Þá er Haukagilsland austan að því, niður í Hvítá. En fyrir sunnan Hvítá liggja Refsstaða, Hofstaða og Signýjarstaðalönd, sunnað að Sámstaðalandi.<sup>399</sup>

Guðmundur Guðmundsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Andrjessyni sóknarpresti á Gilsbakka vegna prestsetursins Gilsbakka og kirkjujarðanna Bjarnastaða og Kirkjubóls. Sem hreppsnefndaroddviti samþykkti hann einnig fyrir hið sameiginlega Þverárrettarupprekstrarland og gildi undirskrift hans einnig fyrir oddvita hinna þriggja hreppanna í upprekstrarfélaginu samkvæmt ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890. Bréfið var einnig samþykkt af Eyjólfí Jóhannssyni ábúanda að Hvammi, J. Jónssyni eiganda Haukagils, Þiðriki Þorsteinssyni eiganda og ábúanda Háafells, Brandi Daníelssyni, Runólfi Þórðarsyni ábúanda á hálfum Síðumúla en hann samþykkti einnig fyrir hönd Bjarna Jónssonar sem átti hálfu jörðina, Guðmundi Helgasyni fyrir hönd Reykholtskirkju og Guðna Ísleifssyni ábúanda Signýjarstaða.

---

<sup>399</sup> Skjal nr. 2(18).

---

### 5.7.1.3 Háafell

Landamerkjabréf fyrir Háafell hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar.

### 5.7.1.4 Þorgautsstaðaland

Landamerkjabréf Þorgautsstaðalands er dagsett 18. apríl 1890 og því var þinglýst 16. maí sama ár:

Landamerkjalysing fyrir Þorgautsstaðalandi í Hvítársíðuhreppi.

Þessar jarðir eiga lönd að fyrir nefndri jörðu, sem hjer greinir. Fróðastaðir, Ásbjarnarstaðir, Sleggjulækjarland, Síðumúlasellandi, og Háafell. – Milli Þorgautsstaða og Fróðastaða, þaðan sem svo kallað Merkjagil, fellur í Hvítá, sem gilið ræður upp fyrir brún eftir þeirri stefnu, norður þangað, sem vötnum hallar norður, þaðan sjónhending austur brekkubrúnina norðanvert við einbúa, og svo sjónhending, austur hjá Þorgautsstaðatjörn, síðan sjónhending áfram austur í Skjaldmeyjargilsdrög, þaðan sjónhending austanvert við einstakahamar, og þaðan í stóran stein, sem stendur á mel við eystra giljatungugil, og högginn kross á steininn, þaðan ræður sjónhending suður fyrir brún, ofan í svonefndan merkjaklett, merktur L M, úr honum beint, í torfvörðu sunnantil í flöggunni og þaðan í grjótvörðu á melnum fyrir sunnan rimann þaðan ræður dagmála-lýna í Hvítá. Svo ræður Hvítá eptir miðjum árfarveg ofan til merkjagils. Þorgautsstaðir eiga frýjan upprekstur, fyrir ofan Kjarará, í almenningsaftrjetti.

Þorgautsstöðum 18. apríl 1890

Davíð Þorbjarnarson

ábúandi og eigandi meiri hluta Þorgautsstaða.

Ólafur Davíðsson eigandi að 7 hundruðum í Þorgautsstöðum

Þessum landamerkja [svo] samþykkjum við undirskrifaðir

Bjarni Jónsson, eigandi að hálfum Síðumúla

(handsalað Þ.Líndal)

Þiðrik Þorsteinsson eigandi og ábúandi á Háafelli

(handsalað) G. Snorrason

Sigríður Halldórsdóttir ábúandi á Fróðastöðum, umráð-

andi hálftrar Síðumúlaeignar og eigandi að nokkru.

(handsalað)

Ólafur Davíðsson, eigandi Sleggjulæks.

Helgi Einarsson, eigandi og ábúandi á Ásbjarnarstöðum

Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 16. maí 1890 og

---

ritað o.s.frv. [...] <sup>400</sup>

### 5.7.1.5 Sleggjulækjarselland

Sjá kafla 5.8.

### 5.7.1.6 Örnólfsdalur

Landamerkjabréf Norðtungu, Högnastaða og Örnólfsdals var útbúið 5. janúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár. Um Örnólfsdal segir eftirfarandi:

[...]

Fyrir Örnólfsdalslandi:

1. Gagnvart Ásbjarnarstaðalandi og Sleggjulækjar-Sellandi ræður merkjum Örnólfsdalsá frá neðsta klapparnefi, því er liggur út í ána undan endanum á Örnólfsdalsmúla, upp í klapparnef það er liggur út í ána næst fyrir neðan Snasa.
2. Gagnvart Síðumúlaskóg ræður bein lína úr áðurnefndu klapparnefi, um austanverðar Stóruhágar norður í Sandinn í vörðu þar.
3. Gagnvart Kvíalandi ræður bein lína, úr áðurnefndri vörðu norður í fossinn í Griðungaskorðum og þaðan bein lína í stein þann hinn stóra á holtinu suðaustanvert við Hamratjörn.
4. Gagnvart Hamralandi ræður bein lína frá áðurnefnd- um steini, sunnanvert við Hamraselstóftir, vestur í hyrnuna vestanvert við Hamraskarð og þaðan vestur eftir klettaeggjum þeim, er næst liggja Hömrum, vestur fyrir Æsustíg.
5. Gagnvart Helgavatnslandi ráða klettaeggjarnar og norðurbrún Múlans, alt vestur á Múlaenda, og þaðan beint á hið fyrstnefnda klapparnef við Örnólfsdalsá. Landinu fylgir hálfvatn og veiðiréttur í Örnólfsdalsá milli áðurnefndra klapparnefja. <sup>401</sup>

### 5.7.1.7 Reykholtsselland

Sjá kafla 5.6.

### 5.7.1.8 Kvíar

Landamerkjabréf Kvía í Þverárhlíðarhreppi var útbúið 5. maí 1890 og því var þinglýst tólf dögum síðar:

Landamerkjaskrá fyrir Kvíum [og Kvíakoti (sic)] í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu.

Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnsstekki frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem

---

<sup>400</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>401</sup> Skjal nr. 2(17).

---

stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina.-

Gagnvart Örnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir [sunnan]<sup>402</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótslandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.<sup>403</sup>

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía og Eggert Sigurðsson samkvæmt umboði eiganda Kvíakots skrifuðu undir landamerkjabréfið. Eftirfarandi aðilar samþykktu landamerkin vegna afréttarlands Þverárréttar: Gísli Einarsson oddviti Norðurárdalshrepps, Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Magnús Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi og Jón Tómasson oddviti í Stafholtstunguhreppi. Bréfið var líka samþykkt af Eggert Sigurðssyni [oddvita?] umboðsmanni Hermundarstaða, Þorsteini Hjálmsyni í umboði eiganda Norðurtungu, Jóhannesi Elíassyni eiganda hálfes Lundar, Halldóri Þorbjarnarsyni eiganda Hamra og Sigmundarstaða, Sigurði Þorbjörnssyni eiganda hálfes Helgavatns, Þórunni Þorbjörnsdóttur eiganda hins helmings jarðarinnar og hálfes Lundar og Þorsteini Davíðssyni umboðsmanni Odds Þórleifssonar í Dagverðarnesi eiganda Grjóts. Þorsteinn skráði:

jeg [er] undirskrifaður samþykkur framanskriðuðum landamerkjum, og hlýtur þá samkvæmt því að breytast landamerkjalyking fyrir Grjóti, dags. 24. okt. 1884 og þinglesin 18. maí 1885, að því leyti sem hinn forni árfarvegurþar er látinn ráða merkjum kringum hólmann gagnvart Helgavatnsnesi.

### 5.7.1.9 Fróðastaðir

Í kafla um Fróðastaði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir m.a.:

Eigandinn Síðumúlakirkja og proprietarii þar til.

[...]

Afrjett brúkar jörðin tollfrí á Hellstúngur framfrá Norðurárdal um lánan aldur.<sup>404</sup>

---

<sup>402</sup> Innskot ofan línu.

<sup>403</sup> Skjal nr. 2(16).

---

Landamerkjabréf Fróðastaða í Hvítársíðu er dagsett 8. febrúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár:

Landamerkjabréf jarðarinnar Fróðastadir í Hvitarsíðu í Mýrasýslu.

Þessar jarðir eiga landað Fróðastadalandi: Síðumúli, Sleggjulækur, Asbjarnarstadir, Þorgautsstadir, (Skáney og Hurdarbak sunnan Hvítár). Lækur sem rennur vestarlega um Merkjanæs í Hvítá og kalladur er Merkjalækur. Úr lækjar botninum í torfvörðu, sem er skamt fyrir ofan. Þadan bein lína í adra vörðu sem stendur á svo kölludu Bardi í flóanum. Þadan bein lína í grjóthrógu, sem er skamt fyrir austan Fróða fyrir ofan götu, sem er milli bæjanna Fróðastada og Síðumúla. Úr grjóthrógunni bein lína í stóran stein, sem er sunnanvert í hlídar brúninni, á steininn er klappad L.M. Þadan bein lína í vörðu, sem stendur á svo kölludum Vörduhnaus, vestanvert við Bollabrekku, vandan sjest af steininum, sem merktur er L.M. Þadan bein lína í Vindlagarbotna. Þadan bein lína austur yfir Hnausana í grjótvörðu austan til á Hnausataglinu, vestanvert við Grýtuvatnsflóa. Þadan bein lína í grjótvörðu á kletti, sem er ad nordanverdu við Fróðastadavatn. Þadan bein lína í grjótvörðu á Skuggabrekku. Þadan bein lína í grjótvördum, sem er á kletti í Sandbrúninni, sem köllud er Sjömannavarda. Þadan beint sudur milli Fróðastada og Þorgautstadahnuks, svo eftir gili, sem myndast milli hnukanna, alla leid sudur í Hvítá. Svo eftir midri Hvítá ofan ad fyrnefndum Merkjalæk. Fróðastadir eiga upprekstur fyrir fé og stód á Þverárrettarafirétti.

Fróðastöðum 8. febr. 1923.<sup>405</sup>

## 5.8 Sleggjulækjarselland

Í Heiðarvíga sögu, sem er talin rituð á fyrri hluta 13. aldar, er Sleggjulækjar getið. Þar segir:

„Þórólfur hét maður er bjó á Sleggjulæk í Borgarfirði.“<sup>406</sup>

Í vitnisburði frá árinu 1596, um selstöðu Reykhólts á Kjör, er getið um jörðina Sleggjulæk. Þar segir m.a.:

Medkienne eg Gudne Þormods son med þessu mijnu opnu Briefe það eg hefe bued J Borgarfyrde sijdan eg kom nordan vr lande viij ar og xx á þessum jordumm, Sleggiulæk, Hiardarholte Sijdumula og minne eignar jordu Sámstöðum. [...] <sup>407</sup>

---

<sup>404</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 273.

<sup>405</sup> Skjal nr. 2(291) a-b.

<sup>406</sup> *Íslensk fornrit III*, Borgfirðinga sögur, (1938), bls. 260.

<sup>407</sup> Skjal nr. 2(45) a-b.

---

Í kafla um Sleggjulæk í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir eftirfarandi um selstöðuland þeirrar jarðar á Örnólfsdal:

Selstöðuland á jörðin á Örnólfsdal, fyrir framan Asbjarnarstaðaland, og er kallað iiiii <sup>c</sup> að dýrleika. Það tíundast með heimajörðinni. Ekki hefur þar selstaða brúkuð verið yfir næstu xx ár eður lengur.<sup>408</sup>

Samkvæmt bréfi, dags. 17. október 1873, stofnuðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Þar segir:

Vér sem ritum nofn vor undir þetta brjef lofum því hver öðrum og sverjumst í samtök til að vernda afrjettarlandi því og þar að liggjandi fjárrétt sem tilheyrt hefur sameiginlega öllum búendum í Hvítársíðu og Þverárhlíð, og Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár. Þessa vora óðalseign sem vjer bændur höfum að erfðum tekið frá feðrum vorum og erum skyldugir til að láta að erfðum ganga til niðja vorra, skulum vjer með seimeinuðum kröftum verja fyrir gáangi og ásælni annarra manni bæði utan hjeraðs, og einstakra innan hjeraðs, og halda henni fast undir eign og yfirráðum vorrum bænda, samkvæmt lögum og landsrjetti, skal eitt yfir oss alla gánga til að halda þessum rjettindum vorum, hvort heldur er fjárframlag eða framkvæmd til orða eða verka, til málssóknar eða málsvarnar allt til síðasta dómstóls, ef á þarf að helda eða á annan hátt sem við á og með þarf. Þar til heirir: að standa á móti því að utan hjeraðs menn reki fjenað sinn í afrjettin, eða láti hann gánga þar á nokkurn þann hátt sem með tímanum tæti gefið þeim rjett til þess, eða valdið vafa og umtali um það, svo og, að þeir biggi dilk eða dilka við rjettina eða nái nokkrum umráðum yfir henni eða nokkurn hluta hennar. Sömuleiðis að standa á móti því að einstakir menn innan hjeraðs, taki sjer nokkurt sjerstakt vald yfir afrjettinum eða rjettinni, til þess að taka fjenað af öðrum fjenað í afrjettin, eða leifa að biggja dilka við rjettina hvort heldur er sjerstaka, eða á þenna hátt, að stækka sína eigin dilka til þess að leifa öðrum fjárdrátt. Ennfremur að koma í veg fyrir of mikil og óþörf yfirráð embættisvaldsins yfir þessu, og þar að lútandi málefnum.

Það heiri og hjer til að stiðja og efla alla góða reglu, gott samkomulag og framkvæmdarsemi, í öllu því sem hjer lýtur.

Brjef þetta skal festast við brjef það sem í dag hefur verið ritað um þetta málefni til bókunar og þinglesturs, og ásamt því leggjast við skjalasafn Þverárhlíðarhrepps, og skal hreppsnefndin þar, öðrum fremur, sjá um að halda því í gildi, og kalla menn til fundar þegar rjettindi vor í þessu máli krefjast þess, hún skal og ætíð vera undirskrifuð undir þetta brjef, og sjá um að kalla menn til að undirskrifa það í stað þeirra sem falla frá eða flitja í burtu, svo

---

<sup>408</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 315-316.

---

aldrei sjeu færri sitjandi innan hjeraðs menn undir það skrifaðir, en 30.  
(þrjátigur)

Ritað í Norðtungu 17 dag októbermánaðar 1873

[Undirskriftum sleppt hér, alls 42 sem skrifa undir].<sup>409</sup>

Varðveitt er afskrift af bókun sem gerð var á fundi í Norðurtungu þann 17. október 1873. Bókunin er rituð í tengslum við það að sama dag höfðu ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár stofnað samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafi tilheyrt. Bókunin er tvíþætt. Annars vegar mótmæltu fundarmenn lögfestu E. Th. Jónssonar fyrir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum frá 1839, sem hafði verið lesin á manntalsþingi fimm mánuðum fyrr. Hins vegar lögfestu fundarmenn allt afréttarland milli Hvítár og Norðurár öllum byggðum jörðum í héraðinu. Þar segir:

Orsökinn til þessa Brjefs er sú, að oss hefur borist í hendur útskrift úr afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu, staðfest af sýslumanninum E. Th. Jónassen. Útskrift þessi innheldur skjal nokkurt áhrærandi Landamerkji Hjarðarholts, sem og eignir og ítök kirkjunnar þar, undirskrifað af Vigfúsi Olafssyni dagsett að Hjarðarholti 1. Júní 1839 og upplesið fyrir manntalsþings rjetti að Sólheimatúngu sama dag. Enn fremur lesið á Manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maíj 1873 og síðann ritað í afsals og veðbrjefa Bók Mýrasýslu. Ltr. D. No. 290.

Þó að skjal þetta eður „Lögfesta“ (svo er það nefnt í upphafi og endir) sje að voru álitni mjög ómerkilegt og óvandað, þar sem það er ekkji bigt á neinum eldri skilríkjum, vitnisburdum nje venju, og hefur inni að halda rángar setningar, svo sem að „Hellistungur nái að Melalandi“ og að Hjarðarhlots kyrkja eigi land alt milli Melalands og Gilsbakka kyrkju eignar, sem Hellisá ræður, m. fl. eirnin álitum vjer það rángt, að Hjarðarholtskyrkja eigi „Laufshaga“, „Þórunnarholt“ og Hríshola“ alt annað er Eignarrjettur Eynungis á skógi eða skógarhoggji. Ekkji heldur sjest af skjali þessu, að sá undirskrifaði Vigfús Olafsson hafi átt Hjarðarholt eður haft umráð Jardarinnar nje heldur i hvörri stöðu hann hefur verið. – Ennfremur er það ómerkjilegt að því leyfi að það hefur leigið í leini í 34 ár og aldrey verið þínglesið eður á anann hátt auglíst í þeyrri þínghá hvar kyrkju jördinn Lækjarkot liggur, eður innan þess hjeraðs sem frá aldaöðli hefur átt og notað afrjettarland það sem skjal þetta eignar Hjarðarholtskyrkju, Melum og Gilsbakka, og er þetta ljós vottur þess að Eigendur Hjarðarholts hafa alt til þessa sjálfir álitnið það ómerkt eða Ránglát.

Enn þrátt fyrir það þó skjal þetta sje þannig úr gardi gjört sem nú höfum vjer að nokkruleiti sínt, þá hefur samt hinn núverandi Eigandi og Abúandi

---

<sup>409</sup> Skjal nr. 4(94).

---

Hjardarholts sýslumaður E. Th. Jónassen – fundið hjá sjer köllun til að reina að gjefa því gildi, með því að lesa það á Manntalsþingi að Hjardarholti á næstliðnu vori og rita það síðann inní afsals og veðbrjefabók sýslunnar þó á laun við fleyrihluta þeyrra manna sem innihlad brjefsins reinir til að svipta rjetti, og eins fyrir því þó eirn af oss undirskrifuðum, ljéti þessa meiníng í ljósi þar á Manntalsþinginu.

Þá er það sjerílægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjardarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerílægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar:

Sömuleiðis lögfesti jeg Hjardarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður.

Lísu vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrra sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.

Við þetta tækifæri og i frammhaldi af framannrituðum mótmælum og til frekari skýringar yfirlísu vjer hjer með fullkomnum óhnektum Eignar og óðalsrjetti vorum og Eptirkomenda vorra á afrjettarlandi voru innan þessara takmarka. First ræður Kalmanstúnguland að austan, þá Þorvaldsstaðaland, þá Gilsbakkaland að Kjarará, þá ræður Kjarará að Örnólfsdalslandi, þá Kvijaland að Litluþverá, þá Hermundarstaðaland, þá Króksland að Hellisá og nordurá. Þá ræður Nordurá og Fornahvammssland að löndumm Strandasýslu, þá ráða lönd Strandasýslu að löndumm Húnavatnssýslu, þá ráða lönd Húnavatnssýslu að Kalmanstungulandi. – Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettu 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd haf verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.

Sömuleiðis yfirlísu vjer hinum sama sameiginlega Eignarrjetti vorum og fullkomnum ummráðum á Fjarrjett þeyrri sem tilheyrir tjeðum afrjetti. – Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjerads, eður utan tjeðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnu ekkji við að önnur sjeu hvað landsnyttjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í



---

annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver einn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógi) skorum vjer á hvern þann að auglisa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Lögild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.

Brjef þetta óskum vjer að innfærist í afsals og veðbrjefa bók Mýrasýslu nú þegar, og upplesist á næstkomandi Mantalsþingum í Hvítarsýðu, Þverárhlið, Nordurardal og Stafholtstúngum og geimist síðann við skjalasafn Þverárhliðarhrepps.

Ritað á Fundi í Nordtungu 17. oktober 1873.

[Undirskriftum sleppt hér, alls 52 sem skrifa undir].

Rjett afskrift af fundargjördinni vottar

Svarfhóli 8. Desember 1873

Björn Asmundsson.<sup>410</sup>

Landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi Hvítarsíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar er dagsett 10. apríl 1890 og það var þinglesið 8. júní 1915:

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alta leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending úr<sup>411</sup> syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerkji frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>412</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnaskvísl (eldra nafn Syðri Þverárvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður

---

<sup>410</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>411</sup> Leiðrétt hér.

<sup>412</sup> Leiðrétting ofan línu.

---

Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að [í]<sup>413</sup> Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austur-enda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Ítök í afrjettarland þetta eru þau sem nú skalgreina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir Þverá á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámstaði niður að gróf einni rjett fyrir (~~neðan~~) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>414</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Króksvatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.

3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er fyr er nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlið á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: Að vestanverðu ræður lækur ~~upprá~~ Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr<sup>415</sup> Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn [yfir landi þessu]<sup>416</sup> er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

---

<sup>413</sup> Leiðrétting ofan línu.

<sup>414</sup> Innskot ofan línu.

<sup>415</sup> Leiðrétt hér.

<sup>416</sup> Innskot ofan línu.

---

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkj~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámsstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhliðar; Norður-árdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.<sup>417</sup>

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna var bréfið samþykkt af Magnúsi Andrjessyni oddvita í Hvítársíðuhreppi, en hann samþykkti það einnig sem staðarhaldari á Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi hvað Gilsbakkakirkju snerti. Þá var bréfið undirritað af Eggerti Sigurðssyni oddvita Þverárhíðarhrepps, Gísla Einarssyni oddvita Norðurárdalshrepps, Jóni Tómassyni oddvita Stafholtstunguhrepps, Karli A. Sigurgeirssyni oddvita Fremri-Torfustaðahrepps, Þorvaldi Ólafssyni oddvita Staðarhrepps, og Benóní Jónssyni oddvita Bæjarhrepps. Það var einnig samþykkt af Gísla Einarssyni fyrir jarðirnar Krók og Fornahvamm, Þórunni Þorbjarnardóttur eiganda Kvíja, Þorsteini Hjálmsyni umboðsmanni Örnólfsdals, Eggerti Sigurðssyni umboðsmanni Hermundarstaða, Brandi Daníelssyni vegna Síðumúla, Runólfi Þórðarsyni ábúanda og umráðamanni hálftrar Síðumúlarjarðarinnar, Guðmundi Guðmundssyni eiganda Sámsstaða, Sigurði Þorbjarnarsyni eiganda Helgavatns ásamt Þórunni [Þorbjarnardóttur] en hann skrifaði einnig undir fyrir hana, Jónasi Guðmundssyni bónda á Húki umboðsmanni prestsins í Staðarbakkaprestakalli og Jóhanni í Sveinatungu eiganda jarðarinnar. Þá var landamerkjabréfið samþykkt af Stjórnarráði Íslands þann 7. febrúar 1913 vegna Reykholtskirkju.

### 5.8.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.8.1.1 Sleggjulækur

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Sleggjulækur sé bændaeign, metin á 720 ríkisbankadali.<sup>418</sup>

---

<sup>417</sup> Skjal nr. 2(7).

<sup>418</sup> Skjal nr. 2(89).

---

Landamerkjabréf Sleggjulækjar í Stafholtstungnahreppi var útbúið 9. janúar 1923 og því var þinglýst 26. júní sama ár:

Jörðin Sleggjulækur í Stafholtstungnahr. í Mýrasýslu hefur þau landamerki, er hjer segir:

Frá Örnólfsdalsá beina línu um Oddstaðaskarð (eystra) í Kúastapa vestanverðan, þaðan sjónhending suður um Mela, um Karlsbrekku (litlu) í eystra Grýtugilgljúfur við fjallsræturnar, þá ræður Grýtugil upp í Grýtuvatnsós, frá ósnum í vörðu á klett norðan við læk þann, er rennur úr Fróðastaðavatni, þá í vörðu austast á Hnausunum (rjett við Grýtuflóa) þá í upptök Vindlágur, úr Vindlág í skarð milli Kirkjufells og Búrfellseggja, úr því skarði vestur í Gunnlaugsbrekku úr Gunnlaugsbrekku yfir á Sandhrygg, þá ræður Sandhryggur að læknum (Sleggjulæk), þá ræður lækurinn ofan að svonefndri Grjóttungu, þá ræður gamall farvegur lækjarins, er liggur umhverfis Grjóttungu (að vestan) frá Grjóttungu (að neðan) ræður lækurinn svo aftur niður í Örnólfsdalsá, þá ræður áin upp að Fornafarvegsmynni, þá Fornafarvegur upp á móts við móanef að sunnanverðu, þaðan stystu leið yfir í ána, þá ræður höfuðkvísl árinna upp á móts við línu þá, er fyrst var nefnd – um Oddstaðaskarð (eystra). Jörðinni fylgir land (selland) fyrir innan Selhagaland að Síðumúla-Sellandi. Merki þess eru þannig:

Frá Örnólfsdalsá stystu leið í stóran stein með gati í röndina, (hann er við götuna sem liggur inn dalinn) frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu). Þaðan suður í Byrgisklett, þá í Flatavörðu, þaðan gilið niður í Örnólfsdalsá, þá áin inn á móts við fyrnefndan stein (Gatstein).- Fyrir sellandinu á Sleggjulækur vatn og veiði í Örnólfsdalsá á móti hlutaðeigendum. En í landamerkjadómi staðfestum af landsyfirirjetti 10. okt. 1892 segir svo um veiðirjett jarðanna Norðtungu og Sleggjulækjar:

„Öll veiði í Örnólfsdalsá ofan frá Móabrekkum niður að Fornafarvegsósi tilheyrir Norðtungu, en frá Fornafarvegsósi niður að Sleggjulækjarós á hver jörðin veiði fyrir sínu landi.“

Að Sleggjulækjarlandi (ásamt Sellandi) liggja lönd þessara jarða: Guðnabakka, Norðtungu, Örnólfsdal, Selhaga, Ásbjarnarstaða, Þorgautsstaða, Fróðastaða og Síðumúla.<sup>419</sup>

Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækjar skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Halldóri Helgasyni ábúanda Ásbjarnarstaða, Guðmundi Jónssyni eiganda Þorgrautsstaða, Andrjes Eyjólfssyni ábúanda og eiganda Síðumúla, Brandi Daníelssyni ábúanda og eiganda Fróðastaða, Einari Helgasyni ábúanda á Selhaga, R. Runólfssyni eiganda Norðurtungu og Davíð Þorsteinssyni eiganda Guðnabrekku.

---

<sup>419</sup> Skjal nr. 2(21).

---

### 5.8.1.2 Selhagi

Jarðarinnar Selhaga er fyrst getið í Fasteignamati Mýrasýslu 1916.<sup>420</sup>

Landamerkjabréf Selhaga er dagsett 29. desember 1922 og var þinglesin 26. júní 1923.

Landamerkjalyásing

Jörðin Selhagi í Stafholtstungnahreppi í

Mýrasýslu hefur þannig löguð landamerki:

Merkjum ræður Örnólfsdalsá neðan frá læk þeim, er í hann fellur í Klettsfljótskrók (neðri) inn til Sleggjulækjarselgils, þá ræður gilið suður fyrir Hærri – Hamra, frá efstu drögum gilsins sjónhending suður í Flata- vörðu, þaðan vestur í Hrúguklett (austur undan Fanngilstjörn, sem stundum er nefnd Þorgautsstaðatjörn); frá Hrúgukletti eftir smástöpum sunnan tjörnina vestur að vörðu á Hæstu Skuggabrekkum, þá þvert niður um Mið-Dagmálahnúk, niður í Löngubrekku vestast; þaðan ræður Merarhvammslækur vestri niður undir Flóa, þá sjónhending norður til lækjar þess, er fyrst var getið – í Klettsfljótskrók neðri. – Jörðinni fylgir hállft vatn og veiði í Örnólfsdalsá – innan merkjanna. Að Selhagalandi liggja lönd þessara: Sleggjulækjar (Selland), Þorgautsstaða, Ásbjarnar- staða og Örnólfsdals (norðan ár).

Selhaga 29. des. 1922

Einar Helgason (umráðamaður og ábúandi Selhaga)

Ofanskráð landamerki samþykkja undirritaðir

hlutaðeigendur

Halldór Helgason ábúandi Ásbjarnarstaða

Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækjar<sup>421</sup>

Guðmundur Jónsson eigandi Þorgautsstaða.

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson<sup>422</sup>

Um jörðina Selhaga segir í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar III* frá árinu 1993:

„Efsta jörð í Syðstutungu. Nýbýli byggt úr framanverðu Ásbjarnarstaðalandi 1907-1909 af Jóni Helgasyni frá Ásbjarnarstöðum. Land Selhaga er spilda frá Þverá (Örnólfsdalsá), móti landi Örnólfsdals, upp á há Síðufjall. Þar fyrir sunnan er land Þorgautsstaða. Efri mörk Selhaga eru á móti Sleggjulækjarsellandi, frá vörðu austast á Hærri-Skuggabrekkum á Síðufjalli, til Þverár. Neðri mörk, á móti Ásbjarnarstaðalandi, eru frá Miðdagmálahnúk á

---

<sup>420</sup> Skjal nr. 2(31).

<sup>421</sup> Leiðrétt hér.

<sup>422</sup> Skjal nr. 2(1).

---

Síðufjalli niður á láglendið, um Merarhvatnslæk og þaðan þvert yfir til Pverár. Landið er efsti hluti láglendisins norðan Síðufjalls. Ræktunarland er takmarkað en beitarland gott.<sup>423</sup>

### 5.8.1.3 Ásbjarnarstaðir

Getið er um Ásbjarnarstaði í Landnámu. Þar segir:

Ásbjorn enn auðgi Harðarson keypti land fyrir sunnan Kjarrá, upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga; hann bjó á Ásbjarnarstöðum.<sup>424</sup>

Landamerkjabréf Ásbjarnarstaða er dagsett 22. desember 1922 og þinglesið 26. júní 1923:

Landamerkjalyýsing.

Jörðin Ásbjarnarstaðir í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu hefur þessi landamerki.

Neðan frá línu þeirri, er síðast verður nefnd í merkjalýsingu þessari, ræður Örnólfsdalsá merkjum inn til lækjar þess, er í hana fellur í Klettsfljótskrók (neðri), þaðan sjónhending suður um Flóa til Merarhvatnslækjar (vestri) þar sem hann þrýtur farveg við láglendi, þá ræður lækurinn upp í Löngubrekku, úr brekkunni vestan til sjónhending upp í Mið-Dagmálahnúk, þá suður yfir Skuggabrekku í vörðu á Hæðstubbekku, þá í Einbúavörðu, frá Einbúavörðu sjónhending vestur í Sjómannavörður (norð-vestan við Þorgautsstaða-Sand) þá um grjóthrégu á Lægstu-Skuggabrekku í vörðu á kletti norður undir ósnum á Fróðastaðavatni, þá í Grýtuvatnsós, þaðan ræður Grýtugil niður til láglendis; frá eystri farvegi Grýtugils við fjallsræturnar ræður sjónhending vestur um Karlsbrekku (litlu) í Kúastapa vestanverðan, frá Kúa- stapa vestanverðum beina línu um Oddstaðaskarð (eystra) yfir Örnólfsdalsá. - Jörðinni fylgir hálfvatn og veiði í Örnólfsdalsá móti hlutaðeigendum. Að Ásbjarnarstaðalandi liggja lönd þessara jarða: Helgavatns, Örnólfsdals (norðan ár), Selhaga, Þorgautsstaða, Fróðastaða og Sleggjulækjar.

Ásbjarnarstöðum 29. des. 1922

Halldór Helgason (umráðamaður og ábúandi Ásbj.st.

Ofanrituð landamerki samþykkja undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Einar Helgason ábúandi Selhaga.

Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækjar

Guðmundur Jónsson eigandi Þorgautsstaða.

Brandur Daníelsson eigandi og ábúandi Fróðastaða.

---

<sup>423</sup> *Byggðir Borgarfjarðar III* (1993), bls. 157.

<sup>424</sup> Skjal nr. 4(97). Hnitbjörg einnig nefnd Hvítbjörg, Nitbjörg og Hvítabjörg, í ýmsum gerðum Landnámu, sbr. nm. gr. Á bls. 84.

---

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson<sup>425</sup>

#### 5.8.1.4 Örnólfsdalur

Landamerkjabréf Norðtungu, Högnastaða og Örnólfsdals var útbúið 5. janúar 1923 og því var þinglýst 28. júní sama ár. Um Örnólfsdal segir eftirfarandi:

[...]

Fyrir Örnólfsdalslandi:

1. Gagnvart Ásbjarnarstaðalandi og Sleggjulækjar-Sellandi ræður merkjum Örnólfsdalsá frá neðsta klapparnefi, því er liggur út í ána undan endanum á Örnólfsdalsmúla, upp í klapparnef það er liggur út í ána næst fyrir neðan Snasa.
2. Gagnvart Síðumúlaskóg ræður bein lína úr áðurnefndu klapparnefi, um austanverðar Stóruhágar norður í Sandinn í vörðu þar.
3. Gagnvart Kvíalandi ræður bein lína, úr áðurnefndri vörðu norður í fossinn í Griðungaskorðum og þaðan bein lína í stein þann hinn stóra á holtinu suðaustanvert við Hamratjörn.
4. Gagnvart Hamralandi ræður bein lína frá áðurnefnd- um steini, sunnanvert við Hamraselstóftir, vestur í hyrnuna vestanvert við Hamraskarð og þaðan vestur eftir klettaeggjum þeim, er næst liggja Hömrum, vestur fyrir Æsustíg.
5. Gagnvart Helgavatnslandi ráða klettaeggjarnar og norðurbrún Múlans, alt vestur á Múlaenda, og þaðan beint á hið fyrstnefnda klapparnef við Örnólfsdalsá. Landinu fylgir hálfvatn og veiðiréttur í Örnólfsdalsá milli áðurnefndra klapparnefja.<sup>426</sup>

#### 5.8.1.5 Þorgautsstaðaland

Landamerkjabréf Þorgautsstaðalands í Hvítársíðuhreppi er dagsett 18. apríl 1890 og því var þinglýst 16. maí sama ár:

Landamerkjalyking fyrir Þorgautsstaðalandi í Hvítársíðuhreppi.

Þessar jarðir eiga lönd að fyrir nefndri jörðu, sem hjer greinir. Fróðastaðir, Ásbjarnarstaðir, Sleggjulækjarland, Síðumúlasellandi, og Háafell. – Milli Þorgautsstaða og Fróðastaða, þaðan sem svo kallað Merkjagil, fellur í Hvítá, sem gilið ræður upp fyrir brún eftir þeirri stefnu, norður þangað, sem vötnum hallar norður, þaðan sjónhending austur brekkubrúnina norðanvert við einbúa, og svo sjónhending, austur hjá Þorgautsstaðatjörn, síðan sjónhending áfram austur í Skjaldmeyjargilsdrög, þaðan sjónhending austanvert við einstakahamar, og þaðan í stóran stein, sem stendur á mel við eystra giljatungugil, og högginn kross á steininn, þaðan ræður sjónhending suður

---

<sup>425</sup> Skjal nr. 2(8)

<sup>426</sup> Skjal nr. 2(17).

---

fyrir brún, ofan í svonefndan merkjaklett, merktur L M, úr honum beint, í torfvörðu sunnantil í flögunni og þaðan í grjótvörðu á melnum fyrir sunnan rimann þaðan ræður dagmála-lýna í Hvítá. Svo ræður Hvítá eptir miðjum árfarveg ofan til merkjagils. Þorgautsstaðir eiga frýjan upprekstur, fyrir ofan Kjarará, í almenningsafrjetti.

Þorgautsstöðum 18. apríl 1890

Davíð Þorbjarnarson

ábúandi og eigandi meiri hluta Þorgautsstaða.

Ólafur Davíðsson eigandi að 7 hundruðum í Þorgautsstöðum

Þessum landamerkja [svo] samþykkjum við undirskrifaðir

Bjarni Jónsson, eigandi að hálfum Síðumúla

(handsalað Þ.Líndal)

Þiðrik Þorsteinsson eigandi og ábúandi á Háafelli

(handsalað) G. Snorrason

Sigríður Halldórsdóttir ábúandi á Fróðastöðum, umráð-

andi hálftrar Síðumúlaeignar og eigandi að nokkru.

(handsalað)

Ólafur Davíðsson, eigandi Sleggjulæks.

Helgi Einarsson, eigandi og ábúandi á Ásbjarnarstöðum

Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 16. maí 1890 og

ritað o.s.frv. [...] <sup>427</sup>

#### **5.8.1.6 Síðumúlaselland**

Sjá kafla 5.7.

---

<sup>427</sup> Skjal nr. 2(91).



---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnar staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. Samhliða uppkvaðningu úrskurða á svæði 8A voru *Almennu niðurstöðurnar* enn á ný uppfærðar, þá með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B. Loks hafa hinar *Almennu niðurstöður* nú verið uppfærðar með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 8A og fylgja svo breyttar í viðauka með úrskurði þessum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.8 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 62 dómur Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Dómum þessum hafa verið gerð skil í eldri úrskurðum óbyggðanefndar, nánar tiltekið úrskurðum nefndarinnar á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A. Tveir nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8A voru kveðnir upp þann 19. desember 2014. Þar er annars vegar um að ræða dóm réttarins frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 þar sem staðfest var niðurstöðu óbyggðanefndar um að Nýjabæjarafréttur væri þjóðlenda. Hins vegar er um að ræða dóm réttarins frá 29. september 2016 í máli nr. 850/2015 þar sem

---

staðfest var niðurstaða nefndarinnar um að Hólaafréttur í Eyjafirði væri þjóðlenda. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>428</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður sú ályktun dregin að ágreiningssvæðið hafi verið numið að hluta til, a.m.k. Hellisdalur á vesturhluta Tvídægru, Örnólfsdalur, hluti Kjararárdals og hluti Lambatungna. Að sama skapi verður sú ályktun dregin að eftir því sem fjær dregur byggð og land hækkar er meiri vafa undirorpið að landsvæðið hafi verið numið. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns auk þess sem eigandi Gilsbakka gerir kröfu um sjálfstæðan rétt til veiði í tilteknum ám, lækjum og vötnum innan ágreiningssvæðisins. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.2. og 3.8.

Tvídægra liggur á vestanverðum hluta ágreiningssvæðisins og Lambatungur á austanverðum hluta þess. Þá er ágreiningssvæðið vegna Tvídægru í meginatriðum tvískipt, þ.e. annars vegar austurhluti landsvæðisins og hins vegar vesturhluti þess, auk þess sem fyrirbyggjandi heimildir geta um sérstakt svæði á vesturhluta Tvídægru sem nefnist Hellistungur. Öll landsvæðin hafa í seinni tíð verið sameinuð sem upprekstrarland Þverárréttar. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu hefur lýst kröfum vegna framangreindra landsvæða í heild án sérstakrar aðgreiningar.

Landsvæði það sem hér um ræðir er víðfeðmt heiðarland. Vesturhluti Tvídægru er hallalítið landsvæði sem liggur austan Norðurárdals í yfir 120 m hæð. Nyrðri hluti svæðisins er að mestu votlend flóasvæði með vötnum og kvíslum en

---

<sup>428</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

sunnar, þ.e. á Þverárdal og Hellisdal, er svæðið þurrlandara. Vestast á svæðinu er land hallamikið mót vestri niður að Norðurá. Á vesturhluta svæðisins, milli Lambagils og Hellisár, eru Hellistungur og norður af þeim er Gíslavatn. Þverá rennur á suðurmörkum svæðisins úr Þverárvötnum.

Austurhluti Tvídægru er öldótt landsvæði með meginleguna norðaustur-suðvestur. Norðan til á svæðinu er fjöldi vatna og smátjarna og votlendi í lægðum. Er þar helst að nefna Nyrðra-Kvíslavatn sem liggur á norðanverðu svæðinu, á mörkum þess og Lambatungna. Þar vestan við liggja Langavatn, Nautavatn og Breiðavatn. Vötnin liggja í um 400 m hæð. Á austanverðu svæðinu eru Nyrðra-Dofinsfjall (444 m) og Syðra-Dofinsfjall (422 m). Suðvestan megin við fellin eru Þverárvatn og Króksvatn. Kjarará rennur á suðvesturmörkum svæðisins

Lambatungur er hallalítið og gróið landsvæði sem liggur í yfir 440 m hæð og rís hæst í Tungukolli norðarlega á svæðinu í um 460 m hæð. Svæðið hefur meginleguna norðaustur-suðvestur og liggur milli Kjararár að vestan og Lambár og Úlfsvatnsár að sunnan og austan. Á norðanverðu svæðinu er fjöldi vatna og smátjarna, m.a. Nyrðra-Kvíslavatn og Urðarhæðavatn. Þá eru Grunnuvötn við austurmörk svæðisins milli Lambár og Úlfsvatnsár.<sup>429</sup>

Frá bæjarstæði Gilsbakka að ármótum Lambár og Kjararár, sem eru staðsett á mörkum Lambatungna og Tvídægru, eru 12 km, mælt í beinni loftlínu

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhlíðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Þau landsvæði sem eru til umfjöllunar hér falla þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau landsvæði sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til séu utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir. Svæðin hafi þannig aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðanna, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en að hafi svæðin verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk

---

<sup>429</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur einstakra jarða til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en ekki verið háður beinum eignarrétti.

Þá er byggt á því að kröfusvæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó einhverjar jarðir hafi átt meiri réttindi en aðrar á tilteknum landsvæðum. Íslenska ríkið telur þannig ljóst að landsvæði innan þjóðlendukröfu þess í málinu sé þjóðlenda. Þó heimildir bendi til landnáms á svæðinu telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið síðar tekið til takmarkaðra afnota.

Hvað varðar Lambatungur og Gilsbakkaselland sérstaklega er byggt á því að ekki sé annað í ljós leitt en að Lambatungur og sellandið hafi frá öndverðu verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota. Þá er á því byggt að ljóst sé að þau réttindi sem gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Gilsbakka, geri kröfu um á svæðinu, þ.e. veiðiréttur, fylgi eignarlandi. Verði fallist á þá kröfu íslenska ríkisins að beinn eignarréttur hafi aldrei stofnast á umræddu svæði verði ekki séð að samhliða sé unnt að viðurkenna þau réttindi sem krafist er á grundvelli takmarkaðra eignarréttinda. Íslenska ríkið byggir þannig á því að umrætt svæði hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, hvorki jarðarinnar Gilsbakka né Upprekstrarfélags Þveráraréttar. Þar sem veiðiréttindi fylgi eignarlandi ráðist það af niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins, hvort umrædd réttindi hafi tilheyrt og tilheyri jörðinni Gilsbakka. Hvað varðar merki landareigna í ám er vísað til 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923 þar sem kemur fram að ef á skilur landareignir eigi hvort land í miðjan farveg.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, er byggt á því að landsvæði það sem er til umfjöllunar hafi verið numið í upphafi allt til jökla. Þótt ekki séu til afdráttarlausar heimildir um það, sé hægt að draga víðtækar ályktanir af máldögum fyrir Gilsbakkakirkju frá 1306, 1397 og 1570 þar sem vötnin á Tvídægri voru talin eign kirkjunnar, sem bendi til eignarréttar á landinu eða landsgæðum. Hið sameiginlega upprekstrarland hafi orðið þannig til að jarðir í nágrenninu hafi lagt land til upprekstrar og þeir sem upprekstur áttu komið sér saman um að nýta landið til upprekstrar og til annarra nota. Jafnframt hafi upprekstrarfélagið keypt meira land og sameinað upprekstrarlandinu.

Byggt er á því að allt land upprekstrarfélagsins sé innan skráðra merkja, skv. landamerkjaskrá fyrir sameiginlegu afréttarlandi Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstunguhreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar, sem útbúið var 8. apríl 1890

---

og þinglesið 8. júní 1915. Sé landsvæðið þannig eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Ekki verði annað ráðið af landamerkjaskránni en að þeir sem hana rituðu hafi talið sig vera að lýsa eignarlandi og sá skilningur hafi verið staðfestur af þeim eigendum nágrannajarða sem undirrituðu landamerkjaskrána. Það styrki líka kröfu um eignarrétt á landinu, að landamerkjum hafi verið lýst á alla vegu og útgefendur skrárinnar talið sig umkomna til að fjalla um og ákveða hverjir ættu selfararrétt, veiðirétt o.s.frv. og það hafi ekki sætt neinum andmælum. Þá séu landamerki eignarlands upprekstrarfélagsins að öllu leyti óumdeild og samrýmist landamerkjaskrárám aðliggjandi jarða. Gilsbakkaselland hafi verið afmarkað sérstaklega en það sé drjúgur hluti þess lands sem nú er nýtt af Upprekstrarfélaginu og sé innan merkja skv. landamerkjaskránni frá 1890.

Bent er á að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um sé að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hafi landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. *Hæstaréttardóm frá 1971 bls. 1137 (Reyðarvatn)* og *Hæstaréttardóm frá 1975 bls. 55 (Kalmanstunga)*.

Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til greinargerðar með lögum um þjóðlendur 4.1.2, þar sem segi að um þá afrétti sem tilheyri einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum hafi keypt eða með öðrum hætti fengið lögmeata eignarheimild fyrir, sé enginn vafi. Þar eigi afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en megi þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra, sem þar eiga upprekstrarrétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi. Sama sjónarmið sé svo lagt til grundvallar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Þá telur gagnaðili íslenska ríkisins að leggja beri þessa reglu til grundvallar með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggja og styðji eignarrétt þeirra á kröfusvæðinu. Gilsbakkakirkja hafi til að mynda haldið eftir hluta af eignarréttindum sínum á kröfusvæðinu, svo sem veiði ofl., þegar hluti heimalandsins, þ.e. landið norðan Kjararár, hafi verið gefið eftir til upprekstrarfélagsins. Sömu sjónarmið eigi einnig við um þau atvik þegar eigandi Gilsbakka seldi upprekstrarfélaginu landsvæðið Lambatungur.

Það er mat gagnaðila íslenska ríkisins að það bendi til beins eignarréttar að Upprekstrarfélagið hafi gert samninga við einstaka landeigendur um skipti á landgæðum. Þeir sem aðeins eigi upprekstrarrétt geti vart gert samninga slíks efnis. Vel megi rökstyðja að þar hafi landeigendur haldið hluta af eignarréttindum sínum ef litið er til þess að svo virðist að tíðkast hafi nokkuð að skipta upp eignarréttinum með þessum þætti, þ.e. þannig að einn fékk grasnytjar, annar veiði o.s.frv.

Byggt er á því að ýmsar jarðir hafi átt og eigi ítök í afréttarlandinu, bæði samkvæmt fornum heimildum og landamerkjabréfum, og það bendi til eignarréttar því ítök séu aðeins til í eignarlöndum annarra en þeirra sem ítök eiga. Jafnframt er byggt á

---

því að það bendi til einkaeignarréttar að landsvæðið hafi verið selland, en selstöðu hafi ekki mátt hafa í afrétti samkvæmt Grágás. Samkvæmt Jónsbók hafi mátt hafa sel í afrétti ef allir eigendur afréttar gáfu sitt leyfi til, en engar heimildir séu um að leitað hafi verið eftir slíku á kröfusvæðinu. Á hinn bóginn hafi verið dæmi um að landeigendur hafi veitt slík leyfi eins og gögn málsins beri með sér. Sel hafi mátt hafa í almenningum en landssvæði það sem hér er til meðferðar sé hvergi talið almenningur.

Hvað varðar Hellistungur sérstaklega er byggt á Landsyfírréttardómi í Hellistungumáli frá 1896 þar sem Upprekstrarfélaginu var dæmdur eignarréttur að Hellistungum og styrki það kröfu um eignarrétt. Land þetta sé nú hluti af upprekstrarlandinu og eigendur hafi ekki gert greinarmun á því landi og öðru landi.

Hvað varðar Lambatungur sérstaklega, sem keyptar hafi verið og þær lagðar til afréttarsvæðisins, byggir gagnaðili íslenska ríkisins á að þar hafi verið fyrir að fara óumdeildum eignarrétti Gilsbakka frá upphafi byggðar á svæðinu, en Lambatungur hafi verið taldar með heimalandi jarðarinnar. Fyrir liggi nær samfelld saga frá því um 1300 og fram á 20. öld, þegar Upprekstrarfélagið eignaðist Lambatungur, að frátaldri veiði. Íslenska ríkið hafi selt Lambatungur með Gilsbakka árið 1908 og þar með hafi það staðfest að Lambatungur væru háðar beinum eignarrétti og geti því ekki haldið fram öðru nú, sbr. dóma Hæstaréttar. Þá er til hliðsjónar vísað til dóms *Hæstaréttar frá 1975, bls. 55 (afréttarland Kalmannstungu á Arnarvatnsheiði)* varðandi Lambatungur og eignarréttarlega stöðu þeirra. Ráða megi af dómnum að viðkomandi afréttarland hafi verið talið eignarland og svo sé talið vera í greinargerð með frumvarpi að þjóðlendlögum nr. 58/1998. Lambatungur hafi verið hluti Gilsbakkajarðarinnar og taldar með heimalandi og hafi sambærilega stöðu og hið selda afréttarland Kalmanstungu hafði í hinum fyrrnefnda dómi.

Þá er hafnað sjónarmiðum íslenska ríkisins um að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar eða í sambærilegum tilgangi. Ekkert sé fram komið í málinu um að eignarrétturinn hafi fallið niður heldur hafi verið um hann deilur sem enduðu með þinglýsingu landamerkjaskráa upprekstrarlandsins og jarðanna í kring. Hafi þar réttindi jarðanna verið tiltekin sérstaklega þ.á m. veiðiréttindi. Í þessu sambandi verði sérstaklega að líta til þess að landeigendur sem átt hafi sellönd á ágreiningssvæðinu hafi haldið eftir óskorðuðum veiðiréttindum þegar þeir létu eignarlönd sín af hendi með gerð landamerkjabréfsins fyrir afréttarlandið árið 1890.

Hvað varðar sérstaklega sjónarmið vegna varakröfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að innan hennar sé land sem heimildir séu fyrir að háð hafi verið einkaeignarrétti áður en Upprekstrarfélagið tók það yfir. Um sé að ræða Lambatunguland og það land Gilsbakkakirkju sem hafi verið talið eignarland Gilsbakka, og verið lýst í lögfestu séra Hjartar Jónssonar 1808, sem Gilsbakki hafi gefið eftir til Upprekstrarfélagsins við gerð landamerkjabréfa á árunum 1886–1890.

---

Jafnframt sé innan varakröfunnar krafa um eignarrétt á Hellistungum samkvæmt fyrrgreindum dómi frá 1896.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur einnig að ráða megi af umfjöllun um landsvæðið, sem fellur innan landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, að bændur í hreppunum fjórum hafi talið sig hafa unnið eignarrétt að svæðinu fyrir hefð. Í umfjölluninni sé lýst eignarrétti sem byggist á nýtingu þeirra einna á landinu um ómunatíð. Óbyggðanefnd segi í *Almennum niðurstöðum* sínum að dómstólar hafi hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða, en ekki sé útilokað að vinna hefð innan landamerkja jarða. Byggir gagnaðili íslenska ríkisins því m.a. á hefð, það er að segja að hann hafi þinglýstar heimildir fyrir landi, sem hann hafa einn nýtt á þann veg að um fullkominn eignarrétt sé að ræða.

Af hálfu eiganda Gilsbakka, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að jörðin hafi verið byggð allt frá landnámsöld og að heimildir bendi til þess að kirkja hafi staðið þar frá kristnitöku. Samkvæmt máldögum kirkjunnar frá því 1306 og síðari heimildum hafi kirkjan átt meira og minna allt það land sem síðar var kallað afréttur Hvítársíðu og Þverárhliðar. Upptalning á veiði og öðrum eignarheimildum hafi ekki bent til annars. Séra Magnús Sigurðarson hafi fært fyrir þessu skynsamleg rök í bréfum sínum um miðja 19. öld en þannig hafi farið að stiftsyfirvöld hafi lagt til að eignarrétturinn yrði gefinn eftir til hreppanna en öllum veiðirétti haldið eftir á heiðinni og í öllum ám og vötnum eins og eldri heimildir sýni. Hins vegar hafi Gilsbakkakirkja haldið fullum eignarrétti á Lambatungum og þær verið meðhöndlaðar og viðurkenndar sem eignarland, fyrst með útleigu og síðar með sölu, þar sem vötnum og veiðirétti var haldið eftir.

Því er haldið fram að hvað sem líði öllum deilum um beinan eignarrétt Gilsbakkakirkju á eignarlandi norðan Kjararár hafi aldrei farið milli mála, og skýrt tekið fram í máldögum, að Gilsbakkakirkja héldi öllum veiðirétti á sellandi sínu og afréttinum. Þetta hafi verið viðurkennt af öllum sem komu að deilum um landið og endanlega staðfest í landamerkjabréfi sem virðist hafa verið gerð að vandlega athuguðu máli og af sáttaðilum fyrir tilstilli yfirvalda. Þá hafi lögfesturnar frá 19. öld verið ígildi þinglýstra heimilda, en þeirri fyrri hafi ekki verið andmælt og þeirri síðari ekki fyrr en að liðnu ári, auk þess sem landamerkjabréfin séu þinglýstar heimildir sem séu undirrituð af öllum sem hlut gátu átt að máli.

Á því er byggt að eigendur Gilsbakka hafi viðhaldið veiðiréttindum sínum með nýtingu þeirra og notið viðurkenningar á veiði í Kjarará með arðskrármötum og samþykktum veiðifélags. Veiðirétturinn hafi þannig verið staðfestur. Hvort sem grunneignarrétturinn sé ríkisins í formi þjóðlendu eða eignarland Borgarbyggðar, þá haldi Gilsbakki sínum fornu réttindum. Þó svo að íslenska ríkið telji skilyrðislaust að veiðirétturinn fylgi landi þá eigi það ekki við um veiðirétt sem skilinn hafi verið frá landi fyrir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923. Ekki verði annað séð en að

---

Upprekstrarfélagið hafi, gegn afsali á eignarrétti landsins, viðurkennt fornan rétt Gilsbakkakirkju til veiði, sbr. landamerkjaskrána frá 8. apríl 1890, og svo alla máldaga og gamlar heimildir um þessa veiði. Veiðiréttur Gilsbakka eins og honum sé lýst í kröfugerð sé því stjórnarskrárvarinn eignarréttur og verður ekki af honum tekinn nema með eignarnámi.

Eigandi Gilsbakka bendir á að heimildarskjölum Gilsbakkaeigenda fyrir veiðiréttindum hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Hann og forverar hans hafi því á hverjum tíma haft vegna þess réttmætar ástæður til að ætla að þessi eignarréttindi væru undirorpin fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi bæði dómur sem gengið hafi og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú. Jafnframt er bent á að hvernig sem eignarrétti hans hafi verið varið fyrir á öldum, hafi hann og forverar hans unnið eignarrétt á veiðiréttinum fyrir hefð. Skilyrði um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár hafi verið uppfyllt, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Þó svo að um afnotahefð væri að ræða, hafi þeir haft full umráð veiðiréttarins í meira en 40 ár og uppfylla þar með skilyrði um a.m.k. 40 ára samfellda nýtingu, sbr. 8. gr. hefðarlaga.

Að lokum er af hálfu beggja gagnaðila íslenska ríkisins, vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og til 5. gr. sömu laga til stuðnings varakröfu. Enn fremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919, sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Gilsbakka, Lambatungna, Tvídægru og Hellistungna er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Samkvæmt þeim heimildum sem þar er getið var Gilsbakki sjálfstæð landnámsjörð svo sem ráða má af Landnámu. Um réttindi jarðarinnar á ágreiningssvæðinu er getið í heimildum frá því snemma á 14. öld og af þeim má ráða að jörðinni hafi tilheyrð Lambatungur og réttindi á a.m.k. hluta Tvídægru. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Gilsbakka er aðliggjandi Lambatungum að suðvestanverðu, aðskilið frá þeim af Lambá. Þá er jörðin aðliggjandi að austurhluta Tvídægru að sunnan- og suðaustanverðu, aðskilin af Kjarará.

Í framangreindum kafla eru einnig raktar heimildir um Hjarðarholtskirkju sem benda til þess að kirkjan hafi kallað til réttinda á Hellistungum frá því á 17. öld. Landsyfirrétur dæmdi um eignarrétt að Hellistungum þann 12. október 1896 (*Lyfrd. yngri V/327*) en í málinu deildu umráðamenn Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélag tiltekinna hreppa í Mýrasýslu um eignarrétt að svæðinu. Í málinu staðfesti Landsyfirrétur dóm undirréttar, sem dæmdi þrætulandið eign upprekstrarfélagsins.



---

Nánar verður fjallað um dóminn og þýðingu hans við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins síðar.

Í ljósi framangreinds þarf einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, landsvæðin sem deilt er um hafi verið eignarlönd Gilsbakka og Hjarðarholtskirkju eða hvort þau hafi haft aðra stöðu.

Sem fyrr segir er *Landnáma* elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Gilsbakka en elsta heimild sem getur um réttindi jarðarinnar innan ágreiningssvæðisins er máldagi Árna Helgasonar fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1306, þar sem segir að kirkjan eigi heimaland allt og Lambatungur, en þar er að auki getið um víðtæk veiðiréttindi sem Gilsbakkakirkja taldi sér til eignar á bæði austur- og vesturhluta Tvídægru. Elsta heimild sem getur sérstaklega um réttindi Hjarðarholtskirkju á Hellistungum er vísitasía kirkjunnar frá árinu 1694 þar sem vísað er til tveggja vitnisburða<sup>430</sup> um „kirkiu Eygnar land ä Hellerstüngumm“.

Elsta heimild sem lýsir merkjum ágreiningssvæðisins er lögfesta Hjartar Jónssonar fyrir Gilsbakka frá 1808. Þar er merkjum lýst heildstætt fyrir jörðina Gilsbakka, Lambatungur og austurhluta Tvídægru, án sérstakrar aðgreiningar. Merkjum Gilsbakka er lýst með sama hætti í lögfestu Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakka frá 1848. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir prestssetrið Gilsbakka 20. ágúst 1889 og því þinglýst 18. maí 1904. Í því er merkjum jarðarinnar og Lambatungna lýst með heildstæðum hætti og án aðgreiningar, en lýsing merkjanna nær ekki til Tvídægru. Þá var árið 1890 gert sérstakt landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.<sup>431</sup> Innan lýsingar þess landamerkjabréfs fellur austur- og vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum, en ekki Lambatungur. Þess skal getið að lýsing þess nær einnig yfir ágreiningssvæði vegna Helgavatnssellands, Sámstaðasellands, Reykholtssellands og hluta Síðumúlasellands, en um þau svæði er fjallað sérstaklega í köflum 6.4–6.7.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki ágreiningssvæðisins. Er þar um að ræða landamerkjabréfin fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og Gilsbakka frá 1889, fyrrgreindar lögfestur fyrir Lambatungur frá 1808 og 1848, leigusamning um heiðarlönd Gilsbakkakirkju frá 1891, kaupsamning fyrir fjallandinu Lambatungum frá 1912, auk þess sem litið verður til þeirra heimilda er geta sérstaklega um Hellistungur. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi landsvæða.

Í suðvesturhorni Tvídægru er ágreiningssvæði vegna Helgavatnssellands sem fjallað er um í kafla 6.4. Vestan megin eru nokkrar jarðir. Syðst þeirra er landsvæði

---

<sup>430</sup> Samkvæmt vísitasíunni eru vitnisburðirnir eru frá árunum 1685 og 1693. Þeir hafa ekki fundist þrátt fyrir leit.

<sup>431</sup> Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

sem tilheyrir Króki, svo jarðirnar Sveinatunga, Hlíðarland og Fornihvammur og loks landsvæði sem Upprekstrarfélag Þverárréttar keypti undan Fornahvammi. Norðan megin eru fyrst jarðirnar Melar og Óspaksstaðir og svo Þjóðlendan Húksheiði og Efranúpsheiði, en um tvö síðarnefndu svæðin var fjallað í máli 3/2013 hjá óbyggðanefnd. Austan- og suðaustanmegin er annars vegar ágreiningssvæði vegna Arnarvatnsheiðar og hins vegar ágreiningssvæði vegna Þorvaldsstaðalands en fjallað er um þau í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd. Sunnan megin eru óumdeild eignarlönd jarðanna Þorvaldsstaða, Gilsbakka og Sámsstaða og suðvestanmegin eru ágreiningssvæði vegna Sámsstaðasellands, sem fjallað er um í kafla 6.5, og jörðin Kvíar I.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins í heild sinni er fyrst lýst í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og er það jafnframt eina heimildin sem lýsir vesturmerkjum ágreiningssvæðisins með heildstæðum hætti. Þar segir að sjónhending ráði frá austurenda nyrðri Sýrdalsborgar í Hellisgil. Þá ráði Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá. Norðurá ráði svo, þaðan sem Hellisá fellur í hana, og alla leið upp í Holtavörðuvatn. Sýrdalsborgir eru háar klettaborgir við norðurmörk Helgavatnssellands og er sú nyrðri hærri en sú syðri.

Lýsing vesturmerkjana tekur einnig til vesturmerkja Helgavatnssellands sem er, sem fyrr segir, í suðvesturhorni ágreiningssvæðisins og sérstaklega um það fjallað í kafla 6.4. Svo sem þar greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að merki Helgavatnssellands gagnvart ágreiningssvæðinu liggja um línu sem dregin er úr Sýrdalsvatni í Sýrdalsborg og þaðan í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háumela við Litlu-Þverá.

Vestanmegin liggja svo nokkrar jarðir, syðst þeirra landsvæði sem tilheyrir Króki. Í landamerkjabréfi Króks frá 10 júlí 1923 segir: „... [úr Norðurá] eftir Hellisá að Hellisgili, og síðan eftir Hellisgili og sjónhending úr Hellisgildragi í háaþúfu á Sýrdalsborg.“ Næst liggja jarðirnar Sveinatunga og Hlíðarland, en hin síðarnefnda var áður hluti Sveinatungu og er því merkjum jarðanna lýst án aðgreiningar í landamerkjabréfi Sveinatungu frá 28. desember 1886. Þar segir að Norðurá ráði merkjum að þeim stað þar sem Hvassá rennur í hana. Þá tekur við jörðin Fornihvammur og landsvæði sem upprekstrarfélag Þverárréttar keypti undan Fornahvammi árið 1914. Í landamerkjalyðingu fyrir Fornahvamm frá 1889 er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo að Norðurá ráði frá Holtavörðuósi þar til Hvassá félli í hana.

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfu sína um vesturmörk við það að þau nái frá Sýrdalsborgum í Hellisgil og svo ráði Hellisgil í Hellisá og Hellisá í Norðurá. Þá ráði Norðurá allt að suðurenda Holtavörðuvatns. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Tvídægru til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingu beggja málsaðila.

---

Áður er komið fram að umráðamenn Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélag tiltekinna hreppa í Mýrasýslu hafi deilt um eignarrétt að Hellistungum sem eru við vesturmörk Tvídægru. Nánar tiltekið var deilt um landsvæði innan þessara merkja: „Að norðanverðu Lambagil í Norðurá, þá Norðurá að Hellisá og Hellisá að Gíslalæk. Þá Gíslalækur að upptökum og þaðan eftir því sem vötnum hallar upp á brúnina og í Lambagil.“ Landsyfirréttur dæmdi, sem fyrr segir, um eignarrétt að svæðinu en í því máli var ekki deilt um afmörkun þess. Framangreind afmörkun er hins vegar í samræmi við eldri heimildir sem lýsa merkjum Hellistungna. Er þar um að ræða vísitásiur kirkjunnar frá 1716, 1725, 1748 og lögfestu hennar frá 1880.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar varakröfu sína vegna Hellistungna við línu sem dregin er frá Hellisá þar sem hún fellur í Norðurá og eftir Norðurá að Lambagili, þaðan upp Vatnahalla í Gíslalæk. Þá eftir Gíslalæk í Hellisá og eftir henni í Norðurá. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Hellistungum í varakröfu sinni sé í samræmi við heimildir um merki landsvæðisins.

Verða þá merki ágreiningssvæðisins að norðanverðu tekin til skoðunar. Upphaflega var ekki fullt samræmi á milli kröfulína málsaðila vestast á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Sá mismunur er á þann veg að innan afmörkunar svæðis 8B hjá óbyggðanefnd er svæði sem gerð er krafa til af hálfu íslenska ríkisins en ekki gagnaðila þess. Nánar tiltekið er um að ræða misræmi á milli línu sem dregin er milli punkta nr. 3 og 5 hjá gagnaðila íslenska ríkisins. Kemur þessi hluti norðurmarka ágreiningssvæðisins því fyrst til skoðunar.

Kröfulína íslenska ríkisins fylgdi upphaflega sveitarfélaga- og sýslumörkum á svæðinu, sem jafnframt voru mörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst þannig að „sýslumörkum sem jafnframt afmarka kröfusvæðið“ sé fylgt í suðurenda Holtavörðuvatns. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst þannig:

[...]sjónhending úr syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein (3); úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg (4); úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrutafjarðará (5), þar sem Skútagil fellur í hana.

Í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 10. apríl 1890 er þessum hluta merkjanna lýst svo að sjónhending ráði úr syðri enda Holtavörðuvatns [þaðan sem Norðurá rennur úr vatninu] í Hæðarstein, þaðan sjónhending í Reipagiljaborg og þaðan sjónhending í Hrutafjarðará þar sem Skútagil fellur í hana. Þessum hluta norðurmerkja ágreiningssvæðisins er ekki lýst í lögfestum séra Hjartar Jónssonar fyrir Gilsbakka frá 1808 og séra Magnúsar Sigurðssonar frá 1848. Kröfulýsing gagnaðila íslenska ríkisins er því í fullu samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti.

Aðliggjandi að þessum hluta norðurmarkanna er jörð Mela. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 4. mars 1890, þinglesið 19. júní sama ár, segir að austurmörk ráði í

---

Hrútafjarðará og svo segir um suðurmörk Mela gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að sunnanverðu. Sjónhending úr Skútagili [þaðan sem áin rennur í Hrútafjarðará] vestur í Reipagilsborg og svo vestur eptir hæðunum í Hæðastein. Þaðan yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni ...“.

Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða og vegna Þverárhlíðar-, Norðurárdals-, Stafholtstungna- og Hvítársíðuhreppa.

Framangreindar heimildir eru samhljóða um það að frá ármótum Skútagils/Skútakvíslar og Hrútafjarðarár sé lína dregin vestur um Reipgiljaborg/Reipagilsborg að Hæðarsteini. Hins vegar er ekki fullt samræmi í orðalagi lýsinganna um það hvernig línan skuli dregin þaðan. Í landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 segir að sjónhending ráði milli Hæðarsteins og „syðri enda Holtavörðuvatns“, en svo sem rakið er í umfjöllun um vesturmerki ágreiningssvæðisins ræður Norðurá merkjum alla leið að Holtavörðuvatni. Í landamerkjabréfi Mela frá sama ári segir að mörkin liggi frá Hæðarsteini „yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni.“

Norðurá rennur úr syðri enda Holtavörðuvatns og Sandkvísl rennur í hana mjög nærri vatninu. Þá liggur fyrir að landamerkjabréf Mela var undirritað um samþykki af oddvitum allra þeirra hreppa sem stóðu að gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland tæpum mánuði síðar. Að teknu tilliti til þessara atriða verður að mati óbyggðanefndar ekki annað séð en að samræmi sé milli lýsinga landamerkjabréfanna að þessu leyti, þrátt fyrir að um mun á orðalagi sé að ræða, þ.e. að í báðum tilvikum sé lína dregin frá Hæðarsteini að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns.

Svo sem fyrr greinir eru sveitarfélagamörk á svæðinu, sem dregin eru á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands, staðsett norðar en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins á fyrirbyggjandi kröfulínukorti. Stafar sá mismunur af því að gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur Reipgiljaborg, sem er kröfupunktur nr. 4, sunnar heldur en sveitarfélagamörkin eru dregin á kort. Örnefnið Reipgiljaborg finnst ekki í örnefnasjá Landmælinga Íslands og í þeim örnefnaskrá sem liggja fyrir og varða landsvæðið er ekki getið sérstaklega um staðsetningu þess. Með tölvupósti þann 27. ágúst 2016 vakti skrifstofa óbyggðanefndar athygli lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins á misræminu og í kjölfarið staðfesti hann þá afstöðu gagnaðila íslenska ríkisins að staðsetning Reipgiljaborgar sé með þeim hætti sem fram kemur á kröfulínukortinu.

Af þeim gögnum sem óbyggðanefnd hefur aflað um sveitarfélagamörk á svæðinu, og liggja fyrir í málinu, virðist sem ætlunin hafi verið að miða sveitarfélagamörk við fyrrnefnt landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, en eins og fyrr greinir miðar lýsing þess við umrædda Reipgiljaborg. Við meðferð málsins ákvað óbyggðanefnd því, að höfðu samráði við málsaðila, að breyta norðurmörkum svæðis 8B til samræmis við það hvernig gagnaðili íslenska ríkisins

---

staðsetur Reipgiljaborg, þ.e. punkt nr. 4 á kröfulínu hans. Í kjölfarið gerði íslenska ríkið breytingu á sinni kröfulínu til samræmis við breytta afmörkun svæðisins.

Eftir þessa breytingu á norðurmörkum svæðis 8B er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins á vestasta hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 3 og 5, í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins. Kröfulínur málsaðila eru jafnframt í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir að þessu leyti eftir umræddar breytingar að mati óbyggðanefndar.

Verður þá vikið að þeim hluta norðurmerkja ágreiningssvæðisins sem er austan við ármót Skútakvíslar og Hrutafjarðarár. Sem fyrr segir fylgir kröfulína íslenska ríkisins sveitarfélaga- og sýslumörkum á svæðinu, sem jafnframt eru mörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst þannig að „sýslumörkum sem jafnframt afmarka kröfusvæðið“ sé fylgt frá austurenda Urðhæðarvatns. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum hluta norðurmarkanna lýst svo:

Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavatn (6); frá Krókavatni sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla (7); þaðan ræður sjónhending í vesturenda Urðhæðarvatns (8), þá eftir miðju vatninu austur í austurenda þess (9) [...].

Umræddum hluta norðurmerkjanna er lýst svo í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 að Skútagil ráði [þaðan sem áin fellur í Hrutafjarðará] austur undir Krókavötn og frá þeim sjónhending í Flóavatn. Úr Flóavatni ráði sjónhending í Urðhæðavatn. Svo sem fyrr greinir nær merkjalýsing bréfsins ekki til Lambatungna. Í lögfestu séra Hjartar Jónssonar fyrir Gilsbakka frá 1808 lýsir hann merkjum Gilsbakka, Lambatungna og hluta Tvídægru með heildstæðum hætti og án aðgreiningar. Þar er norðurmerkjum lýst svo: „ ... sjónhending fyrir nordan Langavatn austur í Hvannstóð hid mikla, úr Hvannstóði mikla sudur eftir Urdhædum í Urdarvatn ... “. Sambærilega merkjalýsingu er að finna í lögfestu séra Magnúsar Sigurðssonar frá 1848. Örnefnið Hvannstóð hið mikla er ekki notað í dag en átt er við stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða og utan ágreiningssvæðisins í málinu.

Landamerkjabréf Gilsbakka frá 1889 lýsir merkjum Gilsbakka og Lambatungna með heildstæðum hætti. Þar er austanverðum norðurmerkjum Lambatungna lýst svo að Kvíslavatslækur [Kvíslavatskvísl] ráði frá Skjaldartjörn og í Urðhæðavatn. Svo er austurmörkum lýst frá austurenda Urðhæðarvatns. Merkin eru tilgreind svo í landamerkjabréfinu og án þess að getið sé Nyrðra-Kvíslarvatns eða Urðarhæðarvatnslækjar. Í leigusamningi fyrir Lambatungur frá árinu 1891 er afmörkunin hins vegar nákvæmari en þar segir: „[...] Kvíslavatslækur, Kvíslavatn, Urðhæðavatslækur og Urðhæðavatn.“ Í kaupsamningi fyrir Lambatungum frá 15. apríl 1912 er merkjunum lýst með sama hætti.

Aðliggjandi þessum hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins er jörðin Óspaksstaðir. Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 5. júní 1890, þinglesið degi síðar,

---

segir svo um suðurmörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... beina sjónhending vestanvert í svo nefnt Tangavatn, þar sem Skútakvísl rennur úr fyr nefndu vatni. 3) Að sunnanverðu ræður Skútakvísl og Skútagil vestur í Hrutafjarðará ... “. Skútakvísl rennur úr Flóavatni. Að mati óbyggðanefndar er annað hvort um ritvillu að ræða, þegar Tangavatn er nefnt í þessu samhengi, eða þá að Flóavatn hafi gengið undir nafninu Tangavatn norðan ágreiningssvæðisins.

Austanmegin við Óspaksstaði er þjóðlendan Húksheiði sem fjallað var um í máli nr. 3/2013 hjá óbyggðanefnd. Svo sem þar er rakið var það niðurstaða nefndarinnar að mörk Húksheiðar til suðurs væru úr suðurenda Krókavats beina línu í suðurenda Flóavats. Austast á norðurmörkum svæðisins liggur svo Efranúpsheiði sem einnig var fjallað um í máli nr. 3/2013 hjá óbyggðanefnd. Svo sem þar er rakið var það niðurstaða nefndarinnar að mörk Efranúpsheiðar gagnvart ágreiningssvæðinu væru miðuð við Urðhæðarvatn og frá því beina línu vestur í Flóavatn.

Af framangreindum heimildum um þennan hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins má ráða að Skútakvísl ráði í suðurenda Krókavats og þaðan ráði sjónhending í suðurenda Flóavats. Þaðan ræður sjónhending í vesturenda Urðhæðarvatn sem ræður mörkum að austurenda þess. Er það jafnframt í samræmi við það hvernig íslenska ríkið staðsetur kröfulínu sína á fyrirliggjandi kröfulínukorti.

Kröfúlýsing gagnaðila íslenska ríkisins er samkvæmt framangreindu í fullu samræmi heimildir um afmörkun á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Hins vegar er ekki fullt samræmi á milli þess hvernig kröfulínur málsaðila eru dregnar á kort austast á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Nánar tiltekið er kröfulínan dregin með mismunandi hætti frá vesturenda Urðhæðarvats að austurenda þess, en báðir málsaðilar staðsetja kröfupunkta sína við vestur- og austurenda vatnsins þó með sama hætti. Gagnaðili íslenska ríkisins kröfulínu sína að þessu leyti norðar en íslenska ríkið gerir, og þar af leiðandi út fyrir norðurmörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Í máli þessu er eingöngu tekin afstaða til þeirra krafna málsaðila sem eru innan marka svæðis 8B.

Að teknu tilliti sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á norðanverðu ágreiningssvæðinu sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Næst verða austur- og suðaustur merki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Svo sem fyrr greinir náði landamerkjabréfið fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 ekki yfir landsvæði Lambatungna og því er þar ekki að finna lýsingu á austur- og suðausturmerkjum ágreiningssvæðisins. Í lögfestu séra Hjartar Jónssonar frá 1808 segir að þau liggja úr Urðhæðarvatni að Úlfsvatni, síðan ráði Úlfsvatnsá í Grunnvötn, úr Grunnvötnum í Lambá og Skammá. Lögfesta séra Magnúsar Sigurðssonar frá 1848 lýsir merkjum á sama hátt og lögfestan frá 1808. Landamerkjabréf Gilsbakka frá 1889 lýsir merkjunum svo: „Frá austurenda Urðhæðarvats beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvats. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnvötn. Frá

---

Grunnuvötnum ræður Lambá ofan til Skammár ... “ Í leigusamningi fyrir Lambatungur frá árinu 1891 segir: „Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur suður í vesturenda Úlfsvatns og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður merkjum: Frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, þá Grunnuvötn til Lambár og síðan Lambá ... “. Í kaupsamningi um Lambatungur frá 15. apríl 1912 segir: „Frá austurenda Urðhæðavatns beygist merkjalínan í suður og liggur í vesturenda Úlfsvatns, og ræður sú lína merkjum að austanverðu. Að sunnan og vestan ræður frá Úlfsvatni Úlfsvatnsá í Grunnuvötn, þá Grunnuvötn til Lambár, og síðan Lambá.“

Austan- og suðaustanmegin liggja tvö ágreiningssvæði, annars vegar vegna Þorvaldsstaðalands, og hins vegar vegna Arnarvatnsheiðar, sem og óumdeilt eignarland jarðarinnar Þorvaldsstaða. Um ágreiningssvæðin er fjallað í máli 4/2014 hjá óbyggðanefnd. Í landamerkjabréfi fyrir heiðarlandið Arnarvatnsheiði frá 26. janúar 1886 segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norður í austurhorn Urðhæðavatns ... “. Í landamerkjabréfi Þorvaldsstaða á Hvítársíðu frá 1. febrúar 1923 segir um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... [þá ræður Skammá] þar til hún fellur í Lambá ... “.

Íslenska ríkið miðar kröfu sína við stærra landsvæði en hér er til umfjöllunar og því er ekki fyrir að fara sérstakri lýsingu á austur og suðausturmörkum Lambatungna í kröfu þess. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um austur- og suðausturmörk við línu sem dregin er frá austurenda Urðhæðarvatns suður í vesturenda Úlfsvatns og meðfram því suður í Úlfsvatnsá og meðfram henni suður í Grunnuvötn. Þaðan ræður svo Lambá ofan til Skammár. Að mati óbyggðanefndar eru mörk ágreiningssvæðisins til austurs og suðausturs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins. Er það jafnframt í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar í máli 4/2014.

Suðvestur- og norðvesturmörkum Lambatungna er ekki getið í lögfestum Gilsbakka frá 1808 og 1848 þar sem lýsing þeirra nær sem fyrr segir einnig yfir jörðina Gilsbakka auk hluta Tvídægru. Í landamerkjabréfi Gilsbakka frá 1889 er merkjum lýst þannig að Kjarará ráði fram í Skjaldtjarnarkvísl og eftir þeirri kvísl í Skjaldartjörn. Þaðan ráði svo Kvíslavatnslækur í Urðhæðarvatn. Í leigusamningnum frá 1891 er merkjunum lýst þannig að Lambá ráði þar til hún fellur saman við Kjarará og svo ráði Kjarará, Skjaldtjarnarkvísl, Skjaldtjarnartjörn, Kvíslavatnslækur, Kvíslavatn og Urðhæðavatnslækur. Sambærilega lýsingu á merkjunum er að finna í kaupsamningnum frá 1912.

Suðvestan við Lambatungur er óumdeilt eignarland jarðarinnar Gilsbakka. Í landamerkjabréfi Gilsbakka segir að á milli heimalands og Lambatungna skilji Lambá en merkjum síðan lýst heildstætt að Lambatungum meðtöldum. Í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 er merkjum þess landsvæðis, sem það nær til, lýst þannig gagnvart norðvesturmörkum Lambatungna: „ ... ræður Urðhæðavatnslækur í

---

Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará ... “.

Málsaðilar að miða báðir kröfur sínar um suðvesturmörk Lambatungna við línu sem dregin er frá Lambá við Skammá til Kjarará. Hvorugur þeirra afmarkar hins vegar sérstaklega kröfu sína vegna Lambatungna til norðvesturs þar sem svæðið er hluti af stærra kröfuvæði. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Lambatungna til suðvesturs og norðvesturs liggi þaðan sem Skammá rennur í Lambá og þá eftir Lambá til Kjarará. Þaðan ræður Kjarará norður að Skjaldtjarnarkvísl og eftir henni í Skjaldartjörn. Úr henni ræður Kvíslavatnslækur að Nyrðra-Kvíslavatni og úr því Urðhæðavatnslækur í Urðhæðavatn.

Verður þá aftur vikið að afmörkun Tvídægru og koma þá til skoðunar suður- og suðvesturmerki heiðarinnar.

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er svo lýst í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 að Kjarará ráði. Lögfestur Gilsbakka frá 1808 og 1848 lýsa þessum merkjum ekki sérstaklega þar sem þau lýsa sameiginlega merkjum jarðarinnar Gilsbakka og hluta Tvídægru. Þar segir þó að Kjarará ráði milli Silungalækjar og Fiskilækjar.

Sunnan megin Kjarará eru óumdeild eignarlönd jarðanna Gilsbakka og Sámsstaða. Í landamerkjabréfi Sámsstaða frá 1. maí 1890, þinglýst 24. maí 1897, segir: „... svo ræður [Kjarará]<sup>432</sup> upp að Silungalæk ... “. Í landamerkjabréfi Gilsbakka frá 1889 segir að Kjarará ráði frá Silungalæk. Aðilar að máli þessu miða báðir kröfur sínar um suðurmörk ágreiningssvæðisins við Kjarará, þaðan sem Lambá fellur í hana. Að mati óbyggðanefndar eru mörk ágreiningssvæðisins til suðurs með þeim hætti.

Þess er áður getið að lýsing landamerkjabréfsins frá 1890 nær einnig til ágreiningssvæða vegna Sámsstaðasellands, Reykholtssellands og hluta Síðumúlasellands, en um þau svæði er fjallað sérstaklega í köflum 6.5 til 6.7. Því er ekki fyrir að fara sérstakri lýsingu á suðvesturmerkjum ágreiningssvæðisins gagnvart Sámsstaðasellandi. Um suðvesturmerkin að öðru leyti segir að Kvíslalandamerki ráði eftir hásandinum og fyrir sunnan Olnboga sé sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hrólfsvatn. Þá ráði Hrólfsvatnkvísl niður að Litlu-Þverá sem svo ráði í Sýrdalslæk. Í lögfestunni fyrir Gilsbakka frá 1808 segir um merkin: „Ad nordanverdu vid Kjarrá rædur sjónhendíngum Fiskilækur beint yfir Sandinn – Dalverpi sem gánga frammeftir bak vid Sandinn, í Hítulækjartjarnir ...“. Í lögfestunni frá 1848 er merkjunum lýst með sama hætti. Sem fyrr segir nær merkjalýsing landamerkjabréfs Gilsbakka frá 1889 ekki til þessa hluta ágreiningssvæðisins, heldur eingöngu jarðarinnar Gilsbakka og Lambatungna.

Af lýsingum lögfestanna frá 1808 og 1848 má ráða að lína sé dregin úr Kjarará um Fiskilæk og áfram norður að „dalverpi bak við Sandinn“, þ.e. bakvið

---

<sup>432</sup> Innskot ofan línu.



---

Örnólfsdalssand. Að mati óbyggðarnefndar er þar átt við Lambadal. Þaðan er svo farið í svonefndar Hítuækjartjarnir / Hvítulækjartjarnir. Það örnefni þekkist ekki og örnefnaskrár fyrir svæðið veita engar vísbendingar um staðsetningu þeirra. Sé tekið mið að staðháttum, öðrum lýsingum er varða svæðið sem og merkjalýsingu lögfestanna í heild, þá standa að mati óbyggðanefndar líkur til þess að átt sé við Hrólfsvatn og nafnlausu tjörn suður af því sem í dag er stundum nefnd „Tjörnin fyrir norðan Eyrarbrúnina“. Verður við það miðað hér.

Suðvestan megin við svæðið er annars vegar ágreiningssvæði vegna Sámsstaðasellands, sem fjallað er um í kafla 6.5, og hins vegar óumdeilt eignarland Kvía. Í landamerkjabréfi Sámsstaða frá 1. maí 1890 segir um mörk sellandsins gagnvart ágreiningssvæðinu: „... austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará.“ Í landamerkjabréfi Kvía frá 5. maí 1890, því þinglýst 17. maí sama ár, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: rjett eftir háсандinum fyrir [sunnan]<sup>433</sup> Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárkvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.“

Aðilar að máli þessu hafa ekki afmarkað kröfu sína gagnvart Sámsstaðasellandi sérstaklega þar sem ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar er hluti stærra kröfusvæðis. Svo sem rakið er í kafla 6.5 afmarkar eigandi Sámsstaða kröfulínu sína gagnvart austurhluta Tvídægru frá Vatnshnúk, suður í Vatnshnúkavatn og úr því ræður Fiskilækur suður í Kjarará. Er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sámsstaðasellands til austurs gagnvart ágreiningssvæðinu hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingu eiganda Sámsstaða. Báðir aðilar að máli þessu miða kröfu sína úr Vatnshnúk eftir vatnaskilum í Lambadal og eftir Lambadalslæk í Hrólfsvatn. Þaðan er Hrólfsvatnkvísl fylgt þar til kemur í Litlu-Þverá og þaðan er henni fylgt vestur að mörkum Helgavatnssellands og er það jafnframt í samræmi við heimildir um afmörkun svæðisins. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk ágreiningssvæðisins til suðvesturs séu með þeim hætti að Fiskilækur ráði norður úr Kjarará í Vatnshnúkavatn og þaðan er bein lína í Vatnshnúk. Þá er lína dregin úr Vatnshnúk eftir eftir vatnaskilum í Lambadal og eftir Lambadalslæk í Hrólfsvatn. Þaðan er Hrólfsvatnkvísl fylgt þar til kemur í Litlu-Þverá og þaðan er henni fylgt vestur að mörkum Helgavatnssellands.

Svo sem greint hefur verið frá hér að framan þá er í lögfestum fyrir Gilsbakka frá 1808 og 1848 lýst merkjum heildstætt fyrir jörðina Gilsbakka, Lambatungur og hluta Tvídægru. Nánar tiltekið er þar um að ræða austurhluta heiðarinnar. Í lögfestunum er því að finna sérstaka lýsingu á vestur- og norðvesturmörkum þess

---

<sup>433</sup> Innskot ofan línu.

---

landsvæðis sem þeir töldu tilheyra kirkjunni. Verða þau merki nú skoðuð sérstaklega og verður upphafspunktur miðaður við fyrrnefnt Hrólfsvatn.

Samkvæmt merkjalýsingu lögfestanna er merkjum lýst norður eftir Smátjörnum, sjónhendingu fyrir norðan Langavatn, austur í Hvannstóð hið mikla, en sem fyrr getur er um að ræða stóra Hvannstóð við vesturenda Urðhæða og norðan við norðurmörk ágreiningssvæðisins. Samkvæmt örnefnaskrá Torfa Magnússonar fyrir „Hvítársíðingaafrétt Tvídægru“ á Litla-Þverá upptök sín í smátjörnum rétt vestur af Þverárvötnum. Að mati óbyggðanefndar eru það þær smátjarnir sem merkjalínan er miðuð við og verður þá miðað við þá tjörn sem Litla-Þverá á upptök sín í.

Á þá eftir að skoða hvernig línan liggur úr smátjörnum og að punkti fyrir norðan Langavatn, en þar á milli eru bæði Breiðavatn og Nautavatn, sem og fjöldi smátjarna. Vísbendingu um þetta atriði er að finna í svari hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps, dagsett í október 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarétt. Þar segir m.a.: „Selland Gilsbakka. Fyrir því finnast ekki ákveðin merki en Gilsbakki átti allan veiðirétt og fuglategju í þeim hluta Hvítársíðingaafreftar, sem óátalinn er í 1) og 2) og raunar miklu lengra, eða norður um Holtavörðuheiði til móts við lönd Hrútfirðinga. En takmörk selfararlandsins mun hafa verið þau sem fram koma í merkjalýsingunni og hefur verið talið að Staðarhóll í Vatnaflóa hétu svo af því að hann hafi verið merkjapunktur Gilsbakkasellandsins.“ Samkvæmt fyrrnefndri örnefnaskrá Torfa Magnússonar fyrir „Hvítársíðingaafrétt Tvídægru“ er Staðarhóll norðaustast á svonefndum Hryggjum sem eru austan við Nautavatn og þar eru leitarmót milli Þverhlíðinga og Hvítársíðinga. Þar sem ekki er fyrir að fara skýrari lýsingum á því hvernig merkjalína þessi liggur er það mat óbyggðanefndar að miða skuli við línu sem dregin er norðaustur frá smátjörnum við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns.

Gagnaðili íslenska ríkisins í málinu miðar varakröfu sína um þessi mörk við línu sem dregin er úr suðurenda Hrólfsvatns norðaustur yfir smátjarnir að Skútakvísl við sveitarfélagamörk. Að mati óbyggðanefndar á sú krafa gagnaðila íslenska ríkisins, um að mörkin liggja frá smátjörnum í Skútakvísl, sér ekki stoð í heimildum um afmörkun svæðisins. Verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að mörk austurhluta Tvídægru til vesturs lægju frá Hrólfsvatni norðaustur eftir smátjörnum við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þá segir í heimildunum að úr norðurenda Langavatns liggja merkin austur í Hvannstóð hið mikla. Sem fyrr getur er Hvannstóð við vesturenda Urðhæða rétt norðan við norðurmörk ágreiningssvæðisins og því utan við ágreiningssvæðið í málinu. Verður því miðað við að mörkin liggja frá norðurenda Langavatns að norðurmörkum ágreiningssvæðisins, nánar tiltekið sjónhendingu í suðurenda Flóvatns.

---

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Hrosskell Þorsteinsson hafi numið Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta. Sem fyrr greinir afmarkast Lambatungur að vestanverðu af Kjarrará. Þá er einnig greint frá því að Þorbjörn Blesi hafi numið land í Norðurárdal fyrir sunnan á upp frá Króki og Hellisdal allan og hafi búið á Blesastöðum og einnig að sonur hans hafi verið Gísli að Melum í Hellisdal og við hann séu kennd Gíslavötn. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*<sup>434</sup> frá 1708 segir að Blesastaðir séu fornt eyðiból í Krókslandi, en það er utan ágreiningssvæðisins í máli þessu. Hellisdalur liggur á vestanverðri Tvídægru, sem og Gíslavatn, en ekki er vitað um staðsetningu Mela. Örnefnið Háumelar er hins vegar staðsett á Hellisdal en ekki er hægt að fullyrða um hvort jörðin Melar hafi náð til þeirra. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun framangreindra lýsinga verður að telja líklegt að svæðið hafi verið numið að hluta til. Að sama skapi verður sú ályktun dregin að eftir því sem fjær dregur byggð og land hækkar er meiri vafa undirorpið að landsvæðið hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi

---

<sup>434</sup> Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890, kaupum hreppsfélaga Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa á Lambatungum fyrir hönd upprekstrarfélags Þverárréttar árið 1912, sem og nýtingu landsvæðanna þaðan í frá, leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði ágreiningssvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um afmörkun ágreiningssvæðisins er ljóst að það svæði sem gagnaðili íslenska ríkisins gerir eignarréttarkröfur til vegna Tvídægru, Hellistungna og Lambatungna skiptist í meginatriðum í þrennt. *Í fyrsta lagi* er um að ræða vesturhluta Tvídægru ásamt Hellistungum. *Í öðru lagi* er um að ræða austurhluta Tvídægru. *Í þriðja lagi* um að ræða Lambatungu. Í eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins verður fjallað um hvert þessara svæða um sig, í framangreindri röð. *Að lokum* verður tekin afstaða til kröfu eiganda Gilsbakka um veiðirétt á svæðinu.

### **6.3.3.1 Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum**

Vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum afmarkast þannig: Upphafspunktur er í Sýrdalsborg í suðvesturhorni ágreiningssvæðisins. Þaðan er lína dregin norðaustur í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá er fylgt austur að Hrólfsvatnsskísl sem er fylgt í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan er sjónhending vestur í suðurenda Krókavatns og þaðan ræður Skútagil að Hrútafjarðará. Frá ármótum Skútagils og Hrútafjarðarár er lína dregin vestur um Reipgiljaborg að Hæðarsteini og þaðan lína að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns. Þaðan ræður

---

Norðurá suður þar til Hellisá rennur í hana, þá ræður Hellisá, svo Hellisgil að upphafspunkti í Sýrdalsborg.

Elsta heimild Gilsbakkakirkju sem getur um réttindi hennar á vesturhluta Tvídægru er sem fyrr segir máldagi Árna Helgasonar frá árinu 1306, en í honum er getið um víðtæk veiðiréttindi sem Gilsbakkakirkja taldi sér til eignar á bæði austur- og vesturhluta Tvídægru. Í fjölda máldaga og vísitasía frá 1306–1748 er getið um réttindi kirkjunnar á ágreiningssvæðinu með sambærilegum hætti. Í kafla um Gilsbakka í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir að staðurinn eigi silungsveiði, m.a. „í öllum vötnum fyrir sunnan á þá, sem fellur úr Vesturflóa og ofan í Brattagil [Skútagil], og í Gíslavötnum neðst fyrir sunnan Norðurárdal. Í tjörnum öllum á Hellisdal, Þverárvötnum [...] Reipavatni á Hrútafjarðarheiði“, sem öll eru staðsett á vesturhluta Tvídægru, auk þess sem getið er um álftaveiði á Reipavatni.

Árið 1808 lögfesti séra Hjörtur Jónsson allar eignir Gilsbakkakirkju innan tiltekinna ummerkja. Sú lýsing náði yfir jörð Gilsbakka, Lambatungur og austurhluta Tvídægru, en tók ekki að neinu leyti til vesturhluta hennar. Hins vegar lögfesti hann sérstaklega veiði í tilteknum ám og vötnum á vesturhluta Tvídægru, þ.e. álftveiði norður að Brattagili [skútagili] og vestur að Norðurárdal, sem og álfta- og silungsveiði í Reipavötnum, Gíslavötnum og Þverárvötnum. Hið sama á við um lögfestu séra Magnúsar Sigurðssonar frá 1848, en auk þeirra vatna sem getið er í lögfestunni frá 1808 er getið um veiði í öllum tjörnum á Hellisdal og er það í samræmi við máldaga og vísitasíur kirkjunnar. Þá er þess getið í fyrrnefndu landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, að Gilsbakkakirkja eigi silungsveiði og álftaveiði, þar með talda eggja- og fjaðratekju, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem lýst er í Vilchins- og Gíslamáldögum.

Þann 4. október 1592 féll dómur um fjallskil í Norðurárdalshreppi, Þverárhlið og Stafholtstungum. Með dóminum var dæmt um skyldu ábúenda hreppanna til uppreksturs og leita á þeim tíma sem hreppstjórar skyldu ákveða, en ella greiða sektir. Þá segir: „So og dæmdum vier ad aungver menn vr audrum hreppum skule meiga reka án leyfis j þessara adur skrifadra hreppa afriett.“ Af dóminum má ráða að þegar árið 1592 hafi opinberir aðilar annast framkvæmd á upprekstri á ágreiningssvæðinu og að lítið hafi verið á það sem afrétt hreppanna.

Elsta heimild sem getur sérstaklega um Hellistungur er prófastsvísitasía Hjarðarholtskirkju frá 1694 þar sem vísað er til tveggja vitnisburða um „kirkiu Eygnar land ä Hellerstungumm“. Í fjölmörgum vísitasíum Hjarðarholtskirkju er getið um að hún eigi land á Hellistungum, samanber vísitasíur Hjarðarholtskirkju frá 1694, 1702, 1716, 1721, 1748, 1759, 1783 og 1831. Í vísitasíu kirkjunnar frá 1725 er vísað til þess að samkvæmt vísitasíu frá 1716 eigi kirkjan m.a. Lækjarkot og land á Hellistungum og svo segir: „Fleyra um Itók kyrkiunnar ad Hiardarhollte einkum umm dyrleika og ummmerke lækiarkotz, mä lesa i Strax nefndre visitasiu, sem hefur tillit til vitnizburdarbrefa, er þä hafa ä kirkiunne leiged, og Eigande Jardarennar, Æruver dug

---

Gudrydur Jönsdóttir, hefur því lyst í það sinn, að kirkjann hielde Itókunum, og þau være brukud effter því sem yrde vidkomed.“ Þá segir í vísitasíum hennar frá 1884 og 1888 að kirkjan haldi „öllum sínum fyrri áhöldum eignum og ítökum“, þ. á m. landi á Hellistungum.

Í fylgiskjali við *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708, sem dagsett er 1. júlí 1703, er getið um kirkjuna að Hjarðarholti og þar segir að kirkjan eigi að auki land á Hellistungum sem nú sé í afrétt. Í *Jarðabókinni* er fjallað um jörðina Krók þar sem segir: „Kirkjuból, forn eyðijörð á Hellistúngum, í því plátsi, sem nú er fjárupprekstur brúkaður af sveitinni sem áður segir. Sýnileg eru hjer bygðamerki og garðaleifar; en einginn minnst hjer hafi bygt verið, og ómögulegt er hjer aftur að byggja.“ Í þeim köflum ritsins sem ritaðir eru á árunum 1708 – 1709 er einnig umfjöllun um fjölda jarða í Þverárhlíð, Stafholtstungum og Hvítársíðuhrepp sem áttu tollfrían upprekstur á Hellistungur, en um einstakar jarðir vísast til kafla 5.3. Í kafla um jörðina Hjarðarholt segir að kirkjan eigi selstöðu á Hellistungum fram frá Norðurárdal þar sem heiti Hjarðarholtssel en hafi um langa tíð ekki brúkast því selstaðan sé nú í almenningu upprekstri og þar með í fjarska. Í kafla um Gilsbakka kemur fram að jörðin eigi enga afrétt og peningur gangi oftast í heimalandi en þetta árið hafi verið rekin lömb á Hellistungur.

Sumarið 1719 var héraðsdómur sýslumannsins í Þverárþingi, frá 16. júní 1719, borinn undir lögmennt og lögréttu til ályktunar. Þar staðfesti lögrétta dóm sýslumanns um fjárupprekstur og fjallskil á Hellistungum: „Hér uppá er lögmanna og lögréttunnar ályktun, að dómur sýslumannsins Sigurðar Sigurðssonar standi í fullu gildi og bændur skyldugir hönum að gegna, og gjörast um geld-fjár rekstur á vorin og fjall-göngur á haustin eftir því, sem hreppstjórnar menn gjöra ráð fyrir og hverju byggðarlagi hæfir. En réttir skulu þar vera, sem að fornu verið hafa. Er þessi dómur byggður á Landsleigub. 46. og 49. cap.“ Í 46. kap. landsleigubálks Jónsbókar var að finna ákvæði sem skyldaði að fé skyldi rekið úr afrétt þegar 4 vikur lifa sumars. Ákvæði Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman“ og var þar kveðið á um það hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Samkvæmt þessu sýnist mega draga þá ályktun að árið 1719 hafi verið litið svo á að landsvæði Hellistungna væri ekki undirorpið eignarrétti tiltekinnar jarðar eða kirkju, heldur fremur að það hafi verið sameiginlegur afréttur „bænda“.

Vigfús Ólafsson lögfesti eignir Hjarðarholtskirkju árið 1839. Þar lögfesti hann jörðina Hjarðarholt með „öllum þeim gögnum og gæðum vötum og veiðistöðum, hlunnindum til lands...“ og svo segir: „Sömuleiðis lögfesti jeg og Hjarðarholtskirkjuland á Hellirstungum [til tiltekinnna ummerkja].“

Í sóknalýsingu fyrir Hvamms- og Norðtungusóknir frá árinu 1840 segir að tvö afréttarlönd séu í sókninni: „Hið annað afréttarland eru hálfar Hellirstungur – Hjarðarholtskirkja á hálfar sem að er almenningur.“ Í sóknalýsingu fyrir Stafholts- og

---

Hjarðarholtssóknir frá árinu 1853 segir að allir bæir sem séu austan Norðurár eigi afrétt á Hellistungum, Holtavörðuheiði og Tvídægru og þar sé einnig upprekstur úr Þverárhlið, Hvítársíðu og Norðurárdal.

Þess skal getið að í fjöldia heimilda Stafholtskirkju er getið um selför kirkjunnar á Þverárdal, samanber máldaga kirkjunnar frá 1140–1570, vísitásiur hennar frá 1639–1887, lögfestur frá árunum 1663, 1707, 1714 og 1831, sem og í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709. Fyrirliggjandi heimildir geta ekki um nákvæma staðsetningu selfarar þessarar og hennar er ekki getið meðal ítaka í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890, auk þess sem hún var boðin upp til sölu þann 17. maí 1911. Í ljósi þess er það niðurstaða óbyggðanefndar að selför þessi hafi ekki verið staðsett innan ágreiningssvæðisins.

Einnig getur fjöldi heimilda Reykholtskirkju um afrétt kirkjunnar á Hrutafjarðarheiði, samanber máldaga kirkjunnar frá 1185–1570, *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708, vísitásiur frá 1751 og 1827, úttekt kirkjunnar frá 1732 og sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar frá árinu 1842. Fyrirliggjandi heimildir geta ekki um nákvæma staðsetningu afréttarins og þessara réttinda kirkjunnar er ekki getið meðal ítaka í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890. Í ljósi þess er það niðurstaða óbyggðanefndar að afrétt þessi hafi ekki verið staðsett innan ágreiningssvæðisins.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta þess landsvæðis sem Gilsbakkakirkja virðist hafa talið í sínum eignarumráðum. Deilurnar stóðu upphaflega einkum um austurhluta Tvídægru, sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér, en jafnframt urðu deilur á milli ábúenda hreppanna og umráðamanna Hjarðarholtskirkju í kjölfar þess að á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 23. maí 1873 var lesin upp lögfesta Vigfúsar Ólafssonar fyrir Hjarðarholtskirkju þar sem hann lögfesti m.a. Hellistungur. Deilurnar leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrð. Með bókun sama dag mótmæltu þeir lögfestu Hjarðarholtskirkju en þar segir m.a.: „Þá er það sjerílægi útaf þessari breitni hins núverandi eiganda Hjarðarholts, að vjer finnum oss knúða til vegna rjettinda vorra og Eptirkomendanna, til að mótmæla skjali þessu. Einkum og sjerílægi, mótmælum vjer alvarlega klausu þeyrri er stendur í síðari hluta skjalsins, og þannig hljóðar: Sömuleiðis lögfesti jeg Hjarðarholtskyrkjuland á Hellistungum, frá Hellisá sem Nordurá ræður að Melalandi að Nordan, enn Gilsbakkakyrkjueign að austan og sunnan sem Hellisá ræður. Lísum vjer þessa klausu – ómerka og ástæðulausa, að því leiti sem hún geingur á móti óhnektum og skýlausum Eignarrjetti vorum og allra þeyrra sem frá ómunatíð hafa notað afrjettarland það er hún umhljóðar (og sjerlega ómerkjileg er hún að því leiti, að

---

hverkji Vigfús Olafsson nje E. Th. Jónassen hafa auglíst umboð eður neina heimild til að draga þessa Eign vora undir Mela og Gilsbakkakyrkju.“

Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídæggra ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísam fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir ennfremur: „Bönnum við því hjer með, first öllumm mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlísjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlísjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísá þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfarrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna sem var þinglesin alls fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs.

Við þinglýsingu lögfestunnar þann 15. júní 1874 mótmælti umráðamaður Hjarðarholtskirkju henni vegna Hellistungna og í kjölfar þess hófust málaferli um landsvæðið.

Í málinu liggja fyrir tvö bréf sem skrifuð eru af Hjálvari Péturssyni hreppsstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalyýsingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésson á Gilsbakka oddvitum Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar yrði útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til



---

tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og þar segir m.a.: „Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrijettarlandið, eiga landið sjálf. [...] 3. Hjarðarholtskirkja. Mjer er ekki kunnugt um, að Wilchins eða Gísla máldagar eign henni selfararrjett, eða land á Hellistungum. En eptir útdrætti, sem jeg hef í höndum úr Jb. Á. M. 51 fol. J.S. 98 á kirkja þessi selför á Hellistungum, sem þó lengi hefur ekki verið brúkuð, en annað en selför á hún eptir því skjali ekki, og er þá ekki heldur hægt að kannast við meira.“

Á meðan deilunum stóð milli ábúenda jarða í fyrrnefndum hreppum og umráðamanns Hjarðarholtskirkju voru fyrrnefndar deilur þeirra við umráðamann Gilsbakka leiddar til lykta með gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afrijettarland þann 10. apríl 1890 og var því þinglýst árið 1915. Merki landamerkjabréfsins ná sem fyrr segir yfir það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar auk fleiri ágreiningssvæða. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afrijettarlandinu og m.a. að Hjarðarholtskirkja eigi „... selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.“ Þá segir einnig: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa og undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða.

Umráðamaður Hjarðarholts neitaði að undirrita landamerkjabréfið vegna Hellistungna og svo fór að með bréfi dags. 22. febrúar 1893 skoraði umboðsmaður hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítársíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga á sáttanefnd Stafholtssáttaumdæmis að kveða sig sjálfan og umráðamann Hjarðarholts á sáttafund til að reyna sættir í málinu. Í bréfinu segir m.a.: „Umráðamaður Hjarðarholtskirkju, Jón bóndi Tómasson í Hjarðarholti, telur landshluta nokkurn á nefndum Hellistungum eign Hjarðarholtskirkju og neitar að undirskrifa landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega upprekstrarlandi nefndra sveita nema þar sje tekið fram eignarítak það sem hann telur Hjarðarholtskirkju eiga á Hellistungum; en hlutaðeigandi hreppsnefndir viðurkenna eigi að Hjarðarholtskirkja eigi neitt land á Hellistungum, en neita því ekki með öllu að Hjarðarholtsbóndi hafi rjett til selfarar fyrir sjálfann sig kringum hið svokallaða Hjarðarholtssel. Og að öðru leiti álíta hreppsnefndirnar að rjettur til selfarar sje annað en eignarrjettur yfir landi eða landshlut.“ Landsyfirrættur dæmdi um eignarrétt að Hellistungum þann 12. október 1896 í máli nr. 11/1896 (*Lyfrd. yngri V/327*). Eignartilkalli kirkjunnar, byggðu á vísitasíum og lögfestum hennar, var hafnað á þeirri forsendu, að þau væru ekki annað en, „skrásetning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja til eigna hennar.“ Landsyfirrættur staðfesti dóm undirrættar, sem dæmdi þrætulandið eign upprekstrarfélagsins, fyrst og fremst á grundvelli vitnisburðar, um að landið hefði frá ómunatíð verið notað af upprekstrarfélaginu til

---

upprekstrar, en hins vegar hefðu not kirkjunnar af landinu nánast engin verið. Var sú niðurstaða byggð á 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar. Með hliðsjón af ummælum þar að lútandi í *Jarðabók* Árna og Páls var Hjarðarholtskirkju aftur á móti dæmdur selstöðuréttur í þrætulandinu.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann: „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammsslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land,"er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Í kafla 6.3.2 kemur fram að gagnaðili íslenska ríkisins telji að framangreindur dómur Landsyfírréttar frá 12. október 1896, í máli nr. 11/1896, hafi þýðingu fyrir eignarréttarlega stöðu Hellistungna og styrki tilkall þeirra um beinan eignarrétt. Að því er þá að gæta að íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefndu dómsmáli. Í dómi Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár), var komist að þeirri niðurstöðu að dómur Landsyfírréttar frá 11. júlí 1855 í máli nr. 1/1855, fæli ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit þess ágreiningsefnis sem lá fyrir í síðara dómsmálinu. Sú niðurstaða er einnig í samræmi við afstöðu réttarins í dómi frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin). Af þessum dómum má draga þá ályktun að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómar um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við

---

mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Í ljósi þess sem að framan greinir getur dómur Landsyfirréttar frá 12. október 1896 í máli nr. 11/1896 að mati óbyggðanefndar ekki ráðið úrslitum um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins og er ekki bindandi um úrlausn þessa máls í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vísan til 4. mgr. sömu lagagreinar og með hliðsjón af tilvitnuðum dómum Hæstaréttar kann dómurinn þó að hafa sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu Hellistungna samkvæmt lögum nr. 58/1998. Breytir tilvist dómsins því engu um það að fram fer í málinu hefðbundin greining og mat á öllum tiltækum heimildum.

Svo sem rakið er hér að framan er svæðis þess, sem hér er til umfjöllunar, getið í fjölda heimilda. Í máldögum Gilsbakkakirkju frá 14. til 18. aldar og vísitasíum hennar frá 17. og 18. öld er eingöngu vísað til veiðihlunninda á ágreiningssvæðinu, en landsvæðið ekki tilgreint sérstaklega. Hið sama á við um lögfestur kirkjunnar á 19. öld, en þar er sem fyrr segir lögfest landsvæði innan tiltekinnna ummerkja og er vesturhluti Tvídægru ekki innan þeirra heldur er eingöngu vísað til veiðihlunninda þar. Þá má ráða af dómi frá árinu 1592, um fjallskil í Norðurárdalshreppi, Þverárhlið og Stafholtstungum, að þá þegar hafi verið litið svo á að fjalllendið væri afréttur hreppanna en ekki tiltekinnar jarðar eða jarða.

Í vísitasíum Hjarðarholtskirkju frá 17. til 19. aldar og lögfestum hennar frá 19. öld eignar kirkjan sér landsvæðið Hellistungur. Samkvæmt heimildum er óljóst hvert umfang og inntak þess réttar var, en t.d. átti fjöldi jarða í Þverárhlið, Stafholtstungum og Hvítársíðuhrepp tollfrían upprekstur á Hellistungur samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls frá árunum 1708 og 1709. Þá var það eignarhald kirkjunnar raunar ítrekað véfengt frá því lögfestu Vigfúsar Ólafssonar fyrir Hellistungum var þinglýst á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 23. maí 1873 en þeim deilum lauk sem fyrr segir ekki fyrr en með dómi Landsyfirréttar 12. október 1896. Af hálfu kirkjunnar virðist hafa verið unað við þessa niðurstöðu Landsyfirréttar og eftir þann tíma verður ekki séð að hún hafi haldið fram rétti sínum, þ. á m. ekki í þessu máli hjá óbyggðanefnd. Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins ekki á því að þeir leiði rétt sinn frá kirkjunni. Af þessu leiðir að heimildir um tilkall kirkjunnar til beins eignarréttar koma ekki til frekari skoðunar.

Af fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi ótalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að tilteknir aðilar aðrir hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Lögfestan nær sem fyrr segir til ágreiningssvæðisins auk fleiri ágreiningssvæða í málinu. Árið 1890 var svo sameiginlega landamerkjabréfið gert, þar sem gert var ráð fyrir takmörkuðum réttindum bæði Hjarðarholts og

---

Gilsbakka á hinu umdeilda svæði, þ.e. annars vegar að Hjarðarholt ætti selför á Hellistungum og hins vegar að Gilsbakki ætti veiði í tilteknum ám og vötnum á ágreiningssvæðinu.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, þ. á m. Hellistungur og vesturhluti Tvídægur, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði sem umrætt landamerkjabréf tekur til, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirbyggjandi landnámslýsingum að telja verður líklegt að takmarkaður hluti ágreiningssvæðisins hafi verið numinn og þá einkum Hellisdalur. Sem endranær verður þó að gera þann fyrirvara að þó svo land hafi upphaflega verið numið, í heild eða að hluta, þá sker sú staðreynd ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>435</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 14. öld og fram á 21. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu og síðar beit, ef frá er talin óljós frásögn um forna eyðijörð á Hellistungum í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1708, en ekkert liggur fyrir um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

---

<sup>435</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða ágreiningssvæðisins var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum eignarrétti, hvorki eiganda Hjarðarholts né Gilsbakka. Þessi óvissa eykur þýðingu sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að áréttta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda dóma Hæstaréttar, sbr. t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem Gilsbakkakirkja kallaði til að eignarrétti á eystri hluta Tvídæguru, þ.e. vestan Kjararár. Jafnframt komu þar við sögu deilur umráðamanna Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélagsins um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétt hafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo

---

á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Gilsbakka í athugasemdalausri aðild hans að sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890, og raunar framgöngu hans um gerð þess. Auk þess verður ekki séð af eldri heimildum Gilsbakkakirkju að hún hafi nokkurn tíma gert tilkall til vesturhluta Tvídægru sem eignarlands síns heldur eingöngu til veiðiréttinda, samanber það að vesturhluti Tvídægru er ekki innan merkja samkvæmt lögfestum kirkjunnar frá árunum 1808 og 1848, sem þó lýsa mjög víðtækum réttindum hennar. Þá má geta þess að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 kemur fram að réttindi þeirra sem aðild eiga að því, þ. á m. eigenda Gilsbakka og Hjarðarholts, sæti þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför.“ Af þessu má draga þá ályktun að í landamerkjabréfinu sé verið að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum. Gagnaðili íslenska ríkisins ber sönnunarbyrði fyrir því að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum eigendum Gilsbakka og Hjarðarholts til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra samhliða frá þeim frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraráðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar sérstaklega varakröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt að Hellistungum þá er fyrir fjallað um þýðingu dóms Landsyfírréttar frá 12. október 1896 í máli nr. 11/1896 og þar komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki bindandi um úrlausn þessa máls, samanber til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við efnislega greiningu dómsins er þess síðan að gæta að upprekstrarfélaginu var dæmt þrætulandið til eignar á grundvelli vitnisburða um að landið hefði frá ómunatíð verið notað til upprekstrar. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands á 20. og 21. öld hafa slík not og réttarstaða legið afréttareign til grundvallar en ekki víðtækari eignarrétti, samanber og sjónarmið um ómunahefð. Í forsendum Landsyfírréttar er jafnframt vísað niðurstöðunni til stuðnings til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar. Svo sem fyrir greinir hefur Hæstiréttur metið þýðingu þeirrar lagareglu svo í dómi frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli) að ákvæðið hafi eftir hljóðan sinni að geyma reglu um hvernig sönnur verði færðar fyrir afnotarétti að fasteign, en ekki um stofnun beins eignarréttar yfir henni. Að þessu virtu verða ekki aðrar efnislegar ályktanir dregnar af dómi Landsyfírréttar en að þar hafi verið til umfjöllunar óbein eignarréttindi upprekstrarfélags Hvítársíðu-, Þverárhliðar- og Stafholtstungnahreppa og Norðurárdalshrepps austan Norðurár og Sanddalsár í formi afréttareignar. Beint eignarréttartilkall gagnaðila íslenska ríkisins nú verður því ekki stutt við niðurstöðu dómsins.

---

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda og fyrri umfjöllunar. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>436</sup> Þá er vert að áréttta það sem fram er komið hvað varðar réttarstöðuna fyrir 1890 að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar á vesturhluta Tvídæguru, samanber fyrri ályktun þar að lútandi.

Hvað ágreiningssvæðið varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram á að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttað þannig eftir 1890 að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega árétttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að vesturhluta Tvídæguru því ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að vesturhluti Tvídæguru sé ekki undirorpinn beinum eignarrétti heldur óbeinum. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>437</sup> gagnaðila íslenska ríkisins sem byggir tilkall sitt á hinu sameiginlega landamerkjabréfi frá 1890.

Fram er komið að fyrirliggjandi eldri heimildir varða almennt tilkall til beitar, veiði og selstöðu á svæðinu. Hlutadeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar lögfestu sér landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu. Þá er umþrætt land innan landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum eigendum Gilsbakka og Hjarðarholts til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá er og komist að þeirri niðurstöðu hér að framan að þegar litið sé til lögfestunnar 1873 og landamerkjabréfsins 1890 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi þessara jarða til rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð

---

<sup>436</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>437</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

tekið svæðið til sumardeildar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og a.m.k. eigandi Gilsbakka viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með sameiginlega landamerkjabréfinu 1890.

Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Gilsbakka sem fólust í umræddum rétti til álftaveiða eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð grein fyrir því hér að framan að eigi síðar en árið 1306 gerði Gilsbakkakirkja tilkall til veiðiréttar í vötnum á ágreiningssvæðinu. Sýnist það tilkall aldrei hafa verið véfengt og við gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland 1890 er lagt til grundvallar að sá veiðiréttur tilheyri einungis jörðinni Gilsbakka. Í lögum, samanber nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, samanber upphaflega dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í máli nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri) hefur verið viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiða af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyra jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirfærst til núverandi rétthafa.

Hvað sem líður þeim ályktunum að svæðið sé nú samnotaafréttur þá verður ekki staðhæft að svæðið hafi frá landnámi haft þá sömu stöðu, samanber og umfjöllun hér að framan. Þannig verður ekkert ráðið um hvort tilkall jarðarinnar Gilsbakka til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð, löggerningum eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að Gilsbakki hefur um langan aldur og átölulaust farið með þessi réttindi sem sín og sætti sú tilhögun ekki heldur andmælum eða fyrirvörum við gerð sameiginlega landamerkjabréfsins 1890 eða síðar. Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi tilheyri jörð Gilsbakka í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í málinu tilheyri jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Við mat á umfangi þess veiðiréttar er til þess að líta að í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er lýst veiði í tilteknum ám og vötnum á austurhluta Tvídægru, Lambatungum og Arnarvatnsheiði og svo segir: „Einnig á



---

Gilsbakkakirkja silungsveiði [...], víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.“ Í máldaga Gilsbakkakirkju frá 1306, sem er jafnframt elsta heimildin sem lýsir veiðirétti Gilsbakka, segir m.a.:

[...] vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fiskveide: Aull vothn firi sunnan a þa er fellur wr vesturfloa oc ofan j brattagil fra brattaGile med hrutafiardardal til nordurardals: med nordurardal sunnan med daugurdar Eyia og Gijslavathn nedastfiri sunnan nordurardal: Tiarner allar j hellisdal: þuerarvotn og tiarner allar j lambadal [...]: holltavaurduvatn og Reipavatn a hrutafiardar heide [...]

Í Vilchins máldaga frá 1397 og máldaga Gísla Jónssonar frá 1570, sem vísað er til í landamerkjabréfinu frá 1890, er veiðiréttar á svæðinu getið með sama hætti og í máldaganum frá 1306.

Krafa eiganda Gilsbakka í málinu er í meginatriðum í samræmi við máldaga Gilsbakkakirkju frá 1306, þ.e. þar segir: „Öll fiskveiði í öllum vötnum fyrir sunnan á þá er fellur úr Vesturflóa ofan í Brattagil, frá Brattagili með Hrutafjarðardal til Norðurárdals, með Norðurárdal fyrir sunnan til Dögurðaráreyjar og í Gíslavatni neðst fyrir sunnan Norðurárdal;“ Svo segir í kröfulýsingu hans: „Undir þessa skilgreiningu falla m.a. auk Gíslavatns [...] Lónavatn, Krókavatn og aðrar tjarnir á þeim slóðum, vötnin austan vegar en sunnan háheiðar á Holtavörðuheiði, einnig Lambadalstjörn og Hrólfsvatn, auk smærri tjarna þar í Lambadal og víðar, Nautavatn í Vatnaflóa, allar tjarnir í Hellisdal, einnig í Holtavörðuvatni og Reipavatni á Hrutafjarðarheiði.“ Samkvæmt þessu gerir eigandi Gilsbakka eingöngu kröfu um veiðirétt í stöðuvötnum og tjörnum innan ágreiningssvæðisins, en ekki ám og lækjum. Fær það jafnframt stuðning af því sérstök veiðifélög eru starfrækt um Litlu-Þverá, sem liggur á suðurmörkum ágreiningssvæðisins, og um Norðurá, sem liggur á vesturhluta þess. Til félagssvæðis þess síðarnefnda teljast ennfremur Austurá og Hellisá sem báðar eiga upptök sín innan ágreiningssvæðisins og renna í Norðurá, en eigandi Gilsbakka á ekki aðild að veiðifélaginu.

Samkvæmt framangreindu sýnist mega leggja til grundvallar að allur réttur til lax- og silungsveiði í stöðuvötnum innan afmörkunar vesturhluta Tvídægru tilheyri jörð Gilsbakka. Um veiðirétt í ám og lækjum á svæðinu fer eftir 7. grein laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þ.e. hann tilheyrir jörðum í fyrrum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé

---

þjóðlenda.<sup>438</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að veiðiréttur í öllum vötnum og tjörnum sem falla innan afmörkunar vesturhluta Tvídægru tilheyri jörð Gilsbakka.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er í Sýrdalsborg. Þaðan er dregin lína norðaustur í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá er fylgt austur að Hrólfsvatnaskvísl sem er fylgt í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan er sjónhending vestur í suðurenda Krókavatns og þaðan ræður Skútagil að Hrútafjarðará. Frá ármótum Skútagils og Hrútafjarðarár er lína dregin vestur um Reipgiljaborg að Hæðarsteini og þaðan lína að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns. Þaðan ræður Norðurá suður þar til Hellisá rennur í hana, þá ræður Hellisá, svo Hellisgil að upphafspunkti í Sýrdalsborg.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

---

<sup>438</sup> Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

---

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í öllum vötnum og tjörnum jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

### 6.3.3.2 Austurhluti Tvídægru

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða austurhluta Tvídægru. Landsvæðið afmarkast þannig: Upphafspunktur er í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan ræður sjónhending austur í Urðhæðavatnslæk og er honum fylgt suður að Nyrðra-Kvíslavatn og úr því í Kvíslavatnslæk sem ræður að Skjaldartjörn. Úr Skjaldartjörn ræður Skjaldtjarnarkvísl í Kjarará og Kjarará að Fiskilæk. Þá ræður Fiskilækur norðvestur í Vatnshnúkavatn og þaðan í Vatnshnúk. Þaðan er vatnaskilum fylgt í Lambadal og eftir Lambadalslæk norðaustur í upphafspunkt við vesturenda Hrólfsvatns.

Elsta heimild Gilsbakkakirkju sem getur um réttindi hennar á austurhluta Tvídægru er sem fyrr segir máldagi Árna Helgasonar frá árinu 1306. Þar segir að kirkjan eigi heimaland allt og Lambatungur og svo er getið um víðtæk veiðiréttindi sem kirkjan taldi sér til eignar á bæði austur- og vesturhluta Tvídægru. Í fjölda máldaga og vísitasía frá 1306–1748 er ágreiningssvæðisins getið með sambærilegum hætti. Í vísitasíu kirkjunnar frá 1737 segir að hún eigi heimaland allt, Lambatungur og skóg í Húsafellshraun með „ódrumm ítókumm Sem mældagar og visitatiur Gilsbacka kyrkiu utvýsa...“. Sama á við um vísitasíur kirkjunnar frá árunum 1744 og 1746.

Árið 1666 las séra Helgi Grímsson að Haukagili upp í lögrétta fimm vitnisburði um Haukagilssel. Samkvæmt vitnisburðunum var selið „réttlega og að fornu fare fyrir norðan Kjararaa, hvöriu sr. Helge vænest að samhljóðe Gilsbacka kyrkiu maldaga. Og enn gamalt Insiglað sama staðar landamerkia bref<sup>439</sup>“. Lögmenn og lögrétta svöruðu því til að ef séra Helgi og séra Páll Gunnarsson umráðamaður Gilsbakka gætu ekki samið sín á milli um þetta þá skyldi þetta vera skóðað í héraði eftir lögum. Þá eru varðveittar afskriftir af fimm vitnisburðum sem gefnir voru árið 1666 og fjórum vitnisburðum sem gefnir voru á árunum 1667–1669 og í þeim öllum kemur fram að Haukagilssel hafi verið fyrir norðan Kjararár milli Sámstaðasels og Gilsbakkasels. Árið 1667 lögfesti séra Helgi Grímsson Haukagil og Haukagilssel og þar segir m.a. „Epter þuij sera Paall Gunnarsson hefur uppleseð Lögfestu ad þuij lande og eigum er hann skjirer Gilzbacka kirkju eign vera nu ad Samstadapinge Anno 1667, 20 Maij, þa ordsakast eg til ad lögfesta mijna liensjörd Haukagil.“ Þá segir: „Eg Helge

---

<sup>439</sup> Landamerkjabréf þetta hefur ekki fundist þrátt fyrir leit.

---

Grijmsson lögfeste hier [...]. Suo og allt land Haukagilz med Haukagilz sele fyrer nordan Kjarrá. epter Gilzbacka kirkiu máldaga. Samstada landamerki[a] brefe. Galmanstunguskiölum og annara [godra] manna vitnesburdum. Þangad til neffnt Haukagils sel er riettelega dæmt fra Haukagile. edur skickad af þuij yffervallde sem andlegra jarda riettelegur og fullkomnir forsuarsmenn eru epter kongl. Majestatis ordinantiu edur af þuij riettelega tilneffndum domsmoñnum.“

Af framangreindum heimildum má ráða að deilur hafa verið á milli umráðamanna Haukagils og Gilsbakka um selstöðu Haukagils norðan Kjararár. Þá má ráða að vegna deilnanna hafi umráðamaður Gilsbakka lögfest landsvæði norðan Kjararár undir kirkjuna á manntalsþingi þann 20. maí 1667, en sú lögfesta hefur ekki fundist og því ekkert vitað um afmörkun þess landsvæðis sem hún náði til. Þann 3. júlí 1667 var svo upplesin fimmtarstefnudómur við Bjarnastaðasel, en selið var staðsett sunnan Kjararár og innan óumdeildrar eignarjarðar Gilsbakka. Afskrift dómsins hefur ekki fundist og því ekki vitað með vissu um hvað var dæmt en í Alþingisbók stendur m.a.: „Og var hér til svarað, að dómurinn standi, þar til sira Helgi leiðir frekari skjöl en í þennan dóm innfærð eru eður aðrar löglegar bevísingar eftirtekta verðar.“ Af þessu orðalagi má draga þá ályktun að dómurinn hafi varðað þrætu umráðamanna Haukagils og Gilsbakka.

Í kafla um Haukagil segir í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709: „Fjögra hundraða land eignar presturinn að Húsafelli þessari jörðu [Haukagili] norður á Kjör, og hefur lögfest það ásamt jarðarinnar landi á Manntalsþínginu vorið 1708, en ekki ánefnt í sinni lögfestu sjerdeilislega hvar þetta landspláts lægi á áðurnefndri Kjör (sem er eitt dalland). En það þykjast menn heyrt hafa af sjer eldri, að þar sem Bjarnastaðasel stendur skuli áður hafa kallað verið Haukagilssel, og það landspláts hefur presturinn að Gilsbakka lögfest undir staðinn Gilsbakka með hans landi á vormanntalsþíngi 1709.“ Samkvæmt þessu hefur umráðamaður Gilsbakka aftur lögfest landsvæði norðan Kjararár undir kirkjuna en sú lögfesta hefur ekki fundist. Á því það sama við um þessa lögfestu, eins og lögfestuna frá 1667, að ekkert er vitað um afmörkun þess landsvæðis sem hún náði til.

*Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 getur um að jörðin Gilsbakki eigi enga afrétt og peningur gangi oftast í heimalandi en þetta árið hafi verið rekin lömb á Hellistungur. Þá er þar getið um „laxveiðivon í Kjarará og mörgum stöðuvötnum á Tvídægru“ og síðar að staðurinn eigi silungsveiði í fjölda áa og stöðuvatna sem sum hver eru staðsett á austurhluta Tvídægru.

Lögfesta Hjartar Jónssonar fyrir Gilsbakka frá 9. maí 1808 er elst fyrirbyggjandi heimilda sem lýsir merkjum fyrir jörðina og falla Lambatungur og austurhluti Tvídægru innan þeirrar lýsingar án þess að vera getið með sérstökum hætti eða afmarkaðar sérstaklega. Þar er einnig fjallað um veiðiréttindi jarðarinnar, m.a. á austurhluta Tvídægru. Samskonar merkjalýsingu er að finna í lögfestu Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakkakirkjulandi, frá 16. maí 1848, þar sem merkjum er einnig

---

lýst heildstætt og án aðgreiningar milli Gilsbakka, Lambatungna og austurhluta Tvídægru, auk þess sem veiðiréttinda er getið með sama hætti. Þá var lesið upp bann við því að íbúar Hvítársíðuhrepps rækju fé sitt og hross í Gilsbakkakirkjuland á Tvídægru þann 16. maí 1849. Lögfestunni frá 1848 og banninu frá 1849 var mótmælt af hreppstjórum Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa, með bréfi dags. 29. desember 1849. Mótmælin vörðudu einkum tilkall Gilsbakkakirkju til lands norðan og norðvestan Kjararár, þ.e. á austurhluta Tvídægru. Í bréfinu segir m.a.: „En eptir lögfestu yðar þessari ætti kirkjan á Gilsbakka að eiga mestallan hluta land það, er Hvítársíðingar, Þverhliðingar, megin hluti Norðdæla og Stafholtstúngnamanna hingað til hafa haft fyrir frjálsan og óátalin afrétt handa öllum sínum peningi, og það án þess að biðja nokkurn einstakan mann um leifi til þess, eða greiða nokkrum þóknun þar fyrir. – Vér álitum að Gilsbakkakirkja eigi ekkert land fyrir norðan Kjarará og að menn því úr nefndum byggðarlögum héreptir sem hingað til, megi brúka fjallandið allt fyrir norðan Kjarará, fyrir afrétt sinn án þess að sækja leifi til þess, til nokkurs einstaks manns, eða greiða nokkra þóknun fyrir það nokkrum einstökum manni hverki Gilsbakkapresti né öðrum.“ Þá var því var einnig mótmælt að presturinn á Gilsbakka leyfði „utansveitarmönnum“ að reka fé og hross á Lambatungur þar sem það væri til skaða fyrir afréttinn vestan Kjararár. Í kjölfar mótmælabréfs þessa hófust miklar deilur um eignarhald á hluta þess lands er Gilsbakkakirkja taldi eign sína, en þær stóðu einkum, eins og fyrir greinir, um það landsvæði sem hér er til umfjöllunar.

Í janúar og febrúar árið 1850 voru skráðir sex vitnisburðir um heiðarland Gilsbakkakirkju fyrir norðan Kjarará. Í þeim öllum kemur fram að vitnin hafi aldrei vitað til annars en að Gilsbakkakirkjuland norðan Kjararár væri hennar eign og vísa þau m.a. til þess að rekið hafi verið í landið með leyfi Hjartar Jónssona. Hross hafi hann tekið sunnan yfir Hvítá á sumrin og tekið toll fyrir.

Þessum vitnisburðum svöruðu hreppstjórar Þverárhliðar- Norðurárdals- Stafholtstungnahreppa með bréfi til sýslumanns, dags. 6. febrúar 1850, þar sem því var mótmælt að Gilsbakki ætti nokkuð land eða landsnytjar norðan Kjararár að fráteknum þeim ítökum sem getið væri um í „máldögum Vilkins og Gísla.“ Sýslumaður áframsendi bréf þetta til amtmanns þann 8. febrúar og sendi að auki bréf þar sem hann lýsti skoðun sinni á ágreiningnum. Þar segir hann: „Ég á að sönnu enga áreiðanlega afskrift af máldögum Vilkins og Gísla biskupa, en þó hefi eg handa á millum eina skræðu af þeim, og er í henni Gilsbakkakirkju ekkert land eignað á Tvídægru, fyrir norðan Kjarará, heldur einúngis ýmis ítök þar, svo sem veiðar, í ýmsum vötnum. – Það er mér ekki heldur kunnugt að nokkur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal eða Stafholtstúngum, er afréttinn nota, hafi fengið upprekstrarleyfi hjá prestunum á Gilsbakka eða goldið upprekstartoll. Ég get því að svostöddu ekki álitnið að Gilsbakkakirkja eigi nokkur heiðarlönd fyrir norðan Kjarará.“

---

Þá áframsendi sýslumaður bréf hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi og fimm annarra bænda til amtmanns, þann 9. febrúar 1850, þar sem hann óskaði eftir því fyrir hönd þeirra að þeir mættu framvegis njóta frjáls uppreksturs og grasatekju á Tvídægru og Gilsbakkapresti yrði meinað að taka nokkurn upprekstrarpening sunnan yfir Hvítá á afrétt þeirra.

Þann 6. maí 1850 skrifaði sýslumaður bréf til séra Magnúsar á Gilsbakka þar sem hann tilkynnti að amtmaður hefði skrifað stiftsyfirvöldum bréf og beðið þau að sjá til þess að séra Magnús „gjörði ekki þau inn grip í réttindi sveitarmanna, sem hreppstjórnir hafa borið sig upp um“. Þar kom einnig fram að amtmaður hefði beðið um að sýslumaður myndi leiða séra Magnúsi fyrir sjónir að það væri „rangur framgangsmáti“ af honum að taka sér, upp á sitt eindæmi og án heimildar, meiri ráð yfir hinum umþrætta afrétt en formenn hans í prestkallinu hefðu gert. Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 8. maí 1850 var: „lýst friðhelgi, eptir beiðni prestsins á Gilsbakka, yfir álftaeggvarpi á þeim parti Tvídægru, er Gilsbakkakirkja á eftir máldögum hennar og öðrum skilríkjum.“

Stiftsyfirvöld skrifuðu bréf til amtmanns 15. júní þar sem þau tilkynntu honum að þau hefðu tjáð séra Magnúsi Sigurðssyni að hann mætti ekki, án dóms og laga, sleppa neinu því landsvæði sem hann teldi eftir sinni bestu sannfæringu að kirkjan ætti. Með bréfi, dags. 6. júlí 1850, óskaði séra Magnús á Gilsbakka eftir því við amtmann að hann útnefndi sáttanefnd til þess að gera út um málið. Fór svo að þann 12. nóvember 1850 var gerð sátt milli séra Magnúsar á Gilsbakka og hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhlíðar, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa um heiðarland norðan Kjararár. Hljóðaði sáttin þannig að þið umþrætta, lögfesta heiðarland fyrir norðan Kjararár yrði eftirleiðis talið eign Gilsbakkakirkju með eftirfarandi skilyrðum: „1° að þeir af Sóknarbændum hans, sem þád hafa upprekstursleyfi hjá hönum að undanfögnu haldi sömu venju eptirleidis og með somu kostum, 2° að han á sumrum megji halda búsmala sínum í seli fyrir nordan Kjarará í Gilsbakka forna sellandi og 3° að han (Presturin) megi taka trippi til sumarbeitar í hid margnefnda land, ad likri tiltölu og verið hefir. – En fremur var það tekid fram milli kjaranda og hina málspartana, ad Presturin til Gilsbakka megi framvegis leyfa nokkrum mönnum utan Herrads að reka geldfenad sinn og lömb til sumar beitar a svonefndar Lambatúngur...“

Þann 30. nóvember sama ár mótmæltu bændur í Þverárhlíð og Norðurárdal við sýslumann vegna framangreindrar sáttargerðar og óskuðu eftir því að hún yrði ógilt. Hið sama gerðu bændur í Stafholtstungahreppi 2. desember og bændur í Hvítársíðuhreppi 3. desember. Sýslumaður áframsendi mótmælabréf þessi til amtmanns 10. desember og fer sjálfur fram á það í bréfi sínu að amtmaður ógildi sáttina. Varð úr að amtmaður sendi sýslumanni bréf 20. janúar 1851 þar sem hann segir að sökum mótmæla við sáttargerðina finni amtið „einga gilda ástæðu til ad samþykkja þá herumhöndludu sáttargjörd, en álítur hana, vegna ofantédra galla, sem i

---

sjálfu sér ónýta og ógilda, og ekki vera til minstu hindrunar fyrir því, að þær ofanefndu sveitir, uppá sama máta noti og telji sér tilkall til ens umþrætta afréttarlands, einsog hínagad til, þánagad til presturinn til Gilsbakka uppá löggildan hátt, hefur framfylgt lögfestu sinni fyrir afréttarlandinu...“.

Á manntalsþingi að Sámstöðum þann 15. maí 1851 var upplesið framangreint amtsbréf, þar sem sáttargerðin frá 12. nóvember 1850 var ógilt, sem og tvö forboð frá 44 bændum í Stafholtstungum, Hvítársíðu og Þverárhlíð, til Gilsbakkaprests um notkun þessa afréttarlands. Þá var einnig upplesin yfirlýsing frá séra Magnúsi á Gilsbakka þar sem hann segir að hann muni halda sig við áðurgerða sátt þar til hann hafi ráðfært sig við stiftsýfirvöld. Þann 24. mars 1852 sendi sýslumaður amtmanni afrit af bréfi frá bændum í Þverárhlíð, Hvítársíðu, Norðurárdal og Stafholtstungum, en með bréfinu leituðu þeir aðstoðar amtsins í deilumálinu þar sem Gilsbakkaprestur neitaði að una ógildingu sáttarinnar.

Í sóknalýsingu fyrir Stafholts- og Hjarðarholtssóknir frá árinu 1853 segir að allir bæir sem séu austan Norðurár eigi afrétt á Hellistungum, Holtavörðuheiði og Tvídægri og þar sé einnig upprekstur úr Þverárhlíð, Hvítársíðu og Norðurárdal. Í bréfi til amtmanns, dags. 14. nóvember 1857, sem er undirritað af 55 bændum í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlíð og Norðurárdal, er þess svo óskað að deilumál um upprekstur norðan og vestan Kjararár verði tekið til löglegrar meðferðar. Ekki er þó að sjá að brugðist hafi verið við þeirri beiðni.

Framangreindar deilur leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrð. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægri ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísam fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettu 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir ennfremur: „Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtsskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annan hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og

---

sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skóggi) skorum vjer á hvern þann að auglísa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna þar sem mótmælt var lögfestum Gilsbakkakirkju og þar með tilkalli kirkjunnar til þeirra réttinda á svæðinu sem þar var lýst. Var lögfestan þinglesin alls fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs.

Af framangreindum samskiptum, sem áttu sér stað frá árinu 1848 og þar til framangreind lögfesta var gerð, og framsetningu og orðalagi lögfestunnar sýnist mega draga þá ályktun að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að eigandi Gilsbakka hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi.

Þann 21. desember 1885 skrifaði séra Magnús Andrésson, sem þá var tekin við Gilsbakka, bréf til stiftsyfirvalda þar sem hann leitar ráða vegna framangreinds ágreinings. Í bréfinu segir hann m.a.:

Það sem mælir móti því að Gilsbakkakirkja eigi þrætulandið, er að minni ætlun helst þetta:

1. Í Vilchins og Gísla máldögum er ekki með berum orðum sagt, að Gilsbakkakirkja eigi neitt land fyrir norðan Kjarará, heldur aðeins álpveiði, silungsveiði og fjölda vatna og tjarna. Lambatungur segir Gíslamáldagi skýlaust að kirkjan eigi.

2. Um mörg hin síðari ár, jeg veit ekki hversu mörg, hefur þrætulandið verið notað sem upprekstrarland af fyrnefndu upprekstrarfjelagi, án þess Gilsbakkaprestar hafi fengið nokkurt upprekstrargjald fyrir það, eða leyfis þeirra hafi verið leitað til upprekstrarins.

Aptur eru helstu ástæður með því að kirkjan eigi þrætulandið þessar:

1. Svo lengi sem menn vita til hafa Gilsbakkaprestar haldið því fram, að kirkjan ætti land þetta og hvað eptir annað lögfest það, án þess að mjer sje kunnugt að lögfestunni hafi verið mótmælt. Við þetta er þó athugandi, að lögfesturnar munu hvergi hafa verið þinglesnar, nema á manntalsþingi í Hvítársíðuhreppi, og má því ef til vill segja, að öllum hlutaðeigendum hafi ekki verið kunnugt um lögfesturnar, og því hafi þeim ekki verið unnt að mótmæla.

2. Vitnisburðir gamalla manna eru til skrifaðir fyrir því, að Gilsbakkaprestar hafi ekki einungis eignað kirkjunni landið heldur einnig sjerstaklega sjera Hjörtur Jónsson, tekið á það fjenað til sumargöngu, einkum stóðhross og tekið borgun fyrir. Við vitnisburði þessa er þó athugandi, að þeir eru ekki eiðfestir,



---

að vitnin sjálf eru öll dáið nema tvö, og að vitnisburðir þeirra eru nokkuð óákveðnir.

3. Það er lítt skiljanlegt, hvernig kirkjan hefur eignast allan þann grúa af vötnum á Tvídægru og allskonar veiðirjettindi, sem máldagarnir telja upp, ef landið hefði ekki í rauninni upphaflega verið með. Þegar máldagarnir voru skrásettir, hafa hlunnindin (veiðin) á heiðinni ef til vill verið metin sem hið eina, er kirkjan hefði nokkur not af þar, með því hún átti ærið land annars staðar; en þetta gat leitt til þess, að hlunnindin ein væru nefnd, ekki landið sjálft.

4. Gilsbakkakirkja hefur frá aldaöldi haft óátalið alla laxveiði í Kjarará fyrir sínu landi. Ef annar hefði átt landið að norðanverðu við ána, hefði sá hinn sami líklega átt út í miðjan árfarveg og þá einnig laxveiði þeim megin í ánni, og er ekki líklegt, að hann hefði gefið í burtu veiðirjett þann.

[...]

Jeg treysti mjer nú ekki til að meta með vissu hvorar ástæðurnar eru sterkari, þær, sem eru móti því að Gilsbakkakirkja eigi þrætuland þetta, eða hinar, sem eru með því. Þess vegna leyfi jeg mjer virðingarfullt að beiðast fyrirskipunar hinna háu stiptsyfirvalda um, hvað jeg sem umboðsmaður Gilsbakkaprestakalls á að gjöra til að fá landþrætu þessa til lykta leidda: hvort jeg á að sleppa allri kröfu til lands fyrir norðan Kjarará og til Lambatungna, annars hvors eða hvors tveggja, eða þá láta málið ganga til gjörðardóms eftir landamerkjalogunum.

Af bréfinu má draga þá ályktun að umráðamaður Gilsbakka hafi á þessum tíma verið óviss um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins og tilkall Gilsbakkakirkju til þess.

Í málinu liggja fyrir tvö bréf sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalyðingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.

Landamerkjabréf fyrir prestssetrið Gilsbakka var gert þann 20. ágúst 1889 og þinglýst 18. maí 1904. Svo sem fyrr segir er þar merkjum Gilsbakka og Lambatungna lýst með heildstæðum hætti en lýsingin nær ekki til austurhluta Tvídægru. Þó er getið um víðtæk veiðiréttindi Gilsbakka á allri Tvídægru. Landamerkjabréfið var undirritað vegna aðliggjandi landsvæða að undanskildu landi Efranúpsheiðar. Þess skal þó getið að skrifað var undir landamerkjabréf Efranúpsheiðar, dags. 16. febrúar 1891, fyrir hönd Gilsbakka árið 1891.

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésson á Gilsbakka oddvitum Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar yrði útkljáð með

---

gerð landamerkjabréfs. Drög að landamerkjaskrá fylgdi bréfinu. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og segir það m.a. vafa undirorpið hvort þær jarðir og kirkjur eigi tilkall til nokkurs lands innan þess, heldur eigi þær fremur takmörkuð réttindi. Svo segir: „Óneitanlega má færa töluverð rök fyrir því, að Gilsbakkakirkja eigi í rauninni afar mikið land fyrir norðan Kjarará. En jeg hef þó með samþykki stiptyfirvaldanna sleppt kröfu, er Gilsbakkaprestar hafa á undan mjer gjört til þess lands, að minnsta kosti, meðan jeg ekki sje, að aðrir, er ekki hafa meira til síns máls, ná ekki undir sig sneiðum af afrjettarlandinu.“ Af gerð landamerkjabréfs Gilsbakka og orðalagi þessa bréfs verður ráðið að umráðamaður Gilsbakka og stifstýfirvöld hafi tekið ákvörðun um að sleppa eignarréttarlegu tilkalli til lands á austurhluta Tvídægru.

Þann 10. apríl 1890 voru deilur þessar leiddar til lykta með gerð fyrrnefnds landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland og var því þinglýst árið 1915. Merki landamerkjabréfsins ná sem fyrr segir yfir það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar auk fleiri ágreiningssvæða. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afréttarlandinu og m.a. að Gilsbakkakirkja eigi víðtæk veiðiréttindi innan þess, m.a. í Kjarará, sem og land til selfarar norðan Kjarará. Þá segir einnig: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Þá var það undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Séra Magnús Andrésón umráðamaður Gilsbakka og prófastur í Mýraprófastsdæmi ritaði athugasemdalaust undir bréfið vegna jarðarinnar og einnig sem oddviti Hvítársíðuhrepps.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenna eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann: „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Þann 31. janúar 1960 gerðu eigendur Gilsbakka, Sámstaða og Síðumúla leigusamning við upprekstrarfélag Þverárréttar um leigu þeirra á eignarlöndum sínum á Síðufjalli norðanverðu. Í samningnum segir: „Landið er eingöngu leigt til beitar, sem viðbót við núverandi afrétt.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til

---

Snjó fjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landsvæði, sem keypt hafa verið undan lögbylum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbyla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að fjallað er um austurhluta Tvídægru í fjölda heimilda. Í máldögum Gilsbakkakirkju frá 14. – 18. öld, sem og vísitásiúm kirkjunnar á 17. og 18. öld, er eingöngu vísað til veiðihlunninda og selstöðu kirkjunnar á ágreiningssvæðinu, en landsvæðið er ekki tilgreint sérstaklega. Samkvæmt heimildum var uppi ágreiningur milli umráðamanna Gilsbakka og Haukagils um eignarhald kirkjunnar á hluta ágreiningssvæðisins allt frá árinu 1666. Það má m.a. ráða af þeim vitnisburðum sem voru gefnir um Haukagilssel á árunum 1666 til 1669 og upplestri séra Helga Grímssonar á fimm vitnisburðum fyrir lögréttu árið 1666. Sem fyrr segir virðist sem leyst hafi verið úr þeim ágreiningi með fimmtardómi sem var upplestin 3. júlí 1667 við Bjarnastaðasel. Þá benda heimildir til þess að umráðamaður Gilsbakka hafi lögfest a.m.k. hluta ágreiningssvæðisins árin 1667 og 1709 en lögfesturnar hafa ekki fundist og því ekki vitað hvort þar hafi verið lögfest allt ágreiningssvæðið eða einungis sá hluti þess sem deilt var um.

Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum gerir kirkjan fyrst tilkall til landsvæðisins í heild með lögfestu séra Hjartar Jónssonar árið 1808. Þegar kirkjan lét þinglýsa sambærilegri lögfestu séra Magnúsar Sigurðssonar árið 1849 var henni mótmælt af bændum í hlutaðeigandi hreppum að svo miklu leyti sem hún eignaði Gilsbakkakirkju meiri rétt en þann sem getið væri um í máldögum Wilchins og Gísla. Af þeim deilum sem hófust með mótmælunum árið 1849 og fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 í kjölfar deilnanna, verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að Gilsbakkakirkja hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Lögfestan nær sem fyrr segir til ágreiningssvæðisins auk fleiri ágreiningssvæða í málinu. Árið 1890 var svo sameiginlega landamerkjabréfið gert, og þá meðal annars

---

með aðkomu umráðamanns Gilsbakka, þar sem gert er ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, þ. á m. austurhluti Tvídægru, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði sem umrætt landamerkjabréf tekur til, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins, svo sem óumdeilt eignarland Gilsbakka á Síðufjalli norðanverðu, sbr. leigusamning frá 31. janúar 1960.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að telja verður líklegt að takmarkaður hluti ágreiningssvæðisins hafi verið numinn. Sem endranær verður þó að gera þann fyrirvara að þó svo land hafi upphaflega verið numið þá sker sú staðreynd ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>440</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 14. öld og fram á 21. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu og síðar beit, en ekki heilsársbúsetu. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þá er vert að árétta, hvað varðar réttarstöðuna fyrir 1890, að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar, en um takmarkaða

---

<sup>440</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

þýðingu ákvæðis 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða ágreiningssvæðisins var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum eignarrétti Gilsbakkakirkju. Þessi óvissa eykur þýðingu sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að áréttta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda dóma Hæstaréttar, sbr. t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem Gilsbakkakirkja kallaði til að eignarrétti á eystri hluta Tvídægru. Jafnframt komu þar við sögu deilur umráðamanna Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélagsins um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétthafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda

---

framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Gilsbakka í athugasemdalausri aðild hans að sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890, og raunar framgöngu hans um gerð þess með bréfi dags. 15. nóvember 1889, þar sem hann fer þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárrettar væri útkljáð með gerð landamerkjabréfs, sem og eftirfarandi ummælum hans í nefndu bréfi: „Óneitanlega má færa töluverð rök fyrir því, að Gilsbakkakirkja eigi í rauninni afar mikið land fyrir norðan Kjarará. En jef hef þó með samþykki stiptsyfirvaldanna sleppt kröfu, er Gilsbakkaprestar hafa á undan mjer gjört til þess lands.“ Af öllu þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins fyrir gerð tilvitnaðra löggerna og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti Gilsbakkakirkju, í afréttareign kirkjunnar eða hún aðeins átt þau réttindi sem fólust í veiði og selför. Í tilvitnaðri yfirlýsingu umráðamanns Gilsbakka í bréfinu frá 15. nóvember 1889 kemur þannig skýrt fram sú afstaða hans að óvissa hafi verið uppi fyrir gerð sameiginlega landamerkjabréfsins um það hvers eðlis réttindi kirkjunnar væru á hinu umþrætta landi og að eftir gerð landamerkjabréfs fyrir upprekstrarlandið myndi hann a.m.k. ekki halda fram tilkalli sínu til frekari réttar en leiðir af bréfinu. Þá má geta þess að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 kemur fram að réttindi þeirra sem aðild eiga að því, þ. á m. eigenda Gilsbakka, sæti þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför.“ Af þessu má draga þá ályktun að í landamerkjabréfinu sé verið að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum. Gagnaðili íslenska ríkisins bera sönnunarbyrði fyrir því að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum eiganda Gilsbakka til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfurfæra samhliða frá honum frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að

---

með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>441</sup>

Hvað austurhluta Tvídægru varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram á að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttáð þannig eftir 1890 að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega áréttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumararbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að austurhluta Tvídægru því ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að austurhluti Tvídægru sé ekki undirorpinn beinum eignarrétti heldur óbeinum. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>442</sup> sem tilheyrði áður eiganda Gilsbakka. Skiptir þetta máli af þeim ástæðum að sé um hið fyrrnefnda að ræða tilheyrir rétturinn hlutaðeigandi jörðum sem rekið hafa á svæðið en undir síðarnefndum kringumstæðum tilheyrði rétturinn Gilsbakkakirkju hvort sem litið yrði svo á að þau réttindi hefðu allt að einu yfirferst frá kirkjunni með gerð landamerkjabréfsins 1890.

Fyrir er komist að þeirri niðurstöðu að vesturhluti Tvídægru sé samnotaafréttur. Þá hefur komið fram að tilkall Gilsbakka til annars en veiði á austurhlutanum kemur fyrst til með lögfestunni árið 1808. Þeirri eignarréttarkröfu mótmæltu hlutaðeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar eftir að sambærileg lögfesta frá árinu 1848 var þinglesin í fyrsta sinn árið 1849 og var sú krafa Gilsbakkakirkju ætíð véfengd eftir þann tíma. Sömu aðilar lögfestu sér landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu. Þá er umþrætt land innan landamerkjabréfsins frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum Gilsbakkakirkju til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá er og komist að þeirri niðurstöðu hér að framan að þegar litið sé til lögfestunnar 1873 og landamerkjabréfanna 1890 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi þessara jarða til rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð tekið svæðið til sumararbeitar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og eigandi Gilsbakka viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með sameiginlega landamerkjabréfinu 1890.

---

<sup>441</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>442</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Gilsbakka sem fólust í umræddum rétti til álftaveiða eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð grein fyrir því hér að framan að eigi síðar en árið 1306 gerði Gilsbakki tilkall til veiðiréttar í vötnum á ágreiningssvæðinu. Sýnist það tilkall aldrei hafa verið véfengt og við gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland 1890 er lagt til grundvallar að sá veiðiréttur tilheyri einungis jörðinni Gilsbakka. Í lögum, samanber nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, samanber upphaflega dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í máli nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri) hefur verið viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiða af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyra jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirferst til núverandi rétthafa.

Hvað sem líður þeim ályktunum að svæðið sé nú samnotaafréttur þá verður ekki staðhæft að svæðið hafi frá landnámi haft þá sömu stöðu, samanber og umfjöllun hér að framan. Þannig verður ekkert ráðið um hvort tilkall jarðarinnar Gilsbakka til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð, löggerningum eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að Gilsbakki hefur um langan aldur og átölulaust farið með þessi réttindi sem sín og sætti sú tilhögun ekki heldur andmælum eða fyrirvörum við gerð sameiginlega landamerkjabréfsins 1890 eða síðar. Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi tilheyri Gilsbakka í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í málinu tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Við mat á umfangi þess veiðiréttar er til þess að líta að í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er lýst veiði í tilteknum ám og vötnum á Tvídægru, Lambatungum og Arnarvatnsheiði en þar segir:

Gjörvalla veiði í Kjarará yfir þvera á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk [...]. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr [...]. Fyrir neðan Silungalæk á



---

Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámstaði niður að gróf einni rjett fyrir (neðan) framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. - Gilsbakkakirkja á ein veiði í [öllum]<sup>443</sup> vötnum þeim er Kjarará fellur úr, Króksvatnsá og fleiri ám og lækjum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar.

Í máldaga Gilsbakkakirkju frá 1306, sem er jafnframt elsta heimildin sem lýsir veiðirétti Gilsbakka, segir m.a.:

Gasatiarnir fyrir hiedan lamba: og aull vötn vestur þadan. kuijsla vatn og Reida tiorn og allar þær tiarner er þangat falla læker wr: [...] vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fiskveide: Aull vothn firi sunnan a þa er fellur wr vesturfloa oc ofan j brattagil [...] þuerarvotn og tiarner allar j lambadal [...] laxveide kiararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækjar [...].

Í Vilchins máldaga frá 1397 og máldaga Gísla Jónssonar frá 1570, sem vísað er til í landamerkjabréfinu frá 1890, er veiðar á svæðinu getið með sama hætti og í máldaganum frá 1306.

Í kröfu eiganda Gilsbakka til veiðiréttar á svæðinu segir:

Öll veiði í ám, lækjum og vötnum á svæðinu vestan Lambár, Grunnuvatna, Úlfsvatnsár, Úlfsvatns og Urðhæðarvatns, þ.m.t. öll veiði í vötnum þeim er Kjarará rennur úr, og einnig öll veiði í Lambá, Króksvatnsá, og öðrum lækjum er milli þeirra vatna renna. Undir þessa skilgreiningu falla Króksvatn, Þverárvötn, Breiðavatnslón, Breiðavatn, Skjaldartjörn, Langavatn, Flóavatn, Kvíslavatn nyrðra, og Reyðartjörn (Urðhæðavatn). Einnig Hlandbrekkulækur, Þverárvatnaskvísl, Breiðavatnaskvísl, Flóavatnaskvísl, Kvíslavatnaskvísl og Urðhæðavatnslækur; auk smærri tjarna og lækja, sem eru á þessu vatnasvæði og fiskur kann að vera í eða ganga í. Öll fiskveiði í öllum vötnum fyrir sunnan á þá er fellur úr Vesturflóa ofan í Brattagil [...]. Undir þessa skilgreiningu falla m.a. auk [...] vatna sem áður eru nefnd á vatnasvæði Kjararár [...] Lambadalstjörn og Hrólfsvatn, auk smærri tjarna þar í Lambadal og víðar, Nautavatn í Vatnaflóa.“ Þá segir: „Öll veiði í Kjarará yfir þvera á, jafnt við bæði lönd, neðan frá Silungalæk til upptaka að meðtöldum Langavatns- og Skjaldartjarnarkvíslum, og samveiði á móti Sámstöðum frá Fiskilæk til Silungalækjar.

Samkvæmt þessu gerir eigandi Gilsbakka kröfu um veiðirétt í öllum straum- og stöðuvötnum innan ágreiningssvæðisins og er krafan í meginatriðum í samræmi við eldri heimildir um umfang veiðiréttarins, þó að í kröfunni sé að finna nánari skilgreiningu á honum.

---

<sup>443</sup> Innskot ofan línu.

---

Samkvæmt framangreindu sýnist mega leggja til grundvallar að allur réttur til lax- og silungsveiði í straum og stöðuvötnum innan afmörkunar vesturhluta Tvídægru tilheyri jörð Gilsbakka.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að vesturhluti Tvídægru sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>444</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að veiðiréttur í straum- og stöðuvötnum tilheyrir jörð Gilsbakka.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið austurhluti Tvídægru, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er við vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er dregin lína í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns. Þaðan ræður sjónhending austur í Urðhæðavatnslæk og er honum fylgt suður að Nyrðra-Kvíslavatni og úr því í Kvíslavatnslæk sem ræður að Skjaldartjörn. Úr Skjaldartjörn ræður Skjaldtjarnarkvísl í Kjarará og Kjarará að Fiskilæk. Þá ræður Fiskilækur í Vatnshnúkavatn og þaðan norður í Vatnshnúk. Þaðan er vatnaskilum fylgt í Lambadal og eftir Lambadalslæk norðaustur að upphafspunkti í vesturenda Hrólfsvatns.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

---

<sup>444</sup> Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

---

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í straum- og stöðuvötnum jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

### 6.3.3.3 Lambatungur

Loks kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Lambatungna. Landsvæðið afmarkast af Kjarará að vestanverðu fram í Skjaldartjarnarkvísl og eftir þeirri kvísl í Skjaldartjörn. Frá henni ræður Kvíslavatnslækur í Nyrðra-Kvíslavatn, svo Urðhæðavatnslækur í Urðhæðavatn. Þá ræður bein lína merkjum austur yfir Urðhæðavatn og frá austurenda Urðhæðarvatns liggja merkin suður í vesturenda Úlfsvatns. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnvötn. Frá Grunnvötnum ræður Lambá til Kjararár.

Elsta heimild sem getur sérstaklega um Lambatungur með því nafni er máldagi Árna Helgasonar fyrir Gilsbakkakirkju frá árinu 1306. Í máldaganum segir m.a. um Gilsbakka: „Heimaland allt a kirkia og lambatungur: ...“. Í máldögum og vísitásiúm frá 1306–1748 er ágreiningssvæðisins getið með sambærilegum hætti, þ.e. svæðið er talið upp sérstaklega en án þess að getið sé um landamerki, hvorki á heimalandi né Lambatungum. *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 getur um að jörðin Gilsbakki eigi enga afrétt og peningur gangi oftast í heimalandi en þetta árið hafi verið rekin lömb á Hellistungur. Þá er þar getið um að staðurinn eigi silungsveiði, m.a. í Lambá, Kjarará, Úlfsvatnsá, Gásatjörnum, Kvíslavötnum og Urriðatjörn.

Lögfesta séra Hjartar Jónssonar fyrir jörðinni Gilsbakka frá 9. maí 1808 er elsta heimildin sem lýsir merkjum fyrir jörðina og falla Lambatungur og austurhluti Tvídægru innan þeirrar lýsingar án þess að þeirra sé getið með sérstökum hætti eða afmarkaðar frá jörðinni að öðru leyti. Samskonar merkjalýsingu er að finna í lögfestu séra Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakkakirkjulandi, frá 16. maí 1848, þar sem merkjum er einnig lýst heildstætt og án aðgreiningar milli Lambatungna og annars lands. Þá var lesið upp bann við því að íbúar Hvítársíðuhrepps rækju fé sitt og hross í Gilsbakkakirkjuland á Tvídægru þann 16. maí 1849. Lögfestunni frá 1848 og banninu frá 1849 var mótmælt með bréfi, dags. 29. desember 1849. Mótmælin vörðuðu einkum tilkall Gilsbakkakirkju til lands norðan og norðvestan Kjararár, þ.e. á austurhluta Tvídægru, en því var einnig mótmælt að presturinn á Gilsbakka leyfði „utansveitarmönnum“ að reka fé og hross á Lambatungur þar sem það væri til skaða fyrir afréttinn vestan Kjararár. Í bréfinu segir: „Að vísu viljum vér engan vegin neita því að svo stöddu nema Gilsbakkakirkja eigi fyrir nefndar Lambatungur en vér meinum þó að presturinn á Gilsbakka engin réttur beri til þess, að ljá það öðrum utansveitarmönnum ...“.

---

Í kjölfar fyrrgreinds mótmælabréfs hófust miklar deilur um eignarhald á hluta þess lands er Gilsbakkakirkja taldi sig eiga, en þær stóðu einkum, eins og fyrr greinir, um landið norðan og norðvestan Kjararár, utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér. Í bréfi vegna þessa ágreinings sem hreppstjórar Þverárhlíðar- Norðurárdals- Stafholtstungnahreppa sendu sýslumanni 6. febrúar 1850 segir: „Nú aptur á nærstliðnu sumri, leyfði presturinn fleirum mönnum úr Borgarfjarðarsýslu upprekstur og lét þá reka á lítið landpláts sem Gilsbakkakirkja mun eiga, það lyggur á milli Kjararár og Lambár og nefnist Lambatúngur en flest allt lendti þó í afrétt vorum.“ Sýslumaður áframsendi bréf þetta til amtmanns þann 8. febrúar og sendi að auki bréf þar sem hann lýsti skoðun sinni á ágreiningnum. Þar segir hann m.a.: „... þeir og álíta, að presturinn engann rétt hafi til, að taka upp nýann upprekstur á áminnstar Lambatúngur af utansveitarmönnum, þó Gilsbakkakirkja kynni að eiga þær; þareð slíkt yrði fyrrtjæðum afrétti þeirra til stórs skaða. – Auk þess sem þeir nú álíta að presturinn engann rétt hafi til að taka upp þennan upprekstur, álíta þeir einnig að ef honum liðist það, mundi af því rísa mikil óregla, og margt annað íllt. – Fleiri kynnu þá að leyfa sér að taka lönd sín til uppreksturs, geldfé eður hross, af utansveitarmönnum, er gengi þaðan í afréttinn.“ Af bréfunum má ráða að lítið hafi verið svo á að Lambatungur væru hluti af eignarlandi Gilsbakkakirkju, þrátt fyrir að notkun umráðamanns á landinu hafi verið gagnrýnd. Hið sama má ráða af þeim bréfaskiptum sem áttu sér stað vegna sama ágreinings og stóðu allt til ársins 1885.

Um afréttarlönd í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar frá árinu 1853: „*Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru austan Norðurár eiga afrétt á *Hellistungum*, *Holtavörðuheiði* og *Tvídægri* og er þar einnig upprekstur úr Þverárhlíð, Hvítársíðu og nokkru af Norðurárdal.“ Þar er ekki getið um Lambatungur.

Framangreindar deilur leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægri ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Lögfestan tók ekki að neinu leyti til Lambatungna.

Þann 21. desember 1885 skrifaði séra Magnús Andrésón, sem þá var tekinn við Gilsbakka, bréf til stiftsyrvalda þar sem hann leitar ráða vegna ágreinings um landamerki hins sameiginlega afréttarlands. Í bréfinu segir hann m.a.: „Það sem mælir móti því að Gilsbakkakirkja eigi þrætulandið [austurhluta Tvídægri], er að minni ætlun helzt þetta: 1. Í Vilchins og Gísla máldögum er ekki með berum orðum sagt, að Gilsbakkakirkja eigi neitt land fyrir norðan Kjarará, heldur aðeins álpveiði, silungsveiði og fjölda vatna og tjarna. Lambatungur segir Gíslamáldagi skýlaust að kirkjan eigi.“

---

Landamerkjabréf fyrir prestssetrið Gilsbakka var gert þann 20. ágúst 1889 og í því segir: „Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland alt og Lambatungur. En það tvent skilur Lambá. Fyrir því er heimaland og Lambatungur tekið saman í eitt og eru þá ummerki Gilsbakkalands þau, er nú skal greina.“ Merkjalysing bréfsins nær sem fyrr segir til Lambatungna án þess þó að afmarka þær sérstaklega. Er heimalandi jarðarinnar og ágreiningssvæðinu því lýst með heildstæðum hætti. Var landamerkjabréfið undirritað vegna allra aðliggjandi landsvæða að undanskildu landi Efranúpsheiðar. Þess skal þó getið að undir landamerkjabréf Efranúpsheiðar, dags. 16. febrúar 1891, er skrifað fyrir hönd Gilsbakka árið 1891.

Þann 10. apríl 1890 voru framangreindar deilur leiddar til lykta með gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.<sup>445</sup> Merki landamerkjabréfsins ná yfir sama svæði og lögfestan frá 1873 og tók því ekki að neinu leyti til Lambatungna. Bréfið var undirritað fyrir hönd hlutaðeigandi hreppa og áritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Þá var því þinglýst 8. júní 1915.

Elsta heimild sem hefur að geyma sérstaka merkjalýsingu á Lambatungum er leigusamningur frá árinu 1891 þegar umráðamaður jarðarinnar Gilsbakka leigði heiðarland Gilsbakkakirkju, Lambatungur, til hreppsfélaga Hálsasveitar og Reykholtaldshrepps. Leigusamningurinn kvað á um að landið væri eingöngu leigt til beitar fyrir sauðfé en öll önnur afnot, svo sem veiði í vötnum, ám eða lækjum, fugla- og fjaðratekju, fjallagrasatekju o.s.frv. hafi landsdrottinn óskert áfram. Þá var í lýsingu á jörðinni Gilsbakka þann 18. nóvember 1908, sem gerð var í tilefni af sölu ríkisins á henni, vísað til landamerkjabréfs Gilsbakka frá 1889 um merki jarðarinnar. Lambatungna er þar ekki getið sérstaklega nema um hlunnindi sem fylgi jörðinni segir að leigutekjur séu innheimtar vegna Lambatungna, sem tilgreindar eru sem hluti af Gilsbakkalandi. Þar kemur fram: „Einn hluti af Gilsbakkalandi svonefndar Lambatungur hafa um nokkur ár verið leigðar fyrir 30 kr. á ári. Samningi um það geta leiglendingar sagt upp 1910 og gjöra það að líkindum, af því að þeir hafa nýlega keypt annað heiðarland til viðbótar afrjetti sínum, þau hlunnindi falla þá burt.“

Afsal Ráðherra Íslands fyrir kirkjujörðinni Gilsbakka var svo gefið út þann 18. maí 1909. Í því kemur fram að séra Magnúsi Andréssyni sé seld og afsöluð ábýlisjörð hans, Gilsbakki og einnig er getið um að í kaupinu sé falin kirkjan á staðnum ásamt öllum eignum og skyldum án nokkurs álags. Var afsalið lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum þann 19. maí 1910. Afsalið getur ekki Lambatungna sérstaklega.

---

<sup>445</sup> Hér eftir: Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

Eigandi Gilsbakka seldi Lambatungur árið 1912 til hreppsfélaga Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Í kaupsamningnum segir m.a.: „það er landið eitt, sem selt er að því leyti sem það verður notað til beitar eða heyskapar. En engar ár, lækir eða vötn, er að því liggja og enginn veiðirjettur eða hlunnindi er með í kaupunum. Öllu því heldur eigandi Gilsbakka óskertu jafnt eptir kaup þessi sem áður, og einnig rjetti til að nota landið svo mikið sem þarf á hvern hátt sem vera skal, til þess að geta hagnýtt sjer í fyllsta máta vötn þau, ár eða lækir er að landinu liggja, eða á því, veiði og önnur hlunnindi.“ Orðalag kaupsamningsins verður ekki skilið öðruvísi en svo að eigandi Gilsbakka hafi haldið eftir, auk veiðiréttinda, öllum öðrum rétti til nýtingar vatna, áa og lækja á Lambatungum, þ.e. vatns- og botnsrétti.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan eru Lambatungur tilgreindar sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margir afréttir og sérstök beitolönd einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld og fram til 20. aldar fjalla fyrst og fremst um beit, veiði eða önnur þrengri og sambærileg not. Þá benda heimildir til þess að ýmsar jarðir hafi átt upprekstur á Lambatungum með leyfi

---

Gilbakkaprests. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignaréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í heimildum Gilbakkakirkju frá því fyrir þann tíma að Lambatungur voru leigðar út árið 1891, og síðar seldar 1912, var ágreiningssvæðið tilgreint með öðru landi Gilsbakka án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða. Af þeim bréfaskiptum sem áttu sér stað vegna deilu Gilbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal, um eignarhald á austurhluta Tvídæguru verður ráðið að litið hafi verið svo á að Lambatungur væru hluti af eignarlandi Gilbakkakirkju, þrátt fyrir að notkun umráðamanns á landinu hafi verið gagnrýnd. Í landamerkjabréfi prestsetursins Gilsbakka frá 1889 segir líkt og fyrir greinir að samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum eigi Gilbakkakirkja heimaland allt og Lambatungur en það tvennt skilji Lambá. Segir svo að heimaland og Lambatungur séu tekin saman í eitt og er merkjum lýst í landamerkjabréfinu með heildstæðum hætti. Í málinu liggja ekki fyrir neinar heimildir sem að mati óbyggðanefndar mæla gegn þýðingu þessa heildstæða landamerkjabréfs jarðarinnar.

Þá var fyrir greint frá því að sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu hafi staðið að gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890. Aðdragandi og tilurð þess bendir til að ætlunin með gerð þessi hafi verið sú að ná utan um afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar, en Lambatungur falla sem fyrir segir ekki innan marka þess og hafa því aldrei verið hluti sameiginlegs afréttarlands hreppanna. Þá má draga þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða, en hið gagnstæða eigi hins vegar við um aðliggjandi landsvæði.

Heimildir benda jafnframt til þess að eigendur Gilsbakka hafi farið með umráð og hagnýtingu Lambatungna a.m.k. frá 14. öld og má ráða af því, ásamt meðferð svæðisins, leigu þess og síðar sölu að það hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti. Sá ágreiningur sem var uppi á síðari hluta 19. aldar milli umráðamanna Gilsbakka og ábúenda á Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stóð annars vegar um landsvæði norðan og norðvestan Kjararár, og því utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér, og hins vegar um það hvort umráðamanni Gilsbakka væri heimilt að nýta Lambatungur með þeim hætti að skaði hlytist af fyrir hið sameiginlega afréttarsvæði. Ekki verður séð að

---

ágreiningurinn hafi varðað eignarréttarlega stöðu Lambatungna. Enda þótt nýting Lambatungna hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en annars lands Gilsbakka leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Þær heimildir sem liggja fyrir í máli þessu benda að mati óbyggðanefndar til þess að Lambatungur hafi verið taldar hluti af jörðinni Gilsbakka allt frá elstu heimildum en verið aðskildar frá jörðinni síðar með fyrrgreindum löggerningum. Þá liggja að Lambatungum eignarlönd til norðurs, austurs og suðurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu og málum nr. 3/2013 og 4/2014. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og um það gerðar ríkar kröfur. Er um þetta vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Gilsbakka, sem Borgarbyggð leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Lambatungna, eins og þær eru skilgreindar hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>446</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Þá fellur það ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin frekari afstaða til krafna um eignarréttindi innan marka Lambatungna.

## **6.4 Helgavatnsselland**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Helgavatnsselland. Eigendur jarðarinnar Helgavatns gera kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Borgarbyggð gerir aðalkröfu til viðurkenningar á rétti til beitarafnota fyrir búfé á Helgavatnssellandi, eins og landið er afmarkað af eigendum Helgavatns, en varakröfu til viðurkenningar á óbeinum eignarréttindum, verði það

---

<sup>446</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

ekki úrskurðað eignarland eigenda Helgavatns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Helgavatnsselland liggur í suðvesturhorni Tvídægru og er í dag hluti landsvæðis sem hefur, ásamt fleiri ágreiningssvæðum í máli þessu, verið sameinað sem Upprekstrarland Þverárrettar.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur norður af Litlu-Þverá í Þverárdal í yfir 200 m hæð og hefur meginleguna suðvestur-norðaustur. Land hækkar til norðausturs upp frá Litlu-Þverá og rís það hæst norðaustast á svæðinu í um 460 m hæð. Norðvestan til á svæðinu liggja Sýrdalsborgir sem er sundurskorið klettabelti. Frá bæjarstæði Helgavatns að vesturmörkum Helgavatnssellands eru 8,1 km, mælt í beinni loftlínu.<sup>447</sup>

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Helgavatnsselland fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að þau landsvæði sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til séu utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir. Svæðin hafi þannig aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðanna, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en að hafi svæðin verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur einstakra jarða til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en ekki verið háð beinum eignarrétti.

Þá er byggt á því að kröfusvæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó einhverjar jarðir hafi átt meiri réttindi en aðrar á tilteknum landsvæðum. Íslenska ríkið telur þannig ljóst að landsvæði innan kröfu þess í málinu sé þjóðlenda. Þó heimildir bendi til landnáms á hluta kröfusvæðisins telur íslenska ríkið að heimildir um notkun

---

<sup>447</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið hafi síðar verið tekið til takmarkaðra afnota.

Hvað varðar Helgavatnsselland sérstaklega er byggt á því að ekki sé annað í ljós leitt en að sellandið hafi frá öndverðu verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota, og hafi svæðið verið numið í öndverðu, hafi það aðeins verið numið til takmarkaðra nota. Heimildir bendi ekki til annars en að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota þó þar hafi á stuttu tímabili á 19. öld verið reynd búseta. Þá liggja ekkert fyrir um að með þeirri búsetu hafi stofnast til beinna eignarréttinda á svæðinu, s.s. með stofnun nýbýlis eða fyrir hefð, og reyndar sé ekki á því byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins.

Þá aðskilji jarðirnar Hermundarstaðir, Kvíar og Hamrar sellandið frá heimajörð Helgavatns en slíkt hafi að jafnaði verið talið benda til þess að um takmörkuð eignarréttindi sé að ræða á hinu aðskilda svæði. Ljóst sé af heimildum að svæðið hafi verið talið heyra undir jörðina Helgavatn en byggt er á því að í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist annað og meira en tilheyrsla á afnotaréttindum.

Svo sem fyrr greinir eru gagnaðilar íslenska ríkisins í þessu máli tveir. Eigendur jarðarinnar Helgavatns gera kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Borgarbyggð gerir aðalkröfu til viðurkenningar á rétti til beitarafnota fyrir búfé á Helgavatnssellandi, eins og landið er afmarkað af eignum Helgavatns, en varakröfu til viðurkenningar á óbeinum eignarréttindum, verði það ekki úrskurðað eignarland eigenda Helgavatns.

Af hálfu eigenda jarðarinnar Helgavatns, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að Helgavatnsselland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá landnámsöld þar sem landnám á svæðinu hafi undantekningarlaust náð á fjöll upp. Þannig hafi því verið háttað í Hvítársíðu og ætla verði að sama hafi gilt um Þverárhlið. Helgavatnssel sé þannig órjúfanleg eign Helgavatnseiganda en gagnaðili íslenska ríkisins vísar til þess að Helgavatnssel fylgi jörðinni sem eignarland í landamerkjabréfi fyrir Helgavatn. Þar sem Helgavatnssel sé innan skráðra merkja sé það eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. og hafi það verið svo um aldir.

Vísað er til lögfestu Ólafs Jónssonar frá 31. maí 1760, þar sem lögfest séu eignarréttindi, en þeirri lögfestu hafi ekki verið mótmælt. Landssvæðið sé þar sérstaklega afmarkað sem staðfesti enn frekar að engar líkur séu á að eigandi Helgavatns hafi átt selstöðu í annars manns landi heldur hafi hann verið að lýsa eigin sellandi, enda sé í lýsingu á inntaki eignarréttarins gert að jöfnu heimaland Helgavatns og sellandið. Enn hafi eignarrétturinn verið staðfestur með því að í Helgavatnsseli hafi um hríð verið búskapur, en búskapur hefði ekki verið leyfður í eignarlandi annars manns. Landamerkjabréfið hafi verið samið skömmu eftir að búskapur lauk og því sé

---

ekki hægt að halda því fram að með landamerkjabréfinu hafi eigandi Helgavatns verið að mynda eignarland.

Þá er bent á að landamerkjalýsingin í þinglýstu landamerkjabréfi sé staðfesting á eldri eignarheimild og verði því að líta á sellandið sem eignarland, samanber *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, þar sem einnig segi að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli því á þeim sem haldi öðru fram. Þessar niðurstöður hafi verið staðfestar í nokkrum dómum Hæstaréttar. Þá hafi þeim heimildarskjölum, sem gagnaðili íslenska ríkisins hefur fyrir Helgavatni ásamt sellandinu, verið þinglýst athugasemdalaust og því hafi landeigendur haft réttmætar ástæður á hverjum tíma til að ætla að allt land jarðarinnar hafi verið undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi bæði dómur sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú.

Byggt er á því að engu breyti þótt Helgavatnssellandið sé aðskilið frá heimalandi Helgavatns og bendir gagnaðili ríkisins á að slíkt aðskilið land hafi verið dæmt eignarland af Hæstarétti þótt kallað hafi verið afréttur samanber dóm *Hæstaréttar frá 29. janúar 2003 í máli nr. 6/2003 (Stórhöfði í Mýrdal)*. Viðurkennd séu eignarlönd á a.m.k. tvær hliðar við umþrætt landsvæði og fái landeigandi ekki séð að þau lönd séu frábrugðin því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Þó svo að landið hafi verið kallað selland þá hafi það ekki verið samnotaafréttur, heldur land sem mátti nota til búskapar, það hafi verið nýtt til selfarar um aldir og jafnframt verið heimaafréttur Helgavatns uns það varð hluti af upprekstrarlandi, en eignarréttur Helgavatns að landinu sé viðurkenndur af Upprekstrarfélaginu.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins einnig til þess að hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrr á öldum þá hafi þeir unnið eignarrétt á sellandinu fyrir hefð. Þeir og forverar þeirra hafi í árhundruð einir notað þetta land, og aðeins hafi öðrum verið heimiluð afnot með sérstöku leyfi og þeir einir hafi getað ráðstafað því til ábúðar eða búsetu. Því sé uppfyllt skilyrði um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 og hafi þau þegar verið uppfyllt er landamerkjaskránni var þinglýst árið 1923. Í því sambandi er bent á dóm Hæstaréttar frá 20. janúar 1939 í máli nr. 80/1938 (Einarsnes).

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, er byggt á því að allt land upprekstrarfélagsins, þ. á m. Helgavatnsselland, sé innan skráðra merkja landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890. Upprekstrarlandið hafi orðið þannig til að jarðir í nágrenninu hafi lagt land til upprekstrar og þeir sem upprekstur áttu hafi komið sér saman um nýta landið til upprekstrar og annarra nota og jafnframt hafi Upprekstrarfélagið keypt meira land og sameinað upprekstrarlandinu. Ekki verði annað ráðið af landamerkjaskránni en að þeir sem rituðu hana hafi talið sig vera að lýsa eignarlandi og sá skilningur hafi verið staðfestur af þeim eigendum nágrennajarða sem undirrituðu landamerkjaskrána. Það

---

styrki kröfu um eignarrétt að landinu að útgefendur skrárinnar hafi talið sig umkomna til að fjalla um og ákveða hverjir ættu selfararrétt, veiðirétt o.s.fr. og það hafi ekki sætt neinum andmælum. Þá séu landamerki samkvæmt landamerkjabréfinu að öllu leyti óumdeild og samrýmist landamerkjaskrár aðliggjandi jarða auk þess sem eignarlönd séu nánast á alla vegu.

Þá bendi það ennfremur til eignarréttar að Upprekstrarfélagið gerði samninga við einstaka landeigendur um skipti á landgæðum og það sé vart á færi þeirra sem aðeins eigi upprekstrarrétt. Í greinargerð íslenska ríkisins sé lögð áhersla á að svæðið hafi frá fornu farið verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þótt einhverjar jarðir hafi átt þar meiri réttindi en aðrar á tilteknum svæðum. Þá sé því haldið fram þar að hafi eignarréttur stofnast þá hafi hann fallið niður. Þessum sjónarmiðum er hafnað af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins þar sem engin merki séu um að eignarrétturinn hafi fallið niður heldur hafi verið um hann hatrammar deilur sem enduðu með þinglýsingu landamerkjaskráa upprekstrarlandsins og jarðanna í kring. Þar séu réttindi jarðanna tiltekin sérstaklega og þau hafi haldist hjá þeim landeigendum sem áttu sellöndin. Íslenska ríkið geri einnig lítið úr búsetu á Helgavatnsseli, en svo virðist sem hann telji að þeir sem settust að í sellandinu hafi gert það í heimildarleysi. Því hafi hins vegar verið þannig farið að búsetan hafi verið leyfð af eiganda Helgavatns og því hafi ábúandinn ekki stofnað til eignarréttinda, heldur verið þar í skjóli eigandans.

Þá er af hálfu beggja gagnaðila íslenska ríkisins vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum. Ennfremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919 sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Helgavatnssellands er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Þar eru raktar heimildir um jörðina Helgavatn sem benda til þess að jörðinni hafi tilheyrt réttindi á ágreiningssvæðinu a.m.k. frá því snemma á 18. öld. Ekki er þó ljóst af þeim heimildum hvernig Helgavatn var upphaflega komið að þeim rétti, en landfræðilegum tengslum ekki fyrir að fara. Jörðin Helgavatn liggur utan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar, aðskilin frá því af öðrum jörðum og landsvæðum, þ.e. Hömrum, Kvíum, Hermundarstöðum og hluta af landi Hermundarstaða sem Upprekstrarfélag Þveráréttar keypti.

Elsta heimild sem getur um jörðina Helgavatn er *Landnáma* þar sem segir frá Högna skipverja Hrómundar sem bjó á Högnastöðum en sonur hans var Helgi að Helgavatni, faðir Arngríms goða. Elsta heimild sem getur sérstaklega um

---

ágreiningssvæðið er *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709. Elst þeirra heimilda sem lýsa merkjum ágreiningssvæðisins er lögfesta Ólafs Jónssonar frá 1760 þar sem lögfest er „eignar- og umráðajörð“ hans, Helgavatn í Þverárhlið, ásamt Helgavatnssellandi á Þverárdal. Þar er merkjum Helgavatnssellands lýst sérstaklega en þó ekki heildstætt.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Helgavatn þann 1. maí 1889 og því þinglýst 22. maí sama ár. Þar er merkjum ágreiningssvæðisins lýst sérstaklega en um er að ræða fyrstu merkjalýsinguna þar sem merkjum þess er lýst heildstætt. Þá var árið 1890 gert landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar<sup>448</sup> og fellur ágreiningssvæðið innan þess. Í landamerkjabréfinu er einnig getið sérstaklega um að jörðin Helgavatn eigi land á Þverárdal með tilgreindum merkjum. Þess skal getið að lýsing þess nær einnig yfir ágreiningssvæði vegna Tvídægru, Sámsstaðasellands, Reykholtskirkjusellands og hluta Síðumúlasellands, en um þau svæði er fjallað sérstaklega í köflum 6.3, 6.5, 6.6 og 6.7.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Helgavatnssellands er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Er þar um að ræða lögfestu Helgavatns frá 1760, landamerkjabréf Helgavatns frá 1889 og landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Vestan við Helgavatnsselland er óumdeilt eignarland sem áður var hluti Hermundarstaða. Vestast á norðurmörkum Helgavatnssellands er landsvæði sem tilheyrir jörðinni Króki. Norðan og austan við er ágreiningssvæði vegna vesturhluta Tvídægru sem fjallað er um í kafla 6.3. Sunnan við Helgavatnsselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Helgavatnssellands, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í lögfestu Ólafs Jónssonar frá 1760 á þar sem segir að sellandið nái „frá læknumm i midiumm Syrdal nirdre“. Í landamerkjabréfi Helgavatns frá 1889 segir um vesturmörkin: „Að vestanverðu frá Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að tjörn, sem er upp á háhálsinum ...“. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vesturmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „Síðan ráða Hermundarstaðalandamerkji eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi ...“.

Vestan Helgavatnssellands liggur landsvæði sem tilheyrir í dag sveitarfélaginu Borgarbyggð en var áður hluti jarðarinnar Hermundarstaða. Í landamerkjabréfi Hermundarstaða frá 5. maí 1890 segir um mörkin gagnvart

---

<sup>448</sup> Hér eftir: Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

ágreiningssvæðinu: „ ... Sýrdalslækur frá Þverá alt upp í Sýrdalsvatn. Þaðan eru merkin milli Króks og Hermundarstaða úr nyrðri enda Sýrdalsvatns [í litla vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni].“ Undir landamerkjabréfið skrifar eigandi helmings Helgavatns og ábúandi á jörðinni, en hann staðfesti þau landamerki er lágu gagnvart Helgavatnssellandi.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um vesturmörk Helgavatnssellands við línu sem dregin er að vestanverðu frá Litlu-Þverá við Sýrdalslæk, eftir honum að punkti sem er í beinni línu sem dregin er á milli vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni yfir í Sýrdalsborg. Íslenska ríkið miðar kröfu sína um vesturmörk við línu sem dregin er úr Sýrdalsborgum í nyrðri tjörnina á háhálsinum, og þá í syðri tjörnina og úr henni eftir læk [Sýrdalslæk] sem rennur suður í Litlu-Þverá. Aðilar málsins orða ekki kröfu sína um vesturmörk með sama hætti þrátt fyrir að kröfulínur þeirra séu teiknaðar með sama hætti á kort. Þá er hvorug lýsingin í samræmi við orðalag heimilda um afmörkun þess. Þarfnast það atriði því nánari skoðunar.

Framangreindum heimildunum ber saman um að Sýrdalslækur ráði frá Þverá. Þá segir í landamerkjabréfi Helgavatns að lækurinn ráði uppeftir Sýrdal að „tjörn sem er uppi á háhálsinum“ en aðrar heimildir segja að lækurinn ráði norður í Sýrdalsvatn. Að öllum líkindum er framangreind tjörn uppi á hálsinum sú sama og kölluð er Sýrdalsvatn í öðrum heimildum. Hins vegar liggur ekki fyrir hvar Sýrdalsvatn er staðsett og norðan við Sýrdal á hálsinum eru tvö lítil vötn sem samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands bera ekkert nafn, annað þeirra norðvestan við Sýrdal og hitt í hánorður frá dalnum.

Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir jörðina Krók segir: „norðan undir hárrí klettaborg, sem hæst ber á hálsinum og heitir Sýrdalsborg (67). Norðari hluti Sýrdalsborgar er hærri en lækjarsytra rennur þarna á milli. Því er líka talað um Sýrdalsborgir (68). Sá lækur kallast Sýrdalslækur og rennur í Sýrdal [...]. Í vestur af Sýrdalsborg er vatn nokkuð ekki allstórt, fisklaust, er heitir Sýrdalsvatn (73), en afrennsli úr því rennur norður í Kvíslaflólalæk.“ Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir jörðina Hermundarstaði segir svo: „Nokkuð fyrir innan Brekkukot fellur svo Sýrdalslækur (93) í ána [Litlu-Þverá]. Hann kemur frá útnorðri, úr Minna-Sýrdalsvatni (94). Nokkru vestar er svo Stærra-Sýrdalsvatn (95).“ Af lýsingum örnefnaskráanna má ráða að Sýrdalslækur rennur suður og um Sýrdal í Þverá. Þá má ráða að bæði vötnin norður af Sýrdal nefnist Sýrdalsvötn og að sýrdalslækur eigi upptök sín í Minna-Sýrdalsvatni.

Annað þeirra tveggja vatna, sem greint var frá hér að framan, og liggja á hálsinum norðan Sýrdals, er stærra og með afrennsli til norðurs. Hitt er minna og er með afrennsli til suðurs og er það vatnið sem liggur beint norður af Sýrdal. Að mati óbyggðanefndar benda heimildir til að með Sýrdalsvatni sé átt við það vatn sem austar er og nær Sýrdalsborgum.

---

Að mati óbyggðanefndar eru mörk Helgavatnssellands til vesturs því með þeim hætti að Sýrdalslækur ráði frá Litlu-Þverá, norður Sýrdal og í það vatn sem er norðan við dalinn og er í heimildum nefnt Sýrdalsvatn eða Minna-Sýrdalsvatn og þaðan ráði lína úr norðurenda vatnsins. Þrátt fyrir að kröfulýsingar málsaðila séu ekki orðaðar með sama hætti eru þær þó dregnar með sama hætti á kort. Verður ekki annað séð en að kröfulínur beggja málsaðila séu í fullu samræmi við framangreind mörk.

Norður- og austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst í lögfestu Ólafs Jónssonar frá 1760 á eftirfarandi hátt: „... frá steini sem stendur við Fanngil og á háls upp eftir þui sem vötnumm hallar.“ Í landamerkjabréfi jarðarinnar Helgavatns segir svo um norður- og austurmörk sellandsins: „... að norðanverðu úr tjörninni [Sýrdalsvatni] í urðarstapa, úr urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir Fanngili ofan að steini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í Hásuður á Háu mela við Þverá ...“. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er norður- og austurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og úr Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil niður í Þverá ...“.

Vestast á norðurmörkum Helgavatnssellands er eignarland Króks. Í landamerkjabréfi Króks frá 10. júlí 1923 segir eftirfarandi um mörk gagnvart ágreiningssvæðinu: „... sjónhending úr Hellisgildragi í háapúfu á Sýrdalsborg ...“. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir jörðina Krók segir að á Sýrdalsborg sé „dritþúfa, sem var á merkjum, kölluð Háapúfa í landamerkjabréfi.“

Norðan og austan við Helgavatnsselland er ágreiningssvæði vegna vesturhluta Tvídægru sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.3. Tvídægra fellur ásamt Helgavatnsseli innan landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, en hér að framan var getið um það hvernig merkjum Helgavatnssels er lýst í bréfinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um norður- og austurmörk Helgavatnssellands við línu sem dregin er úr Sýrdalsvatni yfir í Sýrdalsborg og þaðan í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður á Háu mela við Litlu-Þverá. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Helgavatnssellands til norðurs og austurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Suðurmerkjum Helgavatnssellands er fyrst lýst í landamerkjabréfi Helgavatns frá 1889 þar sem segir: „... svo ræður Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.“ Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er suðurmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland.“

Sunnan við Helgavatnsselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía. Af landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kvíum frá 5. maí 1890 má ráða að gagnvart ágreiningssvæðinu ráði Litla-Þverá merkjum.

---

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfu sína um suðurmörk Helgavatnssellands við línu sem dregin er frá Háu melum við Litlu-Þverá vestur eftir henni að Sýrdalslæk. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Helgavatnssels til suðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð beggja aðila.

Kemur þá til skoðunar staða lands innan framangreindra merkja. Ekki kemur fram í *Landnámu* að ágreiningssvæðið hafi verið numið. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af frásögnum hennar dregnar. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að það hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegru stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er



---

mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890 og nýtingu þess þaðan í frá leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði ágreiningssvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi Þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Elsta heimild sem getur um ágreiningssvæðið er sem fyrr segir *Jarðabók Árna* og Páls frá árinu 1709 en í henni segir um jörðina Helgavatn að hún eigi selstöðu sem heiti Þverárdalur og þangað sé ærið langt að sækja.

Lögfesta Ólafs Jónssonar frá 31. maí 1760 þar sem hann lögfestir eignar- og umráðajörð sína, Helgavatn í Þverárhlíð, ásamt Helgavatnsselli á Þverárdal, er sem fyrr segir elst þeirra heimilda sem lýsa merkjum ágreiningssvæðisins. Er merkjum Helgavatnssellands lýst sérstaklega en þó ekki alveg með heildstæðum hætti.

Heimildir geta um að búseta hafi verið í Helgavatnsseli á síðari hluta 19. aldar. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Helgavatnssel í byggð árin 1870 og 1880. Í síðari tíma heimildum er getið um búsetu í Helgavatnsseli. Í greininni Konan í Heiðarselinu sem birt var í *Tímanum* árið 1967 segir að búið hafi verið í Helgavatnsseli frá árinu 1868 til ársins 1886. Í nokkur ár þar á undan, eða frá 1861, hafi verið stopul búseta í selinu. Þá segir í kafla um eyðibýli í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar II* að á Þverárdal norðanverðum hafi verið byggt býli á síðari hluta 19. aldar eða árin 1861–1886. Engar heimildir geta þó um að reynt hafi verið að stofna til nýbýlis með lögformlegum hætti.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta þess landsvæðis sem Gilsbakkakirkja virðist hafa talið í sínum eignarumráðum. Deilurnar stóðu upphaflega einkum um austurhluta Tvídægru, sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér, en jafnframt urðu deilur á milli ábúenda hreppanna og umráðamanna Hjarðarholtskirkju í kjölfar þess að á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 23. maí 1873 var lesin upp lögfesta Vigfúsar Ólafssonar fyrir Hjarðarholtskirkju þar sem hann lögfesti m.a. Hellistungur. Deilurnar leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlíð, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægri ásamt Hellistungum, Helgavatnsselli, Sámstaðaselli, Reykholtsselli og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarða sem liggja í hjeradinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan

---

Eignarrjett vörn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir ennfremur: „Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjarrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Alls skrifuðu 52 bændur undir lögfestuna sem var þinglesin alls fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs, þ. á m. Sigurður Þorbjörnsson eigandi Helgavatns.

Í málinu liggja fyrir tvö bréf sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka, dagsett 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Í fyrra bréfinu, dagsett 26. mars, segir m.a.:

Einnig hef jeg bætt inní algjörlega Helgavatns ítakinu selför með slæjum, Helgavatns eigendur, munu að vísu eigi hafa nein brjef eða skrif fyrir selför eða neinum eignarrjetti, en hin langa notkun – margra ára óátalið býli, með eptir gjaldi – mun gefa talsverðan rjett, máskje meiri rjett en þetta, eða fullkominn eignarrjett. En jeg íminda mjer samt að þessi viðurkenning, kunni verða nægileg til að koma í veg fyrir ágreining eða gjörðardóm, þó jeg eigi viti það.

Þá segir í síðara bréfinu, dagsett 1. apríl:

Einnig er athugandi, viðvíkjandi Helgavatns seli. Eigendur Helgavatns meina sig eiga sellandið – sem töluverðar ástæður eru til – Hreppsnefnd Stafholtstungna vill ekki hafa landið með afrjettar landinu – sjá aths. við dýratollsreikningana – og líklegt er að hreppsnefnd þverárhli. láti sig þetta litlu skipta.

---

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Helgvatns frá 1. maí 1889 segir að einnig fylgi jörðinni land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland og er landamerkjum þess lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti.

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésson á Gilsbakka oddvitum Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar yrði útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og þar segir m.a.: „Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft. [...] 4. Helgavatn hefur, að því er jeg ætla, enginn skrifleg skýrteini fyrir selfararrjetti sínum. En sá rjettur mun um langan tíma hafa verið viðurkenndur. Þetta selland hefur verið brúkað um langan tíma til annar en selfarar, þar sem þar hefur verið byggt býli, og hafðar þar einhverjar skepnur allt árið. Jeg lít nú svo þá, sem einnig slíkri aðferð hafi verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873 og því geti ekki, að minnsta kosti á hinum síðustu 20 árum, verið komin löghefð á landið undir Helgavatn samkvæmt tilvitnuðum stað í Jónsbók. En hvort það hefur áður verið, veit jeg ekki, og því kannaðist jeg í landamerkjaskránni ekki einungis við selfararrjett Helgavatns, heldur og að honum fylgdu slægjur.“

Þann 10. apríl 1890 voru deilur þessar leiddar til lykta með gerð fyrrnefnds landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland og var því þinglýst árið 1915. Landamerkjabréfið nær sem fyrr segir yfir það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar auk fleiri svæða. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afréttarlandinu og m.a. að jörðin Helgavatn eigi „... land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja: [...] Eignarrjetturinn yfir landi þessu er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur ...“. Þá segir einnig: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Þá var það undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Sigurður Þorbjörnsson eigandi Helgavatns ritaði athugasemdalaust undir bréfið vegna jarðarinnar.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum

---

afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammsslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að heimildir sem geta um Helgavatnsselland eru takmarkaðar. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 er greint frá því að jörðin Helgavatn eigi selstöðu á Þverárdal. Í lögfestu Ólafs Helgasonar lögfestir hann annars vegar Helgavatn og hins vegar Helgavatnsselland.

Af fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 í kjölfar deilna þeirra við Gilsbakkaprest, verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að eigandi Helgavatns hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Sem fyrr segir var lögfestan undirrituð af honum. Um 16 ár liðu svo þar til sami maður útbjó landamerkjabréf jarðarinnar sem er frá 1889 þar sem segir: „Eirnenn lögfeste Eg under sömu grein Helgavatns Selland á þuerardal frá læknumm i midiumm Syrdal nirdre og til steinsens sem stendur vid fanngil og á háls upp etter þui sem vötnumm hallar. Lögfeste Eg ynann þessara huöru tuegga tiltekena merkia akra og tödur, Eingiar og skóga, vötn og veidestade og allar landsnitiar þær er þui lande Eiga ad filgia til ystu Ummmerckia þeirra er adrer menn eiga [i m]óte mier.“ Ári síðar var svo sameiginlega landamerkjabréfið gert, enn með aðkomu sama aðila, eiganda Helgavatns, þar sem aftur á móti er gert ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirsögnunum Stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið

---

sameiginlega afréttarland frá 1890, þ. á m. Helgavatnsselland, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði sem umrætt landamerkjabréf tekur til, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Helgavatns voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Eins og áður er getið kemur ekki fram í *Landnámu* hvort svæðið hafi verið numið en staðhættir og fjarlægðir mæla því þó ekki í mót að svo hafi verið. Jafnvel þótt svæðið hafi verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að gera þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfingjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Alnenum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Alnenum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>449</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem selstöðu og síðar beit, ef frá eru taldar heimildir um skammvinna búsetu þar á síðari hluta 19. aldar, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þá er vert að áréttta hvað varðar réttarstöðuna fyrir 1890 að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar, en um takmarkaða þýðingu ákvæðis 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

---

<sup>449</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Alnenum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða Helgavatnssellands var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum eignarrétti eiganda Helgavatns. Þessi óvissa eykur þýðingu sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu Helgavatnssellands nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að árétta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda Hæstaréttardóma, sbr. t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem Gilsbakkakirkja kallaði til að eignarrétti á eystri hluta Tvídæguru, þ.e. vestan Kjararár. Jafnframt komu þar við sögu deilur umráðamanna Hjarðarholtskirkju og upprekstrarféagsins um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétthafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo

---

á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Helgavatns til svæðisins ekki síst í því hversu misvísandi afstaða birtist í aðgerðum þáverandi eiganda Helgavatns á síðari hluta 19. aldar, en hann á aðild að lögfestunni 1873, gerði sjálfur landamerkjabréf Helgavatns 1889 og áritaði loks athugasemdalaust undir sameiginlega landamerkjabréfið 1890. Af þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins fyrir gerð tilvitnaðra löggæringa og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti eiganda Helgavatns, í afréttareign eiganda jarðarinnar eða hann aðeins átt þau réttindi sem fólust í selför.

Í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 kemur fram að réttindi eiganda Helgavatnssels hafi verið háð þeim takmörkunum að „eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.“ Þá kemur jafnframt fram í bréfinu að réttindi þeirra sem aðild eiga að því, þ. á m. eiganda Helgavatns, sæti þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför.“ Af þessu má draga þá ályktun að verið sé að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum. Gagnaðili íslenska ríkisins ber sönnunarbyrði fyrir því að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum eiganda Helgavatns til handa en fólust í rétti til selfarar. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra samhliða frá þeim frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda og fyrri umfjöllunar. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>450</sup>

Hvað Helgavatnsselland varðar er óumdeilt að þar hefur ekki verið búið síðan árið 1886 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega áréttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit

---

<sup>450</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

---

og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að Helgavatnssellandi því ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að Helgavatnsselland sé ekki undirorpið beinum eignarrétti heldur óbeinum. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>451</sup> sem tilheyrði jörðinni Helgavatni. Skiptir þetta máli af þeim ástæðum að sé um hið fyrrnefnda að ræða tilheyrir rétturinn hlutaðeigandi jörðum sem rekið hafa á svæðið, en undir síðarnefndum kringumstæðum tilheyrði rétturinn einungis jörð Helgavatns hvort sem litið yrði svo á að þau réttindi hefðu allt að einu yfirferst með gerð landamerkjabréfsins 1890 eða hann sé þá eftir atvikum enn á hendi eigenda jarðarinnar, samanber aðalkröfu þeirra í málinu.

Fyrir er komist að þeirri niðurstöðu að Tvídægra sé samnotaafréttur. Þá hefur komið fram að heimildir eiganda Helgavatns varða almennt tilkall til selstöðu á svæðinu. Hlutaðeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar lögfestu landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu og var sú afstaða þeirra staðfest af eiganda Helgafells með athugasemdalausri undirritun hans. Umþrætt land er innan landamerkjabréfsins frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum eiganda Helgavatns til handa en fólust í rétti til selfarar. Þá er og komist að þeirri niðurstöðu hér að þegar litið sé til lögfestunnar 1873 og landamerkjabréfanna 1889 og 1890 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi eiganda Helgavatns til rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð tekið svæðið til sumarbeitar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og eigandi Helgavatns viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með sameiginlega landamerkjabréfinu 1890. Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Helgavatns sem fólust í umræddum rétti til selfarar eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Helgavatnsselland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>452</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar.

---

<sup>451</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>452</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Helgavatnsselland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er í Litlu-Þverá við Sýrdalslæk. Þaðan ræður Sýrdalslækur norður Sýrdal og í Minna-Sýrdalsvatn. Úr norðurenda Minna-Sýrdalsvatns ræður lína yfir Sýrdalsborgir og í Urðarstapa. Úr Urðarstapa er lína dregin í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum og þaðan sjónhending í hásuður á Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Sýrdalslæk.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

## **6.5 Sámsstaðaselland**

### **6.5.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Sámsstaðaselland. Eigandi jarðarinnar Sámsstaða gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns, en til vara að hann eigi alla veiði fyrir landi ágreiningssvæðisins. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir einnig kröfu til þessa landssvæðis sem eignarlands síns en sú krafa nær til fleiri ágreiningssvæða en þess sem hér um ræðir. Samkvæmt kröfulýsingum skal krafa eiganda Sámsstaða víkja fyrir kröfu Borgarbyggðar fáist hún viðurkennd. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.2 og 3.5.

Sámsstaðaselland er aðliggjandi austurhluta Tvídægru og er í dag hluti landsvæðis sem hefur, ásamt fleiri ágreiningssvæðum í máli þessu, verið sameinað sem Upprekstrarland Þverárréttar.

Sámsstaðaselland liggur í yfir 200 m hæð norður af Kjarará og rís það hæst í norðaustast á svæðinu í Vatnshnúk (481 m). Á austurhluta svæðisins er Sámsstaðahöfði (398 m) og norðaustan við hann er Vatnshnúkavatn, en úr því rennur Fiskilækur suður í Kjarará. Í suðvesturhorni svæðisins er Víghóll og nokkru fyrir neðan hann fellur Kjarará í mjög djúpan farveg. Þar eru háir hamrar beggja megin við Kjarará sem nefnast Hnitbjörg. Svæðið er gróið og hallamikið mót suðri. Frá bæjarstæði jarðarinnar Sámsstaða að Kjarará við suðurmörk sellandsins eru um 6 km, mælt í beinni loftlínu.<sup>453</sup>

---

<sup>453</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í

---

## 6.5.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Sámstaðaselland fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Svæðið hafi þannig aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en að hafi svæðið verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum sínum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur jarðanna til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en það ekki verið háð beinum eignarrétti.

Hvað varðar Sámstaðaselland sérstaklega er, auk þess sem að framan segir, byggt á því að heimildir bendi ekki til annars en að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota á svæðinu með hugsanlegri tilheyrandi selstöðu.

Íslenska ríkið vísar til þess að af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins sé gerð krafa um viðurkenningu eignarlands, en þó þannig að hún skuli víkja fyrir eignarréttarkröfu Borgarbyggðar fáist hún viðurkennd, og sé sú krafa byggð á því sem fram komi í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1890 um að samið hafi verið um að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landinu fyrir ofan Kjarará en héldu þar óskertum veiðiréttindum. Að mati íslenska ríkisins var sellandið ekki háð beinum eignarrétti, hvorki jarðarinnar Sámstaða né Upprekstrarfélags Þverárréttar og þar sem veiðiréttindi fylgi eignarlandi ráðist það af niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins, hvort umrædd veiðiréttindi hafi tilheyrt jörðinni Sámstöðum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Sámstaða, er á því byggt að Sámstaðaselland norðan Kjarará hafi verið eignarland um langan aldur. Er í því sambandi bent á kaupbréf frá 1398 þar sem landið er talið innan merkja Sámstaða.

---

íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Auk þess er vísað til *Jarðabókar* Árna og Páls frá 1709 þar sem segir að selstaða sé löng og erfið „yfir fjall eitt norður á Kjör, meinast þó í heimalandi.“. Landsvæðið sé í beinu framhaldi heimalandsins þó Kjarará skilji þar á milli. Sellandið sé því innan skráðra merkja og því eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. Það hafi ekki breyst þótt Sámssstaðaeigandi hafi samþykkt að landið teldist til afréttarins.

Í kröfugerð eiganda Sámssstaða er tekið fram að krafa hans um beinan eignarrétt viki fyrir eignarrétti Upprekstarfélagsins (Borgarbyggðar). Ef hins vegar verði litið svo á að umráð Upprekstrarfélagsins eigi að ráða því hvort um eignarland sé að ræða eða samnotaafrétt, og þar með þjóðlendu, geti eigandi Sámssstaða ekki annað en viðhaldið kröfu sinni um eignarrétt.

Eigandi Sámssstaða vísar til þess að íslenska ríkið byggi á því að Sámssstaðaselland norðan Kjarará hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, hvorki jarðarinnar Sámssstaða né Upprekstrarfélagsins og þar sem veiðiréttindi fylgi eignarlandi ráðist það af niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins hvort umrædd veiðiréttindi hafi tilheyrt jörðinni Sámssstöðum. Eigandi Sámssstaða byggir hins vegar á því að hafi Sámssstaðaland ásamt sellandinu verið selt í einu lagi sem eignarland árið 1398 með tilteknum merkjum sé enginn vafi á að þar sé eignarland. Landið sé samfelld þótt Kjarará renni á milli og um aldir hafi það verið meðhöndlað af eigendum Sámssstaða sem eignarland þó svo að eigendur jarðarinnar hafi síðar leyft Upprekstrarfélaginu að taka til sín landið en haldið eftir mikilvægri eign, veiðiréttinum. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, segi að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli því á þeim sem haldi öðru fram. Þessar niðurstöður hafi verið staðfestar í nokkrum dómum Hæstaréttar.

Þá telur eigandi Sámssstaða að sú málsástæða íslenska ríkisins, um að veiðiréttur verði að fylgja landi, haldi ekki þar sem það eigi ekki við um veiðirétt sem hafi verið skilinn frá landi fyrir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923, eins og eigi við í tilviki eiganda Sámssstaða. Veiðiréttur hans fyrir Sámssstaðasellandi sé því stjórnarskrárvarinn eignarréttur og verði ekki af honum tekinn nema með eignarnámi. Í því sambandi er bent á að arðskrá Veiðifélags Þverár og Kjarará og samþykktir veiðifélagsins staðfesti einnig að eignarrétturinn sé viðurkenndur af öðrum landeigendum við Kjarará og hafi verið það svo lengi sem elstu menn muna.

Þá vísar eigandi Sámssstaða til þess að hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrir á öldum, hafi þeir unnið eignarrétt á veiðiréttinum fyrir hefð. Í raun hafi veiðirétturinn verið hluti eignarréttinda og gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Þó svo að um afnotahefð væri að ræða, hafi þeir haft full umráð veiðiréttarins í meira en 40 ár og uppfylli þar með skilyrði um a.m.k. 40 ára samfellda nýtingu, sbr. 8. gr. hefðarlaga.

---

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, er byggt á því að Sámstaðaselland hafi lotið beinum eignarrétti eiganda Sámstaða sem hafi gefið eftir eignarrétt sinn yfir svæðinu til Upprekstrarfélagsins með gerð landamerkjabréfsins árið 1890.

Allt land upprekstrarfélagsins, þ. á m. Sámstaðaselland, sé innan skráðra merkja og sé því eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Upprekstrarlandið hafi orðið þannig til að jarðir í nágrenninu hafi lagt land til upprekstrar og þeir sem upprekstur áttu hafi komið sér saman um nýta landið til upprekstrar og annarra nota og jafnframt hafi Upprekstrarfélagið keypt meira land og sameinað upprekstrarlandinu. Ekki verði annað ráðið af landamerkjaskránni en að þeir sem rituðu hana hafi talið sig vera að lýsa eignarlandi og sá skilningur hafi verið staðfestur af þeim eigendum nágrannajarða sem undirrituðu landamerkjaskrána. Það styrki kröfu um beinan eignarrétt að landinu að útgefendur skrárinnar hafi talið sig umkomna til að fjalla um og ákveða hverjir ættu selfararrétt, veiðirétt o.s.fr. og það hafi ekki sætt neinum andmælum. Þá séu landamerki samkvæmt landamerkjabréfinu að öllu leyti óumdeild og samrýmist landamerkjaskrár aðliggjandi jarða auk þess sem eignarlönd séu nánast á alla vegu.

Þá bendi það ennfremur til beins eignarréttar að Upprekstrarfélagið gerði samninga við einstaka landeigendur um skipti á landgæðum og það sé vart á færi þeirra sem aðeins eigi upprekstrarrétt. Þá hafi Upprekstrarfélagið staðið í stappi við eiganda Sámstaða um Sámstaðaselland og á fundi sem haldinn var í Síðumúla 8. apríl 1890, hafi samist svo að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landsvæðinu, en ættu þar einungis selland og héldi óskertum veiðiréttinum í Kjarará. Þar hafi eigandi Sámstaða verið ofurliði borinn af sveitungum sínum sem vildu fá landið til beitar og þá væntanlega út frá gamalli hefð. Engu að síður hafi hann haldið selstöðurétti og veiðirétti sínum í Kjarará og megi vel rökstyðja að þar hafi hann haldið hluta af eignarréttindum sínum ef litið sé til þess að það virðist hafa tíðkast nokkuð að skipta upp eignarréttinum, einn fengi grasnytjar, annar veiði o.s.frv.

Jafnframt er byggt á því að það bendi til einkaeignarréttar að landsvæðið hafi verið selland, en selstöðu hafi ekki mátt hafa í afrétti samkvæmt Grágás. Samkvæmt Jónsbók hafi mátt hafa sel í afrétti ef allir eigendur afréttar gáfu sitt leyfi til, en engar heimildir séu um að leitað hafi verið eftir slíku á kröfusvæðinu. Á hinn bóginn hafi verið dæmi um að landeigendur hafi veitt slík leyfi eins og skjöl málsins beri með sér. Sel hafi mátt hafa í almenningum en landssvæði það sem hér er til meðferðar sé hvergi talið almenningur.

Þá er af hálfu beggja gagnaðila íslenska ríkisins vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á

---

eignarlöndum. Ennfremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919 sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Sámstaðasellands er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Sámstaðir hafi verið sjálfstæð jörð<sup>454</sup> og að Sámstaðaselland hafi heyrt undir jörðina. Það hvort Sámstaðaselland hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Jörðin Sámstaðir liggur að ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar að sunnanverðu, en Kjarará skilur þar á milli.

Elsta heimild sem getur sjálfstætt um jörðina Sámstaði er kaupbréf vegna sölu Kalmanstungu frá 28. febrúar 1398 þar sem nokkrar jarðir, m.a. Sámstaðir eru látnar á móti. Í kaupbréfinu er merkjum Sámstaða lýst. Merkjalyfingun lýsir merkjum Sámstaða annars vegar sunnan Kjarará og hins vegar norðan árinna. Elsta heimild sem getur sérstaklega um Sámstaðaselland er máldagi Gilsbakkakirkju frá 1306 þar sem segir að kirkjan eigi „vidarRif j selia lande samstadamanna“.

Þann 10. apríl 1890 var gert landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.<sup>455</sup> Sámstaðaselland fellur innan marka landamerkjabréfsins og þar er einnig getið sérstaklega um að jörðin Sámstaðir eigi land til selfarar með tilgreindum merkjum að hluta. Þess skal getið að lýsing umrædds landamerkjabréfs nær einnig yfir ágreiningssvæði vegna Tvídægru, Helgavatnssellands, Reykholtssellands og Síðumúlasellands, en um þau svæði er fjallað sérstaklega í köflum 6.3, 6.4, 6.6 og 6.7.

Þá var sérstakt landamerkjabréf gert fyrir jörðina Sámstaði 1. maí 1890 og því þinglýst 24. maí 1897. Í landamerkjabréfinu er tekið fram að samkvæmt kaupbréfi fyrir Kalmanstungu og Sámstöðum frá 1398 eigi Sámstaðir „land fyrir ofan Kjarará“ en á fundi sem haldinn hafi verið í Síðumúla 8. apríl 1890 hafi samist svo um að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og héldu óskertum veiðiréttinum í Kjarará. Þar er merkjum sellandsins lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Sámstaðasellands er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Er þar um að ræða kaupbréf vegna sölu Kalmanstungu og Sámstaða frá árinu 1398, landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og landamerkjabréf jarðarinnar Sámstaða frá árinu 1890. Í þessu sambandi

---

<sup>454</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>455</sup> Hér eftir: Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Suðaustan við Sámstaðaselland liggur ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands, sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.7, og suðaustan megin er óumdeilt eignarland jarðarinnar Sámstaða. Vestan við Sámstaðaselland er ágreiningssvæði vegna Reykholtssellands sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.6. Austan við Sámstaðaselland er ágreiningssvæði vegna austurhluta Tvídægru sem fjallað er um sérstaklega í kafla 6.3. Norðan við Sámstaðaselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía I. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Sámstaðasellands, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í kaupbréfinu frá 1398. Þar er lýst merkjum Sámstaða sunnan Kjararár. Svo segir: „fyrir nordan kiar“ og tilgreindum merkjum lýst til austurs og vesturs. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir: „Svo ræður Kjarará [alt niður að klettsnefi einu við ána hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland.]“ Einnig segir í sama bréfi um selfararrétt Sámstaða: „... frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili ...“. Í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir að sellandið sé fyrir ofan Kjarará.

Suðvestan við Sámstaðaselland liggur sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands, sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.7. Í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 segir að Síðumúlaselland liggi sunnan við Kjarará. Þá liggur suðaustan megin óumdeilt eignarland jarðarinnar Sámstaða en í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir um merki sellandsins að það sé ofan Kjararár, svo sem fyrr greinir.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sámstaðasellands til suðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. að Kjarará ráði.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í kaupbréfinu frá 1398, þannig: „... fyrir nordan kiara [þaðan sem Þverárlækur rennur í hana]. ofan ath. merkigili“. Merkjum til vesturs er þannig ekki lýst að öðru leyti en að þau séu við Merkigil. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir um land Sámstaða til selfarar: „... [frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk)] niður að, vestasta Rangagili ...“. Í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir um vesturmörk sellandsins: „... Að vestanverðu ræður Merkigil (vestasta Rangagil) ...“. Könnun óbyggðanefndar gefur til kynna að um sé að ræða sína hvora nafngiftina á sama gilinu, þ.e. Merkigil og Rangagil, og samræmist það lýsingu í landamerkjabréfi Sámstaða.

Vestan Sámstaðasellands liggur ágreiningssvæði vegna Reykholtssellands sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.6. Í þeirri niðurstöðu kemur fram að málsaðilar

---

hafi ekki afmarkað kröfur sínar á Reykholtssellandi til austurs sérstaklega en niðurstaða óbyggðanefndar var sú að mörk Reykholtssellands til austurs liggi frá Kjarará um Merkgil (vestasta Rangagil) upp að drögum og þaðan á háfjall. Í tilviki Sámstaðasellands er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Sámstaða.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sámstaðasellands til vesturs hafi verið við vestasta Rangárgil, öðru nafni Merkgil. Nánar verður fjallað um það hversu langt norður vesturmerki ná í umfjöllun um norðurmerki ágreiningssvæðisins.

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í kaupbréfinu frá 1398 með eftirfarandi hætti: „... fyrir nordan kiara [þaðan sem Þverárlækur rennur í hana] [...] ath grof þeirri er næst er fyrir nedan haukagils sel. oc suo langt norðr æ sem vatnfaull deila ...“. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir um land Sámstaða til selfarar: „... frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) [niður að vestasta Rangagili] ...“. Í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir um austurmörk sellandsins: „... austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará.“

Þar sem orðalagi framangreindra heimilda ber ekki saman um austurmörkin þarfnast það atriði nánari skoðunar. Í kaupbréfinu frá 1398 segir að Kjarará ráði að „gröf“ þeirri sem sé næst fyrir neðan Haukagilssel og svo langt norður sem vatnsföll deila. Þetta kennileiti þekkist ekki lengur en gefur til kynna að átt sé við skurð eða annað sambærilegt kennileiti við Haukagilssel og þaðan liggi lína norður að vatnaskilum. Samkvæmt vitnisburðum frá árunum 1666 – 1669 um Haukagilssel var það staðsett norðan við Kjarará á austurhluta Tvídægru milli Sámstaðasels og gamla Gilsbakkasels. Í vitnisburði Sveins Jónssonar frá 8. ágúst 1666 segir ennfremur að Haukagilssel hafi verið „... fyrir framan fiskilæk, nockud nedar enn gagnvart Biarna[stadasele]“ og „[ad] Gilsb[acka] kirkia ætte veide alla i Kjarrá ofan ad fiskelæk.“

Austan og norðaustan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna austurhluta Tvídægru sem fjallað er um sérstaklega í kafla 6.3. Svo sem þar greinir gerði Gilsbakki tilkall til víðtækra réttinda á svæðinu. Í máldaga Gilsbakkakirkju frá 1306 segir m.a.: „laxveide kjararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækjar.“ Hið sama segir í máldögum kirkjunnar frá 1379 til 1748 og vísitásiúm hennar frá 1643 til 1748. Þar greinir einnig frá því að framangreindir vitnisburðir voru gefnir vegna deilu umráðamanna Haukagils og Gilsbakka um rétt þess fyrrnefnda til landsvæðis norðan Kjarará milli Sámstaða- og Gilsbakkaselja og að svo virðist sem þeirri deilu hafi lokið með fimmtarstefnudómi árið 1667. Í heimildum Gilsbakka eftir þann tíma er merkjum gagnvart Sámstaðasellandi áfram lýst með sama hætti og í máldaga kirkjunnar frá 1306, þ.e.

---

að norðan við Kjarará ráði Fiskilækur [sjónhendingu beint yfir sandinn], sbr. lögfestur Gilsbakkakirkju frá 1808 og 1848. Er sú lýsing í samræmi við yngri heimildir um merki Sámstaða og af því verður ráðið að umráðamaður Sámstaða hafi ekki átt tilkall lengra austur og því unað tilkalli Gilsbakkakirkju til landsvæðis austan við Fiskilæk.

Í niðurstöðu óbyggðanefndar um suðvesturmörk austurhluta Tvídægru kemur fram að málsaðilar hafi ekki afmarkað kröfur sínar á austurhluta Tvídægru til suðvesturs sérstaklega en niðurstaða nefndarinnar var sú að mörkin liggi frá Vatnshnúk, suður í Vatnshnúkavatn og úr því ráði Fiskilækur suður í Kjarará. Í tilviki Sámstaðasellands er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Sámstaða.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sámstaðasellands til austurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Sámstaða, þ.e. frá Vatnshnúk, suður í Vatnshnúkavatn og úr því ræður Fiskilækur suður í Kjarará.

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst þannig í kaupbréfinu frá 1398 að svæðið nái svo langt norður sem vatnsföll deila: „ofan ath. merkigili oc vpp ath grof þeirri er næst er fyrir nedan haukagils sel. oc suo langt norðr æ sem vatnfaull deila ...“. Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir: „Þá ráða Kvíalandamerki um Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal ...“. Einnig segir í sama bréfi um land Sámstaða til selfarar: „... frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.“. Í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir: „... upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk ...“.

Norðan við Sámstaðaselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía I. Í landamerkjabréfi Kvía frá 5. maí 1890 segir svo um mörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir [sunnan] Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur ...“.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sámstaðasellands til norðurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingum málsaðila, þ.e. frá háfjallinu við Rangárgil eftir því sem vatnsföll deila að Vatnshnúki.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Sámstaða, á Sámstaðasellandi sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins. Aðrir málsaðilar hafa sem fyrir greinir ekki afmarkað Sámstaðaselland sérstaklega í kröfulýsingum sínum.



---

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Örnólfur hafi numið Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga, en Hnitbjörg eru háir hamrar beggja megin við Kjarará og innan suðvesturhluta ágreiningssvæðisins. Þá er þar einnig getið um landnám í Kjarradal upp til Hnitbjarga, sem og land sunnan Kjarrár upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga. Af þessari frásögn verður ráðið að hluti ágreiningssvæðisins hafi verið numinn. Þá mæla staðhættir og fjarlægðir því ekki í mót að mati óbyggðanefndar að svæðið hafi verið numið a.m.k. að hluta. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttalegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn

---

hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skál um þetta efni sérstaklega vísað til dóma *Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell)* og *5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður)*.

Af gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890 og nýtingu þess þaðan í frá leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði ágreiningssvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi Þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Elsta heimild sem getur um réttindi í Sámssstaðasellandi er sem fyrr segir máldagi Gilsbakkakirkju frá 1306 þar sem segir að kirkjan eigi „vidarRif“ í sellandi Sámssstaðamanna. Samskonar orðalag má finna í máldögum Gilsbakkakirkju frá 1397, 1570 og 1748. Þá geta vísitásiur Gilsbakkakirkju frá 1643, 1725 og 1748 allar um viðarrif í sellandi Sámssstaðamanna.

Í fyrrgreindu kaupbréfi vegna sölu Kalmanstungu frá 1398 eru Sámssstaðir meðal þeirra jarða sem láttnar eru á móti. Kaupbréfið er jafnframt elsta heimildin sem getur um jörðina Sámssstaði og þar er merkjum lýst. Svo sem fyrr greinir er merkjalýsingin ekki heildstæð og skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta lagi er um að ræða lýsingu á vesturmerkjum jarðarinnar Sámssstaða eins og hún er afmörkuð í dag, þ.e. milli Hvítár og Kjararár. Í öðru lagi er lýst merkjum norðan Kjararár þar sem segir: „fyrir nordan kiar<sup>a</sup>. ofan ath. merkigili oc vpp ath grof þeirri er næst er fyrir nedan haukagils sel. oc suo langt norðr <sup>a</sup> sem vatnfaull deila.“ Svo sem rakið er í umfjöllun hér framar um afmörkun ágreiningssvæðisins nær lýsingin til Sámssstaðasellands, þ.e. suðurmarka við Kjarará, vestur að Rangárgili og norður að vatnaskilum, en austurmörkum er lýst austar en gert er í yngri heimildum, þ.e. inn á landsvæði sem fellur undir austurhluta Tvídægru. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða lýsingu á austurmerkjum Sámssstaða sunnan Kjararár. Sú lýsing er ekki í samræmi við austurmerki jarðarinnar Sámssstaða, eins og þeim er lýst í yngri heimildum, heldur nær hún lengra austur og inn á land jarðarinnar Gilsbakka, eins og það var afmarkað í máldögum Gilsbakkakirkju frá 1306 og 1397. Af merkjalýsingu kaupbréfsins má draga þá ályktun að eigandi Sámssstaða hafi annað hvort verið óviss um það hver væru mörk þess landsvæðis sem heyrði undir jörðina, eða að ætlun hans hafi verið sú að leggja til jarðarinnar meira land en hún í raun átti.

Í vitnisburði frá árinu 1596 sem gefinn var um selstöðu Reykhólts á Kjör ber Guðni Þormóðsson að hann hafi búið á nokkrum tilteknum jörðum, þ. á m. á „minne eignar jordu Sámstöðum.“ Svo segir hann: „Suo og hefe eg ecke annars huxad eda

---

hallded ad minnar [jar]dar land á Sámstodumm er liggur j kiör fyrer nordann framm læge samfast vid Reikholtz Selja land ad nedan ad rangár gile mótz vid mijna Jord.“ Þá kemur fram í fyrrnefndum vitnisburðum frá árunum 1666–1669 um selstöðu Haukagils í Kjarárdal að selið hafi verið staðsett á milli Sámstaðasels og gamla Gilsbakkasels.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir í kafla um jörðina Sámstaði „Afrjett 0, og gengur peningur oftast í búfjárhögum“. Þá er einnig getið um að laxveiðivon sé í Kjarará sem sé nýtt en sé erfið mjög að sækja. Að lokum er getið sérstaklega um selstöðu á þann hátt að selstaða sé löng og erfið yfir fjall eitt norður á Kjör og segir svo „meinast þó í heimalandi“.

Þann 27. maí 1873 var þinglesin lögfesta fyrir „Sámstaða-landi“ frá 20. maí sama árs en inntaks hennar er ekki getið í þinglýsingarbókum. Umrædd lögfesta hefur ekki fundist þrátt fyrir leit og því ekkert vitað hvort hún tók til Sámstaðasellands.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta þess landsvæðis sem Gilsbakkakirkja virðist hafa talið í sínum eignarumráðum. Deilurnar stóðu upphaflega einkum um austurhluta Tvídægru, sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér, en jafnframt urðu deilur á milli ábúenda hreppanna og umráðamanna Hjarðarholtskirkju í kjölfar þess að á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 23. maí 1873 var lesin upp lögfesta Vigfúsar Ólafssonar fyrir Hjarðarholtskirkju þar sem hann lögfesti m.a. Hellistungur. Deilurnar leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægra ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldr notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir enn fremur: „Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnu st ekkji við að önnur sjeu hvað landsnyttjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör.“ Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annann hátt enn hver eirn hefir rjett og

---

tilkall til, fyrir sig og sína Ábýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður ábýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarða sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna sem var þinglesin alls fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs. Lögfestunni var ekki mótmælt af hálfu eiganda Sámsstaða.

Í málinu liggja fyrir tvö bréf sem skrifuð eru af Hjálmari Péturssyni hreppsstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka, dagsett 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalyýsingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeyrra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Í fyrra bréfinu, dagsett 26. mars, segir m.a.:

Skylríki fyrir Sámsstaða eigninni eru mjer ekki vel kunn, getur verið að rjettara sje að nefna landeign en þó svo væri, kann jeg betur við að telja það með ítökum, og sje ekkert á móti því, heldur en rekja landamerki í kringum landið, sem eikur mikla mála lengingu.

Í síðara bréfinu segir svo:

En nú getur verið að á brjefi mínu þurfi verða önnur og meiri breiting.

Ef Sámsstaða landið – ofan ána – er fullkomin eign þeyrrar jarðar, og ef það nær norður í lambadal, sem mun vera talið, þá liggur það að Kvía landi, og þau lönd liggja þá saman eptir öllum lambadalnum. sje nú þetta svona, þá á merkjalýsing á þessu svæði ekki að standa í uppkasti mínu. En hjer er annar hængur úti, Reykholtssellandið liggur líka á móti Kvíalandi á sandinum, og verður það þá fráskilið afrjettar landinu – en jeg held að Reykh. eigi ekki landið – væri nú þetta ekki ekki til fyrirstöðu og ef Sámst. eiga landið, þá væri einnatt að merki afrjettarlandsins ættu að takmarkast við Sámst. og Kvía lönd að austanverðu.

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésson á Gilsbakka oddvitum Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar yrði útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og þar segir m.a.:

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Þverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

Bæði hann og jeg erum í vafa um sum atriði. Það er fyrst og fremst vafasamt, hvort Sámsstaðir eiga nokkurt land fyrir norðan Kjarará. Eigandi Sámsstaða

---

álítur sig eiga þar land allt frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) og niður til vestasta Rangagils og upp svo langt sem vatnsföll deila. Hann byggir þetta á makaskiptabrjefi frá 1398, sem je glæt fylgja hjer með í eptirriti. Ekki hefur hann frumrit þess merkjabrjefs, heldur eptirrit frá 1664. Auk þessa brjefs byggir eigandi Sámsstaða kröfu sína á því, að ábúandi Sámsstaða hafi um langan tíma við og við rekið upprekstur í umrætt land.

Móti því að Sámsstaðir eigi landið mæliir aptur:

1. Hvítisíðingar úr Miðsíðu og Niðursíðu hafa frá ómunatíð, að því er mjer er ljáð, rekið fráfering sinn í þetta land fyrir norðan Kjarará, og aldrei verið að því fundið. Sje þetta satt, þá er það eitt nóg til þess samkvæmt Jónsb. landsleigub. 26 að helga upprekstrarfjelaginu landið, nema því aðeins að eigandi Sámsstaða hafi lögleg vitni til, að hann eigi það, en slík vitni hefur hann enn trauðlega komið með í áðurnefndu makaskiptabrjefi meðal annars af því það er óþinglesið.

2. Notkun sjálfs eiganda Sámsstaðanna á landinu hefur verið harðlega mótmælt á seinustu 20 árum því á fundi í Norðtungu 17. okt. 1873 hafa flestir helstu bændur í hlutaðeigandi hreppum, 52 að tölu, yfirlýst fullkomnum óhnekkum eignar og óðalsrjetti sínum og eptirkomenda sinna á afrjettarlandi innan tiltekinna takmarka, og þar er Kjarará látin ráða merkjum að sunnan allt niður að Örnúlfstaðalandi. Þessi yfirlýsing, sem jeg læt fylgja hjer með í eptirriti, var þinglýst 1874, hinn 18. maí í Norðtungu, hinn 19. maí í Hjarðarholti, hinn 20. maí á Sámsstöðum og hinn 15. júní á Dýrastöðum, og mótmælti því enginn nema á Dýrastaðþingi E. TH. Jónassen vegna Hjarðarholtskirkju. Með öðru skjali dags. s.d. og á sama stað (í Norðtungu 17. okt. 1873) hafa flestir hinir sömu bændur, og þó líka enn aðrir, svarist í eins konar fóstbræðralag, til þess með sameinuðum kröftum að verja þetta tiltekna afrjettarland sem sína eign gegn yfirgangi annarra.

Þessi tvö skjöl, sem eins og fyr er sagt, eru undirskrifuð af flestum eða öllum merkustu bændum í hlutaðeigandi hreppum, mönnum, sem voru gagnkunnugir öllum venjum hjer síðan um næstliðin aldamót, eða lengra aptur í liðna tímann, eru ekki þýðingarlítill vottur, bæði um venjuna og almenningsálitið að því er takmörk afrjettarlandsins snertir. Og þeir hafa allir verið á einu máli um það, að kannast ekki við, að Sámsstaðir ættu neitt land fyrir norðan Kjarará.

Sje nú þessi skoðun þeirra rjett, þá álít jeg, að Sámsstaðir hafi heldur ekki neinn selfararrjett fyrir norðan Kjarará. En af því að eigandi Sámsstaðanna hefur þó nokkuð til síns máls, hef jeg farið þann meðalveg í landamerkjaskránni, að neita eignarjetti, en kannast við selfararrjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará og einnig kannast við fullkomin veiðirjett Sámsstaða fyrir ofan Kjarará fyrir sínu landi því sá rjettur er vafalaus vegna venjunnar, að minni öllum. Ekki hef jeg enn fengið von um, að eigandi

---

Sámsstaða skrifi undir svona lagaða landamerkjaskrá, og kemur þá seinna til skoðunar, hvort upprekstrarfjelaði vill lögsækja hann til lúkningar þrætunni.

Þann 10. apríl 1890 voru deilur þessar leiddar til lykta með gerð fyrrnefnds landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland og var því þinglýst árið 1915. Merki landamerkjabréfsins ná sem fyrr segir yfir það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar auk fleiri ágreiningssvæða. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afréttarlandinu og m.a. að jörðin Sámsstaðir eigi „... land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.“ og „Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámsstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.“ Þá segir einnig: „Engum hinum frammannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelaði á enga veiði í Kjarará.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Þá var það undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Guðmundur Guðmundsson eigandi Sámsstaða ritaði athugasemdalaut undir bréfið vegna jarðarinnar.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Sámsstaði var gert 1. maí 1890. Í landamerkjabréfinu er merkjum jarðarinnar lýst sérstaklega. Svo segir: „Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámsstöðum frá 1398, er talið, að Sámsstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámsstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará.“ Þá er merkjum sellandsins lýst sérstaklega og svo segir: „Auk lands þess sem liggur innan þessara merkja, eiga Sámsstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkgili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá Þverlæk niður að Merkgili.“

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Þann 31. janúar 1960 gerðu eigendur Gilsbakka, Sámsstaða og Síðumúla leigusamning við upprekstrarfélag Þverárréttar um leigu þeirra á eignarlöndum sínum á Síðufjalli norðanverðu. Í samningnum segir: „Landið er eingöngu leigt til beitar, sem viðbót við núverandi afrétt.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum

---

afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammsslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að heimildir sem geta um Sámssstaðaselland eru takmarkaðar. Af merkjalýsingu kaupbréfsins frá 1398 má, sem fyrir segir, draga þá ályktun að eigandi Sámssstaða hafi annað hvort verið óviss um hver væru mörk þess landsvæðis sem heyrði undir jörðina, eða hitt að ætlun hans hafi verið sú að ætla jörðinni meiri rétt en hún í raun átti. Í eldri heimildum Gilsbakkakirkju er vísað til landsvæðisins sem sellands og í *Jarðabók* Árna og Páls segir að selstaða jarðarinnar sé löng og erfið yfir fjall eitt norður á Kjör og að hún „meinist þó í heimalandi“.

Af fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 í kjölfar deilna þeirra við Gilsbakkaprest, verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að eigandi Sámssstaða hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Sem fyrir segir var lögfestunni ekki mótmælt af eiganda Sámssstaða. Árið 1890 var sameiginlega landamerkjabréfið gert, og þá meðal annars með aðkomu eiganda Sámssstaða, þar sem gert er ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, þ. á m. Sámssstaðaselland, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða

---

leigð og lögð til afréttarins, svo sem á við um óumdeilt eignarland Sámsstaða á Síðufjalli norðanverðu, samanber leigusamning frá 31. janúar 1960.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirbyggjandi landnámslýsingum að líklegt sé að a.m.k. hluti landsvæðisins sé innan upphaflegs landnáms. Sem endranær verður þó að gera þann fyrirvara að þó svo land hafi upphaflega verið numið þá sker sú staðreynd ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari réttthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort um óvæfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotafrétt. Má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>456</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 14. öld og fram á 21. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu og síðar beit, en ekki heilsársbúsetu. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þá er vert að árétta hvað varðar réttarstöðuna fyrir 1890 að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar, en um takmarkaða þýðingu ákvæðis 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða Sámstaðasellands var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum

---

<sup>456</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

eignarrétti eiganda Sámstaða. Þessi óvissa eykur þýðingu landamerkjabréfsins frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu Sámstaðasellands nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að áréttta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda dóma Hæstaréttar, samanber t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem Gilsbakkakirkja kallaði til að eignarrétti á eystri hluta Tvídægru, þ.e. vestan Kjararár. Jafnframt komu þar við sögu deilur umráðamanna Hjarðarholtskirkju og upprekstrarféagsins um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð sameiginlega landamerkjabréfsins frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétt hafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Sámstaða enn fremur í þeirri afstöðu að viðhafa ekki mótmæli við lögfestunni frá 1873, athugasemdalausrí aðild hans að landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 og síðast en ekki síst eftirfarandi ummælum í landamerkjabréfi Sámstaða 1. maí 1890: „Í

---

kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámssstöðum frá 1398, er talið, að Sámssstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámssstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará.“ Af öllu þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins fyrir gerð tilvitnaðra löggæringa og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti eiganda Sámssstaða, í afréttareign jarðarinnar eða hún aðeins átt þau réttindi sem fólust í veiði og selför. Í tilvitnaðri yfirlýsingu eiganda Sámssstaða í landamerkjabréfi Sámssstaða frá 1890 kemur þannig skýrt fram sú afstaða að óvissa hafi verið uppi fyrir gerð sameiginlega landamerkjabréfsins um það hvers eðlis réttindi hans væru á hinu umþrætta landi. Þá hafi samist svo að eftir gerð þess myndi hann a.m.k. ekki halda fram tilkalli sínu til frekari réttar en leiðir af bréfinu.

Þá má geta þess að samkvæmt landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 sæta réttindi þeirra sem aðild eiga að því, þ. á m. eigenda Sámssstaða, þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfarrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarrará.“ Af þessu má draga þá ályktun að verið sé að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum. Gagnaðilar íslenska ríkisins bera sönnunarbyrði fyrir því að í landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum eiganda Sámstaða til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra samhliða frá honum frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda, og fyrri umfjöllunar. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>457</sup>

Hvað Sámssstaðaselland varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram á að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttáð þannig eftir 1890 að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega áréttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg

---

<sup>457</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

---

ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að Sámstaðasellandi ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að Sámstaðaselland sé ekki undirorpið beinum eignarrétti heldur óbeinum. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>458</sup> sem tilheyrði áður eiganda Sámstaða. Skiptir þetta máli af þeim ástæðum að sé um hið fyrrnefnda að ræða tilheyrir rétturinn hlutaðeigandi jörðum sem rekið hafa á svæðið, en undir síðarnefndum kringumstæðum tilheyrði rétturinn eiganda jarðarinnar Sámstaða hvort sem litið yrði svo á að þau réttindi hefðu allt að einu yfirferst með gerð landamerkjabréfsins 1890 eða séu þá eftir atvikum enn á hendi eiganda Sámstaða, sbr. varakröfu hans í málinu.

Fyrir er komist að þeirri niðurstöðu að Tvídægra og Helgavatnsselland séu samnotaafréttir. Þá hefur komið fram að heimildir eiganda Sámstaða varða almennt tilkall til veiði og selstöðu á svæðinu. Hlutaðeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar lögfestu sér landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu en eigandi Sámstaða mótmælti lögfestunni ekki. Þá er umþrætt land er innan landamerkjabréfsins frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum eiganda Sámstaða til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá er komist að þeirri niðurstöðu hér að framan að þegar litið sé til lögfestunnar 1873 og landamerkjabréfanna 1890 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi eiganda Sámstaða til rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu enda uppi réttmætur vafi um tilvist slíkra rýmri réttinda. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð tekið svæðið til sumarþeirrar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og eigandi Sámstaða viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands 1890.

Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Sámstaða sem fólust í umræddum rétti til selfarar eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð fyrir því grein hér að framan að eigandi Sámstaða gerir tilkall til veiðiréttar í Kjarará fyrir landi ágreiningssvæðisins. Sýnist það tilkall aldrei hafa verið véfengt og við gerð landamerkjabréfsins 1890 er, sem fyrir segir, lagt til grundvallar að sá veiðiréttur tilheyrir jörð Sámstaða einni. Í lögum, samanber nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, samanber upphaflega dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í máli nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri) hefur verið

---

<sup>458</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrirnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyra jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirfærst til núverandi rétthafa.

Það liggur fyrir að tilkall eiganda Sámsstaða til umræddra réttinda byggir á því að óumdeilt eignarland Sámsstaða liggur sunnan Kjararár og að stórum hluta til móts við hið umþrætta landsvæði, sem selfararréttur eiganda Sámsstaða náði til. Hvað sem líður þeim ályktunum að svæðið sé nú samnotaafréttur þá verður ekki staðhæft að það hafi frá landnámi haft þá sömu stöðu, sbr. umfjöllun hér að framan. Þannig verður ekkert ráðið um hvort tilkall eiganda Sámsstaða til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að eigandi Sámsstaða fór með þessi réttindi sem sín um langan aldur og átölulaust og sætti sú tilhögun ekki heldur andmælum eða fyrirvörum við gerð landamerkjabréfs hins sameiginlega afréttarlands 1890 eða síðar. Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi tilheyri jörð Sámsstaða í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í málinu tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Sámsstaðaselland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>459</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Sámsstaðasellands tilheyrir jörð Sámsstaða. Um veiðirétt í öðrum straum- og stöðuvötnum á svæðinu fer eftir 7. grein laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þ.e. hann tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og

---

<sup>459</sup> Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

---

Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Sámstaðaselland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er vestasta Rangárgil við Kjarará. Þaðan norður eftir gilinu í háfjall. Þaðan er vatnaskilum fylgt austur í Vatnshnúk og þaðan suður í Vatnshnúkavatn. Úr Vatnshnúkavatni ræður Fiskilækur (Vatnshnúkslækur) í Kjarará og svo ræður Kjarará suðurmörkum að upphafspunkti við Rangárgil.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Sámstaðasellands jörð Sámstaða í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## **6.6 Reykholtsselland**

### **6.6.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Reykholtsselland. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns en sú krafa nær til fleiri ágreiningssvæða en þess sem hér um ræðir. Þá gerir eigandi Síðumúla kröfu um veiði fyrir landi Reykholtssellands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Reykholtsselland er í dag hluti landsvæðis sem hefur, ásamt fleiri ágreiningssvæðum í máli þessu, verið sameinað sem Upprekstrarland Þverárréttar. Landsvæðið liggur í yfir 140 m hæð norður af Kjarará og rís það hæst nyrst á svæðinu í Hásandi (494 m). Svæðið er gróið og hallamikið mót suðri.<sup>460</sup>

### **6.6.2 Sjónarmið aðila**

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhlíðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Reykholtsselland fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

---

<sup>460</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að þau landsvæði sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til séu utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir. Svæðin hafi þannig aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðanna, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en ef svæðin hafi verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur einstakra jarða til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en það ekki verið háð beinum eignarrétti.

Þá er byggt á því að kröfusvæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó einhverjar jarðir hafi átt meiri réttindi en aðrar á tilteknum landsvæðum. Íslenska ríkið telur þannig ljóst að landsvæði innan þjóðlendukröfu þess í málinu sé þjóðlenda. Þó heimildir bendi til landnáms á svæðinu telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið síðar tekið til takmarkaðra afnota.

Sem fyrr segir nær krafa gagnaðila íslenska ríkisins, Sveitarfélagsins Borgarbyggðar, til fleiri ágreiningssvæða en þess sem hér um ræðir og taka sjónarmið þess mið af því.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Borgarbyggðar, er byggt á því að þau landsvæði sem eru til umfjöllunar í máli þessu, þ.m.t. Reykholtsselland, hafi verið numin í upphafi. Hið sameiginlega upprekstrarland hafi orðið þannig til að jarðir í nágrenninu hafi lagt land til upprekstrar og þeir sem upprekstur áttu komið sér saman um að nýta landið til upprekstrar og til annarra nota. Jafnframt hafi upprekstrarfélagið keypt meira land og sameinað upprekstrarlandinu.

Byggt er á því að allt land upprekstrarfélagsins sé innan skráðra merkja, samkvæmt landamerkjaskrá fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstunguhreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar, sem útbúið var 8. apríl 1890 og þinglesið 8. júní 1915. Sé landsvæðið þannig eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Ekki verði annað ráðið af landamerkjaskránni en að þeir sem hana rituðu hafi talið sig vera að lýsa eignarlandi og sá skilningur hafi verið staðfestur af þeim eigendum nágrennajarða sem undirrituðu

---

landamerkjaskrána. Það styrki líka kröfu um eignarrétt á landinu, að landamerkjum hafi verið lýst á alla vegu og útgefendur skrárinnar talið sig umkomna til að fjalla um og ákveða hverjir ættu selfararétt, veiðirétt o.s.frv. og það hafi ekki sætt neinum andmælum. Þá séu landamerki eignarlands upprekstrarfélagsins að öllu leyti óumdeild og samrýmast landamerkjaskrár aðliggjandi jarða.

Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til greinargerðar með þjóðlendlögum nr. 58/1998, þar sem segi að um þá afrétti sem tilheyri einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafi keypt eða með öðrum hætti fengið lögmæta eignarheimild fyrir, sé enginn vafi. Þar eigi afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en megi þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra sem þar eigi upprekstrarrétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi. Sama sjónarmið sé svo lagt til grundvallar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Þá telur gagnaðili íslenska ríkisins að leggja beri þessa reglu til grundvallar með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggi og styðji eignarrétt þeirra á kröfusvæðinu. Reykholtskirkja hafi til að mynda haldið eftir hluta af eignarréttindum sínum á kröfusvæðinu, svo sem veiði ofl., þegar landið norðan Kjararár, hafi verið gefið eftir til upprekstrarfélagsins.

Jafnframt er byggt á því að það bendi til einkaeignarréttar að landsvæðið hafi verið selland, en selstöðu hafi ekki mátt hafa í afrétti samkvæmt Grágás. Samkvæmt Jónsbók hafi mátt hafa sel í afrétti ef allir eigendur afréttar gáfu sitt leyfi til, en engar heimildir séu um að leitað hafi verið eftir slíku á kröfusvæðinu. Á hinn bóginn hafi verið dæmi um að landeigendur hafi veitt slík leyfi eins og skjöl málsins beri með sér. Sel hafi mátt hafa í almenningum en landssvæði það sem hér er til meðferðar sé hvergi talið almenningur.

Þá er hafnað sjónarmiðum íslenska ríkisins um að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar eða í sambærilegum tilgangi. Ekkert sé fram komið í málinu um að eignarrétturinn hafi fallið niður heldur hafi verið um hann deilur sem enduðu með þinglýsingu landamerkjaskráa upprekstrarlandsins og jarðanna í kring. Voru þar réttindi jarðanna tiltekin sérstaklega þ.á m. veiðiréttindi. Í þessu sambandi verði sérstaklega að líta til þess að landeigendur sem áttu sellönd á ágreiningssvæðinu héldu eftir óskorðuðum veiðiréttindum þegar þeir létu eignarlönd sín af hendi með gerð landamerkjabréfsins fyrir afréttarlandið árið 1890.

Hvað varðar Reykholtskirkjuselland sérstaklega þá hafi Norðtungusel verið innan Reykholtskirkjulands á Kjör. Það hafi verið kennt við Norðtungu þar sem Norðtungukirkja átti Örnólfsdal og sel þetta hafi verið nokkuð ofan jarðarinnar Örnólfsdals. Þar hafi verið búseta um tíma og Reykholtsprestur hafi byggt landið Norðtungubónða. Það bendi ótvírætt til eignarréttar á sellandinu að kirkjan átti samkvæmt lögfestu frá 16. maí 1685 landið allt og það ítakalaust, en ítök séu jafnan í annars manns eignarlandi. Land þetta hafi svo verið umlukið eignarlöndum, þ.e. Síðumúlasellandi, Örnólfsdal, Kvíum og Sámsstaðasellandi. Þá hafi byggingarbréf

---

verið gefið út til Norðtungubónnda en það hafi einungis verið á færi landeiganda að gefa út byggingarbréf. Ennfremur hafi Kirkjueignasjóður selt veiðirétt frá landinu til Síðumúlabónnda. Það hafi því talsverða þýðingu eignarréttarlega séð að Reykholt hafi byggt Norðtungubónnda sel í Reykholtskirkjulandinu, þ.e.a.s. hann hafi ekki afsalað sér selfararétti í landið heldur hafi farið með það sem eignarland.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur einnig að ráða megi af umfjöllun um landsvæðið, sem fellur innan landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, að bændur í hreppunum fjórum hafi talið sig hafa unnið eignarrétt að svæðinu fyrir hefð. Í umfjölluninni sé lýst eignarrétti sem byggist á nýtingu þeirra einna á landinu um ómunatíð. Óbyggðanefnd segi í *Almennum niðurstöðum* sínum að dómstólar hafi hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða, en ekki sé útilokað að vinna hefð innan landamerkja jarða. Byggir gagnaðili íslenska ríkisins því m.a. á hefð, það er að segja að hann hafi þinglýstar heimildir fyrir landi, sem hann hafa einn nýtt á þann veg að um fullkominn eignarrétt sé að ræða.

Þá er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og til 5. gr. sömu laga til stuðnings varakröfu. Ennfremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919 sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Síðumúla, er gerð krafa um veiði fyrir landi Reykholtssellands. Krafan byggir á sölu íslenska ríkisins á veiðinni til eiganda Síðumúla árið 1979. Íslenska ríkið telji skilyrðislaust að veiðirétturinn fylgi landi en það eigi ekki við um veiðirétt sem skilinn hafi verið frá landi fyrir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923. Ekki verði annað séð en að Upprekstrarfélagið hafi haldið veiðiréttinum eftir í Kjarará norðanverðri fyrir Reykholtskirkju, samanber landamerkjaskrána frá 8. apríl 1890. Sé það í samræmi við alla máldaga Reykholtskirkju og aðrar gamlar heimildir hennar um þessa veiði.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Reykholtssellands við Kjarará er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Þar eru raktar heimildir um Reykholtskirkju sem benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt réttindi á a.m.k. hluta ágreiningssvæðisins frá því á 12. öld. Ekki er þó ljóst af þeim heimildum hvernig Reykholtskirkja var upphaflega komin að þeim rétti, en ekki er landfræðilegum tengslum fyrir að fara.

Elsta heimild sem getur um kirkjuna í Reykholti er máldagi hennar sem talinn er vera frá því um 1185. Máldaginn er jafnframt elsta heimild sem getur um réttindi á ágreiningssvæðinu en þar segir: „þar huerfr oc til selfor i kior meþ óveþe þeirre es þar



---

fylger at | helfninge.“ Merkjum Reykholtssellands er lýst að hluta í ýmsum heimildum frá 16.–20. öld en heildstæða merkjalýsingu fyrir ágreiningssvæðið er ekki að finna í fyrirbyggjandi heimildum. Þá er ekki til sérstakt landamerkjabréf fyrir Reykholtsselland en landsvæðið fellur innan merkja landamerkjabréfsins frá árinu 1890 sem gert var fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.<sup>461</sup> Í landamerkjabréfinu er einnig getið sérstaklega um að Reykholtskirkja eigi selför á Kjör með tilgreindum merkjum að hluta. Þess skal getið að lýsing umrædds landamerkjabréfs nær einnig yfir ágreiningssvæði vegna Tvídægru, Helgavatnssellands, Sámstaðasellands og hluta Síðumúlasellands, en um þau svæði er fjallað sérstaklega í köflum 6.3, 6.4, 6.5 og 6.7. Þá er í landamerkjabréfi Reykholts, sem var útbúið 12. mars 1898 og þinglesið 8. júní sama ár, getið um ágreiningssvæðið með tilteknum ummerkjum þar sem fjallað er um „útlönd“ og ítök kirkjunnar.

Reykholtskirkja var í Reykholtsdalshreppi og komu hvorki umráðamenn kirkjunnar né hreppsins að gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890. Árið 1998 sameinuðust fjórir hreppar, þ.á m. Reykholtsdalshreppur undir merkjum Borgarfjarðarsveitar. Árið 2006 sameinuðust svo Borgarfjarðarsveit, Borgarbyggð og Hvítársíðu- og Kolbeinsstaðahreppar undir merkjum Borgarbyggðar. Borgarbyggð byggir kröfu sína um beinan eignarrétt að Reykholtssellandi á eldri heimildum Reykholtskirkju og á landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890. Í ljósi þess þarf því einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, landsvæðið hafi verið eignarland Reykholtskirkju eða hvort það hafi haft aðra stöðu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Reykholtssellands er lýst í heimildum. Er þar um að ræða vitnisburði um selstöðu Reykholts frá 1596 og 1663, lögfestur Reykholtskirkju frá 1685, 1709, 1721 og 1739, sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá 1842, kæru og sáttargjörð vegna sellands Reykholtskirkju frá 1868, úttekt Reykholtskirkju 1872 og landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Sunnan og vestan við Reykholtsselland liggur ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands sem fjallað er um í kafla 6.7. Norðanmegin er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía I og austanmegin er ágreiningssvæði vegna Sámstaðasellands sem sérstaklega er fjallað um í kafla 6.5. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Reykholtssellands, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

---

<sup>461</sup> Hér eftir: Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er eingöngu lýst í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 þar sem segir að Kjarará ráði allt „niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland.“ Í öðrum heimildum er varða ágreiningssvæðið er suðurmerkjum þess ekki lýst sérstaklega en í þeim segir að svæðið sé milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils. Kjarará liggur á milli þessara tveggja kennileita sunnan ágreiningssvæðisins.

Sunnan við Reykholtsselland, handan Kjararár, liggur ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands sem fjallað er um í kafla 6.7. Í landamerkjabréfi Síðumúla frá 28. janúar 1923 segir að „Síðumúla-selland“ liggja sunnan Kjararár.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um suðurmörk við Kjarará frá Rangárgili að Skjaldmeyjargili. Heimildir benda til þess að mörk Reykholtssellands til suðurs hafi verið með þeim hætti.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í vitnisburðum um selstöðu Reykhólts frá 1596 þar sem segir að svæðið liggja frá Skjaldmeyjargili. Hið sama kemur fram í vitnisburði frá 1663 sem varðar sömuleiðis selstöðu Reykhólts. Í lögfestu Reykholtskirkju frá 1685 er lögfest allt land milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils. Skjaldmeyjargili er einnig lýst sem mörkum svæðisins í lögfestum Reykhólts frá 1709, 1721 og 1739, sem og í sóknalýsingunni frá 1842, kærinni og sáttargjörðinni frá 1868, úttekt Reykholtskirkju frá 1872, landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og í landamerkjabréfi Reykhólts frá 1898.

Vestan Reykholtssellands liggur fyrrnefnt ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands (Síðumúlaslógur) sem fjallað er um í kafla 6.7 og svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum beri saman um að mörk þess gagnvart Reykholtssellandi séu frá Kjarará um Skjaldmeyjargil að landamerkjum Kvía I.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Reykholtssellands til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. frá Skjaldmeyjargili við Kjarará upp að afréttargirðingu á hálsinum við mörk Kvíalands.

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er eingöngu lýst í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 þar sem segir: „... [frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan] í ~~kvísl~~ hnúk<sup>462</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki um Einbúa eftir hásandinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal ... “. Í öðrum heimildum er varða ágreiningssvæðið er norðurmerkjum þess ekki lýst sérstaklega.

Norðan við Reykholtsselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía I. Í landamerkjabréfi Kvía frá 5. maí 1890 segir svo um mörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „... Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr

---

<sup>462</sup> Hnúk ritað fyrir ofan ~~kvísl~~.

---

hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir háсандinum fyrir [sunnan] Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar.“

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Reykoltssellands til norðurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingu málsaðila, þ.e. að Kvíalandamerki ráði þar til Einbúa er náð og svo eftir háсандinum að punkti sem er suður af Olnboga.

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í vitnisburðum um selstöðu Reykhólts frá 1596 þar sem segir að svæðið liggja fram að Rangárgili. Hið sama kemur fram í vitnisburði frá 1663 sem varðar sömuleiðis selstöðu Reykhólts. Í lögfestu Reykhólskirkju frá 1685 er lögfest allt land milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils. Rangárgili er einnig lýst sem mörkum svæðisins lögfestum Reykhólts frá 1709, 1721 og 1739, sem og í sóknalýsingunni frá 1842, kærinni og sáttargjörðinni frá 1868, úttekt Reykhólskirkju frá 1872, landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 og í landamerkjabréfi Reykhólts frá 1898.

Austan Reykoltssellands liggur ágreiningssvæði vegna Sámssstaðasellands sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.5. Í kaupbréfi vegna Sámssstaða frá 1398 segir: „þá rædr þuerlækr fram j kiara. fyrir nordan kiara. ofan ath. merkigili [...]“. Í landamerkjabréfi Sámssstaða frá 1890 segir um mörk Sámssstaðasellands: „Að vestanverðu ræður Merki (vestasta Rangagil) upp á háfjall [...]“. Undir landamerkjabréfið er skrifað fyrir hönd Reykhólskirkju.

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum saman um að Rangárgil ráði austurmörkum ágreiningssvæðisins. Við Kjarará eru tvö gil sem nefnast Rangárgil/Rangagil, og því þarfnast þetta atriði nánari skoðunar. Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti 1842 segir: „selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlamenn, einkum í Hnitbjörg.“ Í landamerkjabréfi Reykhólts frá 1898 segir: „Selför á Kjör; með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.“ Könnun óbyggðanefndar leiðir í ljós að það Rangárgil sem talið er marka austurmerki Reykoltssellands hefur einnig verið nefnt vestasta Rangárgil og í eldri heimildum var það ennfremur nefnt Merki. Hnitbjörg eru háir hamrar beggja megin við Kjarará milli Sámssstaðasellands og Síðumúlasellands og liggja að ágreiningssvæðinu austanverðu. Þegar ráðið er úr því við hvort Rangárgilið skuli miða, er til þess að líta að Hnitbjörg eru staðsett á milli þeirra tveggja gila sem til greina koma. Þá segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir jörðina Síðumúla: „Nokkru fyrir neðan Víghól fellur Kjarrará í mjög djúpan farveg. Heita þar Hnitbjörg (121). [...] Hnitbjörgin enda við neðsta Rangagil, sem fellur í ána norðan frá.“

Málsaðilar lýsa ekki sérstaklega austurmerkjum svæðisins í kröfugerð sinni, enda er ágreiningssvæðið hluti af stærra kröfusvæði. Í kröfugerð annars gagnaðila íslenska ríkisins vegna Sámssstaðasellands, sem óumdeilt er aðliggjandi

---

Reykholtssellandi til austurs, er vesturmörkum Sámsstaðasellands aftur á móti lýst frá Kjarará um Merkgil (vestasta Rangagil) upp að drögum og þaðan á háfjall. Í kafla 6.5 um Sámsstaðaselland er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að mörk svæðisins til vesturs gagnvart Reykholtssellandi hafi verið með þeim hætti. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd líkur fyrir því að mörk Reykholtssellands til austurs liggi frá Kjarará um vestasta Rangagil (Merkgil) upp að drögum og þaðan á háfjall.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það því niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Reykholtssellandi sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Örnólfur hafi numið Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun framangreindra lýsinga verður að telja líklegt að svæðið hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á

---

stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegrri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af gerð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890 og nýtingu þess þaðan í frá leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði ágreiningssvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Elsta heimild sem getur um réttindi á ágreiningssvæðinu er sem fyrr segir máldagi Reykholtskirkju frá því um 1185 þar sem segir: „þar huerfr oc til selfor i kior meþ óveþe þeirre es þar fylger at | helfninge“. Í máldaga kirkjunnar frá 1224 er selfarar í Kjör getið með sama hætti. Í þessum máldögum eru taldar upp eignir og ítök kirkjunnar án þess að séð verði að um sé að ræða nokkra aðgreiningu eftir því hvort um er að ræða jarðir, ítök eða önnur fasteignaréttindi tilheyrandi kirkjunni.

Í máldögum Reykholtskirkju frá 1358, 1397, 1478 og 1570 er getið um selför í Kjör með skógi en ekki er getið um veiði. Af máldögunum má ráða að tilgreining á réttindum kirkjunnar á svæðinu breyttist í árunna rás á þann hátt að í yngri máldögunum virðast jarðir kirkjunnar vera taldar upp fyrst en í framhaldinu ítök hennar og önnur fasteignaréttindi. Í þeim er selfarar í Kjör getið í samhengi við ítök og önnur réttindi en ekki meðal jarðanna.

Í málinu liggja fyrir tveir vitnisburðir frá 1596 þar sem getið er um selstöðu Reykholt á Kjör. Í þeim fyrri segir: „Hefe eg vmm suo langann tijma alldre heyrnt nein tuimæle áleika ad Reikhollt ætte ecke Selst[ödu] med lande og veide J Kiör“. Í þeim síðari segir: „Og hefe þar alldrei heyrnt tuimæle ad það väre annars enn eign kirkiunnar J Reikhollte med lande og skogie ofan ad skialldmeyar gile framm á mótz vid Sámstade fyrr enn nu fyrer tueimur arumm.“ Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós af hvaða tilefni vitnisburðirnir voru gefnir en af þeim síðari má ráða að eignarhald Reykholt á svæðinu hafi tveimur árum fyrr verið véfengt.

Árið 1640 fékk Árni Gíslason til árlegrar leigu af séra Jóni Böðvarssyni „það land edur selfor sem Reykholtz kyrkiu maaldagie til tekur og eignar henni aa Kiaurenne.“ Þar segir einnig að Árni og séra Jón hafi samið svo að „kirkiunnar eign edur selfaur (huortt helldur er) sie ecki eignud þar fyrer til minna jarda edur þeirra það brwka j minne heimilld.“ Af orðalagi bréfsins má ráða að litið hafi verið svo á að ekki væri ljóst hvort um landareign kirkjunnar væri að ræða eða eingöngu rétt til selfarar.

---

Í vísitasíu Reykholtskirkju frá 1643 kemur fram að biskup hafi óskað þess af séra Jóni Böðvarssyni að hann aflaði skjallegra vitnisburða um landamerki Reykholts og annarra jarða kirkjunnar. Þar kemur einnig fram að kirkjan eigi eftir máldögum selför í Kjör með skógi. Í kjölfarið, árið 1663, var skráður vitnisburður Guðrúnar Guðnadóttur um „Reykhollts selför og landareign j kiör“ en þar kemur fram að hún hafi aldrei heyrt aðra menn eigna sér þetta „landj á mille skialldmeyar gils og Rangárgils með landj og skoge og half aveidj mots vid sijdumula“. Árið 1685 lögfesti séra Halldór Jónsson svo „Reikhollts kyrckju eign land edur selfaur“ á milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils. Þar segir hann landið „jtakalaust j allan mata með landi skóge og halfre aveide mots vid Sydumula.“ Lögfestan var þinglesin sama dag.

Í kafla um Reykholt í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1708 segir m.a.: „Þessi ítök á staðurinn og hefur átölulaus: [...] Selstöðu og land með skógi í Kjarradal og veiði fyrir landinu. [...] Selstaðan á Kjarradal er örðug yfir máta og langt yfir Hvítá að sækja.“

Í lögfestu fyrir Reykholt frá 1709 eru lögfestar jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum. Svo segir „Hier með og lika yferllyse eg þessum effter filgiande eignum ytókum Reikhollts kyrkiu og með liku skilyrde logfeste [...] Selfor i Kiör með skóge.“ Lögfestan var þinglesin sama ár og aftur árið 1730.

Í vísitasíu kirkjunnar frá 1720 er getið um selför í kjör með skógi og veiði. Hið sama kemur fram í vísitasíum kirkjunnar frá 1751, 1759 og 1781 en í vísitasíu frá 1725 er eingöngu getið um selför í kjör með skógi. Í vísitasíunum er selfarar í Kjör ekki getið meðal jarða í eigu kirkjunnar heldur áfram getið meðal ítaka hennar.

Árið 1721 lögfesti séra Hannes Halldórsson „Reykhollts kyrkiu eign Land edur Selför sem hun á a Kiörenne“ sem hann segir vera land allt milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils. Þar segir hann landið „[jtaka]laust i allann mata. með lande skoge og [hal]fre [veide mots] vid Sydumula.“ Lögfestan var þinglesin sama dag.

Árið 1722 bað Hannes Halldórsson prestur í Reykholti Brynjólf Brandsson á Þorgautstöðum um að hafa eftirlit með landi kirkjunnar á Kjör: „Þa bid eg Erligann mann Brynjolf Brandsson ad Þorgautstodum nefndan Reikholltskyrkiu skög, allann midlum Rängargils og Skialldmeyar gils minna vegna ad vakta sem kann fyrer annra manna yrke og äsælnæ, og mier til vitundar gefa nær vid það var verdur ad nockrer það giore än myns skriflegs leifis.“ Var þetta gert þar sem landið hafði verið notað í leyfisleysi um langa tíð en vegna fjarlægðar gat Hannes sjálfur ekki fylgst með notkuninni. Gegn því að hafa eftirlit með landinu fékk Brynjólfur að nýta skóginn sér til kolagerðar og einnig var honum heimiluð laxveiði sem kirkjan ætti að helmingi við Síðumúlakirkju. Skyldi samkomulag þetta standa svo lengi sem báðum aðilum semdi svo um.

Í úttekt á stað og kirkju í Reykholti frá árinu 1732 er selfarar í Kjör getið meðal eigna kirkjunnar og þá talin upp meðal ítaka. Hið sama á við um úttekt

---

kirkjunnar frá árinu 1783. Í úttekt kirkjunnar frá árinu 1872 segir svo: „Ítök kirkjunnar eru: 1. Selför í Kjör milli Skjaldmeyargils og Rangárgils...“.

Í lögfestu séra Finns Jónssonar fyrir Reykholt frá 1739 eru lögfestar jarðir kirkjunnar í 7 töluliðum. Svo segir m.a. í tölulið 8: „Logfeste eg þessar eignir og ítök Reikholtskirkju. [...] selför i kiör med lande ollu og skögie mille Skialldmeyargils og rängärgils med halfre á veide a mots vid Sydumula.“ Lögfestan var þinglesin í maí sama ár og aftur árið 1743.

Í apríl árið 1837 lögfesti séra Þorsteinn Helgason allar eignir og ítök Reykholtskirkju innan Mýrasýslu. Þar lögfestir hann „Selför í Kjör, med Landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rängárgils, og áveidi ad hálfu móts vid Síðumúla í Kjarará fyrir því Landi og einkum í Hnitbjörg.“ Lögfestan var þinglesin sama dag. Þá lögfesti hann allar eignir kirkjunnar í maí sama ár. Þar eru lögfestar jarðir kirkjunnar í 8 töluliðum. Svo segir í tölulið 9: „Loksins lögfesti eptirfylgiandi útlönd eignir og ítök kyrkjunnar í Reikholti. [...] lögfesti eg selför í kjör med landi öllu og skógi millum Skjaldmeyargils og Rängárgils og veidi ad hálfu mótsvid Síðumúla í Kjarará fyrir því landi og einkum í Hnitb[jörg] og þarmed skóg í Þverárhlið ad vidi til sels.“ Lögfestan var þinglesin degi síðar.

Í sóknalýsingu séra Jónasar Jónssonar í Reykholti frá 1842 er fjallað um kirkjujarðir og ítök Reykholtskirkju. Þar eru fyrst taldar upp jarðir í eigu kirkjunnar og svo segir: „Eftir Vilchins og Gísla biskups Jónssonar máldögum samt ærið gömlum máldaga á membrana [hér er átt við Reykholtsmáldaga] á Reykholtskirkja þessi ítök: [...] selför í Kjör og land allt milli Rangárgils og Skjaldmeyjargils og ½ áveiði í Kjarará móts við Síðumúlamenn, einkum í Hnitbjörg.“

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 eru talin upp hlunnindi Reykholts, þar segir m.a.: „Meðal margra hlynninda er [...] selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rängárgils, og þar með skóg í Þverárhlið; [...] hálfá veiði móti Síðumúla í Kjarará »fyrir sellandinu á Kjörinni og einkum í Hnitbjörg« [...].“

Þórarinn Kristjánsson prestur í Reykholti endurnýjaði lögfestur Halldórs Jónssonar og Hannesar Halldórssonar fyrir „ítaki Reykholts kirkju í Kjörinni“ þann 7. maí 1868. Þar lögfesti hann einnig „selför Reykholts kirkju í Kiörinni, sem er land allt milli Skjaldmeyargils og Rangárgils med tilheyrandi gögnum og gæðum sem fylgt hafa og fylgia eiga með réttu, ítakalaust í allan máta, med skógi og áveiði ad helmingi mótsvið Síðumúla“. Lögfestan var upplestin á manntalsþingi 18. maí sama ár og henni mótmælt af öllum nálægum bændum að svo miklu leyti sem hún tileinkaði Reykholtskirkju „annann edur frekari rétt i nefndu landi, en tiltekid er i máldögum biskupanna Þorláks Þórhallasonar, Wilchins og Gísla Jonssonar.“ Mótmæli þessi hafa að öllum líkindum snúið að því að í máldögum Vilchins frá 1397 og Gísla frá 1570 er einungis getið um selför í Kjör með skógi en ekki getið um veiði. Mótmælum þessum var ekki svarað og ekki er að sjá af gögnum málsins að frekari mótmæli hafi komið fram vegna málsins.

---

Þá lagði Þórarinn fram kæru fyrir sáttanefnd Hvamms- og Norðtungusókna þann 4. júlí 1868 vegna vangoldinnar leigu vegna sellands Reykholtskirkju á Kjör. Í kærinni segir að Hjálmur Pétursson hafi haft selstöðu í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils, sem sé það selfararland er máldagar eign Reykholtskirkju. Þar segir Þórarinn: „og vissi eg ei betur en að hann gerði þetta eptir áður fengnu leyfi formanna minna, og gildi árlega 20 álna leigu eptir. En þá eð hann ekki virtist að ætla að gera mér nein skil í þessu tilliti hreifði eg við hann þessu máli við samfundi í vor, og vildi hann ekki gjalda neitt, en mótmælti þaráofan heimild Reykholtskirkju fyrir landinu án þess að hann þó eignaði sér það sjálfum; og hefur hann svo aptur í sumar flutt í selið, og brúkar landið og nýttar þess og skógarleifar, einsog áður, í óleyfi mínu og fullu forboði.“ Þann 23. júlí sama ár var gerð sátt vegna málsins. Hljóðaði sáttin um að Hjálmur Pétursson tæki til umráða réttindi Reykholtskirkju, selför í Kjör samkvæmt máldögum, sem Þórarinn taldi að væri allt land milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils með skógi og hálfri áveiði móts við Síðumúla, gegn árlegri þóknun til prestsins í Reykholti. Þá upplýsti Þórarinn þann 1. ágúst 1868, að hann hefði samkvæmt sátt frá 23. júlí eftirlátið og byggt Hjálmi Péturssyni í Norðtungu „ítak Reykholtskirkju“, selför í Kjör með skógi og áveiði að helmingi móts við Síðumúla, með tilteknum skilmálum svo sem að hreinsa og verja landið.

Í lýsingu á Reykholtskirkju frá 27. nóvember 1868 segir að selför í Kjörinni, sem hafi verið notuð leyfislaust og án greiðslu síðastliðin 13 ár af Norðtungumönnum, sé nú byggð Hjálmi Péturssyni á Norðtungu. Önnur ítök kirkjunnar séu notuð og leigð og yfirhöfuð í góðri hefð haldin þó arðlítill séu.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta þess landsvæðis sem Gilsbakkakirkja virðist hafa talið í sínum eignarumráðum. Deilurnar stóðu upphaflega einkum um austurhluta Tvídægru, sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér, en jafnframt urðu deilur á milli ábúenda hreppanna og umráðamanna Hjarðarholtskirkju í kjölfar þess að á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 23. maí 1873 var lesin upp lögfesta Vigfúsar Ólafssonar fyrir Hjarðarholtskirkju þar sem hann lögfesti m.a. Hellistungur. Deilurnar leiddu til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægri ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísam fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarda sem liggja í hjeradínu, milli Hvítár að sunnan alt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjédra jarda grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851



---

sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörð hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, alt til þessa tíma.“ Þá segir ennfremur: „Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjeðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnyttjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör“. [...] Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður ábýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Sýðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglisa þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarda sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum.“ Alls 52 bændur skrifuðu undir lögfestuna sem var þinglesin alls fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs. Lögfestunni var ekki mótmælt af hálfu umráðamanna Reykholtskirkju vegna Reykholtssellands.

Árið 1876 lögfesti Þórður Þ. Jónassen eignir Reykholtskirkju. Í lögfestunni eru jarðir Reykholtskirkju lögfestar í 8 töluliðum. Svo eru „útlönd“, eignir og ítök kirkjunnar í Reykholti talin upp í 9. tölulið. Í lögfestunni er ekki minnst á selför í Kjör, en svo virðist sem lögfestan hafi fyrst og fremst náð til eigna kirkjunnar í Borgarfjarðarsýslu en ekki í Mýrasýslu. Þórður sendi síðar bréf til Hjalms Péturssonar í Norðtungu, dags. 27. maí 1878, þar sem hann fjallaði um byggingu Hjalms í sellandi Reykholtskirkju. Með bréfinu lagði hann „blátt bann“ við því að byggt yrði býli í sellandi Reykholtskirkju á Kjörinni. Yrði því ekki hætt eða Hjálmur hefði þar aðra menn en selmenn um sumartímam myndi Þórður slíta leigumála þeirra frá næstu fardögum.

Í málinu liggja fyrir tvö bréf sem skrifuð eru af Hjálvari Péturssyni hreppsstjóra til Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka, dags. 26. mars 1889 og 1. apríl 1889. Með bréfunum sendi hann uppkast að landamerkjalytingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Í síðara bréfinu segir m.a.:

En hjer er annar hængur úti, Reykholtssellandið liggur líka á móti Kvíalandi á sandinum, og verður það þá fráskilið afrjettar landinu – en jeg held að Reykh. eigi ekki landið – væri nú þetta ekki til fyrirstöðu og ef Sámst. eiga landið, þá væri einnatt að merki afrjettarlandsins ættu að takmarkast við Sámst. og Kvía lönd að austanverðu.

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésson á Gilsbakka oddvitum Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárrettar yrði útkljáð með gerð

---

landamerkjabréfs. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og þar segir m.a.:

Hjer með sendi jeg yður, herra oddvitar, landamerkjaskrá fyrir Þverárrjettar upprekstrarlandi. Jeg hef skrifað hana að miklu leyti eptir landamerjalýsingu og upplýsingum frá Hjálmi hreppstjóra Pjeturssyni á Hamri.

Bæði hann og jeg erum í vafa um sum atriði.

[...]

Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft.

1. Reykholtskirkja á eptir máldögunum selför á tilteknu svæði og áveiði. Mínna en þetta er ekki auðið að viðurkenna, þar sem máldagarnir, hinir löggiltu, eru annars vegar, en meira en þeir til tiltaka, álit jeg ekki koma til mála, að kannast við, og þótt notkunin hafi stundum frá Reykholts hálfu verið meiri, þá hefur henni á seinustu 20 árum verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873.

Þann 10. apríl 1890 voru fyrrgreindar deilur leiddar til lykta með gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland og var því þinglýst árið 1915. Merki landamerkjabréfsins ná sem fyrr segir yfir það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar auk fleiri ágreiningssvæða. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afréttarlandinu og m.a. að Reykholtskirkja eigi „... Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.“ Þá segir einnig: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelaði á enga veiði í Kjarará.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Þá var það undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Hins vegar er ekki að finna neinar heimildir um að landamerkjabréfið hafi á þeim tíma verið undirritað vegna Reykholtshrepps eða Reykholtskirkju. Tæpum aldarfjórðungi síðar, 7. febrúar 1913, var það hinsvegar áritað af Stjórnarráði Íslands vegna Reykholtskirkju með eftirfarandi athugasemd: „Með þeirri athugasemd að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará, samþykkir stjórnarráðið fyrir sitt leiti landamerkjaskrá þessa.“

Ágreiningssvæðisins er getið í landamerkjabréfi Reykholts frá 1898 en í því segir m.a. um „útlönd“ og ítök kirkjunnar: „Selför á Kjör; með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangargils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.“

---

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Í desember árið 1979 afsalaði svo kirkjumálaráðherra „veiðiitaki því, er prestssetursjörðin Reykholt átti í Þverá (Örnólfsdalsá)“ til eiganda Síðumúla.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er landsvæði það er nefnt hefur verið Reykholtsselland tilgreint sérstaklega í fjölda heimilda. Heimildir um heildstæð merki þess hafa hins vegar ekki fundist. Í máldögum Reykholtskirkju frá 14. til 16. aldar, sem og í vísitasíum kirkjunnar frá 17. og 18 öld, er selför í Kjör almennt talin upp meðal ítaka og annarra fasteignaréttinda kirkjunnar. Hið sama á við um lögfestur hennar frá 1709, 1739, 1837 og 1876.

Hvað sem líður tilgreiningu forráðamanna Reykholtskirkju sjálfrar á eignarréttarlegri stöðu á landsvæðinu virðist ágreiningur hafa staðið um umfang og inntak þess réttar og eignarhald Reykholtskirkju yfir því ítrekað verið véfengt allt frá árinu 1594. Það má m.a. ráða af vitnisburði Jóns Jónssonar um selför Reykholtskirkju á Kjör frá árinu 1596, þar sem hann segist ekki vita til þess að tvímæli hafi verið um eignarhald Reykholtskirkju á svæðinu fyrr en tveimur árum fyrr. Í þessu sambandi má einnig vísa til beiðni séra Hannesar Halldórssonar í Reykholti til Brynjólfs Brandssonar um að hafa eftirlit með landi kirkjunnar á Kjör árið 1710, kæru Þórarins

---

Kristjánssonar í Reykholti fyrir sáttanefnd í Hvamms- og Norðtungusókn árið 1868 og sátt þeirri sem gerð var í kjölfarið við Hjálm Pétursson í Norðtungu. Að auki voru gerðar sérstakar lögfestur fyrir „Reykhollts kyrkiu eign Land edur Selför sem hun á a Kiörenne“ árin 1685, 1721 og 1868 en slíkt virðist að jafnaði ekki hafa verið gert fyrir aðrar eignir Reykholtskirkju. Þetta má einnig ráða af fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 í kjölfar deilna þeirra við Gilsbakkaprest. Af lögfestunni verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að Reykholtskirkja hafi þar aðeins farið með takmörkuð eignarréttindi. Sem fyrr segir var lögfestunni ekki mótmælt af umráðamönnum Reykholtskirkju. Árið 1890 var svo landamerkjabréf hins sameiginlega landamerkjabréfs gert þar sem gert er ráð fyrir takmörkuðum réttindum Reykholtskirkju á hinu umdeilda svæði.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, þ.á m. Reykholtsselland, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði sem umrætt landamerkjabréf tekur til, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að landsvæðið sé innan upphaflegs landnáms í Örnólfsdal. Sem endranær verður þó að gera þann fyrirvara að þó svo land hafi upphaflega verið numið þá sker sú staðreynd ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari réttihafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfingjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan

---

komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>463</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 12. öld og fram á 21. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu, skógarnytjar og síðar beit, en ekki heilsársbúsetu. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þá er vert að árétta hvað varðar réttarstöðuna fyrir 1890 að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar, en um takmarkaða þýðingu ákvæðis 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða Reykholtssellands var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum eignarrétti Reykholtskirkju. Þessi óvissa eykur þýðingu landamerkjabréfs hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu Reykholtssellands nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að árétta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda dóma Hæstaréttar, samanber t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem Gilsbakkakirkja kallaði til að eignarrétti á eystri hluta Tvídægru, þ.e. vestan Kjararár. Jafnframt komu þar við sögu deilur umráðamanna Hjarðarholtskirkju og upprekstrarféagsins um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og

---

<sup>463</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð landamerkjabréfs hins sameiginlega landamerkjabréfs frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem réttthafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraráðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall Reykholtskirkju ennfremur í þeirri afstöðu að viðhafa hvorki mótmæli við lögfestunni frá 1873 né landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 og síðast en ekki síst í eftirfarandi ummælum við áritun landamerkjabréfsins um samþykki nærfeilt aldarfjórðungi síðar í aðdraganda þinglýsingar þess: „Með þeirri athugasemd að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará, samþykkir stjórnarráðið fyrir sitt leiti landamerkjaskrá þessa“ Af öllu þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins fyrir gerð tilvitnaðra löggæringa og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti Reykholtskirkju, í afréttareign kirkjunnar eða hún aðeins átt þau réttindi sem fólust í veiði og selför. Í tilvitnaðri undirritun umráðamanna kirkjunnar um samþykki landamerkjabréfs hins sameiginlega afréttarlands árið 1913, og þeim fyrirvara sem þar er gerður, kemur skýrt fram að fram að þeim tíma hafi notin ekki verið önnur en útleiga slægna og veiði í Kjarará. Þá verður samþykki landamerkjabréfsins túlkað svo að frá og með því tímamarki a.m.k. væru ekki af hálfu umráðamanna Reykholtskirkju gerðar ríkari kröfur en leiðir af bréfinu og fyrirvaranum við samþykkið. Í landamerkjabréfinu kemur fram að réttindi kirkjunnar, sem og annarra þeirra sem viðurkennd eru óbein eignarréttindi sæti þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“ Af þessu má draga þá ályktun að verið sé að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum. Gagnaðili íslenska ríkisins bera sönnunarbyrði fyrir því að í

---

landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum Reykholtskirkju til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra samhliða frá Reykholtskirkju frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda og fyrri umfjöllunar hér að framan. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>464</sup>

Hvað Reykholtsselland varðar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram á að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttáð þannig eftir 1890 að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega áréttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeita og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að Reykholtssellandi því ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að Reykholtskirkjuselland sé ekki undirorpið beinum eignarrétti heldur sé í afréttareign. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>465</sup> sem tilheyrði Reykholtskirkju. Skiptir þetta máli af þeim ástæðum að sé um hið fyrrnefnda að ræða tilheyrir rétturinn hlutaðeigandi jörðum sem rekið hafa á svæðið, en undir síðarnefndum kringumstæðum tilheyrði rétturinn Reykholtskirkju hvort sem litið yrði svo á að þau réttindi hefðu allt að einu yfirferst með gerð landamerkjabréfsins 1890 eða hann sé þá eftir atvikum á hendi þeirra sem rétt sinn leiða frá Reykholtskirkju.

Fyrr er komist að þeirri niðurstöðu að Tvídægra, Helgavatnsselland og Sámstaðaselland séu samnotaafréttir. Þá hefur komið fram að heimildir Reykholtskirkju varða almennt tilkall til veiði og selstöðu á svæðinu þó yngri

---

<sup>464</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>465</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

heimildir kirkjunnar geri sumar hverjar ráð fyrir víðtækari réttindum. Hlutaðeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar lögfestu sér landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu en umráðamenn Reykholtskirkju mótmæltu lögfestunni ekki. Umþrætt land er innan landamerkjabréfsins frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum kirkjunni til handa en fólust í rétti til selfarar og veiði. Þá er og komist að þeirri niðurstöðu að þegar litið sé til lögfestunnar 1873, landamerkjabréfsins 1890 og áritun um samþykki þess árið 1913 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi Reykholtskirkju til rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu enda uppi réttmætur vafi um tilvist slíkra rýmri réttinda. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð tekið svæðið til sumardeildar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og umráðamenn Reykholtskirkju viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með áritun um samþykki landamerkjabréfs hins sameiginlega afréttarlands árið 1913.

Pau takmörkuðu eignarréttindi Reykholtskirkju sem fólust í umræddum rétti til selfarar eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð fyrir því grein hér að framan að ekki síðar en árið 1185 gerir Reykholtskirkja tilkall til veiðiréttar í Kjarará fyrir landi ágreiningssvæðisins. Sýnist það tilkall aldrei hafa verið véfengt og við gerð landamerkjabréfsins 1890 er, sem fyrr segir, lagt til grundvallar að sá veiðiréttur tilheyri Reykholtskirkju einni. Í lögum, sbr. nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, samanber upphaflega dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í máli nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri) hefur verið viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyra jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirfærst til núverandi rétthafa.

Útilokað er að fullyrða neitt um á hvaða grundvelli aldalangt tilkall Reykholtskirkju til umræddra réttinda er byggt. Hvað sem líður þeim ályktunum að svæðið sé nú samnotaafréttur þá verður ekki staðhæft að það hafi frá landnámi haft þá sömu stöðu, sbr. og umfjöllun hér að framan. Þannig verður ekkert ráðið um hvort



---

tilkall Reykholtskirkju til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð, löggerningum eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að Reykholtskirkja fór með þessi réttindi sem sín um langan aldur og átölulaust og sætti sú tilhögun ekki heldur andmælum eða fyrirvörum við gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland 1890 eða síðar. Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi tilheyri þeim sem leiða rétt sinn frá Reykholtskirkju, þ.e. jörð Síðumúla, í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í málinu tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Reykholtsselland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>466</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar.

Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Reykholtssellands tilheyrir nú jörð Síðumúla í samræmi við afsal kirkjumálaráðherra frá því í desember árið 1979 en sú tilhögun sýnist fá samrýmst áskilnaði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Um veiðirétt í öðrum straum- og stöðuvötnum á svæðinu fer eftir 7. grein laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þ.e. hann tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Reykholtsselland, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er Skjaldmeyjargil við Kjarará. Þaðan norður Skjaldmeyjargil að afréttargirðingu við landamerki jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línán dregin austur eftir landamerkjum Kvía I þar til komið er að Einbúa og þaðan áfram austur eftir hásandinum að punkti sem er suður af Olnboga. Þaðan er lína dregin suður í Merkgil (vestasta Rangagil) og eftir gílinu í Kjarará. Kjarará ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Skjaldmeyjargil.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan

---

<sup>466</sup> Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

---

við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Reykholtssellands jörð Síðumúla í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

---

## 6.7 Síðumúlaselland og Síðumúlaskógur ásamt hluta Örnólfsdals

### 6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Síðumúlaselland og Síðumúlaskógur ásamt hluta Örnólfsdals. Eigandi jarðarinnar Síðumúla gerir kröfu til meiri hluta landsvæðisins sem eignarlands síns en eigandi Örnólfsdals gerir kröfu til hluta þess sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.2, 3.5 og 3.6.

Ágreiningssvæðið er í meginatriðum tvískipt, þ.e. annars vegar Síðumúlaselland og hins vegar Síðumúlaskógur. Þá er austurhluti Síðumúlaskógar innan afréttargirðingar upprekstrarlands Þverárreittar, en vesturhluti skógarins var seldur eiganda Örnólfsdals árið 1943. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, hefur lýst kröfum vegna Síðumúlasellands og austurhluta Síðumúlaskógar í heild án sérstakrar aðgreiningar og gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Örnólfsdals, hefur lýst kröfum vegna vesturhluta Síðumúlaskógar. Þá hefur sveitarfélagið Borgarbyggð gert kröfu til þrautavara um óbein eignarréttindi á austurhluta Síðumúlaskógar fari svo að krafa eiganda Síðumúla verði ekki viðurkennd.

Síðumúlaskógur, er landræma sem liggur vestan Skjaldmeyjargils norðan megin við Kjarará. Síðumúlaselland liggur í yfir 100 m hæð suður af Kjarará og rís hæst í 341 m á sunnanverðu svæðinu. Landsvæðið er hallamikið og gróið bæði norðan og sunnan ár. Frá bæjarstæði jarðarinnar Síðumúla að mörkum sellandsins eru rúmlega 6,7 km, mælt í beinni loftlínu.<sup>467</sup>

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlenskrafra íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Síðumúlaselland fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að þau landsvæði sem þjóðlenskrafra ríkisins tekur til séu utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendir, enda taki þjóðlenskrafur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir. Svæðin hafi þannig aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðanna, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en að hafi svæðin verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi

---

<sup>467</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

landamerkjum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur einstakra jarða til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en ekki verið háð beinum eignarrétti.

Þá er byggt á því að kröfusvæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó einhverjar jarðir hafi átt meiri réttindi en aðrar á tilteknum landsvæðum. Íslenska ríkið telur þannig ljóst að landsvæði innan kröfu þess í málinu sé þjóðlenda. Þó heimildir bendi til landnáms á hluta kröfusvæðisins telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið síðar tekið til takmarkaðra afnota.

Hvað varðar Síðumúlaselland sérstaklega er byggt á því að ekki sé annað í ljós leitt en að sellandið hafi frá öndverðu verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota, og hafi svæðið verið numið í öndverðu, hafi það aðeins verið numið til takmarkaðra nota. Heimildir bendi ekki til annars en að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota á svæðinu með hugsanlegri tilheyrandi selstöðu. Síðar, á stuttu tímabili á 19. öld, hafi þar hugsanlega verið reynd búseta og það kallað „nýbýli“. Ekkert liggi fyrir um að með þeirri búsetu hafi stofnast til beinna eignarréttinda á svæðinu, s.s. með stofnun nýbýlis. Það skjóti líka skökku við, að ef um eignarland sé að ræða eins og gagnaðili byggi á, að þar hafi staðið til að stofna nýbýli. Þá sé sellandið aðskilið frá heimajörðinni af nokkrum jörðum en slíkt hafi að jafnaði verið talið benda til þess að um takmörkuð eignarréttindi sé að ræða á hinu aðskilda svæði. Ljóst sé af heimildum að svæðið hafi verið talið heyra undir jörðina Síðumúla en byggt er á því að í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist annað og meira en tilheyrsla á afnotaréttindum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda jarðarinnar Síðumúla, er byggt á því að ráð megi af *Landnámu* og staðháttum að Síðumúlaselland hafi verið undirorpið eignarrétti allt frá landnámsöld. Landnám hafi náð a.m.k. til Hnitbjarga en Ásbjörn hinn auðgi keypti land þangað.

Á því er byggt að Síðumúlaselland sé órjúfanleg eign eiganda Síðumúla enda fylgi sellandið í landamerkjabréfi fyrir Síðumúla frá 1923 sem eignarland. Þar sem Síðumúlaselland sé innan skráðra merkja sé það eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. og hafi það verið svo um aldir. Þá hafi eignarréttur á sellandinu verið staðfestur með því að í landinu var um hríð búskapur en búskapur hefði ekki verið leyfður í eignarlandi annars manns. Þá komi fram í gögnum málsins að hugmyndir hafi verið uppi um nýtingu Síðumúlaskógar til jarðarnota og styrki það fullyrðingar um eignarhald. Af gögnum sé einnig ljóst að Gilsbakkaprestur hafi farið

---

með Síðumúlaselland sem hluta af eignarjörðinni Síðumúla í byrjun 20. aldar, en þá átti hann jörðina. Enginn efi hafi verið um að landeigandi gæti ráðstafað þar landi til ábúðar eða búsetu. Eignarrétturinn sé einnig staðfestur með því að Upprekstrarfélagið hafi leigt landið af Síðumúlaeiganda og landið hafi aldrei verið innan afréttar, hvorki samkvæmt landamerkjabréfi afréttarins eða með öðrum hætti. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* komi fram að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli því á þeim sem haldi öðru fram. Þessar niðurstöður hafi verið staðfestar í nokkrum dómum Hæstaréttar. Þá hafi þeim heimildarskjölum, sem gagnaðili íslenska ríkisins hefur fyrir Síðumúla ásamt sellandi, verið þinglýst athugasemdalaust og því hafi þeir haft réttmætar ástæður á hverjum tíma til ætla að allt land jarðarinnar hafi verið undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi bæði dómar sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú.

Byggt er á því að engu breyti þótt Síðumúlaselland sé aðskilið frá heimalandi Síðumúla landfræðilega og bendir gagnaðili íslenska ríkisins á að slíkt aðskilið land hafi verið dæmt eignarland af Hæstarétti þótt kallað hafi verið afréttur samanber dóm Hæstaréttar frá 29. janúar 2003 í máli nr. 6/2003 (Stórhöfði í Mýrdal). Þinglesin viðurkennd eignarlönd séu á allar hliðar og það skipti máli við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins hvort einhver munur sé á því og aðliggjandi landsvæðum. Fær landeigandi ekki séð að land Sleggjulækjarsels, Þorgautsstaða, Háafells og Sámsstaða sé í nokkru frábrugðið hans landi. Öll þessi lönd liggi sömu megin Kjarrár umhverfis Síðumúlaselland. Þó svo að landið hafi verið kallað selland þá hafi það ekki verið samnotafréttur, og hafi fyrst og fremst verið nýtt sem heimafréttur tiltekinnar jarðar og hafi öðrum verið leigður upprekstur á landið gegn gjaldi. Þá liggi fyrir heimildir um annars konar nýtingu og jafnframt viðurkenningu annarra á eignarrétti eiganda Síðumúla á landinu. Heimildir séu um búsetu á svæðinu og þótt notað hafi verið orðið nýbýli um hugsanlega varanlega búsetu sé ekki þar með sagt að stofna hafi átt nýbýli á almenningsafrétti. Landeigandinn hafi einn ráðið hvernig með væri farið.

Þá bendir gagnaðili íslenska ríkisins til að líta beri til þess að veiðiréttur Síðumúla, fyrir sellandinu, fylgi því landi sem íslenska ríkið geri nú kröfu til, sbr. arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár. Af því megi ráða að landið hafi ætíð verið eignarland og hluti af jörð Síðumúla. Óhugsandi sé að eigandi Síðumúla hafi getað stofnað til veiðiréttinda í Kjarrará án þess að hafa fullkomin eignarráð yfir landinu sem áin rennur með. Þá staðfesti arðskráin og samþykktir veiðifélagsins einnig að eignarrétturinn sé viðurkenndur af öðrum landeigendum við Kjarrará og hafi verið það svo lengi sem elstu menn muna.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins til þess að hvernig sem eignarrétti hafi verið varið fyrir á öldum þá hafi verið unninn eignarréttur á sellandinu fyrir hefð. Hann og forverar hans hafi í árhundruð einir notað þetta land, og aðeins hafi öðrum verið heimiluð afnot með sérstöku leyfi og þeir einir hafi getað ráðstafað því til ábúðar eða

---

búsetu. Því séu uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 og hafi þau þegar verið uppfyllt er þinglýst var landamerkjaskránni 1923.

Þá er vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um Þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og til 5. gr. sömu laga til stuðnings varakröfu. Ennfremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919 sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda jarðarinnar Örnólfsdals, er byggt á því að sá hluti Síðumúlaskógar, sem hann gerir kröfu til sem eignarlands síns, hafi verið keyptur af eiganda Síðumúla 3. júní 1944 og sameinaður heimalandi Örnólfsdals. Jörðin Örnólfsdalur sé órjúfanleg eign Örnólfsdalseigenda og hafi verið eignarland frá upphafi Íslandsbyggðar og innan landáms Örnólfs. Þá hafi jörðin verið í byggð að mestu frá landnámi og landsvæði Síðumúlaskógar, sem keypt var árið 1944, hafi einnig verið eignarland sem sé lýst sérstaklega í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923. Að öðru leyti er vísað til fram kominna röksemda og málsástæðna hins gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Síðumúla.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Síðumúla, Síðumúlasellands og Síðumúlaskógar er rakin í kafla 5.7 hér að framan. Af þeim heimildum má ráða að Síðumúli hefur verið sjálfstæð kirkjujörð og að henni hafi, a.m.k. frá 14. öld, tilheyrt réttindi á ágreiningssvæðinu, annars vegar á svæði sunnan Kjarará/Örnólfsdalsár og hins vegar norðan hennar. Ágreiningssvæðið í málinu er í meginatriðum tvískipt. Þau liggja ekki gegnt hvoru öðru, nema á stuttum kafla við Skjaldmeyjargil, auk þess sem ekki er fjallað um þau með sambærilegum hætti í heimildum. Þess ber að geta að áin sem aðskilur Síðumúlaselland og Síðumúlaskóg gengur almennt undir nafninu Örnólfsdalsá vestan Skjaldmeyjargils og Kjarará austan þess, en í báðum tilvikum er um að ræða tilvísun í sömu ána. Það hvort Síðumúlaselland og Síðumúlaskógur hafi tilheyrt Síðumúla á sama hátt og annað land jarðarinnar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Jörðin Síðumúli liggur utan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar, aðskilin frá því af öðrum jörðum, þ.e. Fróðastöðum og Þorgautsstöðum I og II.

Elsta heimild sem getur um Síðumúlakirkju, er skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200. Elsta heimild sem getur um réttindi kirkjunnar á ágreiningssvæðinu er Vilchinsmáldagi fyrir Síðumúlakirkju frá árinu 1397 þar sem segir að kirkjan eigi veiði í Kjarará á tilgreindum svæðum. Fyrst er

---

getið sérstaklega um selland og skóg Síðumúla í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709.

Árið 1890 var gert landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar árið 1890.<sup>468</sup> Sá hluti ágreiningssvæðisins sem er norðan Kjararár, þ.e. Síðumúlaskógur, fellur allur innan merkja þess. Í landamerkjabréfinu er einnig getið sérstaklega um að Síðumúlakirkja eigi skógarítak í Síðumúlaskógi með tilgreindum merkjum að hluta.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir jörðina Síðumúla 28. janúar 1923 og því þinglýst 28. júní sama ár. Í landamerkjabréfinu er merkjum lýst fyrir heimaland, Síðumúlaselland og Síðumúlaskóg. Hverju landsvæði fyrir sig er lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti. Á sama tíma og landamerkjabréf Síðumúla var gert var einnig gerður samningur, dags. 29. janúar 1923, milli eiganda Síðumúla og Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa, um uppskiptingu Síðumúlaskógar norðan Kjararár. Samkvæmt samningnum létu hrepparnir af hendi beitarrétt sinn á hluta Síðumúlaskógar gegn því að eigandi Síðumúla léti af hendi skógarítak á hluta hans. Var skiptingin miðuð við afréttargirðingu sem liggur upp frá Kjarará. Annars vegar er því um að ræða austurhluta Síðumúlaskógar sem liggur norðvestur af Síðumúlasellandi milli Skjaldmeyjargils og fyrrgreindrar afréttargirðingar og er það sá hluti sem eigandi Síðumúla slepti tilkalli sínu til með samningnum árið 1923. Hins vegar er um að ræða vesturhluta Síðumúlaskógar sem liggur milli fyrrgreindrar afréttargirðingar og klettsnefs neðan við Snasa. Þetta er sá hluti sem upprekstrarfélagið slepti tilkalli sínu til með samningnum árið 1923 og er getið um í landamerkjabréfi Síðumúla frá sama ári með tilteknum ummerkjum. Vesturhluta Síðumúlaskógar seldi svo eigandi Síðumúla árið 1943 eiganda Örnólfsdals, svo sem nánar verður rakið síðar, og eigandi Örnólfsdals lagði hann til jarðar sinnar og gerir tilkall til hans sem eignarlands síns.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Síðumúlasellands og Síðumúlaskógar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Er þar um einkum um að ræða landamerkjabréf Síðumúla frá 1923 sem er eina heimildin sem lýsir merkjum með heildstæðum hætti. Þá er merkjum lýst að hluta í máldögum Síðumúlakirkju frá 1397 og 1570 og vísitásiúm kirkjunnar frá 1643, 1675, 1702, 1725, 1737, 1744, 1751, 1759, 1783 og 1827. Í tilviki Síðumúlaskógar kemur einnig til skoðunar landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi frá 1890, fyrrnefndur samningur milli Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa og eiganda Síðumúla frá 1923 og afsal fyrir hluta Síðumúlaskógar frá 1943. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Markmið þessarar

---

<sup>468</sup> Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

athugunar er að upplýsa um merki Síðumúlasellands og Síðumúlaskógar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Til einföldunar verður fyrst lýst merkjum Síðumúlasellands sunnan Kjararár og síðan merkjum Síðumúlaskógar norðan Kjararár. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Vestan við Síðumúlaselland er ágreiningssvæði vegna Sleggjulækjarsellands sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.8. Sunnan og austan við liggja óumdeild eignarlönd jarðanna Þorgautsstaða, Háafells og Sámsstaða. Norðan við eru ágreiningssvæði vegna Sámsstaðasellands og Reykholtssellands sem fjallað er um í köflum 6.5 og 6.6 og Síðumúlaskógur vestast, sem nánar verður fjallað um hér á eftir.

Vesturmerkjum Síðumúlasellands er fyrst lýst í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 og þar segir: „a) Gagnvart Sleggjulækjar-Sellandi: Skarð við Kjarará, sem smálækur rennur eftir, skamt fyrir neðan Myrkhyl, ræður landamerkum uppá stórum steini með gati í röndina (ekki ólíkt mannaverki). Steinn þessi er rjett fyrir neðan götu þá er liggur sunnan Kjararár. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu, er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett.“

Vestan Síðumúlasellands liggur ágreiningssvæði vegna Sleggjulækjarsellands sem fjallað er um í kafla 6.8. Í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 9. janúar 1923 segir svo um austurmörk Sleggjulækjarsellands gagnvart ágreiningssvæðinu: „Frá Örnólfsdalsá stystu leið í stóran stein með gati í röndina, (hann er við götuna sem liggur inn dalinn) frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu). Þaðan suður í Byrgisklett ...“.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um vesturmörk við línu sem dregin er frá Kjarará eftir skarði upp að stórum steini með gati í röndina. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu sem stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett. Heimildir benda til þess að mörk Síðumúlasellands til vesturs séu með þeim hætti.

Suður- og austurmerkjum Síðumúlasellands er lýst svo í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923: „ b) Gagnvart Þorgautsstaðalandi: Frá Byrgiskletti sjónhending í Flatavörðu sem er torfvarða á flatanum norðaustur af Þorgautsstaðahömrum. c) Gagnvart Háafellslandi: úr Flatavörðu í Víðirhálsavörðu. Sú varða er á hæðinni útnorður frá Háafellsvatni eystra. Frá Víðirhálsavörðu bein lína norðanvert við Háafellsvatn eystra í Hryggjastein merktur L.M. d) Gagnvart Sámstaðalandi: Úr Hryggjasteini bein lína í upptök Þverlækjar við Sauðamel. Þaðan ræður Þverlækur til Kjararár.

Sunnan og austan Síðumúlasellands liggja jarðirnar Þorgautsstaðir, Háafell og Sámsstaðir. Í landamerkjalýsingu fyrir Þorgautsstaðalandi frá 18. apríl 1890 segir svo um mörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... [úr Skjaldmeyjargilsdrögum] sjónhending austanvert við einstakahamar, og þaðan í stóran stein sem stendur á mel,



---

við eistra giljatungugil, og högginn kross á steinin, þaðan ræður sjónhendning suður fyrir brún, ~~ofan fyrir~~ ofaní svonefndan merkjaklett, merktur L M. ... “. Landamerkjabréf fyrir Háafell hefur ekki fundist þrátt fyrir leit. Í landamerkjabréfi Sámstaða frá 1. maí 1890 segir svo um mörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „ ... [úr vestara Háafellsvatni] liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará.“

Aðilar að málinu miða báðir kröfu sína við línu sem dregin er úr Byrgiskletti í Hryggjastein sem er merktur L.M og þaðan beina línu í upptök Þverlækjar við Sauðamel, þaðan sem Þverlækur ræður til Kjararár. Heimildir benda til þess að mörk Síðumúlasellands til suðurs og austurs séu með þeim hætti.

Norðurmerkjum Síðumúlasellands er lýst svo í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 að það liggi sunnan Kjararár. Þá segir í máldögum kirkjunnar frá 1397 og 1570, sem og vísitásium hennar frá 1643 – 1827, að hún eigi veiði í Kjarará milli Þverlækjar og Skjaldmeyjargils.

Norðan við Síðumúlaselland eru sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna Sámstaðasellands og Reykholtssellands sem fjallað er um í köflum 6.5 og 6.6, auk Síðumúlaslógar, sem nánar verður fjallað um hér á eftir. Í kafla 6.5 er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að suðurmörk Sámstaðasellands séu við Kjarará frá Fiskilæk að Rangárgili og í kafla 6.6 er lýst þeirri niðurstöðu að suðurmörk Reykholtssellands séu við Kjarará frá Rangárgili að Skjaldmeyjargili.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um norðurmörk við Kjarará þaðan sem Þverlækur rennur í hana að Skjaldmeyjargili. Þaðan er lýst merkjum Síðumúlaslógar norðan ár að upphafspunkti við fyrrnefnt skarð sem liggur upp að Gatsteini. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Síðumúlasellands til norðurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. að Kjarará ráði frá því Þverlækur fellur í hana að Skjaldmeyjargili og þaðan í upphafspunkt.

Verður þá vikið að því hvernig merkjum þess hluta ágreiningssvæðisins sem nefnist Síðumúlaslógar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Sem fyrr segir koma hér einnig til skoðunar landamerkjabréf fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi frá 1890, fyrrnefndur samningur milli Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa og eiganda Síðumúla frá 1923 og afsal fyrir hluta Síðumúlaslógar frá 1943. Sunnan við Síðumúlaslógar er Síðumúlaselland, sem fjallað var um hér að framan, og ágreiningssvæði vegna Sleggjulækjarsellands, sem fjallað er um í kafla 6.8. Vestan við er óumdeilt eignarland jarðarinnar Örnólfsdals og norðan megin óumdeilt eignarland jarðarinnar Kvía I. Austan við Síðumúlaslógar er ágreiningssvæði vegna Reykholtssellands sem fjallað er um í kafla 6.6.

---

Suðurmerkjum Síðumúlaskógar er lýst svo í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923: „Síðumúlaskógur liggur norðanvert við Kjarará og ræður hún landamerkjum að sunnan.“ Þá segir einnig: „Gagnvart Örnólfsdalslandi: Klettsnef við Kjarará, næsta fyrir neðan Snasa.“ Í máldögum Síðumúlakirkju frá 1397 og 1570 segir að kirkjan eigi „veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækiar þess er næstur fellur Brv.“ Hið sama segir í vísitasíum kirkjunnar frá 1643 – 1827 að undanskilinni vísitasíu frá 1751 þar sem segir: „Veide under bru Sijdumula meigenn, sem Nu er urgeingenn og kallast Snase, til lækiar þess er Næstur rennur bru.“ Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir að Kjarará ráði „niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland.“ Þar segir einnig sérstaklega um Síðumúlakirkju að hún eigi skógarítak og veiði milli Skjaldmeyjargils og klettanefs fyrir neðan Snasa. Í afsali fyrir hluta Síðumúlaskógar frá árinu 1943 segir að Síðumúlaskógur liggi „norðan Örnólfsdalsár inn af Örnólfsdalslandi“.

Sunnan Síðumúlaskógar, aðskilið af Kjarará, liggur sem fyrr segir Síðumúlaselland, sem fjallað er um hér að framan, og ágreiningssvæði vegna Sleggjulækjarsellands, sem fjallað er um í kafla 6.8. Hér að framan er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að mörk Síðumúlasellands til norðurs hafi verið með þeim hætti að Kjarará ráði að Skjaldmeyjargili og þaðan í upphafspunkt við skarð sem liggur upp að Gatsteini, og í kafla 6.8 er lýst þeirri niðurstöðu nefndarinnar að norðurmörk Sleggjulækjar væru við Örnólfsdalsá (Kjarará) að svokölluðum Gatsteini.

Svo sem rakið er hér að framan geta elstu heimildir Síðumúlakirkju um veiði „undir Brú Síðumúla megin til lækjar þess er næst fellur Brú.“ Í lögfestum fyrir Norðtungu frá 1679 og 1839, þar sem eigandi Norðtungu lögfestir m.a. hálfan Örnólfsdal er merkjum gagnvart Síðumúlaskógi lýst svo: „Ræður áinn að sunnan heiman frá múla, allt framm að Snasa edur Brú.“ Af orðalagi vísitasíu Síðumúlakirkju frá 1751 og framangreindum lögfestum má ráða að það sem áður kallaðist Brú væri það sem nú kallast Snasi.

Hins vegar er ekki ljóst við hvaða læk er átt sem næstur fellur Snasa og þarfnast það frekari skoðunar. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir jörðina Örnólfsdal segir: „Næst við Merkjalæk í Stóruhálgum er **Prætutunga** (58). Þar næst innar er **Merkjalág** (59) uppgróinn lækjafarvegur. Þar næst innar er Merkjalág (59) uppgróinn lækjafarvegur. [...] Neðan Stóruhága við ána heitir Snasi (53), klettagarður fram í ána.“ Af elstu heimildum Síðumúlakirkju og tilgreindri örnefnaskrá má draga þá ályktun að Kjarará / Örnólfsdalsá hafi ráðið merkjum að Snasa og þaðan í Merkjalág. Hins vegar er í landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890 og landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 miðað við Kjarará / Örnólfsdalsá að klettsnefi við ána, næsta fyrir neðan Snasa.

Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, miðar kröfur sínar um suðurmörk við Kjarará / Örnólfsdalsá frá Skjaldmeyjargili að skarði sem liggur upp að Gatsteini. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Örnólfsdals, miðar kröfur sínar um

---

suðurmörk við Örnólfsdalsá frá neðsta klapparnefi því er liggur út í ána (Snasa) og að Myrkhyl. Myrkhylur er staðsettur norðan árinna gegnt þeim stað þar sem fyrrnefnt skarð er sem liggur að Gatsteini. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Síðumúlaskógar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingu beggja gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. að Kjarará ráði frá Skjaldmeyjargili að því klettsnefi við Kjarará sem næst er fyrir neðan Snasa.

Vesturmerkjum Síðumúlaskógar er fyrst lýst í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 en þar segir: „[Frá næsta klettsnefi fyrir neðan Snasa] bein lína um austanverðar Stóruhágar upp í vörðu á Sandinum. Þaðan í hnúk, neðanvert á sandinum (Þríhyrningur). Í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 segir: „Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerkji frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl [hnúk]<sup>469</sup> neðanvert á Sandinum við Kvíaland.“

Vestan Síðumúlaskógar liggur jörðin Örnólfsdalur. Í landamerkjabréfi Norðtungu, Högnastaða og Örnólfsdals frá 5. janúar 1923 segir svo um austurmörk Örnólfsdals gagnvart ágreiningssvæðinu: „Gagnvart Síðumúlaskóg ræður bein lína úr áðurnefndu klapparnefi, um austanverðar Stóruhágar norður í Sandinn í vörðu þar.“

Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, gerir ekki kröfu til þess hluta Síðumúlaskógar sem liggur að jörð Örnólfsdals og gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Örnólfsdals, lýsir í kröfu sinni merkjum Örnólfsdals í heild sinni og því er merkjum þessa hluta ekki lýst sérstaklega. Íslenska ríkið miðar kröfu sína um vesturmörk við línu sem dregin er frá Háсандi að „klapparnefi sem liggur út í ána næst fyrir neðan Snasa“. Að mati óbyggðanefndar benda heimildir til þess að mörk Síðumúlaskógar til vesturs hafi verið með þeim hætti að þau liggi frá því klettsnefi við Kjarará sem næst er fyrir neðan Snasa og þaðan beina línu um austanverðar Stóruhágar í vörðu á Háсандinum og þaðan í Þríhyrning.

Austurmerkjum Síðumúlaskógar er fyrst lýst í landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 en þar segir að Síðumúlakirkja eigi skógarítak og veiði milli Skjaldmeyjargils og klettanefts fyrir neðan Snasa. Landamerkjabréfið er jafnframt eina heimildin sem lýsir austurmerkjum svæðisins, en svo sem fyrr er getið var svæðinu skipt upp í tvo hluta með samningi árið 1923 og landamerkjabréf Síðumúla gert í kjölfar hans og tekur því einungis til vestari hluta skógarins.

Austan við Síðumúlaskóg er ágreiningssvæði vegna Reykholtssellands sem fjallað er um í kafla 6.6. Þar er lýst þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að vesturmörk Reykholtssellands séu frá Kjarará eftir Skjaldmeyjargili upp að afréttargirðingu á hálsinum við mörk Kvíalands.

Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, miðar kröfu sína um austurmörk um Skjaldmeyjargil upp að drögum og þaðan í afréttargirðingu uppi á hálsinum. Að

---

<sup>469</sup> Leiðrétting ofan línu.

---

mati óbyggðanefndar benda heimildir til þess að mörk Síðumúlaskógar til austurs hafi verið með þeim hætti.

Svo sem greint er frá hér að framan var árið 1923 gerður samningur milli eiganda Síðumúla og Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa, um uppskiptingu Síðumúlaskógar og er því einungis hluti hans innan landamerkjabréfs Síðumúla frá 1923. Merkjum milli austur- og vesturhluta skógarins er lýst svo í samningnum frá 1923 að hrepparni láti af hendi beitarrétt á þeim hluta Síðumúlaskógar „er liggur fyrir neðan afrjettargirðinguna, sem nú er þar, og liggur upp frá Myrkhyl.“ Í landamerkjabréfi síðumúla frá 1923 er merkjum þessum lýst svo: „[...] að afrjettargirðingu Þverhlíðinga.

Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Örnólfsdals, miðar kröfu sína um austurmörk við línu sem dregin er úr Örnólfsdalsá / Kjarará við Myrkhyl, þaðan í afréttargirðingu á móts við Myrkyl og eftir girðingunni upp að mörkum Kvía á hásinum. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, miðar kröfu sína um vesturmörk við afréttargirðingu uppi á hálsinum og niður með henni í punkt á móts við Myrkhyl og þaðan í Myrkhyl og svo Kjarará. Að mati óbyggðanefndar benda heimildir til þess að uppskipting Síðumúlaskógar árið 1923 hafi verið með þeim hætti.

Norðurmerkjum Síðumúlaskógar er fyrst lýst í landamerkjabréfi fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 en þar segir að frá hnúk neðanvert á Sandinum við Kvíaland ráði landamerki Kvía að Einbúa. Í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923, sem lýsir eingöngu norðurmerkjum vesturhluta Síðumúlaskógar, segir: „[Frá Þríhyrningi] eftir háсандinum að afrjettargirðingu Þverhlíðinga.“

Norðan Síðumúlaskógar liggur jörðin Kvíar I. Í landamerkjabréfi Kvía frá 5. maí 1890 segir svo um suðurmörk jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „Gagnvart Þveráfrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir háсандinum...“.

Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Örnólfsdals, miðar kröfur sínar um norðmörk við landamerki Kvía milli afréttargirðingar á hálsinum og í Þríhyrning. Gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Síðumúla, miðar kröfur sínar um norðurmörk við afréttargirðingu uppi á hálsinum. Íslenska ríkið miðar kröfu sína um norðurmörk við línu sem dregin er eftir Háсандi móts við landamerki Kvía. Að mati óbyggðanefndar benda heimildir til þess að mörk Síðumúlaskógar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð allra aðila málsins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Síðumúlasellandi og Síðumúlaskógi sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Örnólfur hafi numið Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan upp til Hnitbjarga, en Hnitbjörg eru háir hamrar

---

beggja megin við Kjarará og austan við ágreiningssvæðið. Þar er einnig getið um landnám Hrosskels Þorsteinssonar sem nam Hvítársíðu milli Kjararár og Fljóta, svo og um að Ásbjörn auðgi hafi keypt land sunnan Kjararár, upp frá Sleggjulæk til Hnitbjarga. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun framangreindra lýsinga verður að telja líklegt að svæðið hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega

---

vísað til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Elsta heimild sem getur um Síðumúlakirkju er sem fyrr segir skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá því um 1200. Elsta heimild sem getur um réttindi Síðumúlakirkju á svæðinu er Vilchinsmáldagi frá árinu 1397 þar sem segir að kirkjan eigi land að Fróðastöðum og „veidi j Kiarra að helmingi við stadinn j Reykiahollti millumm þverlækjar og Skialldmeyargils“ og „veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækjar þess er næstur fellur Brv.“ Hið sama segir í máldaga kirkjunnar frá 1570 og vísitasíum hennar frá 1643, 1675, 1702, 1725, 1737, 1744, 1751, 1759, 1783 og 1827.

Í kafla um Högnastaði, í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1708 segir um Skógarsel: „Skógarsel heitir selstaða frá Síðumúla á Kjaradal fram frá Norðtúngu fyrir framan ána. Þar setti Ólafur Hallgrímsson byggð fyrir ongefer 20 árum (frá 1710 að reikna). [...] Hefur nú (1710) legið í eyði í x eða xi ár. Brúkast þó ekki selstaðan þar nú frá Síðumúla. Þras hefur annars verið um landið hjá þessari selstöðu milli Norðtúngumanna og Síðumúlamanna, en máldagi Síðumúla er pro Síðumúla.“

Í kafla um Síðumúla í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 er fjallað um ýmis réttindi jarðarinnar, m.a. að jörðin eigi tollfrían afrétt á Hellistungum, skóg sem áður var notaður til eldiviðar en „nú að kalla gjöreyddur og í fauska fallinn“ og „laxveiðivon í Kjarará fyrir Síðumúla sellandi, hefur gagnvæn verið og brúkast enn nú.“ Þá segir: „Selstöðu á jörðin með tilliggjandi hagbeit fyrir norðan Kjarará, þar selstaða heitir Skógarsel<sup>470</sup>), og hefur [Síðumúli] haldið þetta og brúkað átölulaust um lángan aldur. Skóg á jörðin nokkurn í áðursögðu sellandi fyrir norðan<sup>471</sup>) Kjarará, sem brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu<sup>472</sup>).“ Hér er því annars vegar getið um ýmis hlunnindi jarðarinnar, m.a. veiðiréttindi fyrir Síðumúlasellandi, og hins vegar er getið um að jörðin eigi selstöðu norðan Kjararár sem Síðumúli hafi haldið og „brúkað átölulaust um lángan aldur.“

Árið 1722 bað Hannes Halldórsson, prestur í Reykholti, Brynjólf Brandsson á Þorgautsstöðum að hafa eftirlit með landi kirkjunnar á Kjör. Gegn því að hafa eftirlit með landinu var Brynjólfi m.a. heimiluð laxveiði sem kirkjan ætti að helmingi við Síðumúlakirkju.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta landsvæðis sem Gilsbakkakirkja taldi sína eign. Deilurnar stóðu einkum um austurhluta Tvídægru sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér. Hins vegar leiddu deilurnar til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðarár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873

---

<sup>470</sup> „fyrir norðan–Skógarsel“ ritað af Á.M. sem leiðrjetting í staðinn fyrir „fram frá Sleggjulækjar sellandi, en heim frá Þverlæk“, sem hefur verið ritað fyrst; er strikað undir það.

<sup>471</sup> Hjer ritað fyrst „vestan“ en leiðrjett af Á.M.

<sup>472</sup> Hjer hefur Á. M ritað á rönd: „NB Skógarsel“.

---

til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu viðkomandi aðilar sér afréttarland innan tiltekinnar takmarka og var innan þess öll Tvídægri ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland og Síðumúlaskógur. Lögfestan tók ekki að neinu leyti til lands sunnan Kjararár og er því Síðumúlasellandi óviðkomandi.

Í lögfestunni segir svo: „Alt það land sem liggur innan hjernefndra takmarka, „lögfestum“ vjer og lísu fullkomna sameiginlega Eign allra bigdra jarða sem liggja í hjeraðinu, milli Hvítár að sunnan allt að Nordurá, og Nordurár og Sanddalsár að vestan í Mýrasýslu, þennan Eignarrjett vorn og tjéðra jarða grundum vjer og biggjum á omunatíðar óátaldri notkun Abúenda þeyrra, sem og á úrskurdi Vesturamtsins dagsettum 20 janúar 1851 sem ónýtti þá einu tilraun er vjer vitum til að gjörd hafi verið til að hnekkja þessum Eignarrjetti vorum, allt til þessa tíma.“ Þá segir ennfremur: „Bönnum við því hjer með, first öllum mönnum utann hjeraðs, eður utan tjéðra takmarka, að nota á nokkurn hátt eður ásælast þetta vort afrjettarland og Fjárrjett vora, að fráteknum þeim er eiga þar lögleg ítök, að því leyti sem þau eiga rjettilega að notast, enn sem vjer vitum ekkji til og könnumst ekkji við að önnur sjeu hvað landsnytjar snertir en „Selför Reykholtskyrkju á Kjör“. Og í annan stað sje öllum einstökum mönnum innan hjeraðs eður innann tjéðra takmarka bannað að nota eður leyfa öðrum að nota á nokkurn hátt þetta afrjettarland og Rjettina frekar eður á annan hátt enn hver eirn hefir rjett og tilkall til, fyrir sig og sína Abýlisjörd. Enn skyldi mót von vorri og vitund nokkur sá vera sem gjetur helgað sjer eður abýlisjörd sinni, nokkurn sjerstakann landshluta í optnefndu afrjettarlandi, eður hefur rjett til nokkurrar sjerstakrar notkunar, auk hins sameiginlega Eignarrjettar, (að undanteknum Síðumúla skógji) skorum vjer á hvern þann að auglísu þann rjett á Löglegann hátt og opinnberann. Vjer meinum ekkji hjer með Selfararrjett þeyrra jarða sem hafa Löggild skilríkji fyrir Sellöndum á tilteknum stöðum“. Alls skrifuðu 52 bændur undir lögfestuna sem var þinglesin samtals fjórum sinnum á tímabilinu 18. maí 1874 til 15. júní sama árs, þ. á m. Daníel Jónsson bóndi á Fróðastöðum sem var jafnframt eigandi Síðumúla.

Haustið 1875 vitjaði Gilsbakkaprestur Síðumúlasels sunnan Kjararár sem þá er sagt vera nýbýli hjóna og þriggja barna þeirra. Þá var Síðumúlasel í byggð árið 1880 samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands, en þar var ekki um að ræða sömu fjölskyldu og bjó þar fimm árum fyrr. Ekki liggur fyrir hversu lengi hvor búsetan um sig varði.

Með bréfi, dags. 26. mars 1889, sendi Hjálmar Pétursson hreppsstjóri Magnúsi Andréssyni á Gilsbakka uppkast að landamerkjalyssingu fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Nordurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Í bréfinu segir m.a.: „Um Síðumúla ítakið get jeg til, að

---

Daníel þyki of naumt til orða tekið, hann mun vilja eiga landið, en jeg efast um að svo sje.“

Þann 15. nóvember 1889 sendi Magnús Andrésón á Gilsbakka oddvitum Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa bréf þar sem hann fór þess á leit að deilumál það sem hafði staðið um upprekstrarland Þverárréttar yrði útkljáð með gerð landamerkjabréfs. Í bréfinu fjallar hann um réttindi einstakra jarða og kirkna til tiltekinna hluta upprekstrarlandsins og þar segir m.a.: „Annað vafasamt atriði er það, hvort Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja, Hjarðarholtskirkja og jörðin Helgavatn, sem ítök eiga í afrjettarlandið, eiga landið sjálft. Svo segir:

1. Reykholtskirkja á eptir máldögunum selför á tilteknu svæði og áveiði. Mínna en þetta er ekki auðið að viðurkenna, þar sem máldagarnir, hinir löggiltu, eru annars vegar, en meira en þeir til tiltaka, álit jeg ekki koma til mála, að kannast við, og þótt notkunin hafi stundum frá Reykholts hálfu verið meiri, þá hefur henni á seinustu 20 árum verið mótmælt með áðurnefndu skjali frá 17. okt. 1873.
2. Síðumúlakirkja. Um hennar rjett er allt hið sama að segja sem um Reykholtskirkju.

Þann 10. apríl 1890 voru deilur þær sem raktar eru hér að framan leiddar til lykta með gerð fyrrnefnds landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland. Merki landamerkjabréfsins ná sem fyrr segir yfir landsvæði Síðumúlaskógar auk fleiri ágreiningssvæða, en taka ekki að neinu leyti til Síðumúlasellands. Í landamerkjabréfinu er getið „ítaka“ í afréttarlandinu og m.a. að Síðumúlakirkja eigi „skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er fyr er nefnt fyrir neðan Snasa, sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.“ Þá segir einnig: „Engum hinum framanefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“ Landamerkjabréfið er undirritað af oddvitum „hlutaðeigandi hreppa“, þ.e. Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Þá var það undirritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Brandur Daníelsson, eigandi Síðumúla, og Runólfur Þórðarson, ábúandi og umráðamaður hálftrar jarðar Síðumúla, rituðu athugasemdalaust undir bréfið vegna jarðarinnar.

Þann 27. apríl árið 1915 sendi Andrés Magnússon, sem þá var eigandi Síðumúla, bréf til oddvita Hvítársíðuhrepps, varðandi möguleikann á því að setja upp „þurrabúð“ í Síðumúlaseli. Í bréfinu segir: „Útaf málaleitun yðar, herra oddviti, við mig í fyrrakvöld viðvíkjandi Sigurð Jónsson á Signýjarstöðum, vil jeg hjer með láta yður vita, að þar eð öll jörðin Síðumúli er byggð bændunum þar næsta fardagaár, get jeg ekki byggt Sigurði neinn part eða sneið af henni, enda mundi vanta þar öll jarðarhús til þess. Ef Guðmundur Kr. Hallgrímsson skyldi flytja burt í vor frá



---

Síðumúla, eins og stundum hefur flogið fyrir, má vera, að samningar gætu komizt á við mig og aðra, er hlut eiga að máli, um að Sigurður fengi að flytja í þá þurrabúð Guðmundar. Aptur er ýmislegt því til fyrirstöðu að setja nú upp þurrabúð í Síðumúlaseli. Um miðjan næstliðinn mánuð var svo nefndur Síðumúlaselaskógur fyrir norðan Kjarará, þar sem helzt mundi vera heyskaparvon fyrir mann í Síðumúlaseli, falaður af mjer til afnota fyrir fjelag, sem margir Hvítsíðingar eru í, og munu undirtektir mínar um það hafa verið skildar sem ádráttur, þótt samningar um það sjeu ekki gjörðir. Sigurður mundi því ekki geta fengið þar neinar slægjur. Auk þessa hefur komið til orða, að reyna til að hagnýta sjer Síðumúlaselland á þann hátt, er ekki gæti samrýmzt því, að hafa þar fjölskyldu í búsetu.“ Af bréfinu má ráða að oddviti hreppsins hafi farið þess á leit að fyrrgreindur Sigurður fengi að byggja í Síðumúlasellandi.

Í Fasteignamati Borgarfjarðarsýslu 1916 – 1918 fyrir Síðumúla segir um jarðnytjar: „beitiland gott og mikið fyrir allar skepnur [...] jörðinni fylgir mikið og gott beitiland utan girðingar sem afstöðu vegna, verður ekki notað til heimanbeitar.“

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenna eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Þann 29. janúar 1923 var gerður samningur milli eiganda Síðumúla og Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa, um uppskiptingu Síðumúlaselaskógar norðan Kjarará. Í samningnum segir: „Vjer oddvitar hreppanna látum af hendi við Síðumúla beitarrjett þann, er Þverárrjettar upprekstur á í Síðumúlaselaskóg þeim hluta hans, er liggur fyrir neðan afrjettargirðinguna, sem nú er þar, og liggur upp frá Myrkhyl. Ég, Andrijs Eyjólfsson, læt af hendi skógarítak það og slægnarjett, er Síðumúli á í nefndum skógi ofan girðingar þeirrar, sem fyr er nefnd, Þverárrjettarupprekstri til fullar eignar. Ennfremur skuldbind jeg mig til, að taka eigi upprekstrarfjenað í Síðumúlaselland, meðan það er ógirt frá afrjettarlandinu.“ Við þennan samning var því Síðumúlaselaskógi skipt í tvo hluta, austur- og vesturhluta svo sem fyrr er greint frá.

Á sama tíma og fyrrgreindur samningur var gerður, var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir jörðina Síðumúla og því þinglýst 28. júní sama ár. Í landamerkjabréfinu er merkjum lýst fyrir heimaland, Síðumúlaselland og Síðumúlaselaskóg. Hverju landsvæði fyrir sig er lýst sérstaklega og með heildstæðum hætti og nær merkjalýsing Síðumúlaselaskógar eingöngu til vesturhluta hans í samræmi við fyrrnefndan samning frá 29. janúar 1923. Auk þess er sérstaklega getið um veiðirétt í Kjarará og er það gert með sama hætti og í máldögum og vísitasíum Síðumúlakirkju, þ.e. hálf veiði frá Þverlæk að Skjaldmeyjargili á móti Sámsstaða- og Reykholtssellöndum, öll veiði frá Skjaldmeyjargili að Sleggjulækjarsellandi og loks

---

hálf veiði frá þeim stað að Klapparnefi fyrir neðan Snasa á móti Sleggjulæk. Þannig virðist sem samningurinn milli eiganda Síðumúla og hreppanna, um uppskiptingu Síðumúlaskógar, hafi tekið til beitarréttinda og skógarítaks á svæðinu en ekki til veiðiréttinda fyrir landi Síðumúlaskógar sem tilheyrði þá áfram jörð Síðumúla.

Þann 3. júní 1943 seldi eigandi Síðumúla vesturhluta Síðumúlaskógar. Kaupandinn var eigandi Örnólfsdals en sem fyrr greinir er Örnólfsdalur aðliggjandi svæðinu að vestanverðu. Í afsalin vegna sölunnar er tekið fram að veiðiréttur fyrir landinu fylgi kaupunum.

Þá var þann 31. janúar 1960 gerður samningur milli eigenda Gilsbakka, Sámsstaða og Síðumúla og upprekstrarfélags Þverárréttar, þar sem þeir fyrrnefndu leigðu upprekstrarfélaginu „eignarlönd sín á Síðufjalli norðanverðu“, en þar er um að ræða fjallendi jarðanna sem eru aðliggjandi að Kjarará að sunnanverðu. Í tilviki Síðumúla er átt við Síðumúlaselland. Landið var eingöngu leigt til beitar sem viðbót við þáverandi afrétt.

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. dags. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og nær lýsingin til alls þess svæðis sem landamerkjabréfið fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 tekur til, þ. á m. bæði austur- og vesturhluta Síðumúlaskógar. Þetta er ekki í samræmi við þann samning sem var gerður árið 1923 um uppskiptingu Síðumúlaskógar. Líklega er um mistök að ræða og fær það stuðning af því að vísað er til landamerkjabréfsins um afmörkun svæðisins.

Þá fjallar sýslumaður í svari sínu sérstaklega um leigulönd á leitarsvæði Þverárréttar og vísar þar m.a. til lands sunnan Kjarará í samræmi við framangreindan leigusamning frá 31. janúar 1960, þar sem m.a. Síðumúlaselland var leigt upprekstrarfélagi Þverárréttar. Í svari hans segir einnig: „Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. í júní 1932.“

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.: „Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu

---

leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.“

Þá segir í svarbréfi hreppsnefndar Hvítársíðu til Skipulags ríkisins um skipun afrétta í sveitarfélög frá 5. ágúst 1990: „Tekin er upp sú villa, sem er a.m.k. á sumum herforingjaráðskortum, að mörk milli Hvítársíðuhrepps og Stafholtstungnahrepps er dregin við Þverlæk á Kjarradal og Síðumúlaselland, sem er óvéfengt eignarland Síðumúla í Hvítársíðu, þar með lagt til Stafholtstungna. Þetta teljum við ástæðu til að leiðrétta.“

Af umfjöllun framangreindra heimilda, sem og að fenginni niðurstöðu um afmörkun ágreiningssvæðisins, er ljóst að svæðið sem gagnaðili íslenska ríkisins gerir tilkall til sem eignarlands er í meginatriðum tvískipt. Auk þeirrar tvískiptingar í Síðumúlaselland og Síðumúlaslógg kemur til skoðunar hvort uppskipting Síðumúlaslóggar snemma á 20. öld, og síðar sala vesturhluta hans um miðja öldina, hafi sérstaka þýðingu við mat á eignarréttarlegri stöðu ágreiningssvæðisins. Eftirfarandi umfjöllun um stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari tvískiptingu. Verður fyrst vikið að niðurstöðu um Síðumúlaselland sunnan Kjarrár og því næst um Síðumúlaslógg norðan árinna.

Samkvæmt framansögðu standa líkur til þess að Síðumúlaselland hafi upphaflega verið innan marka landnáms Hrosskels milli Kjarrár og Fljóta og hluti þess lands sem Ásbjörn auðgi Harðarson keypti úr landnámi Hrosskels. Þá geta máldagar og vísitasíur Síðumúlakirkju, allt frá upphafi 14. aldar, um að kirkjan eigi jörðina Fróðastaði og veiði í Kjarrará fyrir landi Síðumúlasellands, en jörð Fróðastaða aðskilur, ásamt Þorgautsstöðum, landsvæði Síðumúla og Síðumúlasellands. Jarðirnar Síðumúli og Fróðastaðir voru þannig um langa hríð í eigu Síðumúlakirkju, og rofnuðu þau eignatengsl ekki fyrr en við lok 19. aldar. Í því sambandi er til þess er að líta að jarðirnar voru báðar í eign kirkjunnar við gerð hins sameiginlega landamerkjabréfs árið 1890. Þannig er ekki útilokað að Síðumúlaselland hafi hugsanlega getað fylgt Fróðastöðum upphaflega, en sú jörð liggur landfræðilega nær Síðumúlasellandi en jörðin Síðumúli.

Fáar heimildir liggja fyrir sem fjalla sérstaklega um ágreiningssvæðið. Þannig er fyrstu tilvísun til þess að finna í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709. Þá benda heimildir til þess að einhver búseta hafi verið í Síðumúlasellandi, a.m.k. á síðari hluta 19. aldar, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Skammvinn og stopul heilsársbúseta á síðari hluta 19. aldar fær þó ekki ráðið úrslitum við mat á því hvort svæðið hafi talist vera hluti af jörð eða ekki.

Fyrr var greint frá því að sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu hafi staðið að gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890. Aðdragandi og tilurð þess bendir til að ætlunin með gerð þess hafi verið sú að ná utan um afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá

---

auk jarðarinnar Stafholtseyjar, en Síðumúlaselland fellur sem fyrr segir ekki innan marka þess og hefur því aldrei verið hluti sameiginlegs afréttarlands hreppanna. Þá má draga þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, hafi ekki verið talið hluti tiltekinna jarða. Því til stuðnings er sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau landsvæði, eins og átti við um önnur landsvæði sem síðar voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins, svo sem Síðumúlaselland á Síðufjalli norðanverðu, sbr. leigusamning frá 31. janúar 1960.

Heimildir benda til þess að eigendur Síðumúla hafi farið með umráð og hagnýtingu Síðumúlasellands, a.m.k. frá upphafi 18. aldar, og ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting þess hafi eðli málsins samkvæmt mögulega verið takmarkaðri en annarra hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá þarf það ekki að ráða úrslitum um hvort að um þjóðlendu sé að ræða að landsvæði standi sjálfstætt og sé ekki órofa hluti af heimalandi jarðar, sbr. dóm *Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði)*.

Af þeim heimildum sem liggja fyrir í máli þessu er þannig ekki að finna neinar heimildir sem mæla því í mót að Síðumúlaselland hafi haft sömu eignarréttarlegu stöðu og annað land jarðarinnar Síðumúla. Þá liggja að Síðumúlasellandi eignarlönd til austurs, suðurs, og vesturs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Er um þetta vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Síðumúla hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Síðumúlasellands, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver

---

fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>473</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem er norðan Kjararár og nefnist Síðumúlaskógur.

Máldagar og vísitasíur Síðumúlakirkju, allt frá upphafi 14. aldar, geta um að kirkjan eigi veiði fyrir landi Síðumúlaskógar. Fáar heimildir liggja hins vegar fyrir sem fjalla sérstaklega um ágreiningssvæðið. Þannig er fyrstu tilvísun til þess að finna í *Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1709*. Þar er í kafla um Síðumúla annars vegar getið um ýmis hlunnindi jarðarinnar, m.a. veiðiréttindi fyrir Síðumúlasellandi, og hins vegar er getið um að jörðin eigi selstöðu með hagbeit norðan Kjararár sem Síðumúli hafi haldið og „brúkað átölulaust um langan aldur.“ Auk þess er í kaflanum getið um skóg í sellandinu norðan Kjararár sem „brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu.“ Í kafla um Högnastaði í sama riti segir að Skógarsel sé selstaða frá Síðumúla fram frá Norðtungu sem hafi legið í eyði í 10 eða 11 ár, þ.e. frá því um 1699-1700, sem „brúkist þó ekki frá Síðumúla“. Þá segir: „Þras hefur annars verið um landið hjá þessari selstöðu milli Norðtungumanna og Síðumúlamanna, en máldagi Síðumúla er pro Síðumúla.“

Í þessari umfjöllun kemur þannig fram að Síðumúli hafi „brúkað átölulaust um langan aldur“ landsvæði Síðumúlaskógar, sem þar er vísað til sem „selstöðu með hagbeit fyrir norðan Kjarará ... svo og skóg í áðurnefndu sellandi ...“. Bendir sú framsetning ekki til þess að af hálfu Síðumúla hafi verið litið svo á að jörðin hafi verið komin að rétti sínum til svæðisins á grundvelli venjubundins framsals eignarréttar. Þá kemur fram að selstaða þar hafi legið í eyði og „brúkist ekki frá Síðumúla“ auk þess sem getið er um að þras hafi verið um landsvæðið milli Norðtungumanna og Síðumúlamanna. Að mati óbyggðanefndar gefur framangreind umfjöllun til kynna að landsvæði Síðumúlasellands og Síðumúlaskógar hafi ekki haft sömu eignarréttarlegu stöðu.

Af fyrrgreindri lögfestu 52 ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, sem gerð var árið 1873 í kjölfar deilna þeirra við Gilsbakkaprest, verður sú ályktun dregin að þeir sem að henni stóðu hafi litið svo á að þeir hafi óátalið getað nýtt svæðið til upprekstrar og að eigandi Síðumúla hafi aðeins farið þar með takmörkuð eignarréttindi. Sem fyrr segir var lögfestan undirrituð af honum. Árið 1890 var svo sameiginlega landamerkjabréfið gert, og þá aftur með aðkomu eiganda Síðumúla, þar sem gert var ráð fyrir takmörkuðum réttindum jarðarinnar á hinu umdeilda svæði.

Draga má þá ályktun af fyrrnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar

---

<sup>473</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, þ. á m. Síðumúlaskógur, hafi ekki verið talinn hluti tiltekinna jarða. Því til frekari stuðnings kemur sú staðreynd að ekki var fyrir að fara greiðslu fyrir þau sömu landsvæði sem umrætt landamerkjabréf tekur til, eins og átti við um önnur landsvæði sem voru keypt eða leigð og lögð til afréttarins síðar, svo sem Síðumúlaselland á Síðufjalli norðanverðu, samanber leigusamning frá 31. janúar 1960.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirbyggjandi landnámslýsingum að landsvæðið sé innan upphaflegs landnáms í Örnólfsdal. Sem endranær verður þó að gera þann fyrirvara að þó svo land hafi upphaflega verið numið þá sker sú staðreynd ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirferst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort að um óvæfingjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er einnig rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>474</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu.

Ennfremur verður til þess litið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Heimildir um afnot landsvæðisins frá 14. öld og fram á 21. öld fjalla einkum um takmörkuð not, svo sem veiðirétt, selstöðu og síðar beit, ef frá eru taldar óljósar heimildir um skammvinna búsetu þar á síðari hluta 17. aldar, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þá er vert að árétta hvað

---

<sup>474</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

varðar réttarstöðuna fyrir 1890 að hefðarreglur koma ekki til álita til stuðnings tilkalli til beins eignarréttar, en um takmarkaða þýðingu ákvæðis 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Að þessu virtu verður ekki fullyrt hver réttarstaða Síðumúlaskógar var þegar fyrrnefndur ágreiningur kom upp eftir miðja 19. öld og birtist m.a. í lögfestunni frá 1873 þar sem skýrlega er út frá því gengið að umþrætt landsvæði lúti ekki beinum eignarrétti eiganda Síðumúla. Þessi óvissa eykur þýðingu landamerkjabréfsins frá 1890 við mat á eignarréttarlegri stöðu Síðumúlasellands nú.

Við mat á þýðingu landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 er vert að áréttta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda dóma Hæstaréttar, sbr. t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Umrætt landamerkjabréf var gert í kjölfar fyrrnefndra deilna sem tóku fyrst og fremst til þess lands sem prestssetrið Gilsbakki taldi sig eiga á eystri hluta Tvídægru, þ.e. vestan Kjararár. Jafnframt komu við sögu deilur sem umráðamenn Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélögin stóðu í um rétt yfir Hellistungum. Með landamerkjabréfinu sýnist ætlunin hafa verið sú að tilteknir aðilar, þ.m.t. Gilsbakkakirkja, Hjarðarholtskirkja, Reykholtskirkja, Síðumúlakirkja og einstakir jarðeigendur, gæfu eftir tilkall til ætlaðs eignarréttar á því landi sem lýst er í landamerkjabréfinu að öðru leyti en því að viðurkennd eru tiltekin óbein eignarréttindi þeirra, fyrst og fremst veiðiréttur í ám og vötnum, selstaða o.fl. Við mat á eignarréttarlegri stöðu þessa lands verður sem endranær að líta til stöðu þess fyrir gerð landamerkjabréfsins en til þess verður þó sérstaklega að líta að með samkomulagi því sem landamerkjabréfið grundvallar kunna eignarréttindi að hafa verið gefin eftir og landamerkjabréfið þannig lagt grundvöll að þeirri eignarréttarlegu stöðu sem nú er fyrir hendi eða a.m.k. staðfest sameiginlegan skilning manna á því hver hún í raun væri.

Svo sem rakið var að framan bendir aðdragandi og tilurð landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890 til að með gerð þess hafi ætlunin verið sú að ná utan um sameiginlegt afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar. Ekki verður ráðið með skýrum hætti af landamerkjabréfinu sjálfu hver sé grundvöllur þess eignarréttar sem rétt hafar samkvæmt því töldu sig vera að tryggja. Í því er vísað til „sameiginlegs afréttarlands“, auk þess sem að landamerkjabréfinu standa sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir þeim óbeinu eignarréttindum sem einstökum aðilum voru viðurkennd innan marka þess. Að mati óbyggðanefndar benda framangreind atriði ekki til þess að þeir sem að

---

landamerkjabréfinu stóðu hafi litið svo á að það landsvæði sem þar er afmarkað væri undirorpið beinum eignarrétti þeirra, heldur fremur óbeinum eignarréttindum sem fólust í upprekstrarrétti og afréttarnotum.

Þá birtist vafinn um eignarréttarlegt tilkall eiganda Síðumúla ennfremur í athugasemdalausri aðild hans að bæði lögfestunni frá 1873 sem og landamerkjabréfi hins sameiginlega afréttarlands frá 1890. Af öllu þessu verður dregin sú ályktun að óvissa hafi verið uppi um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins fyrir gerð tilvitnaðra löggæringa og þá hvort landið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti eiganda Síðumúla, í afréttareign jarðarinnar eða hún aðeins átt þau réttindi sem fólust í skógarítaki og veiði. Þá má geta þess að í sameiginlega landamerkjabréfinu frá 1890 kemur fram að réttindi þeirra sem aðild eiga að því, þ. á m. eiganda Síðumúla, sæti þeirri takmörkun að: „Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelagið á enga veiði í Kjarará.“ Af þessu má draga þá ályktun að verið sé að lýsa takmörkuðum eignarréttindum þeirra og raunar um margt óljósum.

Þá er þess fyrr getið að árið 1923 var gerður samningur milli eiganda Síðumúla og þeirra hreppa, sem komu að gerð sameiginlega landamerkjabréfsins 1890, um uppskiptingu Síðumúlasjógar. Samkvæmt samningnum létu oddvitar hlutaðeigandi hreppa af hendi við eiganda Síðumúla „beitarrjett þann er Þverárrjettar upprekstur“ átti á vesturhluta Síðumúlasjógar og eigandi Síðumúla lét af hendi „skógarítak það og slægnarrjett“ er Síðumúli átti á austurhluta hans. Orðalag og framsetning samningsins bendir til þess að ráðstafað hafi verið óbeinum eignarréttindum en ekki beinum eignarrétti. Þá liggja ekki fyrir í málinu neinar heimildir sem gefa til kynna að eigandi Síðumúla hafi nokkurn tíma eftir árið 1923 gert tilkall til réttinda á austurhluta Síðumúlasjógar fyrr en nú. Gagnaðili íslenska ríkisins ber sönnunarbyrði fyrir því að í landamerkjabréfinu frá 1890 sé verið að lýsa frekari réttindum eiganda Síðumúla til handa en fólust í rétti til skógarítaks og veiði. Þá bera þessi lögskipti ekki á neinn hátt með sér að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra samhliða frá þeim frekari eignarréttindi af neinum toga til upprekstraraðila og rétthafa samkvæmt landamerkjabréfinu hafi viðkomandi aðilar á annað borð talið slíkum frekari réttindum fyrir að fara.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Síðumúla, um beinan eignarrétt á austurhluta Síðumúlasjógar á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda og fyrri umfjöllunar hér að framan. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að



---

hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>475</sup>

Hvað Síðumúlaskógur varðar þá liggja mjög óljósar heimildir fyrir um að þar hafi verið búíð, a.m.k. ekki frá lokum 17. aldar, og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttað þannig eftir 1890 að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Er þá sérstaklega áréttað að í fjölda dóma Hæstaréttar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu virtu getur beinn eignarréttur að austurhluta Síðumúlaskógar því ekki hafa stofnast eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu 12. gr. þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða óbyggðanefndar að Síðumúlaskógur hafi ekki verið undirorpinn beinum eignarrétti heldur óbeinum. Þarf því næst að leysa úr því hvort um samnotaafrétt sé að ræða eða afréttareign<sup>476</sup> sem tilheyrði áður eiganda Síðumúla. Skiptir þetta máli af þeim ástæðum að sé um hið fyrrnefnda að ræða tilheyrir rétturinn hlutaðeigandi jörðum sem rekið hafa á svæðið, en undir síðarnefndum kringumstæðum tilheyrði rétturinn jörðinni Síðumúla hvort sem litið yrði svo á að þau réttindi hefðu allt að einu yfirferst með gerð landamerkjabréfsins 1890 eða hann sé þá eftir atvikum á hendi eigenda jarðarinnar, í samræmi við aðalkröfu þeirra í málinu.

Fyrr er komist að þeirri niðurstöðu að Tvídægra, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland og Reykholtsselland séu samnotaafréttir. Þá hefur komið fram að heimildir Síðumúlakirkju, og síðar eiganda Síðumúla, varða almennt tilkall til veiði og skógarítaks á svæðinu. Hlutaðeigandi jarðeigendur og upprekstraraðilar lögfestu sér landsvæðið árið 1873 og töldu að þeir hefðu um langan aldur notið sjálfstæðs réttar til upprekstrar á svæðinu og var sú afstaða þeirra staðfest af eiganda Síðumúla með athugasemdalausri undirritun hans. Umþrætt land er innan landamerkjabréfsins frá 1890 og hefur gagnaðila íslenska ríkisins ekki tekist að sýna fram á að í bréfinu sé lýst rýmri eignarréttindum eiganda Síðumúla til handa en fólust í rétti til skógarítaks og veiði. Þá er og komist að þeirri niðurstöðu hér að framan að þegar litið sé til lögfestunnar 1873 og landamerkjabréfsins 1890 fáist ekki séð að ætlunin hafi verið sú að yfirfæra nein önnur ætluð eignarréttindi eiganda Síðumúla til réttthafa samkvæmt landamerkjabréfinu enda uppi réttmætur vafi um tilvist slíkra rýmri réttinda. Verður því lagt til grundvallar að búfjáreigendur í hreppunum hafi þegar á fyrri tíð tekið

---

<sup>475</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>476</sup> Sjá umfjöllun um annars vegar samnotaafrétti og hins vegar afrétti einstakra jarða eða stofnana í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

svæðið til sumardeildar fyrir búfé, undir umsjón hreppanna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt og eigendur Síðumúla viðurkennt þá réttarstöðu endanlega með landamerkjabréfinu fyrir hið sameiginlega afréttarland 1890.

Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Síðumúla sem fólust í umræddum rétti til skógarítaks eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð fyrir því grein hér að framan að ekki síðar en árið 1397 gerir Síðumúlakirkja tilkall til veiðiréttar í Kjarará fyrir landi ágreiningssvæðisins og sýnist það tilkall aldrei hafa verið véfengt. Við gerð landamerkjabréfsins 1890 er, sem fyrr segir, lagt til grundvallar að sá veiðiréttur tilheyrir Síðumúlakirkju einni og hið sama á við um samning eiganda Síðumúla við hlutaðeigandi hreppsnefndir 1923, sem og um landamerkjabréf Síðumúla frá sama ári. Í lögum, sbr. nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, sbr. upphaflega dómur Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í málinu nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri), hefur verið viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyrja jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirfærst til núverandi rétthafa.

Ekki liggur ljóst fyrir á hvaða grundvelli aldalangt tilkall Síðumúlakirkju til umræddra réttinda er byggt. Hvað sem líður þeim ályktunum að svæðið sé nú samnotaafréttur þá verður ekki staðhæft að það hafi frá landnámi haft þá sömu stöðu, sbr. og umfjöllun hér að framan. Þannig verður ekkert ráðið um hvort tilkall Síðumúla til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð, löggerningum eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að Síðumúlakirkja, og síðar eigandi Síðumúla, fóru með þessi réttindi sem sín um langan aldur og átölulaust og sætti sú tilhögun ekki heldur andmælum eða fyrirvörum við gerð landamerkjabréfs hins sameiginlega afréttarlands 1890 eða síðar. Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi hafi tilheyrt jörð Síðumúla, í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar, en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í málinu tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem

---

og jörðinni Stafholtsey. Um veiðirétt í öðrum straum- og stöðuvötnum á svæðinu fer eftir 7. grein laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, þ.e. hann tilheyrir jörðum í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeim jörðum í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jörðinni Stafholtsey.

Í málinu liggur fyrir að í júní árið 1943 afsalaði eigandi Síðumúla vesturhluta Síðumúlaskógar til eiganda Örnólfsdals og á grundvelli þess afsals gerir eigandi Örnólfsdals tilkall til hans sem eignarlands síns. Hvað varðar þýðingu afsalsins þá verður að meta efnislegt inntak lögskiptanna á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum viðtækari rétt en hann sjálfur átti. Svo sem nánar er rakið hér að framan er það niðurstaða óbyggðanefndar að Síðumúlaskógur, sem landspildunni var ráðstafað úr, hafi ekki verið undirorpinn beinum eignarétti og í samræmi við það skorti eiganda Síðumúla viðhlítandi eignarheimild til að ráðstafa umræddri landspildu árið 1943. Eigandi Örnólfsdals var því ekki réttilega kominn að þeim beinu eignaréttindum sem hann að formi til fékk afsalað og getur því ekki reist slíkan rétt á afsalinu frá eiganda Síðumúla.

Að þessu gættu kemur til skoðunar sú málsástæða að eigandi Örnólfsdals hafi öðlast beinan eignarrétt að landinu á grundvelli hefðar. Þjóðlendulög nr. 58/1998 tóku gildi 1. júlí 1998. Frá því tímamarki er ekki unnt að öðlast eignarréttindi fyrir nám eða hefð, sbr. 7. mgr. 3. gr. laganna. Við gildistöku laganna voru liðin rúm 55 ár frá því landspildunni úr Síðumúlaskógi var afsalað til eiganda Örnólfsdals árið 1943. Í málinu liggur fyrir og er ágreiningslaust að allt frá þeim tíma hefur landið verið nýtt sem hluti af eignarjörð hans. Hér að framan var vísað til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda, sem og dóma Hæstaréttar og gerð grein fyrir því að hefðbundin afréttarnot, svo sem sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum, og auk þess er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Allt að einu hefur nefndin í fyrri úrskurðum sínum komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði þó svo skilyrði til slíks séu þröng. Í þessu tilviki hagar svo til að Örnólfsdalur var aðliggjandi vesturhluta Síðumúlaskógar og frá því kaupin áttu sér stað hefur verið litið svo á að landsvæðið sé hluti af óumdeildri eignarjörð Örnólfsdals. Landið sýnist jafnframt hafa verið nýtt með tiltækum hætti á hverjum tíma og að teknu tilliti til þeirra landsnota sem þar hafa verið fyrir hendi, líkt og glöggt mátti sjá við vettvangsskoðun óbyggðanefndar þann 25. ágúst 2014. Þegar þetta er virt verður talið að eigandi Örnólfsdals hafi farið með landið sem sína eign, komið þannig fram gagnvart öðrum og útilokað þá frá mögulegri nýtingu landsins. Verður því talið að

---

eignarhaldið fullnægi skilyrðum eignarhefðar sem staðið hefur óslitið lengur en í 20 ár áður en lög nr. 58/1998 öðluðust gildi. Eru því skilyrði 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð fullnægt en ekki verður talið að skilyrði 2. mgr. 2. gr. sömu laga standi fullnaðri hefð í vegi. Niðurstaða framangreinds er því sú að vesturhluti Síðumúlaskógar sé eignarland eiganda Örnólfsdals.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að austurhluti Síðumúlaskógar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>477</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að veiðiréttur í Kjarará fyrir landi austurhluta Síðumúlaskógar tilheyri jörð Síðumúla.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið austurhluti Síðumúlaskógar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er Örnólfsdalsá / Kjarará við Myrkhyl. Þaðan er farið norður í afréttargirðingu á móts við Myrkhyl og eftir girðingunni upp að landamerkjum jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línan dregin austur í Skjaldmeyjargil og eftir gilinu í Kjarará. Áin ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Myrkhyl.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi austurhluta Síðumúlaskógar jörð Síðumúla í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## **6.8 Sleggjulækjarselland**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Sleggjulækjarselland. Eigandi jarðarinnar Sleggjulækjar gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.6.

---

<sup>477</sup> Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

---

Sleggjulækjarselland liggur í 100 – 300 m hæð suður af Örnólfsdalsá / Kjarará og er hallamikið og gróið. Frá bæjarstæði jarðarinnar Sleggjulækjar að mörkum sellandsins eru rúmlega 4,3 km, mælt í beinni loftlínu.<sup>478</sup>

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhlíðar og Hvítársíðu, auk Lambatungna, Síðumúlasellands og Sleggjulækjarsellands, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Sleggjulækjarselland fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að þau landsvæði sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til séu utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir. Svæðin hafi þannig aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti. Heimildir um landnám á svæðinu séu ónákvæmar og telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðanna, staðhættir og landfræðileg lega bendi því ekki til annars en að hafi svæðin verið numin í öndverðu, hafi það eingöngu verið til takmarkaðra afnota.

Við afmörkun kröfusvæðisins hafi íslenska ríkið fyrst og fremst litið til afréttarlýsinga sem og landamerkjalyýsinga aðliggjandi jarða. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum þannig að ljóst sé að um sérstök og afmörkuð svæði sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðunum með sjálfstæðum hætti og að þau hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur einstakra jarða til svæðanna hafi því takmarkast við afréttarnot en ekki verið háð beinum eignarrétti.

Þá er byggt á því að kröfusvæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó einhverjar jarðir hafi átt meiri réttindi en aðrar á tilteknum landsvæðum. Íslenska ríkið telur þannig ljóst að landsvæði innan kröfu þess í málinu sé þjóðlenda. Þó heimildir bendi til landnáms á hluta kröfusvæðisins telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið síðar tekið til takmarkaðra afnota.

Hvað varðar Sleggjulækjarselland sérstaklega er byggt á því að ekki sé annað í ljós leitt en að sellandið hafi frá öndverðu verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota, og hafi svæðið verið numið í öndverðu, hafi það aðeins verið numið til takmarkaðra nota. Heimildir bendi ekki til annars en að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt til

---

<sup>478</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

hefðbundinna afréttarnota á svæðinu og engar heimildir séu um búsetu á svæðinu. Þá sé sellandið aðskilið frá heimajörðinni af Ásbjarnarstöðum en slíkt hafi að jafnaði verið talið benda til þess að um takmörkuð eignarréttindi sé að ræða á hinu aðskilda svæði. Ljóst sé af heimildum að svæðið hafi verið talið heyra undir jörðina Sleggjulæk en byggt er á því að í þeirri tilheyrslu hafi ekki falist annað og meira en tilheyrsla á afnotaréttindum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda jarðarinnar Sleggjulækjar, er byggt á því að líkur séu á því að Sleggjulækjarsel hafi verið undirorpið eignarrétti allt frá landnámsöld þar sem landnám hafi náð á fjöll upp. Eignarjarðir hafi verið ofar í dalnum með land að Kjarará sunnanverðri. *Landnáma* lýsi landnámi allt til Hnitabjarga sem séu ofan við Sleggjulækjarsellandið og ekkert bendi til þess að eignarréttarleg staða þess hafi breyst frá Landnámi. *Landnáma* sé skýr heimild um það að landnám Ásbjörns auðga hafi náð ofar en Sleggjulækjarlandið. Þá sé Sleggjulækjarselland í hlíðum Síðufjalls og neðsti hluti þess sé undir 100 metra hæð yfir sjávarmáli og mestur hluti þess undir 300 metrum. Samkvæmt hinni almennu skilgreiningu á landi myndi það teljast innan láglendis og eigi það að hafa nokkuð að segja við ákvörðun þess hvort landið sé aðeins talið sumarbeitiland.

Sleggjulækjarsel sé þannig órjúfanleg eign eiganda Sleggjulækjar enda sé sellandið tilgreint í landamerkjabréfi fyrir Sleggjulæk sem eignarland, það afmarkað með greinilegum landamerkjum og landamerkjabréfið staðfest af eigendum nágrannajarða. Þar sem Sleggjulækjarsel sé innan skráðra merkja sé það eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. og hafi það verið svo um aldir. Útilokað sé að eigandi Sleggjulækjar sé að lýsa selstöðu í annars manns landi heldur sé hann að lýsa eigin sellandi, sbr. það að í lýsingu á inntaki eignarréttarins gerir hann að jöfnu heimaland og sellandið. Í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar komi fram að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli því á þeim sem haldi öðru fram. Þessar niðurstöður hafi verið staðfestar í nokkrum dómum Hæstaréttar. Þá hafi þeim heimildarskjölum sem gagnaðili íslenska ríkisins hefur fyrir Sleggjulæk ásamt sellandi verið þinglýst athugasemdalaust og því hafi þeir haft réttmætar ástæður á hverjum tíma til ætla að allt land jarðarinnar hafi verið undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi bæði dómar sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til þess að lýsing í *Jarðabók* Árna og Páls taki af allan vafa um að Sleggjulækjarsellandið sé eignarland en þar segir: „Selstöðuland á jörðin á Örnúlfssdal“ og “Tíundast það með heimajörðunni”. Þannig sé sellandið jafnsett heimalandi við jarðarmatið. Örnefnaskrár staðfesti einnig að litið hafi verið á sellandið sem eignarland Sleggjulækjar og ennfremur að sellandið hafi verið notað til heyskapar og jafnframt til vetrararbeitar en hvort tveggja skipti miklu máli við mat á því hvort þarna sé þjóðlenda eður ei.

---

Byggt er á því að engu breyti þótt Sleggjulækjarselland sé aðskilið frá heimalandi Sleggjulækjar landfræðilega og bendir gagnaðili ríkisins á að slíkt aðskilið land hafi verið dæmt eignarland af Hæstarétti þótt kallað hafi verið afréttur sbr. dóm *Hæstaréttar frá 29. janúar 2003 í máli nr. 6/2003 (Stórhöfði í Mýrdal)*. Viðurkennd séu eignarlönd á a.m.k. þrjár hliðar við umþrætt landsvæði og fær landeigandi ekki séð að þau lönd séu frábrugðin því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Þó svo að landið hafi verið kallað selland þá hafi það ekki verið samnotaafréttur, og hafi aðeins verið nýtt sem heimaafréttur tiltekinnar jarðar þótt þangað hafi slæðst annarra fénaður.

Þá bendir gagnaðili íslenska ríkisins til að líta beri til þess að veiðiréttur Sleggjulækjar fylgi því landi sem íslenska ríkið geri nú kröfu til, sbr. arðskrá fyrir Veiðifélag Þverár. Af því megi ráða að landið hafi ætíð verið eignarland og hluti af jörð Sleggjulækjar. Óhugsandi sé að eigandi Sleggjulækjar hefði getað stofnað til veiðiréttinda í Kjarará án þess að hafa fullkomin eignarráð yfir landinu sem áin rennur með. Þá staðfesti arðskráin og samþykktir veiðifélagsins einnig að eignarrétturinn sé viðurkenndur af öðrum landeigendum við Kjarará og hafi verið það svo lengi sem elstu menn muna.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins til þess að hvernig sem eignarrétti hafi verið varið fyrir á öldum þá hafi verið unninn eignarréttur á sellandinu fyrir hefð. Hann og forverar hans hafi í árhundruð einir notað þetta land, og aðeins hafi öðrum verið heimiluð afnot með sérstöku leyfi og þeir einir hafi getað ráðstafað því til ábúðar eða búsetu. Því séu uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 og hafi þau þegar verið uppfyllt er þinglýst var landamerkjaskránni 1923.

Þá er vísað til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er vísað til 1. gr. laga laga um þjóðlendur o.fl. nr. 58/1998 að því er varðar skilgreiningu á eignarlöndum, og til 5. gr. sömu laga til stuðnings varakröfu. Ennfremur er vísað til laga um landamerki nr. 41/1919 sbr. eldri lög nr. 5/1882 um sama efni.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Sleggjulækjarsellands er rakin í kafla 5.8 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná aftur til 13. aldar, má ráða að Sleggjulækur hafi verið sjálfstæð jörð<sup>479</sup> og að Sleggjulækjarselland hafi heyrt undir jörðina. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Sleggjulækjar er suðvestan megin við ágreiningssvæðið, aðskilið af jörðunum Ásbjarnarstöðum og Selhaga, en

---

<sup>479</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

landsvæði Selhaga var áður hluti af landi Ásbjarnarstaða þar til nýbýli var byggt þar á árunum 1907 – 1909. Það hvort Sleggjulækjarselland hafi áður tilheyrt jörðinni Sleggjulæk, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hinsvegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Elsta heimild sem getur um örnefnið Sleggjulæk er *Landnáma* en þar segir að Ásbjörn auðgi Harðarson hafi keypt land fyrir sunnan Kjarará, upp frá Sleggjulæk og til Hnitbjarga<sup>480</sup>, og búið á Ásbjarnarstöðum. Sleggjulækur er lækur norðan megin við bæjarstæði jarðarinnar sem rennur í Örnólfsdalsá og jörðin er kennd við hann. Hnitbjörg eru hamrar beggja megin Kjararár austan megin við ágreiningssvæðið. Elsta heimild sem getur um Sleggjulæk sem sjálfstæða jörð er *Heiðarvíga saga* sem er rituð á 12 – 13 öld. Samkvæmt þessu standa líkur til þess að jörðinni Sleggjulæk hafi verið skipt út úr jörðinni Ásbjarnarstöðum og að samfellt land Ásbjarnarstaða hafi upphaflega tekið yfir núverandi land Sleggjulækjar, Ásbjarnarstaða, Selhaga og Sleggjulækjarsellands, sem og fleiri landsvæða sem ekki koma til umfjöllunar hér.

*Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 er elsta heimildin sem getur sérstaklega um selland Sleggjulækjar en í henni segir að jörðin Sleggjulækur eigi selstöðuland á Örnólfsdal fyrir framan Ásbjarnarstaðaland en merkjum er ekki lýst. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir jörðina Sleggjulæk þann 9. janúar 1923 og því þinglýst 26. júní sama ár. Í landamerkjabréfinu segir að jörðinni fylgi land, selland, og eru merki þess tilgreind. Er landamerkjabréfið fyrsta og jafnframt eina heimildin sem getur um merki ágreiningssvæðisins.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Sleggjulækjarsellands er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar Sleggjulækjar frá árinu 1923. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Austan megin við Sleggjulækjarselland er ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands sem fjallað er sérstaklega um í kafla 6.7. Sunnan við Sleggjulækjarselland er jörðin Þorgautsstaðaland og vestan við er jörðin Selhagi. Norðan megin er jörðin Örnólfsdalur, aðskilin af Örnólfsdalsá, og einnig lítill hluti þess ágreiningssvæðis vegna Síðumúlasellands sem getið er um hér að framan. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Sleggjulækjarsellands, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 1923: „... Frá Örnólfsdalsá stystu leið í stóran stein með gati í röndina, (hann er við götuna sem liggur inn dalinn) frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu). Þaðan suður í Byrgisklett, ...“.

---

<sup>480</sup> Um landnám á svæðinu segir: „Hrosskell fór til Íslands ok kom í Grunnafjörð; [...]. Síðan nam hann Hvítársíðu milli Kjarrár ok Fljóta.“ Draga má þá ályktun af frásögninni að Ásbjörn hafi keypt landið af Hrosskelli.



---

Austan Sleggjulækjarsellands liggur ágreiningssvæði vegna Síðumúlasellands sem fjallað er um í kafla 6.7. Í landamerkjabréfi Síðumúla frá 1923 segir um mörk Síðumúlasellands gagnvart ágreiningssvæðinu: „Gagnvart Sleggjulækjar-Sellandi: Skarð við Kjarará, sem smálækur rennur eftir, skamt fyrir neðan Myrkhyl, ræður landamerkum uppá stórum steini með gati í röndina (ekki ólíkt mannaverki). Steinn þessi er rjett fyrir neðan götu þá er liggur sunnan Kjararár. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu, er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett...“

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sínar um austurmörk Sleggjulækjarsellands við línu sem dregin er úr Örnólfsdalsá í stóran stein með gati í röndina, frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu) og þaðan suður í Byrgisklett. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Sleggjulækjarsellands til austurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 1923: „... [frá Byrgisklett] í Flatavörðu ...“

Sunnan við Sleggjulækjarselland er óumdeilt eignarland jarðarinnar Þorgautsstaða. Í landamerkjalyðingu fyrir Þorgautsstaðaland frá 18. apríl 1890 segir m.a. að „Sleggjulækjarselland“ eigi land að jörðinni og er norðurmörkum jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „... sjónhending austur brekkubrúnina norðanvert við einbúa, og svo sjónhending, austur hjá Þorgautsstaðatjörn, síðan sjónhending áfram austur í Skjaldmeyjargilsdrög ...“. Þorgautsstaðatjörn er staðsett sunnan við Byrgisklett.

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfur sínar um suðurmörk Sleggjulækjarsellands við línu sem dregin er frá Byrgiskletti vestur í Flatvörðu. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Sleggjulækjarsellands til suðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð beggja aðila, þ.e. frá Byrgiskletti vestur í Flatvörðu.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 1923: „... [frá Flatavörðu] þaðan gilið niður í Örnólfsdalsá ...“

Vestan Sleggjulækjarsellands liggur jörðin Selhagi. Í landamerkjalyðingu Selhaga frá 29. desember 1922 segir að „Sleggjulækjar (Selland)“ sé meðal landa sem liggja að Selhagaland. Austurmörkum jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu er lýst svo: „[Merkjum ræður Örnólfsdalsá ...] inn til Sleggjulækjarselgils, þáð ræður gilið suður fyrir Hærri - Hamra, frá efstu drögum gilsins sjónhending suður í Flata- vörðu ...“

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfur sínar um vesturmörk Sleggjulækjarsellands við línu sem dregin er úr Flatavörðu í Sleggjulækjarselgil og svo niður í miðjan farveg Örnólfsdalsár. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Sleggjulækjarsellands til norðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð beggja aðila.

---

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 1923: „ [gilið niður í Örnólfsdalsá] þá áin inn á móts við fyrrnefndan stein (Gatstein).“

Norðan við Sleggjulækjarselland er jörðin Örnólfsdalur við vestanverð norðurmörkin og fyrnefnt ágreiningssvæði vegna hluta Síðumúlasellands, Síðumúlasjógar, við austanverð norðurmörkin. Í landamerkjabréfi Örnólfsdals frá 5. janúar 1923 er suðurmerkjum lýst svo gagnvart „Sleggjulækjar-Sellandi“: „ [...] ræður merkjum Örnólfsdalsá...“. Svo sem rakið var í kafla 6.7 var það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Síðumúlasjógar gagnvart ágreiningssvæðinu væru þau að Örnólfsdalsá ráði.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um norðurmörk Sleggjulækjarsellands við Örnólfsdalsá frá Sleggjulækjarselsgili að svokölluðum Gatsteini. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Sleggjulækjarsellands til norðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Sleggjulækjarsellandi sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Svo sem fyrr greinir er það mat óbyggðanefndar að jörðin Ásbjarnarstaðir sem, ásamt Selhaga, aðskilur landsvæði Sleggjulækjar og Sleggjulækjarsellands, hafi verið landnámsjörð og að landnám Ásbjarnar auðga hafi náð til þess lands sem nú tilheyrir jörðinni Sleggjulæk og Sleggjulækjarsellandi.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r)

---

jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttalegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Þess er fyrr getið að fyrstu tilvísun til Sleggjulækjar sem sjálfstæðrar jarðar er að finna í Heiðarvíga sögu sem er talin rituð um 1200, eða a.m.k. á fyrri hluta 13. aldar. Þar segir: „Þórólfur hét maður er bjó á Sleggjulæk í Borgarfirði.“ Þá er jarðarinnar getið í vitnisburði Guðna Þormóðssonar frá 1596 vegna selstöðu Reykholtskirkju í Kjarardal en þar greinir hann frá því að hann hafi búið í Borgarfirði í 29 ár, þ.á. m. á jörðinni Sleggjulæk. Elsta heimildin sem getur um selland Sleggjulækjar er *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709. Þar segir: „Selstöðuland á jörðin á Örnúlfsdal, fyrir framan Ásbjarnarstaðaland, og er kallað iiiii<sup>c</sup> að dýrleika. Það tíundast með heimajörðinni. Ekki hefur þar selstaða brúkuð verið yfir næstu xx ár eður lengur.“ Frásögnin styður það sem áður er komið fram um að land jarðarinnar Ásbjarnarstaða hafi áður verið aðliggjandi Sleggjulækjarsellandi og landsvæði jarðarinnar Selhaga hafi upphaflega verið hluti Ásbjarnarstaða.

Um miðja 19. öld hófust deilur á milli Gilsbakkaprests og ábúenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal um eignarhald á hluta landsvæðis sem Gilsbakkakirkja taldi sína eign. Deilurnar stóðu einkum um austurhluta Tvídægru sem er utan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér. Hins vegar leiddu deilurnar til þess að ábúendur í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sanddalsár, stofnuðu samtök þann 17. október 1873 til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hafði tilheyrt. Í kjölfarið lögfestu þeir sér afréttarland innan tiltekinna takmarka og var innan þess öll Tvídægra ásamt Hellistungum, Helgavatnsselland, Sámstaðaselland, Reykholtsselland og hluti Síðumúlasellands. Lögfestan tók ekki að neinu leyti til lands sunnan Kjararár og er því Sleggjulækjarsellandi óviðkomandi.

Þann 10. apríl 1890 voru framangreindar deilur leiddar til lykta með gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og þær jarðir í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem

---

liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar.<sup>481</sup> Merki landamerkjabréfsins ná yfir sama svæði og lögfestan frá 1873 og tók því ekki að neinu leyti til Sleggjulækjarsellands. Bréfið var undirritað fyrir hönd hlutaðeigandi hreppa og áritað um samþykki af eigendum og umráðamönnum ýmissa aðliggjandi og tengdra jarða, alls 18 manns. Þá var því þinglýst 8. júní 1915.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Hvítársíðuhrepps, dags. 9. febrúar 1920, segir hann : „almenningar eru engir í þessum hreppi aðrir en hinn sameiginlegi afréttur Þverárréttarupprekstrarfélags sem liggur að löndum hreppsins á einn veg.“

Í landamerkjabréfi Sleggjulækjar frá 1923 segir að jörðinni fylgi land, selland, fyrir innan Selhagaland og eru merki þess tilgreind sérstaklega ásamt því að fyrir sellandinu eigi Sleggjulækur vatn og veiði í Örnólfsdalsá á móti hlutaðeigendum. Þá eru einnig upptalin þau lönd er liggja að „Sleggjulækjarlandi (ásamt Sellandi)“ og er skrifað undir landamerkjabréfið vegna þeirra jarða, m.a. Selhaga og Þorgautsstaða sem eiga eingöngu land að Sleggjulækjarsellandi en ekki að jörðinni Sleggjulæk. Sem fyrr segir er landamerkjabréfið fyrsta og jafnframt eina heimildin sem getur um merki ágreiningssvæðisins.

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til dómsmálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 13. nóvember 1985 er merkjum afréttarlands Þverárréttar lýst og svo segir:

Til viðbótar þessu landsvæði hefur Upprekstrarfélag Þverárréttar keypt til afréttarins þessi lönd: 1) Framhluta Fornahvammsslands frá svonefndum Krók við Norðurá, um Stórholt og Búrfell til Snjófjalla, og allt þar fyrir norðan að landamörkum Mela í Hrutafirði, skv. kaupsamningi 7/2. 1914. 2) Úr Krókslandi í Norðurárdal allt það land jarðarinnar Króks, "sem nú er afréttarmegin við afréttargirðingu Norðlinga.", samkv. kaupsamningi dags. 26/5. 1942. 3) Úr landi Hermundarstaða það land, "er nú er afréttarmegin við afréttargirðinguna", samkv. afsali dags. 1. júní 1932.

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Svar hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps er dagsett í október 1989 og þar segir m.a.:

Mikið af núverandi afréttarsvæðum, m.a. í Hvítársíðuhreppi, eru landssvæði, sem keypt hafa verið undan lögbýlum á síðari tímum (Arnarvatnsheiði ofl.), og voru því fram að því innan landamerkja þeirra lögbýla. Vefst því ekki í vafa hvaða hreppi þau tilheyra. Öðru máli gegnir um þau landsvæði, sem ekki finnast heimildir fyrir að hafi að öllu leyti verið hluti tilekinna jarða, en þannig er ástatt um megnið af afréttum í upprekstrarfélagi Þverárréttar.

---

<sup>481</sup> Hér eftir: Hér eftir: Landamerkjabréf fyrir hið sameiginlega afréttarland eða landamerkjabréf hins sameiginlega afréttarlands.

---

Samkvæmt framansögðu standa líkur til þess að Sleggjulækur og Sleggjulækjarselland hafi upphaflega verið innan marka þess lands sem Ásbjörn auðgi Harðarson keypti úr landnámi Hrosskells og verið hluti landnámsjarðarinnar Ásbjarnarstaða. Hins vegar finnast fáar heimildir sem fjalla sérstaklega um ágreiningssvæðið. Þannig er fyrstu slíka tilvísun að finna í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709.

Fyrir var greint frá því að sveitarfélög og upprekstraraðilar á svæðinu hafi staðið að gerð landamerkjabréfs fyrir hið sameiginlega afréttarland árið 1890. Aðdragandi og tilurð þess bendir til að ætlunin með gerð þessi hafi verið sú að ná utan um afréttarland Hvítársíðuhrepps, Þverárhlíðarhrepps og þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá auk jarðarinnar Stafholtseyjar, en Sleggjulækjarselland fellur sem fyrir segir ekki innan marka þess og hefur því aldrei verið hluti sameiginlegs afréttarlands hreppanna. Þá má draga þá ályktun af fyrirnefndum svörum hreppstjóra Hvítársíðuhrepps árið 1920, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu árið 1985 og hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps árið 1989, við fyrirspurnum stjórnarráðsins um almenninga, afrétti o.fl., að það landsvæði, sem fellur innan afmörkunar landamerkjabréfsins fyrir hið sameiginlega afréttarland frá 1890, hafi ekki verið talið hluti tiltekinnar jarða, en hið gagnstæða eigi hins vegar við um aðliggjandi landsvæði og þar með talið Sleggjulækjarselland.

Heimildir benda til þess að eigendur Sleggjulækjar hafi farið með umráð og hagnýtingu Sleggjulækjarsellands a.m.k. frá upphafi 18. aldar og ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting þess hafi eðli málsins samkvæmt mögulega verið takmarkaðri en annara hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá þarf það ekki að ráða úrslitum um hvort að um þjóðlendu sé að ræða að landsvæði standi sjálfstætt og sé ekki órofa hluti af heimalandi jarðar, samanber dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði).

Af þeim heimildum sem liggja fyrir í máli þessu er þannig ekki finna neinar heimildir sem mæla því í mót að Sleggjulækjarselland hafi haft sömu eignarréttarlegu stöðu og annað land jarðarinnar Sleggjulækjar. Þá liggja að Sleggjulækjarsellandi eignarlönd til allra átta sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Er um þetta vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

---

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Sleggjulækjar hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Sleggjulækjarsellands, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>482</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## **6.9 Um veiðirétt eiganda Gilsbakka á Húksheiði – mál 3/2013**

### **6.9.1 Inngangur**

Hér verður að lokum fjallað um kröfu eiganda Gilsbakka til veiðiréttar á syðsta hluta Húksheiðar. Í máli nr. 3/2013 gerði eigandi jarðarinnar Gilsbakka kröfu um tiltekin réttindi syðst á Húksheiði en krafan kom fyrst fram við endurupptöku þess máls þann 9. desember 2014. Lögmennt annarra málsaðila, þ.e. íslenska ríkisins og Húnaþings vestra, gerðu aðspurðir ekki athugasemd við að krafan kæmist að í málinu þrátt fyrir að kröfulýsingarfrestur væri þá liðinn og að teknu tilliti til þeirrar afstöðu annarra málsaðila féllst óbyggðanefnd á að taka kröfuna til efnislegrar meðferðar.

Umrædd krafa eiganda Gilsbakka byggði á ýmsum heimildarskjölum er varða Gilsbakkakirkju en vegna þess hve seint krafan kom fram hafði ekki farið fram kerfisbundin leit á vegum Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar að skjölum um Gilsbakkakirkju við meðferð máls 3/2013. Óbyggðanefnd taldi því ekki unnt að leysa úr umræddum kröfum eiganda Gilsbakka fyrr en þeirri rannsókn væri að fullu lokið, sbr. rannsóknarskyldu óbyggðanefndar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, samanber einnig 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Var úrlausn óbyggðanefndar um þessa tilteknu kröfu því frestað og jafnframt ákveðið að leyst yrði úr henni samhliða úrlausn um kröfur Gilsbakka í fyrirliggjandi máli, nr. 3/2014.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Húksheiði væri þjóðlenda. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að sama landsvæði væri í afrettareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nyti veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Réttur Húnaþings vestra til veiðiréttar á svæðinu var þó bundinn fyrirvara um hugsanleg veiðiréttindi eiganda Gilsbakka á

---

<sup>482</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

svæðinu í samræmi við kröfur hans. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.9.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur norðan Þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í þessu máli sem auðkennt er sem Tvídægra ásamt Hellistungum og Lambatungum, nánar tiltekið þess hluta kröfusvæðisins sem nefnist austurhluti Tvídægru. Ekki er til landamerkjabréf um Húksheiði en í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013 var það niðurstaða nefndarinnar að suðurmörk heiðinnar gagnvart Tvídægru lægju úr suðurenda Krókavatns beina línu í suðurenda Flóavatns.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Í máli nr. 3/2013 hjá óbyggðanefnd hafði íslenska ríkið ekki uppi reifun sérstakra sjónarmiða vegna umræddrar kröfu Gilsbakka til veiðiréttar á Húksheiði. Sjónarmið þess varðandi kröfu Gilsbakka til veiðiréttar liggja hins vegar fyrir í máli þessu og þar kemur m.a. fram: „Þá er á því byggt að ljóst sé að þau réttindi sem gagnaðili íslenska ríkisins, eigandi Gilsbakka, geri kröfu um á svæðinu, þ.e. veiðirétt, fylgi eignarlandi. Verði fallist á þá kröfu íslenska ríkisins að beinn eignarréttur hafi aldrei stofnast á umræddu svæði verði ekki séð að samhliða sé unnt að viðurkenna þau réttindi sem krafist er á grundvelli takmarkaðra eignarréttinda. [...] Þar sem veiðiréttindi fylgi eignarlandi ráðist það af niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu svæðisins, hvort umrædd réttindi hafi tilheyrt og tilheyri jörðinni Gilsbakka.“

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eiganda Gilsbakka, er þess krafist að viðurkennd verði tiltekin óbein eignarréttindi hans syðst á Húksheiði. Byggt er á því að samkvæmt heimildarskjölum eigi hann veiðiréttindi í þeim vötnum sem gerðar eru kröfur til, þ.e. Krókavatni, Flóavatni og einni tjörn norður af því. Byggt er á máldaga Árna biskups Helgasonar um Gilsbakkakirkju frá 1306, Vilchinsmáldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju frá því um 1570, sem og landamerkjabréfi Gilsbakkakirkju, dags. 20. ágúst 1889, þinglýstu 18. maí 1904.

Gagnaðili íslenska ríkisins bendir á að heimildarskjölum Gilsbakkakirkju fyrir veiðiréttindum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hann og forverar hans hafi því á hverjum tíma haft réttmætar ástæður til að ætla að þessi eignarréttindi væru undirorpin fullkomnum eignarrétti þeirra. Hafi bæði dómar sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá er vísað til þess af hálfu sömu aðila að hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrr á öldum, þá hafi þeir unnið eignarrétt á veiðiréttinum fyrir hefð. Í raun hafi veiðirétturinn verið hluti eignarréttinda og gagnaðili íslenska ríkisins og forverar þeirra uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Þó svo að talið yrði að um afnotahefð væri að ræða, hafi þeir haft full umráð veiðiréttarins í meira en 40 ár og uppfylli þar með skilyrði um a.m.k. 40 ára samfellda nýtingu sbr. 8. gr. hefðarlaga.

---

Vísað er til 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðra reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og til 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

### 6.9.3 Niðurstaða

Í máli nr. 3/2013 gerði eigandi jarðarinnar Gilsbakka kröfu um tiltekin réttindi syðst á Húksheiði, samanber kafla 3.9, nánar tiltekið réttindi til silungsveiði og áltfaveiði, þ.m.t. eggja- og fjaðratekju í og við Krókavatn og Flóavatn ásamt tjörn norður af því. Einungis hluti Flóavatns fellur innan afmörkunar Húksafréttar, nánar tiltekið vestari hluti þess, en hluti þess fellur innan afmörkunar Efranúpsheiðar. Svo sem fram kom í úrskurði óbyggðanefndar í máli 3/2013 var það niðurstaða nefndarinnar að Efranúpsheiði væri eignarland. Það fellur ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eiganda Gilsbakka um veiðiréttindi í þeim hluta Flóavatns sem fellur innan afmörkunar Efranúpsheiðar.

Eins og rakið er í kafla 6.9.2 hér að framan er umrædd krafa eiganda Gilsbakka byggð á ýmsum heimildarskjölum er varða Gilsbakkakirkju. Heimildir um Gilsbakkakirkju og jörðina Gilsbaka, svo og um víðtæk veiðiréttindi jarðarinnar, eru raktar í kafla 5.3 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að Gilsbakki hafi verið sjálfstæð landnámsjörð svo sem ráða má af Landnámu. Elsta heimild Gilsbakkakirkju, sem getur um veiðiréttindi hennar að fyrrgreindum vötnum, er máldagi Árna Helgasonar frá árinu 1306, sem getur raunar um víðtæk veiðiréttindi sem Gilsbakkakirkja taldi sér til eignar m.a. á Tvídægri og Arnarvatnsheiði. Í máldaganum segir m.a. „Alptveide alla firi vestan Gnúpdæla gotu til huannstodz ens myckla: sionhending fra huannstodenu og j floa enn Eysta: Ein tjorn nordur fra austur floa: vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fiskveide.“ Í fjölda máldaga og vísitasía frá 1306–1748 er ágreiningssvæðisins getið með sambærilegum hætti.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 er getið um veiði Gilsbakka. Þar segir: „Silungsveiði á staðurinn í [...] Item í Flóa hverutveggja, [...]. Áltfaveiði [...] sjónhendíng úr hvannstóðinu og í Flóa hinn eystra. Á einni tjörn norður frá Austurflóa, á vesturflóa norðast og á Flóa hverutveggja. Í lögfestu Hjartar Jónssonar fyrir jörðinni Gilsbakka frá 9. maí 1808 lögfestir hann m.a. „alla alftveidi vestann Gnúpdalagötu umm austur og vestur Móa, rædur merkjum ein Tjörn norðr frá austurflóa...“. Samskonar lýsingu er að finna í lögfestu Magnúsar Sigurðssonar fyrir Gilsbakkakirkjulandi, frá 16. maí 1848, þar sem segir: „Alptveiði alla firi vestan Gnúpdæla götu um austur og vestur Flóa, ræður merkjum ein tjör[n] norður frá Austurflóa.“ Af lögfestunum virðist mega ráða að ekki sé lögfest veiði fiska í austur- og vesturflóa, heldur eingöngu áltfaveiði.



---

Í landamerkjabréfi Gilsbakka frá 20. ágúst 1889, þinglýst 18. maí 1904, segir um þessa veiði: „Auk lands þess, er liggur innan framanskráðra landamerkja á Gilsbakkakirkja: [...] 8. Silungsveiði og Álftaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja víðsvegar um heiðar innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í máldögum. Um það segir Vilchins máldagi svo: (Gilsbakkakirkja á) „ Alptveiði alla fyrir vestan Gnúpdælagötu til Hvannstóðs hins mikla, sjónhending frá stóðinu og flóa hins eystra ein tjörn norður frá austur flóa vesturflói nostast [svo] [norðast] álptveiði á flóa hvorumtveggja og fiskveiði.“

Samkvæmt framansögðu liggja fyrir margar heimildir sem styðja rétt Gilsbakka til silungsveiði í Krókavatni, Flóavatni og tjörn norður af Flóavatni. Ekki liggur hins vegar fyrir hvar sú tjörn er staðsett og fyrirbyggjandi heimildir veita engar vísbendingar um það. Þann 13. maí 2016 óskaði óbyggðanefnd eftir nánari skýringum málsaðila á staðsetningu tjarnarinnar. Svör bárust þann 17. maí 2016 og samkvæmt þeim er ekki skýrt um hvaða tjörn er að ræða. Þó var talið líklegt að umrædd tjörn væri ein fjögurra tjarna sem kvíslar renna úr í Flóavatn, og þá sú sem norðaustast er og innan marka Efranúpsheiðar. Þar sem ekki er fyrir að fara nánari skýringum á því hvar umrædd tjörn er staðsett verður við það miðað hér að hún sé innan merkja Efranúpsheiðar og því utan við hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um rétt til veiði í henni.

Þau takmörkuðu eignarréttindi eiganda Gilsbakka sem fólust í umræddum rétti til álftaveiða eru nú án efnislegrar þýðingar að eignarrétti og verður því ekki tekin afstaða til þeirra í málinu. Á hinn bóginn hefur verið gerð fyrir því grein hér að framan að ekki síðar en árið 1306 gerir Gilsbakkakirkja tilkall til veiðiréttar þeim Flóavatni og Krókavatni og ekki liggja fyrir neinar heimildir um að það tilkall hafi nokkru sinni verið véfengt. Í lögum, sbr. nú 7. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og dómaframkvæmd, samanber upphaflega dóm Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 í máli nr. 103/1953 (Landmannaafréttardómur fyrri), hefur verið viðurkennt að slíkur réttur sé hluti þeirra eignarréttarlegu heimilda sem felast í afréttareign. Á þeirri réttarstöðu hefur áfram verið byggt í úrskurðum óbyggðanefndar og dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum að því þó gættu að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 er lögfest sú meginregla að í þjóðlendum sé íslenska ríkið eigandi veiðiréttar með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda samkvæmt fyrrnefndu ákvæði 7. gr. um veiðirétt jarða sem upprekstur eiga á viðkomandi afrétt. Í niðurstöðum í þjóðlendumálum hefur útfærsla þessa þó verið með tvennum hætti. Á svokölluðum samnotaafréttum hefur veiðirétturinn verið talinn tilheyra jörðunum í samræmi við bókstaflega orðskýringu 7. gr. laga nr. 61/2006 en á þeim afréttum sem tilheyrt hafa einstökum stofnunum, lögaðilum eða einstaklingum, hefur veiðirétturinn verið talinn hluti af eignarheimild viðkomandi aðila, sem eftir atvikum hefur þá yfirfærst til núverandi rétthafa.

---

Hvað sem líður þeirri niðurstöðu að Húksheiði sé þjóðlenda verður ekkert af því ráðið hvort tilkall eiganda Gilsbakka til veiðiréttar sé upphaflega reist á námi, hefð eða öðrum viðurkenndum heimildum að eignarrétti. Hitt er óumdeilt að eigandi Gilsbakka fór með þessi réttindi sem sín um langan aldur og átölulaust og verður ekki séð af heimildum að sú tilhögun hafi sætt sérstökum andmælum.

Líkt og fyrr greinir gerði gagnaðili íslenska ríkisins í máli nr. 3/2013 hjá óbyggðanefnd ekki athugasemd við framlagningu kröfu eiganda jarðarinnar Gilsbakka þegar hún kom fram við meðferð þess máls jafnvel þó kröfulýsingarfrestur hafi þá verið liðinn. Þá gerðu þeir hvorki þá né síðar efnislegar athugasemdir við kröfuna og verður það ekki túlkað öðruvísi en svo að þeir andmæli ekki kröfu eiganda Gilsbakka um veiðirétt í þeim vötnum sem um ræðir.

Að því gættu sýnist mega leggja til grundvallar að umrædd réttindi tilheyri jörðinni Gilsbakka í samræmi við kröfu eiganda jarðarinnar en umrædd réttindi hefðu ella talist hefðbundinn hluti þeirrar afréttareignar sem Húnaþingi vestra tilheyrir samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar að veiðiréttur í Krókavatni og þeim hluta Flóavats sem fellur innan afmörkunar Húksheiðar tilheyrir jörðinni Gilsbakka.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að veiðiréttur í Krókavatni og þeim hluta Flóavats sem fellur innan afmörkunar Húksheiðar tilheyrir jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## **6.10 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megji nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin ennfremur litið til þess hvað telja megji sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

Eftir að kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 8B komu fram tilkynnti Borgarbyggð óbyggðanefnd um að sveitarfélagið hefði haft forgöngu um samstarf landeigenda vegna hagsmunagæslu. Auk þess að leita til lögmannna hefði sveitarfélagið í samstarfi við landeigendur ráðið Óðin Sigþórsson til starfa. Var óskað eftir því af hálfu Borgarbyggðar að óbyggðanefnd greiddi launakostnað Óðins vegna þessa. Var beiðnin m.a. sett fram með vísan til þess að vinna hans kæmi til með að auðvelda vinnu lögmannna vegna hagsmunagæslunar og draga úr kostnaði við hana. Eftir að hafa aflað frekari upplýsinga um vinnu Óðins, auk þess sem lögmonnum málsaðila var gefið færi á að veita umsagnir um erindi Borgarbyggðar, féllst

---

óbyggðanefnd á að taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Við ákvörðun málskostnaðar vegna vinnu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins í málinu var m.a. litið til þessa.

Þess skal getið að hluti af úrskurðuðum málskostnaði gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu hefur þegar verið greiddur og koma þær greiðslur til frádráttar við uppgjör málskostnaðarins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. vesturhluti Tvídægru ásamt Hellistungum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er í Sýrdalsborg. Þaðan er dregin lína norðaustur í Urðarstapa, úr Urðarstapa í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í hásuður í Háu mela við Litlu-Þverá. Litlu-Þverá er fylgt austur að Hrólfsvatnsskvísl sem er fylgt í vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er lína dregin í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þaðan er sjónhending vestur í suðurenda Krókavatns og þaðan ræður Skútagil að Hrútafjarðará. Frá ármótum Skútagils og Hrútafjarðarár er lína dregin vestur um Reipgiljaborg að Hæðarsteini og þaðan lína að ármótum Norðurár og Sandkvíslar við suðurenda Holtavörðuvatns. Þaðan ræður Norðurá suður þar til Hellisá rennur í hana, þá ræður Hellisá, svo Hellisgil að upphafspunkti í Sýrdalsborg.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í öllum vötnum og tjörnum jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. austurhluti Tvídægru, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er við vesturenda Hrólfsvatns. Þaðan er dregin lína í norðaustur um smátjarnir við vestanvert Þverárvatn og þaðan milli Breiðavatns og Nautavatns um Staðarhól og að punkti við norðurenda Langavatns. Þaðan er sjónhending í suðurenda Flóavatns. Þaðan ræður sjónhending austur í Urðhæðavatnslæk og er honum fylgt suður*

---

*að Nyrðra-Kvíslavatni og úr því í Kvíslavatnslæk sem ræður að Skjaldartjörn. Úr Skjaldartjörn ræður Skjaldtjarnarkvísl í Kjarará og Kjarará að Fiskilæk. Þá ræður Fiskilækur í Vatnshnúkavatn og þaðan norður í Vatnshnúk. Þaðan er vatnaskilum fylgt í Lambadal og eftir Lambadalslæk norðaustur að upphafspunkti í vesturenda Hrólfsvatns.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í straum- og stöðuvötnum jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Helgavatnsselland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er í Litlu-Þverá við Sýrdalslæk. Þaðan ræður Sýrdalslækur norður Sýrdal og í Minna-Sýrdalsvatn. Úr norðurenda Minna-Sýrdalsvatns ræður lína yfir Sýrdalsborgir og í Urðarstapa. Úr Urðarstapa er lína dregin í Spenatjarnir, þaðan eftir austurbrún Fanngils ofan að merkjasteini á Eystri gilbarminum og þaðan sjónhending í hásuður á Háu mela við Litlu-Þverá. Litla-Þverá ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Sýrdalslæk.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Sámstaðaselland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er vestasta Rangárgil við Kjarará. Þaðan norður eftir gilinu í háfjall. Þaðan er vatnaskilum fylgt austur í Vatnshnúk og þaðan suður í Vatnshnúkavatn. Úr Vatnshnúkavatni ræður Fiskilækur (Vatnshnúkslækur) í Kjarará og svo ræður Kjarará suðurmörkum að upphafspunkti við Rangárgil.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Sámstaðasellands jörð Sámstaða í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Reykholtsselland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

*Upphafspunktur er Skjaldmeyjargil við Kjarará. Þaðan norður Skjaldmeyjargil að afréttargirðingu við landamerki jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línan dregin austur eftir landamerkjum Kvía I þar til komið er að Einbúa og þaðan áfram austur eftir háсандinum að punkti sem er suður af Olnboga. Þaðan er lína dregin suður í Merkgil (vestasta Rangagil) og eftir gilinu í Kjarará. Kjarará ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Skjaldmeyjargil.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi Reykholtssellands jörð Síðumúla í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. austurhluti Síðumúlaskógar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er Örnólfsdalsá / Kjarará við Myrkhyl. Þaðan er farið norður í afréttargirðingu á móts við Myrkhyl og eftir girðingunni upp að landamerkjum jarðarinnar Kvía I. Þaðan er línan dregin austur í Skjaldmeyjargil og eftir gilinu í Kjarará. Áin ræður suðurmörkum að upphafspunkti við Myrkhyl.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, þeirra jarða í Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppum sem liggja sunnan og austan við Sanddalsá og Norðurá, sem og jarðarinnar Stafholtseyjar, nú í Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Jafnframt tilheyrir veiðiréttur í Kjarará fyrir landi austurhluta Síðumúlaskógar jörð Síðumúla í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Veiðiréttur í Krókavatni og þeim hluta Flóavatns sem fellur innan afmörkunar Húksheiðar tilheyrir jörðinni Gilsbakka í samræmi við II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Páls Arnórs Pálssonar hrl.: Borgarbyggð vegna Tvídæguru ásamt Hellistungum og Lambatungum, Helgavatnssellands, Sámstaðasellands, Reykholtssellands og Síðumúlasellands: 2.774.000 kr. Þar af hafa 1.350.000 kr. þegar

---

verið greiddar. Vilhjálmur Diðriksson og Hans Pétur Diðriksson vegna Helgavatnssellands: 318.000 kr. Þar af hafa 150.000 kr. þegar verið greiddar. Ólafur Guðmundsson vegna Sámsstaðasellands: 318.000 kr. Þar af hafa 150.000 kr. þegar verið greiddar. Eyjólfur Andrésson vegna Síðumúlasellands: 530.000 kr. Þar af hafa 250.000 kr. þegar verið greiddar. Egill J. Kristinsson og db. Kristins Jónmundssonar vegna Örnólfsdals: 424.000 kr. Þar af hafa 200.000 kr. þegar verið greiddar. Sleggjulækur ehf. vegna Sleggjulækjarsellands: 318.000 kr. Þar af hafa 150.000 kr. þegar verið greiddar. Ólafur Magnússon vegna Gilsbakka: 318.000 kr. Þar af hafa 150.000 kr. þegar verið greiddar. Tekur úrskurður um málskostnað Ólafs Magnússonar sameiginlega til kostnaðar vegna krafna sem fjallað er um í málum nr. 3/2014 og 4/2014.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Ása Ólafsdóttir

---

Hulda Árnadóttir

**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
með viðaukum



**Svæði 1–8A**

**Sérprentun 11. október 2016**





---

# EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>2</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR</b> .....	<b>3</b>
<b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA</b> .....	<b>4</b>
3.1. Landnám .....	4
3.2. Hefð .....	7
3.3. Lög .....	12
<b>4. FLOKKUN LANDS</b> .....	<b>13</b>
4.1. Almennt .....	13
4.2. Jörð .....	14
4.3. Almenningar .....	20
4.4. Afréttir .....	23
4.5. Jörð eða afréttur? .....	30
4.6. Jöklar .....	31
4.7. Fjallskil .....	37
4.8. Ítök .....	40
4.9. Fjörur og rekæign .....	44
<b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD</b> .....	<b>49</b>
5.1. Almennt .....	49
5.2. Jarðamót og jarðabækur .....	49
5.3. Máldagar og vísitasíur .....	52
5.4. Lögfestur .....	54
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf .....	55
5.6. Afsals- og veðmálabækur .....	59
5.7. Aðrar heimildir .....	61
<b>6. NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>62</b>
<b>7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5</b> .....	<b>67</b>
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	67
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða.....	67
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi .....	70
<b>8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6</b> .....	<b>71</b>
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	71
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana .....	72
<b>9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A</b> .....	<b>75</b>
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	75
<b>10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B</b> .....	<b>76</b>
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	76
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar .....	77
10.3. Heimildir um legu jarða til forna .....	79

---

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tílefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítilega stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

---

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir, almenninga og afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökulum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmalabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti*.<sup>1</sup> Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

---

<sup>1</sup> Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

---

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um  $\frac{2}{3}$  hluta af yfirborði landsins.<sup>2</sup> Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins í heild og um  $\frac{10}{100}$  hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmingis um landnám. Aðeins um  $\frac{1}{100}$  hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

<sup>3</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

---

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarhari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.<sup>4</sup> Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.<sup>5</sup> Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“<sup>6</sup>

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.<sup>7</sup> Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið

---

<sup>4</sup> *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

<sup>5</sup> *Landnámabók* 1986, s. 321.

<sup>6</sup> *Landnámabók* 1986, s. 337.

<sup>7</sup> Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

---

skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.<sup>8</sup> Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúru- fari eða búskaparháttum.<sup>9</sup> Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaða- heiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hunda- dalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.<sup>10</sup> Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og

---

<sup>8</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámu- rannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.* S. 222–225, 231–233.

<sup>9</sup> Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði.* 1–3. b. (1980–1996).

<sup>10</sup> Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 165.

---

fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átqlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“<sup>11</sup>

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar<sup>12</sup>. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.<sup>13</sup>

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli

---

<sup>11</sup> *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

<sup>12</sup> Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

<sup>13</sup> Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

---

einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“  
Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eignar nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.<sup>14</sup>

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.<sup>15</sup> Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.<sup>16</sup>

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.<sup>17</sup>

---

<sup>14</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

<sup>16</sup> *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

<sup>17</sup> *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.



---

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansallíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansallíð bar málið undir Landsyferrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.<sup>18</sup>

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansallísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.<sup>19</sup>

Þrátt fyrir að Landsyferréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.<sup>20</sup> Í dómi Landsyferréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu

---

<sup>18</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845.* Reykjavík 1845. S. 2–12.

<sup>19</sup> *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

<sup>20</sup> *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum.* 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

---

hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. IIb. i.f.<sup>21</sup>

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapitula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...<sup>22</sup>

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.<sup>23</sup>

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að

---

<sup>21</sup> *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

<sup>22</sup> *Alþingistíðindi* 1905, A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

<sup>23</sup> *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

---

hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.<sup>24</sup> Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

---

<sup>24</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

---

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðjarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðjarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.<sup>25</sup>

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd

---

<sup>25</sup> Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

---

verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.<sup>26</sup>

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.<sup>27</sup>

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.<sup>28</sup> Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjälögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjälögum um „aðrar óbyggðar lendur“.<sup>29</sup> Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lög-aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan

---

<sup>26</sup> Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

<sup>27</sup> *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

<sup>28</sup> Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island.* 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

<sup>29</sup> Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjälaga nr. 5/1882 og 41/1919.

---

byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenninum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félagum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.<sup>30</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.<sup>31</sup> Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg 'tök“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“<sup>32</sup>. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi

---

<sup>30</sup> *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

<sup>31</sup> *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþ.).

<sup>32</sup> *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum *Jónsbókar* voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159–163 (31.–32. k. llb.).

---

vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“<sup>33</sup>

Með landamerkjalogum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.<sup>34</sup> Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.<sup>35</sup>

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.<sup>36</sup> Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.<sup>37</sup> Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.<sup>38</sup> Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir

---

<sup>33</sup> *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

<sup>34</sup> Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>35</sup> Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

<sup>36</sup> Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

<sup>37</sup> Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

<sup>38</sup> Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, *Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur*, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir

---

helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans myndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.<sup>39</sup> Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.<sup>40</sup> Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.<sup>41</sup> Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hveirrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.<sup>42</sup> Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.<sup>43</sup> Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.<sup>44</sup>

---

síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. IIb. Jónsbókar.

<sup>39</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. IIb.).

<sup>40</sup> Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. Ibb.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. IIb.).

<sup>41</sup> Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

<sup>42</sup> *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

<sup>43</sup> Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

<sup>44</sup> Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.



---

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.<sup>45</sup> Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.<sup>46</sup> Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.<sup>47</sup> Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.<sup>48</sup>

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.<sup>49</sup> Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>50</sup> Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbyli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og *hjáleigu*. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögþú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögþúli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.<sup>51</sup> Þau

---

<sup>45</sup> Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþ.).

<sup>46</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

<sup>47</sup> Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

<sup>48</sup> Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

<sup>49</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

<sup>50</sup> Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.

---

hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.<sup>52</sup>

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.<sup>53</sup>

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.<sup>54</sup>

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

*Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

---

<sup>52</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>53</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

<sup>54</sup> Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

---

a. *Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.<sup>55</sup>

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.<sup>56</sup>

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.<sup>57</sup>

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá

---

<sup>55</sup> *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

<sup>56</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

<sup>57</sup> Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

---

eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrir og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrir og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.<sup>58</sup> Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.<sup>59</sup> Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.<sup>60</sup> Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssvæði, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum

---

<sup>58</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

<sup>59</sup> Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

<sup>60</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

---

undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.<sup>61</sup> Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafreittar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.<sup>62</sup>

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.<sup>63</sup>

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilir á, hvár þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivotn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvöku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...<sup>64</sup>

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.<sup>65</sup>

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.<sup>66</sup> Í því sambandi hefur verið bent

---

<sup>61</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

<sup>62</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>63</sup> Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

<sup>64</sup> Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>65</sup> Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

---

á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.<sup>67</sup> Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.<sup>68</sup> Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.<sup>69</sup>

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.<sup>70</sup> Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.<sup>71</sup> Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.<sup>72</sup>

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.<sup>73</sup> Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í

---

<sup>66</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>67</sup> Sjá eldri Frostapingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

<sup>68</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjorsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

<sup>69</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

<sup>70</sup> Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

<sup>71</sup> Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

<sup>72</sup> Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

<sup>73</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur*. Reykjavík. S. 83.

---

Því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.<sup>74</sup> Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunn-eignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

#### 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.<sup>75</sup>

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.<sup>76</sup> Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.<sup>77</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.<sup>78</sup> Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalogum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalog, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr

---

<sup>74</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

<sup>75</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

<sup>76</sup> Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

<sup>77</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lþ.).

<sup>78</sup> *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

---

miðast því ákvæði landamerkjálaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.<sup>79</sup> Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarþeir fyrir búþening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að megin-stefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða

---

<sup>79</sup> Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.



---

afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.<sup>80</sup> Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.<sup>81</sup>

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.<sup>82</sup> Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.<sup>83</sup> Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.<sup>84</sup> Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslensk-

---

<sup>80</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

<sup>81</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

<sup>82</sup> *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

<sup>83</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>84</sup> Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

---

um ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.<sup>85</sup>

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.<sup>86</sup>

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsparfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar-eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði

---

<sup>85</sup> Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>86</sup> Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

---

fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.<sup>87</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.<sup>88</sup>

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrir en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.<sup>89</sup> Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga

---

<sup>87</sup> Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>88</sup> Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

<sup>89</sup> Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

---

hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afréttar sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunn-eignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim söllum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.<sup>90</sup> Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.<sup>91</sup>

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afréttar.<sup>92</sup> Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur réttihafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í

---

<sup>90</sup> Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

<sup>91</sup> Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

<sup>92</sup> Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

---

H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílsahrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlend.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

---

#### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku Þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitoland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitoland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé

---

alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almenntri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

#### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.<sup>93</sup> Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendum.<sup>94</sup>

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.<sup>95</sup> Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfi-hreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.<sup>96</sup> Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.<sup>97</sup> Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

---

<sup>93</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 472. Jónsbók 1904, s. 43, 272–273.

<sup>94</sup> *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

<sup>95</sup> Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

<sup>96</sup> Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

<sup>97</sup> Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

---

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.<sup>98</sup>

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.<sup>99</sup> Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.<sup>100</sup> Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.<sup>101</sup>

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.<sup>102</sup> Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.<sup>103</sup> Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.<sup>104</sup>

---

<sup>98</sup> *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

<sup>99</sup> *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

<sup>100</sup> *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrySTALLINIS* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

<sup>102</sup> Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

<sup>103</sup> Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 43.

<sup>104</sup> Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérrettinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignaréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það



---

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendlaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.<sup>105</sup>

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.<sup>106</sup> Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.<sup>107</sup> Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendlaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi

---

ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

<sup>105</sup> Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

<sup>106</sup> Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

<sup>107</sup> Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

---

gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.<sup>108</sup> Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.<sup>109</sup> Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist

---

<sup>108</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>109</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

---

eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.<sup>110</sup> Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalykingu. Gagnvart

---

<sup>110</sup> Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

---

jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hoptað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájökklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájökklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

---

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljarðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

#### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.<sup>111</sup> Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.<sup>112</sup> Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.<sup>113</sup>

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því

---

<sup>111</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

<sup>112</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>113</sup> *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

---

aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.<sup>114</sup>

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigu-bálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lögrétt skal vera, skipa svá ǫðrum göngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mörk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gönguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.<sup>115</sup>

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.<sup>116</sup>

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust

---

<sup>114</sup> Jónsbók 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330–331 (38. k. lþp.).

<sup>115</sup> Íslenskt fornbréfasafn. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

<sup>116</sup> Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lþp.).

---

þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútfengin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitolanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vor-smölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík

---

samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

#### **4.8. Ítök**

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttihafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum



---

annars eða annarra aðila.<sup>117</sup> Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.<sup>118</sup>

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með vátum tveim eða fleirum.<sup>119</sup>

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaitak.<sup>120</sup> Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,<sup>121</sup> og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.<sup>122</sup> Elsta skjallega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.<sup>123</sup> Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok

---

<sup>117</sup> Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

<sup>118</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 288.

<sup>119</sup> Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

<sup>120</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147–148, 150.

<sup>121</sup> Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

<sup>122</sup> Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

<sup>123</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

---

reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.<sup>124</sup> Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.<sup>125</sup>

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðháttu fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).<sup>126</sup> Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrískóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.<sup>127</sup> Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.<sup>128</sup>

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttu og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.<sup>129</sup> Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega

---

<sup>124</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

<sup>125</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaútak, reki/rekaítak*.

<sup>126</sup> Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

<sup>127</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

<sup>128</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

<sup>129</sup> Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

---

hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.<sup>130</sup> Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðitaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.<sup>131</sup> Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>132</sup> Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafretti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.<sup>133</sup> Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397<sup>134</sup> og Gíslamáldaga frá 1570.<sup>135</sup> Þá segir í

---

<sup>130</sup> Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>131</sup> Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

<sup>132</sup> Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afretti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afrettarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afrettarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

<sup>133</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

<sup>134</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

---

Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.<sup>136</sup> Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

#### 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.<sup>137</sup> Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.<sup>138</sup> Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.<sup>139</sup>

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.<sup>140</sup> Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“<sup>141</sup> Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn

---

<sup>135</sup> Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 647.

<sup>136</sup> Íslenskt fornbréfasafn 15, s. 648.

<sup>137</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

<sup>138</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>139</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>140</sup> Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvólum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

<sup>141</sup> *Jónsbók* 1904, s. 194.

---

yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.<sup>142</sup> Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.<sup>143</sup>

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.<sup>144</sup> Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.<sup>145</sup> Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.<sup>146</sup> Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.<sup>147</sup>

Fiskhelgi í þessu samhengi tákna svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.<sup>148</sup>

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum lögmdönnunum og allri logriettunne a dogum Hákonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírantanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land

---

<sup>142</sup> Grágás 1992, s. 351–352. Sbr. Jónsbók 1904, s. 194–195.

<sup>143</sup> Grágás 1992, s. 353–354. Jónsbók 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í Jónsbók (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (Grágás 1992, s. 365).

<sup>144</sup> Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

<sup>145</sup> Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

<sup>146</sup> Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

<sup>147</sup> Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

<sup>148</sup> Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

---

upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.<sup>149</sup>

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algennt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at loqmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.<sup>150</sup>

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi<sup>151</sup>, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.<sup>152</sup> Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.<sup>153</sup> Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.<sup>154</sup>

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.<sup>155</sup> Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjörüitök séu í elstu máldögum og skráum

---

<sup>149</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

<sup>150</sup> *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

<sup>151</sup> Í *Jónsbók* er landeigandi eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

<sup>152</sup> *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

<sup>153</sup> *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

<sup>154</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

<sup>155</sup> Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

---

aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.<sup>156</sup> Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.<sup>157</sup> Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.<sup>158</sup> Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.<sup>159</sup> Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.<sup>160</sup>

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.<sup>161</sup>

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.<sup>162</sup> Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

---

<sup>156</sup> Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

<sup>157</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>158</sup> Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

<sup>159</sup> *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

<sup>160</sup> Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, *Grágás* og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

<sup>161</sup> *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

<sup>162</sup> *Jónsbók* 1904, s. 197.

---

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.<sup>163</sup> Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almeningur*.<sup>164</sup> Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.<sup>165</sup> Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.<sup>166</sup> Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.<sup>167</sup> Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitafni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.<sup>168</sup> Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.<sup>169</sup>

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans

---

<sup>163</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>164</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

<sup>165</sup> Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

<sup>166</sup> Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>167</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>168</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

<sup>169</sup> Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.



---

til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almenn

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

### 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).<sup>170</sup>

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.<sup>171</sup> Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.<sup>172</sup>

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

---

<sup>170</sup> Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

<sup>171</sup> Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

<sup>172</sup> Björn Lárússon 1967, s. 63.

---

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjóllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samiburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.<sup>173</sup> Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“<sup>174</sup>

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.<sup>175</sup> Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.<sup>176</sup> Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

---

<sup>173</sup> Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

<sup>174</sup> *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

<sup>175</sup> Björn Lárusson 1982, s. 17.

<sup>176</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

---

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.<sup>177</sup> Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.<sup>178</sup> Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tífunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tífundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

---

<sup>177</sup> *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

<sup>178</sup> *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

---

### 5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.<sup>179</sup>

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.<sup>180</sup> Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.<sup>181</sup>

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að

---

<sup>179</sup> Grágás 1992, s. 12.

<sup>180</sup> Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

<sup>181</sup> Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

---

skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.<sup>182</sup> Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.<sup>183</sup>

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.<sup>184</sup> Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.<sup>185</sup>

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentískt“

---

<sup>182</sup> Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

<sup>183</sup> Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

<sup>184</sup> *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

<sup>185</sup> Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

---

kirkjuregistur.<sup>186</sup> Eftir siðaskipti tóku vísitasúbækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.<sup>187</sup>

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

#### 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).<sup>188</sup>

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lögmáli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.<sup>189</sup> Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrirnefnt bréf, „sökum

---

<sup>186</sup> *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

<sup>187</sup> Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

<sup>188</sup> Sbr. Sigurður Lindal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

<sup>189</sup> Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

---

harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.<sup>190</sup> Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.<sup>191</sup>

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.<sup>192</sup> Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga<sup>193</sup> virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.<sup>194</sup> Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.<sup>195</sup> Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um

---

<sup>190</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 162.

<sup>191</sup> *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

<sup>192</sup> Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

<sup>193</sup> Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

<sup>194</sup> Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

<sup>195</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

---

land væru í ólestri.<sup>196</sup> Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.<sup>197</sup> Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyásingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.<sup>198</sup> Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.<sup>199</sup> Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að

---

<sup>196</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

<sup>197</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

<sup>198</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

<sup>199</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.



---

nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögina og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.<sup>200</sup> Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögina komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögina mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.<sup>201</sup> Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögina kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirvari, en samkvæmt

---

<sup>200</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

<sup>201</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

---

17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).<sup>202</sup>

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkja-bréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).<sup>203</sup> Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan

---

<sup>202</sup> Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

<sup>203</sup> Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

---

eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.<sup>204</sup> Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðapáttar í Jónsbók.<sup>205</sup>

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að

---

<sup>204</sup> Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbp.).

<sup>205</sup> Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

---

þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“<sup>206</sup> Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.<sup>207</sup> Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.<sup>208</sup>

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.<sup>209</sup> Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

---

<sup>206</sup> Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrákun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

<sup>207</sup> Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

<sup>208</sup> *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

<sup>209</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

---

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.<sup>210</sup> Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

### 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkju-egna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

---

<sup>210</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

---

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn upplýttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðs-lýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku Þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendir og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir

---

hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámu, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið

---

mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítil eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnast.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða,



---

hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar

---

rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendlaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendlaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

---

## 7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

### 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>211</sup>

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...]

#### 7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða<sup>212</sup>

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni

---

<sup>211</sup> Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

<sup>212</sup> Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

---

jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist Þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekk á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða

---

annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjallendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotkenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

---

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi<sup>213</sup>

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.<sup>214</sup> Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.<sup>215</sup> Um slík

---

<sup>213</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

<sup>214</sup> Sbr. kafla 3.3. [...].

<sup>215</sup> Sbr. kafla 4.2. [...].

---

landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

## **8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6**

### **8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>216</sup>**

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Græna fjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

---

<sup>216</sup> Kafla 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

---

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

## 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana<sup>217</sup>

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnáum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttu, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendir og

---

<sup>217</sup> Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).



---

afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttu, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenna, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendar og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendar í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind

---

landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku Þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttu og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenninum, Merkurtingum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarþeirra fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja

---

landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## **9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A**

### **9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>218</sup>**

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öraefum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

---

<sup>218</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

---

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

## 10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

### 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>219</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skríðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafiréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafirétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

---

<sup>219</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskkóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafaréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrjú dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

## **10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar<sup>220</sup>**

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendu að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

---

<sup>220</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Pau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

---

### 10.3. Heimildir um legu jarða til forna<sup>221</sup>

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikilið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

---

<sup>221</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormódsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

## 11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

### 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>222</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómur fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[...]

---

<sup>222</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).



---

## 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir<sup>223</sup>

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart Þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrira atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stóð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stóð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdu öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt

---

<sup>223</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykk á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar

---

fullilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

### **11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis<sup>224</sup>**

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti

---

<sup>224</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

---

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi

---

handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.<sup>225</sup>

#### 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna<sup>226</sup>

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfírréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfírréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfírréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfírrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

---

<sup>225</sup> Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

<sup>226</sup> Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfírréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklostri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfírréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppana í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppana sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili

---

að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nyttu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.



---

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfthaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

---

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

---

## FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðilaskrá

III. Skjalaskrá

---

## II. Aðilaskrá

Þjóðlendum

Fjármála- og efnahagsráðherra  
f.h. íslenska ríkisins

Afréttur Stafholtstungna sunnan Norðurár,

Þverárhíðar og Hvítársíðu auk

Lambártungna (Lambatungna)

Helgavatn vegna Helgavatnssels

Helgavatn vegna Helgavatnssels

Gilsbakki

Sámsstaðir vegna Sámsstaðasels

Sleggjulækjur vegna Sleggjulækjarsels

Síðumúli vegna Síðumúlasellands

Örnólfsdalur

Örnólfsdalur

Borgarbyggð

Hans Pétur Diðriksson

Vilhjálmur Diðriksson

Ólafur Magnússon

Ólafur Guðmundsson

Sleggjulækur ehf.

Eyjólfur Andrésson

Db. Kristins Jómundssonar

Egill J. Kristinsson

---

### III. Skjalaskrá<sup>483</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfúlýsing, dags. 10.12.2013.
- 1(1) Skjalaskrá, dags. 10.12.2013, og viðbótar skjalaskrá, dags. 12.12.2013.
- a-b
- 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 10.12.2013.
- 1(3) Bréf lögmans fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar um kröfúlýsingu íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna á svæði 8B, dags. 10.12.2013.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 30.1.2013.
- 1(5) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Akraneskaupstaðar varðandi frest fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 26.2.2013.
- 1(6) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfúlýsingum vegna svæðis 8B, dags. 21.5.2013.
- 1(7) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfúlýsingafresti samþykkt, dags. 4.6.2013.
- 1(8) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfúlýsingum vegna svæðis 8B, dags. 11.7.2013.
- 1(9) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfúlýsingafresti samþykkt, dags. 19.8.2013.
- 1(10) Bréf lögmans ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfúlýsingum vegna svæðis 8B, dags. 14.10.2013.
- 1(11) Bréf óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfúlýsingafresti samþykkt, dags. 15.10.2013.
- 1(12) Tölvupóstur óbyggðanefndar til lögmans ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfúlýsingafresti samþykkt, dags. 2.12.2013.
- 1(13) Dómur Landsyfirréttar í máli nr. 11/1896, Hellistungur, bls. 327-330.
- 1(14) Greinargerð, dags. 5.6.2014.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit/heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 4.10.2016.
- Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*
- 2(1) Selhagi, dags. 29.12.1922. *Merkt 4 a-b.*
  - 2(2) Kirkjuból, dags. 21.3.1923. *Merkt 5 a-b.*
  - 2(3) Hjarðarholt, dags. 19.4.1890. *Merkt 6 a-c.*
  - 2(4) Haukagil, dags. 1.5.1890. *Merkt 7*
  - 2(5) Bær, dags. 26.5.1890. *Merkt 9 a-c.*
  - 2(6) Melar, dags. 4.3.1890. *Merkt 13 a-b.*
  - 2(7) Afréttarland Hvítársíðunhrepps, Þverárhliðarhrepps og hluta jarða í Norðurárdals- og Stafholtstunguhreppum, dags. 10.4.1890, með athugasemd 7.2.1913. *Merkt 32 a-e.*
  - 2(8) Ásbjarnarstaðir, dags. 29.12.1922. *Merkt 33 a-b.*
  - 2(9) Selland Stafholtskirkju, dags. 3.5.1884. *Merkt 34 a-b.*
  - 2(10) Fornihvammur, dags. 12.7.1923. *Merkt 37.*
  - 2(11) Gestsstaðir, dags. 27.12.1886. *Merkt 38.*
  - 2(12) Helgavatn, dags. 1.5.1890. *Merkt 43 a-b.*
  - 2(13) Hermundarstaðir, dags. 5.5.1890. *Merkt 44 a-b.*

---

<sup>483</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 
- 2(14) Hvammur, dags. 7.5.1890. *Merkt 51 a-b.*  
2(15) Krókur, dags. 10.7.1923. *Merkt 54 a-b.*  
2(16) Kvíar, dags. 5.5.1890. *Merkt 55.*  
2(17) Norðtunga, Högnastaðir og Örnólfsdalur, dags. 5.2.1923. *Merkt 58 a-b.*  
2(18) Sámsstaðir, dags. 1.5.1890. *Merkt 59 a-c.*  
2(19) Síðumúli, dags. 28.1.1923. *Merkt 60 a-d.*  
2(20) Afréttarland Síðumúla, dags. 29.1.1923. *Merkt 61 a-b.*  
2(21) Sleggjulækur, dags. 9.1.1923. *Merkt 62 a-c.*  
2(22) Sveinatunga, dags. 28.12.1886. *Merkt 66.*  
2(86) Gilsbakki, dags. 20.8.1889, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a-e.*  
a-b  
2(90) Óspaksstaðir, dags. 5.6.1890. *Merkt 90.*  
2(91) Þorgautsstaðir, dags. 18.4.1890. *Merkt 88 a-b.*  
2(100) Afréttur á Arnarvatnsheiði, dags. 26.1.1886. *Merkt 31 a-c.*  
2(101) Efranúpsheiði, dags. 16.2.1891. *Merkt 96 a-b.*  
2(114) Stafholt, dags. í maí 1890. *Merkt 64 a-c.*  
2(282) Þorvaldsstaðir, dags. 1.2.1923. *Merkt 70.*  
2(286) Reykholt, dags. 12.3.1898. *Merkt 15 a-c.*  
2(291) Fróðastaðir, ásamt uppskrift, dags. 8.2.1923. *Merkt 103 a-b.*

a-b

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

- 2(23) Lögfesta fyrir jörðina Helgavatn í Þverárhlið, ásamt Helgavatnssellandi á a-b Þverárdal. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1760. *Merkt 3 a-b.*  
2(24) Haukagilsskjöl 1666–1669. Vitnisburðir um selför í Kjarrárdal (Kjör), þar hafa a-b Bjarnastaðir, Haukagil, Sámsstaðir og Gilsbakki haft í seli, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-k.*  
2(25) Lögfesta fyrir Haukagili og Haukagilsseli, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1667. a-b *Merkt 5 a-b.*  
2(26) Vitnisburður fimm manna um Haukagilssel upplesinn í lögréttu. Rétt eftirrit úr a-b lögpingsbók 1666, ásamt uppskrift vottast 1.6.1886. *Merkt 6 a-b.*  
2(27) Vitnisburðir Guðmundar Arasonar og Jóns Guðbrandssonar um landamerki Kvía í Þverárhlið, dags. 28.7.1672. *Merkt 7 a-b.*  
2(28) Lögfesta jarðarinnar Helgavatns í Þverárhlið, ásamt Helgavatnssellandi á a-b Þverárdal. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 31.05.1760. *Merkt 8 a-b.*  
2(29) Afskrift af fundargjörð í Norðurtungu, dags. 17.10.1873. Fundarmenn mótmæla a-b „lögfestu“, E. Th. Jónssonar, sýslumanns, eiganda og ábúanda á Hjarðarholti, lesinni á manntalsþingi að Hjarðarholti á næstliðnu vori. Einkum og sérílagi mótmæla þeir eign Hjarðarholtskirkju á Hellistungum. Fundarmenn lögfesta, öllum byggðum jörðum í héraðinu, allt afréttarland á milli Hvítár og Norðurár. Nánari takmarka getið. Sömuleiðis lýsa þeir yfir eignarrétti sínum á fjárrétt þeirri sem tilheyrir téðum afrétti. Réttu afskrift vottar Björn Ásmundsson, ásamt uppskrift, dags. 8.12.1873. *Merkt 9 a-c.*

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

- 2(163) Reykholt. Síða úr veðmálaregistri veðmálabókar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu 1906-1937. *Merkt 22.*

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

- 2(30) Jarðamat 1804: Hermundarstaðir, Sveinatunga og Krókur. *Merkt 9, 13 og 14.*  
2(31) Fasteignamat 1916-1918 – undirmat: Stafholt, Sleggjulækur, Skarð, Síðumúli, Kvíar, Hermundarstaðir, Hamrar, Örnólfsdalur, Norðurtunga, Sámsstaðir, Helgavatn, Sveinatunga, Krókur, Forni-Hvammur, Gestsstaðir, Ásbjarnarstaðir, Bjarnastaðir, Kirkjuból, Haukagil, Selhagi. *Merkt 34-37, 44-55, 71-73, 76, 86.*  
2(89) Jarðamat Mýra- og Hnappadalssýslu 1849-50: Gilsbakki, Kirkjuból, Sámsstaðir, Síðumúli, Norðtunga, Helgavatn, Örnólfsdalur, kvíar, Hermundarstaðir, Krókur, Sveinatunga, Geststaður, hvammur, Fornihvammur, Landspartur

---

Hjarðarholtskirkju á Hellistungum, Hjarðarholt, Ásbjarnarstaðir, Sleggjulækur, Stafholt. *Merkt 5-16, 19, 25, 27-31.*

2(98) Jarðamat Borgarfjarðarsýslu 1849-50: Reykholt. *Merkt 53.*

2(99) Jarðamat Strandasýslu 1849-50: Melar í Bæjarhreppi. *Merkt 98 a-c og 99.*

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

2(122) a-b Stefna. Sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kunngjörir að umboðsmaður hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga höfði mál gegn ábúanda jarðarinnar Hjarðarholts, vegna ágreinings um eignarrétt að landshluta á Hellistungum. Ummerkja getið. Framlagt í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23.5.1893, ásamt uppskrift, dags. 14.4.1893. *Merkt c 1 a-c.*

2(123) a-b Sáttatilraun. Bréf umboðsmanns hins sameiginlega upprekstrarfélags Hvítsíðinga, Þverhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga, til sáttanefndarinnar í Stafholtssáttaumdæmi vegna selfarar Hjarðarholtskirkju á Hellistungum, ásamt afriti af sáttatilraun dags. 22.2.1893. Framlagt í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23.5.1893, ásamt uppskrift, dags. 14.2.1893. *Merkt c 2 a-d.*

2(124) a-b Bréf hreppsfundar að Norðtungu til sýslumanns vegna landamerkja Hjarðarholtskirkju og eigna og ítaka hennar á Hellistungum. Þinglýst að Norðtungu, Sámsstöðum, Hjarðarholti og Dýrastöðum vorið 1874. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 17.10.1873. *Merkt c 3 a-e.*

2(125) a-b Útdráttur úr Jarðabók Árna Magnússonar um selstöðu Hjarðarholtskirkju á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 10.12.1894. *Merkt c 4 a-b.*

2(126) a-b Útdráttur úr vísitasíubók Páls prófests Gunnarssonar 1694 um eignir og ítök Hjarðarholtskirkju á Hellistungum. Ummerkja getið. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 10.12.1894. *Merkt c 5 a-b.*

2(127) a-b Útdráttur úr vísitasíubók Jóns biskups Vídalíns 1716 um eignir og ítök Hjarðarholtskirkju á Hellistungum. Ummerkja getið. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 10.12.1894. *Merkt c 6 a-c.*

2(128) a-b Afrit af lögfestu fyrir Lækjarkotsland, áður kallað Hjarðarholtssel. Ummerkja getið. Einnig útdráttur úr vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1725 um eignir og ítök Hjarðarholtskirkju á Hellistungum. Þinglesið að Hjarðarholti, Dýrastöðum, Helgavatni og Sámsstöðum vorið 1880. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894., ásamt uppskrift, dags. 5.5.1880. *Merkt c 7 a-d.*

2(129) a-b Afrit af lögfestu fyrir Hjarðarholtskirkju 1.6.1839. Getið um land kirkjunnar á Hellistungum. Þinglýst að Sólheimatungu 1.6.1839 og að Hjarðarholti 23.5.1873. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 1.6.1839. *Merkt c 8 a-b.*

2(130) a-b Afrit frá 1894 af vísitasíu Hjarðarholtskirkju 1748. Getið um landamerki Hjarðarholtskirkjueignar á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10.12.1894, ásamt uppskrift, dags. 15.6.1748/10.12.1894. *Merkt c 9 a-c.*

2(131) a-b 1703/1895. Afskrift eftir endurriti frá 1.7.1703 af máldaga kirkjunnar í Hjarðarholti. Getið um land á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 5.6.1895, ásamt uppskrift. *Merkt c 10 a-c.*

2(132) a-b 1805/1831/1895. Eftirrit úr kirkjubók Hjarðarholtskirkju 1805 og 1831. Getið um land á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 5.6.1895, ásamt uppskrift. *Merkt c 11 a-c.*

2(133) 23.5.1895. Vörn í málinu: Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverárhlíðinga,

- 
- a-b Stafholtstungnamanna og Norðdælinga gegn Jóni Tómassyni í Hjarðarholti vegna þrætulands á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 5.6.1895, ásamt uppskrift. *Merkt c 12 a-h.*
- 2(134) 25.6.1895. Málsútlistun sækjanda í málinu: Upprekstrarfélag Hvítisíðinga, a-b Þverárhlíðinga, Stafholtstungnamanna og Norðdælinga gegn eiganda Hjarðarholtskirkju vegna þrætulands á Hellistungum. Framlagt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 26.6.1895, ásamt uppskrift. *Merkt c 13 a-g.*
- 2(135) Eftirrit frá 1916 af landamerkjalyðingu fyrir Þorgautsstaðalandi í a-b Hvítársíðuhreppi. Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 16.5.1890, dags. 18.4.1890, ásamt uppskrift. *Merkt c 30 a-b.*
- 2(221) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 8.6.1786. Voru jarðirnar Hermundarstaðir, a-b Kvíar og Örnólfsdalur boðnar upp til ábúðar afgangsfriar en engin fékkst til að taka, ásamt uppskrift. *Merkt b 110 a-b.*
- 2(227) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 17.5.1911. Var eftir beiðni prófastsins í a-b Mýraprófastsdæmi „boðin upp til sölu selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía, sem hann telur eign Stafholtskirkju.“ Ein króna boðin, ásamt uppskrift. *Merkt b 118 a.*
- 2(228) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 15.5.1851. Upplesið amtsbréf frá 20.1.1851, a-b þar sem sátt af 12.11. fyrra árs um afréttarland sem Gilsbakkaprestur eignar kirkjunni þar „er ógild gjör.“ Einnig tvö forboð frá 44 bændum í Stafholtstungum, Hvítársíðu og Þverárhlíð, til Gilsbakkaprests um notkun þessa afréttarlands. Prestur lýsti því hins vegar yfir að hann yrði að halda sig við áðurgerða sáttargjörð þangað til hann hefði ráðfært sig við stiftsyfirvöld, ásamt uppskrift. *Merkt b 119 a-b.*
- 2(234) Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 13.5.1831. „Enn framar var upplestin lögfesta fyrir Stafholts Beneficio með undirliggjandi kirkjujörðum og ítökum, dat. 5<sup>ta</sup> þ. m.“ Inntaks lögfestunnar er ekki getið. *Merkt b 120 a.*
- 2(239) Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 11.6.1794. „Upplesin lögfesta fyrir laxveiði í Þverá Stafholtskirkju tilheyrandi.“ Inntaks lögfestunnar ekki getið. *Merkt b 121 a-b.*
- 2(240) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 8.5.1850. Á þinginu var: „lýst friðhelgi, eptir beiðni prestsins á Gilsbakka, yfir álftaeggvarpi á þeim parti Tvídægru, er Gilsbakkakirkja á eftir máldögum hennar og öðrum skilríkjum.“ *Merkt b 125 a-b.*
- 2(241) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 27.5.1873. „Þinglesið lögfesta fyrir Sámstaða-landi, dags. 20.5.1873.“ Inntaks lögfestunnar er ekki getið. *Merkt b 126 a.*
- 2(242) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 31.5.1839. Þinglýst makaskiptagjörningi á a-b jörðinni Norðtungu með fylgjandi kirkjujörðunum Högnastöðum og Örnólfsdal til sgr. Péturs Jónssonar mót jörðinni ½ Guðnabakka. Einnig lesin upp lögfesta fyrir Norðtungu með öllum gögnum og gæðum. Inntaks lögfestunnar er ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 128 a.*
- 2(243) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 16.5.1913. Þinglesið kaup- og afsalsbréf a-b Magnúsar Andrésónar til Þverárréttarupprekstrarfélags, dags. 15.4. og 15.5.1913, fyrir afréttarlandinu Lambatungum, ásamt uppskrift. *Merkt b 129 a.*
- 2(244) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 19.5.1910. „d. Afsalsbréf útgefið 18. maí f. á. [18.5.1909] ráðherra Íslands til séra Magnúsar Andrésónar fyrir jörðinni Gilsbakka, kaupverð 5.500kr.“ Inntaks bréfs ekki getið. *Merkt b 132 a.*
- 2(245) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 17.5.1901. Þinglýst leigusamningi, dags. 9. jan. f. á., [9.1.1900] þar sem leigður er einkaréttur til stangveiði í Kjarará og Lambá fyrir Gilsbakkalandi um 3 ár. Einnig leigusamningur þar sem bændurnir á Sámstöðum og í Síðumúla leigja sama manni einkarétt til stangveiði í Örnólfsdalsá og Kjarará fyrir löndum téðra jarða um 3 ár. *Merkt b 133 a-b.*
- 2(246) Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 18.5.1904. Þinglesnar landamerkjaskrár,



- m.a. Gilsbakka. Landamerkja ekki getið. *Merkt b 134 a.*
- 2(247) Manntalsþing að Sámsstöðum, dags. 9.5.1808. „Birt lögfesta frá sama prest [þ.e. Hirti Jónssyni á Gilsbakka] fyrir Gilsbakkakirkju- og staðareignum, innan þeirra í lögfestunni umgetnu örnefna og ummerkja, hún er dateruð 8. maí 1808.“ [8.5.1808] Inntaks lögfestunnar er ekki getið. *Merkt b 135 a-c.*
- 2(248) Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 25.5.1891. Var lesin landamerkjaskrá Hjarðarholts og mótmælti hreppsnefndarmaður í Stafholtstungnahreppi, því að Hjarðarholtskirkja ætti land í Hellistungum, ásamt uppskrift. *Merkt b 112 a-b.*
- 2(249) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 27.4.1837. Upplesin lögfesta hvar með sóknarpresturinn í Reykholti lögfestir allar Reykholtskirkjueignir og ítök sem liggja innan Mýrasýslu. Inntaks lögfestunnar er ekki getið. *Merkt b 139 a-b.*
- 2(250) Manntalsþing fyrir Norðurárdalshrepp, dags. 15.6.1874. Þinglesið skjal frá búendum í Stafholtstungum, Þverárhlið og Hvítársíðu, dags. 17.10.1873, áhrærandi lögfestu fyrir Hjarðarholti m. fl. og mótmæli sýslumanns E. Th. Jonassen að því leiti að skjalið segir að láta eigi Hjarðarholtskirkju eiga rétt til selfara á Hellistungum, ásamt uppskrift. Sjá skjal nr. 2(257). *Merkt b 140 a-b.*
- 2(251) Landamerkjadómur við Hellisá í Norðurárdal, dags. 20.7.1893. Tekið fyrir landamerkjamála nr. 1/1893: Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhliðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, ásamt uppskrift. *Merkt b 141 a-c.*
- 2(252) Aukaréttur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti, dags. 6.11.1894. Vitnaleiðslur í landamerkjamáli út af landi á Hellistungum, ásamt uppskrift. *Merkt b 142 a-c.*
- 2(253) Landamerkjadómur á skrifstofu sýslumanns í Arnarholti, dags. 10.12.1894. Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhliðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts. Málsaðilar leggja fram skjöl, m.a. mótmæli gegn lögfestu E. Th. Jónasens fyrir Hjarðarholti, varðandi þrætuland á Hellistungum. Einnig lagður fram uppdráttur af þrætulandinu en sá uppdráttur hefur ekki fundist við skjalaleit í Þjóðskjalasafni, ásamt uppskrift. *Merkt b 143 a-d.*
- 2(254) Landamerkjadómur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti, dags. 6.5.1895. Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhliðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, vegna Hellistungna. Varnaraðili óskar eftir lengri fresti til „að grennslast eftir skilríkjum, málinu viðkomandi í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn“ og var fresturinn veittur, ásamt uppskrift. *Merkt b 144 a-c.*
- 2(255) Landamerkjadómur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti, dags. 26.6.1895. Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhliðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts, Jóni Tómassyni. Málið tekið undir dóm, ásamt uppskrift. *Merkt b 145 a-d.*
- 2(256) Landamerkjadómur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti, dags. 13.7.1895. Dómur í málinu: Upprekstrarfélag Hvítsíðinga, Þverhliðinga, Stafholtstungumanna og Norðdælinga austan Norðurár og Sanddalsár gegn umráðamanni jarðarinnar Hjarðarholts. Land á Hellistungum dæmt sækjanda málsins, þó svo að jörðinni Hjarðarholti beri réttur til selstöðu í landinu, ásamt uppskrift. *Merkt b 146 a-g.*
- 2(257) Manntalsþing að Norðtungu, dags. 18.5.1874. Þinglesið skjal frá búendum í Þverárhlið, Stafholtstungum og Hvítársíðu-hreppi, dags. 17.10.1873. Inntak skjalsins ekki getið. Sjá skjal nr. 2(124) a-b. *Merkt b 169 a-b.*
- 2(258) Manntalsþing fyrir Stafholtstungnahrepp, dags. 19.5.1874. „4. Þinglesið hið sama skjal og þinglesið var í gær á manntalsþingi í Norðtungu og nefnt er þar í bókinni sub. N<sup>o</sup> 2.“ Inntak skjalsins ekki getið. *Merkt b 170 a.*
- 2(259) Manntalsþing fyrir Hvítársíðuhrepp, dags. 20.5.1874. „5. Þinglesið skjal það, er nefnt er þinglesið á Hjarðarholti í gær sub. N<sup>o</sup> 4.“ Inntak skjalsins ekki getið. *Merkt b 171 a-b.*

*Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*

- 
- 2(33) Afskrift af lögfestu fyrir Gilsbakka. Ítarleg landamerkjalýsing, ásamt uppskrift, a-b dags. 8.5.1808. *Merkt 1 a-c.*
- 2(34) Vitnisburður um landamerki Norðtungu „kirkjulands“ og Kvía, ásamt uppskrift, a-b dags. 29.5.1679. *Merkt 12 a-b.*
- 2(35) Lögfesta fyrir jörðinni Norðtungu í Þverárhlið ásamt heimalandinu Högnastöðum. Einnig kirkjuland og hálfur Örnólfsdalur. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 29.7.1682. *Merkt 13 a-b.*
- 2(36) Lögfesta fyrir jörðinni Norðtungu í Þverárhlið ásamt Högnastöðum, Örnólfsdalsá og hálfum Örnólfsdal. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 16.5.1684. *Merkt 14 a-b.*
- 2(37) Lögfesta fyrir jörðinni Norðtungu með ítökum í annarra manna jarðir, ásamt uppskrift, dags. 1.6.1723. *Merkt 15.*
- 2(38) Lögfesta fyrir Norðtungu ásamt Örnólfsdal og Högnastöðum, svo og ítökum Norðtungu. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1774. *Merkt 16 a-b.*
- 2(39) Lögfesta fyrir Norðtungu með kirkjueignum, Högnastöðum, Örnólfsdal, Örnólfsdalsá, beitarítökum, ásamt uppskrift, dags. 11.6.1794. *Merkt 17 a-b.*
- 2(40) Lögfesta fyrir Norðtungu með Högnastöðum og Örnólfsdal ásamt ítökum kirkjunnar, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1839. *Merkt 18 a-b.*
- 2(41) Lögfesta fyrir Reykholtskirkjueign, land eða selför á Kjör, ásamt uppskrift, dags. 16.5.1685. *Merkt 33 a-b.*
- 2(42) Lögfesta fyrir eign Reykholtskirkju, landi eður selför á Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1721. *Merkt 34.*
- 2(43) Lögfesta Reykholtskirkju fyrir selför í Kjörinni milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils, ásamt uppskrift, dags. 7.5.1868. *Merkt 35.*
- 2(44) Byggingarbréf fyrir Selför í Kjör, ásamt uppskrift, dags. 1.8.1868. *Merkt 46 a-b.*
- 2(45) Tveir vitnisburðir um selstöðu Reykholts í Kjör frá 1596, ásamt uppskrift. *Merkt 47 a-b.*
- 2(46) Vitnisburður um selstöðu Reykholts í Kjör, ásamt uppskrift, dags. 3.12.1633. *Merkt 48.*
- 2(47) Bréf um leigu á selför í Kjör. Árni Gíslason leigir selför á Kjörinni sem tilheyrir Reykholtskirkju, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1640. *Merkt 49 a-b.*
- 2(48) Sáttakæra og sáttagerð vegna sellands Reykholts í Kjör, ásamt uppskrift, dags. 23.7.1868. *Merkt 50 a-c.*
- 2(49) Bréf til Hjálms Péturssonar í Norðtungu. Þórður Þ. Jónasson fyrirbýður að gert sé býli úr sellandi Reykholtskirkju á Kjörinni, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1878. *Merkt 51.*
- 2(115) Lögfesta fyrir Stafholtskirkju. Lögfest selför í Þverárdal o.fl., dags. 5.5.1831, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*
- 2(116) Lögfesta fyrir Stafholtskirkju. Lögfest selför í Þverárdal o.fl., dags. 2.4.1766, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-b.*
- 2(117) Lögfesta fyrir Stafholtskirkju. Lögfest selför í Þverárdal o.fl., dags. 13.6.1754, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-b.*
- 2(118) Lögfesta fyrir Stafholtskirkju. Lögfest selför í Þverárdal o.fl., dags. 24.7.1707, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-b.*
- 2(119) Lögfesta fyrir Stafholtskirkju. Lögfest selför í Þverárdal o.fl., dags. 31.7.1707, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-b.*
- 2(120) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. Lögfestir m.a. selför í Kjör og afrétt á Hrútafjarðarheiði. Upplesin fyrir rétti að Reykholti og víðar 1739, 1743 og 1744, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1739. *Merkt 37 a-c.*
- 2(121) Lögfesta Þorsteins Helgasonar fyrir eignum og ítökum Reykholtskirkju. M.a. selför í Kjör og veiðítök á Arnarvatnsheiði, ásamt uppskrift, dags. 27.4.1837. *Merkt 38 a-b.*
- 2(284) Afskrift af lögfestu Gilsbakka, dags. 8.5.1808, ásamt uppskrift. *Merkt 52 a-c.*
- a-b

- 
- 2(288) Lögfesta á eignum og ítökum Reykhóltsstaðar. Lögfestir m.a. Sauðatungur og Þóreyjartungur, Pétursskóg í Sanddal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, land við Reyðarvatn og selför í Kjör, dags. 18.5.1837. *Merkt 39 a-d.*
- 2(289) Lögfesta fyrir eignum og ítökum Reykhólts. Lögfestir m.a. selför í Kjör og afrétt a-b á Hrutafjarðarheiði, ásamt uppskrift, dags. 3.6.1876. *Merkt 44 a-d.*
- Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*
- 2(136) Snóksdalur í Breiðafjarðardölum, dags. 20.9.1639. Sveinatunga. Vísitasíubók a-b Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-b.*
- 2(137) Stafholt í Stafholtstungum, dags. 22.9.1639. Grísatunga, afrétt í Vesturárdal, a-b Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal og skógur í Skorradal. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-b.*
- 2(138) Norðtunga, dags. 4.8.1656. Selför í Þverárdal, skógur í Kirkjuholti/Hamarsholti? a-b og Þórdísarholti? Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 17.*
- 2(139) Snóksdalur, dags. 19.9.1675. Sveinatunga. Vísitasíubók Þórðar biskups a-b Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-b.*
- 2(140) Stafholt, dags. 4.9.1681. Grísatunga, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúli, afrétt í a-b Rjóðsbjargardal, afrétt í Þverárdal. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 51 a-d.*
- 2(141) Afhending Stafholts, dags. 25.-26.5.1676. Skjalasafn. Vísitasíubók Þórðar a-b biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 53 a-f.*
- 2(142) Snóksdalur, 2.8.1699. Sveinatunga. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um a-b Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 56 a-b.*
- 2(143) Stafholt, dags. 25.8.1702. Grísatunga, afrétt í Vesturárdal. Miðdalsmúli, afrétt í a-b Rjóðsbjargardal, skógur í Skorradal. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 63 a-c.*
- 2(144) Hjarðarholt, dags. 31.8.1702. Hellistunga. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um a-b Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 67 a-b.*
- 2(145) Snóksdalur, dags. 13.10.1710. Sveinatunga. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín a-b um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 72 a-b.*
- 2(146) Stafholt, dags. 22.6.1740. Varðandi skjöl kirkjunnar. Vísitasíubók Jóns biskups a-b Árnasonar 1723-1742, ásamt uppskrift. *Merkt 77 a-b.*
- 2(147) Stafholt, dags. 13.6.1725. Svarfhóll, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúli, afrétt í a-b Rjóðsbjargardal, selför í Þverdalskóg. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 85 a-c.*
- 2(148) Hjarðarholt, dags. 21.6.1725. Hellistungur. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar a-b 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 87 a-c.*
- 2(149) Snóksdalur, dags. 19.9.1725. Skarðsfjall, Sveinatunga. Vísitasíubók Jóns biskups a-b Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 92 a-c.*
- 2(150) Snóksdalur, dags. 20.9.1750. Skarðsfjall, Sveinatunga. Vísitasíubók Ólafs a-b biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 99 a-b.*
- 2(151) Stafholt, dags. 20.8.1751. Svarfhóll, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúli, afrétt í a-b Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 106 a-b.*
- 2(152) Snóksdalur, 16.9.1758. Lambarekstur í Skarðsfjall, Sveinatunga. Vísitasíubók a-b Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 115 a-c.*
- 2(153) Stafholt, dags. 16.6.1759. Svarfhóll, Grísatunga, afrétt í Vesturárdal, a-b Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasíubók Finns

- 
- biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 119 a-c.*
- 2(154) Hjarðarholt, dags. 17.6.1759. Hellirstungur. Vísitasubók Finns biskups a-b Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 120 a-b.*
- 2(155) Snóksdalur, dags. 11.9.1782. Lambarekstur í Skarðsfjall, Sveinatunguskógur í a-b Norðurárdal. Vísitasubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 141 a-c.*
- 2(156) Hjarðarholt, dags. 18.8.1783. Hellirstungur. Vísitasubók Hannesar biskups a-b Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 146 a-b.*
- 2(157) Stafholt, dags. 19.8.1783. Svarfhóll, Grísatunga, afrétt í Vesturárdal, a-b Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 147 a-b.*
- 2(158) Snóksdalur, dags. 4.8.1827. Lambarekstur í Skarðsfjall, Sveinatunga. a-b Vísitasubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 159 a-b.*
- 2(159) Hjarðarholt, dags. 23.7.1831. Hellistungur. Vísitasubók Steingríms biskups a-b Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 164 a-c.*
- 2(160) Stafholt, dags. 24.7.1831. Svarfhóll, Grísatunga, afrétt í Vesturárdal, a-b Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasubók Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 165 a-c.*
- 2(161) Bær í Borgarfirði, dags. 23.9.1639. Afrétt í Hvarfsártungum, Selför á Faxadal á a-b Flókadalshéiði, afrétt í Svanga Vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 7 a-b.*
- 2(162) Reykholt, dags. 30.7.1643. Geitland, Pétursskógur í Norðurárdal, selför í Kjör, a-b afrétt í Hrutafjarðarhéiði, Faxadalur. Vísitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 9 a-b.*
- 2(165) Hjarðarholt í Borgarfirði, dags. 7.9.1684. Vísitasubók Þórðar biskups a-b Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 54 a-c.*
- 2(167) Hjarðarholt, dags. 10.9.1716. Hellistungur. Vísitasubók Jóns biskups Vídalín a-b um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 74 a-b.*
- 2(168) Bær í Borgarfirði, dags. 19.9.1724. Afrétt í Svanga, nautafarétt í Norðurárdal. a-b Vísitasubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 82 a-b.*
- 2(169) Reykholt, dags. 22.6.1725. Breiðabólstaður, Hríis, Geitland, Selför í Kjör, afrétt a-b í Hrutafjarðarhéiði, skógur í Norðurárdal? Vísitasubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 88 a-c.*
- 2(171) Reykholt, dags. 9.6.1732. Breiðabólstaður, Hríis, Geitland, selför í Kjör, afrétt í a-b Hrutafjarðarhéiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 96 a-c.*
- 2(172) Reykholt, dags. 12.8.1751. Breiðabólstaðir, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í a-b Hrutafjarðarhéiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 100 a-c.*
- 2(175) Reykholt, dags. 7.9.1759. Breiðabólstaðir, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í a-b Hrutafjarðarhéiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 126 a-c.*
- 2(176) Bær í Borgarfirði, dags. 14.9.1759. Afrétt í Svanga, afrétt í Norðurárdal. a-b Vísitasubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 127 a-c.*
- 2(177) Reykholt, dags. 12.6.1781. Breiðabólstaður, hálf Hríis, Geitland, skógur í

- 
- a-b Norðurárdal, selför í Kjör, afrétt í Hrutafjarðarheiði. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 134 a-c.*
- 2(178) Bær í Borgarfirði, dags. 13.6.1781. Afrétt í Svanga, afrétt í Norðurárdal.  
a-b Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 135 a-c.*
- 2(181) Bær í Borgarfirði, dags. 23.7.1831. Afrétt í Svanga, Faxadalur, afrétt í  
a-b Norðurárdal. Vísitasíubók Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 163 a-b.*
- 2(182) Norðtunga í Þverárhlið, dags. 30.7.1639. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Brynjólfs  
a-b biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*
- 2(183) Reykholt, dags. 30.7.1643. Geitland, Pétursskógur í Norðurárdal, selför í Kjör,  
a-b afrétt í Hrutafjarðarheiði, Faxadalur. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 9 a-b.*
- 2(184) Gilsbakki, dags. 1.8.1643. Lambatungur, afrétt Hvítsíðing. Vísitasíubók  
a-b Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 10 a-c.*
- 2(185) Síðumúli, dags. 2.8.1643. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Brynjólfs biskups  
a-b Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 11.*
- 2(186) Norðtunga, dags. 2.8.1643. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Brynjólfs biskups  
a-b Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 12 a-b.*
- 2(187) Norðtunga, dags. 4.8.1653. Ítak í Sleggjulækjarland. Vísitasíubók Brynjólfs  
a-b biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 16.*
- 2(188) Síðumúli, dags. 4.8.1675. Örnólfsdalur í Kjör. Vísitasíubók Þórðar biskups  
a-b Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a-b.*
- 2(189) Norðtunga, dags. 4.8.1675. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Þórðar biskups  
a-b Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 40 a-b.*
- 2(190) Síðumúli, dags. 3.10.1689. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Þórðar biskups  
a-b Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 55 a-c.*
- 2(191) Norðurtunga í Þverárhlið, dags. 19.8.1699. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Jóns  
a-b biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 59 a-b.*
- 2(192) Síðumúli, dags. 1.9.1702. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um  
a-b Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 68 a-b.*
- 2(193) Norðtunga, dags. 8.8.1725. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar  
a-b 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 89 a-b.*
- 2(194) Síðumúli, dags. 20.9.1725. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar  
a-b 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 93 a-b.*
- 2(195) Gilsbakki, dags. 24.9.1725. Lambatungur, Hrutafjarðarheiði. Vísitasíubók Jóns  
a-b biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 94 a-c.*
- 2(196) Reykholt, dags. 9.6.1732. Breiðabólsstaður, Hríis, Geitland, selför í Kjör, afrétt í  
a-b Hrutafjarðarheiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 96 a-c.*
- 2(197) Reykholt, dags. 12.8.1751. Breiðabólsstaðir, Geitland, Selför í Kjör, afrétt í  
a-b Hrutafjarðarheiði, Faxadalur, skógur í Norðurárdal. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 100 a-c.*
- 2(198) Síðumúli, dags. 16.8.1751. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar  
a-b 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 103 a-b.*
- 2(199) Norðtunga, dags. 16.8.1751. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar  
a-b 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 104 a-b.*

- 
- 2(200) Síðumúli, dags. 11.9.1759. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 123 a-b.*
- 2(201) Norðtungu, 11.9.1759. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 124 a-b*
- 2(202) Síðumúli, dags. 16.8.1783. Fjallar m.a. um veiði. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 144 a-b.*
- 2(203) Norðtungu, dags. 17.8.1783. ½ Örnólfsdalur. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 145 a-c.*
- 2(204) Reykholt, dags. 31.7.1827. Breiðabólstaður, hálftré Hrís, Geitland, skógur í Norðurárdal, selför í Kjör, afrétt í Hrutarfjarðarheiði og landamerki. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 153 a-f.*
- 2(205) Síðumúli, dags. 2.8.1827. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 155 a-c.*
- 2(206) Norðtungu, dags. 2.8.1827. Örnólfsdalur. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðung 1790-1800 og Steingríms biskups Jónssonar 1826-1827, ásamt uppskrift. *Merkt 156 a-b.*
- 2(290) Reykholt, dags. 31.7.1827, ásamt uppskrift. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðum 1790-1800. *Merkt 153 a-f.*
- Skjalasöfn presta og prófesta (skjalaflokkur A.9.):*
- 2(92) Máldagi Gilsbakkakirkju, kirkjan á Lambatungu og veiði m.a. í Skammá, a-b Grunnvötnum o.fl. dags. 12.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c.*
- 2(93) Lögfesta séra Magnúsar Sigurðssonar. Lögfestir allt Gilsbakkakirkjuland, einnig veiði m.a. í Skammá, öll Grunnvötn, í Lambá o.fl. dags. 16.5.1848, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*
- 2(94) Bann séra Magnúsar Sigurðssonar við því að íbúar Hvítársíðuhrepps reki fé sitt í land kirkjunnar á Tvídægru, dags. 16.5.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 3*
- 2(95) Afskriftir af lögfestum séra Hjartar Jónssonar, dags. 8.5.1808 og séra Magnúsar Sigurðssonar, dags. 16.5.1848. Aftan við er vitnisburður séra Magnúsar Sigurðssonar á Gilsbakka 7. febrúar 1850 um að báðar lögfesturnar séu rétt skrifaðar eftir frumritinu, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-c.*
- 2(96) Sáttargerð á milli séra Magnúsar Sigurðssonar og hreppstjóra Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa um heiðarland norðan Kjararár, dags. 12.11.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-c.*
- 2(97) Vitnisburðir frá árinu 1850 um heiðarland Gilsbakkakirkju fyrir norðan Kjararár, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-c.*
- 2(87) Prófastsvísitasía Norðtungu. Minnst á Örnólfsdal, dags. 14.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a-b.*
- 2(88) Prófastsvísitasía Norðtungu. Minnst á Örnólfsdal, dags. 30.10.1755, ásamt uppskrift. *Merkt 40 a-c.*
- 2(103) Prófastsvísitasía að Stafholti, kirkjan á selför í Þverárdal, dags. 18.6.1749, ásamt uppskrift. *Merkt 41 a-b.*
- 2(104) Vísitasía að Stafholti, kirkjan á selför í Þverárdal, dags. 20.8.1751, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-c.*
- 2(105) Lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Stafholti, m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum, dags. 31.7.1707, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a-c.*
- 2(106) Lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Stafholti, m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum, dags. 14.5.1714, ásamt uppskrift. *Merkt 45 a-d.*
- 2(107) Lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Stafholti, m.a. lögfest selför í Þverárdal upp frá Kvíum, dags. 24.7.1707, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a-c.*

- 
- 2(108) Lögfesta séra Sigurðar Oddssonar fyrir Stafholti, m.a. lögfest selför í Þverárdal, a-b dags. 10.5.1663, ásamt uppskrift. *Merkt 49 a-c.*
- 2(109) Vísitasía Hjarðarholtskirkju, kirkjan á land á Hellistungum, landamerkja getið, a-b dags. 13.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 70 a-b.*
- 2(110) Úttekt og prófastsvísitasía Stafholts, selför í Þverárdal ofan Kvía, dags. 6.6.1887, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 73 a-e.*
- 2(111) Afhending Reykhólts, kirkjan á selför í Kjör með skógi og „Arreide“, afrétt á a-b Hrutafjarðarheiði o.fl., dags. 6.6.1783, ásamt uppskrift. *Merkt 84 a-e.*
- 2(112) Prófastsvísitasía að Síðumúla, Síðumúlakirkja á veiði í Kjarará til móts við a-b Reykholt milli Þverlækjar og Skjaldmeyjargils, hálfan Örnólfsdal í Kjör, dags. 16.8.1751, ásamt uppskrift. *Merkt 80 a-b.*
- 2(113) Úttekt Reykhólts, ítök kirkjunnar eru m.a. Selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og a-b Rangárgils, dags. 20.7.1872, ásamt uppskrift. *Merkt 86 a-c.*
- 2(207) Lögfesta séra Hannesar Halldórssonar fyrir Reykholti, dags. 3.5.1709. kirkjan á a-b m.a. Selför í Kjör með skógi, land og áveiði milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils, ásamt uppskrift. *Merkt 92 a-e.*
- 2(208) Kirkna- og prestakallaregistur, lýsing Reykhólts, dags. 1.4.1710. Kirkjan á m.a. a-b laxveiði nokkur hálfra þingmannaleið frá Afrétt Sauðum á sumar á staðurinn fyrir sig og kirkjunnar jarðir, ásamt uppskrift. *Merkt 93 a-d.*
- 2(209) Hannes Halldórsson gefur Brynjólfi Brandssyni umboð yfir Kjararskógi og a-b heimild á laxveiði sem kirkjan á að helmingi við Síðumúlakirkju, dags. 29.10.1722, ásamt uppskrift. *Merkt 95 a-b.*
- 2(210) Afhending Gilsbakka, frá því fyrir 7.6.1701, ásamt uppskrift. *Merkt 98 a-d.* a-b
- 2(211) Skýrslur presta um háttalag prestakalla, lýsing Gilsbakka, 1710, ásamt uppskrift. a-b *Merkt 100 a-c.*
- 2(212) Registor prestakalla í Mýrasýslu 1710, lýsing Staðarhrauns. Skýrsla prófasts, a-b unnin upp úr skýrslum prestanna, ásamt uppskrift. *Merkt 104 a-c.*
- 2(213) Hjarðarholt, prófastsvísitasía, dags. 11.6.1721. Kirkjan á m.a. land í a-b Hellistungum. Merkjum lýst, ásamt uppskrift. *Merkt 110 a-b*
- 2(214) Afhending Gilsbakka, dags. 16.6.1719, ásamt uppskrift. *Merkt 109 a-c.* a-b
- 2(164) Prófastsvísitasía Reykhólts 1720, kirkjan á selför í Kjör, ásamt uppskrift. *Merkt a-b 115 a-c.*
- 2(166) Lýsing Reykhóltskirkju. Selför kirkjunnar í Kjör sem notuð var leyfislaust í 13 a-b ár af Norðtungumönnum og lögfest er undir staðinn er nú leigð til Norðtungu, dags. 27.11.1868. ásamt uppskrift. *Merkt 125 a-b.*
- 2(170) Úttekt Reykhóltskirkju, ítök kirkjunnar eru m.a. selför í Kjör milli a-b Skjaldmeyjargils og Rangárgils, dags. 20.7.1872, ásamt uppskrift. *Merkt 126 a-c.*
- 2(173) Úttekt Reykhólts, ítök kirkjunnar eru m.a. Selför í Kjör með skógi og áveiði, a-b dags. 23.5.1908, ásamt uppskrift. *Merkt 128 a-e.*
- 2(174) Prófastsvísitasía að Hjarðarholti, kirkjan á m.a. land á Hellistungum, dags. a-b 19.8.1694, ásamt uppskrift. *Merkt 131 a-c.*
- 2(179) Prófastsvísitasía að Stafholti, kirkjan á m.a. selför í Þverárdal, dags. 26.8.1694, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 132 a-e.*
- 2(180) Prófastsvísitasía að Gilsbakka. Kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 10.10.1737, a-b ásamt uppskrift. *Merkt 139 a-b.*
- 2(215) Prófastsvísitasía að Síðumúla, kirkjan á m.a. veiði í Kjarará móti Reykholti, a-b hálfan Örnólfsdal, dags. 11.10.1737, ásamt uppskrift. *Merkt 143 a-b.*
- 2(216) Prófastsvísitasía að Norðurtungu, kirkjan á m.a. hálfan Örnólfsdal, ítak í a-b Sleggjulækjarlandi, dags. 12.10.1737, ásamt uppskrift. *Merkt 144*
- 2(217) Prófastsvísitasía að Síðumúla, kirkjan á m.a. veiði í Kjarará móti Reykholti, a-b hálfan Örnólfsdal, dags. 7.6.1744, ásamt uppskrift. *Merkt 146 a-b.*
- 2(218) Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 18.7.1744,

- 
- a-b ásamt uppskrift. *Merkt 147 a-b.*
- 2(219) a-b Prófastsvísitasía að Stafholti, kirkjan á m.a. selför í Þverárdal, dags. 10.6.1744, ásamt uppskrift. *Merkt 149 a-b.*
- 2(220) a-b Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 18.7.1744, ásamt uppskrift. *Merkt 150 a-b.*
- 2(222) a-b Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur og veiði, dags. 12.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 153 a-c.*
- 2(223) a-b Prófastsvísitasía að Hjarðarholti, kirkjan heldur öllum sínum eignum og ítökum, m.a. landi á Hellistungum, dags. 12.6.1884, ásamt uppskrift. *Merkt 162.*
- 2(224) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, kirkjan á m.a. allan Örnólfsdal, ítak í Blesamýri í Sleggjulækjarlandi, dags. 1.9.1884, ásamt uppskrift. *Merkt 163 a-b.*
- 2(225) a-b Prófastsvísitasía að Hjarðarholti, kirkjan á m.a. land á Hellistungum, dags. 4.9.1888, ásamt uppskrift. *Merkt 166 a-d.*
- 2(226) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, fasteignir og ítök kirkjunnar þær sömu og í vísitasíu 1884, dags. 8.6.1890, ásamt uppskrift. *Merkt 167 a-c.*
- 2(229) a-b Prófastsvísitasía að Hjarðarholti, allt hið sama og í vísitasíu dags. 4.9.1844, en getið um mótmæli hreppsnefnda við að kirkjan eigi annað en selfararrétt á Hellistungum og málsókn ályktuð gegn kirkjunni, dags. 1.9.1892, ásamt uppskrift. *Merkt 169 a-b.*
- 2(230) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, genginn dómur um veiðiréttindi kirkjunnar fyrir Sleggjulækjarlandi, dags. 4.8.1896, ásamt uppskrift. *Merkt 170 a-c.*
- 2(231) a-b Prófastsvísitasía að Hjarðarholti, mál kirkjunnar út af landeign á Hellistungum er fyrir rétti og enn óútkljáð, dags. 5.8.1896, ásamt uppskrift. *Merkt 171 a-b.*
- 2(232) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, kirkjan á m.a. hálfan Örnólfsdal og ítak í Sleggjulækjarlandi sem er beit í Blesamýri, dags. 5.8.1727, ásamt uppskrift. *Merkt 173 a-b.*
- 2(233) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, kirkjan á m.a. 12 hndr í Örnólfsdal, ítök í Sleggjulækjarlandi, dags. 14.6.1748, ásamt uppskrift. *Merkt 174 a-b.*
- 2(235) a-b Prófastsvísitasía að Norðtungu, kirkjan á m.a. hálfan Örnólfsdal og ítak í Sleggjulækjarlandi, dags. 30.10.1755, ásamt uppskrift. *Merkt 176 a-b.*
- 2(236) a-b Úttekt Hjarðarholts, m.a. land á Hellistungum, landamerkja getið, dags. 21.6.1725, ásamt uppskrift. *Merkt 179 a-b.*
- 2(237) a-b Úttekt Stafholts, dags. 17.6.1867, ásamt uppskrift. *Merkt 180 a-d.*
- 2(238) a-b Prófastsvísitasía að Gilsbakka, kirkjan á m.a. Lambatungur, dags. 18.7.1746, ásamt uppskrift. *Merkt 151.*
- 2(292) a-b Vísitasía Hjarðarholtskirkju, dags. 11.6.1721, vísað til vísitasíu frá árinu 1716, og m.a. getið um Hellistungur með nánar tilteknum landamerkjum, ásamt uppskrift. *Merkt 136 a-b.*
- 2(293) a-b Manntalsþing að Sámstöðum, dags. 16.5.1890, fram komu eigendur og ábúendur jarðanna Haukagils, Sámstaða og Gilsbakka og sýndu merkjalýsingar fyrir jörðum sínum og gátu þess jafnframt að þeim hefði ekki tekist að fá undirskriftir allra hlutaðeigenda undir þær, ásamt uppskrift. *Merkt 127 a.*
- Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10):*
- 2(260) a-b Bréf Magnúsar Andréssonar á Gilsbakka til stiftsyfirvalda vegna ágreinings um landamerki afréttarlands Hvítisíðinga, Stafholtstungnamanna, Þverárhliðinga og Norðdælinga, dags. 21.12.1885, ásamt uppskrift. *Merkt 14 a-c.*
- 2(261) a-b Bréf Björns Guðmundssonar, Jóns Helgasonar og S. Jónssonar á Kvíum til sýslumanns vegna ágreinings við Gilsbakkaprest um afrétt á Kjarardal, dags. 6.2.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 15 a-c.*
- 2(262) a-b Bréf bænda í Hvítársíðu til sýslumanns vegna ágreinings við Gilsbakkaprest um afrétt á Kjarardal, dags. 9.2.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 16 a-b.*
- 2(263) a-b Bréf bóndans í Norðtungu til sýslumanns vegna ágreinings við Gilsbakkaprest um afrétt á Kjarardal, dags. 8.2.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 17 a-c.*
- 2(264) Bréf prestsins á Gilsbakka til hreppstjóranna í Hvítársíðu, Þverárhlið,



- 
- a-b Norðurárdal og Stafholtstungum vegna ágreinings um afrétt á Kjarardal, dags. 19.1.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 18 a-b.*
- 2(265) Bréf J. Jónssonar og fleiri í Hjarðarholti til prestsins á Gilsbakka vegna  
a-b ágreinings um afrétt á Kjarardal, dags. 29.12.1849. ásamt uppskrift. *Merkt 19 a-b.*
- 2(266) Bréf bóndans í Norðtöngu til amtmanns vegna ágreinings við Gilsbakkaprest um  
a-b afrétt á Kjarardal, dags. 9.2.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 20 a-b.*
- 2(267) Bréf stiftfirvalda til amtmanns vegna ágreinings bænda í Hvítársíðu,  
a-b Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstungum við Gilsbakkaprest um afrétt á Kjarardal, dags. 15.6.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 21 a-b.*
- 2(268) Bréf prestsins á Gilsbakka til amtmanns vegna ágreinings við bændur í  
a-b Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstungum um afrétt á Kjarardal, dags. 6.7.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 22 a-d.*
- 2(269) Mótmæli frá bændum í Þverárhlið til sýslumanns vegna sáttargerðar frá  
a-b 12.11.1850, við prestinn á Gilsbakka um afrétt á Kjarardal, dags. 30.11.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 23 a-c.*
- 2(270) Mótmæli frá bændum í Stafholtstungum til sýslumanns vegna sáttargerðar frá  
a-b 12.11.1850, við prestinn á Gilsbakka um afrétt á Kjarardal, dags. 2.12.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 24 a-c.*
- 2(271) Mótmæli frá bændum í Hvítársíðu til sýslumanns vegna vegna sáttargerðar frá  
a-b 12.11.1850, við prestinn á Gilsbakka um afrétt á Kjarardal, dags. 3.12.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 25 a-d.*
- 2(272) Bréf sýslumanns Mýrasýslu til amtmanns vegna mótmæla bændanna í  
a-b Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlið og Norðurárdal við sættargerð frá 12.11.1850, við prestinn á Gilsbakka um afrétt á Kjarardal, dags. 10.12.1850, ásamt uppskrift. *Merkt 26 a-b.*
- 2(273) Bréf bænda í Bæjarhreppi í Strandasýslu til amtmanns í Vesturamti vegna  
a-b ágreinings bænda í Borgarfirði og Gilsbakkaprests um upprekstur á Kjarardal og víðar, dags. 25.3.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 27 a-c.*
- 2(274) Bannskjal frá bændum í Þverárhlið til prestsins á Gilsbakka um að leyfa  
a-b nokkrum manni upprekstur á afréttarlönd þeirra á milli Kjararár og Hrótafjarðarlönd, ásamt Lambatungum, dags. 26.4.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 28 a-b.*
- 2(275) Bannskjal frá bændum í Stafholtstungum til prestsins á Gilsbakka um að leyfa  
a-b nokkrum manni upprekstur á afréttarlönd þeirra á milli Kjararár og Hrótafjarðarlönd, ásamt Lambatungum, dags. 3.5.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 29 a.*
- 2(276) Sýslumaðurinn í Mýrasýslu sendir amtmanninum í Vesturamti afrit af bréfi,  
a-b dags. 3.2.1852, frá bændum í Þverárhlið, Hvítársíðu, Norðurárdal og Stafholtstungum varðandi úrskurð amtmanns frá 20.1.1851, og forboð bændanna til prestsins á Gilsbakka um upprekstur á afréttarlönd þeirra milli Kjararár og Hrótafjarðarlönd, dags. 24.03.1852, ásamt uppskrift. *Merkt 30 a-d.*
- 2(277) Sýslumaður Mýra- og Hnappadalssýslu ritar til amtmanns um stöðuna á  
a-b Kjarardalsmáli milli bændanna þar og prestsins á Gilsbakka. Að það liggja nú í þagnargildi, dags. 10.8.1854, ásamt uppskrift. *Merkt 31 a-b.*
- 2(278) Bréf undirskrifað af 55 bændum í Hvítársíðu, Stafholtstungum, Þverárhlið og  
a-b Norðurárdal til amtmanns þar sem Kjarardalsmál eru rakin og óskað eftir að upprekstrarmál þetta verði tekið frá rótum til löglegrar meðferðar, dags. 14.11.1857, ásamt uppskrift. *Merkt 32 a-c.*
- 2(279) Amtmaðurinn í Vesturamti ritar til stiftamtmanns vegna sættargerðar frá  
a-b 12.11.1850, í þrætu milli prestsins á Gilsbakka og bændanna í Hvítársíðu, Þverárhlið, Norðurárdal og Stafholtstungum, dags. 20.1.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 33 a.*
- 2(280) Afskrift af bréfi amtmannsins í Vesturamti til sýslumannsins í Mýra- og  
a-b Hnappadalssýslu, dags. 20.1.1851, þar sem amtmaður úrskurðar sættargerðina

- 
- frá 12.11.1850, ónýta og ógilda, dags. 20.1.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 34 a-c.*
- 2(281) Afrit af bréfi prestsins í Stafholti til prófests um sölu á Beilárheiði, ásamt  
a-b Hróbjargardal, Fossdal og Grímsdal. Einnig minnst á selstöður Stafholtskirkju í  
Staðartungu og á Bjarnadal, ásamt upprekstri á Hellitungur, dags. 7.6.1851,  
ásamt uppskrift. *Merkt 47 a-c.*
- 2(283) Bréf prestsins á Hvammi og Norðtungu til hreppstjóra um Fornahvamm. Minnst  
a-b á upprekstrarrétt á afrétt Stafholtstungna, Þverárhlíðar og Norðurárdals, dags.  
1.11.1842, ásamt uppskrift. *Merkt 71.*

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnarsýslu (skjalaflokkur  
A.11.):*

- 2(50) Jarðalýsing Gilsbakka. Um afrétt, hlunnindi og Lambatungur, dags. 13.11.1908,  
a-b ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-g.*
- 2(51) Landamerki Fornahvamms, dags. 21.1.1889. *Merkt 4 a-b.*
- Bréfasöfn og bréfabækur biskupa (skjalaflokkur A.12.):*
- 2(102) Svarbréf Steingrims biskups Jónssonar til Thorsteins E. Hjálmarsen, prófests í  
a-b Mýraprófastsdæmi, um Kjör, Örnólfsdal, Kjarardal ofl, dags. 4.4.1842, ásamt  
uppskrift. *Merkt 4 a-b.*

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

- 2(285) Húsvitjun í Gilsbakkaprestakalli 1875: Síðumúlasel (nýbýli). *Merkt 10.*

*Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur*

*B.1):*

- 2(56) Máldagi Stafholtskirkju, er Steini prestur Þorvarðsson setti, um 1140. Kirkjan á  
afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnardalur fyrir ofan Mælifellsgil,  
selför í Þverárdal. Í.f. I. b., bls. 178-180. *Merkt 28 a-c.*
- 2(57) Máldagi Stafholtskirkju, 1354. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Bjarnardal  
allan fyrir ofan Mælifellsgil, afrétt í Hróðurbjargardal og selför í Þverárdal. Í.f.  
III. b., bls. 88-89. *Merkt 29 a-b.*
- 2(58) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Stafholtskirkju, 1397. Kirkjan á m.a. afrétt í  
Vesturárdal, Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil og afrétt í Hróðurbjargardal.  
Í.f. IV. b., bls. 188-190. *Merkt 30 a-c.*
- 2(59) Máldagi Stafholtskirkju í Stafholtstungum, 1480. Kirkjan á m.a. afrétt í  
Vesturárdal, Miðdalsmúla, Bjarnardal allan fyrir framan Mælifellsgil, afrétt í  
Hróðurbjargardal og selför í Þverárdal. Í.f. VI. b., bls. 268-269. *Merkt 31 a-b.*
- 2(60) Máldagi Stafholtskirkju í Stafholtstungum, 1491-1518. Kirkjan á m.a. Bjarnardal  
allan fyrir ofan Mælifellsgil, afrétt í Hróðurbjargardal á bak Jafnaskarði, selför í  
Þverárdal upp frá Kvíum og Miðdalsmúla allan. Í.f. VII. b., nr. 124, bls. 64.  
*Merkt 33.*
- 2(61) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Kirkjan í Stafholti á m.a.  
afrétt í Vesturárdal, Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil, afrétt í  
Hróðurbjargardal og selför í Þverárdal. Í.f. XV. b., bls. 620-622. *Merkt 35 a-c.*
- 2(62) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, um 1185. Kirkjan á m.a. afrétt á  
Hrútafjarðarheiði, Geitland með skógi og selför í Kjör. Í.f. I. b., bls. 279-280.  
*Merkt 36 a-b.*
- 2(63) Máldagi kirkjunnar í Reykjaholti, 1224. Kirkjan á m.a. hluta í Grímsá, afrétt á  
Hrútafjarðarheiði, ítök í Faxadal, Geitland með skógi og selför í Kjör. Í.f. I. b.,  
bls. 466-472. *Merkt 37 a-g.*
- 2(64) Máldagi kirkjunnar í Reykholti, 1358. Kirkjan á m.a. hálf Geitland allt með  
skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrútafjarðarheiði og selför í Kjör. Í.f.  
III. b., bls. 122-123. *Merkt 38 a-b.*
- 2(65) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Reykjaholtskirkju í Reykholtssdal, 1397. Kirkjan á  
m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á  
Hrútafjarðarheiði, beit í Faxadal og selför í Kjör. Í.f. IV. b., bls. 119-120. *Merkt  
39 a-b.*
- 2(66) Máldagi Reykjaholtskirkju, 1478. Kirkjan á m.a. Geitland allt með skógi,

- 
- Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, beit í Faxadal og selför í Kjör. Í.f. IV. b., bls. 173-174. *Merkt 40 a-b.*
- 2(67) Máldagar Gísla biskups Jónssonar, 1570 og síðar. Kirkjan í Reykjaholti á m.a. Geitland allt með skógi, Pétursskóg í Norðurárdal, afrétt á Hrutafjarðarheiði, beit í Faxadal og selför í Kjör. Í.f. XV. b., bls. 623-624. *Merkt 41 a-b.*
- 2(68) Máldagi Gilsbakkakirkju, 1306. Kirkjan á m.a. Lambatungur, skóg í Húsafellshrauni. Talin eru upp réttindi og eignir í vatnsföllum og vötnum á heiðum. Í.f. II. b., bls. 358-359. *Merkt 49 a-b.*
- 2(69) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Gilsbakkakirkju, 1397. Kirkjan á m.a. Lambatungur og skóga, veiði í ám og vötnum og vötn. Í.f. IV. b., bls. 121-123. *Merkt 50 a-c.*
- 2(70) Máldagi kikjunnar á Gilsabakka í Hvítársíðu, 1499. Fyrri máldagi staðfestur. Í.f. VII. b., bls. 442-443. *Merkt 51 a-b.*
- 2(71) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Kirkjan á Gilsbakka á m.a. Lambatungur, skóg í Húsafellshrauni og skóga, veiði í ám og vötnum og vötn. Í.f. XV. b., bls. 553-554. *Merkt 52 a-b.*
- 2(72) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Síðumúlakirkju í Hvítársíðu, 1397. Kirkjan á veiði í Kjarrá að helmingi við staðinn í Reykjaholti milli Þverlækjar og Skjaldmeyjargils. Í.f. IV. b., bls. 125-126. *Merkt 56 a-b.*
- 2(73) Máldagi Þorlákskirkju í Síðumúla, 1472. Í.f. V. b., bls. 674-675. *Merkt 57 a-b.*
- 2(74) Máldagi Síðumúlakirkju, 1478. Í.f. VI. b., bls. 172. *Merkt 58.*
- 2(75) Máldagar Gísla biskups Jónssonar, 1570 og síðar. Kikjan í Síðumúla á m.a. Fróðastaðaland, hálfan Örnólfsdal, veiði í Kjarará að helmingi við staðinn í Reykjaholti milli Þverlækjar og Skjaldmeyjargils og veiði undir Brú. Í.f. XV. b., bls. 554-555. *Merkt 59 a-b.*
- 2(76) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Norðtungukirkju, 1397. Kirkjan á m.a. Örnólfsdal hálfan. Í.f. IV. b., bls. 126-. *Merkt 60.*
- 2(77) Máldagi Norðtungukirkju í Þverárhlið, c. 1463-c. 1470. Kirkjan á m.a. hálfan Örnólfsdal. Talin upp selför á Þverárdal með ítaki og hrís í Hamarsjörð. Í.f. V. b., bls. 405. *Merkt 61.*
- 2(78) Máldagi Norðtungukirkju í Þverárhlið, 1491-1518. Í.f. VII. b., bls. 63. *Merkt 62.*
- 2(79) Máldagi Norðtungukirkju í Þverárhlið, 1502. Í.f. VII. b., bls. 628. *Merkt 63.*
- 2(80) Helmingaskipti á Norðtungu og máldagi kirkjunnar þar, dags. 17.4.1559. Kirkjan á m.a. hálfan Örnólfsdal og hluta í öðrum jörðum. Í.f. XIII. b., bls. 396-399. *Merkt 64 a-d.*
- 2(81) Máldagar Gísla biskups Jónssonar, 1570 og síðar. Norðtunga, Hvammur, Bær og Hjarðarholt. Kirkjan í Norðtungu á hálfan Örnólfsdal. Kirkjan í Bæ á nautaafrétt í Norðurárdal. Í.f. XV. b., bls. 555-556, 620 og 626. *Merkt 65, 74b, 75 og 27.*
- 2(82) Máldagi Ólafskirkju í Bæ í Borgarfirði, 1358. Kikjan á afrétt í Svarfartungum og veiði í Flókadalsá að helmingi við Varmlækjunga og afrétt á Flókadalsheiði. Í.f. III. b., bls. 123-124. *Merkt 22 a-b.*
- 2(83) Máldagi Bæjarkirkju, c. 1463-c. 1470. Kikjan á m.a. afrétt uppi í Norðurárdal og veiði í Flókadalsá. Í.f. V. b., bls. 401-402. *Merkt 24 a-b.*
- 2(84) Máldagi Bæjarkirkju, 1491-1518. Í.f. VII. b., bls. 60-61. *Merkt 25 a-b.*
- 2(85) Máldagi Bæjarkirkju, 1553-54. Kikjan á m.a. afrétt í Hvarfsártunum og veiði í Flókadalsá að helmingi við Varmlækjunga. Í.f. XII. b., bls. 666. *Merkt 26.*
- 2(287) Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, um 1200. Í.f. XII. b., bls 1-15. *Merkt 103 a-o.*
- Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*
- 2(52) Jarðatal J.Johnsen 1847, bls. 137. *Merkt 5.*
- Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):*
- 2(53) Dómur um fjallskil í Norðurárdal, Þverárhlið og Stafholtstungum, dags. 4.10.1592. *Merkt 7.*
- 2(54) Skrifað upp á fimmtarstefnudóm við Bjarnastaðasel, að hann standi þar til séra

- 
- Helgi leiðir frekari skjöl en í þennan dóm innfærð eru, dags. 3.7.1667. *Merkt 8.*  
2(55) Upplesinn héraðsdómur sýslumannsins í Þverárþingi viðvíkjandi fjárupprekstri á Hellirstungur og réttarskilum að Fiskivatnsrétt, dags. 16.6.1719. *Merkt 9.*

*Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

- 4(37) Afréttarland upprekstrarfélags Þverárreittar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(38) Hjarðarholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(39) Munaðarnes, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(40) Krókur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(41) Helgavatn, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(42) Hermundarstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(43) Kvíar I-II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(44) Örnólfsdalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(45) Stafhóll, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(46) Högnastaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(47) Norðtunga I-II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(48) Ásbjarnarstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(49) Sleggjulækur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(50) Þorgautsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(51) Síðumúli, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(52) Sámsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(53) Gilsbakki, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(54) Fljótstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Borgarfjarðarsýslu.
- 4(69) Stafholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
- 4(70) Reykholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
- 4(100) Leigusamningur hreppsnefnda í upprekstrarfélagi Þverárreittar og ábúanda Bæjar um upprekstur á afrétt Þverárreittar fyrir sauðfé, dags. 27.11.1911.
- 4(101) Kaupsamningur. Lambatungur seldar hreppsfélögum Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa handa Þverárreittar upprekstrarfélagi. Landamerkja getið, dags. 15.4.1912. Afsal fyrir Lambatungum, dags. 15.5.1913. Sjá einnig skjal nr. 4(57).
- 4(102) Afsal fyrir hluta Hermundarstaða til upprekstrarfélags Þverárreittar, dags. í júní 1932.
- 4(103) Afsal fyrir Síðumúlaskógi ásamt veiðirétti, dags. 3.6.1943.
- 4(104) Kaupsamningur, dags. 18.4.1943, og afsal, dags. 8.2.1944, fyrir Örnólfsdal.
- 4(105) Afsal fyrri 5/6 hlutum í Gilsbakka, dags. 9.7.1943.
- 4(106) Kaupsamningur og afsal fyrir 1/6 hluta í Gilsbakka, dags. 2.5.1944.
- 4(107) Kaupsamningur, dags. 10.6.1913 og afsal, dags. 4.1.1914: Hálsahreppur og Reykholtaldalshreppur kaupa spildu af landi Þorvaldsstaða.
- 4(110) Leigusamningur um veiði í Kjarará, dags. 12.5.1918.

*Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*

- 4(13) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 56–59 og 115–132.

---

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

- 4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
- 4(2) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
- 4(3) Svarbréf sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dags. 8.7.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(4) Svarbréf hreppstjóra Hvítársíðuhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 9.2.1920.
- 4(5) Svarbréf hreppstjóra Þverárhlíðarhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 26.1.1920.
- 4(6) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(7) Svarbréf hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps, dags. í október 1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(8) Svarbréf hreppstjóra Þverárhlíðarhrepps, dags. 29.3.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(9) Bréf hreppsnefndar Hvítársíðu til Skipulags ríkisins um skipun afrétta í sveitarfélög, dags. 5.8.1990.
- 4(10) Svarbréf oddvita Reykholtisdalshrepps og Hálsahrepps, dags. 21.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(11) Svarbréf oddvita Norðurárdalshrepps, dags. 25.4.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
- 4(12) Svar sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13.11.1985, ásamt afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og skrá um afrétt Lunddæla og Andkílina innan Lundarreykjadalshrepps e. Ingimund Ásgeirsson, dags. 1.6.1980.

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:*

- 4(55) Bréf ábúanda að Helgavatni til oddvita Þverárhlíðarhrepps um eignarhald á landi því á Þverárdal sem Helgavatni hefur fylgt og er nefnt Helgavatnsselland og beiðni bréfitara um að það verði ekki lögfest sem afréttarland, dags. 20.4.1889.
- 4(56) Leigusamningur Upprekstrarfélags Þverárréttar og eigenda Gilsbakka, Sámsstaða og Síðumúla. Upprekstrarfélagið leigir eignarlönd á Síðufjalli norðanverðu. Merkjum lýst, dags. 31.1.1960.
- 4(57) Kaupsamningur. Lambatungur seldar hreppsfélögum Hvítársíðu-, Þverárhlíðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa handa Þverárréttar upprekstrarfélagi. Landamerkja getið, dags. 15.4.1912. Afsal fyrir Lambatungum, dags. 15.5.1913. Sjá einnig skjal nr. 4(101).
- 4(58) Eigendur og ábúendur Fljótstungu, Þorvaldsstaða, Hallkelsstaða og Kolsstaða afsala öllum rétti jarðanna í sameiginlegu afréttarlandi Þverárréttar upprekstrarfélags, dags. 6.8.1911.
- 4(59) Afsal. Þeim hluta Hermundarstaða sem liggur afréttarmegin við afréttargirðingu seldur og afsalaður til Upprekstrarfélags Þverárréttar, ásamt uppskrift frá skriftstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. júní 1932.
- 4(60) Kaupsamningur og afsal. Hálsa- og Reykholtisdalshreppum seld spilda af Þorvaldsstöðum austan við tún úr Árnegili. Landamerkjum lýst, dags. 10.6.1913. og 4.1.1914.
- 4(61) Leigusamningur. Prófastur og sóknprestur að Gilsbakka leigir Hálsasveit og Reykholtisdalhreppi heiðarland Gilsbakkakirkju er Lambatungur nefnist. Landamerkja getið, dags. 21.7.1891.
- 4(62) Fundargerð Upprekstrarfélags Þverárréttar um skiptingu afréttarsvæðisins, dags.

- 
- 12.4.1976.
- 4(63) Leigusamningur. Upprekstrarfélagi Þverárrettar leigt allt það land sem Kvíar eiga ofan afréttargirðingar, dags. 1.8.1963.
- 4(64) Hvítársíðu-, Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppar láta af hendi við Síðumúla beitarrétt þann er Þverárrettarupprekstrarfélag á í Síðumúlskóg og þeim hluta hans er liggur fyrir neðan afréttargirðinguna sem nú er þar og liggur upp frá Myrkhyl, dags. 29.1.1923.
- 4(75) Fundur haldinn að Steinum í Stafholtstungu, dags. 1.8.1885, með fulltrúum allra hreppa að hinu sameiginlega afréttarlandi (Hvítársíða, Stafholtstungur, Þverárhlið og Norðurárdalur) til að ræða landamerki þess að áskorun sýslumanns.
- 4(76) Magnús Andrésen Gilsbakka sendir oddvitum Þverárhliðar, Norðurárdals og Stafholtstungna landamerkjaskrá fyrir Þverárrettarupprekstrarlandi uppskrifaða, dags. 15.11.1889.
- 4(77) Samantekt um sölu og merki Kalmanstungu á Arnarvatnsheiði, ódags.
- 4(78) Bréf um að fá afrétti Hvítársíðuhrepps skipt úr Upprekstrarfélagi Þverárrettar sbr. 15. gr laga um afréttarmál, fjallskil o. fl., dags. 30.12.1972.
- 4(79) Reglugjörð um réttarhöld, fjalleitir og fjárskil í Mýra- og Hnappadalssýslu, dags. 18.3.1857, samþ. 30.3.1857.
- 4(94) Bréf búenda í Hvítársíðu, Þverárhlið, Stafholtstungum og Norðurárdal sunnan Norðurár og Sandalsár þar sem þeir sverjast í samtök til verndar afréttarlandi og fjárrétt sem þeim hefur tilheyrt, dags. 17.10.1873.
- 4(98) Fundargerð hreppsnefnda Þverárhliðar-, Norðurárdals- og Stafholtstungnahreppa. Fundurinn samþykkir kaupsamning, dags. 7.2.1914, um framhluta Fornahvamms, dags. 25.6.1914.
- 4(99) Kaupsamningur. Þverárrettarfélag kaupir framhluta Fornahvamms. Landamerkjum lýst, dags. 7.2.1914.
- 4(109) Tvö bréf skrifuð af Hjálvari Péturssyni hreppsstjóra Hamri, Þverárhlið, dags. 26.3.1889 og 1.4.1889. Mótt. óþekktur. Bréf úr bréfasafni Hvítársíðuhrepps.
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Gögn frá Borgarbyggð:*
- 4(73) Landamerkjabréf Arnarvatnsheiðar, dags. 26.1.1886, sem lagt var fram í a-b landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðasýslu í sept. 1969, ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 4(74) Leigusamningur, dags. 18.5.1896. Bær, Bakkakot og Þingnes í Andakvílshreppi ganga inn í samning dags. 21.7.1891 vegna Lambatungna.
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Gögn fengin frá Landmælingum Íslands:*
- 4(108) Minnisblað félagsmálaráðuneytisins til Landmælinga Íslands um skýringu á stjórnsýslumörkum á afréttum Upprekstarfélags Þverárrettar, dags. 6.4.1998, ásamt samkomulagi Borgarbyggðar, Þverárhliðarhrepps og Hvítársíðuhrepps um sveitarfélagamörkin á afréttum Upprekstarfélags Þverárrettar, dags. 13.11.1996, afriti af landamerkjaskrá og bréfi Landmælinga Íslands til félagsmálaráðuneytisins, dags. 15.4.1998.
- Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*
- 4(95) Kaupbréf fyrir Kalmanstungu þar sem m.a. jörðin Sámsstaðir er látin á móti. Landamerkja getið, dags. 28.2.1398. Í.f. III. b., bls. 624-626.
- Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*
- 4(14) Ný jarðabók 1861, bls. 44-59.
- 4(65) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 105, 114-120, 124-133 og 136-140.
- 4(66) Fasteignabók 1921, bls. 21, 28-41.
- 4(67) Fasteignabók 1932, bls. 27, 30-35
- 4(68) Fasteignabók 1942-1944, bls. 1-6.
- Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

- 
- 4(16) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896, B-deild, bls. 81-95.
- 4(17) Reglugjörð um viðauka við fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu 23.6.1896, nr. 74/1903, B-deild, bls. 166-169.
- 4(18) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 87/1914, B-deild, bls. 141-153.
- 4(19) Reglugjörð um breytingu á fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 64/1929, B-deild, bls. 184.
- 4(20) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 45/1936, B-deild, bls. 118.
- 4(21) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 frá 9.8.1920, nr. 50/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(22) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, B-deild, bls. 328-339.
- 4(23) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 174 frá 25.8.1952, nr. 161/1957, B-deild, bls. 283-285.
- 4(24) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, B-deild, bls. 547-558.
- 4(25) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 frá 10.10.1973, nr. 333/1976, B-deild, bls. 618.
- 4(26) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374/1986, B-deild, bls. 802-812.
- 4(27) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374 frá 21.7.1986, nr. 396/1988, B-deild, bls. 910.
- 4(28) Reglugjörð um breytingar á reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25.7.1892, nr. 91/1912, B-deild, bls. 184.
- 4(29) Reglugjörð um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25.7.1892 og 3.8.1912, nr. 93/1913, B-deild, bls. 156.
- 4(30) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð frá 2.6.1921 fyrir Mýrasýslu, nr. 57/1930, B-deild, bls. 133-134.
- 4(31) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 60 frá 2.6.1921, nr. 49/1939, B-deild, bls. 61.
- 4(32) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 175/1952, B-deild, bls. 339-351.
- 4(33) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 377/1975, B-deild, bls. 725-739.
- 4(96) Reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, nr. 88/1892, B-deild, bls. 139-157.

*Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá sveitarfélaginu Borgarbyggð:*

- 4(71) Fjallskilasamþykkt fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, B-deild, dags. 4.9.1992.
- 4(72) Fjallskilasamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 110/2006, B-deild, dags. 19.1.2006.

*Fjallaskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:*

- 4(80) Fjallskilagjörð fyrir Mýrasýslu, dags. 2.6.1921.
- 4(81) Reglugjörð um notkun afrétta, réttir, fjallskil o.fl. í Mýrasýslu 1879.
- 4(82) Breytingar og viðauki við reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5.9.1885 um notkun afrétta o. s. frv.
- 4(83) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, dags. 9.8.1920.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

- 4(34) Samþykkt um girðingu milli heimalanda og aðiliggjandi afrétta og útlendna á svæðinu frá Norðlingafljóti að Norðurá, dags. 17.12.1945, nr. 209/1945, B-deild, bls. 400-402.
- 4(35) Samþykkt fyrir Veiðifélag Norðurár, Mýrasýslu, dags. 12.11.1973, nr. 324/1973, B-deild, bls. 604-605.

- 
- 4(36) Arðskrá fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts, dags. 10.2.1976, nr. 35/1976, B-deild, bls. 41-42.

*Landnáma (skjalaflokkur B.7):*

- 4(15) Landið og Landnáma: Vestfirðingfjórðungur, bls. 115-149 og Sunnlendingafjórðungur vestri, bls. 92- 112, ásamt korti.
- 4(97) Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 70-95.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna afréttar Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu auk Lambártungna:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 5(1) Greinargerð, dags. 16.7.2014.
- 5(2) Samantektir Bjarkar Ingimundardóttur um heimildir, ódags. en mótt. 16.7.2014.
- 5(3) Örnefnaskrá: Hellistungur og Holtavörðuheiði. Ari Gíslason skráði.
- 5(4) Örnefnaskrá: Örnefni á Hvítisíðingaafretti. Tvídægra.
- 5(5) Örnefnaskrá: Hvítisíðingaafreitur: Tvídægra; Athugasemdir.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Gilsbakka:**

- 6 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 6(1) Gilsbakki. Útrent af fasteignamatsupplýsingum, dags. 22.3.2014.
- 6(2) Óstaðfestar uppskriftir af gögnum um Gilsbakka og Gilsbakkakirkju.
- 6(3) Greinargerð, dags. 16.7.2014.
- 6(4) Afsal. Kirkjumálaráðherra selur og afsalar kirkjujörðinni Gilsbakka til Magnúsi Andrésyni ábúanda jarðarinnar, dags. 18.05.1909. Þinglýst 19.5.1910, sjá skjal nr. 2(244).
- 6(5) Leigusamningur þar sem Magnús Andrésson prestur á Gilsbakka leigir einkarétt til stangveiði í Kjarará og Lambá fyrir Gilsbakkalandi um 3 ár, dags. 28.4.1901. Þinglýst 17.5.1901, sjá skjal nr. 2(245).

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Helgavatns:**

- 7 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 7(1) Helgavatn. Útrent af fasteignamatsupplýsingum, dags. 22.3.2014.
- 7(2) Konan í Heiðarselinu. Útrent úr sunnudagsblaði Tímans, bls. 252-262, dags. 26.3.1967.
- 7(3) Greinargerð, dags. 16.7.2014.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Sámssstaða:**

- 8 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 8(1) Sámssstaðir. Útrent af fasteignamatsupplýsingum, dags. 22.3.2014.
- 8(2) Greinargerð, dags. 16.7.2014.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Síðumúla:**

- 9 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.
- 9(1) Síðumúli. Útrent af fasteignamatsupplýsingum, dags. 22.3.2014.
- 9(2) Síðumúli byggður bændum til næsta fardagaárs, dags. 27.4.1915. Skjal úr bréfabók Hvítársíðuhrepps 1909-22.
- 9(3) Afsal. Kirkjumálaráðherra selur og afsalar veiðiítaki því er prestsetursjörðin Reykholt á í Þverá (Örnólfsdalsá), dags. 22.12.1941.
- 9(4) Afsal. Veiðiítak sem prestsetursjörðin Reykholt átti í Þverá (Örnólfsdalsá) selt og afsalað, dags. 25.6.1979.
- 9(5) Greinargerð, dags. 16.7.2014.
- 9(6) Samþykkt fyrir veiðifélag Þverár nr.1339/2007, dags. 3.12.2007.
- 9(7) Úrskurður matsnefndar um lax- og silungsveiði um arðskrá fyrir veiðifélag



- 
- 9(8) Pverár í Borgarfirði, dags. 23.8.2013.  
Leigusamningur um Síðumúlaselland á Kjarardal, dags. 14.2.2014.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Sleggjulækjar:**

- 10 Kröfulýsing, dags. 10.4.2014.  
10(1) Sleggjulækur. Útprint af fasteignamatsupplýsingum, dags. 21.4.2014.  
10(2) Greinargerð, ódags. en mótt. 16.7.2014.  
10(3) Örnefnaskrá: Sleggjulækur, dags. 17.7.1974.

**Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Örnólfsdals:**

- 11 Kröfulýsing, dags. 15.4.2014.  
11(1) Örnólfsdalur. Útprint af fasteignamatsupplýsingum, dags. 22.3.2014.  
11(2) Afsal. Síðumúlaslógur afsalaður til eiganda Örnólfsdals, dags. 3.6.1943.  
11(3) Uppi á heiðum. Ferðaskýrsla 1898, e. Þorvald Thoroddsen úr Andvara árið 1899, bls. 28-34.  
11(4) Úrskurður héraðsdóms Vesturlands. Dánarbú fyrrum ábúanda og eignada 1/3 Örnólfsdals tekið til opinberra skipta, dags. 21.10.2013.  
11(5) Greinargerð, dags. 14.7.2014.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 12 12(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 5.5.2014.  
12(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.6.2014.  
12(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 8.7.2014.  
12(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 14.8.2014.  
12(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 29.9.2014.  
12(6) Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 6.10.2014.  
12(7) Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 6.12.2014.  
12(8) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 25.8., 26.8. og 8.12.2014.  
12(9) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.8.2016.  
12(10) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.10.2016.  
12(11) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 7.10.2016.  
13 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 4.7.2014.

**Lagt fram af málsaðilum:**

- 14 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 1/2014. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.10.2016.

**Hliðsjónargögn:**

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:**

- Ónr. Byggðir Borgarfjarðar III. b. Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 14, 19-22, 26, 30, 32-33, 36, 38-42, 46-47, 51, 57, 63, 71-73, 79, 90-92, 97-98, 101-102, 104-105, 108-111, 115-117, 127, 140, 154, 158, 169, 173, 199, 209, 222, 227-232, 250, 266, 272, 281, 284, 300-301, 311, 323, 325, 327, 350-362, 365, 369-370, 372, 375-376, 378, 380-381, 383-385, 390, 393-396, 399-401 og 407.  
Ónr. Byggðir Borgarfjarðar IV. b. Ábúendatal 1880-1995. Nafnaskrár I-IV. b., bls. 298 og 208.  
Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1954, e. Harald Sigurðsson. Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, bls. 96-97.  
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 4. b., bls. 18, 274, 230-231, 258-265, 270,

- 
- 277-292, 299-312, 315-335, 337-343, 345-349, 351-420, 422-423, 428-429 og 456-461.
- Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, e. Guðrúnu Á. Grímsdóttur og Björk Ingimundardóttur 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, bls. 50-51, 68-69, 90-91, 114-115, 128-129, 142-143, 148-149, 212-213, 238-239, 256-257, 270-271, 288-289 og 294-295.
- Ónr. Um sveitarfélagið Borgarbyggð af heimasíðu sveitarfélagsins, dags. 11.12.2013.

**Lagt fram til hliðsjónar af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Örnólfsdals:**

- Ónr. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885, bls. 124-138.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Skýrslur í máli nr. 3/2014 hjá óbyggðanefnd (25 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Þverhlíðingaafretti eftir Guðjón Jónsson Hermundarstöðu.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Hellistungum og Holtavörðuheiði. Ari Gíslason skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Hermundarstöðum. Ari Gíslason skráði.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Hvítársíðingaafrett: Tvídægja. Skráð eftir Torfa Magnússyni bónda að Hvammi í Hvítársíðu.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Króki. Skráð eftir Brynjólfi Bjarnasyni, Króki og Haraldi Brynjólfssyni.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Síðumúla. Skráð eftir Andrési Eyjólfssyni f. bónda í Síðumúla.
- Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Örnólfsdal. Skráð eftir Jónmundi Einarssyni, Örnólfsdal og Árna Þorsteinssyni, Hofsstöðum.

**Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:**

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
- Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
- Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
- Ónr. Útprintun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
- Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.